

BURT – OG MEIR EN BÆJARLEIÐ

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALPÝÐUMENNINGAR

RITSTJÓRAR

Kári Bjarnason og Sigurður Gylfi Magnússon

5. bindi

BURT – OG MEIR EN BÆJARLEIÐ

Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara
á síðari hluta 19. aldar

DAVÍÐ ÓLAFSSON OG
SIGURÐUR GYLFI MAGNÚSSON
tóku saman



REYKJAVÍK 2001
HÁSKÓLAÚTGÁFAN

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALPÝÐUMENNINGAR 5

BURT–OG MEIR EN BÆJARLEIÐ

Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara
á síðari hluta 19. aldar

DAVÍÐ ÓLAFSSON OG
SIGURÐUR GYLFI MAGNÚSSON

tóku saman

REYKJAVÍK 2001

SÝNISBÓK ÍSLENSKRAR ALÞÝÐUMENNINGAR

1. Bræður af Ströndum. Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1997).
2. Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Þróm. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman (1998).
3. Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sigrún Sigurðardóttir tók saman (1999).
4. Orð af eldi. Bréfasamband Ólafar Sigurðardóttur á Hlöðum og Þorsteins Erlingssonar á árunum 1883-1914. Erna Sverrisdóttir tók saman (2000).

Háskólaútgáfan

Reykjavík 2001

© Kári Bjarnason og Sigurður Gylfi Magnússon

Hönnun bókarkápu: Alda Lóa Leifsdóttir

Umbrot: Sverrir Sveinsson

Prentumsjón: Prentsmiðjan Hjá Oss

Bókband: Bókavirkið ehf.

ISBN 9979-54-430-9

Efni

Formáli	7
I. Sigurður Gylfi Magnússon, Sársaukans land.	
Vesturheimsferðir og íslensk hugsun	13
1. Inngangur	13
<i>Vesturheimur í hugum Íslendinga</i>	13
<i>Uppbygging bókar</i>	25
2. <i>Ísland á nítjándu öld – baksvið Vesturheimsferða</i>	27
3. <i>Þjóðflutningar og merking þeirra</i>	33
<i>Forsenda flutninga og samanburður við önnur lönd</i>	33
<i>Hvati Vesturheimsferða</i>	35
<i>Aðrir áhrifaþættir</i>	43
4. <i>Vesturheimsferðir í fortíð og framtíð</i>	51
<i>Hverjir fóru vestur?</i>	51
<i>Leiðin utan: Vopnaffjörður</i>	54
<i>Kenningarammi nútímainnflytjendarannsóknna</i>	56
<i>Framtíðarrannsóknir og heimildir</i>	62
II. Davíð Ólafsson, Í frásögur færandi.	
Vesturheimsferðir í persónulegum heimildum	71
1. Inngangur	71
<i>Vestur-Íslendingar – spegilmynd okkar sjálfra</i>	71
<i>Heimildir og hugmyndir</i>	73
2. <i>Burt – og meir en bæjarleið</i>	79
<i>Að reyna eitthvað nýtt</i>	79
<i>Ótíð og illæri</i>	83
<i>Betri bændur</i>	87
<i>Fátækt fólk</i>	94
<i>Land tækifæranna</i>	96
3. <i>Burt í heimsins álfu aðra</i>	101
<i>Landnámsöld</i>	101
<i>Íslendingar í Norður-Dakóta</i>	108
<i>Nýir tímar í Nýja-Íslandi</i>	115
<i>Íslendingar í Vestur-Kanada</i>	121
4. <i>Lokaorð</i>	126

III	Brot úr ferðasögu Þórðar Diðrikssonar frá Íslandi til Utah 1855-1856	129
IV.	Símon Símonsson – Ævisögubrot	135
V.	Ævminningar Jóns Jónssonar frá Munkaþverá	149
VI.	Jóhann Schram – Dagbók frá 1876-1877	163
VII.	„Landsnámssaga mín“ eftir Marteín Jónsson	175
VIII.	Þórður Brynjólfsson – Dagbók frá 1882-1884	181
IX.	Björn Halldórsson – Dagbók frá 1883–1884	227
X.	Þorvarður Stefánsson – Dagbókarbrot frá 1875 og 1886-1887	251
XI.	O. G. Akraness – Dagbók frá 1887-1888	295
XII.	Jóhannes Ásgeir Línadal – Dagbók 1891	313
XIII.	Jón Kjærnesteð – Dagbókarbrot 1887, fjölskyldubréf og ferðasaga frá 1889	343
	Heimildaskrá	367
	Myndaskrá	377

Formáli

Burt – og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar í samantekt þeirra Davíðs Ólafssonar og Sigurðar Gylfa Magnússonar, er fimmta bókin í ritröðinni *Sýnisbók íslenskrar alþýðumeningar*. Hér eru leiddir fram nokkrir Vesturheimsfarar og lesendur fá tækifæri til að fylgjast með hugleiðingum þeirra og daglegu amstri um það leyti þegar þeir voru að undirbúa ferðina í vesturveg, á meðan á ferðinni stóð og loks hvernig þeim tókst að fóta sig í nýja heiminum. Frásagnir þessar eru ólíkar að innihaldi og gerð og eru líklegar til að varpa ljósi á hugarfar og hugsun þessa fólks sem ákvað að yfirgefa heimalandið. Ástæður þeirra voru mismunandi en margir voru að flýja harðæri hér á landi, bæði efnahagslegt og félagslegt.

Við ritstjórar ritraðarinnar höfum á undanförmum misserum rætt mikið saman um þá reynslu sem við höfum fengið af útgáfum fyrstu fjögurra sýnisbókanna. Á ýmsu hefur gengið í útgáfunni og bækurnar hafa fengið mismunandi hljómgrunn, enda var ekki við öðru að búast þar sem efni þeirra er fjölbreytt. Í þessari endurskoðun höfum við rifjað upp þá hugmyndafræði sem lá að baki ritröðinni en áður en hún verður gerð að umtalsefni langar okkur til að gera grein fyrir eftirfarandi grunnreglum sem við vinnum eftir:

1. Reynt er að hrófla sem minnst við upprunalegum texta, en þó eru pennaglöp og augljósar villur leiðréttar athugasemdalaust.
2. Eftirfarandi atriði eru samræmd: Stór og lítill stafur; fylgt er almennum reglum um eitt og tvö orð nema þegar augljóst er að höfundur ætlar sér annað; greinarmerki og greinaskil eru samkvæmt nútíðarvenju.
3. Leyst er úr styttingum orða þegar brýn ástæða er talin til.

Rökin fyrir þessum reglum eru fyrst og fremst þau að búa í hendur lesenda heimildir þar sem textinn fær að njóta sín í sem upprunalegustu formi að svo miklu leyti sem útgáfa af þessu tagi leyfir. Þessi aðferð er áhrifarík

vegna þess að tungutak fólks og tjáning var oft á tíðum kjarnyrkt og skapandi, án þvingunar af reglum sem síðari tíma fólk studdist við er það setti hugsanir og hugmyndir á blað. Með öðrum orðum, lesendur ganga að þeim ritheimi sem höfundur textans tengist. Við viljum umfram allt auðvelda lesendum lesturinn með því að beita þeim reglum sem að ofan greinir, en án þess að skerða það svipmót og þann hljóð sem textinn hefur.

Sömu hugmyndafræðilegu ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun að halda að okkur höndum þegar kemur að beinum skýringum inn í textanum sjálfum. Við lítum svo á að með því að skýra út beinar aðstæður, greina neðanmáls frá staðbundnum atvikum og einstaklingum værum við að skyggja á textann sjálfan. Á hinn bóginn höfum við lagt mikið upp úr því að þeir sem taka bækurnar saman riti jafnframt ítarlegan inngang, þar sem allar aðstæður og helstu persónur eru skýrðar og efnið sett í sitt fræðilega samhengi. Þessi bók er þar engin undantekning. Við gerum okkur grein fyrir því að hin leiðin, að fylgja textanum úr hlaði með nákvæmum neðanmálgreinum og skýringum, er sú sem oftast hefur verið farin og hún er í akveðnum heimildaútgáfum fullkomlega nauðsynleg. Við róum þó á önnur mið og viljum leggja áherslu á að lesandinn fái að setjast í stól fræðimannsins og virða fyrir sér efnið án of mikillar íhlutunar þeirra sem að útgáfunni standa. Lesandinn finnur svo sannarlega nægilega fyrir þeim sem standa að útgáfu sýnisbókanna, því að þeir velja alltaf textann sem birtur er. Um það er ekki deilt og við gerum okkur grein fyrir því að það hafi áhrif á skoðun fólks og viðhorf til textans. Innan þeirra takmarka sem ramminn setur okkur viljum við þó freista þess að gefa lesandanum óhindrað tækifæri til að sökkva sér niður í efni bókanna.

Útgáfustefnan og ritröðin hefur vakið nokkur viðbrögð hjá fræðimönnum. Fjölmarginir hafa látið í ljósi ánægju með flað að textarnir skuli vera aðgengilegir á flessu formi. Heimildaútgáfu er ætlað að gefa fræðimönnum í sagnfræði, fljóðfræði, bókmenntum, málvísindum og íslenskum fræðum tækifæri til að kynnast flessum heimildum og nýta flær við rannsóknir sínar. Að auki er henni ætlað að opna augu áhugamanna um íslenska menningu fyrir fleim dýrmætu heimildum sem víða liggja í handritasöfnum hér á landi. Þannig viljum við freista fless að byggja brú á milli fræðaheimsins og fólksins í landinu.

Vegna mikillar hvatningar munum við halda ótrauðir áfram með útgáfu *Sýnisbókar íslenskrar alflýðumeningar* og vonandi munu sem flestir lesendur og unnendur íslenskrar menningar sjá ástæðu til að fylgja okkur eftir á fleirri ferð.

Nú sem endranær hafa margir einstaklingar unnið með okkur að gerð

bókarinnar. Davíð Ólafsson, annar höfundur bókarinnar, hefur nú um nokkurt skeið lagt stund á rannsóknir á dagbókarskrifum landsmanna og hefur hann óvenju gott yfirlit yfir bókmenningu alþýðunnar á Íslandi. Það hefur verið mikils virði fyrir þessa ritröð að fá tækifæri til að nýta sér þekkingu Davíðs og eldmóð, en hann er einn af þeim ungu fræðimönnum sem við höfum lagt áherslu á að gefa tækifæri til að koma rannsóknarefni sínu á framfæri. Hann verður vonandi ekki sá síðasti í þeirri röð.

Margir aðrir vinir okkar hafa aðstoðað okkur við útgáfu bókarinnar. Sigríð Johnson, forstöðumaður íslenska bókasafnsins við Manitobaháskóla í Kanada, var Davíð innan handar við efnisleit haustið 2000 og annar starfsmaður safnsins, Árný Hjaltadóttir, einnig. Í þessari ferð Davíðs naut hann gestrisni nafna síns David Arnasonar, yfirmanns enskudeildarinnar við Manitobaháskóla. Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur, Vigfús Geirdal sagnfræðingur og Einar Baldvin Stefánsson lögfræðingur lásu allir texta okkar höfundanna með tilliti til efnisatriða og málfars. Allir lögðu þeir mikið til málanna og höfðu jákvæð áhrif á vinnslu bókarinnar. Halldór Bjarnason sagnfræðingur kom sömuleiðis með þarflegar ábendingar í sambandi við stöðu íslenska þjóðarbrotsins í Vesturheimi, sem og Gunnar Herseveinn blaðamaður og heimspekingur. Inga Dóra Björnsdóttir, mannfræðingur í Bandaríkjunum, gaf okkur kost á að lesa óbirta grein sína um menningararfinn og Landafundahátíðarhöldin. Þórunn Sigurðardóttir M.A. í íslensku prófarkalas texta okkar vandlega í síðustu umferð.

Sigríður Sigurðardóttir, yfirmaður Byggðasafns Skagfirðinga í Glaumbæ, aðstoðaði okkur höfundana við efnissöfnun og kom okkur meðal annars í samband við Shirley Guðríði MacFarlane sem er eigandi stærsta hluta dagbóka Þorvarðar Stefánssonar, en lítið brot af þeim er varðveitt á Héraðsskjalasafni Austurlands. Shirley Guðríður ljósritaði fyrir okkur úr þeim hluta dagbóka afa síns sem er í hennar eigu og gaf okkur leyfi til að birta brot úr þeim. Er þeim Sigríði og Shirley þökkuð vinsemdin í garð útgáfunnar.

Nú sem endranær komu vinir okkar, þau Alda Lóa Leifsdóttir hönnuður og Sverrir Sveinsson prentari, að gerð þessarar bókar og unnu verk sitt óaðfínanlega. Birna Lísu Leifsdóttir málvísindamaður og Laufey Guðnadóttir íslenskufraeðingur slógu inn texta dagbókanna, sem hér eru birtir, ásamt Hannesi Þorsteinssyni fyrrverandi aðalféhirði Landsbanka Íslands. Bjarni Magnússon las yfir vélritaða texta handritsins og aðstoðaði ritstjóra við að bera hann saman við handritin. Á vissan hátt var þetta ein erfiðasta bókin sem við höfum unnið með vegna þess hve höfundar textanna eru margir og ritháttur þeirra fjölbreyttur. Það reyndi því mikið á þá sem

slógu inn textann og okkur ritstjórana sem bárum saman handrit og innslegna textann.

Einar Sigurðsson landsbókavörður og Ögmundur Helgason forstöðumaður handritadeildar í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni hafa jafnan sýnt okkur velvild og stutt við vinnslu bókana en langflest handritin sem birtast í ritröðinni eru varðveitt í handritadeild safnsins. Loks þökkum við samstarfsmönnum okkar í Háskólaútgáfunni fyrir alla aðstoð við ritröðina, einkum Jörundi Guðmundssyni forstöðumanni útgáfunnar. Öllu þessu fólki þökkum við liðveisluna.

Ritröðin, og þessi bók sérstaklega, hefur notið margvíslegra styrkja sem hafa reynst útgáfunni ómetanlegir. Enn á ný hefur Landsbanki Íslands hf. styrkt útgáfu sýnisbókanna rausnarlega og þeir Davíð og Sigurður Gylfi hafa hlotið rannsóknarstyrki frá Hagþenki og Lýðveldissjóði. Fyrir það erum við þakklátir.

Kári Bjarnason og Sigurður Gylfi Magnússon

*Burt – og meir en bæjarleið!
burt í heimsins álfu aðra –*

Úr kvæðinu SKILNADARKVEDJA eftir Brynjúlf Jónsson frá Minna-Núpi.
Það birtist í ljóðabókinni KVÆDI sem kom út í Reykjavík 1889.

I. Sársaukans land

Vesturheimsferðir og íslensk hugsun

1. Inngangur

Vesturheimur í hugum Íslendinga

Á síðari hluta níttjándu aldar voru landsmenn allir hvattir til að leggja sitt af mörkum við uppbyggingu íslensks þjóðfélags; í hönd færðu tímar sem krefðust þess að allir þegnar landsins stæðu sína plikt, hvað sem tautaði og raulaði. Umræðan um þjóðernið og þýðingu þess var hávær og það að skerstast úr leik með einhverjum hætti, eins og að flytja á brott, hlaut að flokkast sem höfuðsynd. Þessi viðhorf voru helsti efniviður í heróp þeirra sem stóðu í fylkingarbrjósti sjálfstæðisbaráttunnar og var ætlað öllum Íslendingum, hvar í stétt sem þeir stóðu, og hvert sem hugur þeirra stefndi. Vesturheimsferðirnar urðu eðlilega skotspónn þeirra sem hvað hæst létu í sér heyra og tíðarandinn, eins og hann birtist í blöðum, magnaði upp þennan skilning landsmanna á „undanhaldi“ Vesturheimsfaranna.¹ Það þurfti því ekki að ávarpa þá sérstaklega, svo mögnuð var orðræðan um önnur mál sem tengdust sjálfstæðisbaráttunni, að allir hlutu að átta sig á að með brottflutningi frá landinu voru menn að bregðast sjálfstæðisvonum þjóðarinnar.² Rétt til að skýra út hvað við er átt verður hér brugðið upp svipmynd úr grein sem birtist í *Ísafold* árið 1879 og nefnist „Uppfræðing og alþýðuskólar“:

Hjer er allt undir viljanum komið, undir því, hvort alþýðan kannast nú þegar við það í verkinu, að hún hafi við nokkurt stjórnfrelsi og sjálfsforræði að gjöra: því það stendur stöðugt, að alþýðan hefir ekki gagn af stjórnfrelsi og sjálfsforræði, ef hún ætlar sjer að láta allar framfarir sínar koma eins og boð ofan að, láta þvinga sig með lögum til að stíga hvert fót mál á braut framfaranna og hefir ekki menningu í sjer til að vilja neitt eða framkvæma neitt

1 Sjá til dæmis eftirtalin skrif Benedikts Gröndal um Vesturheimsferðirnar: *Enn um Vesturheimsferðir* (Reykjavík, 1888); *Um Vesturheimsferðir* (Reykjavík, 1888).

2 Sjá umræðu um þennan málflutning og hvernig hann tengdist sérstaklega menntamálum í eftirtalinni rannsókn: Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar*. Sagnfræðirannsóknir 13 (Reykjavík, 1997), bls. 87-120.

sjálf á eigin hönd, heldur vill halda áfram um óákveðinn tíma, að kvarta yfir yfirvöldum sínum og stjórn sinni, án þess að sýna það í nokkru, að hún sje hæf til annars, en að vera aðgjörðalaus undirlægja annarra.¹

Með öðrum orðum, þeir einir duga sem eru tilbúnir til að axla þá ábyrgð sem fylgir auknum stjórnréttindum. Ekki þýðir annað en að stíga skrefið til fulls og takast á við verkefni morgundagsins af fullum þunga og án þess að hika. Alþýðan varð að bera sig eftir meiri menntun og leggja sig fram í hverju verki sem hún tæki sér fyrir hendur. Pungi þessa málflutnings var mikill og fyllti síður blaða og tímarita áratugum saman, það er á síðasta aldarfjórðungi nítjándu aldar og á fyrri hluta tuttugustu aldar. En vegna þessarar miklu og stöðugu umræðu um framtíð lands og þjóðar og þýðingu þess að fólk gerði allt sem í þess valdi stæði til að vinna Íslandi heill, þá vekur furðu hve góðar undirtektir Vesturheimsferðirnar fengu hjá landsmönnum. Fólk lét sig ekki muna um að stökkva út í heim þrátt fyrir formælingar innblásinna þjóðfrelsmanna, sem jafnan komu úr röðum áhrifamanna, í garð þeirra sem fylgdu ekki hugsjónum þeirra. Þessi tengsl milli orðræðu og athafna vekja spurningar í sambandi við hvernig sagnfræðingar fjalla um alþýðumenningu og hvaða heimildir og sjónarhorn þeir styðjast við þegar reynt er að nálgast hugsun og hugarheim fyrritíðar fólks.²

Sagnfræðingar hafa gjarna nýtt sér opinbera samtímaumræðu til þess að varpa ljósi á lífsskoðanir almennings. Þannig hafa blaða- og tímaritsgreinar orðið heimildir um almennt hversdagslíf og hugsun fólks, án tillits til hvar í stétt höfundar þeirra voru settir. Lög og reglur samfélagsins eru einnig yfirfærðar yfir á daglega framgöngu alþýðunnar í sagnfræðirannsóknnum og sagnfræðingar hafa gjarnan sett samasemmerki milli laganna og ætlaðrar hegðunar fólks, tengingu sem telja verður afar hæpna.³ Þessar heimildir, og aðrar sem ekki verða tíundaðar hér, eru þess eðlis að þær sýna tæplega hvernig einstaklingar úr lægri stéttum samfélagsins hugsuðu. Af þeim sökum koma viðbrögð alþýðunnar, eins og þeim er lýst í dagbókum, á óvart. Þessi heimildavandi er eitt mest spennandi verkefni sagnfræðinga nútímans, það er að finna leið til þess að afhjúpa styrkleika og veikleika

1 Uppfræðing og alþýðuskólar.“ *Ísafold* 6. ár, 29. mars 1879, bls. 34.

2 Sjá Sigurður Gylfi Magnússon, „Einvæðing sögunnar.“ *Molar og mygla. Um einsögu og glatadán tíma*. Atvik 5. Ritstjórar Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein (Reykjavík, 2000), bls. 100-141, en þar er rætt um tengsl hugmyndafræði sagnfræðinnar og fortíðarinnar.

3 Það skal tekið fram að þarna er ég engin undantekning þó svo að ég hafi gert tilraun til að nálgast þennan vanda í verkum mínum á markvissan hátt. Sjá Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 69-164.

einstakra heimilda og draga fram mismunandi sjónarhorn þeirra sem stóðu utan við allar helstu valdastöðvar samfélagsins.¹

Þannig er því farið með Vesturheimsferðirnar, þær ganga í raun þvert á alla almenna umræðu í samfélaginu sem hafði fallið í farveg upphafningar og stólts yfir stöðu Íslendinga í samfélagi þjóða. Sá áróður dundi yfir af ótrúlegum krafti og það er í raun ekki óskynsamlegt að ætla, eins og sagnfræðingar hafa gert í marga áratugi, að hann hafi haft áhrif á hugmyndir fólks. En þegar allt kemur til alls þá fluttu þúsundir manna til Vesturheims, fólk sem í mörgum tilfellum virðist ekki hafa hikað við að leggja upp í langferð ef marka má þær heimildir sem birtar eru hér í þessari bók og aðrar af sömu gerð.² Ef til vill má draga þá ályktun að samspil almennrar umræðu í samfélaginu og Vesturheimsferðanna hafi fyrst og fremst gefið fólki nýjar hugmyndir um möguleika sem lífið hafði upp á að bjóða. Inntak almennu umræðunnar byggði á hugtökunum *ábyrgð* og *frelsi*, og þó svo að þjóðernissinnar hafi lagt ákveðinn skilning í merkingu þeirra er eins víst að þau hafi vakið allt aðrar hugmyndir hjá almenningi. Ekki er ósennilegt að fólk hafi tengt þessar hugmyndir við einstaklingsfrelsið og þá möguleika sem hver maður átti í lífinu og þannig búið almenning óbeint undir að taka jákvæða afstöðu til Vesturheimsferða. Með öðrum orðum, í stað þess að líta á Vesturheimsferðirnar sem flóttu frá fósturjörðinni og svik við þjóðina, eins og andstæðingar ferðanna héldu gjarna fram, þá má miklu frekar halda því fram að ákvörðunin hafi byggst á áralangri yfirvegum sem hafi ómeðvit- að verið að mótast í hugum þeirra sem áttu þess kost að lesa blöð og tímarit á nítjándu öld.

Hitt er svo annað mál að þeir sem fluttu vestur um haf héldu uppi svip- aðri þjóðernisorðræðu í Ameríku og þeir þekktu frá Íslandi. Draumsýn um

1 Þetta má gera með ýmsu móti og er þar óhætt að benda á eftirfarandi rannsóknir: Sigurður Gylfi Magnússon, „Einvæðing sögunnar,“ bls. 105-117. Ég vil einnig vekja athygli á afar áhrifaríkri rannsókn sem gerir einmitt þessa tvíræðu stöðu samtímaheimilda að umtalsefni og nýtir sér hana við rannsóknina sjálfa. Sjá Larry Wolff, *Child Abuse in Freud's Vienna. Postcards from the End of the World* (New York, 1988). – Edward Berenson, *The Trial of Madame Caillaux* (Berkeley, 1992).

2 Á móti má nefna að mikið var ritað um Vesturheimsferðirnar á jákvæðan hátt. Bókin *Brjef frá Ameríku*. Þýdd af Skúla Magnússyni (Reykjavík, 1871), sem innihélt sendibréf Norðmanna og frásagnir af dvöl þeirra fyrir vestan er dæmi um skrif sem hafa örugglega haft jákvæð áhrif á marga Íslendinga. Annað efni var ekki eins hliðhollt Vesturheimsferðunum. Það myndi æra óstöðugan að ætla að nefna alla þá umræðu sem átti sér stað í blöðum og tímaritum um Vesturheimsferðirnar en ljóst er að flest tóku blöðin þátt í henni og sum af miklum þrótti, eins og *Norðanfari* sem varð nokkurs konar málagn agenta ferðanna. Skoðanir ritstjóra landsmála- blaðanna mörkuðust nokkuð af þeirri staðreynd að blöð þeirra voru einnig seld vestan hafs. Ákveðnir einstaklingar, eins og Benedikt Gröndal, urðu beinlínis hatursmenn þessara ferða og létu mjög í sér heyra, eins og rætt verður hér á eftir.

„Nýtt Ísland“ var mjög hampað meðal forystumanna í Vesturheimi og þeir litu gjarna svo á að Vesturheimsferðunum hefði verið hrundið af stað vegna hægagangs í sjálfstæðisáráttunni. Þannig náðu þeir að snúa rökunum sem beitt var gegn vesturferðunum frá sjálfum sér og að þeim sem heima sátu. Þeir voru samkvæmt þessu duglausir Íslendingar.

Umfjöllun um Vesturheimsferðirnar breyttist nokkuð eftir að líða tók á fyrri hluta tuttugustu aldar og líta má á það tímabil sem annan þáttinn í þróunarsögu Vesturheimsferðanna í íslenskri hugsun og umræðu. Segja má að þeir sem lögðu upp í ferðalagið langa á nítjándu öld og afkomendur þeirra hafi þá farið að láta í sér heyra og skrifað sína eigin sögu með skipulögðum hætti. Tónninn í þeim skrifum var í anda þjóðernissögunnar sem að framan getur og við könnumst svo ágætlega við úr íslenskri sagnaritun. Rök voru þar gjarnan leidd að því að Vesturheimsfarar hafi verið hraktir frá landinu vegna fátæktar og aðstöðuleysis.¹ Út komu bækur sem fjölluðu um Vesturheimsferðirnar á yfirgripsmikinn hátt, gerð var grein fyrir fólkinu sem settist að í nýja heiminum, reynslu þess af einstökum svæðum landnámsins og hvernig það byggði upp líf sitt við nýjar aðstæður. Hér er allt frekar kunnuglegt, þjóðernis-rómantíkin svífur yfir vötnum og öll ber þessi hugsun með sér merki sögu sem hafði það hlutverk að varðveita arfleifð sem var að hverfa, eða í það minnsta á undanhaldi, og að búa til nýja sem tæki mið af annars konar aðstæðum en þeim sem finna mátti á Íslandi. Ein helsta ástæða fyrir þessum skrifum var réttlætning á gjörðum forfeðranna, þar sem lögð var áhersla á dug þeirra og þor. Landnemarnir munu hafa tekið sig upp samkvæmt þessum skrifum vegna þess að aðstæður allar voru vonlausar, bæði á hinu efnahagslega og hinu pólitíska sviði. Það var því aðeins manndómsmerki að hefja búsetu á nýjum stað, rétt eins og landnámsmennirnir gerðu á níundu öld á Íslandi.²

Efni bókarkafla er lýst í efnisyfirliti að bók Þorsteins Þ. Þorsteinssonar *Saga Íslendinga í Vesturheimi* á eftirfarandi hátt: „Íslendingar höfðu sterk-

1 Gott dæmi um þetta eru bækur Þorsteins Þ. Þorsteinssonar og Tryggva J. Oleson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi* I-IV (Reykjavík, 1940-1951). Í efnisyfirliti fyrstu bókar lýsir Þorsteinn Þ. Þorsteinsson efni eins kaflans á eftirfarandi hátt: „Hafís á Akureyrar-pollu – Liggur við manndauða og hungursneyð – Vinnufólk gengur um og biður um vinnu fyrir mat og vist – Uppflosun bænda í Skagafjarðar- og Þingeyjar-sýslu.“ Þarna er gefinn tónninn fyrir efni bókarinnar. Þorsteinn naut góðs af ritum margra landa sinna, eins og Þorsteins Jóakimssonar Jacksonar og dóttur hans Thorstínu Jackson, auk landnámsþátta séra Friðriks J. Bergmanns í *Almanaki Ólafs S. Thorgeirssonar*.

2 Þessa tengingu við landnámið „fyrra“ á Íslandi á níundu öld má sjá í skrifum Einars Ásmundssonar í Nesi. Sjá bók Arnórs Sigurjónssonar, *Einars saga Ásmundssonar. Fyrra bindi. Bóndinn í Nesi* (Reykjavík, 1957), bls. 324.

ar ástæður til að „flýja“ landið. – Þeir, sem öllu voguðu og sigruðu, sýndu heimamönnum upprisumátt hins íslenszka kyns.“ Í þessum anda voru fræðibækurnar sem ritaðar voru á fyrri hluta tuttugustu aldar. Samhliða þessari fræðihefð blómstraði hin þjóðlega íslenska sagnahefð í Vesturheimi, sem við nefnum gjarnan í daglegu tali „þjóðlegan fróðleik“. Á umræddu tímarskeiði voru Kanadamenn af íslenskum uppruna jafnvel iðnari við útgáfu á þjóðlegum fróðleik en alþýðufræðimenn uppi á Íslandi, og var þó töluverð gróska á þeim vettvangi þar um slóðir.¹ Fræðimennskan, í anda Þorsteins Þ. Þorsteinssonar og annarra, var mjög á líkum nótum og hinn þjóðlegi fróðleikur, stútfull af persónuupplýsingum um landnámsmenn, afkomendur þeirra og tengsl við heimalandið. Enda varð hinn þjóðlegi fróðleikur kjör- ið efni fyrir þjóðernis-rómantíska sagnahefð sem undirstrikaði kraftmikil einkenni þeirra einstaklinga sem komu við sögu.²

Á þessu tímabili, og fram eftir tuttugustu öldinni, var ekki aðeins rituð saga landnámsins heldur voru bókmenntir skapaðar sem voru fjölbreyttar og áhugaverðar, bókmenntir sem nutu margbreytileika kanadíssks og bandaríssks samfélags en voru um leið vitnisburður um arfleif, gamla landsins. Þar var saga fólksins í Vesturálfunni og íslensk menning þess miðlæg og stöðugt yrkisefni nær allra sem stungu niður penna á þessu tímabili.³

Þriðji þátturinn í umfjöllun manna um Vesturheimsferðirnar er vaxandi

- 1 Halldór Bjarnason sagnfræðingur vakti athygli mína á þessu atriði sem sannarlega hefur mikla þýðingu fyrir allt samhengi hins fræðilega starfs í Vesturheimi. Ritin sem Halldór benti á til vitnisburðar um þessa miklu grósku eru eftirfarandi: Walter J. Lindal, *The Saskatchewan Icelanders: A Strand of the Canadian Fabric* (Winnipeg, 1955). Hún er 363 bls. – *The Icelanders in Canada*. Canada Ethnica 2 (Ottawa og Winnipeg, 1967). Bókin er 511 bls. – Thorstina Walters, *Modern Sagas: The Story of the Icelanders in North America* (Fargo, North Dakota, 1953). Þessi bók var gefin út af North Dakota Institute for Regional Studies, North Dakota Agricultural College. Þessi mikli áhugi á þjóðlegum fróðleik dofnaði alls ekki eftir því sem á öldina leið, þvert á móti er engu líkara en að hann hafi frekar eflst eins og eftirfarandi bækur vitna um: *Gimli Memories* (Gimli, 1982). – *Gimli Saga: The History of Gimli, Manitoba* (Gimli, 1975). Þessi bók var gefin út af Gimli Women's Institute og er 798 blaðsíður. *Reflections by the Quills* (Wynyard, Sask., 1981). Þessi bók var gefin út af Quill Historical Society og er 710 blaðsíður. – *Faith and Fortitude: A History of the Geysir District, 1880's – 1980's* (Arborg, Manitoba, 1983). Þessi bók er gefin út af Geysir Historical Society (356 bls.). – Nelson S. Gerrard, *Icelandic River Saga* (Arborg, Manitoba, 1985). Hún er 838 bls. Af þessu sést að mikið hefur verið ritað af dæmigerðri byggðasögu á þessu tímabili.
- 2 Um einkenni hins þjóðlegra fróðleiks má lesa í góðri bók Magnúsar Haukssonar, *Íslenskar heimildabókmenntir. Athugun á rötum íslenskra heimildaskáldsagna*. Studia Islandica 52 (Reykjavík, 1996), bls. 71-147.
- 3 Hér mætti nefna höfunda á borð við Jóhann Magnús Bjarnason (1866), Guðrúnu H. Finnsdóttur (1884-1946), Lauru Goodman Salverson (1890-1970) og fleiri. Sjá til dæmis skemmtilega grein Gyrðis Elfíassonar rithöfundar sem heitir: „Jóhann Magnús Bjarnason.“ *Tímarit Máls og menningar* 3 (1997), bls. 79-92.

áhugi fræðimanna á bókmenntaarfinum í Vesturheimi. Á síðari hluta tuttugustu aldar voru unnar margar áhugaverðar rannsóknir sem tengjast bókmennta- og menningarlífi fólks af íslenskum uppruna í Vesturheimi.¹ Flestar hafa þessar rannsóknir verið stundaðar við kanadíska háskóla og í tengslum við aðra bókmenntastrauma í landinu. Tengingin við Ísland hefur ekki verið miðlæg, þvert á móti er viðfangsefnið miklu frekar sett í samhengi mótunarára fjölmargra þjóðarbrota í Kanada. Þarna fáum við fyrst tækifæri til að horfa á Íslendinga í Kanada í algjörlega nýju samhengi og afraksturinn er margfalt áhugaverðari mynd og flóknari en áður hafði verið dregin upp af sögu þessa fólks. Það er víst ekki ofsögum sagt að bókmenntafræðingar hafi verið í fararbroddi þessarar endurskoðunar og enn er eftir að sjá hver þáttur sagnfræðinnar verður í mótun hugmynda okkar um Vesturheimsferðir.²

Einstaka fræðimenn úr hópi sagnfræðinga hafa sýnt þessu efni áhuga á síðustu áratugum. Fyrstur reið á vaðið Bergsteinn Jónsson fyrrverandi prófessor í Háskóla Íslands en hann dvaldi vetrarlangt við rannsóknir í byggðum Íslendinga í Kanada og ritaði greinar um sögu þjóðflutninganna.³ Helgi

- 1 Daisy L. Neijmann, „Íslenska röddin í kanadískum bókmenntum.“ *Skírnir* 170 (vor 1996), bls. 145-168. – Viðar Hreinsson, „The Power of the Words: Some Reflections on ‘The Icelandic Academy’.“ *The Icelandic Canadian* 51 (1992), bls. 90-104. – Kirsten Wolf, „Heroic Past – Heroic Present: Western Icelandic Literature.“ *Scandinavian Studies* 63 (1991), bls. 432-452; „Western Icelandic Women Writers and Their Contribution to the Canon.“ *Scandinavian Studies* 66 (1994), bls. 154-203. – David Arnason, „Icelandic-Canadian Literature.“ *Identifications: Ethnicity and the Writer in Canada*. Edited by Jars Balan (Edmonton, 1982), bls. 53-66. – Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, „Ameríku-Stephán.“ *Skírnir* 170 (haust 1996), bls. 389-412.
- 2 Þess má geta að Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur vinnur nú um þessar mundir að ritun ævisögu Stephans G. Stephanssonar og má vænta þess að sú bók taki mið af menningarheiminum tveimur sem höfðu áhrif á skáldið, þess íslenska og þess kanadíska. Bókin á að koma út árið 2003 þegar 150 ár eru liðin frá fæðingu Stephans G. Sjá einnig yfirlitsgrein Viðars í bókmenntasögunni nýju: Viðar Hreinsson, „Vestur-íslenskar bókmenntir.“ *Íslensk bókmenntasaga III* (Reykjavík, 1996), bls. 721-766. Þá hafa bókmenntafræðingarnir Gísli Sigurðsson og Jón Karl Helgason lagt sitt lóð á vogarskálarnar og stuðlað að áhugaverðri nálgun bókmenntanna á Vesturheimsferðirnar. Sjá Gísli Sigurðsson, „Hvað segir sagan? Heimsmynd í sögum Edda Gíslasonar frá Nýja Íslandi.“ *Þjóðlíf og þjóðtrú. Ritgerðir helgaðar Jóni Hnefli Adalsteinssyni* (Reykjavík, 1998), bls. 77-86. Einnig slóðina www.am.hi.is/vesturislending/ en það er heimasíða Stofnunar Árna Magnússonar sem heitir: Sögur Vestur-Íslendinga. Úr safni Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og Olgu Maríu Franzdóttur. Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna. Jón Karl Helgason flutti útvarpsþætti í Ríkisútvarpinu vorið 1997 sem nefndust „Leynardómur Vínartertunnar. Sjálfsmynd Kanadamanna af íslenskum ættum.“ Einnig vann hann einstaka þætti um kanadíska samtímarithöfunda af íslenskum ættum sem fluttir voru í RÚV 1997.
- 3 Bergsteinn Jónsson, „Mannlíf í Mjóadal um miðja 19. öld eins og það kemur fyrir sjónir í dagbók Jóns Jónssonar frá Mjóadal.“ *Saga* 13 (1975), bls. 106-51. Framhald af þessari grein birtist síðan í tveimur öðrum árgöngum *Sögu*: 15 (1977), bls. 75-109; 18 (1980), bls. 49-76. Þá birtist eftir Bergstein grein í *Andvara* sem ber heitið: „Aðdragandi og upphaf vesturferða af Íslandi á níjtjándu öld.“ *Andvari. Nýr flokkur* 17 (1975), bls. 28-50. Bergsteinn kemur einnig inná

Skúli Kjartansson, dósent við Kennaraháskóla Íslands, Júníus heitinn Kristinsson sagnfræðingur og Vigfús Geirdal, fræðimaður í Svíþjóð, tóku allir þátt í íslensku söguendurskoðuninni sem hófst á áttunda áratug tuttugustu aldar. Hún fólst í því að nálgast efnið mest út frá efnahags- og félagssögulegum viðmiðum, það er að taka einkum fyrir rannsóknarspurningar í anda hag- og félagssögunnar sem leituðu eftir efnahagslegum og samfélagslegum orsakaskýringum á vesturferðunum.¹ Óhætt er að segja að rannsóknir þeirra Helga Skúla og Júníusar hafi mjög borið merki félagssögunnar, sem var nánast í frumbersku á þessum tíma, þó víst sé að rannsókn Helga Skúla hafi áberandi hagsögulega áherslu. Júníus féll frá á besta aldri, rétt áður en grundvallarrit hans *Vesturfaraskráin* kom út, en Helgi Skúli hefur ekki fylgt eftir meistaraþrófsritgerð sinni, sem hann lauk frá Háskóla Íslands árið 1976, að neinu verulegu marki. Síðan hafa innflytjendarannsóknir í alþjóðlegum fræðaheimi tekið heljarstökk, eins og drepið verður á hér á eftir, og sjá má í meistaraþrófsritgerð Vigfúsar Geirdals frá árinu 1998. Búast má við að þess muni enn frekar sjást merki í framtíðarrannsóknum Vigfúsar sem nú vinnur að menningar-pólitískri sögu Kanadamanna af íslenskum uppruna á tuttugustu öld, einn íslenskra sagnfræðinga.

Fjórði og síðasti þátturinn í þróunarsögu Vesturheimsferða stendur nú einmitt yfir og tengist hátíðarhöldunum í sambandi við landafundi Leifs Eiríkssonar fyrir þúsund árum. Í aðalhlutverki þar eru stjórnámálemenn, aug-

þessa sögu í hinu mikla ritverki um Tryggva Gunnarsson bankastjóra sem hann skrifaði með Þorkatli Jóhannessyni sagnfræðingi við Háskóla Íslands. Bergsteinn Jónsson og Þorkell Jóhannesson, *Tryggvi Gunnarsson*. II. bindi. *Kaupstjóri* (Reykjavík, 1965), bls. 181-241. Þorkell samdi þann hluta sem hér er vitnað til og fjallar nokkuð um Vesturheimsferðirnar.

- 1 Helgi Skúli Kjartansson, „Vesturfarir af Íslandi.“ Ritgerð til kandiðatsprófs í sagnfræði við Háskóla Íslands 1976 (*Lbs-Hbs*). – Helgi Skúli Kjartansson, „Emigrant Fares and Emigration from Iceland to North America 1874-1893.“ *The Scandinavian Economic History Review* 28 (1980), bls. 1-19. – Helgi Skúli Kjartansson, „The Onset of Emigration from Iceland.“ *American Studies in Scandinavia* 9 (1977), bls. 87-93. – Júníus H. Kristinsson, „Vesturheimsferðir úr Vopnafirði og aðdragandi þeirra.“ Ritgerð til kandiðatsprófs í sagnfræði við Háskóla Íslands 1972 (*Lbs-Hbs*). Loks má geta hins mikla eljuverks Júníusar, *Vesturfaraskrárin*, sem mun verða vegvísir fyrir framtíðarrannsóknir á Vesturheimsferðunum. Sjá Júníus H. Kristinsson, *Vesturfaraskrá 1870-1914* (Reykjavík, 1983). – Vigfús Geirdal, „Foreigners They Will Be No More in This Country“. The Icelandic Ethnic Group in Canada during W.W. I, 1914-1918.“ Magisteruppsats í historia. Lunds Universitet 1998. Nokkrir yngri sagnfræðingar hafa fjallað um Vesturheimsferðirnar á undanförunum árum og verður þeirra getið síðar. Að lokum má benda á að Jónas Þór var með sex útvarpsþætti á Rás 1 í ríkisútvarpinu sumarið 2000 sem nefndust: „Upphaf landnáms Íslendinga í Vesturheimi.“ Jónas er menntaður í Manitoba-háskólanum og ritaði M.A.-ritgerð árið 1980 sem nefnist „A Religious Controversy among Icelandic Immigrants in North America, 1874-1880.“



Tákngevingur landvinningahugmyndafræðinnar, Leifur Eiríksson, steypur í brons af bandaríska myndhöggvaranum Alexander Stirling Calder. Styttan stendur fyrir framan Hallgrímskirkju á Skólavörðuholti.

lýsingastofur og fjölmiðlar, hópur sem virðist stökkva á viðfangsefnið vegna þess að ríkisstjórn Íslands ákvað að veita hundruðum milljóna króna í hátíðina sem staðið hefur yfir á aldamótaárinu.¹ *Landvinningahugmyndafræðin*, sem ég hef kosið að nefna svo og á rætur sínar að rekja til orðræðu fræðimanna á fyrri hluta tuttugustu aldar, gengur eins og rauður þráður gegnum umræðuna. Það má glögglega sjá þegar ræður forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, um málefni Vesturheims eru skoðaðar. Sjálfumgleði landvinningahugmyndafræðinnar er þar engin takmörk sett. Umfjöllunin hefst með sögunni af Leifi Eiríkssyni og ferðalagi hans til Vínlands, þar sem lögð er áhersla á að hann var fyrsti „hvíti maðurinn“ á þessar slóðir, fyrstur frá hinum siðmenntaða heimi!² Inga Dóra Björnsdóttir mannfræðingur ritaði árið 1998 grein í *Morgunblaðið* um hugmyndir stjórnvalda vegna landafundahátíðarhaldanna í Ameríku. Þar gagnrýndi hún sérstaklega það sambengi sem hátíðin var sett í; þá áherslu sem lögð var á að Leifur hefði verið fyrstur hvítra manna til að „finna“ álfuna.

Inga Dóra flutti einnig fyrirlestur á ráðstefnu á vegum Stofnunar Sigurðar Nordals, þar sem hún sýndi fram á tengsl kynþáttafordóma og notkunar á nafni Leifs Eiríkssonar í Ameríku á tuttugustu öld.³ Þar var Leifur Eiríksson tákngervingur yfirburða germanska kynstofsins og honum var þar hampað sem hinum eina og sanna landafundamanni heimsálfunnar. Inga Dóra bendir á að íslensk stjórnvöld hafi þannig tekið upp þráðinn þar sem fulltrúar öfgahugmynda hafi lagt upp laupana, gengið þannig á skjön við almenna umræðu í Ameríku sem hefur hniگیð í þá átt að viðurkenna innfædda íbúa álfunnar (*native Americans*) sem „fyrstu“ Ameríkumennina. Minna má á að þegar bandarísk stjórnvöld fögnuðu árið 1992 að liðin væru 500 ár frá „landafundum“ Kólumbusar þá snerist þjóðin öndverð gegn þessu hugmyndalega ofríki hinnar evrópsku söguskoðunar. Í þessu ljósi

1 Margt af því sem þar hefur verið gert var byggt á framsýni og hugmyndaauðgi og má þar helst nefna stofnun sendiráðs Íslands í Kanada undir forystu Svavars Gestssonar sem síðar var skipaður sendiherra. Mikils má vænta af því starfi sem þar er framundan. Hitt er svo annað mál að áberandi hefur verið í allri umræðunni um landafundina hve lítið við vitum um samfélag Íslendinga í Kanada og Bandaríkjunum og kemur það fram á margvíslegan hátt, eins og drepíð verður á hér á eftir.

2 Hér má benda á gagnrýni Viðars Hreinssonar í nýlegum fyrirlestri: „Vesturheimskan er komin í kjólinn.“ Fluttur við Manitoba-háskóla í október árið 2000. Hann er í vörslu höfundar.

3 Inga Dóra Björnsdóttir, „Leifur Eiríksson versus Christopher Columbus: The Use of Leifur Eiríksson in American Political and Cultural Discourse.“ *Approaches to Vínland. A conference on the written and archaeological sources for the Norse settlements in the North-Atlantic region and exploration of America. The Nordic House, Reykjavík 9-11 August 1999*. Rit Stofnunar Sigurðar Nordals 4. Edited by Andrew Wawn og Þórunn Sigurðardóttir (Reykjavík, 2001).

verður umræðan um Leif Eiríksson allt að því aumkunarverð og dregur fram þýðingu þess að ráðamenn stuðli að rannsóknum á fyrirbærum og atburðum mannkynssögunnar áður en lagt er upp í kostnaðarsama áróðurs-herferð.

Í Morgunblaðsgreininni fyrrnefndu vekur Inga Dóra einnig athygli á furðulegri hugmynd forseta Íslands sem hann reifaði á stórum blaðamanna-fundi í Washington (í *The National Press Club*) að snjallt væri að gera kvikmynd í Hollywood um fyrsta hvíta barnið sem þar fæddist, nefnilega Snorra Þorfinnsson, og þá í sama anda og teiknimyndin vinsæla Pocahontas.¹

Í röksemdafærslu landvinningahugmyndafræðinnar er næst staldrað við flutninga fólks á nítjándu öld til Vesturheims, þar sem þessum vistaskiptum er lýst sem framsókn dugmikils og sjálfmenntaðs fólks sem braut undir sig nýtt land í óbyggðum Vesturálfunnar með menningu og menntir gamla landsins að vopni. Það var að sjálfsögðu í fararbroddi innflytjenda af öðrum þjóðernum og hafði algjöra sérstöðu meðal þeirra vegna gáfnafars og annars andlegs atgervis. Þessi rök ná alla leið til nútímans þar sem augljósar niðurstöður eru landvinningar „Íslendingins“ Bjarna Tryggvasonar geimfara í himingeimnum og sigrar íslenskra fyrirtækja á nýjasta vettvangi vísinda og viðskipta, nefnilega í sýndarveruleikanum (OZ) og á sviði líftækniíðnaðarins (deCODE). Bæði þessi fyrirtæki hafa stefnt á Nasdaq-hlutabréfamarkaðinn (deCODE er nú þegar skráð þar) og skammt er að bíða þess að þau leggi heiminn að fótum sér ef marka má landvinningahugmyndafræðina. Það er aðeins hin rökrétta niðurstaða þessa söguskilnings sem svo mjög er hampað nú um stundir.

Til að gefa sýnishorn af rökunum sem haldið er á lofti þegar þessir atburðir eru ræddir á erlendum vettvangi verður hér vitnað í ræðu sem Ólafur Ragnar Grímsson flutti í Los Angeles 5. maí árið 2000. Ræðan endur-

1 Inga Dóra Björnsdóttir, „Að kasta 340 milljónum á glæ.“ *Morgunblaðið*. 14. nóv. 1998. Inga Dóra varpar því reyndar fram að þetta hljóti að hafa verið sagt í gamni, en ef marka má fréttir af atburðinum þá var full alvara þarna að baki. *Morgunblaðið* segir frá þessum fundi í innlend- um fréttum sínum með fyrirsögninni: „Heimsókn forseta Íslands í Bandaríkjunum. Gerð verði teiknimynd um Snorra Þorfinnsson.“ *Morgunblaðið* 22. júlí 1997. Í fréttinni kemur meðal annars þetta fram: „Í ræðu sinni lagði Ólafur Ragnar til ýmis atriði í tilefni 1000 ára afmælis landa- fundanna: mikil hátíðarhöld á fæðingarstað Leifs Eiríkssonar, Eiríksstöðum í Dalasýslu, ferðir víkingaskipa frá Íslandi og Grænlandi til Ameríku, útgáfu fornsagnanna, sýningar um víkinga- tímann og ævintýraferðir, og síðast en ekki síst, kvikmynd um Snorra Þorfinnsson, í anda Pocahontas-teiknimyndarinnar.“ Nokkrar greinar birtust um efnið í blöðunum hér á landi í kjöl- far þessa blaðamannafundar þar sem menn ræddu hugmyndina út frá ýmsum hliðum. Sjá til dæmis grein Viðars Víkingssonar kvikmyndagerðarmanns sem taldi að forsetinn skorti skilning á Hollywood-hugmyndafræði: „Snorri, Pocahontas og pólitísk rétt hugsun.“ *Morgunblaðið* 31. júlí 1997.

speglar í raun sorglega stöðu þekkingarinnar á Vesturheimsferðum og sögu landsins sem virðist sækja næringu sína í umfjöllun fræðimanna á fyrri hluta tuttugustu aldar, eins og áður var vitnað til. Ræðan var birt í *Morgunblaðinu* 23. júní 2000 í grein eftir furðulostinn fyrrverandi starfsmann fjármálaráðuneytisins sem fannst mikilvægt, að hún kæmi fyrir almennings-sjónir hér á landi. Í ræðunni kom meðal annars þetta fram:

Íslendingar hafa vissulega orðið fyrir miklum áhrifum frá fordæmi landnámsmannanna sem, fyrir meira en þúsund árum, leituðu nýrra landa til þess að geta verið sínir eigin herrar. Þeir ákváðu síðan af fúsum og frjálsum vilja að stofna fyrsta lýðræðislega þjóðveldið í heiminum sem laut lagalegri stjórn með hið forna þing, Alþingi, sem miðstöð.

Þetta hugarfar landsfeðranna og -mæðranna, hugarfar landkönnuða og uppfinningamanna, hefur mótað uppeldi þeirrar nýju kynslóðar sem nú skapar eitt af athyglisverðustu nútímasamfélögum í heiminum, samfélag sem notar tækni til þess að ná einu hæsta mögulega lífsgæðastigi sem hægt er.¹

Hér byggist allt á upphafinni sýn á veruleikann og engu er líkara en að ætlinin sé að selja útlendingum tiltekna ímynd af þjóðinni og menningu hennar.² Eftir stendur að við höfum takmarkaða þekkingu á sögu landnámsins í Vesturheimi og öll sú orka sem farið hefur í landvinningahugmyndafræðina er byggð á mýtu sem orðið hefur til á auglýsingastofum og ráðamenn halda á lofti við hvert tækifæri. Á meðan stendur fræðaheimurinn að mestu hjá og fylgist með atganginum í veislusölum vestan hafs og austan.

Örfáir einstaklingar hafa í raun lagt sig fram við að fjalla um þessa mögnuðu þjóðflutninga á þann hátt að það geti talist upplýsandi. Eftirminnilegar eru til dæmis bækur Böðvars Guðmundssonar bókmenntafræðings og rithöfundar um þá átakasögu sem hægt er að ímynda sér að margir Íslendingar hafi safnað í minningasjóð sinn.³ Áður voru nefndar rannsóknir sagnfræðinganna fjögurra, þeirra Bergsteins Jónssonar, Vigfúsar

1 Steingrímur Pálsson, „Íslendingar hæddir í Los Angeles?“ *Morgunblaðið*, 23. júlí 2000, bls. 30. Ræðan birtist fyrst á ensku í vefritinu: strik.is. Steingrímur var einn af þeim mörgu sem blöskraði svo það sem hann nefndi „yfirlæti og miklun Íslendinga“ að hann sá sig tilknúinn til að vekja athygli á ræðunni.

2 Í þessu sambandi má benda á sérstaklega áhugaverða grein Ólafs Rastricks sagnfræðings í *Nýrri sögu* árið 2000 um Þjóðmenningarhúsið svo nefnda, sem áður hét Safnahúsið, og stendur við Hverfisgötu í Reykjavík. Ólafur sýnir fram á hvernig þessi húsakostur er nýttur til að upphelja tiltekna úrelta ímynd af þjóðinni og tilurð hennar. Sjá Ólafur Rastrick, „Hús með sál – þjóðarsál. Lesið í sköpun Þjóðmenningarhúss.“ *Ný saga* 12 (2000), bls. 82-88.

3 Böðvar Guðmundsson, *Híðylli vindanna* (Reykjavík, 1995) og *Lífsins tré* (Reykjavík, 1996). Þess má geta að Böðvar Guðmundsson hefur haft á þrjónunum að gefa út safn Ameríkubréfa sem hann safnaði þegar hann vann að skáldsögum sínum. Þetta má meðal annars lesa í tíma

Geirdals, Helga Skúla Kjartanssonar og Júníusar Kristinssonar, en ítreka verður að niðurstöður rannsókna þeirra hafa ekki verið vel aðgengilegar fram til þessa. Nýlega hafa sagnfræðingarnir Steinþór Heiðarsson, Ólöf Garðarsdóttir og Björgvin Sigurðsson ritað B.A.-ritgerðir um Vesturheimsferðirnar og þau tvö fyrrnefndu birtu rannsóknir sínar í tímaritinu *Sögu*.¹ Einnig má benda á að væntanleg er bók á markaðinn á næstunni sem er ævisaga Sumarliða Sumarliðasonar gullsmiðs sem Hulda Sigurborg Sigtryggisdóttir sagnfræðingur hefur ritað. Sumarliði hélt dagbók í marga áratugi og er hún uppistaðan í umfjöllun Huldu. Hún fer óvenjulega leið í umfjöllun sinni um þetta merka tímabil í sögunni, það er að fylgja einum Vesturheimsfara eftir á ferðum hans meðal Austur-Íslendinga og Vestur-Íslendinga, og óhætt er að fagna slíkum fræðitilraunum. Engum blöðum er um það að fletta að einmitt þessi rannsóknarleið mun skila mikilli vitneskju um sögu Vesturheimsferðanna og dýpka skilning okkar á mikilvægi þeirra.²

Ekki verður hjá því komist að nefna uppbyggingu Vesturfarasetursins á Hofsósi sem hefur verið ævintýri líkust.³ Þar hefur stórhuga fólk byggt upp á undraskömmum tíma rannsóknarsetur og sýningu sem vakið hefur mikla athygli á Vesturheimsferðunum hér á landi. Tugþúsundir gesta hafa lagt leið sína á Hofsós í þeim tilgangi að kynnast efninu. Þá hefur setrið verið nokkurs konar tengiliður milli aðila og stofnana í Kanada sem hafa sýnt vesturferðum Íslendinga áhuga. Ekki fer á milli mála að Vesturfarasetrið mun hafa góð áhrif á framhald þessara samskipta og það mun örugglega verða mikilvægur vettvangur fyrir framtíðarrannsóknir á þessu sviði.

ritsviðtali við Böðvar sem birtist nýlega og þar kemur fram að bókin muni væntanlega koma út árið 2001: Sjá „Lífsins bréf.“ *Mannlíf* 17. árg. 8. tbl. október 2000, bls. 21-23. Þá komu út á tuttugustu öldinni bækur sem innihéldu bréf Vesturheimsfara. Sjá til dæmis: Bergsveinn Skúlason, *Bréf og bögglar. Bréf Vesturfara heim til Íslands og þjóðlífslýsingar af Vesturlandi* (Reykjavík, 1977).

- 1 Steinþór Heiðarsson, „Íslands ástmegir og þrælur. Drættir úr sjálfsmynd Vestur-Íslendinga.“ B.A.-ritgerð í sagnfræði við HÍ 1998 (*Lbs-Hbs*). Samnefnd grein Steinþórs birtist í *Sögu* 37 (1999), bls. 17-61. – Ólöf Garðarsdóttir, „Á faraldsfæti. Fólksflutningar og félagsgerð á Seyðisfirði 1885-1905.“ Ritgerð til B.A.-prófs í sagnfræði við Háskóla Íslands 1993 (*Lbs-Hbs*). – Ólöf Garðarsdóttir, „Tengsl þéttbýlismyndunar og Vesturheimsferða frá Íslandi. Lýðfræðileg sérkenni fólksflutninga frá Seyðisfirði 1870-1910.“ *Saga* 36 (1998), bls. 153-184. – Björgvin Sigurðsson, „Viðhorf Íslendinga til Vesturheims.“ Ritgerð til B.A.-prófs í sagnfræði við Háskóla Íslands, 1997 (*Lbs-Hbs*).
- 2 Síðar í þessum inngangskafli verða framtíðarrannsóknir sem tengjast Vesturheimsferðum ræddar og lagðar verða til ákveðnar rannsóknarleiðir sem æskilegt væri að feta.
- 3 Sjá vefsíðu Vesturfarasetursins: www.hofsos.is. Sigríður Sigurðardóttir forstöðumaður Byggðasafns Skagfirðinga í Glaumbæ bjó til sýningu á Vesturfarasetrinu í samvinnu við hóp fræðimanna, safnamanna og hönnuða. Sýningin nefnist: „Annað land – annað líf. Vesturheimsferðir Íslendinga 1870-1914.“

Pá hefur saga þessa tímabils í Vesturheimi verið gerð að umtalsefni í bókum Guðjóns Arngrímssonar blaðamanns, sem síðar varð upplýsingafulltrúi Landafundanefndar (núverandi upplýsingafulltrúi Flugleiða, sem flytur landvinningahugmyndafræðina út um allan heim) en hann ritaði tvær bækur um landnámið ytra sem nefnast *Nýja Ísland* og *Annað Ísland* og Mál og menning gaf út.¹ Guðjón lýsti sjálfur vinnslu fyrri bókarinnar á fundi hjá Sagnfræðingafélagi Íslands í janúarmánuði 1998 en þar kom fram að hann byggði hana nær algjörlega á rannsóknunum sem unnar voru fyrir á öldinni, enda er söguþráður Guðjóns hinn sami og finna má í þeim ritum og rökin fyrir Vesturheimsferðunum svipuð.² Í raun má segja að fyrri bók Guðjóns sé afrek, þar sem hún var unnin á nokkrum mánuðum og sló rækilega í gegn á íslenskum bókamarkaði.³ Sérstakur fengur er í myndunum í bókinni, en eins og fram kom á fundinum hjá Sagnfræðingafélaginu var upphafleg hugmynd Guðjóns að gefa út myndabók með ljósmyndum sem hann hafði komist yfir vestan hafs.

Þrátt fyrir þessa viðleitni Guðjóns og framtak (og annarra), þá er engum blöðum um það að fletta að hér er gríðarlega mikið rannsóknarsvið sem lítið sem ekkert hefur verið unnið með, sérstaklega út frá sagnfræðilegu sjónarhorni.⁴

Uppbygging bókar

Hér á eftir verður gerð tilraun til að kynna til sögunnar heimild sem ekki hefur verið mikið notuð í rannsóknum á þessu fræðasviði, nefnilega dagbækur Vesturheimsfara. Þetta er gert í þeirri von að hægt verði að sýna fram á að persónulegar heimildir geti leitt fræðimenn inn á nýjar brautir í rannsóknum á sögu ferðanna. Ekki fer á milli mála að heimildir af þessu tagi

1 Guðjón Arngrímsson, *Nýja Ísland. Örlagasaga Vesturfaranna í máli og myndum* (Reykjavík, 1997); *Annað Ísland. Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum* (Reykjavík, 1998).

2 Hér er átt við bækur höfundanna Þ. Jóakimssonar Jackson, Þorsteins Þ. Þorsteinssonar og Tryggva J. Oleson, ásamt nýlegri verkum þeirra Nelson S. Gerrards og Wilhelms Kristjánssonar. Ljóst er að magistersritgerð Helga Skúla Kjartanssonar hefur haft nokkuð góð áhrif á Guðjón og skrif hans.

3 Sjálfur lýsir Guðjón bók sinni með þessum orðum: „Þetta er ekki sagnfræðirit. Að baki liggja ekki sagnfræðirannsóknir og ekki vísindaleg athugun á frumheimildum, en reynt er að láta ferðalangana sjálfa lýsa því sem fyrir augun bar með því að vitna beint í skrif þeirra í blöðum og bókum.“ Guðjón Arngrímsson, *Nýja Ísland*, bls. 10.

4 Benda má á að kanadíski mannfræðingurinn Anne Brydon ritaði sérlega áhugaverðan kafla um Íslendinga í Kanada í bók sem fjallar um samsetningu kanadísku þjóðarinnar. Sjá Anne Brydon, „Icelanders.“ *Encyclopedia of Canada's Peoples*. Edited by Paul Robert Magocsy (Toronto, 1999), bls. 685-700.

munu geta orðið mikil uppspretta hugmynda fyrir sagnfræðinga sem koma til með að seilast inn á svið sögu Vesturheimsferðanna. Það er vegna þess að sú saga verður tæplega rituð nema með fulltingi þeirra sem tóku þátt í ævintýrinu í einu eða öðru formi. Opinber afskipti af lífi fólksins var lengstum í lágmarki af því að landnámið fór gjarnan fram fjarri hinu opinbera valdi og frásagnir í blöðum og tímaritum hljóta alltaf að vera því marki brenndar að þar eru höfundar að ávarpa lesendahóp í einhverjum tilteknum tilgangi. Persónulegar heimildir eru á vissan hátt sama marki brenndar; höfundar bréfa, dagbóka og sjálfsævisagna taka sér penna í hönd með eitthvað visst í huga þó svo að ásetningur þeirra sé oftast ekki eins markviss og í öðrum heimildum. Bréfaskriftir eða dagbókarskrif hafa gjarnan frekar almenn markmið, að tjá sig um sitt eigið líf og tilveru.¹

Meginefni bókarinnar eru síðan sýnishorn úr dagbókum og öðrum persónulegum heimildum úr fórum nokkurra Íslendinga sem héldu vestur um haf á síðari fjórðungi 19. aldar. Brotin sem hér eru birt veita lesendum vonandi innsýn í hugarheim Vesturheimsfara. Áhersla er lögð á að sýna hvernig þeir tókust á við lífið rétt áður en þeir lögðu upp í þessa langferð, á meðan á ferðalaginu stóð og loks hvernig þeir fótuðu sig í nýja heiminum. Ekkert af þessum sýnishornum er líklegt til að segja sögu Vesturheimsferðanna eins og þúsundir Íslendinga upplifðu þær. Hér er aðeins um persónubundna reynslu nokkurra einstaklinga sem höfðu fyrir því að skrá frásögn sína. Vonandi verður þessi bók til þess að farið verður að huga betur að álíka heimildum sem margar hverjar liggja í geymslum og á afviknum stöðum á heimilum afkomenda Vesturheimsfara og eru dæmdar til að lenda í glatkistunni ef ekki er gripið tímanlega í taumana.

Umfjöllun okkar Íslendinga um Vesturheimsferðirnar hefur verið á milli tveggja heima í tvennum skilningi: Annars vegar hafa þær snúist um samþættingu hugmynda sem eiga rætur sínar í gamla landinu og hinu nýja og hins vegar hefur umfjöllunin um flutningana verið sambland af ímyndun og draumsýn sem fræðimenn, stjórnmálamenn og/eða lýðskrumarar hafa gripið til, í þeim tilgangi að þjóna sérhagsmunum sem ekkert koma fræðimennsku við og beinhörðum veruleika Vesturheimsferðanna. Umræðan um

1 Sjá umfjöllun Davíðs Ólafssonar og Sigurðar Gylfa Magnússonar um gildi persónulegra heimilda í fjölmörgum ritum og ritgerðum sem út hafa komið á síðustu árum. Sem dæmi má nefna: Sigurður Gylfi Magnússon, *Memtun, ást og sorg*, bls. 13-68. – Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru. Dagbækur, sjálfsm mynd og heimsmynd á 18. og 19. öld.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 51-88. Einnig má benda á fleiri greinar í bókinni *Einsagan – ólíkar leiðir*, sem margar fjalla um persónulegar heimildir með einum eða öðrum hætti.

viðfangsefnið hefur mótast af ónógum rannsóknum og hleypidómum. Vonandi verður þessi bók til þess að opna augu manna fyrir möguleikunum sem þessi stórbrotna saga býður upp á til að skilja mannlega hegðun beggja vegna Atlantsála.

2. Ísland á nítjándu öld – baksvið Vesturheimsferða

Íslenskt samfélag tók miklum stakkaskiptum á öldinni nítjándu, stakkaskiptum sem snertu alla þá sem lifðu þá tíma. Breytingarnar tengdust sumpart stjórnámálahræringum hér á landi í kringum sjálfstæðisbaráttuna. Ótti eignastéttarinnar við hvers konar þjóðfélagsumrót var ekki séríslenskt fyrirbæri heldur átti hann rætur sínar að rekja til Evrópu og Bandaríkjanna. Stjórnámálabreytingar á nítjándu öld óggnuðu allri samfélagsskipan hins vestræna heims og voru líklegar til að grafa undan valdi þeirra sem auðinn áttu á Íslandi sem og annars staðar. Hér á eftir verður drepíð á nokkur svið sem breyttust á Íslandi á tímabilinu en aðaláherslan verður á fjölskylduna og samsetningu hennar.

Saga fólksfjöldaþróunar á átjándu og nítjándu öld er stórmerkileg og hafði áhrif á framvindu mála hjá fólki af öllum stigum samfélagsins á tímabilinu og leiða má líkur að því að Vesturheimsferðirnar séu hluti af niðurstöðum þeirra.¹ Til að fara mjög hratt yfir sögu þá var átjándu öldin tími mikilla hörmunga sem urðu til þess að fólksfjöldi fór nokkuð niður fyrir 50.000 manna markið fyrstu áratugi aldarinnar og náði ekki þeirri tölu aftur fyrr en á öðrum áratug nítjándu aldar.² Þá höfðu gengið yfir landið plágur, jarðskjálftar og eldgos sem urðu þess valdandi að stór hópur fólks svalt heilu hungri og margir dóu á besta aldri.³ Öskulög lögðust yfir heilu byggðirnar og í kjölfarið fylgdu skæðar drepsóttir og hungur sem hafði þær afleiðingar að landið var ekki byggilegt nema fyrir tæplega 40 þúsund manns á síðasta aldarfjórðungi aldarinnar. Frá 1787 og til aldamóta fjölgaði mannfólkinu svo aftur hratt, en fólksfjöldinn stóð síðan í stað fram til 1830. Þessi

- 1 Þessi fólksfjöldaþróun var á sömu nótum og annars staðar í Evrópu. Um hana má lesa í stórmerkilegu riti eftir Alfred W. Crosby, jr., *The Columbian Exchange. Biological and Cultural Consequences of 1492* (Westport, Connecticut, 1972). Ljóst er að þessi þróun mannfjöldans hratt af stað stórfelldri atburðarás sem kennd hefur verið við iðnbyltinguna og kapitálíska búskaparhætti. Vesturheimsferðirnar eru sannarlega hluti af þeirri sögu.
- 2 *Hagskinnna. Sögulegar hagtölur um Ísland*. Ritstjórar Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (Reykjavík, 1997), bls. 52-63.
- 3 Um þessa sögu hefur víða verið fjallað en benda má á grein Sveinbjörns Rafnssonar, „Búfé og byggð við lok Skaftárelda og Móðuharðinda.“ *Skaftáreldar, 1783-1784. Ritgerðir og heimildir*. Ritstjóri Gísli Ágúst Gunnlaugsson (Reykjavík, 1984), bls. 163-178.

mannfjöldi var á hinn bóginn tæplega nægur til að halda uppi eðlilegu mannlífi í landinu, fámennið var einfaldlega svo mikið að víða var erfitt að sinna nauðsynlegustu störfum.¹

Þróunin sem hér hefur verið lýst náði jafnvægi á nítjándu öld vegna þess að giftingaraldur færðist niður, fleiri börn fæddust sem lifðu og náðu full-orðinsaldri. Fólki fjölgaði því jafnt og þétt. Þegar fram í sótti átti ungt fólk erfiðara með að fá jarðnæði, giftingaraldur hækkaði á ný þannig að hann var rétt um 30 ár fyrir bæði kynin og sífellt fleiri einstaklingar urðu vinnuhjú til lífstíðar.² Annað mikilvægt atriði hafði áhrif á þessa þróun en það var að tíðarfarar var skaplegt stóran hluta nítjándu aldarinnar og stundum mjög hagstætt og náttúruhamfarir höfðu lítil áhrif á búsetuskilyrði fólks. Þetta gerði það að verkum að ungbarnadauði minnkaði mikið á síðari hluta nítjándu aldar vegna betra atlætis í mat og sömuleiðis höfðu nýjar hugmyndir um brjóstagjöf og uppeldi trúlega áhrif á þá þróun.³ Fyrir bragðið fjölgaði mannfólkinu mikið á síðari hluta nítjándu aldar, en sú fjölgun hafði margvíslegar afleiðingar í för með sér.

Fiskveiðar urðu mun mikilvægari atvinnugrein á þessu tímabili en þær höfðu áður verið. Ásóknin í þær setti mikla pressu á samfélagsgerðina sem byggðist upp á sterkri stöðu sveitanna og sveitaheimilanna sem mynduðu kjarna þjóðfélagsins. Lítið svigrúm var innan þessa kerfis fyrir fólk sem vildi sjá sér farborða á annan hátt. Það var einfaldlega ólöglegt að hafa ekki fasta búsetu og vera vistráðinn frá einu ári til annars. Fólksfjölgunin reyndi mjög á þanþol landbúnaðarsamfélagsins vegna þess að landrými var takmarkað. Jörðum var skipt upp og heiðabýli byggð. Skortur á jarðnæði hafði í för með sér stækkun heimila. Vinnuhjúin, sem við venjulegar aðstæður hefðu gengið upp í stétt búandi fólks, ílengdust í stéttinni.⁴ Færri og færri áttu þess kost að stofna heimili og lifa sjálfstæðu lífi. Samfélagsgerðin var af þessum sökum í nokkru uppnámi og lausnina var fyrir marga að finna í þéttbýlinu, við strendur landsins eða þá í annarri heimsálfu. Vesturferðirnar hófust, með öðrum orðum, við framangreindar aðstæður. Ekki er því ósennilegt að ætla að þær hafi verið tilraun fólks til að öðlast sjálfstæði undan ofurvaldi þeirra sem samfélaginu stjórnuðu, nefnilega sjálfseignarbændu.

1 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801-1930. Studies in the Relationship Between Demographic and Socio-Economic Development, Social Legislation and Family and Household Structures* (Uppsala, 1988), bls. 27-29.

2 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household*, bls. 29.

3 Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 171-214.

4 Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 5 (Reykjavík, 1981).

Formleg uppbygging samfélagsins var einföld, grunneiningarnar voru heimilið og hreppurinn, en hvort tveggja voru vettvangur alls almennings í leik og starfi. Þar hafði hið opinbera svið mest áhrif á líf fólks. Hreppurinn gegndi í það minnsta einu mjög þýðingarmiklu hlutverki, hann sá um fátækraframfærsluna og hreppsnefndarmenn tóku ákvörðun um hverjir ættu að njóta hennar.¹ Hreppstjórinn hafði einnig það hlutverk með höndum, í samvinnu við sóknarprestinn, að sjá til þess að aðeins þeir sem ættu eitt-hvað undir sér hæfu búskap. Það var ekki hægt nema fólk ætti eignir og væri gift, en mjög var barist gegn öreigagiftingum, eins og giftingar fátæks fólks voru nefndar á þessu tímabili. Ástæðan var sú að fæðingarhreppur barna var skyldugur til að sjá þeim farborða ef heimili voru leyst upp. Þetta hafði það í för með sér að erfitt var fyrir fátækt fólk að setjast að í ókunn- um hreppi þar sem óttast var að það myndi öðlast sveitfestu í fyllingu tím- ans (það gerðist með tíu ára samfelldri búsetu í sama hreppi).² Við aðstæð- ur af þessu tagi varð til vítahringur, fólk var hrakið í burtu frá heimilum sín- um og jarðnæði; líkurnar á fátækraframfærslu jukust. Þegar fólk hafði einu sinni lent í slíkum hremmingum var varla aftur snúið. Um var að ræða al- gjöran réttindamissi og konur, börn og karlmenn voru komin undir náð og miskunn hreppsnefndarmanna sem sjaldan höfðu kærleikann að leiðarljósi við skyldustörf sín. Sveitarómagar fengu ekki almenn mannréttindi fyrir en sveitarskuldin var að fullu greidd.³ Margar ljótar sögur eru til af raunum fólks sem hrakið var frá bújörðum sínum vegna þess að hreppssamfélagið vildi ekki að fjölskyldan öðlaðist rétt til fastrar búsetu.⁴ Á síðari hluta nítj- ándu aldar átti sér stað mikil opinber umræða um þessa tilhögun sem hafði áhrif á hvernig fólk mat stöðu sína í samfélaginu, það las um viðhorf sam-

1 Lýður Björnsson, *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*. Síðara bindi (Reykjavík, 1979).

2 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Ómagar og utangarðsfólk. Fátækramál Reykjavíkur 1786-1907* (Reykjavík, 1982). – Jón Blöndal og Sverrir Kristjánsson, *Alþingi og félagsmálin* (Reykjavík, 1954). – Gísli Gunnarsson, „Fátækt á Íslandi fyrir á tímum.“ *Ný saga* 4 (1990), bls. 72-81.

3 Sjá dæmi um þessa baráttu í sjálfsævisögu Hafsteins Sigurbjarnarsonar, *Ævisaga Hafsteins Sigurbjarnarsonar Reykholti í Höfðakaupstað. Skráð af honum sjálfum* (Reykjavík, 1974).

4 Eitt besta dæmið um sögu af þessu tagi er komið frá Magnúsi Hj. Magnússyni og fjölskyldu hans. Sjá umfjöllun um ævi Magnúsar í bókinni *Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Pröm*. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 2 (Reykjavík, 1998). Sjá einnig dæmi í eftirtöldum sjálfsævisögum: Tryggvi Emilsson, *Fátækt fólk. Æviminningar I* (Reykjavík, 1976). – Sigfús Magnússon, „Endurminningar Guðrúnar Björnsdóttur. Lýsing á aldaranda, þjóðháttum, siðum og venjum um og eftir miðja síðustu öld.“ *Skuggsjá* 1 (1944), bls. 1-53. – Jón Sigurðsson, *Helga Sörensdóttir. Ævisaga rituð eftir sögu hennar sjálfar* (Reykjavík, 1951).

ferðamanna sinna til stöðu og réttinda fátæks fólks og dró sínar ályktanir um búsetuskilyrðin og framtíðina.¹

Þessi tilhögun gat haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér fyrir fátækt fólk, en vinnuafli þess var á vissan hátt uppspretta auðs í bændasamfélaginu. Ákveðinn hluti þess fólks sem þáði af sveit var gott vinnuafli og myndaði kjarnann í ódýru vinnuafli eignamanna. Hagsmunir sjálfstæðra bændu fólust í því að tryggja stöðugt og ódýrt vinnuafli og þetta kerfi viðhélta því ástandi.²

Eins og ljóst má vera af framangreindri umfjöllun þá gegndi fjölskyldan stóru hlutverki í nítjándu aldar samfélaginu og staða einstaklinganna innan hennar markaði þeim bás. Meðalfjölskyldustærð í sveitasamfélaginu um miðja nítjándu öldina taldi um átta einstaklinga en í strandbyggðum voru fjölskyldunar fámennari, eða um það bil fimm manns. Þessar tölur fóru þó lækkandi eftir því sem á öldina leið og var ein aðalástæðan sú að ungu fólki bauðst tækifæri víðar en í sveitinni að koma ár sinni fyrir borð.³

Uppbygging fjölskyldunnar var mjög skýr: Fjölskyldufaðirinn var á toppnum og hafði nánast alræðisvald yfir öðrum heimilismönnum og fjölskyldulífni almennt. Hann var andlit heimilisins út á við og lagalega var hann sá eini sem tekið gat þátt í opinberu lífi á formlegan hátt. Við hlið hans stóð eiginkonan sem deildi ábyrgðinni á húshaldinu með maka sínum. Raunin var oft sú að konurnar sáu um rekstur heimilisins og alls sem laut að framleiðslu afurðanna innanstokks.⁴ Bóndinn var hins vegar með á sínum herðum skepnuhaldið og jarðarbætur.

Börn voru alin upp af foreldrum sínum eða öðru heimilisfólki í langflestum tilfellum til fjórtán ára aldurs og sum voru í foreldrahúsum fram til 15-16 ára aldurs. En þá voru þau líka flogin og farin í vist til vandalausra. Mörg voru þó áfram í foreldrahúsum og færðust þá upp í stöðu vinnuhjúa þar til að hagur þeirra breyttist. Lagalega séð varð lítil breyting á lífi þeirra

1 Hér væri hægt að nefna ótalmörg dæmi en nokkrar blaða- og tímaritsgreinar verða látnar nægja: Einar Benediktsson, „Fátækralöggjöfin.“ *Ingólfur* XII. árg., Reykjavík, 48. blað, 4. des. 1914, bls. 189; XII. árg., Reykjavík, 50. blað, 21. des. 1914, bls. 197. – Jóhann Eyjólfsson, „Um hreppsþelgina og fátækraflutninginn.“ *Þjóðólfur*, 51. árg., Reykjavík, nr. 19, 21. apríl 1899, bls. 73-74; 51. árg., Reykjavík, nr. 21, 2. maí 1899, bls. 81. – Arnlfótur Ólafsson, „Um ómagaframfærslu.“ *Andvari* 14(1888), bls. 148-228. – Arnlfótur Ólafsson, „Um nokkrar greinar sveitar-mála.“ *Andvari* 7(1881), bls. 47-89.

2 Magnús S. Magnússon, *Iceland in Transition. Labour and Socio-Economic Change Before 1940* (Lundi, 1985), bls. 27-48. – Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household*, bls. 32-40.

3 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household*, bls. 128-130; 152-153.

4 Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld? Hlutverkaskipan í íslensku samfélagi.“ *Saga* 35 (1997), bls. 137-177.

unglinga sem urðu vinnuhjú. Þau voru áfram meðhöndluð sem börn og réttarstaða hjúa var sláandi lík réttarstöðu barna; þau voru að mestu ofurseld valdi húsbóndans.¹ Stétt hjúa fór vaxandi á níjtjándu öld, eins og áður hefur komið fram, og voru vinnuhjú um miðbik aldarinnar allt að 35-40% fólksfjölda 15 ára og eldri. Sífellt stærri hópur þurfti að sætta sig við það hlutskipti að vera hjú til æviloka.²

Mjög oft dvöldu utanaðkomandi börn á heimilum. Þeim má skipta í tvo hópa: Annars vegar raunveruleg fósturbörn og hins vegar ómaga (stundum nefndir niðursetningar). Fyrri hópurinn var oftast tengdur öðrum fjölskyldumeðlimum skyldleikaböndum. Börnin voru þá tekin inn á heimilið ýmist vegna tímabundinna erfiðleika hjá skyldmönnum eða þá til frambúðar vegna dauðsfalla fedra eða mæðra barnanna. Fósturbörn tóku oftast þátt í lífi fjölskyldunnar en ómagar voru á hinn bóginn í allt annarri stöðu. Þeir voru alltaf vandalausir og þeim var skipað niður á heimili í fæðingarhreppnum þegar ekki var hægt að finna skyldmenni sem gætu alið önn fyrir þeim. Oftast var greitt gjald með þessum börnum og fylgdi hreppsskuldin þeim inn í fullorðinsárin og hafði mjög heftandi áhrif á allt frelsi þeirra til athafna.³ Til þess að ná meðlaginu sem hreppurinn greiddi með ómögum nið-ur voru þessir ólánessömu einstaklingar boðnir lægstbjóðanda af hreppsnefndinni.⁴ Ekki fer á milli mála að þessi hópur barna var afar hart leikinn og tilfinningalegan stuðning vantaði oft algjörlega.

Hlutfall ómaga og fósturbarna gat orðið nokkuð hátt í hverri sókn, þótt erfitt sé að tilgreina nákvæmlega hvert það hlutfall var frá einum tíma til annars. Kom það til af því að erfitt var að staðsetja mörg börn sem tilheyrðu þessum þjóðfélagshópi og einnig vegna óljósrar réttarstöðu þeirra. Ættingjar og vinir hlupu oft undir bagga með fólki og tóku börnin í vist án þess að

1 „Anordning om Hustugt paa Island.“ 3. júní 1746, *Lovsamling for Island 2* (Kaupmannahöfn, 1853). Sjá einnig Sigurður Gylfi Magnússon „From Children’s Point of View: Childhood in Nineteenth-Century Iceland.“ *Journal of Social History* 29 (Winter 1995), bls. 295-323. – Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 10 (Reykjavík, 1983), bls. 57-67.

2 Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 9-14.

3 Sjá grein Moniku Magnúsdóttur, „Það var fæddur krakki í koti. Um fósturbörn og ómaga á síðari hluta níjtjándu aldar.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta rúgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórn Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 113-144. – Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „„Everyone’s Been Good To Me, Especially the Dogs“: Foster-Children and Young Paupers in Nineteenth-Century Southern Iceland.“ *Journal of Social History* 27 (Winter 1993), bls. 341-358.

4 Um þetta má lesa í sjálfsævisögum eins og: Sæmundur Stefánsson, *Æfisaga og draumar* (Reykjavík, 1929), bls. 15-16. – Gísli Sigurðsson, *Út úr myrkrinu. Ævisaga Helgu á Engi* (Reykjavík, 1963), bls. 19.

sú greiðasemi sé greinanleg í heimildum. Þó má geta þess að Gísli Ágúst Gunnlaugsson komst að þeirri niðurstöðu í rannsókn sinni á samsetningu fólksfjöldans í Árnessýslu árið 1870 að um 16,7% barna í sýslunni tilheyrðu hópunum fósturbörn og ómagar.¹ Þetta háa hlutfall ómaga og fósturbarna stafaði bæði af skilgreindri stöðu alþýðunnar í landinu og af þeim ytri aðstæðum sem nefndar hafa verið hér að framan.

Síðasti hópurinn sem taldist til fjölskyldunnar voru önnur skyldmenni, en þau gátu orðið allt að þriðjungur heimilismanna. Nokkuð fór þetta eftir staðsetningu heimilanna, þannig voru fjölskyldur við sjávarsíðuna síður líklegar til að hafa skyldmenni inni á heimilunum en fjölskyldur í sveitum.² Afar og ömmur gegndu til dæmis mikilvægu hlutverki við uppeldi barna þegar foreldrarnir voru bundnir við erilsöm heimilis- og bústörf. Þau héldu því oft saman heimilunum þó svo að annað vinnuframlag þeirra væri takmarkað.³

Þannig var þetta nítjándu aldar samfélag í grófum dráttum. Það byggðist fyrst og fremst á landbúnaði en fiskveiðar sóttu stöðugt í sig veðrið og varð atvinnuvegur æ fleiri eftir því sem á leið öldina. Straumur fólks lá þess vegna til sjávarsíðunnar og margir freistuðu þar gæfunnar af þeirri einföldu ástæðu að útilokað var fyrir þá að fá jarðnæði í sveitum. Tilvera þurrabúðarmanna og tómthúsfólks var hins vegar afar fallvölt og lítið mátti út af bera. Þetta samfélagsskipulag var sniðið fyrir ráðandi stéttir en það lagði þungar tilfinningalegar byrðar á herðar fólks sem ekki var í þeirri stöðu að ráða ráðum sínum sjálf.⁴ Sá hópur þurfti að glíma við margs konar harðræði sem bugaði jafnvel þá sem höfðu sterka félagslega bakhjarla. Ein af mögulegum undankomuleiðum út úr öngþveiti nítjándu aldarinnar var búferlaflutningur til Vesturheims. Þann kost virðast margir hafa tekið án þess að hika og kemur það ef til vill lítið á óvart þegar þjóðfélagsþróunin er greind. En það er margt sem vekur athygli þegar þessi saga er rakin frá öðru sjónarhorni, meðal annars sú staðreynd að jafnvel vel stætt fólk tók þann kostinn að flytja sig vestur um haf og sú ákvörðun virðist oft hafa verið tekin með mjög litlum fyrirvara, eins og nánar verður vikið að síðar í þessari bók. Jafnvel þótt menn hafi oft farið með skömmum fyrirvara er ekki ósennilegt að margir hafi velt fyrir sér þessum möguleika sem Vesturheimsferðirnar voru árum saman, og ómeðvitað.

1 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „„Everyone’s Been Good To Me, Especially the Dogs“,“ bls. 346.

2 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household*, bls. 127.

3 Sigurður Gylfi Magnússon, „From Children’s Point of View“, bls. 295-323.

4 Sigurður Gylfi Magnússon, „The Continuity of Everyday Life: Popular Culture in Iceland 1850-1940.“ Doktorsritgerð frá Carnegie Mellon University í Bandaríkjunum, 1993.

Hér á eftir verða ræddar ástæður þess að fólk flutti sig yfir hafið og tók sér bólfestu í ókunnugu landi þar sem talað var tungumál sem það þekkti ekki. Sú ákvörðun hefur verið stór og ætla má að mikið hafi þurft að ganga á til þess að heilu fjölskyldurnar gætu orðið sammála um jafnafdrifaríka ákvörðun. En fyrst verða Vesturheimsferðirnar settar í stærra evrópskt samhengi og kannað hvernig það fellur að hugmyndaheimi íslenskra Vesturheimsfara.

3. Þjóðflutningar og merking þeirra

Forsenda flutninga og samanburður við önnur lönd

Þjóðflutningar eins og þeir sem áttu sér stað á nítjándu öld höfðu áhrif á líf hundruða milljóna manna um alla Evrópu. Vesturheimsferðirnar komu miklu róti á hug þess fólks sem lagði upp í langferðina sem og þeirra er heima sátu. Vafasamt er þó að gera of mikið úr því atriði vegna þess að víða í Evrópu áttu sér stað umtalsverðir flutningar fólks innanlands, eins og vel þekkt var á Norðurlöndunum.¹ Ýmist flutti fólk á milli byggðarlaga í leit að framtíðarstað fyrir heimili sitt eða þá að um var að ræða árstíðabundnar hreyfingar fólks milli staða. Sveitamenn á Íslandi á síðari hluta nítjándu aldar fóru til dæmis til sjávarsíðunnar á ákveðnum árstímum til þess að fara í verið og þeir sem bjuggu í þéttbýli við ströndina héldu til sveita á sumrin til þess að taka þátt í búskapnum á mesta annatímanum. Árstíðabundinn flutningur fólks á milli landshluta hefur þekkt hér á landi um margar aldir og haft mikil áhrif á líf fólks. Bændurnir skildu þá eftir konur og börn sem sáu um búið á meðan á vertíðinni stóð en í lok hennar voru þeir vel birgir af fiskmeti sem var þýðingarmikill þáttur í fæðu fjölskyldunnar.² Vinnuhjú skiptu oft um heimili og margir nýttu sér þann rétt að skipta árlega um dval-

- 1 Hans Norman og Harald Runblom, *Transatlantic Connections. Nordic Migration to the New World after 1800* (Oslo, 1987), bls. 17-24. Hér á eftir verður langmest stuðst við rannsókn þeirra Norman og Runblom. Margir aðrir fræðimenn hafa fjallað um Vesturheimsferðir frá Norðurlöndunum. Sjá til dæmis: Robert Craig Brown og Ramsay Cook, *Canada, 1896-1921. A Nation Transformed*. The Canadian Centenary Series (Toronto, 1974). – *From Scandinavia to America. Proceedings from a Conference held at Gl. Holtegaard*. Odense University Studies in History and Social Sciences 103. Edited by Steffen Elmer Jørgensen, Lars Scheving, and Niels Peter Stilling (Odense, 1987). – Kristian Hvidt, *Flight to America. The Social Background of 300,000 Danish Emigrants*. Studies in Social Discontinuity (New York, 1975).
- 2 Sjá eftirfarandi sjálfsvísögur sem segja frá þessum þætti lífsins: Ásmundur Eiríksson, *Skyggnzt um af skapabré. Æviþættir I* (Reykjavík, 1974). – Torfi Þorsteinsson, *Lífsmörk í sandi: minningar og fróðleiksþættir* (Akureyri, 1982).

arastað eins og kunnugt er. Meira að segja þurftu unglingar oft að yfirgefa æskuheimili sín og gerast vinnuhjú. Flutningur frá einu heimili til annars var hluti af íslenskri menningu á nítjándu öld.¹

Fólksflutningar, þar sem fjölskyldur voru að leita að nýjum dvalarstað, voru takmarkaðir við lítið svæði (hreppinn eða nálæggar sveitir) hér á landi á nítjándu öld, eins og fram kemur í rannsóknum Gísla Ágústs Gunnlaugssonar.² Þó var alltaf nokkur hluti fjölskyldna í hverjum hreppi sem kom úr fjarlægum byggðum. Á þennan hátt má sjá að Íslendingar, eins og margir aðrir Evrópubúar, þekktu vel til búferlaflutninga milli staða innanlands, flutninga sem voru hluti af þeirra lífsmunstri. Ekki er hægt að bera slík vistaskipti saman við flutninga milli heimsálfa (og málsvæða). Þó má segja að fólksflutningar innanlands, og það rötleysi sem þeir sköpuðu, hafi á vissan hátt verið ágætur undirbúningur undir Vesturheimsferðirnar. Þær hafa því ekki verið það stökk sem virðist við fyrstu sýn.

Vesturheimsferðir hófust á nokkuð mismunandi tíma frá Norðurlöndunum. Á fjórða áratug nítjándu aldar og á hinum fimmta fóru flestir frá Norgegi til Vesturheims, Svíar voru mest á ferð vestur um haf á fimmta og sjötta áratugnum, Danir á sjötta og sjöunda og Finnar á sjöunda og áttunda áratugnum. Íslendingar fóru síðastir Norðurlandþjóða að hugsa sér til hreyfings og hófust Vesturheimsferðir þeirra fyrst að marki á áttunda áratugnum, þó svo nokkrir hefðu farið hérðan áratuginn á undan.³ Íslendingar fóru hvergi á fyrri hluta aldarhelmingins síðari, þrátt fyrir erfið ytri skilyrði eins og fjárkláða, versnandi veðurfar og lélega fiskveiði um miðbik aldarinnar. Það sem kom einna helst í veg fyrir að Íslendingar tækju sig upp og fylgdu í fótspor frænda sinna á Norðurlöndum var að skipaferðir voru mjög stopular fram til ársins 1870.⁴ En þá biðu menn heldur ekki boðanna og straumur fólks til Vesturheims frá Íslandi var gríðarlega mikill og fór hlutfallslega

1 Sigurður Gylfi Magnússon, „The Continuity of Everyday Life“, bls. 269-271. – Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household*, bls. 136.

2 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household*, bls. 61, 74-80.

3 Hans Norman og Harald Runblom, *Transatlantic Connections*, bls. 52.

4 Sjá umfjöllun þeirra Bergsteins Jónssonar og Þorkels Jóhannssonar í bókinni, *Tryggvi Gunnarsson II*. bindi. *Kaupstjóri*, bls. 181-241, og Þorsteins P. Þorsteinssonar í *Saga Íslendinga í Vesturheimi II*, bls. 134-192. Þar er rakið mjög nákvæmlega hvernig skipaferðum var háttað milli landa. Í upphafi voru gripaflutningaskip aðalfarkosturinn til Skotlands í sambandi við sauðasöluna og síðar (eftir 1874) var farið að senda eftir farþegum frá skipafélögunum sem sáu um flutningana frá Skotlandi til Vesturheims. Þess má einnig geta að eftir því sem nær dró aldamótum þá lækkaði fargjaldið mikið, eða úr um það bil 200 kr. í rúmlega 100 kr. Kornabörn fengu ókeypis far, en börn á aldrinum frá eins árs og til ellefu ára greiddu hálf gjald. Undir lok aldarinnar var keppst um Vesturheimsfarana og lagði Kanadastjórn út í töluverðan kostnað þeirra vegna.

fram úr því sem þekkt hafði á Norðurlöndum.¹ Þannig fóru á ári 27 einstaklingar af hverjum þúsund íbúum í landinu til Vesturheims þegar síðasti áratugur aldarinnar nálgæðist. Slíkar tölur höfðu ekki sést frá hinum Norðurlöndunum.

Hvati Vesturheimsferða

Fræðimenn í Evrópu og Bandaríkjunum hafa mikið velt því fyrir sér hvað hafi helst vakað fyrir því fólki sem tók sig upp og flutti til ókunnugrar heimsálfu. Óhætt er að fullyrða að ástæður fyrir Vesturheimsferðunum hafi verið margvíslegar, eins og sjá má þegar rýnt er í þær heimildir sem hér eru birtar og aðrar af líkum toga. Fræðimenn hafa reynt að greina hvatann sem að baki ákvörðunar fólks sem fór vestur um haf lá með því að velta fyrir sér stéttarstöðu þess, stöðu kynjanna og öðrum andlegum og veraldlegum ástæðum sem hægt er að ímynda sér að gætu haft áhrif. Hér á eftir verða þessar ástæður gerðar að umtalsefni og bent á þær helstu.

Í fyrsta lagi verður að geta þess að Íslendingar voru ekki eins einangraðir og oft hefur verið talið. Alla nýöldina hafði almenningur nokkurn aðgang að heimsmálunum þrátt fyrir að sveitir og héröð væru fjarri hringiðu vestrænnar menningar. Víða má sjá í heimildum sem varðveist hafa frá bændum og búaliði á níttjándu öld að almenningur var glettilega vel að sér um ýmsa atburði í Evrópu og hugmyndastrauma sem þar voru á sveimi. Lausamaðurinn, barnakennarinn og tómthúsmaðurinn frá Vestfjörðum, Magnús Hj. Magnússon, segir til dæmis frá atburði sem átti sér stað í fjarlægum löndum í dagbók sinni, en í henni tekur hann oft skýra afstöðu til málefna og atburða. Árið 1904 segir hann frá styrjöld Japana og Rússa á eftirfarandi hátt:

Í þ.m. var geysileg blóðsúthelling utanlands milli japana og Rússa og skal lítið vikið á það: Vóru sífelldar orrustur og stundum barist hvíldarlaust marga daga í einu. Valurinn var ægilegur: allar dældir fullar af blóði og mannabúkum og fjöldi dauðra manna hlóðst ofan á hina standandi er vóru að berjast. Mátti Jöpunum betur. – Hefðu fornsögur vorar lýst slíkum bardaga mundu allir ekki hafa trúað því, þar sem mest af þeim eiga að vera „ýkjur“ og „lygi“. En ég hygg að orrustu sé varla svo berlega lýst að hún sé þó ekki í raun og veru enn ægilegri, því fáir lýsa sálarstríði manna þeirra sem í orrustunum eru.²

1 Hans Norman og Harald Runblom, *Transatlantic Connections*, bls. 59.

2 *Lbs 2222 4to* – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar: september 1904. Þess má geta að tilvitnunin var birt í annarri *Sýnisbók íslenskrar alþýðumemningar* sem Sigurður Gylfi Magnússon tók

Þennan hildarleik setur Magnús að sjálfsögðu í það samhengi sem hann þekkti best og ræðst um leið á þá sem vildu draga í efa sannleiksgildi Íslendinga-, riddara- og fornaldarsagna. Hér hafði hann fengið sönnun fyrir því að þær gætu staðist.¹ Innsæi Magnúsar og ímyndunarafl er mikið, eins og síðasta athugasemdin gefur til kynna, en hann getur þess ekki hvaðan hann hefur þessar upplýsingar, en ekki er ósennilegt að hann hafi lesið fréttina í dagblaði.

Þetta dæmi sýnir svo ekki verður um villst hvernig heimspólitískir atburðir urðu hluti af lífi alþýðunnar á Íslandi. Annað frábært dæmi sem er frá öðrum áratug tuttugustu aldar, sýnir ágætlega hvernig atburðir komust inn á sveitaheimili hér á landi og hvaða áhrif erlendar stórfréttir gátu haft á heimilislífið. Tryggvi Emilsson segir svo frá í sjálfsævisögu sinni sem nefnist *Fátækt fólk*:

Einu sinni fór ég út að Gloppu um kvöld og þá lánaði Steingrímur mér sunnanblað, ég lét blaðið inn á mig svo það blotnaði ekki og bar það heim að Gili. Settist nú faðir minn að blaðinu og las upphátt og var allt lesefnið tekið til umræðu, ekki síður auglýsingar en annað efni, en mesta athygli vakti frásögn af byltingunni í Rússlandi sem hafði þær afleiðingar að keisaranum var steyppt af stóli á þann hátt að öll ættin hlaut dauðadóm sem framfylgt var með það sama. Allt voru þetta verk bolsjevika (hákröfumanna) og gekk alveg fram af Gilsfólki að heyra þetta og voru þau ekki mönnum sinnandi lengi vel. Faðir minn taldi þetta mesta glæp veraldarsögunnar og var þess fullviss að bolsjevikar fengju makleg málagjöld, keisarinn hefði verið af guðlegum uppruna og staðið næst þeim herra sem aldrei yrði steyppt af stóli og var það sjálfur sjóli himnanna og ætti hann í alveldi sínu ráð í hendi að hefna grimmilega á þeim rauðu, auk þess gætu þeir aldrei stjórnað til lengdar, þetta væri sauðsvartur almúginn. Guðný gekk enn lengra og skoraði opinbert á þann í neðra að sýna nú hvað hann gæti og blátt áfram þurka út alla þá sem við væru riðnir.²

Þessi dæmi sem hér hafa verið nefnd koma frá fyrstu árum tuttugustu aldar en á öldunum á undan var hugmyndum manna um útlönd svipað farið. Það kom til af því að fólk hafði glettilega góðan aðgang að fréttum utan úr heimi. Anna Agnarsdóttir sagnfræðingur og dósent við Háskóla Íslands rit-

saman en hún nefnist: *Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Þröm* (Reykjavík, 1998), bls. 72.

1 Um þennan þátt í íslenskri menningu hefur Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur fjallað í afar athyglisverðri bók sem hann nefnir *Hetjan og höfundurinn. Brot úr íslenskri menningarsögu* (Reykjavík, 1998).

2 Tryggvi Emilsson, *Fátækt fólk. Æviminningar* I (Reykjavík, 1976), bls. 201-202.

aði áhugaverða grein í tímaritið *Sögu* árið 1995 um samskipti Íslendinga við Evrópuþjóðir og bendir þar á að margt hafi orðið til þess að Íslendingar fengu greiðlega fréttir frá útlöndum á síðari hluta átjándu aldar og á fyrri hluta þeirrar nítjándu.¹ Þar nefnir hún meðal annars langdvalir námsmanna í mörgum Evrópulöndum sem skrifuðu heim til sín eða báru nýja strauma með sér við heimkomuna, ævintýramenn lögðust í ferðalög og sögðu frá reynslu sinni í Kína, Pétursborg, Frakklandi og Grænlandi, svo ekki sé minnst á Tyrkland. „Íslendingar fyrr á öldum voru fréttabyrstir“, segir Anna og bendir þar á frásagnir margra annála af erlendum atburðum.² Anna gerir einnig að umtalsefni þá sérkennilegu afstöðu sem tekin var fyrr á tuttugustu öldinni af fræðimönnum sem gáfu út annálana 1400-1800 og slepptu öllu efni sem tengdist útlöndum, eða eins og Hannes Þorsteinsson þjóðskjalavörður orðaði það í inngangi að einum slíkum, þá var „öllu þessu erlenda rusli algerlega sleppt í útgáfunni, enda gersamlega þýðingarlaust fyrir Ísland“.³ Það verður að teljast í meira lagi hæpið að grípa til aðgerða af þessu tagi og öruggt má telja að útilokun þessa efnis hafi ýtt undir þær hugmyndir manna að Ísland hafi verið einangrað land. Anna Agnarsdóttir bendir síðan á að margir annálhöfundar hafi fylgst mjög grannt með heimsmálunum og skráð það helsta sem átti sér stað úti í heimi. Anna lætur þess að auki getið að erlendir ferðamenn, sem tóku að streyma hingað á síðari hluta nýaldar, hafi margir haft góð kynni af landsmönnum og gefið þeim sem fengu tækifæri til að umgangast þá nýja sýn á heiminn.⁴ Anna tekur eitt frábært dæmi um áhuga Íslendinga á erlendum fréttum úr sendibréfi frá árinu 1814, bréfi sem nær hálfáttræð kona, Guðrún Skúladóttir (Skúla fógeta) ritaði Grími Jónssyni: „Mikil svívirða er það, ef lífið hefur verið svikið af Napoleon. Það var hugprýði hans að halda vitinu í soddan hraparlegri umbreyting. Ef þú skrifar mér til hér eftir, þá segðu frá hvort hann lifir og hvað um hann líður, og hvernig Lúðvík 18. er þokkaður í Frakklandi ...“⁵ Hvort Guðrún hafi fengið frekari fréttir af Frakklandi fylgir ekki sögunni en ljóst er að almenningur á Íslandi bar skynbragð á útlönd og ólíkar aðstæður fólks þar.

1 Anna Agnarsdóttir, „Er Íslandssagan einangruð?“ *Saga* 33 (1995), bls. 68-76.

2 Anna Agnarsdóttir, „Er Íslandssagan einangruð?“, bls. 71.

3 Anna Agnarsdóttir, „Er Íslandssagan einangruð?“, bls. 71. Tilvitnunin er í: *Annálar 1400-1800*, III, bls. 13-14.

4 Sumarliði Ísleifsson, *Ísland framandi land* (Reykjavík, 1996).

5 Anna Agnarsdóttir, „Er Íslandssagan einangruð?“, bls. 73. Tilvitnunin er fengin úr bókinni: *Sendibréf frá íslenskum konum 1784-1900*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar (Reykjavík, 1952), bl. 55.

Í öðru lagi verður að hafa í huga að Evrópa gekk í gegnum miklar pólitískar breytingar á síðari hluta átjándu aldar og alla níttjándu öldina sem höfðu áhrif á hverju byggðu bóli í álfunni og þótt víðar væri leitað. Hinir miklu fólksflutningar frá Evrópu til Ameríku voru að nokkru leyti niðurstöður af pólitískri framvindu bæði í Evrópu og Bandaríkjunum sem kenna má við aukið frelsi til handa almenningi. Þessi frelsisalda hafði áhrif á fólk um alla Evrópu þar með talið á Íslandi. Af þessum ástæðum má gera því skóna að þegar tækifæri bauðst til Vesturheimsferða upp úr 1870 hafi Íslendingar gripið kostinn feginn hendi. Fram að þeim tíma höfðu siglingar verið stopular til landsins, eins og áður hefur verið nefnt, þannig að fólk varð aðeins að láta sér lynda að dreyma dagdraumanna. Í þriðja lagi er ljóst að kjör almennings á Íslandi höfðu mikil áhrif á þann áhuga sem var á búferlaflutningunum til Ameríku. Ástand mála á Íslandi var ekki sérlega vænlegt fyrir ungt og efnalítið fólk á síðari hluta níttjándu aldar. Langflestir fræðimenn í Evrópu og Bandaríkjunum eru þeirrar skoðunar að lélegur efnahagur fólks hafi skapað kjöraðstæður fyrir Vesturheimsferðir.¹ Í ævisögu Einars Ásmundssonar í Nesi í Þingeyjarsýslu er fjallað ítarlega um aðdraganda flutninga fólks til Brasilíu en Einar var fyrstur í forsvari fyrir útflutningsfélagið. Þar kemur mjög skýrt fram, bæði í máli Einars og annarra, að aðstæður voru beinlínis að sliga fólk; örbirgð og ill lífsskilyrði voru að ganga af samfélaginu dauðu. Árið 1863 voru sendir fulltrúar áhugahópsins til Brasilíu til að kanna aðstæður og ári síðar barst greinargerð um alla kosti þar í landi frá sömu aðilum. Um þær fréttir sem frá Brasilíu bárust segir Jakob Hálfdanarson á Grímsstöðum í dagbók sinni er hann gerir upp árið 1864:

Það má teljast með því markverðasta og gleðilegasta, sem umliðið ár hefur fært oss, að 2. maí komu hingað bréf frá Brasilíu frá löndum vorum, er þangað byrjuðu ferð í fyrra, og fluttu oss, er setið höfum nú þögulir milli vonar og ótta, þann fögnuð, að allt hefði þeim gengið svo bærilega sem vér höfum bezt vonað. Þess vegna er nú ráðgert að flytja burtu af landi í sumar til Brasilíu, og að margir nýir hafa í félagið gengið, en þeir, sem með verstu hrakspám, brígzlum og vitlausum heypidómum hafa viljað ónýta fyrirtæki þetta, láta nú sem stendur lítið þess háttar á sér heyra og eru sumir orðnir umbreyttir í skoðun sinni.²

Greinilegt er að efnahagslegar aðstæður settu kosti þessara ferða í alveg nýtt samhengi fyrir aðþrengda íslenska bændur og búalið. Eins og áður var

1 Hans Norman og Harald Runblom, *Transatlantic Connections*, bls. 61.

2 Þessi tilvitnun er tekin upp úr bók Arnórs Sigurjónssonar, *Einars saga Ásmundssonar*, bls. 333.

drepíð á var ein helsta fyrirstaða þessara fyrirætlana ónógur skipakostur. Einari Ásmundssyni mistókst að fá skip fyrir þennan 150 manna hóp sem beið eftir fari til Brasilíu árið 1865 og hafði upp úr krafsinu óvild margra landa sinna sem voru mótfallnir utanlandsflutningum og brigsluðu honum um landráð eða skort á ættjarðarást, svo og hinna sem tilheyrðu þessum 150 manna hópi og töldu að hann hefði svikið sig. Um ættjarðarástina segir höfundur bókarinnar, Arnór Sigurjónsson: „Því verður heldur ekki neitað, að tilfinningar hans eru óljósar í því efni framan af árunum, og að skoðunarhætti er hann heimsborgari.“¹

Það átti ef til vill við um fleiri, þeir voru heimsborgarar á sína séríslensku vísu. Þó að efnahagurinn hafi skipt almenning miklu máli í sambandi við búferlaflutningana má segja að fjórði þátturinn sem hafði áhrif á útflutningslöngunina var hugarástand fólks; að kynnast heiminum. Vegna sambands landsins við umheiminn er ljóst að margir höfðu einfaldlega löngun til að sjá heiminn, að reyna eitthvað nýtt og fá tækifæri til að takast á við nýjar aðstæður og njóta frelsisins sem Ameríka virtist bjóða upp á. Frelsisþráin var ekki úr lausu lofti gripin. Fólki var bent á að í Ameríku fengist land ókeypis eða fyrir lítið, vinnumarkaðurinn væri stór og mikil þörf á fólki sem teldi sig eitthvað geta, viðskiptum væru engar hömlur settar, fjölskyldumyndun væri einkaákvörðun fólks, möguleikar til menntunar margfaldir á við það sem heima þekktist og jafnvel pólitísk réttindi fyrir alla karla. Þeir sem meðtóku þessa frelsisvon hafa af augljósum ástæðum verið friðlausir að mega bergja á þessum gnægtarbrunni alheimsins. Fyrir marga urðu Vesturheimsferðir hrein nauðsyn. Þetta má til dæmis greina í bréfum Einars Ásmundssonar í Nesi til fjölmargra vina sinna.² Og hann átti ekki í neinum vandræðum með að réttlæta vistaskiptin fyrir „föðurlands vinunum“:

Við erum að dispútera um það, hvað föðurland sé, og kemur okkur saman um, að í rýmasta skilningi sé það öll jörðin. En hvað eru takmörk föðurlands okkar í þrengri þýðingu? Fer eg út úr því, ef eg flyt mig búferlum til Grænlands eða St. Croix í Vestur-Indíum eða Nicobareyjanna í Bengalsflóa? Ekki fer eg út úr ríkinu, þó að eg fari til þessara staða, eins og ef eg færi til Norðs eða Hjaltlands o.s.frv. En sé nú Ísland *eitt* föðurland okkar í þrengri þýðingu, getur þá ekki líka Grímsey heitið föðurland Grímseyinga? ... Eg veit, að Rómverjar sögðu, að þar væri föðurland sitt, sem þeim liði vel, og eg veit, að það er algengt nú á tímum að kalla landið, sem maður flytur sig al-

1 Arnór Sigurjónsson, *Einars saga Ásmundssonar*, bls. 348.

2 Arnór Sigurjónsson, *Einars saga Ásmundssonar*, bls. 348-349.

farinn í, „hið nýja föðurland“ manns, og eftir þessu ætti föðurland að þýða landið, sem maður býr í, því að enginn getur endurfæðst í þeim skilningi, sem meistari Nikodemus lagði í það orð um árið. – Þetta kemur nú líka betur heim við mína skoðun, þar sem eg álít alla jörðina föðurland, sem réttast sé, að maður flakki um eftir frjálsum vilja sínum og vilji henni allri vel ...¹

Þessi frábæri rökstuðningur Einars fyrir frelsishugmyndum sínum hefur ugglaut haft áhrif og ekki er ólíklegt að svipuð hugsun hafi bærst í brjóstum margra landa hans sem áhuga höfðu á að leita eftir samastað á öðrum stað jarðarkringlunnar. Þó er ólíklegt að almennt hafi menn náð að móta hugsun sína eins vel og Einar gerði í þessu bréfi til séra Sigurðar Guðmundssonar 18. apríl 1861. Einar lauk röksemd sinni á eftirfarandi hátt: „Eftir þessu var það skylda mín að vera sem beztur Austfirðingur hér á árunum, en Norðlendingur núna, og bráðum máske Brasilúmaður, en alltaf verð eg samt að vera *Kosmopolit*.“²

Fimmta atriðið sem hafði áhrif á ákvörðun fólks um að flytja til Vesturálfunnar tengdist fjölskylduböndum og sambandi við ættingja sem áður höfðu flust þangað. Miklu máli skiptir sendibréf frá Ameríkuförunum til þeirra sem heima sátu.³ Í þeim fengust öruggar fréttir um hvers konar þjóðfélag biði þeirra. Ekki má gleyma því að bréf frá Vesturheimsförum voru oft birt í blaðinu *Norðanfara* sem var gefið út á Akureyri og var frekar hliðhollt vesturferðunum. Þá var ekki óalgengt að fólk ferðaðist á milli landanna, að Vesturheimsfarar snéru heim og lýstu sjálfir aðstæðum sínum í nýju álfunni. Ekki þarf að orðlengja hvaða þýðingu slíkar heimsóknir höfðu fyrir áhuga þeirra sem heima sátu.

Ýmsar sögur hafa verið sagðar af því hvernig Íslendingar fjölluðu um Vesturheim og hvaða áhrif bréf höfðu á ímyndunarafli þeirra. Erlendur Guðmundsson frá Mörk í Laxárdal segir frá einni slíkri sögu í sjálfsævisögu sinni sem mun koma út á næstunni hjá Forlaginu:

Svo hófust þá útflutningur þangað. Þegar fyrstu bréfin komu voru þau prentuð í *Norðurfara*, sem þá var eina blaðið á Norðurlandi, og flestir vesturfararnir úr Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslum. Þá gekk mikið á þegar *Norðanfari* var kominn og ekkert þótti jafn mikið sælgæti í blaðinu sem bréfin. Þau sögðu frá undralöndum, takmarkalausum að stærð, sem að mestu væru óbyggð en biðu aðeins eftir að einhverjir kæmu og vildu gjöra svo vel og verða óðalsbændur upp úr þurru, en slíku voru menn óvanir á Íslandi, og ekkert undarlegt þó það glæddi útþrána drjúgum. Það er ekkert ólíkt þó þess

1 Arnór Sigurjónsson, *Einars saga Ásmundssonar*, bls. 348-349.

2 Arnór Sigurjónsson, *Einars saga Ásmundssonar*, bls. 349.

3 Nokkur bréfasöfn hafa verið gefin út hér á landi. Sjá til dæmis bók Bergsveins Skúlasonar, *Bréf og böggjar* sem áður var vitnað til.

væri getið til að ekkert prentað mál þeirra tíðar næst húslestrarbókunum hefði verið jafn tíðlesið af fjöldanum sem þessi fyrstu bréf vesturfaranna. Mennt stóðu með öndina í hálsinum af að hlusta á þessi dæmalausu ævintýri. Svo spunnust út úr þessum ævintýrum aðrar frásögur, og hversu sem þær voru ósennilegar var þeim trúað líka, og notuðu gárungar það óspart þegar þeir komust í færi við einfeldninga, og þeir voru ekki svo fáir. Set ég hér nokkur dæmi.

Hallgrímur hét maður Erlendsson og bjó í Meðalheimi á Ásum í Húnavatnssýslu, og er hans áður getið. Næsti bær hét Hurðarbak. Þar var giftur maður sem Guðmundur hét Jónssonar sama staðar. Þetta var um 1875 eða 1876. Eitthvert sinn er fundum þeirra Hallgríms og Guðmundar bar saman, snerist talið að Vesturheimsferðum, og þá komið í hug Guðmundar að flytja vestur. Fer þá Hallgrímur að segja honum frá ýmsu því er Guðmund varðaði, og hann ekki vissi áður og laut að framleiðslu í þessu fyrirheitna landi, svo sem til dæmis að þar yxu rúsínur á jörðinni eins og gras á Íslandi, og þar færi fram rúsínusláttur með líkum hætti og heysláttur heima. Guðmundur varð léttbrýnn við og að líkum gert í huganum ráð fyrir að þar yrði hann þó ekki öllum lélegri við sláttinn, og mun hafa þóst eiga þar nokkuð undir sér með því hann var gríðarmikill að vexti og hraustur. Þá gat Hallgrímur þess að komið gætu hríðar að vísu í Vesturheimi svo að skæfi í smáskafli, en það var ekki snjór heldur púðursykur, og var engin hætta á að húsmóðirin yrði ekki fús á að moka frá bæjardyrnum, og bjarga um leið einhverju inn í bæinn til heimilisþarfa, því púðursykur er til margra hluta nytsamur.

Enn sagði Hallgrímur Guðmundi ýmislegt er kom sér vel að vera fróður um og laut að ferðalaginu á hafinu og þar á meðal þetta: Til ferðarinnar átti hver maður að hafa með sér vænan belg, og þar í skyldu svo menn koma sínum „exkrementum“ og er belgur sá áleist hæfilega fullur átti að losa hann í stamp sem hverjum heimilisföður var tileinkaður og hékk á krók utan í skipshliðinni, en ótalin eign var það sem á þennan hátt hafði safnast á ferðinni. Þegar svo kæmi vestur seldist þessi varningur dýrum dómum til að bera á akrana, og allir kepptust við að borða sem mest á leiðinni, eftir því var innleggið mikið eða lítið. Þegar þar var komið sögu Hallgríms að hann minntist á stampana á króknum sagði móðir Guðmundar sem til þessa hafði eingöngu hlustað til: „Og flest er nú vel útbúið“.

Guðmundur þessi komst ásamt öðrum vesturförum til Sauðárkróks. Þar urðu þeir að bíða lengi eftir skipinu, og neyddust til að dreifa sér um nálæggar sveitir til að halda sér uppi. Var svo einnig um Guðmund, en er skipið kom um síðir voru sumir gengnir svo á efni sín, að þeir komust hvergi. Einn af þeim var Guðmundur og gerði hann ekki frekari tilraunir að komast vestur, en upp frá var hann auknefndur Rúsínu-Gvendum.¹

1 Erlendur Guðmundsson, *Heima og heiman. Ævisaga Erlends Guðmundssonar frá Mörk í Laxárdal*. Davíð Ólafsson bjó til prentunar. Er væntanleg til útgáfu á næstu misserum.

Áður var því haldið fram að Íslendingar hafi verið vel að sér í heimsmálum á níttjándu öld en eins er víst að auðvelt var að spinna ýkjusögur um framandi heima sem auðtrúa sálir gleypu við, eins og dæmið hér að framman sýnir. Langflestir þekktu þó það vel til í útlöndum að ætla má að spuni eins og sá sem Erlendur getur um í bók sinni hafi haft sáralítill áhrif. Þó verður að hafa í huga að jarðvegurinn fyrir söguburð af þessu tagi var sannarlega fyrir hendi þar sem fólk lifði við umtalsverða frelsisskerðingu og var vant að láta sig dreyma um betri tíð.¹ Margt ungt fólk lét freistast og gleypu við hugmyndinni um vesturferðirnar, meðal annars vegna þess að hjúskapur í íslensku samfélagi var nær óhugsandi nema menn byggju við nokkur efni.

Í sjötta lagi má ætla að einhverjir hafi hrakist frá landinu vegna þess að þeim var gert ókleift að mynda sér skoðanir um stjórn- og trúmál. Í Evrópu höfðu stjórnmalaskoðanir og trúmál áhrif á að fólk tók sig upp og fluttist til fjarlægrrar heimsálfu. Þær ástæður voru ef til vill ekki ofarlega á listanum hjá Íslendingum, þó svo að stjórn- og trúmál hafi mjög mótað líf innflytjenda þegar til Kanada og Bandaríkjanna var komið. Þó má ef til vill segja að stjórnmalaskoðanir, sérstaklega þær sem tengdust félagsmálum og málefnum öreiga, hafi ráðið miklu um hvers vegna fólk tók sig upp og flutti til Ameríku.

Erfitt er að gera upp á milli þessara sex áhrifaþátta þegar metnar eru ástæður Vesturheimsferðanna; allir skiptu þeir máli hver á sinn hátt, en hugarástand fólks var eins misjafnt og ferðalangarnir voru margir. Það sem mestu máli skiptir er að þeir sem fóru voru hvorki hraktir af landinu vegna stöðu sinnar og efnahags, né gáfust upp vegna innrætis og lélegs upplags. Þeir voru heldur ekki dæmi um kraftmikið fólk sem treysti sér ekki til að horfa upp á eyndina í landinu og sitja undir kúgun Dana, eða letingjar og ómenni sem ekki höfðu dug í sér að takast á við þá erfiðleika sem fylgdu því að búa í harðbýlu landi. Þessi rök, sem notuð hafa verið með eða á móti vesturferðunum, mótuðust fyrst og fremst af tengslum einstaklinganna sem afstöðu tóku til hinnar nýju heimsálfu. Eftir stendur sú staðreynd að ástæðurnar voru margþættar og mjög ólíkar og persónubundnar. Áhrif þessara flutninga voru þó óumdeild, bæði á þjóðfélagið sem var yfirgefið, á nýja landið og loks á einstaklingana, bæði þá sem fluttu burt og hina sem eftir sátu. Sú saga er afar forvitnileg, nefnilega saga Vesturheimsferðanna.

1 Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 69-164.

Aðrir áhrifaþættir

Hverjar svo sem ástæður einstaklinganna hafa verið er ljóst að á tímabili litu yfirvöld víða í Evrópu á það með jákvæðum augum að fátækasti hluti íbúanna flytti til Vesturheims. Þetta kemur meðal annars fram í bók sagnfræðinganna Hans Norman og Harald Runblom sem ber nafnið *Transatlantic Connections* en þeir benda á að stjórnvöld hafi í raun hvatt til þess að fátækt fólk, sérstaklega það sem var baggi á þjóðfélaginu, tæki sig upp og hyrfi af landi brott. Þeir telja að þetta hafi átt við um öll Norðurlöndin, þar með talið Ísland.¹ Draga verður í efa að þetta sé allskostar rétt að því er Ísland varðar, í það minnsta virðist vera hæpið að taka svo djúpt í árinna eins og þeir félagar gera. Eins og fram kom fyrr í þessum kafla var drjúg umræða í blöðum og tímaritum um þá æðstu skyldu hvers einstaklings að standa sína plikt og axla þá ábyrgð sem lögð var á hvern mann sem byggði land eins og Ísland sem sóttist eftir sjálfstæði. Á þessu var hamrað í sífellu á síðari hluta nítjándu aldar og eitt er víst að ráðamenn, og aðrir sem höfðu ítök í samfélaginu, trúðu þessum boðskap. Af þessum sökum einum er afar hæpið að halda því fram að stjórnvöld eða ráðamenn hafi lagt áherslu á að losna við fátækt fólk úr landinu. Ekki má gleyma því að þessir hópar, og þá sérstaklega bændur, höfðu töluverðan hag af því að þetta ódýra vinnuafli væri til staðar og gæti nýst við framleiðsluna, rétt eins og Gísli Ágúst Gunnlaugsson sagnfræðingur hefur bent á í ritum sínum.² Hér er þó ekki verið að draga fjöður yfir þá staðreynd að ákveðinn hluti þurfalunga var óvirkur með öllu og nýttist ekki á mismunandi framleiðslustigum samfélagsins. Áreiðanlega má finna dæmi þess að einstaka hreppstjórar hafi tekið því fegins hendi að losna við ómaga og niðursetninga til Vesturheims sem sýnt var að kæmu aldrei að gagni, en ekki er hægt að halda því fram að það hafi verið sá andi sem ríkti meðal ráðamanna hér á landi á seinni hluta nítjándu aldar. Fræðimenn sem hafa dregið þessa ályktun hafa einblínt um of á einstaka heimildir sem greina frá slíkri meðferð, án þess að setja þær í samhengi orðræðuhéðarinnar.³ Ef gerð verður skipuleg könnun á Vesturheimsferðum fátæks fólks er nauðsynlegt að greina fyrst þann hóp í ólíka flokka og skilgreina stöðu þeirra nákvæmlega. Á þetta hefur nokkuð skort í fræðilegri

1 Hans Norman og Harald Runblom, *Transatlantic Connections*, bls. 100 og 121-122.

2 Sjá til dæmis grein í bók Gísla Ágústs Gunnlaugssonar, „Fátækralöggjöfin og íslenska fjölskyldan á 19. öld.“ *Saga og samfélag. Þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar* (Reykjavík, 1997), bls. 91-99.

3 Hér má nefna skemmtilega grein Steinþórs Hreiðarssonar, „Íslands ástmegir og þrælur“, bls. 27.

umræðu en nauðsynlegt er að kanna til hlítar þátt hins opinbera valds í Vesturheimsferðunum hér á landi.

Þeir Hans Norman og Harald Runblom vitna í þessu sambandi í ritgerð Gísla Ágúst Gunnlaugssonar í *Sögu* 1978 sem nefnist: „Milliþinganefnd í fátækramálum“ en þar nefnir Gísli Ágúst Vesturheimsferðirnar sem eina af ástæðunum fyrir því að fjöldi þurfamanna dróst saman á tímabilinu.¹ Hann tekur jafnvel nokkur dæmi máli sínu til stuðnings þar sem sveitarstjórnarmenn höfðu hlutast til um flutning fátæks fólks til Vesturheims. Gísli Ágúst bendir þó sjálfur á líklegustu skýringuna á fækkun þurfamanna á síðari hluta níttjándu aldar: „Einnig er hugsanlegt, að hinir umfangsmiklu fólksflutningar vestur hafi losað um jarðnæði hér heima og bætt afkomuskilyrði þeirra, sem heima sátu.“² Óhætt er að taka undir þessi orð og ítreka að afar óvarlegt er að álykta að stjórnvöld hafi staðið fyrir fjöldaútflytningi fátæklinga frá landinu, enda virðast vera litlar heimildir til um slíkt.

Gísli Ágúst lætur þess getið að sögusagnir séu fyrir því að talsverður hluti Vesturheimsfara hafi verið þurfamenn en ekki er gott að átta sig á hvaðan þær upplýsingar koma, nema ef vera skyldi úr herbúðum andstæðinga ferðanna.³ Eitt er víst að ekki er hægt að nota samtímaheimildir sem fjalla um þessi mál án þess að tengja þær við orðræðuhefð þess tíma. Í almennri umræðu um Vesturheimsferðirnar kemur til dæmis fram að „verri“ hluti þjóðarinnar hafi látið freistast. Í raun var það aðeins rökrétt framhald af samtímaumræðunni, sem öll stefndi að sama marki, að sýna fram á að hér byggi ábyrg þjóð sem vildi takast á við framtíðina sem frjálshornir einstaklingar. Þeir sem helst höfðu úr lestinni gátu einfaldlega ekki verið mikils virði. En ef þessi staðhæfing verður raunverulega könnuð í framtíðinni, sem vonandi verður, er afar líklegt að fram komi að fátækt fólk hafi farið vestur miklu frekar en eignafólk. Enda þarf ekki lengi að fletta í *Vesturfaraskránni* til að sjá að vinnufólk, tómthúsmenn og aðrir úr lægri stéttum samfélagsins hafa verið stór hluti þess fólks sem hélt til Vesturheims. Mjög líklegt er að þurfamenn hafi einnig verið drjúgur hluti innflytjenda og ekki er ólíklegt að ættingjar og velgjörðamenn hafi aðstoðað þá við að komast vestur. Léttir þess fólks var ekki síður mikill en sveitarstjórnanna, þar sem ættingjar voru skuldbundnir til að ala önn fyrir skyldmönnum sínum. Svo langt var gengið í lögum „... að skylda mætti menn, sem

1 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Milliþinganefnd í fátækramálum 1902-1905. Þróun framfærslumála 1870-1907.“ *Saga* 16 (1978), bls. 113-116.

2 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Milliþinganefnd í fátækramálum 1902-1905“, bls. 116.

3 Þessar upplýsingar mætti örugglega vinna upp úr *Vesturfaraskrá* Júníusar H. Kristinssonar með kerfisbundnum hætti.

flyttust af landi brott, til að leggja fram tryggingu fyrir því, að vandamenn þeirra yrðu ekki til sveitabyngsla hér á landi í a.m.k. 3 ár eftir brottflutning þeirra.¹ Ekki er mér kunnugt um hvort þessum lögum hafi verið framfylgt en greinilega má skilja anda laganna í þessari málsgrein. Ættingjar þurfa-manna áttu að axla þá ábyrgð sem á þeim hvíldi og enginn gat hlaupist und-an merkjum.

Ekki er nokkur vafi á að hér er efni sem þarf að rannsaka mun meira í framtíðinni til þess að sýna fram á að samhengi sé á milli Vesturheimsferð-anna almennt og hugmyndafræðilegra hræringa hér á landi og vestan hafs.

Fram kemur í riti þeirra Norman og Runblom að ekkert sé vitað um hve margir Íslendingar snéru aftur til heimalandsins eftir tímabundna dvöl í Kanada eða Bandaríkjunum eða hvernig þeim hafi vegnað eftir heimkomu-na.² Eins og nefnt var hér frammar í kaflanum fer þó ekki á milli mála að þessi hópur hafði nokkur áhrif á þá sem voru að hugsa sér til hreyfings. Persónuleg reynsla vina og kunningja gat ráðið úrslitum þegar jafnafdrifarík ákvörðun var tekin og að flytja af landi brott. Hér er því enn eitt viðfangs-efnið sem við höfum litla sem enga vitneskju um og tengist Vesturheims-ferðum Íslendinga.

Svo virðist, eftir því sem þeir Norman og Runblom halda fram, sem hvert land hafi eignast þekkt einstaklinga sem héldu út í heim óvissunnar og urðu frægir fyrir ævintýri sín í Vesturheimi. Þessi hópur mun hafa haft umtalsverð áhrif á fólk sem var að hugsa sér til hreyfings. Íslendingar höfðu haft löng kynni af slíkum mönnum, til dæmis af frásögnum Jóns Indíafara og Árna Magnússonar frá Geitastekk.³ Jón Ólafsson ritstjóri, skáld og síð-ar meir alþingismaður vann sér það til frægðar að fá bandarísku stjórnina til að kosta könnunarleiðangur til Alaska í því augnamiði að kanna hvort þar gæti verið komið framtíðarsvæði fyrir íslenska innflytjendur.⁴ Ferðin var farin og Jón fann svæði í Alaska sem hann taldi myndi henta Íslendingum og nefndist Kodiak. Jón gerði að leiðangrinum loknum grein fyrir árangri ferðarinnar í skýrslu til Ulysses Simpson Grant forseta Bandaríkjanna og var fjallað um hugmyndina á opinberum vettvangi. Vandinn var sá að

1 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Millipinganefnd í fátækramálum 1902-1905“, bls. 80. Gísli vitnar þarna í *Stjt.* 1887, A, bls. 98-101, lög nr. 20.

2 Hans Norman og Harald Runblom, *Transatlantic Connections*, bls. 107.

3 Jón Ólafsson, *Reisubók Jóns Ólafssonar Indíafara samin af honum sjálfum* [1661]. Völundur Óskarsson annaðist útgáfuna (Reykjavík, 1992). – Árni Magnússon, *Ferðasaga Árna Magnússonar frá Geitastekk 1753-1797*. Björn K. Þórólfsson bjó til prentunar (Reykjavík, 1945).

4 Um þetta ævintýri hefur verið fjallað í bók sem Hjörtur Pálsson ritaði og heitir: *Alaskaför Jóns Ólafssonar 1874*. Sagnfræðirannsóknir 4 (Reykjavík, 1975).

Bandaríkjaþing var ekki ginkeypt fyrir að styðja áætlanir Jóns, þar sem gert var ráð fyrir að Bandaríkjastjórn kostaði ferðir Íslendinga frá Íslandi til Bandaríkjanna.

Jón Ólafsson hélt heim til að vinna hugmyndinni fylgi en talaði þar fyrir daufum eyrum, enda var um líkt leyti að hefjast umfangsmikið landnám í Kanada og stjórnvöld þar í landi útveguðu innflytjendum landsvæði ókeypis eða því sem næst. Þar með var hafið kapphlaupið milli stjórnanna tveggja í Ameríku um íslenska innflytjendur, það er Bandaríkjastjórnar og þeirrar kanadísku. Báðar lögðu þær sig fram um að laða að sér vesturfara og hætt er við að hugmynd Jóns hafi orðið undir af þeim sökum. Kanadastjórn bauð einfaldlega betur og styrkti meðal annars fjölskyldur í Nýja Íslandi eftir að þær höfðu komið sér fyrir á þeim slóðum. Þetta má meðal annars lesa í dagbókunum hér á eftir.

Jón lét síðan af þessum tilraunum sínum, en hann var ekki sá eini sem var landsþekktur fyrir Vesturheimsferðir sínar. Einar Hjörleifsson Kvaran og fleiri prestar voru í þessum hópi en trúlega má segja að þar hafi frægastur orðið séra Jón Bjarnason sem var nokkurs konar leiðtogi margra Vesturheimsfara um langt skeið. Hann var síðar með annan fótinn heima og hinn fyrir vestan haf en allir þessir menn höfðu mikil áhrif á hvernig Íslendingar fjölludu um Vesturheimsferðirnar. Nefna má sem dæmi að Jón Ólafsson varði þær af miklu kappi eins og sjá má af eftirfarandi titli sem var heiti ritlings sem gefinn var út til varnar Vesturferðunum: *Eitt orð af viti um vesturfara og Vesturheimsferðir. Svar og ávarp til Bjarnar ritstjóra Jónssonar upp á allan þann ósannindabvætting, óhróðr og óráðs-bull, sem útbreitt er í og með „Ísafold“*. Benedikt Gröndal afklæddr, hirtr og settr í gapastokk.¹

Gagnrýnendur vesturferðanna létu heldur ekki að sér hæða og gripu oft til skrautlegra lýsinga á aðstæðum ytra og innræti þeirra sem létu glepjust af áróðri agentanna svokölluðu. Sú umræða hafði örugglega á stundum þveröfug áhrif; hún vakti einfaldlega meiri athygli á þeim tækifærum sem Vesturheimsferðirnar buðu upp á. Ekki er þess kostur að gera hér úttekt á umræðunni í blöðum og tímaritum, enda hefur það litla þýðingu að skoða einstakar umsagnir manna með og á móti í þessu mikla álitamáli. Þess í stað skal það aðeins ítrekað hér að almenn umræða í samfélaginu um þjóðfélagsmál var mjög andsnúin hvers konar undanhaldi. Fólk var hvatt til að sækja fram í nafni lands og þjóðar og harkalega deilt á þá sem ekki

1 Jón Ólafsson, *Eitt orð af viti um vesturfara og Vesturheimsferðir. Svar og ávarp til Bjarnar ritstjóra Jónssonar upp á allan þann ósannindabvætting, óhróðr og óráðs-bull, sem útbreitt er í og með „Ísafold“*. Benedikt Gröndal afklæddr, hirtr og settr í gapastokk (Reykjavík, 1888).

hlýddu kalli þeirra sem leiddu lýðinn, hvort sem það var í mennta- og skólamállum eða málum sem lutu að fjölskyldunni. Þrátt fyrir þessa sterku undiröldu orðræðunnar flykkist fólk af landinu og lét raddir úrtöllumanna sem vind um eyru þjóta.

Tekinn verður sá kostur að gefa ritstjóra *Þjóðólfs*, annars helsta þjóðmálablaðs tímabilsins, Hannesi Þorsteinssyni alþingismanni og síðar þjóðskjalaverði orðið. Hann fjallaði um Vesturheimsferðirnar í sjálfsævisögu sinni sem hann ritaði 1926-1928 á mjög skorinorðan hátt. Þessi tilvitnun gefur innsýn í rök þeirra sem reyndu að stemma stigu við Vesturheimsferðunum, en Hannes var í þeirra hópi. Hann hafði einsett sér að taka fast á þeim málum í ritstjórnartíð sinni og þurfti ekki að bíða lengi eftir tækifæri til að láta sverfa til stáls:

Það var æsingaundirróður vesturheimsku agentanna, sem brýndi örvara Þjóðólfs og beindi þeim gegn þessu fargani, sem blöðin íslensku höfðu allt til þessa látið afskiptalaust að mestu og horft á það árum saman, að ósvífnir vesturfarasmalar tældu fólkið með ýmsum ósönnum skýrslum til að flytja hópum saman af landi burt í Paradísarvistina vestur á Kanadasléttur. Illræmdastir þessara „agent“ voru þeir Baldvin Baldvinsson, Sigurður Kristófersson og Sveinn Brynjólfsson, er allir ferðuðust um landið veturinn 1892-1893 og héldu fyrirlestra hingað og þangað með fáránlegustu gyllingum um velsælu og velmegun landa vorra, er vestur voru komnir, og höfðu til sannindamerkis prentaðar hagskýrslur, er báru með sér, að þær væru æsingarit, full af blekkingum og röngum staðhæfingum, og þessu dreifðu þeir í haugum út um landið og gerðu fólkið nær örvita af vesturfaravímu.¹

Athyglisvert er hvernig Hannes lýsir þessum málafylgjumönnum Vesturheimsferðanna og ef til vill má segja að sterkir vindar sjálfstæðibaráttunnar á fyrri hluta tuttugustu aldar hafi sett mark sitt á orðaforða þann sem Hannes kýs að nota við umfjöllun sína um menn og málefni. Frásagnarstíllinn er í ætt við fornritin, knappur og kappalegur. Hannes ræðir næst þátt *Þjóðólfs* í umræðunni og hvernig blaðið blandaði sér í deiluna:

Réð Þjóðólfur þá af að hefjast handa gegn þessum ófagnaði og taka svo á móti þessum herrum, er þeir kæmu til höfuðstaðarins, að þeir yrðu lítt erindi fegnir og mættu það lengi muna. Um það leyti, sem þeir Baldvin og Sigurður komu til Reykjavíkur, en Sveinn hafðist við á Austurlandi, ritaði ég grein í *Þjóðólf* 3. marz (10. tölubl.), er ég nefndi „Dálítið sýnishorn af agentapré-

1 Hannes Þorsteinsson, *Endurminningar og hugleiðingar um hitt og þetta, er á dagana hefur drifið. Rítað af honum sjálfum 1926-1928*. Þorsteinn Þorsteinsson bjó til prentunar (Reykjavík, 1962), bls. 176.

dikumum“, og lýsti þar aðferð þeirra eftir því, sem áreiðanlegar fregnir höfðu borizt um utan af landinu, og þótti mönnum það einkennileg lýsing. Varð þá þegar allmikill kurr í bænum og samtök hafin um það að láta þá ekki ná að flytja hér öfgar sínar og blekkingar fyrir bæjarbúum, enda fór svo, er þeir Baldvin og Sigurður ætluðu að halda þessa venjulegu fyrirlestra sína í Goodtemplarahúsinu miðvikudagskvöldið 8. marz, að þeir fengu alls ekkert hljóð fyrir ákaflegum pípnablæstri um 100 manna, er stóð óprotlega heila klukkustund, þangað til „agentarnir“ loks hrökkludust burtu, og m*ttu þakka fyrir, að ekki voru lagðar hendur á þá, er sumir blásendanna voru allfúsir til. Frá þessum einkennilega og óvenjulega atburði er skýrt rétt og hlutdrægnislaust í 11. tölubl. Þjóðólfs (10. marz). [...] Þeir sem tóku þátt í pípnablæstri þessum voru af ýmsum stéttum, alls ekki eingöngu skólapiltar eða verzlunarfólk, eins og Baldvin vildi vera láta í svari, er hann sendi Þjóðólfi og ég birti 17. marz (12. tölubl.).¹

Hér er það enn frásagnarhátturinn sem vekur athygli, niðurlægning agentanna, „hlutdrægnislaus“ lýsing *Þjóðólfs* á atburðunum og ánægja Hannesar yfir að hafa náð að æsa lýðinn upp gegn þeim Sigurði og Baldvin. *Þjóðólfi* reyndi eins og svo margir aðrir að hafa áhrif á hvernig orðræðan þróaðist í landinu og á rás atburðanna, en ítreka verður að óvíst er hver árangurinn hafi orðið af slíkri íhlutun. Í það minnsta vekur þessi texti athygli á hlutverki agentanna og persónuleika þeirra. Hér virðast hafa verið á ferð fyrsta flokks sölumenn sem undir venjulegum kringumstæðum náðu eyrum áheyrenda sinna. Mjög áhugavert væri að fá frekari vitneskju um aðferðir þeirra og árangur en mér er ekki kunnugt um að starfsemi þeirra hafi verið rannsökuð. Frásögn Hannesar gefur svo sannarlega vísbendingu um hvernig agentarnir unnu þegar þeir ferðuðust milli byggðarlaga og reyndu að telja fólk á að freista gæfunnar í útlöndum. Þeir voru greinilegir málafylgjumenn sem háðu harða baráttu fyrir málstað sínum.

Hannes greinir síðan frá því að um þetta leyti hafi birst í *Þjóðólfi* kvæði Benedikts Gröndals, en hann var einn helsti fjandmaður þjóðflutninganna, þar sem hann vék að þessum fundi sem áður var vitnað til og nefndi pípnablásturinn „frelsisins óp mót fjandmannaher“. Hannes segir einnig frá því að eftir þessa útreið hafi agentarnir snúist heiftarlega gegn sér og *Þjóðólfi* „með því að láta höfða mál gegn mér út af lítills háttar athugasemd, er ég hafði hnýtt við svargrein Baldvins 17. marz, þar sem ég talaði um hinar vesturheimsku „humbugs“ prédikanir þeirra, er þeir hefðu flutt hér á landi

1 Hannes Þorsteinsson, *Endurmimingar*, bls. 178-177.

til að narra fólk héðan vestur á eyðisléttur Kanada, þar sem allt „brennur og frýs“.¹ Málalyktir urðu þær að Hannes var sýknaður en hann kemst að þeirri niðurstöðu „að ég hafi verið sá mest hataði hérlendra ritstjóra af blöðunum vestanhafs og agentaklíkunn þar, alla tíð meðan ég var ritstjóri Þjóðólfs, enda beitti ég mér jafnan harðlega gegn vesturflutningum og öllu vesturheimsku agentafargani, enda bar fremur lítið á því eftir þessar ófarir þeirra félaga, er urðu eins konar rothögg á það, svo að undirróðurinn varð allt á annan hátt en áður, og hinir eiginlegu agentar, sendir til mannaveiða af Kanadastjórn, hurfu að mestu úr sögunni.“² Með öðrum orðum, Hannes þakkaði sér endalok Vesturheimsferða!

En eins og áður hefur komið fram voru ástæður flutninganna af margvíslegum toga og persónubundnar og flestum hefur trúlega fundist þeir hafa litlu að tapa. Ef eitthvað væri til í málflutningi þeirra sem hvöttu til flutninga vestur um haf þá væri vel reynandi að taka þá áhættu sem flutningunum fylgdi. Þess vegna hafði umræðan í blöðum og tímaritum um almenn þjóðfélagsmál, sem í yfirgnæfandi tilfellum fjallaði um stöðu einstaklingsins innan samfélagsins, sáralitla þýðingu. Einstaklingar og fjölskyldur stukku einfaldlega af stað vegna þess að færi gafst. Gilti þá einu hver vilji stjórnvalda var eða hverju þjóðfrelsisáhugamenn héldu fram; alþýða manna fór sínu fram hvað sem tautaði og raulaði.

Erlendur Guðmundsson frá Mörk, sem áður var vitnað til, var einn þeirra sem hélt út í óvissuna. Hér birtist nokkuð langur og samfelldur kafli úr sjálfssævisögu hans en þar gefur hann óneitanlega sterklega til kynna hvað hafi ráðið mestu um ákvörðun þeirra sem fóru til Vesturheims. Að hans mati réði mestu sá áróður um frelsi og sældarlíf í Nýja heiminum, sem fór eins og eldur í sinu um allt landið. Menn sáu tækifæri til að bæta stórlega kjör sín og afkomenda sinna og hann telur að það hafi ráðið úrslitum:

Þó hér hafi því verið haldið fram að ótrú á framtíð landsins hafi verið sterkasta undirrot útflutningsins, voru og einnig aðrar ástæður, svo sem óánægja við Dani, og auk þess má fullyrða að hver maður hafði eitthvað sérstakt fyrir ferð þó sameiginlegt væri það öllum að bæta kjör sín eður barna. Alls staðar var básúnað að Ameríka væri land frelslis og framfara. Þar gátu bændur greitt atkvæði í þýðingarmiklum málum fyrir land og lýð, þá mátti því að nokkru leyti telja sem meðstjórnendur ríkisins. Þar voru frískólar fyrir börnin – það var nú eins og heima, hitt þó heldur – og eftir því sem börnin gengu lengur á skóla, því meiri framavon. Allt skólagengið fólk eftir fá-

1 Hannes Þorsteinsson, *Endurminningar*, bls. 177.

2 Hannes Þorsteinsson, *Endurminningar*, bls. 178.

ein ár – var það munur eða heima, þar voru bændurnir sumir varla skrifandi, og því síður reiknandi nema eitthvað í huganum. Og svo konurnar, skyldi þeim ekki bregða við kvenfrelsið? Í Ameríku var kvenfólkið hreint og beint borið á örnum karlmannna. Þær gerðu aðeins fínustu verkin og drottnuðu auðvitað yfir karlmönnum, snertu á engu utan húss, þar þurfti ekki að mjólka ær eður kýr. Karlmennirnir mjólkuðu kýrnar, ær voru ekki til.

Og ekki var ofboð dónalegt fyrir ungu stúlkurnar í vistum þar vestra; meira kaup um mánuðinn en allt árið á Íslandi og þurftu ekki að drepa hendi í kalt vatn en gengu þrúðbúnari en „fínustu“ prestamadömur og kaupmannsfrúr, og ekki þurfti að fela fótabragðið, ætíð á dönskum skóm, minna dugði nú ekki, svo voru leikhúsin og dansarnir – því það var dansað mikið í Ameríku – og ekkert tekið til þess þó piltur slægist í ferðina með stúlkunni á kvöldin. Þótti bara sjálfsagt ef stúlkurnar sýndu þeim þá náð að fá að leika þjónustu saman anda ofurlitla stund, og ævinlega borguðu piltarnir fyrir stúlkurnar. Og svo má bæta því við að hugsa sér þessar stúlkur sem voru að feta sig áfram og upp í réttindi giftra kvenna. Hvernig þær liðu áfram í þessari paradís kvenfólksins, í alla vega litum skrautkjólum, marglitum sem fjaðrir á paradísarfuglum, og harla skrautbúnar. Þær kæmu inn í danssalinn og svifu inn í dansinn, hvernig þeim svo með lagi tækist að kveikja ástir ungra manna, sem þar voru staddir. Auðvitað ekki íslenskra – ó, þeir yrðu svo durmaralegir og kæmu upp um sig með íslenskunni – heldur einhverra svona stórríkra höfðingja enskra. Það yrði nóg af þeim þar. Það vantaði nú ekki.

Þeir hafa verið dýrlegir þessir vökudraumar sem íslensku stúlkurnar dreymsu þá sem gjörðu sitt til að glæða útþrána. Því gott var öllum að koma vestur, en engum sem ungu stúlkunum með æskuroðann á vöngum.

Draumur kær! dýrlegt er þitt yndi.
Draumur kær! sem ljós í vindi.
Draumur kær!

Slíkar voru sögur þær sem um tíma gengu af Vesturheimi, og margir einfeldningar trúðu. Flestir Íslendingar hafa lesið söguna af Birni í Gerðum eftir séra Jónas. Ég er sannfærður um að Jónas hefur þar haft í huga fjölskyldu í gervi lifandi manna, og þeir voru fleiri en einn Birnir í Gerðum á Íslandi um það leyti. Það sem hvatti unga menn sérstaklega var þessi mikla peningavon sem borgað var fyrir hvað lítið sem gjört var, og svo ævintýraþráin sem jafnan spinnur sterkan þátt í hugum ungra manna.

Það kemur víst engum á óvart þó allt lenti í uppnámi. Það þarf minna til en fimmti hver maður á heimilinu, það er landinu, sé í burtflutningi því þó menn (færu) ekki þetta árið, þá mátti búast við að fara árið eftir ef þeir fengju góðar fréttir frá frænda sínum eður nágretta, og allir vildu fá bréf og leiðbeiningar um hvort betra væri að fara eður vera kyrr. Þeir sem fóru vest-

ur voru margir þreyjulausir fyrstu árin, þráðu vini sína og venlamenn og því urðu mörg bréf þannig fremur til að hvetja en aftra. Svo var um marga þá sem sátu eftir við þröngan kost. Þeir þráðu einhverja breytingu á kjörum sínum í þeirri von að eitthvað raknaði fram úr.

Fátt í sambandi við útflutninginn var verra en það hvað hann stóð fyrir öllum framförum hjá þeim sem eftir urðu. Það var svo sem þýðingarlítið að taka sér nokkuð verulegt fyrir hendur þar sem menn voru komnir út á hlað með bundna skreppu um öxl. Þó voru þeir sem þráðu að fara en komust ekki allra dýrastir landinu, þeir gátu ekki um annað talað en harðindin og höfðingjakúgunina á Íslandi og alsæluna í Ameríku. Þeir voru persónugjörvar hrakspár. Þeir voru ekki eingöngu sér ónýtir, heldur drógu þeir dug úr öllum þeim sem þeir höfðu nokkur áhrif á og gjörðu þá jafn óánægða og dáðlausa.¹

Þannig var sýn Erlendar Guðmundssonar frá Mörk á Vesturheimsferðirnar og eins og sjá má af lýsingu hans var það margt sem fékk fólk til að hugsa um Norður-Ameríku sem varanleg heimkynni sín. Ákvörðunin gat oltíð á ýmsu. Sjálfur var Erlendur mótfallin þessum flutningum og harmaði mjög alla sína ævi að hafa lagt upp í ferðalagið. Í sjálfsævisögu sinni bar hann að konan hans hafi neitað að eyða ævi sinni í íslenskri sveit og því hafi orðið að ráði að flytja til Kanada. Öll umfjöllun höfundar ber þessari staðreynd merki og endurspeglar hversu flókið ferli lá að baki ákvörðun þeirra manna sem veltu fyrir sér vesturferðunum.

4. Vesturheimsferðir í fortíð og framtíð

Hverjir fóru vestur?

Vesturfaraskrá Júníusar Kristinssonar sagnfræðings er grundvallarrit fyrir alla þá sem hafa áhuga á að svara spurningunni *Hverjir fóru vestur?* því að hún inniheldur nöfn flestra sem lögðu upp í þessa langferð.² Þar eru skráðir 14268 einstaklingar sem fluttust vestur um haf á tímabilinu 1870-1914, eins og fram kemur í formála Sveinbjörns Rafnssonar prófessors í sagnfræði við Háskóla Íslands að *Vesturfaraskránni*.³ Sveinbjörn lætur þess getið að trúlega hafi nokkuð fleiri einstaklingar flutt brott en eru í skránni og gæti sú tala skipt þúsundum til viðbótar við þann fjölda sem ör-

1 Erlendur Guðmundsson, *Heima og heiman*.

2 Júníus H. Kristinsson, *Vesturfaraskrá 1870-1914* (Reykjavík, 1983).

3 Sveinbjörn Rafnsson, „Formáli.“ *Vesturfaraskrá 1870-1914*, bls. ix.

uggar heimildir eru til um.¹ Í skránum er að finna nöfn þeirra sem fluttu vestur og síðasta dvalarstað þeirra fyrir vesturferðina, aldur, stöðu (og/ eða fjölskyldustöðu), útflutningshöfn og skip. Að auki eru teknar saman ýmsar upplýsingar um Vesturheimsfarana, svo sem aldur, kyn og útflutningsár og einnig hvaðan af landinu fólk kom sem flutti vestur um haf. Fram kemur til dæmis að útflutningshafnirnar hafi verið tólf og flestir hafi farið frá Akureyri, Seyðisfirði og Vopnafirði.

Af eðlilegum ástæðum verður að miða umfjöllun efnis við umfang ritsins og er sá kostur tekinn að fjalla örlítið um útflutningsmunstrið, stöðu þeirra sem fluttu eftir aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu í samanburði við önnur Norðurlönd. Loks verður gerð grein fyrir flutningum fólks frá einum tilteknum stað á landinu, nefnilega Vopnafirði, og byggja þá umfjöllun á meistaraþrófsritgerð Júníusar Kristinssonar.²

Fram kemur í rannsókn þeirra Hans Norman og Harald Runblom að karlmenn hafi verið í fyrstu mun fjölmennari í hópi innflytjenda frá Norðurlöndunum. Þetta telja þeir eðlilegt, sérstaklega vegna þess að vesturferðir þóttu hættulegar og aðstæður erfiðar og því hafi margir heimilisfeður tekið þann kostinn að fara á undan fjölskyldum sínum. Oft liðu mörg ár áður en fjölskyldurnar fylgdu í kjölfar húsbændanna.³ Einstæðir karlar voru langlíklegastir til að leggja upp frá Norðurlöndunum og helst þeir sem höfðu frá litlu að hverfa. Mest bar á sveitafólki, sonum og dætrum bænda, og landbúnaðarverkafólki. Þessir hópar áttu fárra kosta vöð í jarðarsnaudum heimalöndum sínum en möguleikar þeirra til að koma ár sinni fyrir borð vestan hafs voru álitnir mun meiri. Þess vegna var fólk reiðubúið til að flytja búferlum heimsálfa á milli.

Útflutningsmunstrið úr þéttbýli var nokkuð frábrugðið því sem algengast var í sveitum. Á Norðurlöndunum voru það einkum ungar konur úr þéttbýlinu sem gerðust innflytjendur til Vesturheims. Staða þeirra var víða mjög slæm þar sem þær voru í vist hjá milli- og hástéttarfólki í heimalandi sínu.⁴

1 Nauðsynlegt er að endurskoða *Vesturfaraskrá* Júníusar og leitast við að nálgast upplýsingar frá Kanada. Þar koma til greina innflytjendaskýrslur sem nú eru orðnar aðgengilegar samkvæmt því sem Vigfús Geirdal sagnfræðingur tjáði mér. Hann hefur borið saman *Vesturfaraskrána* við dánartilkynningar sem birtust árlega í *Almanaki Ólafs S. Thorgeirssonar* á árunum 1895-1954. Í þeirri rannsókn kemur fram að um 25% þeirra sem getið er í dánartilkynningunum koma ekki fram í *Vesturfaraskránni*. Úrtakið var um það bil 7500 einstaklingar sem allir voru fæddir á Íslandi. Rannsókn Vigfúsar bíður útgáfu.

2 Júnús Kristinsson, „Vesturheimsferðir úr Vopnafirði og aðdragandi þeirra.“

3 Hans Norman og Harald Runblom, *Transatlantic Connections*, bls. 89.

4 Margt hefur verið ritað um stöðu vinnukvenna á heimilum millistéttarfólks í þéttbýli. Sjá til dæmis Theresa McBride, *The Domestic Revolution* (London, 1976) og Louise A. Tilly og Joan W. Scott, *Women, Work and Family* (New York, 1978), bls. 31-42 og víðar.

Með flutningnum vestur um haf bættu þær margar til muna stöðu sína og öðluðust von um betra líf.¹

Þegar líða tók á nítjándu öldina fóru Vesturheimsferðirnar að öðlast meiri og tryggari sess í hugum fólks því að almenningur hafði fengið betri vitneskju um allar aðstæður. Þá fór að vera mun algengara að heilu fjölskyldurnar flyttu vestur um haf og þá fór jafnvel stórfjölskyldan ásamt vinum og vandamönnum. Með öðrum orðum hóparnir sem tóku þá ákvörðun að fara til Kanada eða Bandaríkjanna urðu sífellt stærri og fjölbreyttari. Stundum fóru margar fjölskyldur saman sem höfðu ákveðið að halda hópinn og átti þetta við um nær öll Norðurlönd. Þegar þessari fjölskyldubylgju lauk (eða það dró úr henni) fór að færast í vöxt að einstaklingar héldu til Vesturheims til þess að setjast að hjá ættingjum sínum sem höfðu fyrir margt löngu tekið sér þar bólfestu.² Þessir einstaklingar áttu sér oft aðra sögu en frumbyggjar í hópi innflytjenda. Þeir höfðu margir sest fyrst að í þéttbýli í heimalandinu og notið þar menntunar og ákveðið í kjölfar þess að halda utan. Þeir töldust því margir til millistéttarinnar en þáttur hennar í Vesturheimsferðum fór vaxandi er leið á nítjándu öldina. Þeir sem á undan fóru höfðu haldið beint utan án þess að staldra við í þéttbýli fyrst og flest hafði það fólk notið frekar lítillar menntunar.

Hvernig sem á það er lítið er ljóst að fjölskyldan var kjarnaeyinginn í fólksflutningum til Vesturheims. Ákvarðanir voru teknar innan vébanda hennar í langflestum tilfellum, hvort sem allir fjölskyldumeðlimir lögðu land undir fót eða kæmu síðar virðast ákvarðanir hafa verið teknar með tilliti til þess hvernig staða annarra innan fjölskyldunnar hafi verið. Þetta munstur er áberandi á öllum Norðurlöndunum með þeirri undantekningu að á Íslandi fóru fleiri konur en karlar til Vesturheims. Á hinum Norðurlöndunum var kynjahlutfallið á tímabili mjög mikið körlum í vil.³

Íslendingar héldu langflestir til Kanada, öfugt við íbúa hinna Norðurlandanna sem flestir tóku sér frekar bólfestu í Bandaríkjunum. Íslendingar ferðuðust oftast með gripaflutningaskipum til Bretlands eða póstskipi Sameinaða danska gufuskipafélagsins frá 1877. Glasgow var helsti áfangastaður þessara skipa og þaðan ferðuðust þeir með lest til Liverpool, þar sem skip beið þeirra og flutti til Quebec í Kanada. Þaðan lá leið fólks til ýmissa staða, eins og Winnipeg og Nýja Íslands, sem var nokkurs konar nýlenda Íslendinga þar í Kanada. Aðrir héldu jafnvel enn lengra og settust að í Bandaríkjunum.

1 Hans Norman og Harald Runblom, *Transatlantic Connections*, bls. 88.

2 Hans Norman og Harald Runblom, *Transatlantic Connections*, bls. 85.

3 Hans Norman og Harald Runblom, *Transatlantic Connections*, bls. 87-88.

Leiðin utan: Vopnafjörður

Hér á eftir verður stuðst að mestu við rannsókn Jónúsar H. Kristinssonar á fólksflutningum til Vesturheims frá Vopnafirði.¹ Markmiðið með þessari umfjöllun er að gefa lesendum kost á að kynnast samsetningu hópsins sem fór til Vesturheims af meira innsæi, stöðu þeirra og kjörum. Rannsókn Jónúsar er allt að því einstök í sinni röð en hann lauk henni árið 1973. Að auki vann Ólöf Garðarsdóttir sagnfræðingur staðbundna rannsókn á Seyðisfirði sem þó var af nokkru öðru tagi en ritgerð Jónúsar, en hún ritaði B.A.-ritgerð um tengsl fólksflutninga og félagsgerðar á Seyðisfirði á síðari hluta nítjándu aldar og fram á fyrstu ár tuttugustu aldar. Upp úr henni ritaði hún svo grein í tímaritið *Sögu* með sérstaka áherslu á Vesturheimsferðir.² Báðir þessir staðir voru meðal helstu útflutningshafna vesturferðanna og þess vegna vel til athugunar fallnir.

Íbúar Vopnafjarðar byggðu afkomu sína að stórum hluta á sauðfjárrækt, eins og margir bændur við sjávarsíðuna, því að sú atvinnugrein gaf þeim tækifæri til að stunda sjómennsku af kappi nær allt árið. Vopnafjörður var vaxandi svæði alla nítjándu öldina og mannfjöldi óx hröðum skrefum á fyrri hluta hennar eða úr 400 íbúum árið 1820 í eitt þúsund íbúa árið 1860. Fólkkdreif að svæðinu úr öllum áttum. Við tóku áratugir þegar fólksfjöldi rokkaði nokkuð upp og niður en eftir 1870 fór fjöldi útflytjenda að hafa veruleg áhrif á heildarmannfjölda staðarins. Þannig fluttu rúmlega 700 einstaklingar frá Vopnafirði til Vesturheims á árunum 1873-1893, en það var mjög há tala þegar tekið er tillit til heildaríbúafjölda staðarins. Með öðrum orðum, mannfjöldapróun í Vopnafirði tók algjöra kúvendingu eftir 1870 þannig að sá fjöldi sem hafði sótt inn á svæðið fyrir 1870 hvarf á braut og rúmlega það fram til aldamótanna 1900.³

Sum árin á síðari hluta nítjándu aldar voru sérstök vegna náttúruhamfara

1 Jónús Kristinsson, „Vesturheimsferðir úr Vopnafirði og aðdragandi þeirra.“ Að auki verður frásögn þeirra Norman og Runblom í bókinni *Transatlantic Connections* nýtt í þessum kafla og umfjöllun norska fræðimannsins Andres A. Svalestuen í grein sem hann ritaði um staðbundnar rannsóknir á Norðurlöndunum í tengslum við Vesturheimsferðir. Sjá Andres A. Svalestuen, „Five Local Studies of Nordic Emigration and Migration.“ *American Studies in Scandinavia* 9 (1977), bls. 32-35. Í þessari grein er fjallað sérstaklega um Vopnafjörð og stuðst við rannsóknir Jónúsar.

2 Ólöf Garðarsdóttir, „Á faraldsfæti. Fólksflutningar og félagsgerð á Seyðisfirði 1885-1905“; Ólöf Garðarsdóttir, „Tengsl þéttbýlismyndunar og Vesturheimsferða frá Íslandi. Lýðfræðileg sérkenni fólksflutninga frá Seyðisfirði 1870-1910.“ *Saga* 36 (1998), bls. 153-184.

3 Andres A. Svalestuen, „Five Local Studies of Nordic Emigration and Migration“, bls. 33.

á Norðausturlandi eins og til dæmis gerðist 1875. Þá fluttu til Vopnafjarðar 191 einstaklingur en aðeins 25 fluttu frá staðnum. Fólksfjöldunin kom til vegna eldsumbrotanna í Dyngju fjöllum (í Öskju). Ári síðar fluttu 154 einstaklingar frá Vopnafirði og þar af voru 88 sem fóru til Vesturheims. Alls 35 þeirra höfðu flutt árið áður til staðarins. Annar eins hópur bættist í raðir Vesturheimsfara stuttu síðar og sá hafði orðið fyrir búisfjum í eldsumbrotunum í Dyngju fjöllum.

Vopnafjörður hefur verið á síðustu áratugum nítjándu aldar eins og gullgrafarabær í Bandaríkjunum, endalausar sveiflur í mannfjölda og fjölbreyttur hópur manna svip sinn á samfélagið frá einum tíma til annars. Líf fólksins sem þarna bjó hefur mjög mótast af samskiptunum við þá sem fluttu til staðarins með það í huga að flytja þaðan strax aftur. Björn Halldórsson frá Loðmundarfirði, sem hélt dagbók í áratugi á síðari hluta nítjándu aldar og birt verður brot úr hér síðar í bókinni, hafði þetta að segja um biðtíma sinn á Seyðisfirði áður en hann lagði af stað til Vesturheims: „Æfi mín á Seyðisfirði að mörgu leiti ónotaleg og leiðinleg, að vísu hafði jeg optast nóg að starfa við, leiddist opt í óreglu með kunningjum mínum, ásetti mjer því að fara þaðan og þar eg var hættur búskap og konan hafði lengi óskað að komast hingað, ljét jeg það eptir henni.“¹ En hverjar sem aðstæður manna voru á stöðum eins og Vopnafirði og Seyðisfirði, þá er víst að saga Vesturheimsferðanna og byggðanna sem hýstu flesta útflytjendurna tímabundið hefur á sér margar hliðar sem enn eru órannsakaðar.

Margt var sérstætt við þann hóp sem flutti frá Vopnafirði í samanburði við fólksflutninga frá hinum Norðurlöndunum. Eins og áður hefur komið fram voru konur fjölmennari en karlar í hópi Vesturheimsfara yfir landið allt og sömu sögu var að segja um kynjaskiptingu útflytjenda frá Vopnafirði. Meðalaldir Norður-Ameríkufara var mun hærri frá Vopnafirði en frá hinum Norðurlöndunum. Þaðan voru flestir Vesturheimsfarar á aldrinum 15-30 ára gamlir, eða milli 50-60 prósent þeirra sem fluttust burt. Sami aldursflokkur sem flutti frá Vopnafirði fyllti aðeins um 30 prósent af heildarfjöldanum. Fjölmennustu aldursflokkarnir voru einstaklingar á aldrinum 31-35 ára og einnig var mjög fjölmennur hópur fólks á aldrinum 51-60. Börn voru stór hópur útflytjenda. Ástæðan er talin vera sú að langflestir fluttu fjölskyldur sínar með sér á þessu tímabili, eða rúmlega 70 prósent, og er þá átt við þriggja kynslóða fjölskyldur. Að hluta til er hér fundin skýringin á því að konur voru fleiri í hópi útflytjenda en karlar því að þær lifðu að

1 *Lbs* 3147 8vo – Dagbók Björns Halldórssonar: 31. desember 1883.

meðaltali lengur og því var líklegra að konur færu með fjölskyldum sínum en karlar.¹

Vesturheimsferðirnar voru leið út úr fátækt og volæði fyrir þúsundir einstaklinga eða einfaldlega tækifæri fyrir aðra að hleypa heimdraganum og skoða heiminn. Um það er ekki deilt. Minna er vitað um hvað þetta umrót hafði í för með sér fyrir sveitarfélögin sem þurftu að sjá á eftir íbúum sínum vestur um haf. Hvaða áhrif höfðu þessir miklu þjóðflutningar á staði eins og Vopnafjörð sem virðist hafa verið eins og millilending fyrir fólk sem ýmist flutti milli byggðarlaga eða til Vesturheims á þessu tímabili?

Kenningararni nútímainnflytjendarannsóknna

Eins og margoft hefur verið nefnt hér að framan vantar mikið á að rannsóknir á Vesturheimsferðunum héðan frá Íslandi séu í viðunandi horfi. Enginn vafi er á að kenningarleg umgjörð innflytjendarannsóknna í heiminum getur tvímælalaust haft holl áhrif á framtíðarrannsóknir á Vesturheimsferðum Íslendinga. Hér verða ræddar nýjustu hugmyndir úr fræðasheiminum á sviði innflytjendarannsóknna, en augljóslega verður að stikla á stóru því að miklar breytingar hafa orðið á þessu fræðasviði og umfang rannsókna tekið stakkaskiptum á síðustu tveimur áratugum. Aðallega verður stuðst við rannsókn sem unnin var fyrir félagsskap sem nefnist *The International Union for the Scientific Study of Population* sem Douglas S. Massey, prófessor í félagsfræði við University of Pennsylvania, stjórnaði. Samstarfsmenn hans voru fjölmargir og rannsóknarsviðið var þjóðflutningar í heiminum í nútíð og fortíð.² Það skal tekið fram að hér eru félagsvísindamenn á ferðinni sem hugsa í stóru línunum, um þann ramma sem markar svið fólksflutningarannsóknna, en sú nálgun setur óneitanlega svip sinn á niðurstöðurnar. Hin vísindalega aðferð hópsins hefur ekki verið sú leið sem ég hef helst haldið á lofti í mínum rannsóknum en samt sem áður er það ómaksins vert að gera grein fyrir innihaldi hennar og sýna fram á möguleikana í íslensku rannsóknarsamhengi. Ljóst er að kenningar þær sem hópurinn hefur unnið með munu verða leiðarstef í framtíðarrannsóknum á þessu sviði í heiminum. Í lokakafla þessa yfirlits mun ég síðan benda á leiðir sem

1 Niðurstöður úr Vopnafirði koma heim og saman við rannsókn Ólafar Garðarsdóttur, „Tengsl þéttbýlismyndunar og Vesturheimsferða frá Íslandi“, og virðast öll megineinkennin á Vesturheimsferðunum frá þessum stöðum vera á líkum nótum.

2 Douglas S. Massey, Joaquín Arango, Graeme Hugo, Ali Kouaouci, Adela Pellegrino, J. Edward Taylor, *Worlds in Motion. Understanding International Migration at the End of the Millennium* (Oxford, 1998).

eru á nokkuð öðrum nótum en kenningar Masseys og félaga í þeim tilgangi að sýna fram á ólíka rannsóknarkosti.

Það eru einkum fjórar kenningar sem hópurinn hefur unnið með en þær koma fram á sjónarsviðið vegna þess að eldri kenningar, sem hafa verið í þróun síðustu fimmtíu árin, henta ekki lengur nýjum spurningum tengdum viðfangsefninu. Þær eru bæði taldar ósveigjanlegar og niðurstöður þeirra fyrirséðar.¹ Í stuttu máli má segja að fyrri kenningar, sem kenndar hafa verið við nýklassíska skólann (*Neoclassical Economic Theory*), hafi gengið út frá því að einstaklingarnir sem tóku sig upp og fluttu milli landa hafi verið skynsemisverur sem lögðu niður fyrir kosti sína og tóku ákvörðun um framtíðina í tengslum við efnahagslegar þarfir sínar. Rannsóknir unnar í þessum anda þóttu sýna að innflytjendur fylgdu lögmáli framboðs og eftirspurnar (*the push-pull approach*) og að þeir kraftar hafi ráðið mestu um hvernig fólksflutningar, í hvaða formi sem þeir voru, þróuðust.

Skemmst er frá því að segja að þetta skýringarlíkan nær engan veginn að varpa ljósi á hið fjölbreytta mynstur þjóðflutninganna og þeirra ástæðna sem leiddu til þeirra. Kenningin gerir ekki ráð fyrir að fólk flytti án þess að sérstök efnahagsleg skilyrði lægju þar að baki, að það flytti til dæmis til svæða sem byggju við ótraustan efnahag. Það sem meira er, þetta rannsóknarlíkan gerir ráð fyrir því að innflytjendur hugsi allir eins án tillits til stéttarstöðu þeirra, þjóðernis, aldurs og kynferðis. Þessi áhersluatriði nýklassíska skólans hafa orðið til þess að fræðimenn hafa haft tilhneigingu til að einblína nær einhliða á efnahagslega skýringarþætti sem byggja á þeirri hugsun að fólkið sem flutti hafi eingöngu haft í huga að leita leiða til að fá sem mestar tekjur. Það þarf vart að taka fram að þessi áhersluatriði segja aldrei nema brot af þeirri reynslusögu sem innflytjendur safna í sjóð minninganna, enda er þessi hugmyndafræði harðlega gagnrýnd í bókinni *Worlds in Motions*.²

Sömu sögu er að segja um hinn áhersluþáttinn sem gerir ráð fyrir ákveðnu jafnvægi á vinnumarkaði milli landa og jafnvel heimsálfa. Höfundar bókarrinnar *Worlds in Motions* hafna einfaldlega þeirri hugmynd og benda á að fjölmargir þættir geti komið í veg fyrir að þetta jafnvægi gangi upp (*the push-pull factor*) og má þar aðeins nefna til skýringar allar þær hömlur sem hvíla á búsetumöguleikum fólks í einstökum löndum. Þrátt fyrir hina svokölluðu hnattvæðingu nútímans eru enn umtalsverðar takmark-

1 *Worlds in Motion*, bls. 8.

2 *Worlds in Motion*, bls. 8-12.

anir á frelsi fólks til að velja sér búsetu. Þessar hömlur, sem ekki voru jafn-afgerandi á nítjándu öld, gjörbreyta samskiptamunstrinu milli landa.¹

Rannsóknarhópurinn sem stóð að ritun bókarinnar *Worlds in Motion* lagði áherslu á að byggja rannsókn sína á kenningum sem væru líklegri til að ná til hinna fjölmörgu og flóknu þátta sem endurspeglast í fólksflutningaferlinu, eða eins og komist er að orði í fyrsta kafla bókarinnar: „Innflytjendur bregðast greinilega ekki við á einsleitun (vélrænan) hátt þegar borin eru saman launakjör og vinna á milli landa og líklegt verður að teljast að þeir hafi aldrei gert það. Þeir hafa ólíkan smekk og hvatir, og umhverfið sem þeir bjuggu í þegar ákvörðun um búferlaflutninga var tekin er fjölbreytt.“² Þess í stað lagði rannsóknarhópurinn áherslu á að rannsaka alla þætti sem lágu að baki ákvörðunum innflytjenda þegar þeir héldu til nýrra heimkynna og gera þannig tilraun til að ná utan um helstu áhrifaþætti sem stjórnun fólk við þessar aðstæður. Aukin áhersla var lögð á samhengið sem var á milli ákvörðunarinnar sem réði flutningunum og annarra þátta sem snertu líf fólksins. Á sama tíma var gerð tilraun til að nálgast þá þjóðfélags- og efnahagslegu þætti sem stjórnun samhengi þjóðflutninganna. Þannig gerði hópurinn tilraun til að fjarlægjast fyrirframgefnar niðurstöður gömlu rannsóknarlíkananna og leiða þess í stað fram á sviðið dýnamíska nálgun á viðfangsefninu, eða eins og komist var að orði í bókinni: „Í þessu skyni hefur rannsóknarsviðið færst frá opinberum tölfræðilegum heimildum og heildstæðum gagnagrunnum yfir í yfirgrípsmikla notkun heimilda sem tengjast heimilishaldi, sjálfsævisögulegu efni og nákvæmum rannsóknum á smáum samfélögum. Áherslan hefur færst yfir á innflytjendurna sjálfa, á samskipti þeirra við umhverfið, andstæðu þeirra gegn hömlum opinberra reglugerða, samanburð við þá sem hvergi fóru og athuganir á kjörum mismunandi innflytjendahópa.“³

Þessi nálgun er ákaflega lofsverð og mjög í þeim anda sem hér er mælt með. Það fer þó ekki á milli mála að frásagnarheimildirnar sem hér eru lagðar til grundvallar eru meðhöndlaðar á mjög meginlegan hátt, rétt eins

1 *Worlds in Motion*, bls. 12-14.

2 „Migrants clearly do not respond mechanically to wage and employment differentials, if they ever did; they are not homogeneous with respect to tastes and motivations; and the contexts within which they make their decisions are not the same.“ *Worlds in Motion*, bls. 15.

3 „In these efforts, the field has moved away from a reliance on official statistics and aggregate data towards a more extensive use of household surveys, life histories, and in-depth community studies. Emphasis has shifted to the migrants themselves-to interactions with their environments, confrontations with restrictive state policies, comparisons with non-migrants, and contrasts between the first migrants and those that follow.“ *Worlds in Motion*, bls. 15.

og um tölfræðilegar heimildir sé að ræða. Þetta má einnig sjá þegar annað mikið verk er skoðað, sem Douglas S. Massey hefur verið í forsvari fyrir, en það eru rannsóknir á innflytjendum frá Mexíkó til Bandaríkjana. Þar hefur hann meðal annars tekið saman 20 þúsund frásagnir eða viðtöl við innflytjendur sem komu frá þessu heimshorni. Rannsóknaraðferðin er því mjög meginleg, sem þýðir að þessar frásagnarheimildir eru nýttar með tölfræðileg markmið í huga. Þannig verða þær heimildir um útbreiðslu, dreifingu og hlutföll lífsþátta sem margir einstaklingar hafa gengið í gegnum.¹ Til grundvallar liggur sú hugmynd að öðlast sem besta yfirsýn yfir rannsóknarsviðið, að hætti tölfræðinnar, án þess að grafa sig í rannsóknir á frekar afmörkuðu efni.² En hvað sem hinum hugmyndafræðilegu áherslum líður er óhætt að fagna þessari stefnu rannsóknarhópsins. Fræðimennirnir hafa þó engan veginn gefið upp á bátinn stóra fjölpjódlega samhengið í rannsóknnum sínum. Þvert á móti leggja þeir gríðarlega mikið upp úr að greina þróun þjóðfélagslegra- og efnahagslegra þátta yfir löng tímabil og stór landsvæði, í anda kenningalegu félagsvísindanna. Þó svo að ég hafi nýlega gagnrýnt þess háttar nálgun í bókinni *Molar og mygla. Um einsögu og glataðan tíma* sem kom út á síðari hluta ársins 2000, geri ég mér grein fyrir að áherslur á stóru línur sögunnar verða ekki lagðar af í kjölfar hennar.³ Þó er óhætt að hvetja fræðimenn til að fara varlega í að alhæfa um þróunina yfir löng tímabil og margar heimsálfur.

Rannsóknarhópurinn leggur mikla áherslu á að nálgast einstaklinginn og aðstæður hans á nýjan hátt án þess þó að kasta fyrir röða álitamálum sem koma upp í sambandi við tengsl hans við umhverfi sitt, það er þjóðfélags-, landfræði-, og efnahagslega þætti, svo ekki sé minnst á pólitíkina. Allt þetta skiptir máli og er grundvöllur undir nýja kenningarlega nálgun hópsins. Hún er í mjög stuttu máli eftirfarandi:

- 1 Jón Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon, „Heimskuleg spurning fær háðulegt svar: Orð og æði – Minni og merking.“ *Íslenska söguþingið 28.-31. maí 1997. Ráðstefnurit II* (Reykjavík, 1998), bls. 47-56.
- 2 Sjá „The Mexican Migration Project“: <http://www.pop.upenn.edu/mexmig/> en þar er að finna miklar upplýsingar um þetta verkefni. Benda má á að á Stofnun Árna Magnússonar er varðveitt mikið magn viðtala sem Hallfréður Örn Eiríksson tók á áttunda áratug tuttugustu aldar við Kanadamann af íslenskum uppruna. Sýnishorn þessara viðtala eru birt á heimasíðu stofnunarinnar í ritstjórn Gísla Sigurðssonar. Sjá www.am.hi.is/vesturislending/.
- 3 Carlo Ginzburg, Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Molar og mygla. Um einsögu og glataðan tíma*. Atvik 5. Ritstjórar Ólafur Rastrick og Valdimar Hafstein (Reykjavík, 2000).

- 1) NÝ KENNING UM HREYFANLEIKA VINNUAFLS (*The Theory of the New Economics of Labour Migration*). Hér eru fjölmörg atriði tekin með í reikninginn sem hafa bein áhrif á efnahag og vinnuafli og tengjast þjóðflutningum milli landa.¹
- 2) KENNING UM LAGSKIPTINGU VINNUMARKAÐAR (*Segmented Labour Market Theory*). Þessi kenning nær til stóra formgerðarsviðsins sem gerir ráð fyrir að í heiminum séu að verki öfl eða lögmál (strúktúr) sem stjórnir hreyfingum vinnuafli án þess að ákvarðanir einstaklinga komi þar mikið nærri.²
- 3) KENNING UM FÉLAGSLEG AUÐÆVI (*Social Capital Theory*). Þessa kenningu hefur franskir félagsfræðingurinn Bourdieu ljáð mikilvæga merkingu með því að skilgreina hana sem afurð þess sambands sem myndast á milli manna og hafa úrslitapýðingu fyrir hvernig menn fóta sig í þjóðfélaginu. Kenningin gerir jafnframt ráð fyrir að innihald þessara samskipta sé síbreytilegt og geti tekið á sig hlutlægt form, eða að því sé auðveldlega breytt í peninga.³
- 4) KENNING UM MARGFELDISORSAKIR (*The Theory of Cumulative Causation*). Hér er gert ráð fyrir að búferlaflutningur hópa (fjölskyldna) hafi margfeldisáhrif, þannig að fleiri fylgi í kjölfarið og keðjuverkun haldi áfram. Þetta er vegna þess að sá sem flytur gerir það í samhengi við umhverfi sitt og skilur þannig eftir sig skarð sem hefur áhrif á þá sem sitja eftir.⁴

Ekki er hér ráðrúm til að fjalla frekar um einkenni hversrar kenningar fyrir sig, heldur verður hér að nægja að benda á að þær snúast um tilraunir til að skilja formgerð þjóðflutninganna og það svið sem hefur mótandi áhrif á flutning manna milli landa. Þar er leitast við að skýra áhrif nývæðingar og uppbyggingar nútímapjóðfélags á þjóðflutninga milli landa, hvernig meðvitund einstaklingsins hefur áhrif á endanlegar ákvarðanir og hvernig formgerð alþjóðlegra stofnana og samninga (*transnational structures*) hefur þýðingu fyrir þessa þróun.⁵

Rétt til að nefna dæmi um hvernig þessar nýju kenningar geta haft áhrif á rannsóknir á þessu sviði má benda á að fræðimenn hafa farið að horfa á

1 *Worlds in Motion*, bls. 21-28.

2 *Worlds in Motion*, bls. 28-34.

3 *Worlds in Motion*, bls. 42-45.

4 *Worlds in Motion*, bls. 45-50.

5 Sjá kaflann „Contemporary Theories of International Migration“ sem Douglas S. Massey ritaði í bókinni *Worlds in Motion*, bls. 17-59.

kenningar sem tengjast efnahag og vinnuafli (um hreyfanleika vinnuafls) í mun skærara ljósi en áður og tekið inn í þá umræðu ólíka áhrifaþætti sem skipt geta sköpum (*The New Economics of Labour Migration*). Í stað þess að horfa aðeins á hugsanlegan skammtímaávinning af flutningum milli landa er reynt að meta langtímahag þeirra sem taka þátt í breytingunum. Þá eru ekki aðeins aðstæður einstaklinga rannsakaðar heldur stærri hópa eins og fjölskyldna, vina og samlanda.¹ Hin nýja aðferð leggur höfuðáherslu á fjölskylduna og þar er helst horft til þátta eins og möguleika á húsakaupum, menntun og lengri frítíma, þátta sem geta haft afgerandi áhrif á líðan fjölskyldunnar sem einingar. Mikil áhersla er lögð á að kanna þau tækifæri sem innflytjendur hafa til húsakaupa eða jarðnæði vegna þess að það réði oftast úrslitum um ákvörðun fólk að flytja til annars lands. Sama er raunar ofarlega á baugi enn í dag.

Þessi nýja nálgun gerir sömuleiðis ráð fyrir sterkum tengslum milli heimalandsins og nýju heimkynnanna sem gerði það að verkum að fjármagn og upplýsingar gengu þar á milli í ríkari mæli en áður var gert ráð fyrir og að þessi samskipti hafi haft meiri áhrif en fyrr var ætlað. Innflytjandinn tók þannig með sér vandamálin að heiman sem biðu úrlausnar á nýjum slóðum og höfðu afgerandi áhrif á afkomu hans eða hennar í mörg ár eftir flutningana. Þannig geta flutningar til annars lands orðið hluti af tilraun til að leysa vanda heima fyrir en þeir geta einnig komið til af einhverju allt öðru.

Þær hugmyndir sem hér hafa verið gerðar að umtalsefni eru inntakið í „transnational“-hugtakinu sem er ætlað að draga fram hin óljósu skil á milli föðurlandsins og nýja landsins sem hýsir innflytjandann. Í þessu sambandi hefur verið rætt um „transnational space“ sem eðli málsins samkvæmt er bæði óljóst og breytilegt. Með öðrum orðum, innflytjandinn hættir að hugsa um sig sem íbúa eins lands og fer að líta á sig sem íbúa tveggja landa, og sú breyting skapar margvísleg hugmyndafræðileg vandamál sem nútímafræðimenn leggja áherslu á að taka með í reikninginn og leysa. Þunginn í innflytjendarannsóknum færir því yfir á hugarheim þess sem flytur og hvernig hann eða hún upplifði slíkar breytingar og hvernig hugsun þeirra mótaði samfélögin sem komu þar við sögu. Minna má á að þessir þættir sem hér hafa verið tilgreindir geta virkað hvetjandi á rannsóknarspurningarnar í hverju tilfalli fyrir sig, en það hlýtur að verða hlutverk rannsakandans og áskorun að ná til þeirra allra.

1 *Worlds in Motion*, bls. 27-28.

Framtíðarrannsóknir og heimildir

Mikið starf er óunnið í sambandi við tengsl Íslendinga við aðrar þjóðir.¹ Þýðing Vesturheimsferðanna fyrir íslenskt samfélag er enn á reki og sömu leiðis framlag þeirra sem fluttust til Norður-Ameríku til kanadískrar og bandarískrar þjóðarheildar. Hér á eftir er hugmyndin sú að fjalla nokkuð um hvaða leiðir séu færar til þess að sýna þessar miklu þjóðfélagsbreytingar í nýju ljósi. Svo virðist sem þetta rannsóknarsvið í heiminum hafi tekið stefnuna frá lýðfræðilegum rannsóknum yfir í eigindlegar rannsóknir sem nýta sér langmest frásagnarheimildir. Þetta má sjá meðal annars á dagskrá margra alþjóðþinga, eins og til dæmis ráðstefnu *The Social Science Historical Association* sem haldin var í Pittsburgh í Bandaríkjunum í lok síðasta árs. Þar komst ég að raun um að fræðimenn, meðal annars þeir sem fjölluðu um innflytjendarannsóknir, voru mikið að breyta áherslum sínum í áður nefnda átt, án þess þó að segja skilið við megindeg rannsóknarsjónarmið.² Hér á landi er þessu að nokkru leyti á annan veg farið. Með nokkurri einföldun má halda því fram að íslenska rannsóknarsamfélagið eigi enn eftir að ganga í gegnum lýðfræðiferlið, við höfum enn allt of litlar tölfræðilegar upplýsingar um Vesturheimsferðirnar þó svo að *Vesturfaraskrá* Júníusar Kristinssonar bæti þar miklu um. Ekki er nokkur vafi á að í framtíðinni verður að vinna á mun markvissari hátt með tölfræðilegt efni, enda ætti slíkt að vera auðvelt með skrá Júníusar sem grundvöll. Þessi staðreynd breytir því ekki að íslenskir fræðimenn framtíðarinnar munu fara inn á áður ókannaðar lendur innflytjendarannsókna og þar verður að hafa eftirfarandi atriði í huga, að mínum dómi:

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að gera heildarúttekt á umfangi þeirra heimilda sem til eru um Vesturheimsferðirnar. Ljóst er að hér er um mikilvægt atriði að ræða og hætt er við að nú þegar hafi mikið efni glatast vegna þess að fræðaheimurinn og stjórnvöld hafa sýnt Vesturheimsrannsóknum

1 Til gamans má geta þess að nokkuð hefur verið hugað að tengslum bresks og íslensks menningarheims og hafa þar einkum tveir fræðimenn látið að sér kveða: Sigrún Pálsdóttir, „Icelandic Culture in Victorian Thought. British Interpretations (c.1850-1900) of the History, Politics and Society of Iceland.“ Doktorsritgerð frá Oxford-háskóla á Englandi 2001. – Andrew Wawn, *The Vikings and the Victorians: Inventing the Old North in 19th-Century Britain* (Cambridge, 2000).

2 Sjá *The 25th Anniversary Meeting of the Social Science Historical Association* sem bar yfirskriftina: „Looking Backwards, and Looking Forward: Perspectives on Social Science History held in Pittsburgh October 26-29, 2000“. Sjá vefslóð: www.flossie.hist.umn.edu/cgi-bin/ssha/ssha.pl.

frekar lítinn áhuga. Margar dagbækur, bréf og önnur persónuleg skrif liggja víða í gömlum kistum og kirknum í Kanada og Bandaríkjunum og bíða þess að lenda í glatkistunni ef ekki verður reynt að nálgast þær með skipulögðum hætti. Það er undir hælinn lagt hversu mikið skynbragð þriðja og fjórða kynslóð innflytjenda hefur á þau menningarverðmæti sem komist hafa í þeirra hendur.

Sömu sögu er að segja um efni sem til er hér á landi í einkaeigu. Bréf sem hingað bárust frá ættingjum og vinum eru afar dýrmætar heimildir um þjóðflutningana og sem betur fer hefur nokkurt magn þeirra skilað sér inn á söfnin hér á landi. Þá má einnig finna mikið og álitlegt efni í söfnum í Bandaríkjunum og Kanada sem er þess eðlis að það er líklegt til að veita góða sýn í heim Vesturferðanna. En betur má ef duga skal. Árið 1998 var ákveðið að hrinda í framkvæmd *Degi dagbókarinnar* hér á landi og landsmenn hvattir til að halda dagbók einn tiltekinn dag, nefnilega 15. október, og koma þeim skrifum í vörslu þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns. Þá var einnig farið fram á að þeir sem ættu gömul handrit og ný ánöfnuðu handritadeild Landsbókasafns því efni og styrktu þannig framtíðarrannsóknir í landinu. Höfundar og ritstjórar þessarar bókar komu að skipulagningu *Dags dagbókarinnar* og eitt af því sem gert var í tilefni dagsins var að senda hvatningarbréf til Kanadamanna og Bandaríkjamanna af íslenskum uppruna þess efnis að þeir kæmu persónulegum heimildum á söfn í Norður-Ameríku eða á Íslandi.¹ Ekki er ljóst hvort þetta áttak hafi borið árangur ytra en hér heima skilaði sér inn mikill fjöldi handrita og það sem meira er, dagurinn vakti mikla athygli á gildi persónulegra heimilda fyrir rannsóknir á fjölmörgum þáttum þjóðlífsins. Hér er þessa getið sem hugsanlegrar aðferðar sem beita mætti aftur í Vesturheimi og þá á mun markvissari hátt en gert var árið 1998. Þannig mætti ekki aðeins safna dýrmætum heimildum heldur einnig vekja athygli almennings á gildi þeirra fyrir sögu þjóðarbrotsins.

Í öðru lagi mætti taka fyrir spurninguna: *Hvers vegna flutti fólk?* á mun gagnrýnni hátt en gert hefur verið og tengja þá umræðu við heimildirnar og hina nýju heimildarýni. Hér er mikið í húfi því að spurningin snertir þýðingarmikil atriði sem tengjast rannsóknum á þjóðfélagi nítjándu aldar. Einnig mætti hugsa sér að ræða hér kenningar um landnám og hvort þær hafi þýðingu í þessu sambandi. Ekki er ósennilegt að svo sé vegna þess að margir landnemarnir íslensku voru beinlínis að líkja eftir því sem hafði átt sér stað þúsund árum fyrr í heimahögum. Þetta sést meðal annars af því að

1 Sjá Sigurður Gylfi Magnússon, „Á bak við tjöldin: Störf framkvæmdarnefndar og starfsmanns. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman.“ Birtist á heimasíðu skýrsluhöfundar: www.akadem-ia.is/sigm og er þar undir liðnum *Dagur dagbókarinnar*. Skýrslan er þar vistuð og aðgengileg.

ritaðar voru nokkurs konar landnámsbækur í Kanada sem líktu eftir Landnámabók Ara fróða.¹ Hér er á ferð mjög áhugavert rannsóknarefni sem gæti leitt fram á gleggri hátt en áður einkenni flutninganna til Vesturheims. Þannig gæfist einkum tækifæri til að nálgast hugarheim Vesturheimsfaranna sjálfra á annan hátt en gert hefur verið og hvernig þeir réttlættu þessi vista- skipti fyrir sjálfum sér eftir að þeir voru flestir búnir að skjóta rótum í hin- um nýju heimkynnum. Hvert var þeirra „sameiginlega minni“, svo gripið sé til nýlegra hugtaka í hinni alþjóðlegu sagnfræðiumræðu, en umræðan hefur nær eingöngu snúist um hið „sögulega minni“, nefnilega hvernig sagnfræðingar og aðrir hafa mótað hugmyndirnar um vesturferðirnar.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að gera tilraun til að nálgast viðfangsefnið út frá sjónarhorni kanadískra og bandarískra stjórnvalda.² Hvað réði áhuga þeirra á Íslendingum og hvernig nálguðust þau viðfangsefnið sitt? Í þessu sambandi væri æskilegt að kanna agentana svonefndu; hlutverk þeirra og bakgrunn. Sambandið milli stjórnvalda, þjóðfélags og einstakra lykilmanna í tengslum við Vesturheimsferðirnar er rannsóknarefni sem nauðsynlegt er að kanna.³

Í fjórða lagi mætti leggja áherslu á að greina þau áhrif sem þjóðflutning- arnir höfðu á þau þjóðfélög sem hýstu innflytjendurna og einnig heimaland- ið sem var yfirgefið. Hvaða áhrif höfðu þessar breytingar á fjölskyldurnar sem tóku þátt í flutningunum, þær sem sátu heima og hvernig komust ein- stakir fjölskyldumeðlimir heilu og höldnu um þau svipugöng? Hverjir högnuðust á flutningum og hvernig? Hverjir urðu undir og hvers vegna? Hér mætti fara út í mikil smáatriði sem gaman væri að velta upp og ræða en gætu um leið varpað þýðingarmiklu ljósi á allt þjóðflutningaferlið. Enn má minnast á sjálfsmynd landnemanna sem einkar áhugavert viðfangsefni, það er hvernig þeir litu á sig bæði í samhengi við aðra innflytjendur og þjóðar-

1 Beinar skýrskotningar til landnámsins á nýfundu öld á Íslandi eru margar. Sjá til dæmis útgáfu á handbók sem nefnist: *Hauksbók hin yngri: Borgaraleg fræði fyrir íslenska borgara í Kanada og Bandaríkjum* (Winnipeg, 1905). Þessi bók er 128 bladsíður og hefur hina eiginlegu Hauksbók sem fyrirmynd, eða eins og fram kemur í formála bókarinnar: „Hauksbók er safn eitt kallað af gömlum handritum íslenzkum, er hefir ýmsan fornan fróðleik að geyma um all-ólík efni. Hefi eg kent þetta litla safn borgaralegra fræða við það fornfræga safn og kallað það Hauksbók hina yngri.“ (bls. 3). Halldór Bjarnason benti mér á þessa bók.

2 Ég vil þakka Vigfúsi Geirdal fyrir góða ábendingu í þessu sambandi en hann rökstuddi mikil- vægi þessar þátta í löngu tölvubréfi til mín í byrjun árs 2001. Vigfús hefur lagt leið sína í rík- isskjalasafnið í Ottawa þar sem hann kannaði sérstaklega opinber gögn sem tengjast íslensku vesturferðunum og tildrögum landnáms á Nýja Íslandi. Niðurstöður rannsókna hans bíða út- gáfu.

3 Um þetta hefur Anne Brydon ritað skemmtilega grein sem nefnist „Dreams and Claims: Icelandic-Saulteaux Interactions in the Manitoba Interlake.“ Birtist í *Journal of Canadian Studies* á næstu misserum.

brot sem þeir höfðu samskipti við og einnig í sambandi við móður- og föðurlandið, Ísland.

Í fimmta lagi verður að gera tilraun til að rekja rannsóknasögu Vesturheimsferðanna í heiminum og setja hana í íslenskt sambengi af mun meiri nákvæmni en hér er gert. Draga verður fram einkenni helstu röksemda-færslna og hvaða leiðir megi fara til þess að varpa ljósi á viðfangsefnið á nýjan hátt. Nokkur atriði má nefna strax í þessu sambandi:

- A. Langflestar rannsóknir sem unnar eru á þessu fræðasviði í heiminum eru tölfræðilegar, en slíkar nálganir gefa frekar takmarkaða sýn á viðfangsefnið.
- B. Einkenni mikils meirihluta rannsókna sem fjalla um Vesturheimsferðir er það sem nefna mætti „kyrrstöðumyndir“, það er að ekki er mikil dýnamík í uppbyggingu þeirra. Ferlið er mælt á einum tímapunkti og einum stað og í besta falli tekið til viðmiðunar annar tímapunktur og önnur staðsetning. Fyrir bragðið vantar sveigjanleika í rannsóknir á Vesturheimsferðum þar sem lögð er áhersla á að draga fram ólíka þætti sem hafa áhrif á þjóðflutningana frá upphafi til enda. Tryggja verður að „lífsháskinn“ sem tilheyrir flutningum til framandi lands týnist ekki í stöðnuðum kvíum rannsakandans.
- C. Allt of mikið af þessum rannsóknum hafa verið því marki brenndar að reynt hefur verið að gefa heildaryfirlit yfir „Vesturheimsferðirnar“. Niðurstaðan verður því frekar yfirborðslegt hjal um almenna hluti sem tengjast viðfangsefni þjóðflutninga.
- D. Þær rannsóknir sem hafa verið unnar á annan hátt en með stóru yfirlitsspurningarnar að leiðarljósi hafa verið byggðar á afar rýrri hugmyndafræði, verið meira í ætt við þjóðlegan fróðleik eða rit sem skipta sér lítið af samhengi fræðanna.

Í sjötta lagi er ljóst að framtíðarrannsóknir á öllu sem við kemur Vesturheimsferðum munu fara fram með notkun persónulegra heimilda þar sem einstaklingurinn er í forgrunni. Þetta er ekki aðeins álit okkar, höfunda þessarar bókar, heldur deilum við því með ritstjórum bókarinnar *Migrants, Emigrants and Immigrants*, þeim Pooley og Whyte, en þeir láta jafnframt í ljós þá skoðun að rannsóknir á hegðun einstaklinga (*behavioural approach*) muni verða fengsælastar á þessu rannsóknarsviði í framtíðinni.¹ Þeir

1 Colin G. Pooley og Ian D. Whyte, „Introduction. Approaches to the study of migration and social change.“ *Migrants, Emigrants and Immigrants. A social history of migration*. Edited by Colin G. Pooley og Ian D. Whyte (London, 1991), bls. 11.

leggja mjög þunga áherslu á að lýðfræðirannsóknir muni ekki veita fræðimönnum miklu fyllri rannsóknarniðurstöður en nú þegar eru ljósar og mikilvægt sé því að safna saman efni sem tengist á einhvern hátt einstaklingum sem fluttu. „Miklu fengsælli er söfnun á heimildum sem tengdar eru persónum og ævi innflytjenda og ná yfir löng tímabil og eru frá ólíkum stöðum. Slíkri heimildasöfnun þarf síðan að fylgja hugmyndarík úrvinnsla og túlkun heimildanna,“ er haft eftir ritstjórunum í áður nefndri bók.¹

Hér er hvert orð talað út úr mínu hjarta en þó vil ég leggja áherslu á að þróuð verði skörp hugmyndafræði í tengslum við úrvinnslu slíkra heimilda. Nauðsynlegt er að finna góð dæmi sem búa yfir ríkulegum upplýsingum, eins og dagbækur, bréfasöfn og önnur persónuleg skrif, til þess að hægt sé að greina þær til dæmis með hugmyndafræði einsögunnar að leiðarljósi. Ég er þeirrar skoðunar að ekki sé nauðsynlegt að leita langt yfir skammt, dæmin þurfa ekki að vera mörg til þess að við getum fengið frábæra vitneskju um umfang og þýðingu Vesturheimsferða út frá persónulegu sjónarhorni þátttakendanna.

Lögð er áhersla á að nauðsynlegt sé að safna saman eins fjölbreyttu heimildaefni og kostur er og tefla því saman við framtíðarrannsóknarspurningar. Mikilvægt er til dæmis að taka ættfræðina í sína þjónustu og greina á eins skýran hátt og kostur er það samskiptanet sem Vesturheimsfarar byggðu upp í nýja heiminum. Kanna verður hvort það samanstóð af fjölskylduböndum, frændsemi, vináttu frá fyrri byggðarlagi eða völdum í hinu nýja umhverfi, eða jafnvel samblandi af öllum þáttunum. Hvernig fór fólk að því að þreya þorrann og góuna? Safna verður hvers konar þjóðlegum fróðleik, sögum og sögnum frá tímum landnámsins og hefja skipulega greiningu á hinu þjóðfræðilega efni; greina teikn og merkingar í lífi þessa fólks sem skýrt geta ofangreind áhersluatriði.

En hér skilja leiðir með mér og þeim Pooley og Whyte því þeir leggja þunga áherslu á að allar þessar rannsóknir á einstaklingunum verði settar í viðeigandi þjóðfélagslegt samhengi. Báðir höfum við höfundar þessarar bókar gagnrýnt þá aðferð í bókinni *Molar og mygla. Um einsögu og glatadan tíma*. Þar hafna ég þeim áherslum sem sagnfræðingar leggja eilíflega á þetta stóra samhengi. Þess í stað sting ég upp á að þeir einbeiti sér fyrst og fremst að viðfangsefnum sínum, sem samkvæmt þessum rökum eiga að

1 „Much more promising is the accumulation of individual longitudinal migration profiles for large samples of people drawn from different places and time periods, followed by the sensitive interpretation of this evidence.“ Colin G. Pooley og Ian D. Whyte, „Introduction“, bls. 12.



Halldór Jónsson (1871-1912) í Miðdalsgröf í Strandasýslu teiknaði þessa mynd upp í dagbók sína og þar kemur fram að fyrirmyndin sé stytta Leifs Eiríkssonar í Boston í Bandaríkjunum.

vera takmörkuð í sniði og umfangi. Þannig sé líklegast að við öðlumst haldgóða þekkingu á „glötuðum tíma“.¹

Engum blöðum er um það að fletta að rannsóknir á Vesturheimsferðum eiga eftir að taka mið í framtíðinni af þeirri staðreynd að heimurinn er að verða eitt samfellt menningarsvæði, eða því sem næst. Hnattvæðingin, en það er þetta ástand nefnt í fræðaheiminum og víðar, er sögð muni gjörbreyta tengslum okkar við aðrar þjóðir og þeim rannsóknarspurningum sem efstar verða á baugi.² Það er einmitt vegna hnattvæðingarinnar sem orðræðan í kringum Landafundahátíðina í Norður-Ameríku hefur haft sérkennilegan hljóm, hljóm sem oft klingdi á fyrri hluta tuttugustu aldar þegar þjóðernisrómantíkin svall mönnum í brjósti. Hér að framan voru þessi rök kennd við landvinningahugmyndafræðina, þar sem Íslendingum var lýst sem hnattvæðingarmönnum á ýmsum tímum mannkynsögunnar. Það sérkennilega er að Íslendingar hafa enn sem komið er að mestu verið áhorfendur að hnattvæðingunni (með góðum undantekningum þó) og hafa þess vegna ekki náð að skilja möguleika hennar. Endurómur hnattvæðingarinnar berst hingad þrátt fyrir allt (eins og fyrri hnattvæðingar gerðu á sextánda, sautjándu og átjándu öld hér á landi) og varpar sérkennilegum þjarna á hugarþel íslenskra ráðamanna og þeirra sem tekið hafa þátt í að fagna þessum tímamótum í lífi þjóðarinnar. Þaðan berst endurvarp þeirrar orðræðu að Austur- og Vestur-Íslendingar séu að renna saman í eitt, svo litlar eru fjarlægðirnar á milli þessara landa; að Vesturheimsferðirnar hafi í raun aldrei átt sér stað, svo sterkur er hinn íslenski menningararfur. Landfræðilegar fjarlægðir eru eftir allt saman afstætt hugtak. Við vitum að „til góðs vinar liggja gagnvegir, þótt hann sé firr farinn“ og því megi líta svo á að Vesturheimsferðirnar séu stormur í vatnsglasi.³ Menningarheimur svæðanna tveggja hafi alltaf verið svo sjálfhverfur að hægt sé að fjalla um hann sem eina heild nú á dögum. Vestur-Íslendingar, eins og Kanadamenn af íslenskum uppruna heita í þessari umræðu, eru nú endanlega að snúa aftur heim til föðurlandsins og er þar fagnað sem týndu sonunum. Það er engu líkara en að þeir hafi verið

1 Þetta á einkum við grein Sigurðar Gylfa Magnússonar sem ber heitið: „Einvæðing sögunnar.“ *Molar og mygla*. Í grein Davíðs Ólafssonar er lögð áhersla á þýðingu fjölbreytilegra rannsóknaraðferða við úrvinnslu hvaða viðfangsefnis sem er. Sjá Davíð Ólafsson, „Fræðin minni. Einsagan, póstmóðernisminn og íslensk sagnfræði.“ *Molar og mygla*, bls. 55-99.

2 Sjá til dæmis bókina *Framtíð lýðræðis á tímum hnattvæðingar*. Atvik 4. Ritstjórar Hjálmar Sveinsson og Irma Erlingsdóttir (Reykjavík, 2000), en þar eru þessi mál rædd frá ýmsum hliðum.

3 Tilvitnun tekin úr Hávamálum. Sjá *Eddukvæði. Fyrsta bindi*. Ólafur Briem annaðist útgáfuna (Reykjavík, 1985), bls. 109.

djúpfrystir í rúm hundrað ár og nú séu aðstæður til að flytja þá heila og ómengaða til baka eins og ekkert hafi í skorist. Þess vegna er Bjarni geimfari Tryggvason skyndilega daglegt andlit í íslenskum blöðum og engu líkara en að hann hafi flutt aftur „heim“ þó svo að hann sé þar ókunnur með öllu. Forseta Íslands hefur þannig tekist hið ómögulega með fulltingi hnattvæðingarinnar, nefnilega að senda einn af „okkar mönnum“ út í geiminn og það án þess að fararskjótinn sé beinlínis sýnilegur.

Við rennum saman í eitt, verðum ein stór fjölskylda sem hugsar eins og hagar sér eins í þessu sársaukans nútíma landi.

Vonandi tekst okkur í framtíðinni að leita leiða til að nálgast viðfangsefnið á frjórrri hátt en raunin hefur verið á síðustu misserum og árum. Hnattvæðingin býður ef til vill upp á möguleika sem hafa verið áður ókannaðir, möguleika sem krefjast hugmyndafræðilegrar uppstokkunar og tækifæris til að vinna sig frá vængstýfðum lýsingum. Þar blasa ekki aðeins við tækifæri til að skilja flókinn vef Vesturheimsferðanna heldur einnig margslungna samsetningu og innræti fólksins sem byggir þetta land.

DAVÍÐ ÓLAFSSON

II. Í frásögur færandi

Vesturheimsferðir í persónulegum heimildum

1. Inngangur

Vestur-Íslendingar – spegilmynd okkar sjálfra

Vesturferðir Íslendinga á síðasta fjórðungi 19. aldar hafa notið vaxandi at-
hygli almennings, fræðimanna og stjórnámálanna á síðustu árum. Rannsóknir og umræða um þennan merkilega þátt í sögu þjóðarinnar höfðu legið í láginni um áratuga skeið og viðamestu sagnfræðilegu verkin á þessu sviði eru komin nokkuð til ára sinna. Það er ekki síst 1000 ára afmæli Vín-
landsfundar Leifs Eiríkssonar hins heppna sem hefur beint sjónum manna að þessum þætti í sameiginlegri sögu Íslands og Norður-Ameríku. Milli 15 og 20 þúsund Íslendingar tóku þá ákvörðun að hleypa heimdrag-
anum á róttækari hátt en hafði tíðkast um aldir, einmitt á þeim tíma sem kenndur er við endurreisn Íslands og einhuga baráttu þjóðarinnar fyrir sjálfsforræði. Þetta fólk yfirgaf sína heimasveit og gott betur, sitt heimaland, og slóst þar með í hóp milljóna annarra Evrópubúa sem freistuðu gæfunnar í nýja heiminum. Þessi hópur hefur í gegnum tíðina fengið misjafnar um-
sagnir sem mótask hafa af tíðarandanum hverju sinni og ríkjandi menningarpólitík. Bandaríski rithöfundurinn Bill Holm lýsir því t.d. í grein sem nýlega birtist í íslenskri þýðingu í *Skírni* hvernig bandaríska þjóðin varð til úr fólki sem hafði farið halloka í sínu gamla heimalandi.

Auðnuleysið gat af sér samfélagið í Minneota í kringum 1880. Með því á ég við að enginn settist nokkurn tíma að þar eftir að hafa notið velgengni annars staðar. Minneota er innflytjendabær, numinn evrópskum lánleysingjum, fyrst þeim sem flúðu sultinn á Írlandi og síðan Noregi, Íslandi, Svíþjóð, Hollandi og Belgíu. Þegar haft er í huga hversu óblítt loftslag og landshættir eru í Vestur-Minnesota, er augljóst að fólk kom ekki þangað til að slæpast eða setjast í helgan stein. Innflytjendurnir komu til að yrkja jörðina, og ef þeim hefði tekist það farsælega í gamla heiminum, hefðu þeir ekki rífið fjölskyldur sínar upp með rótum, sagt skilið við tungu sína og menningu

og boðið moskítóflugum og ofsaveðrum birginn, sér til eintómrar skemmtunar. Minneota er auðvitað smækkuð mynd af landnámi alls landsins. Við erum þjóð auðnuleysingja sem tekist hefur bærilega upp og verið heppnir.¹

Það má líklega til sanns vegar færa að drjúgur hluti þeirra sem héðan fór hafi kynnst auðnuleysinu af eigin raun og margir gripu drauminn um nýja heiminn eins og síðasta hálmstráið í hörðu ári. Og jafnvíst er að ekki fundu þeir allir gæfuna í Ameríku. En þetta fólk, sem var sprottið úr samfélagi sem jafnan er kennt við fásinni og stöðnun, hafði hugrekki til að leggja í ferð sem ekki var mæld í þingmannaleiðum og fann sér nýtt föðurland.

Á síðustu árum hefur sögu þeirra sem hlupust á brott þegar mest reið á að þjóðin stæði saman í sjálfstæðisbaráttunni, eða hröktust undan grimmu náttúrufari og þjóðskipulagi, verið breytt í sögu sigurvegara og sögu landvinnunga, sögu sem leiðir saman Leif Eiríksson, vesturfara 19. aldar og „landkönnuði“ nútímans, Bjarna Tryggvason geimfara, tölvufyrirtækið OZ og Kára Stefánsson í deCODE. Með geimskipum og víkingaskipum könnum við hið óþekkt. Við könnum nýjar heimsálfur, genamengi mannsins og siglum um sæbólíð.² Á þennan hátt skapar samtíðin fortíð sem nota á sem veganesti til framtíðar. Þessi söguskoðun er beint framhald af túlkun helsta sagnaritara Vestur-Íslendinga, Þorsteins Þ. Þorsteinssonar, sem fram kemur í fyrsta bindi *Sögu Íslendinga í Vesturheimi*. Þar segir hann meðal annars um hið framsækna hugarfar vesturfaranna:

Íslendingar þeir, sem nú búa á Íslandi, eiga mestan framgang sinn á fyrsta þriðjungi þessarar aldar því að þakka, að á síðasta þriðjungi níttjándu aldarinnar lifðu þeir menn í landinu, sem þorðu að voga öllu og hugsa hátt, hversu lágt sem þeir lágu. Og fordæmið, sem þeir gáfu frændum sínum heima úr hinni nýju veröld sinni, var mátturinn og dýrðin um upprisueðli hins íslenzka stofns ...³

Í anda þjóðernisorðræðu sjálfstæðisbaráttunnar voru það vesturfararnir sem drápu þjóðina úr dróma með djörfung og dug, saga vesturferðanna er að mati Þorsteins upprisusaga íslensku þjóðarinnar.

1 Bill Holm, „Auðnuleysishljómkviðan. Tilbrigði um hugmynd.“ *Skírni* 171. ár (haust 1997), bls. 290.

2 Sæból er íslenskun Úlfhildar Dagsdóttur bókmenntafræðings á hugtakinu *cyberspace* sem í þessu samhengi rímar þrýðilega við sjófarendur fyrri alda og þá yfirfærðu merkingu siglinga sem geimskip og önnur himinfley nýta sér.

3 Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi I* (Reykjavík, 1940), bls. 81-82.

Bókmenning og ritmennt er mikilvægur þáttur þeirrar menningarpólítísku sjálfsmyndar sem haldið er á lofti þegar fagnað er 1000 ára farsælum kynnum Íslendinga af hinni miklu álfu Norður-Ameríku, og á því sviði námu íslenskir miðaldamenn einnig ný lönd, segir sagan. Enn má finna samsvörun með norrænum mönnum miðalda og íslenskum kotbændum á síðari hluta 19. aldar, því að bókmenntir voru mjög mikilvægur þáttur í sjálfsmynd vesturfara og kannski ekki síður afkomenda þeirra nú á dögum. Og rétt eins og siglingar norrænna manna til Vesturheims á miðöldum voru skráðar í söguformi í *Grænlandingasögu* og *Eiríks sögu rauða* voru íslenskir Ameríkufarar á síðasta fjórðungi 19. aldar einbeittir í því að skrá sögu sína, ferðalög og nýtt landnám. Slík skrif eru varðveitt í miklu magni, hvort sem er prentuð í bókum og tímaritum eða í handritum, s.s. bréfum, dagbókum, ævisögum og minningaþáttum.

Í þessari fimmtu Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar, *Burt – og meir en bæjarleið*, eru birtir valdir kaflar úr dagbókum og öðrum persónulegum skrifum 11 Íslendinga sem fluttu vestur um haf til Kanada og Bandaríkjaanna á síðasta fjórðungi 19. aldar. Á þessi blöð hafa þeir skráð hluta af lífi sínu heima á gamla landinu, búferlaflutningana heimsálfanna á milli og reynslu innflytjandans í nýjum heimi. Þannig gefst lesandanum kostur á að fylgjast með fólki sem stendur frammi fyrir stórkostlegum valkostum og áður óþekktum tækifærum í lífi sínu. Auk þeirra vesturfara sem stýra penna í þessari bók koma fjölskyldur þeirra, ferðafélagar og nágrannar beggja vegna hafsins við sögu. Bókinni er ætlað að birta brot eða svipmyndir úr lífi þessa fólks og þeirra nánustu, brot sem sýna bæði miklar sviptingar og hversdagslegt amstur, hugleiðingar, réttlætningar og uppgjör við eigin gjörðir og það samfélag sem ól af sér þessa miklu þjóðflutninga.

Heimildir og hugmyndir

Dagbækur vesturfara eru einkar áhugaverð heimild um flutningana yfir hafið, ástæður þeirra og afleiðingar. Í þeim sjáum við milliliðalaust hvernig atburðirnir horfa við einstaklingunum sjálfum, hvernig fjölskyldur taka sig upp af kunnuglegum slóðum og halda á vit orlaganna. Þær þurfa ekki að vera margorðar né tilfinningaþrungnar til að sýna hvernig hinn daglegi gangur lífsins fór úr skorðum þegar fólk stóð skyndilega frammi fyrir nýjum möguleikum, nýrri leið til að verja lífi sínu og leita betri afkomu. Í handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns eru varðveittar dagbækur, minniskompur og almanök um það bil 200 einstaklinga sem

lífðu á 18., 19. og 20. öld.¹ Í þeim er skrásett tilvera einstaklinga af ólíkum stigum samfélagsins, embættismanna, presta og bænda og jafnvel vinnu-
manna og lausamanna og úr þeim má lesa daglega reynslu þeirra af lífinu
í þessu landi. Dagbókarritarar eru á öllum aldri en flestir eru karlmenn og
þær sárafaú konur sem finnast í þessum hópi skrifuðu sínar bækur á 20. öld.
Meðal dagbókarritaranna er tugur vesturfara og ná nokkrar þeirra bóka yfir
áratugi í lífi einstaklinga beggja vegna Atlantshafsins og lýsa jafnt lífinu í
gamla landinu, flutningunum sjálfum og aðdraganda þeirra og aðkomunni
og aðlöguninni að nýjum heimkynnum handan hafsins.

Dagbækur eru iðulega tengdar við hið daglega, síendurtekna og hvers-
dagslega og í því liggur styrkur þeirra sem sögulegra heimilda. Ólíkt
sjálfsævisögum eru dagbækur ritaðar jafnóðum og atburðir gerast. Þær eru
hvorki ætlaðar til útgáfu né aflestrar og í þær eru harla ómerkilegir atburðir
skráðir, oftast án útskýringa eða útlistunar. Eðli málsins samkvæmt er hið
einstaka, stórkostlega og óvænta ekki undanskilið skráningum dagbókarrit-
arans en hinn sérstaki stíll dagbókarritunar gerir því einstaka sjaldnast hærra
undir höfði en hinu hversdagslega. Þetta er greinilegt þegar skoðaðar eru
dagbækur vesturfara, þar sem hversdagslífinu er stöðugt umbylt og skil hins
framandlega og kunnulega eru óljós.

Mismunandi ritform hafa mikil áhrif á svip frásagnarinnar. Meirihluti
textanna eru brot úr dagbókum sem eru afar sérstakar og vandmeðfarnar
heimildir, en þær hafa einnig ótvíræða kosti. Sterkasta einkenni dagbókar-
innar er að hún er ekki (eða sjaldnast) ætluð öðrum lesendum en ritaranum
sjálfum. Val efnisatriða og framsetning er því með allt öðru sniði en í frá-
sagnarheimildum eins og sjálfsævisögu eða bréfi, sem hvort tveggja er ætl-
að lesendum, einum eða fleirum. Það sjálfráða og ósjálfráða ferli sem set-
ur atburðina í form skipulegrar frásagnar og röklegtrar framvindu er ekki
nema að litlu leyti virkt þegar maður sest niður og ritar í dagbók og sama
má segja um sjálfsritskoðun af ýmsu tagi. Þegar menn rita ferðasögu sína
eða hugleiðingar um vesturferðir í bréfi til ættingja eða vina er þessu á ann-
an veg farið og ólíkur ásetningur og margvíslegir hagsmunir setja mark sitt
á ritháttinn. Hafa ber í huga að samband bréfitara og móttakanda er ein-
stakt í hverju tilviki fyrir sig og taka verður tillit til þess er texti sendibréfa
er lesinn og túlkaður.² Slík bréf eru einnig samtímaheimildir eins og dag-

1 Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru. Dagbækur, sjálfsmynd og heimsmynd á 18. og 19. öld.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk* (Reykjavík, 1998), bls. 51-88 og „Dagbækur í handritadeild Landsbókasafns.“ *Ritmennt. Árbók Landsbókasafns Íslands* 3 (1998), bls. 109-131.

2 Sjá umfjöllun Sigrúnar Sigurðardóttur sagnfræðings um túlkun bréfa og tengsl bréfitara í

bækur en ritarinn hefur þó haft tækifæri til að setja atburði lífs síns og nánasta umhverfis í samhengi. Þannig leggur hann drög að röklegri heild þar sem orsakir og afleiðingar og ákvarðanir og aðgerðir tengjast á skipulegan hátt. Þetta einkenni kemur enn skýrar fram þegar menn skrifa sjálfsævisögulegar frásagnir, gjarnan áratugum eftir að atburðirnir hafa átt sér stað. Þá er ævin öll lögð undir, merkustu viðburðirnir vegnir og mældir og lífshlaupið tengt þjóðarsögunni. Vesturferðirnar eru skýrðar, og á stundum réttlættar, í ljósi samfélagsaðstæðna á Íslandi á 19. öld, reynslunnar af landnámi Íslendinga vestanhafs og samtímaviðhorfa, svo dæmi sé tekið.

Þrátt fyrir slíka skiptingu eru skilin milli þessara heimildaflokka oftar en ekki óljós og fljótandi. Sjálfsævisögur byggjast gjarnan á samtímaritheimildum frá hendi höfundar, bæði bréfum og dagbókum. Bréfritarar styðjast við dagbækur og dagbókarritarar skrá gjarnan ævisögulega kafla í dagbækur sínar, t.d. ársyfirlit eða yfirlit yfir bernsku sína fram til þess tíma að þeir hófu dagbókarritun. Dæmi um þetta síðastnefnda má finna í dagbók Björns Halldórssonar, en kafla úr henni er birtur í þessari bók.¹ Vesturfarinn Björn Kristján Skagfjörð, sem fór með fyrsta stóra hópnum til Ameríku árið 1873, sameinaði bréf, ferðasögu og dagbók er hann skrifaði heim 1. september það ár.² Bréfið, sem samanstendur af daglegum færslum úr um þriggja vikna ferðalagi, stílaði Björn á föður sinn og bróður en það birtist einnig alþjóð í Norðanfara sama ár, enda þótti efni þess heldur betur í frásögur færandi. Einnig er athyglisvert að sjá samspil ólíkra tjáningarháttanna í ritum Jóns Kjærnesteð og ættingja hans sem birtast hér á eftir. Hvert form persónulegra skrifa fyrir sig varpar ljósi á ákveðna þætti í sögu vesturferðanna, eins og þær snertu Jón og hans nánustu. Í dagbókinni er hið hversdagslega sam-

Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 3 (Reykjavík, 1999), bls. 32-36.

1 *Lbs 3148 8vo – Dagbók Björns Halldórssonar. Í síðasta bindi dagbóka Björns er stutt yfirlit yfir æsku og unglings ár hans og þar segir í upphafsorðum: „Fyrri hluta ævi minnar hef jeg að litlu eða engu getið í dagbókunum, skal hans því að nokkru getið.“ Sjá Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru,“ bls. 82. Sjá einnig *Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Próm. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 2 (Reykjavík, 1998). Magnús skrifaði sjálfsævisögu sína fram til þess tíma að hann hóf dagbókarritun, um tvítugt. Þetta gerði hann til að fylla upp í þá mynd af lífshlaupi sínu er hann vildi skapa með persónulegum skrifum sínum en Magnús er einstakt dæmi um mann sem notar dagbókina á meðvitaðan hátt til að skrá sögu sína, bæði sem málsvörn sína og ákæru á hendur samfélaginu. Sjá nánar Sigurður Gylfi Magnússon, „Magnús og mýtan.“ *Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins*, einkum bls. 63-67.**

2 Sjá Guðjón Arngrímsson, *Nýja Ísland. Örlagasaga vesturfaranna í máli og myndum* (Reykjavík, 1997), einkum bls. 15-16 og 82-84. Bréf Björns birtist í *Norðanfara* 3. september 1873.

hengi hlutanna í öndvegi, í bréfunum samræða og í æviminningunum er að finna listræna framsetningu og skipulega samantekna lífsreynslu.

Efniviður þessarar bókar er sóttur í ýmis handritasöfn hér á landi og í Vesturheimi og að nokkru leyti í prentuð rit. Brot úr fjórum handritum úr Landsbókasafni Íslands – Háskólasafni eru birt hér, þ.e. kaflar úr dagbókum Þórðar Brynjólfssonar, bónda á Valshamri í Barðastrandarsýslu (1882-1883), Björns Halldórssonar, bónda og hreppstjóra, sem oftast var kenndur við Úlfstaði í Loðmundarfirði (1889) og Jóhannesar Ásgeirs Línadal, búfræðings frá Miðhópi í Húnavatnssýslu (1891) og loks endurminningar Jóns Jónssonar yngri frá Munkaþverá í Eyjafirði, sem fór vestur um haf árið 1873.¹ Einn dagbókarkafli er sóttur í Héraðsskjalasafn Austurlands á Egilsstöðum en þar er varðveitt brot úr dagbók Þorvarðar Stefánssonar frá Bakka í Borgarfirði eystri frá árunum 1886-1893.² Bróðurpartur dagbóka Þorvarðar er í fórum afkomanda hans í Vesturheimi, Shirley Guðríðar MacFarlane, sem búsett er í Gimli í Kanada og ná þær yfir fulla sjö áratugi, frá 1874-1944. Auk 18 mánaða kafla úr dagbókum Þorvarðar, frá 1. mars 1886 til 31. ágúst 1887, birtum við hér þriggja mánaða brot frá árinu 1875, með góðfúslegu leyfi Shirley Guðríðar, þar sem sagt er frá upphafi Öskjugoss sem talið er að hafi haft mikil áhrif á þróun vesturferðanna á áttunda áratug 19. aldar.

Auk þess eru hér birtir kaflar úr handritum fjögurra vesturfara sem varðveitt eru í handritadeild Elizabeth Dafoe-bókasafnsins í Manitobaháskóla í Winnipeg, dagbækur, bréf og ævisögubrot. Fyrst ber að nefna gögn kominn frá Jóni Kjærnesteð, dagbókarbrot frá árinu 1887, æviþáttur sem ber yfirskriftina *Ameríkuför mín* og bréfaskriftir innan fjölskyldu Jóns sem að mestu snúast um Vesturheimsferðir. Þaðan eru einnig ævisögukafli Húnavetningsins Símonar Símonarsonar, dagbók Odds Guðmundssonar frá Akranesi (O.G. Akraness) og stutt brot úr dagbók Jóhanns Schram frá árinu 1876.³

1 *Lbs* 2934 4to og *Lbs* 2819 8vo – Dagbækur Þórðar Brynjólfssonar 1882-1885 og 1885-1887. *Lbs* 3144-3148 8vo – Dagbækur Björns Halldórssonar 1860-1894.

Lbs 4381-4386 8vo – Dagbækur Jóhannesar Ásgeirs Línadal í Ólafsdal og Reykjavík 1885-1886 og í Kanada 1889-1903.

Lbs óskráð – Handritasafn Benjamíns Kristjánssonar. Kassi 13. Æviþáttur Jóns Jónssonar yngri á Munkaþverá.

2 *HAS Alm.* XI.1. – Dagbókarbrot Þorvarðar Stefánssonar frá Bakka, 1. mars 1886 til 30. ágúst 1889 og 1. janúar 1890 til 22. desember 1893. *Ehdr* – Dagbækur Þorvarðar Stefánssonar 1874-1944.

3 *Mss Isl.* 1 – Dagbók, fjölskyldubréf og ferðasaga úr fórum Jóns Kjærnesteð.

Mss Isl. 34 – Ævisaga Símonar Símonarsonar.

Mss Isl [] – Dagbækur Odds Guðmundssonar (O.G. Akraness) 1887-1912.

Mss Isl [] – Dagbókarbrot Jóhanns Schram 1876 (uppskrift).

Ekki hefur verið ráðist í tæmandi leit að heimildum af þessu tagi af hálfu aðstandenda þessarar bókar, hvorki á Íslandi né í Kanada. Einkum hefur verið leitað í það efni sem er aðgengilegt á söfnum og rekið hefur á fjörur okkar á síðustu árum. Enginn vafi er á að víðtæk eftirgrennslan, annars vegar á öðrum söfnum beggja vegna Atlantshafsins og hins vegar, og ekki síður, meðal almennings myndi færa okkur mikið magn persónulegra heimilda og frásagnarheimilda frá fyrstu hendi er tengjast vesturferðunum. Engu að síður er af nógu að taka þegar draga á fram reynslu Íslendinga af vesturferðunum, bæði í handritum og á prenti.

Auk þeirra níu handritabrota sem fyrr eru talin, og varðveitt eru á söfnum beggja vegna Atlantshafsins, er hluti efnis þessarar bókar sóttur í *Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar* sem birti margvíslegan fróðleik um sögu Vesturheimsferðanna um áratuga skeið. Þetta er gert í tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi er þar að finna sýnishorn af annars konar persónulegum skrifum vesturfara en þeim sem við höfum leitað eftir í handritasöfnum. Þar er um að ræða stutta endurminningaþætti og þætti til landnámssögu Íslendinga í Vesturheimi. Slíkir þættir eru gagnorðir og samþjappaðir og oftast skrifaðir með lesendur í huga, áratugum eftir að atburðirnir áttu sér stað. Þessi sýnishorn eru til marks um þá sterku tilhneigingu íslenskra innflytjenda í Bandaríkjunum og Kanada að skrá sögu sína, jafnt persónusögu sem þjóðarsögu. Úr *Almanaki Ólafs S. Thorgeirssonar* koma tveir stuttir kaflar, *Landnámssaga mín* eftir Marteini Jónsson, skrifuð í október 1935 og prentuð í almanakinu tveimur árum síðar, og *Brot úr ferðasögu Þórðar Diðriks-sonar frá Íslandi til Utah 1855-56*, sem birtist á síðum almanaksins árið 1920.¹ Þórður er talinn hafa verið fyrsti íslenski mormóninn sem flutti til Utah en í sjálfu sér er ferðasaga hans lík hverri annarri frásögn vesturfara, þótt oft sé litið á mormóna sem einangrað fyrirbæri í sögu þeirra.

Flestir kaflarnir hverfast um ferðina sjálfa, siglinguna frá Íslandi til Skotlands og þaðan til Norður-Ameríku. Þessi langa, viðburðaríka og á stundum lífshættulega ferð þvert yfir Atlantshafið hefur lengi verið táknmynd vesturferðanna. Nefna sem dæmi að á kápu bókar Guðjóns Arngrímssonar, *Nýja Ísland*, er prentuð mynd Sigfúsar Eymundssonar af farþegum vesturfaraskipsins Camoens, líklega tekin árið 1887, en samkvæmt Guðjóni er hún önnur tveggja mynda sem eru til af íslenskum vesturförum um borð í slíku fari.² Hin myndin, sem er einnig tekin af Sigfúsi um borð í Camoens,

1 Marteinn Jónsson, „Landnámssaga mín.“ *Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar 1937*, bls. 65-71. – „Brot úr ferðasögu Þórðar Diðriks-sonar frá Íslandi til Utah 1855-56.“ *Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar 1920*, bls. 65-71.

2 Guðjón Arngrímsson, *Nýja Ísland*, bls. 87.

þrýðir tvo kynningarbæklinga Vesturfarasetursins á Hofsósi.¹ Ferðin sjálf er frásagnarverð og ótalmargt sem fyrir augu ber, einkum í borgum Skotlands og svo þegar komið er að ströndum hins mikla meginlands Norð-ur-Ameríku. Þó eru ritarnir aldrei heimóttalegir eða opinmyntir af undrun, frekar eins og reyndir ferðamenn sem lýsa því sem fyrir ber af eftirtekt og áhuga. En þótt ferðin sjálf, burt og meir en bæjarleið, sé gjarnan þungamiðja frásagnanna beinum við einkum sjónum að aðdraganda þess að sögumenn okkar hleypa heimdraganum á svona afdrifaríkan hátt og hvernig þeim vegnar í nýjum, og að mörgu leyti framandi heimi vestanhafs. Í stuttu máli má segja að tvennt einkenni þær frásagnir heimilda af vesturferðum sem hér eru birtar. Annars vegar hversu aðdragandi umskiptanna miklu virðist oft hafa verið stuttur og hins vegar hversu mikla aðlögunarhæfni fólk hafði að gjörólíkum atvinnu- og búsetuháttum vestanhafs og hversu djarft það var að takast á við samfélag og lífshætti sem fyrir þeim báru svip framfara og nýjunga en um leið áhættu og óöryggis. Þessi atriði verða rak- in nánar í síðari köflum þessarar greinar með hliðsjón af þeim textum sem birtir eru í bókinni.

Leiðsögumenn okkar yfir hafið verða kynntir stuttlega á undan þeirra eigin textum og gerð grein fyrir lífshlaupi þeirra, eins og heimildir leyfa. Afar misjafnt er hversu mikið er til af heimildum um þessa menn aðrar en þau persónulegu skrif sem eru efniviður bókarinnar. Um suma þeirra hefur birst ævisögulegt efni á prenti, allt frá litlum klausum í æviskrám, eða landnámssögum Íslendinga í Vesturheimi, upp í langa samfellda ævipætti. Sumir hafa skilið eftir sig sjálfsævisögulegt efni í handritum, auk þess sem finna má upplýsingar um flesta í kirkjubókum og manntalsgögnum. Þá er enn ónefnd *Vesturfaraskrá* Júníusar Kristínssonar sem veitir ómetanlegan aðgang að mikilvægum grunnupplýsingum um vesturfarana og fjölskyldur þeirra og sparar þannig mörg sporin.² Um söfnun þessara heimilda gildir það sama og sagt var um söfnun frumtexta, ekki hefur verið ráðist í ítarlega leit að gögnum varðandi þessa menn og líklegt er að margt sé skráð um þá sem ekki kemur fram hér.

Næstu tveir kaflar greinarinnar eru tileinkaðir aðdraganda vesturferða í lífi einstaklinganna og fjölskyldna þeirra og lífinu í nýja landinu fyrstu vikurnar og mánuðina. Lögð er megináhersla á mismunandi aðstæður fólks og

1 *Vesturfarasetrið á Hofsósi/The Icelandic Emigration Center at Hofsós*. Kynningarbæklingur fyrir safnið. – *Annað land. Annað líf. Vesturheimsferðir Íslendinga 1870-1914/New land. New life. An exhibition on emigration from Iceland to North America 1870-1914*. Bæklingur vegna samnefndrar sýningar í Vesturfarasetrinu.

2 Júníus Kristínsson, *Vesturfaraskrá 1870-1914* (Reykjavík, 1983).

ástæður fyrir flutningunum, væntingar sem það hafði til nýja landsins og viðbrögð við nýjum aðstæðum.

2. *Burt – og meir en bæjarleið*

Að reyna eitthvað nýtt

Söguhetjur og sögumenn þessarar bókar fóru flestir vestur um haf á níunda áratug 19. aldar, en á þeim áratug fluttu rúmlega sex þúsund Íslendingar til Bandaríkjanna og Kanada, þar af tæplega 2000 árið 1887 og á annað þúsund árin 1883 og 1888.¹ Á þeim árum voru vesturferðirnar í hámarki og umræður og deilur um þær gegnsýrðu allt þjóðfélagið. Vesturfaraagentarnir svonefndu voru umtöluðustu menn landsins á þessum árum og ýmist hataðir sem föðurlandssvikarar og ótíndir braskarar eða þeim var fagnað sem frelsurum í augum fólks sem þyrsti í ný tækifæri. Ætla má að búferlaflutningar til Norður-Ameríku hafi verið raunverulegur valkostur í huga hvers einasta Íslendinga á þessum árum. Við upphaf níunda áratugarins höfðu um þrjú þúsund Íslendingar þegar flutt vestur um haf, fyrst í litlum hópum en árin 1873 og 1874 fóru í fyrsta sinn stórir hópar frá Norðurlandi og meira skipulag komst á ferðirnar.² Erlend skipafélög komu sér upp umboðsmönnum hér á landi og fyrsta auglýsingin um vesturferðir birtist í Akureyrarblaðinu *Norðanfara* í árslok 1872. Þar kynnti Guðmundur Lambertsen, kaupmaður í Reykjavík, komu gufuskips Allan-skipafélagsins og „mælist [...] til að þeir er vilja fá flutning með því til Vesturheims gefi mér þar um skriflega tilkynningu sína hið fyrsta ...“, eins og þar segir.³

En áhugi Íslendinga á því að flytja búferlum til annarra landa nær nokkuð aftur fyrir skipulagðar siglingar erlendra skipafélaga og umboðsmenn þeirra. Víða um Evrópu var það trúin sem flutti fólk vestur um haf og fyrsti hópur íslenskra vesturfara leitaði fyrirheitna landsins í Utah í Bandaríkjunum. Trúboð mormóna á Íslandi um miðja 19. öld bar þann árangur að nokkrir tugir Íslendinga tóku trúskiptum og drjúgur hluti þess hóps flutti til Bandaríkjanna á árunum 1855 og 1856. Þorsteinn Þ. Þorsteinsson ýjar að því í fyrsta bindi *Sögu Íslendinga í Vesturheimi* að fátækir Íslendingar hafi í trúboði mormóna séð annars konar fagnaðarerindi en til var stofnað, þeir hafi einfaldlega séð tækifæri til að losna úr örbirgð og bjargarleysi, eða með orðum Þorsteins sjálfs:

1 Júníus Kristinsson, *Vesturfaraskrá*, bls. xx, tafla 1.

2 Júníus Kristinsson, *Vesturfaraskrá*, bls. xx, tafla 1.

3 Guðjón Arngrímsson, *Nýja Ísland*, bls. 67.

Þessi seinni Vínlandsför um miðja níttjándu öld er farin af fáum og fátækum mönnum á strjálangi, sem hafna helgi trúar sinnar og brjóta gömlu boðorðin sín á hinu nýja hellubjargi helgra manna í Utah, til þess að losna við sultinn í Eyjum. Öðru vísi gátu þeir naumast komist til Ameríku frá Íslandi á þeim tímum.¹

Einn þessara trúskiptinga var Þórður Diðriksson og segir Þorsteinn hann vera þann fyrsta sem flutti frá Íslandi til Utah. Hluti ferðasögu hans birtist á síðum *Almanaks Ólafs S. Thorgeirssonar* árið 1920 og er sá kafli endurprentaður hér. Þórður var bóndasonur úr Landeyjum sem kynntist boðendum Mormónakirkjunnar í Vestmannaeyjum upp úr 1850 en ekki fer mörgum sögum af trú hans eða öðrum ástæðum að baki búferlaflutningunum. Þórður var alls um 16 mánuði á leiðinni frá Íslandi til Utah og þegar þangað kom voru þrír aðrir Íslendingar komnir til Mormónabyggða, hjónin Samúel Bjarnason og Margrét Gísladóttir og vinnukona þeirra Helga Jónsdóttir, sem síðar varð fyrsta eiginkona Þórðar.²

Hafi Ameríkuferðir íslenskra trúskiptinga frá Vestmannaeyjum verið það hálmstrá sem fátækt fólk greip til að komast úr allsleysinu og harðindunum sem héldu fólki í helgreipum um miðja 19. öld, litu bændur norðanlands til Vesturheims af mikilli yfirvegum og bundust samtökum um að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd. Um miðjan sjöunda áratug 19. aldar komust utanferðir í hámmeli meðal Þingeyinga, meðal annars fyrir tilstilli Einars Ásmundssonar í Nesi.³ Þingeyingurinn Sigfús Magnússon, prestssonur frá Grenjaðarstað, lýsir kynnum sínum af vesturferðahreyfingu norðanmanna í frásögn sem birtist í *Almanaki Ólafs S. Thorgeirssonar* árið 1914:

Á þessum árum, eða 1865 og þar eftir, var farið að hreyfa útflutningum frá Íslandi, og var eg einn sem snortinn varð af utanfarar fýsn. Einar Ásmundsson í Nesi var hinn fyrsti maður, sem hreyfði þessu; útvegadi hann sér ýms rit og landalýsingar, bæði á dönsku og þýzku; gekk þetta milli manna í sveitunum, sem gátu notið þess, og svo sögðu þeir sem þetta lásu hinum, því allir gjörðust nú forvitnir um þessa nýlundu. Dreifðist þetta ótrúlega fljótt út um Þingeyjar- og Eyjafjarðar-sýslur. Fyrst hafði þó verið minst á Grænland, svo Brasilíu og síðast Kanada og Bandaríkin. Mig fýsti þá að leita gæfunnar í útlöndum, og óáran og misindisstjórn hertu á útfararlönguninni.⁴

1 Þorsteinn P. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi* I, bls. 65.

2 Þorsteinn P. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi* II (Winnipeg, 1943), bls. 8-9.

3 Arnór Sigurjónsson, *Einars saga Ásmundssonar* I (Reykjavík, 1957), sjá einkum kafla XIV.

4 „Sigfús Magnússon.“ *Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar 1914*, bls. 168.

Sigfús var í hópi þess unga fólks sem fýsti að starfa við eitthvað annað en landbúnað í stöðnuðu kerfi. „En á Íslandi er þó ekki um margt að kjósa, ...“ – segir Sigfús á einum stað í æviþætti sínum og ræðir nauðsyn þess að unglingum standi til boða þeir atvinnuvegir sem þeir sjálfir kjósa og geti hugsað sér að stefna á.¹ Og hann sá, eins og fleiri, tækifæri í Vesturheimi og var að sínu leyti vel undir slíkt búinn, af efnuðum bændum kominn og vel menntaður í mörgum tungumálum, landafræði og fleiru og vel af guði ger.

Jón Jónsson, bóndasonur á Munkaþverá í Eyjafirði varð fyrir áhrifum frá þessari hreyfingu á unglingsárum, eins og sjá má í æviþætti hans sem hér er birtur. Hann flutti vestur um haf árið 1875, rúmlega tvítugur að aldri, og lýsir tildrögum Ameríkuferðar sinnar þannig:

Árið 1873 er ég var 20 ára gamall, var mikil hreifing hjer í Eyjafirði, vegna frjetta þeirra vestan um haf frá þeim sem til vesturheims höfðu farið og ljettu fremur vel af. En hjer voru flestir bændur óánægðir með kjör sín, þar sem skortur var mjög tíður á vorum, bæði á fódri fyrir menn og skepnur og eldsneyti uppgengið, og peningar sáust varla meðal manna fyr en hrossa og sauðasala byrjaði til Englands um 1870. En þetta vor 1873 ákvörðuðu nokkrir bændur að bregða búi og flitja sig vestur um haf. Úr þessu nágreppi voru t.d. Pjetur á Stokkahlöðum, Ólafur á Litlahóli, Friðbjörn á Kroppi, Kristinn í Víðirgerði, Jakob í Kristnesi og Hallgrímur á Rútsstöðum. Ég hafði líka verið óánægður, ekki komist að við neitt handverksnám, eg átti víst að verða bóndi uppá gamlan móð, en jeg hafði enga löngun til þess, og svo komst ég í nokkra ónád hjá foreldrum mínum fyrir að adhillast eina af vinnukononum, sem jeg þó giftist síðar. Svo var ég farin að vera nokkuð drikkfeldur og stundum með í túrum ungra manna á Akureyri og kynntist sumum háttum þeirra sem jeg vildi ekki venja mig á. Jakob bróðir minn var þá í Kaupmannahöfn að læra málaraiðn, en hafði sveinsbréf sem timburmaður frá Triggva Gunnarssyni, hann var 3 árum eldri en jeg. Hann var mikið betur að sjer í bóklegum fræðum en jeg sem altaf gengur illa að læra og muna, til dæmis ljóð, og þókti ekki til neins vel fallin og var lengi fram- an af ævi óhraustur.²

Gufuskiptið Queen kom til Akureyrar seint og um síðir í ágústbyrjun 1873 og þá höfðu um 200 Norðlendingar beðið vikum saman upp á von og óvon. Sem dæmi má nefna að Jón Jónsson, bóndi frá Mjóadal, dvaldist ásamt fjölskyldu sinni í þrjár vikur og fjóra daga á Akureyri, verklaus að kalla, eftir

1 „Sigfús Magnússon.“ *Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar 1914*, bls. 168.

2 *Lbs óskráð* – Æviþáttur Jóns Jónssonar yngri á Munkaþverá.

því sem kemur fram í dagbókum hans.¹ Þegar til kom var ekki skipsrúm fyrir alla þá sem pantað höfðu far og um fjórðungur hópsins sat eftir. Auk þessa 150 manna hóps mun annað eins af fólki hafa hleypt heimdraganum þetta ár, m.a. héldu 34 Íslendingar til Brasilíu, um tugur manna sigldi frá Húsavík til Noregs og þaðan til Bandaríkjanna snemma sumars og 20 manna hópur hélt frá Austurlandi, sem einnig stefndi til Bandaríkjanna.²

Jón Jónsson frá Munkaþverá var einn þeirra sem leit á Ameríku sem land tækifæranna á upphafsárum skipulagðra vesturferða.

Nú vildi jeg komast í burt og reina eitthvað nít og auðveldast var að komast til Ameríku með þessu fólki, og þar sem jeg var að komast á fullorðins ár og sjálfs ráðandi, bjóst jeg til ferðar, með litin fararkost. Þegar hrossaskipið kom sem líka skildi taka (Emigranta) til Englands, fór ég alfarin að heiman til Akureyrar.³

Þegar til Akureyrar kom varð ljóst að fleiri höfðu hug á að komast til Vesturheims en skipið rúmaði og var málum þannig skipað að fjölskyldur sátu fyrir en ógiftir sátu eftir, þar á meðal Jón.

Þegar Jón sigldi loks vestur um haf árið 1875 voru engin vesturfaraskip í siglingum frá Íslandi en nokkur hópur tók sér far með flutningaskipum og munu nokkrir tugir Íslendinga hafa flutt til Vesturheims það ár. Þeirra á meðal var 10 manna hópur sem lagði af stað frá Akureyri 2. maí. Í þeim hópi voru þeir Munkaþverárbræður Jón og Jakob Jónssynir og Friðrik J. Bergmann, sem síðar varð prestur í Vesturheimi og einn áhrifamesti forkólfur í menningarlífi Íslendinga vestra.⁴

Saga Jóns er fyrst og fremst skýrsla þess sem fór ungur út í heim að reyna eitthvað nýtt en fýsti ekki að verða bóndi upp á gamla móðinn og í þokkabót „þókti ekki til neins vel fallin“ eins og hann segir sjálfur. En eftir að hafa gengið í gegnum mikla erfiðleika meðal frumherja og landnámsmanna reyndist honum margt lagið og frásögnin er eins konar dæmisaga um aðlögun vesturfara að nýjum lífsháttum. Þar segir frá fjörugu, andlegu lífi Vestur-Íslendinga og viðhaldi íslensks þjóðernis í Vesturheimi og um leið er sagan, eins og obbinn af íslenskum sjálfsævisögum karla, saga at-

1 Bergsteinn Jónsson, „Frá sauðfjárbúskap í Bárðardal til akuryrkju í Wisconsin. Þættir úr dagbókum Jóns Jónssonar frá Mjóadal.“ *Saga XV* (1977), bls. 105.

2 Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi II*, bls. 87 og 144-156. Þorsteinn telur að síðastnefndi hópurinn hafi stefnt til Brasilíu þegar lagt var úr höfn á Vopnafirði en skipt um skoðun þegar til Danmerkur kom og haldið til Milwaukee í Bandaríkjunum.

3 *Lbs óskráð* – Æviþáttur Jóns Jónssonar yngri á Munkaþverá.

4 Þorleifur Jóakimsson (Jackson), *Framhald á Landnáms sögu Nýja Íslands* (Winnipeg, 1923), bls. 33.

hafna og afreka, framkvæmda og framfara í lífi einstaklings og þjóðar(brots). Ferð Jóns heim til Íslands árið 1909 er svo staðfesting á því að það hafi verið rétt ákvörðun að flytja til Vesturheims aldarþriðjungi fyrr. Fátt hafði breyst til betri vegar og framfarir þóttu honum litlar hafa orðið.

Ævisögubáttur Jóns er að því leyti ólíkur flestum öðrum textum í bókinni að hann er skrifaður í endurliti áratugum eftir að hann flutti vestur um haf og hann rekur ævi og athafnir sínar fram á efri ár. Sem slíkur gefur hann okkur örlitla innsýn í líf vesturfara og stöðu þeirra í samfélaginu áratugum eftir búferlaflutningana. Í honum eru einnig sögð brot úr sögu Norður-Ameríku og er þáttur innflytjenda í þeirri uppbyggingu augljós.

Ótíð og illæri

Allt frá tíma vesturferðanna til dagsins í dag hefur verið litið á þær sem afleiðingu harðinda og langvinnar ótíðar á sjöunda og áttunda áratug 19. aldar. Þorsteinn Þorsteinsson, einn helsti sagnaritari Vestur-Íslendinga, slær þann undirtón í gegnum fyrsta bindi *Sögu Íslendinga í Vesturheimi* að eldar, ísar og illæri hafi gert það að verkum að athafnasamir Íslendingar fóru að leita fyrir sér um ný heimkynni í framanði álfum, fyrst í Brasilíu og síðar Norður-Ameríku, einkum Kanada.¹ Og vissulega voru árin uppúr miðri 19. öld afar hörð, einkum sjöundi áratugurinn, og einstök ár á þeim áttunda og níunda urðu nafnkunn harðindaár, s.s. svellaveturinn mikli 1874 og harðindaárin 1881-1882. Öskjugosið 1875 lagðist svo ofan á annað og einnig má nefna til sögunnar mislingafaraldur 1883 og hina landlægu barnaveiki. Í kafla Helga Skúla Kjartanssonar í *Íslenskum söguatlas* segir: „Áföll vegna árferðis, hafíss og eldgoss hafa haft mikil áhrif á Vesturheimsferðirnar. Þær voru mestar þegar harðast var í ári – eða næstu árin á eftir – og langmestar frá Norðausturlandi þar sem áföllin komu harðast niður.“² Þetta er venjulega talin aðalástæða vesturferðanna og um slíkar aðstæður má ljóslega lesa í dagbókum, bæði vesturfara og annarra, því að árferði, skepnuhald og heilsufar heimilisfólks, oftast í þessari röð, er meginefni þeirra. Aðra sögu er að segja af félagslegum aðstæðum og ástandi landsmála yfirleitt. Þótt í dagbókunum megi lesa margt um kjör fólks, atvinnuhætti, heimilishald, aðgang að jarðnæði og almennt athafnafrelsi liggja

1 Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi* I, bls. 21-80. Kaflaheitin *Eldar, Ísar og Útþrá og illæri* segja allt sem segja þarf um þessa söguskoðum Þorsteins.

2 *Íslenskur söguatlas 2. Frá 18. öld til fullveldis*. Ritstjórar Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson (Reykjavík, 1992), bls. 124.

ástæður af slíkum toga ekki eins ljósar fyrir augum lesandans og hinar veðurfarslegu.

Aðdragandi vesturferðar Þórðar Brynjólfssonar frá Valshamri, að því leyti sem hann birtist okkur í dagbókum hans, er djúpt markaður af harðindum og veikindum. Vond ár koma og önnur skárri á milli og fátt annað að gera en að „þakka Guði fyrir það sem orðið er, kannskje að alveldinu þóknist að gjefa mjer og öllum betra og blíðara ár“ – eins og Þórður kemst að orði í dagbók sinni í lok síðasta árs hans á Íslandi 1882.¹ Þórður og kona hans, Valgerður Jónsdóttir, sigldu með skipinu Camoens vestur um haf árið 1883, ásamt þremur börnum sínum, 5, 8 og 9 ára, foreldrum Þórðar, sem einnig voru búandi á Valshamri, og vinnufólki. Reyndar er yngsta barn þeirra, Guðrún Herbjörg, einnig skráð í *Vesturfaraskrá* en hún lést nokkrum dögum áður en fjölskyldan lét í haf.² Í þessari bók er birtur þriggja ára kafli úr dagbókum Þórðar, frá 1. janúar 1882, er dagbókin hefst, og til ársloka 1884, en hann hélt áfram að skrifa í bók sína til ársins 1887.³

Árið 1883 var eitt hið mesta útflutningsár í sögu vesturferðanna, alls fluttust rúmlega 1200 Íslendingar til Norður-Ameríku eftir afsþyrnuslæmt árferði 1881 og 1882.⁴ Meðal þeirra var 8 manna fjölskylda ásamt hjúum frá Tindum, næsta bæ við Valshamar, og fleiri sveitungar Þórðar og vinir. Nærri vorjafndægri, hinn 16. mars 1882, lýsir Þórður tíðarfarinu á eftirfarandi hátt:

Fór Jónas í Múla norður að reina að koma fyrir, og Sæm. frá Nesi sama erindis. Lítur út fyrir fellir, Einar í Nesi búinn að skjera 10 ær, og hitt allt í voða (um 140 kindur), Eyjólfur í Múla þar nærstur, og svo hver af öðrum. Svo voðalega sem leit út um þetta leyti í fyrra (81), er þó enn ver nú, einkanlega hjer í sveitinni, betra í sveitunum hjer í kring. Þó einginn aflags fær, sem eg til veit, hjer gjetur einginn öðrum bjargað, svo haldist þetta nú eins og í fyrra í miðjan einmánuð, hlítur að falla hjá mörgum, og peningur langdreginn, hjá sumum.⁵

1 *Lbs* 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 31. desember 1882.

2 Júníus Kristinsson, *Vesturfaraskrá*, bls. 186.

3 *Lbs* 2934 4to – Dagbækur Þórðar Brynjólfssonar 1882-1885 og *Lbs* 2819 8vo – Dagbækur Þórðar Brynjólfssonar 1885-1887.

4 Júníus Kristinsson, *Vesturfaraskrá*, bls. xx, tafla 1.

5 *Lbs* 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 16. mars 1882.

Veturinn var afar langur og þótt menn hefði þreyð þorrann og góna tók ekki betra við. „Aldrei hef ég staðið svona hroðalega tæpt með heyinn, sem nú“ – segir Þórður í dagbókinni 28. mars en vorið átti eftir að vera afar erfitt sökum ótíðar og sjúkdóma.¹ Bústofn hríðféll í skæðum vorhretum, einkum nýfædd lömb og afkomuvonir döpruðust.

Ekki var þó allt bjargræði horfið og harðindin lögðust nokkuð misjafnlega á landsmenn. Hafís var fyrir Norðurlandi og nokkru af Suðurlandi en fiskafli var góður undir Jökli, sunnanlands og við Djúp. Bjargræðið kom einnig á Barðaströndina stuttu síðar og almættið lagði líkn með þraut, því að undan vorhreti þessu rak um 30 hvali á land og bændur gengu í félag að fá sér hval. En er hvalskurðarmennirnir sneru aftur mættu þeir nýjum erfiðleikum. Ofan á aðra óáran bættist mislingafaraldur sem hófst í Reykjavík fyrir um vorið og breiddist út um landið. Þórður verður fyrst var við þá á leiðinni heim úr hvalskurðinum og í lok júní eru þeir orðnir að faraldri. Hinn 29. júní skrifar Þórður í dagbók sína:

Ekki batnar um skák, nú eru farnir að geisa ólmir mislingarnir. Þetta er nú ofann á skepnu fellirinn, og allan skaða að því lútandi, að liggja nú og þjást og sumir deyja. Í Reykjavík lá á annað þúsund og 30 lík stóðu uppi. Á Ísa-fjarðar kaптúni, 300 og 10 eða 12 lík. Þetta er nú reindar flugu frjett enn. 29 lágu hjer í sveit, 10u á Tindum, 7 eða 8a á Ing.st. allt fólkíð nema gamla Helga. Fjenu smalað frá Gautsdal. Barn dó í Ingunnarstöðum var flutt að Gautsd., dó nóttina eptir. (Faðirinn hefur ekki ætlað því minna en Pjetri heitnum.) Bjarni á Bakka liggur, og Lísa Jóh.dóttir bæði þungt. Gísli á Gróustöðum liggur, Jónas í Múla + 21 eða 22. Í Saurbænum leggst fólk óðum, og í Reykhólasveit. Fyrir ¹/₂ mánuði dó Maddama Hildur Þórðard, um 73-7 ára. Fáum harmdauði, um hana smíðaði Steinþór í Innri Fagrad. (Því óvinurinn á Reykhólum mátti það ekki)??

Mislingar: Fólk liggur hrönnum við Djúp, einginn gjetur neitt flutt heim, úr sínum plássum, nema hjer í sveit er farið að skána, samt liggur þúkt. Þessir bæir eru fríir enn, 2 í sveit. Garpsdalur – Nes – Svarfhól – Valshamar og Klettur (2ann júlí).²

Það er því ekki undarlegt þótt Þórður setji eftirfarandi fyrirvara í dagbók sína 16. júlí 1882: „förum til Ánast. á þ.d. næstk. ef lifum og gjetum, og svo í Flatey.“³ Valshamarsfjölskyldan slapp ekki við mislingana og í dagbók sína 20. júlí 1882 lýsir Þórður því kraftaverki að þau skyldu öll lifa sóttina af:

1 Lbs 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 28. mars 1882.

2 Lbs 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 29. júní 1882.

3 Lbs 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 16. júlí 1882.

Mislingar, þá lagðist kona mín og börn, dreingirnir lágu stutt, enn hún var kominn í opinn dauðann, þó hún lifnaði aptur fyrir Guðs náð. Það sem er ómögulegt fyrir mönnum, er mögulegt fyrir Guði, því þegar Sólrún sló henni fyrst æð, blæddi ekki nema kreist væri, og var blóðið sem tjara, málið skildist ekki og andardráttur á þrotum, og lífæð að mestu hætt hreifingum. Þetta mirakle, eða kraftaverk, mætti loða mjer og fleirum í minni, því allar þúngaðar konur sem mislinga feingu stóðu ekki á fætur til þessa lífs (yfir allt sem eg veit til).¹

Vesturferðir og Vesturheim ber fyrst á góma í dagbókinni undir lok þessa erfiða árs. Í dagbókarfærslu 2. desember segir: „Vesturheimshugur í Finnboga á Tindum, með nokkuð af stelpunum sínum.“² Finnbogi þessi var Guðmundsson og bjó á næsta bæ við Valshamar ásamt konu sinni og sjö dætrum. Tæpu ári síðar voru báðar þessar fjölskyldur komnar yfir hafið. Þótt nokkrum sinnum hafi verið vikið að Vesturheimi og vesturferðum í dagbókinni er það ekki fyrir en í lok apríl 1883 að við sjáum þess skýr merki að Þórður og fjölskylda stefni vestur á bóginn en þar segir í dagbókinni:

30. Bágt haldinn í fingrinum. Fjekk brjef frá Einari á Fossi, honum geingur seigt að selja. H.k. Einar Magnússon frá Arnarstöðum, faðir Sigu hjerna, og Ólafur á Ingunnarstöðum. Við ötlum að selja honum Valsamar á 2000 krónur, 40 með 24um innstæðuám og 4a vætta landskuld og öllum húsum. Komi þessi upphæð, förum við öll til Vesturheims.³

Að öðru leyti fjölyrðir Þórður ekki um ástæður fyrir þeim miklu breytingum sem urðu á högum fjölskyldunnar á Valshamri sumarið 1883 né heldur viðhorf sín eða væntingar til Vesturálfu. Ótíð og illæri hafa ljóslega haft þar mikil áhrif en allt er á huldu um hvort viðskilnaðurinn við ættjörðina hafi verið Þórði að skapi.

Þórður Brynjólfsson og fjölskylda lögðu af stað frá Valshamri í Barðastrandarsýslu 15. júní 1883 en stuttu síðar dró til tíðinda. Hafís varð þeim óvæntur farartálmi um hásumar þegar vesturfaraskipið Camoens laskaðist í haffis á Norðurfirði á Ströndum og fjöldi vesturfara þurfti að bíða upp á von og óvon á Borðeyri og nærsveitum, heimilislaus og búinn að eyða öllu handbæru fé í fargjaldið til Ameríku. Og í miðjum undirbúningi vesturfarar skall áfallið á Valshamarsfólki af fullum þunga. Ríflega hálfis árs gömul dóttir Þórðar og Valgerðar veiktist skyndilega og lést eftir stutta en harða legu. Þrátt fyrir sorg og farartálma varð ekki aftur snúið með vesturferðina

1 *Lbs* 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 20. júlí 1882.

2 *Lbs* 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 2. desember 1882.

3 *Lbs* 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 30. apríl 1883.

og 1. ágúst fluttu þau á Borðeyri og búast til brottfarar. Camoens lagði af stað með emigranta á miðnætti aðfaranótt 3. ágúst. Fleiri vesturfarar komu um borð á Sauðárkróki en þaðan var haldið til Skotlands og loks til Quebec í Kanada.

Ameríkuferðir frá Vestfjörðum hófust frekar seint miðað við aðra landshluta, t.d. fóru fyrstu vesturfararnir úr Ísafjarðarsýslu árið 1884. Árið 1887 fluttust um 160 manns búferlum úr sýslunni til Ameríku.¹ Á þremur árum, 1882-1884, fóru 32 íbúar Barðastrandarsýslu til Vesturheims, rétt tæpur helmingur þeirra var börn og unglingar undir 20 ára aldri. Langflestir í þessum hóp voru fjölskyldufólk (8 manna fjölskylda frá Tindum í Geiradalshrepp 1883, 10 manna fjölskylda frá Valshamri og 5 manna fjölskylda frá Fossi í Suðurfjarðarhreppi, og tvær þriggja manna fjölskyldur, alls 29). Þrír einhleypir karlmenn voru í þessum hópi, lausamaður, vinnumaður og söðlasmiður.² Sömu sögu er að segja af vesturferðum Strandamanna árið 1883. Af þeim 30 sem fóru vestur teljast 29 vera fjölskyldufólk, aðeins ein vinnukona fór stök það ár.³ Meirihlutinn var bændur en einnig húsfólk. Því er ljóst að þetta var fólk sem fór vestur að vel ígrunduðu máli, með hagsmuni og framtíðarvonir fjölskyldunnar að veði en sjaldnast menn í ævintýraleit. Harðindi á fyrstu árum níunda áratugarins höfðu kreppt að mörgum fjölskyldum þannig að lífsvonin gat ekki verið verri vestanhafs.

Eins og að framan er nefnt eru handbærar heimildir heldur fáorðar um ástæður Þórðar fyrir búferlaflutningunum og með hvaða hug hann fór vestur um haf. Þó er víst að Íslendingar á síðari hluta 19. aldar komust trauðla hjá því að taka skýra afstöðu til vesturferðanna og Björn Halldórsson á Úlfstöðum í Loðmundarfirði var einn af þeim sem höfðu myndað sér nokkuð ákveðna skoðun. Hann var á móti þeim.⁴ Ári eftir að Þórður Brynjólfsson sigldi til Vesturheims með fjölskyldu sinni hélt Björn þó sömu leið.

Betri bændur

Í lok árs 1883 leit Björn Halldórsson yfir undangengið ár og ritar um það nokkrar línur í dagbók sína, eins og hann var vanur um áramót. Þar segir:

Hér á Austurlandi var veturinn frá nýári og vorið til 4. júní í meðallægi. Flestir komu gripum vel fram þó víða væri illa á sett. En frá nefndum degi

1 Júníus Kristinsson, *Vesturfaraskrá*, Ísafjarðarsýsla, bls. 193-204.

2 Júníus Kristinsson, *Vesturfaraskrá*, Barðastrandarsýsla, bls. 186-192.

3 Júníus Kristinsson, *Vesturfaraskrá*, Strandarsýsla, bls. 205-210.

4 Svavar Hávarðsson, „Dauðastund. Glíma Björns Halldórssonar við líf og dauða.“ *Einsagan – ólíkar leiðir*, bls. 196.

vors árið út var hin besta tíð og hagkvæmasta er menn muna. Heyforði og afnot gripa voru því í bezta lagi. Afli víðast góður, þó ekki góður afli hjer í Seyðisfirði, bæði vegna of mikils bátafjölda (um 250 í sveitinni) og svo beituskorts, því hafsildin aflaðist í minna lagi. Það sem af er vetri hefur tíð verið mjög óstilt, en yfirhöfuð góð og lítill snjór komið á jörðu hjer eystra svo gripir hafa gengið úti til þessa að mestu. Heyafli var í haust í mesta lagi var því sauðfé lógað einkum í kaupstað.

Engin almenn veikindi hafa gengið. Hefur því hið liðna ár verið eitt, ef ekki að öllu hið bezta er menn muna. Útflutningur til Ameríku töluverður í sumar, einkum úr Húnavatns og Skagafjarðarsýslum. Eldur uppi, haldið í norðanverðum Vatnajökli, eingann skaða hefur hann gjört.¹

Jú, árferði var heldur gott austanlands árið 1883 eftir undangengin harðindaár. Ársyfirlitið ritar Björn á Vestdalseyri í Seyðisfirði, þar sem hann dvaldist síðustu tvö árin á Íslandi og vann við smíðar. Eftir nærri aldarfjórðungs farsælan búskap á Úlfsstöðum í Loðmundarfirði keypti Björn jörðina Hauksstaði í Vopnafirði árið 1880 en varð þar fyrir barðinu á harðindaárum og seldi Halldóri Hjálmarssyni búfræðingi og tengdasyni sínum jörðina tveimur árum síðar.

Ekki er að sjá neitt fararsnið á Birni á vormánuðum 1884. Tíðarfar frá áramótum að síðasta vetrardegi var með allra besta móti, gripir í góðu standi og fiskafli góður í mars og apríl og almennt heilbrigði þar eystra. Og sumardagurinn fyrsti var bjartur og fagur: „Stilt, heiðr. að mestu, 6°+. Góð og gleðileg sumarkoma. Allir höfðu frí í dag og skemtu sjer. Bygð er alauð og farið að gróa. Allir gripir, nema kýr, liggja úti. Hjer er nú aflalaust en á Reiðar og Fáskrúðsfirði mikill síldar og fiskafli.“² Björn hefur mikið að starfa, einkum við bátasmíði. Það eina sem virðist angra hann er sýking í auga sem hrjáði hann um þetta leyti.

Þó gat komið fyrir að Björn ætti í smáerjum við sveitunga sína, enda ekki vanur að láta vaða ofan í sig. Hinn 4. apríl 1884 var Birni stefnt fyrir rétt og virðist það koma nokkuð á hann. „Mjer birt polití rjettarstefna, Jónas Samsonarson hefur kært mig fyrir meiðyrði, næstl. sunnudag inná Öldu. Mjer hefur aldrei fyrr verið stefnt á æfi minni.“³ Umræddan sunnudag er ekki að finna neitt óvenjulegt í dagbók Björns annað en að hann fór inná Öldu með Pétri Sigfússyni bátasmíð og konu hans. Málið virðist og hafa leyst greiðlega, Björn bauðst til að greiða málskostnað allan, „en afsagði að borga einn

1 Lbs 3147 8vo – Dagbók Björns Halldórssonar: 31. desember 1883.

2 Lbs 3147 8vo – Dagbók Björns Halldórssonar: 24. apríl 1884.

3 Lbs 3147 8vo – Dagbók Björns Halldórssonar: 4. apríl 1884.

eyri í sekt“.¹ Að því gekk stefnandi og féll málið þar með niður. Aftur átti Björn í kritum við menn 10. maí sama ár. Þá segist hann hafa átt í illdeilum við Teit Ingimundarson úrsmið inná Öldu. Hinn 4. júní var honum síðar birt stefna og klögun frá Teiti og daginn eftir mættu þeir á skrifstofu sýslumanns. Sátt varð um að Björn greiddi 15 krónur til sveitar. Björn hafði lengi verið héraðshöfðingi í Loðmundarfirði og vistaskiptin fyrri féllu honum nokkuð þungt. Björn var, eins og margir miklir menn nokkur stórbokki, sagður ráðríkur og jafnvel drottnunargjarn. Hann var þjóðsagnapersóna í eiginlegri merkingu þess orðs því að sagnir eru varðveittar, bæði í munnmælum og á prenti, af sérkennilegri hegðun hans og tilsvörum, auk þess sem hann þótti bæði ölkær og kvensamur.²

Ameríkuferð Björns Halldórssonar og fjölskyldu er fyrst nefnd beinum orðum í lok júnímánaðar 1884 og þá virðist hún löngu afráðin og undirbúningur í fullum gangi. Forsmekkinn má sjá í ferð Björns um Vopnafjörð fyrir í mánuðinum. Hinn 16. ganga þeir Björn og Halldór tengdasonur hans frá sölu á Hauksstöðum. Daginn eftir segir í dagbókinni: „Ég hjelt út Vesturárdal, líklega á síðasta sinn á æfinni og kvaddi kunningjana ...“.³ Undir mánaðamótin undirbjó Björn svo uppboð á eigin búi og seldist allvel. Annars er dagbók Björns ekki margorð um undirbúning að búferlaflutningunum.

Auk átta manna fjölskyldu Björns fóru aðeins tvær manneskjur vestur um haf úr Norður-Múlasýslu það ár, báðar ungar vinnukonur. Til samanburðar fluttu 120 úr Norður-Múlasýslu árið 1883 og 297 árið 1876. Í heildina tekið var árið 1884 eitt alminnsta vesturferðaár tímabilsins, aðeins 121 Íslendingur flutti vestur það ár. Af þeim sem fluttu vestur úr Norður-Múlasýslu árið 1883 voru um fjórðungur vinnufólk, gift og ógift. Sumir fóru með húsbændum sínum en aðrir eins síns liðs á vit tækifæranna. Mikið af ungu fólki fór það ár og mikið af börnum, tæp 80% voru undir fertugu.⁴

Hinn 12. júlí rann brottfarardagurinn upp án frekari málalenginga og á hádegi var lagt í haf. Eftir að hafa þrætt nokkra firði var stefnan sett á Færeyjar og 18. júlí var lagt að bryggju í Granton í Skotlandi. Hópurinn hélt með lest til Edinborgar og þaðan áfram til Glasgow. Þegar þangað var komið var skipið til Winnipeg nýfarið og hópurinn varð að bíða í 5 daga. Björn og hans fólk unir sér vel í borginni þessa daga og ekki verður vart við neinn heimóttarskap á síðum dagbókarinnar. Björn lýsir því sem fyrir ber á næsta

1 *Lbs* 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 8. apríl 1884.

2 Ármann Halldórsson, „Björn á Úlfsstöðum.“ *Múlabing* 4 (1969), bls. 158.

3 *Lbs* 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 16. júní 1884.

4 Júníus Kristinsson, *Vesturfaraskrá*, N-Múlasýsla, bls. 1-57.

hversdagslegan hátt en þó glaðlega. Hann kaupir farmiða fyrir fjölskylduna, víxlar peningum, verslar og fylgist með borgarlífínu. Skipið *Skandinavían* lagði frá Edinborg á hádegi 23. júlí, kom við í nokkrum bæjum á Írlandi og svo var haldið út á hið breiða Atlantshaf.

Svavar Hávarðsson segir í grein um Björn að hann hafi farið vestur, þvert á fyrri skoðanir sínar, í þeirri von að fjölskylda hans fengi notið betra lífs, fjölbreyttari tækifæra til menntunar og atvinnu og meira frjálsræðis í einkalífi. Undanliðiðinn áratugur hafði reynt mjög á sálarlíf Björns. Hann var sjálfmenntaður læknir og hafði auk þess þann starfa að smíða líkkistur. Því var hann stöðugt í návígi við dauðann og bjargarleysi mannskeppunnar gat verið yfirþyrmandi. Þótt Björn væri lengstum ágætlega settur efnahagslega, settu dauðinn og sorgin mark sitt á einkalíf hans. Snemma árs 1868 lést elsta barn Björns, sonur sem hann eignaðist fyrir hjónaband sitt og Hólmfríðar Einarsdóttur og hét hann í höfuðið á föður sínum. Vorið 1873 andaðist dóttir þeirra Hólmfríðar sem Þorbjörg hét á þriðja ári og einu og hálfu ári síðar sá Björn á eftir þriðja barni sínu í gröfina, rúmlega ársögmlum dreng.¹ Dagbók Björns er auk þess full af færslum þar sem segir af átakanlegu dauðastríði sveitunga hans, oft ungra barna og efnilegra unglunga. Svavar Hávarðsson lýsir baráttu Björns við líf og dauða, eins og hún birtist í dagbókum hans, þannig:

Áratuga löng og árangurslaus baráttu við sömu sjúkdómama varð til þess að hann missti trúna á eigin möguleika til að hafa áhrif á ytri aðstæður sínar. Líf hans ber að skoða í þessu ljósi, ástæðurnar fyrir því að hann hætti búskap og nýtti ekki tækifærið til að ná persónulegum frama á sviði þjóðmála-baráttunnar. Björn varð fyrir mörgum tilfinningalegum áföllum á lífsleiðinni og baráttuþrekið minnkaði með árunum. [...] Á harðindaárunum í Vopnafirði var viljinn til að berjast ekki lengur fyrir hendi. Björn Halldórsson ákvað að flytja til Vesturheims, nokkuð sem honum fannst óhugsandi áratug fyrir.²

Staða Björns sem bóndi og héraðshöfðingi og virkur þátttakandi í þjóðfrelsisbaráttu Íslendinga gerir það að verkum að litið er á vesturför hans sem uppgjöf og þrot. Að baki þeirri skoðun eru ekki síst viðhorf hans sjálfs sem koma fram í dagbókinni en einnig sú þráláta skoðun að þeir sem fóru vestur hafi fyrst og fremst verið þeir sem ekki gátu skapað sér viðunandi lífskilyrði þeirri þjóðfélagsskipan sem bændasamfélagið byggðist á, fátækir

1 Svavar Hávarðsson, „Dauðastund. Glíma Björns Halldórssonar við líf og dauða“, bls. 219-220.

2 Svavar Hávarðsson, „Dauðastund. Glíma Björns Halldórssonar við líf og dauða“, bls. 223.

leiguliðar, vinnuhjú og ómagar. Þegar Björn settist niður á gamlárskvöld 1884 til að rita umsögn um liðið ár hafði líf hans tekið algjörum stakka-skiptum á örfáum mánuðum. Þessi 53 ára fyrrverandi bóndi og hreppstjóri í Loðmundarfirði, héraðshöfðingi og dannebrogsmaður var nú iðnaðarmaður í lausamennsku í Norður-Ameríku og sjálfur lýsir hann ástæðum búferla-flutninganna þannig:

Þetta ár hefur verið breitlegasta og merkilegasta ár æfi minnar. Æfi mín á Seyðisfirði að mörgu leiti ónotaleg og leiðinleg, að vísu hafði jeg optast nóg að starfa en leiddist opt í óreglu með kunningjum mínum, ásetti mjer því að fara þaðan og þar jeg var hættur búskap og konan hafði lengi óskað að komast hingað, ljet jeg það eptir henni. Dagbókin sýnir æfi mína hjer eða hið ytra líf, hið innra líf mitt hefur verið fullt af leiðindum, sorg og söknuði. Eg get ekki átt von á að una hjer ævi minni. Ég þrái að komast heim aptur og meiga eyða þeim fáu dögum sem eptir eru æfinnar og deyja heima á minni kjæru fósturjörð. Það huggaði mig helst ef jeg ætti von á að sjá fram á góða framtíð barna minna hjer og um það hefi jeg góða von, enda kunna þau H. mín vel við sig og það er bót í máli.¹

Björn var kominn yfir miðjan aldur þegar hann flutti til Vesturheims, að því er hann segir sjálfur, fyrir áeggjan konu sinnar. Kaupstaðarlífið á Seyðisfirði virðist ekki hafa átt við hann né heldur ístöðuleysi lausamennskunnar og þar sem hann var hættur búskap var fátt sem hélt í hann.

Það voru fleiri bjargálna bændur en Björn Halldórsson sem fóru til Vesturheims á þessum árum. Þorvarður Stefánsson bjó félagsbúi við föður sinn á Bakka í Borgarfirði eystri til ársins 1886 er öll stórfjölskyldan sigldi vestur um haf, Stefán Benediktsson, rúmlega fimmtugur bóndi og síðari kona hans, Sigurlaug Jónsdóttir, Þorvarður 25 ára, kona hans, Guðríður Jónsdóttir (systir Sigurlaugar) 21 árs og 2 ára fósturbarn þeirra og einn vinnumaður.² Það einkennir marga í þeim hópi vesturfara sem segir frá í þessari bók að þeir unnu margvísleg störf auk hefðbundinna bústarfa. Allir voru þeir handverksmenn af einhverju tagi, bókmenntamenn, kennarar eða alþýðulæknar. Þetta á bæði við vefarann og bókbindarann Þórð Brynjólfsson og smiðinn, alþýðulækninn og skáldið Björn á Úlfsstöðum, sem segir frá hér að framan, og ekki síður Þorvarð Stefánsson á Bakka. Dagbók sú sem varðveitt er frá Þorvarði Stefánssyni og kaflar eru birtir úr hér, vitnar um

1 *Lbs* 3147 8vo – Dagbók Björns Halldórssonar: 31. desember 1884.

2 Júníus Kristinsson, *Vesturfarakrá*, bls. 42.

fjölbreytt störf hans í gamla landinu. Hann var stórtækur vefari og bátasmiður en smíðaði einnig ljái og hefiltennur og annað úr jární auk þess sem hann stundaði hefðbundin landbúnaðarstörf og sjósókn.

Ákvörðunin um Ameríkuferðina kemur eins og þrúma úr heiðskíru lofti í dagbók Þorvarðar þegar nokkuð er liðið á sumarið 1886, nokkrum dögum áður en fjölskyldan fer með póstskipinu Lauru áleiðis til Granton í Skotlandi. „Við fórum 6 alfarin frá Bakka og ætluðum um stund á Seyðisf. en náðum einungis á Höfn“, segir í dagbókinni sunnudaginn 27. júní og tveimur dögum síðar: „Við ætlum alfarinn til Ameríku ef guð lofar.“¹ Við fyrstu sýn mætti ætla að setningar á ensku, sem birtast öðru hverju í dagbók Þorvarðar, séu merki um hvert stefndi, að Þorvarður hafi um einhver árábil undirbúið sig undir vesturferð með því að æfa sig í enskri tungu. Svo er þó að líkindum ekki, enda má rekja enskuskrif þessi allt til upphafs dagbóka Þorvarðar árið 1874. Því ber fyrst og fremst að líta á þau sem hluta af menntunarviðleitni hans. Dagbók Þorvarðar Stefánssonar er ekki persónuleg í þeirri merkingu að þar glími hann við tilfinningar sínar, sorg og gleði. Eins og algengt er í dagbókum frá 19. öld er lítill greinarmunur gerður á aðalatriðum og aukaatriðum, stórvíðburðum og daglegu amstri. Því verður ekki lengra komist en að hugleiða hvaða áhrif atburðir sem þar eru skráðir höfðu á líf fjölskyldunnar á Bakka og þá ákvörðun hennar að flytja vestur til Ameríku sumarið 1886.

Ef litið er á dagbókarfærslur Þorvarðar árin áður en hann flutti til Ameríku má sjá að ýmislegt hefur gengið á frá því að hann hóf að halda dagbók í septembermánuði 1874, þegar hann var á 16. ári.² Í mars 1875 hófst gríðarmikið öskugos í Öskju í Dyngjufjöllum og lagðist öskulag yfir miðbik Austurlands og olli víða miklum búsifjum. Það hefur verið ríkjandi skoðun allt frá tíma vesturferðanna að Öskjugosið hafi verið meðal helstu hvata þeirra. Þorvarður ræðir sjálfur ekkert um tengsl Öskjugossins og vesturferða en eina skiptið sem hann minnst á fólksflutninga til Ameríku í dagbókinni er sumarið 1876. Þá segir í dagbókarfærslu 14. júlí að flutningaskip hafi komið frá Englandi til Seyðisfjarðar fyrr í vikunni og farið með 400 Vesturheimsfara til Ameríku.³ Alls fluttu 1190 Íslendingar vestur um haf árið 1876 samkvæmt *Vesturfaraskrá* og er það þriðja mesta vesturferðarárið. Þar af fóru rétt tæplega 300 úr Norður-Múlasýslu og er það stærsti hópur sem flutti úr sýslunni á einu ári.⁴ Ef blaðað er í *Vesturfara-*

1 HSA Alm. XI.1 – Dagbók Þorvarðar Stefánssonar: 27. og 29. júní 1886.

2 *Ehdr* – Dagbækur Þorvarðar Stefánssonar 1874–1944.

3 *Ehdr* – Dagbók Þorvarðar Stefánssonar: 14. júlí 1876.

4 Júníus Kristinsson, *Vesturfaraskrá*, bls. xx, tafla 1.

skránni sést að þeir sem fóru vestur í kjölfar Öskjugossins komu flestir úr Vopnafjarðarhreppi (þótt enginn flytti úr Vopnafjarðarkaupstað) og Jökuldals- og Hlíðarhreppum og Tunguhreppi en fáir frá Seyðisfirði sjálfum. Hið sama má segja um heimahrepp Þorvarðar, Borgarfjarðarhrepp, þaðan flutti enginn vestur á árinu 1876 og sárafáir fyrir en á árunum 1886-1894.¹

Ekki er að sjá að Öskjugosið hafi haft mikil áhrif á líf fjölskyldunnar á Bakka og allt fram til ársins 1886 er aldrei minnst á vesturferðir í dagbók Þorvarðar Stefánssonar. Þó riðu ýmis áföll yfir fjölskylduna og nánasta umhverfi. Hinn 24. ágúst 1879 lést móðir Þorvarðar eftir rúmlega hálfis árs sjúkralegu, 57 ára að aldri. Faðir Þorvarðar, Stefán Benediktsson, var 14 árum yngri og kvæntist aftur innan árs, Sigurlaugu Jónsdóttur sem þá stóð á þritugu. Þorvarður kvæntist stuttu síðar yngri systur Sigurlaugar, sem hét Guðríður. Þorvarður virðist þó hafa verið í sambandi við aðra stúlku, Steinunni að nafni, um nokkurn tíma en upp úr því slitnaði um þetta leyti. Þorvarður og Guðríður gengu í hjónaband 23. september 1882 en stuttu áður höfðu þau eignast barn sem lést samdægurs. Tæpum tveimur árum síðar, 31. ágúst 1884, fæddist þeim sonurinn Helgi. Hann dafnaði vel fyrsta árið en haustið 1885 veiktist hann og lést úr hinni skæðu barnaveiki eftir stutta legu, 12. september. Stuttu síðar, eða 6. október, tóku þau til sín fósturbarn, Guðlaugu Björgu Gísladóttur frá Jökulsá og var hún þá á öðru ári. Guðlaug þessi fór með fósturforeldrum sínum vestur um haf tæpum tveimur árum síðar.

Á árunum 1883 og 1885 féllu tvö mjög mannskæð snjóflóð eystra. Hið fyrra féll í Njarðvík aðfaranótt föstudagsins 2. febrúar 1883 og varð 6 íbúum á bænum Stekkjum að fjörtjóni en þrír komust af. Tveimur árum síðar féll mikið flóð nærri Seyðisfirði og 14. mars skráði Þorvarður eftirfarandi frásögn í dagbók sína eftir blaðinu *Austra*:

Miðvikud. 18. febr. kl. 8 f.m. hljóp snjóflóð úr Bjúlfstindi, niður yfir Seyðisfjarðaröldu, nær því á sama stað sem 13. jan. 1882, nema nú miklu meira. Braut það niður öll hús er fyrir urðu, íbúðarhús að tölu 15 auk fjöldamargra úthýsa. Í flóðinu fórust til dauðs 24 menn. Af þeim voru 19. febr. aðeins 4 fundnir, margir meiddust meira og minna. Eignatjónið er fjarskalegt; margir hafa mist aleigu sína, og hafa ekkert fyrir sig að bera. Yfir 60 menn hafa orðið húsnaðislausir. Víðar í Seyðisf. hafa snjóflóð komið og tekið af bæði hús (=úthýsi) og hjalla.²

1 Júníus Kristinsson, *Vesturfaraskrá*, N-Múlasýsla, bls. 1-57.

2 *Ehðr* – Dagbók Þorvarðar Stefánssonar: 14. mars 1885. Upplýsingar um aðra ofangreinda atburði í lífi Þorvarðar eru sóttar í dagbókina.

Allar líkur eru á að slík áföll hafi orðið til þess að fólk fór að huga að Vesturheimsferðum, þótt ekki megi sjá þess bein merki sumarið 1886. Náttúruhamfarir sem þessar hafa ekki aðeins áhrif á þá sem verða fyrir eignatjóni og ástvinamissi heldur hljóta þær að skjóta mönnum skelk í bringu miklu víðar. Hvort sem hið mannskæða snjóflóð á Seyðisfjarðaröldu hafði þar bein áhrif eða ekki varð mikil fjölgun vesturfara úr Suður-Múlasýslu á árunum 1887-1889 miðað við síðustu ár á undan.

Þó er ekki annað að sjá en að í efnahagslegu tilliti hafi kjör Þorvarðar og fjölskyldu hans verið með ágætum þegar þau fluttu vestur til Ameríku 1886 þrátt fyrir erfitt tíðarfar. Þeir Bakkafeðgar, Þorvarður og Stefán, voru dugmiklir bændur og byggðu góða jörð. Þeir héldu uppteknum hætti í Vesturheimi og í dagbókinni má lesa um dugnað þeirra og útsjónarsemi í nýja landinu.

Fátækt fólk

Þeir voru einnig til sem hröktust af landinu fyrir fátæktar sakir. Símon Símonarson var bóndi á Breiðstöðum í Sauðárhreppi í Skagafirði þegar hann söðlaði um 35 ára gamall og flutti vestur um haf ásamt konu sinni, Valdísi Guðmundsdóttur, og tveimur börnum árið 1874. Von hafði verið á skipi á Sauðárkrók um miðjan júlí það ár og biðu fjölmargir vesturfara komu þess. Skipið kom ekki fyrr en 2 mánuðum seinna og biðin varð mörgum erfið. Sauðárkrókur var varla nema þyrping nokkurra húsa á þeim tíma og íbúar töldu ekki nema tvo tugi. Næstu vikurnar áttu þó eftir að dvelja þar nokkur hundruð manns, vesturfara, ættingjar þeirra og fólk sem safnaðist að til að veita beina og aðra þjónustu.¹ Sögur fóru af vosbúð, drykkjuskap og vonleysi en loks kom skipið 8. september. Hinn 10. september lagði skipið svo úr höfn frá Sauðárkróki og hélt beina leið til Quebec með hátt á fjórða hundrað farþega frá Norður- og Vesturlandi.² Stefan var sett á Kinmount í Ontario en landnám Nýja-Íslands var ekki hafið.

Þótt Símon teldist til bændastéttar voru efni þeirra Valdísar bág og í sjálfsævisögu sinni, sem hér er vitnað í, segir frá hvernig fjölskyldan þvældist milli vista og síðar á milli smábýla þau ár sem þau bjuggu á Íslandi.³ Auk barna þeirra Símonar átti Valdís þrjú börn fyrir, eitt þeirra var dr. Val-

1 Kristmundur Bjarnason, *Saga Sauðárkróks. Fyrri hluti. Fram til ársins 1907* (Sauðárkrókur, 1969), bls. 122-123.

2 Þorsteinn Þ. Þorsteinnsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi I*, bls. 94-95.

3 *Mss Isl.* 34 – *Ævisaga Símonar Símonarsonar*.

týr Guðmundsson, síðar fræði- og stjórnámálamaður. Svo mikil var fátækt þeirra að Valtýr strauk frá móður sinni og stjúpa 13 ára gamall, „berhöfðaður og á nærbrókinni“, eins og hann segir sjálfur frá í bréfi til Björns K. Þórólfssonar og varð sú saga fleyg.¹ Símon gefur flestum vistum þeirra hjóna slæma einkunn, hvort sem var hjá ættingjum eða vandalausum, og búskaparár þeirra virðast hafa verið litlu skárrí. Veturinn 1867-1868 ól Valdís fyrsta barn þeirra hjóna í vistinni að Innstalandi en það lést tveggja vikna gamalt. Símon var þann vetur sem oftast var í veri sunnan heiða. Ári síðar lýsir hann heimkomunni úr verferð með svofelldum orðum:

Það var allra aumasta vor sem eg man eptir. Þegar eg kom norður fyrir fjall var víðast hvar alveg bjargarlaust, og stórum sá á fólki, og ekki gafst mjer á að líta þegar eg kom heim, ef heimili skildi kalla, alveg bjargarlaust og hungurmorða. Allt fullt af ís, enginn matarbiti til í kaupstöðum.²

Símon reyndi eftir mætti að framfleyta sér og sínum með sjómennsku en það gekk afar illa eins og sjá má af lýsingu hans á því er hann réri úr Drangey fyrir Stefán húsbónda sinn í Fagranesi: „Heldur gafst mjer það pláss verr en áður þegar eg var einhleypur, og ekki hafði eg annað enn fæði hunda í kaup þar og átti að metast 18 spesúr.“³ Betur gekk í næstu vist og þar vann Símon sér inn dálítið af peningum. Vorið 1871 fóru þau að eiga með sig sjálf í Heiðarseli í Gönguskörðum. Bústofninn var 1 kýr, 3 ær og 2 hryssur en þau urðu að láta aðra hryssuna frá sér upp í kúna. Símon réri sem fyrr til fiskjar, en að þessu sinni fyrir sjálfan sig. Í árslok 1872 fæddist þeim Valdísi dóttirin Guðrún og braggaðist hún þrátt fyrir búhokur foreldranna. Þriðja veturinn þeirra í Heiðarseli ákváðu Símon og Valdís að skrá sig til Ameríkuferðar um sumarið og hófu að selja hinar fáfengilegu eigur sínar. Símon fjölyrðir ekki um ástæður þess að þau fluttu af landi brott né annan aðdraganda þess en ýmislegt bendir til að þau hafi ekki verið að fullu sjálfráð þar um.

Heimildir gefa til kynna að Símon hafi verið einn þeirra sem beinlínis hröktust af landi brott sökum fátæktar og bjargarleysis og að yfirvöld hafi lagt þar hönd á plóg og þótt landhreinsun að. Í grein sinni, „Íslands ástmegir og þrælur“, tekur Steinþór Heiðarsson sagnfræðingur Símon sem dæmi um þá fátæku Íslendinga sem fóru vestur um haf með fulltingi hreppsyfirvalda og stundum nauðugir. Steinþór byggir á bréfum Símonar og

1 Finnur Sigmundsson, *Doktor Valtýr segir frá. Úr bréfum Valtýs Guðmundssonar* (Reykjavík, 1964), bls. 8. Bréfið birtist í formála Finns að bókinni.

2 *Mss Isl. 34 – Ævisaga Símonar Símonarsonar.*

3 *Mss Isl. 34 – Ævisaga Símonar Símonarsonar.*

skrifar: „Símon Símonarson frá Heiðarseli í Gönguskörðum kannaðist afar vel við þetta háttarlag. Hann taldi sig hafa verið hrakinn vestur og sagði hreppsnefndir víða um land hafa stundað fátækraflutninga í því augnamiði að losa sig við sveitarþyngslin fyrir fullt og allt.“¹ Einnig kemur fram í bréfum Símonar að hreppsnefndir, m.a. í Sauðárhreppi í Skagafirði, hafi gert tilraunir til að endurheimta það fé sem lagt var út við þessa hreppaflutninga þegar þessir sömu ómagar höfðu komið undir sig fótunum í Ameríku.² Kristmundur Bjarnason segir í sögu Sauðárkróks að ýmsir þeir sem hurfu úr landi hafi fengið lítilfjörlegan styrk til farar en öreigafjölskyldur sem flosnað höfðu upp hafi verið sendar á kostnað hreppsins. Ennfremur segir Kristmundur: „Skjótt tóku að berast til Íslands lausafregnir um Parísarvist í hinu nýja landi. Þá tók hreppsnefnd Sauðárhrepps rögg á sig – fyrst laust fyrir 1880 – og gerði ráðstafanir til innheimtu á veittum ferðastyrk.“³ Símon var einn þeirra sem þegið höfðu lítilfjörlegan ferðastyrk og var hann „fyrst krafinn enda hvarf hann fyrst á brottu,“ eins og Kristmundur Bjarnason orðar það. Stóð þessi eftirgangi hreppsins um hálfra aldar skeið og undirrót hennar sú goðsögn sem komst á kreik að hversu fátækir sem menn fóru til Vesturheims hafi allir komist þar í sémileg efni.⁴

Land tækifærunna

Saga Odds Guðmundssonar frá Oddsbæ á Akranesi er á allt annan veg. Þótt færa megi fyrir því rök að hann hafi að einhverju leyti hrökklast af landi brott var Ameríka eins og hver annar valkostur fyrir honum, tækifæri sem hann var tilbúinn að láta reyna á. Ákvörðun hans var yfirveguð og sjálfráð. Oddur segir svo frá:

Eg hafði aldrei verið móti Ameríkuferðum og ásetti mér því að litast um í Canada (einkum í Manitoba) og snúa strax heim aptur ef mér litist þar ólífvænlegt fyrir mig. Urðu margir til að afeggja mig fararinnar, einkum Sigurður sýslumaður Þórðarson, því hann vildi ógjarnan missa mig. Sinnti eg því engu en auglýsti í maí-mánuði að viðskiptamenn mínir gerðu upp reikninga við mig, því eg væri ákveðinn í því að flytja af landi burt í sumar, fyrir óákveðinn tíma.⁵

1 Steinþór Heiðarsson, „Íslands ástmegir og þrælur. Drættir úr sjálfsmýnd Vestur-Íslendinga.“ *Saga XXXVII* (1999), bls. 28. Hér vísar Steinþór í bréf Símonar til Sveins Sölvasonar skrifað í október 1899.

2 Steinþór Heiðarsson, „Íslands ástmegir og þrælur“, bls. 29.

3 Kristmundur Bjarnason, *Saga Sauðárkróks. Fyrri hluti*, bls. 127.

4 Kristmundur Bjarnason, *Saga Sauðárkróks. Fyrri hluti*, bls. 127-128.

5 *Mss Isl.* [] – Dagbók Odds Guðmundssonar (O.G. Akraness). Yfirlit ársins 1886.

Dagbókarbrot sem segir frá ferð Odds til Kanada árið 1887 er skrifað upp úr lítilli vasabók 20. desember 1910 á Bjarmalandi í Hnausabyggð. Bókin hefst á stuttu æviágripi þar sem Oddur lýsir stöðu sinni í samfélaginu og væntingum til frama. Árið 1886 hafði heldur rofað til, hann hafði fengið að kenna börnum, eins og hugur hans stóð til, og hann var kosinn oddviti hreppsnefndar sumarið 1886.

En Oddur varð einnig fyrir áföllum, sýnu mestu þegar hann missti í sjóinn 4 bræður sína 30. október 1886. Hann hafði einnig verið óheppinn í fasteignaviðskiptum er hann keypti jarðarpart í Teigakoti, sem hann nefndi Oddsbæ, nokkrum árum áður. Fyrri eigandi hafði veðsett jörðina löngu áður en Oddur keypti partana, en ekki staðið í skilum með rentur og afborganir. Var því landið selt til lúkningar skuldinni á fyrri hluta árs 1886. Kristján Símonarson á Akri, sem hafði átt jörðina á móti Oddi, gat keypt alla jörðina aftur en Oddur ekki og fór hann þá að hugsa alvarlega um að flytja burt.

Það var bæði þetta féll mér illa, og svo undi eg mér ver eptir bræðramissirinn. Var líka farinn að þreytast við barna-kennsluna og svo var árferðisútlitið óglæsilegt. Kristján margbað mig að fara ekki úr plássinu, sagði eg mætti búa á lóðinni leigulaust meðan við báðir lifðum, eins og minni eign.¹

Oddur Guðmundsson og kona hans, Margrét Aradóttir, sigldu vestur hvort á sínu árinu. Oddur fór með Camoens frá Reykjavík um miðjan júní 1887 og Margrét ári síðar með skipinu Copeland.² Oddur valdi að flytja til Ameríku og leita betri lífsskilyrða undir lok 19. aldar og ólíklegt að hann hafi litið á sig sem flóttamann og föðurlandssvikara fyrir vikið. Vesturferðir voru einfaldlega einn af þeim möguleikum sem fólki stóðu opnir þegar leysingar fóru um íslenskt bændasamfélag, möguleiki sem margir gripu án þess að vera til þess neyddir. Gísli Ágúst Gunnlaugsson lýsti þessu þannig í grein um fjölskylduna og þjóðfélagsbreytingar á 19. öld og fyrri hluta þeirrar 20.:

Á þessu skeiði [1850-1900] jókst heiðabyggð og hjáleigubúskapur, sífellt stærri hluti þjóðarinnar fyllti stétt vinnuhjúa, rauntekjur drógust saman, fjöldi þurfamanna jókst verulega, en síðastalda atriðið bendir til vaxandi atvinnuleysis. Meðal lýðfræðilegra viðbragða við þessu þjóðfélagsástandi má nefna Vesturheimsferðir og stórauðna flutninga út sveitum til sjávarsíðunnar.³

1 *Mss Isl. [] – Dagbók Odds Guðmundssonar* (O.G. Akraness). Yfirlit ársins 1886.

2 Júníus Kristinsson, *Vesturfaraskrá*, bls. 134.

3 Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Fjölskyldan. Mælikvarði á þjóðfélagsbreytingar.“ *Saga og samfélag. Þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar* (Reykjavík, 1997), bls. 33.

Þéttbýli á Íslandi óx hins vegar mjög hægt á síðari helmingi 19. aldar og af einhverjum ástæðum virðist Vesturheimur hafa verið fýsilegri kostur í augum þúsunda Íslendinga. „Ameríka var á vissan hátt í samkeppni við sjávarútveg og þéttbýli innanlands“, segir Helgi Skúli Kjartansson í *Íslenskum söguatlas* og bendir á að vesturferðir sveitafólks voru mestar þar sem lítið var um útvegsþorp og langt til stærri bæja.¹ Þó má sjá af þeim dæmum sem hér eru tekin að hin unga og ómótaða stétt bæjarbúa leit einnig hýru auga vestur um haf. Veikburða útvegsbæir virðast ekki hafa verið samkeppnishæfir, enda hafði lengi verið varað við þeim hættum sem slíkri byggðapröun fylgdi, bæði efnahagslega og menningarlega. Á hinn bóginn var sú hugmynd aðlaðandi fyrir marga íslenska bændur að endurreisa íslenskt bændasamfélag í Vesturheimi.

Saga Jóns Kjærnestæð er á ýmsan hátt lík sögu Odds Guðmundssonar. Báðir tilheyrðu þeir fyrstu kynslóð þéttbýlisbúa hér á landi og litu á Ameríku sem einn af þeim möguleikum sem þeim stóðu opnir. Jón var, líkt og Oddur, kennari í hægt vaxandi sjávarbyggð og því eru þeir fulltrúar nýrra tíma í samfélagi sem er enn að mestu leyti mótað af þjóðfélagsgerð bændasamfélags. Jón Kjærnestæð hafði um tíma stefnt að námi í Lærða skólanum, hinni hefðbundnu leið sem fær var úr bændastétt til embætta eða prestskapar. En hann eirði ekki við latínunámið og í dagbók sinni í mars 1884 segist hann ekki vera nægilega undirbúinn fyrir inntökuprófið þá um haustið og þess í stað sneri hann sér að kennslu. Að auki var Jón forkólfur í margvíslegum menningarfélögum, var m.a. félagi og bókavörður í *Lestrarfélagi Hnífisdælinga* 1882-1886 og *Lestrarfélagi Hesteyrar* 1886-1887. Hann stofnaði einnig *Menningarfélag Bolungarvíkur* skömmu áður en hann flutti vestur um haf og var félagi í leikfélaginu *Comedia* á Ísafirði.

Vesturferðir eru fyrirferðarmiklar í fjölskyldusögu ættarinnar. Föðurbróðir Jóns, Kristján Kjærnestæð, var í hópi fyrstu vesturfaranna en hann hélt af landi brott frá Sauðárkróki árið 1876 ásamt konu sinni, börnum þeirra og hjúum.² Ekki virðast hafa verið mikil samskipti milli Kristjáns og föður Jóns en þó munu hafa borist bréf stöku sinnum með fréttum úr nýja heiminum. „[...] kondu ef þú getur mögulega“ – segir Kristján í bréfi til bróður síns og bætir við: „[...] hjer er mörg matar holan – eður frá hverju er að

1 *Íslenskur söguatlas* 2, bls. 124.

2 Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi* II, bls. 237-239.

hverfa?“¹ Bréf Kristjáns hafa haft töluverð áhrif á fjölskylduna og gengið manna á milli eftir því sem fram kemur í bréfi sem Kristján V. Friðfinnsson, bróðir Jóns, skrifaði honum 22. nóvember 1886, en þar segir:

Kjari bróðir.

Nú sest jeg niður að klóra þjer nokkrar línur þó þær verði fréttá fáar. Það er þjer í fréttum af mjer að seiða að mig hefur dottitð í hug að fara til Amíríku í sumar ef guð lofar mjer að lifa því að Kristján frændi skrifaði pappa til og vildi að hann kæmi vestur í sumar svo páppa lángrar til að jeg geti farið, því að hann getur ekki farið sjálfur.²

Það fór þó svo að hvorugur þeirra feðga, Friðfinnur né Kristján, fór vestur um haf. Systir Jóns og Kristjáns, Elín Friðfinnsdóttir, fór hins vegar til Amíríku árið 1888, þá 18 ára vinnukona búsett í Stykkishólmi. Ári áður skrifaði hún Jóni bróður sínum bréf og svarar það hugleiðingum hans um að koma til Stykkishólms og kenna þar börnum. Svar hennar er á þá leið að „... hjer er ekki neitt gæðalegt, allir vilja fara til Amíríku sem einhvað geta.“³ Ári eftir að Elín Friðfinnsdóttir fór til Amíríku hélt Jón bróðir hennar sömu leið. Jón segir svo frá viðhorfum sínum til Vesturheimsferða í ferðasögubroti sínu:

Ég hafði heyrð mikið talað um Amíríkuna, sæluna og sólskinið fyrir vestan hafið. Mig langaði mikið til að sjá þetta fagra land – frjálsa land – friðar land. Á örstuttum tíma bjó ég mig til ferðar og sagði vinum mínum og kunningjum að ég ætlaði, um stund, að kveðja fósturjörð mína. [...] En af því, að ég hafði eigi hugsað mér, að staðnæmast í Vesturheimi, nema ef mér líkaði þar og með því ég vildi helzt eyða ævidögum mínum á ættjörð minni, þó mig langaði til að sjá útlönd og Vesturheim, skildi ég bækur mínar og dót eptir.⁴

Þeir Oddur Guðmundsson og Jón Kjærnestað sáu ekki mikla framtíð í íslensku samfélagi á árunum 1887-1888, ekki frekar en Jón Jónsson frá Munkaþverá 15 árum fyrr og allir vildu þeir reyna eitthvað nýtt og létu hvorki fortölur né furðusögur letja sig.

Allar tilraunir til að gefa einhlít svör við spurningum um ástæður þess að milli 15 og 20 þúsund Íslendingar flyttust búferlum til annarrar heimsálfu undir lok 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. eru tilgangslausar og í raun

1 *Mss* Isl. 1 – Bréf frá Kristjáni Kjærnestað til Friðfinns Kjærnestað 8. janúar 1887.

2 *Mss* Isl. 1 – Bréf frá Kristjáni V. Friðfinnssyni til Jóns Kjærnestað 22. nóvember 1886.

3 *Mss* Isl. 1 – Bréf frá Kristjáni V. Friðfinnssyni til Jóns Kjærnestað 22. nóvember 1886.

4 *Mss* Isl. 1 – „Tildrög Amíríkuferðar minnar.“ Ferðasaga Jóns Kjærnestað.

ástæðulausar.¹ Tíðarfar, stjórnarfar, samfélagsskipan og efnahagsástand eru meðal þeirra skýringa sem gefnar hafa verið og eru allar góðra gjalda verðar. Huglæg atriði eins og ævintýraþrá, útþrá, frelsisþrá og leit að tækifærum í lífinu eru það einnig. Persónulegar heimildir geta hver fyrir sig varpað ljósi á ólíkar ástæður fólks fyrir flutningunum svo að útkoman verður margbrotin mynd af flóknu samfélagslegu fyrirbæri. Guðmundur Hjaltason barnakennari skynjaði þær ólíku aðstæður sem lágu að baki vesturferðum Íslendinga og taldi til tíu ástæður í grein í Seyðisfjarðarblaðinu *Austra* árið 1891, flestar neikvæðar að hans mati.² Frelsisleit, atvinnuskortur, óeirð, leti og nýjungagirni eru allt atriði sem má sjá í umfjöllun samtíðarmanna um vesturferðirnar, hvort sem þeir sáu á þeim kost eða löst.

Á síðasta fjórðungi 19. aldar komu saman óhagstæðar ytri aðstæður, innri spenna í samfélaginu og loks ný og áður óþekkt tækifæri til að bregðast við þeim kjörum sem fólki voru búin.³ Framboð og eftirspurn unnu saman að því að gera Ameríkufærðirnar að einu hinu örlagaríkasta sögulega fyrirbæri síðari alda sem snerti líf þorra þjóðarinnar með einum eða öðrum hætti. Þáttur hinna alræmdu Vesturheimsagenta, umboðsmanna skipafélaganna og þeirra sem fóru um landið þvert og endilangt eins og farandprédikarar verður seint ofmetinn. Menn eins og Sigfús Eymundsson voru meðal þekktustu Íslendinga á sinni tíð, ýmist auðfúsugestir á heimilum sem boðberar nýrra tíma eða útmálaðir föðurlandssvikarar í blöðunum, blindaðir af amerísku gulli. Íslenskir vesturfarar eru stór og ósamstæður hópur, bæði í félagslegu og efnahagslegu tilliti. Þau fáu dæmi sem hér hafa verið tiltekin sýna hversu margbrotið félagslegt fyrirbæri vesturferðirnar voru í hugarheimi Íslendinga, og eru enn. Sá heimur sem við tók vestanhafs var ekki síður fjölbreytilegur og um margt ólíkur þeim sem þeir þekktu að heiman.

1 Í *Vesturfaraskrá* Júníusar Kristinssonar eru skráðir 14.268 vesturfarar en menn hafa lengi gert sér grein fyrir því að þar er nokkuð vantalið. Helgi Skúli Kjartansson hefur áætlað að raunverulegur fjöldi vesturfara hafi verið 16-17 þúsund manns. Sjá Steinþór Heiðarsson, „Íslands ástmeigir og þrælur“, bls. 18 en þar vitnar hann í viðbæti Helga við óbirta grein.

2 *Austri* 30. október 1891. Sjá einnig Guðjón Arngrímsson, *Nýja Ísland*, bls. 28.

3 Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld.“ *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990. Rítgerðir* (Reykjavík, 1993), bls. 57-58.

3. Burt í heimsins álfu aðra

Landnámsöld

Upphaf skipulegra fólksflutninga frá Íslandi til Vesturheims má rekja til þess að Guðmundur Lambertsen kaupmaður gerðist umboðsmaður Allanskipafélagsins hér á landi árið 1872. Áður höfðu nokkrir tugir Íslendinga flutt til Bandaríkjanna, m.a. hópur á vegum Guðmundar Thorgrímssens, kaupmanns á Eyrarbakka. Samningur milli Kanadastjórnar og Allanskipafélagsins varð til þess að fargjald til Kanada var hagfellt og landnæði var sagt ótæmandi. Fyrir vikið gat Guðmundur umboðsmaður Lambertsen boðið vesturförum niðurgreitt fargjald og 200 ekrur lands árið 1874 og það ár fóru tæplega 400 manns vestur til Ameríku með skipi Allansfélagsins, þar á meðal Símon Símonarson.¹

Eftir að fréttir bárust af „fundi“ og „landnámi“ Nýja-Íslands á bökkum Winnipegvatns árið 1875 varð risastökk í útflutningnum og um 1200 manns fóru vestur á vegum Allansfélagsins í þremur hópum árið eftir.² Þrátt fyrir þennan hraða uppgang missti Guðmundur umboðið og munu fjölmargar kærur og kvartanir um aðbúnað hafa ráðið þar mestu. Sigfús Eymundsson ljósmyndari tók við umboðinu og varð hann umsvifamesti vesturfaraagent landsins um langt skeið. Sigfús kom upp kerfi sölumanna og kynningarfulltrúa um allt land sem seldu farbréf til Ameríku.³

Það er athyglisvert að þrátt fyrir að skipafélögin og umboðsmenn þeirra hafi í mörgum tilfellum brugðist algjörlega var strauður fólks vestur um haf jafnmikill og raun bar vitni. Skipin voru iðulega of sein, jafnvel svo vikum eða mánuðum skipti, og margir töpuðu öllu því sem þeir höfðu til fararæyris á biðtímanum, því að slík töf um hábjargræðistímann var dýr. Og þegar loks var lagt úr höfn var ferðin oftast en ekki vösbúðarsöm og lífshættuleg þeim sem veikir voru fyrir. Skipulagi og fararstjórn var iðulega ábótavant og frásagnirnar af ferðalaginu eru oft í hrópandi mótsögn við traustvekjandi auglýsingatexta umboðsmannana.

Allt frá því um miðja 19. öld höfðu bændur norðanlands haft með sér félagsskap og haldið fundi um burtflutninga. Tengsl Vesturheimsferða við framfarasókn íslenskrar bændastéttar á síðari hluta 19. aldar eru æði þversagnakennd og flókin. Framfarasinnaðir bændur um allt land töluðu um

1 Guðjón Arngrímsson, *Nýja Ísland*, bls. 68-69.

2 Þorsteinn P. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi* III (Winnipeg, 1945), bls. 28-36.

3 Guðjón Arngrímsson, *Nýja Ísland*, bls. 70.

viðreisn lands og lýðs af miklum móð um leið og þeir lögðu drög að stórfelldum útflutningi fólks til Vesturheims. Árið 1859 hófu þingeyiskir bændur að ræða um möguleika á skipulögðum búferlaflutningum, fyrst til Grænlands en síðar kom Brasilía inn í myndina. Tala má um tvær bylgjur í skipulagningu Brasilíuferða, árið 1865 hafði á annað hundrað manns skráð sig til farar og árið 1873 voru um 600 manns tilbúnir að hleypa heimdrag-
anum og halda til Brasilíu. Stór hluti þess hóps fór til Kanada árið 1874.¹

Ýmsar aðstæður réðu því að mikill meirihluti íslenskra vesturfara settist að í Kanada, ólíkt öðrum Evrópumönnum. Fyrstu íslensku landnemarnir leituðu að hentugu landsvæði þar sem hægt væri að stofna Íslendingabyggð og taka upp þráðinn í íslenskum búskaparháttum. Þeir reyndu fyrir sér víða en árið 1875 fundu þeir landskika á bökkum Winnipegvatns og þar var stofnað Nýja-Ísland, fjölmennasta byggð Íslendinga í Vesturheimi. Fyrstu ár vesturferðanna voru sannkölluð landnámsöld, Vesturheimsagentar Kanadastjórnar höfðu lofað nægu óbrotnu landi og sú varð einnig raunin. Síðar gengu vesturfara svo að segja inn í íslenskt samfélag í Kanada og aðstæður þeirra voru allt aðrar.

Landtaka Íslendinga í Kanada gekk ekki átakalaust eins og lesa má um í frásögnum Símonar Símonarsonar og Jóns Jónssonar í þessari bók. Símon tilheyrði einum af fyrstu stóru hópum Íslendinga sem fluttu til Vesturheims og tók land ári á undan Jóni Jónssyni. Það var tæplega 400 manna hópur sem sigldi frá Sauðárkróki til Quebec haustið 1874 eftir langa bið og mikla mæðu.

Þann 8. september 1874 kom skipið. En um sumarið var eg hingað og þangað í kaupavinnu og svo flæktist eg vestur í Þing fyrir Gunnlaug Briem til séra Eiríks bróðir hans í vinnu, og var eg þar í viku, og svo fór eg til Jóns á Sveinstöðum og eitthvað búinn að vera þar 5, 6 daga þegar eg fékk orð að eða bréf, að skipið væri komið. Þá varð eg að leggja á stað um háttatíma um koldimma nótt norður á Sauðárkrók og fara yfir Blöndu og Ljótan óveg, það reyndar minnir mig marga rauna- og erfiðastundir. Sú nótt sem mátti kallast sú seinasta sem eg var á Íslandi, á þessu sársaukans landi.²

Skipið lagði úr höfn 10. september 1874 og var að þessu sinni haldið beina leið til Kanada og komið til Quebec miðvikudaginn 23. september. Þegar í emigrantahúsið var komið tók Sigtryggur Jónasson á móti hópnum og „...

1 Guðjón Arngrímsson, *Nýja Ísland*, bls. 60-61.

2 *Mss Isl.* 34 – *Ævisaga Símonar Símonarsonar*.

varð nú leiðtogi okkar og túlkur, og voru menn glaðari yfir því í bráðina“, eins og segir í frásögn Símonar.¹

Hópsins beið vinna við járnbrautarlagningu í Kinmount Ontario og leist mönnum almennt vel á hinn nýju heimkynni og töldu „... að landið hefði gróflega mikið til síns ágætis og því bar enginn kvíða fyrir framtíð sinni að álykta annað en allt færi vel, enda þótt að hörmungarnar væru í nánd fyrir mörgum.“² Ferðin til Kinmount var erfið, einkum síðasti áfanginn sem farinn var á hestvögnum yfir grjót og klungur og forarsvöð en karlmennirnir urðu að ganga. Símon lýsir þessum hluta ferðarinnar með svofelldum orðum:³

Var ljóta ferðalagið fyrir börn hálfveik og alveik og kvenfólk, þessi voða hristingur á svo ósléttum vegi og klumpslegum vögnum og svo höfðu gengið bleytur áður. Svo allt hjálpaðist til og svo niðamyrkur, nótt. Svo allir skynderandi menn geta skilið að þetta ferðalag hefði ekki nein góð eftirköst enda varð það ekki. Þar börnin hrundu niður og eins nokkuð af fullorðnum, helst gamalmönnum. Svo hér um bil klukkan 12 var fólkinu dengt niður úr vögnunum í bleytuna undir víðirstofnana í svo miklu myrkri, að eg hef varla séð annað eins og svo vissum við ekki hvað halda skyldi og með veik börnin. Og eftir langa mæðustund þegar fólk var búið að byltast þarna í forinni, þá loks komu 2 landar með ljóstýru og lýstu okkur að þessu hreysi einu sem verið var að byggja og nokkrir Íslendingar unnu að. Nú komum við þreyttir, svangir að þessum eymdarheimkynnum, auðvitað var þar einhver matur á borðum. En hann fengu ekki nema þeir hraustustu en liðleskjur og sjúklingar fengu ekkert, það hugsar hver um sjálfan sig en ekki aðra.⁴

Daginn eftir var fólkinu skipt niður á bráðabirgðahús og var býsna þétt setinn bekkurinn. Símon segir að börn hafi hrunið niður við þessar aðstæður, vosbúð hafi verið viðvarandi og ósætti innan hópsins, framandi vinna og tungumálaerfiðleikar gerðu innflytjendahópnum erfitt fyrir. Sjálf urðu þau Símon og Valdís fyrir bardinu á þeirri vesöld sem ríkti í innflytjendahópnum þegar þau misstu dóttur sína Guðrúnu í október 1874.⁵ Símon segir að nær 30 börn hafi dáðið þennan vetur og þó nokkuð af fullorðnum, einkum

1 *Mss Isl. 34 – Ævisaga Símonar Símonarsonar.*

2 *Mss Isl. 34 – Ævisaga Símonar Símonarsonar.*

3 Sjá einnig umfjöllun Þorsteins Þ. Þorsteinssonar í öðru bindi *Sögu Íslendinga í Vesturheimi* um fyrstu innflytjendahópna sem fóru til Kinmount 1874 sem byggist að nokkru á ævisögu Símonar, bls. 280-291.

4 *Mss Isl. 34 – Ævisaga Símonar Símonarsonar.*

5 *Mss Isl. 34 – Ævisaga Símonar Símonarsonar.*

eldra fólk. Til stóð að Íslendingarnir næmu land í námunda við Kinmount-bæinn en þegar til kom þótti landið of hrjóstrugt og rýrt til búskapar.¹

Símon fluttist frá Kinmount föstudaginn langa árið 1875 og settist að í bæ sem hét Lindy ásamt fjölskyldu sinni. Símon fékk vinnu við að flytja trjábolí í eina af mörgum sögunarmyllum í bænum og taka borðin frá sögunni og var það erfitt og illa borgað starf að hans sögn og vinnan stopul. „Það fór heldur vel um okkur í Lindy“ – segir Símon þegar hann lítur til baka í ævisöggunni – „en litlar voru framtíðarvonir þar, því lítið var um vinnu og hún illa borguð og fremur var þar gott fólk í allri umgengni, og greiðvikið var það í aðra röndina en ásælið annars vegar og kaupíð lágt.“²

Þetta sumar töldu forkólfar Íslendinga í Vesturheimi sig hafa fundið hentugt landsvæði fyrir íslenska byggð í Kanada, sem síðar varð Nýja-Ísland. Með nokkrum semingi hélt Símon af stað ásamt fjölskyldu sinni og hópi annarra Íslendinga í langa ferð norður að Winnipegvatni 21. september 1875. Símon lýsir nærri 3 vikna hrakningaferð til Winnipeg í löngu máli en 17. október 1875 var lagt af stað í síðasta áfangann, frá Winnipeg til Nýja-Íslands:

[...] var þetta einhver hin mesta glæfrafir sem hugsast gat, að flytja út í óbyggðir langt frá öllum mönnum og það undir vetur. Biðin í Winnipeg stafaði af því að búa út þessi skip eða þessa svonefndu kassa, sem hvorki var hægt að róa eða hafa neina stjórn á nema láta strauma og vindinn bera sig eftir geðþótta sínum, hvort heldur til lífs eða dauðs. Enda leist þeim hinum hyggjari mönnum ekki sem best á þessi flutningsfæri og sögðu allt mundi farast.³

Þegar að landi kom var slegið upp tjöldum og voru þau fyrstu bústaðir hópsins í Nýja-Íslandi. Því næst lýsir Símon byggingu bjálkakofanna en með þeim voru lögð fyrstu drög að skipulagi Gimlibæjar.

Það átti svo sem að verða stórbær upp af blettinum þeim arna, svo við máttum leitast fyrir í útjaðri þessarar fyrirhuguðu borgar, og við leituðum suður, og hrófuðum upp ferköntugu tóttarskrifli hér um bil 12 fetum á hvern veg úr lögprjónum sem við gátum rogað, og rétt manngengt, og raft í þakið, og rifum upp sinuheyrsl ofan á raftinn úr lægð sem var þar skammt frá og kleyjuðum rifurnar og fluttum laugardaginn þann 6. nóv., ekki vel klárað, dyrnar voru á miðjum vegg, austan hálfgluggi sinn hvoru megin við dyrnar, og tvö rúm með hvorri hlið og stóin á miðju gólfi innar af dyrunum, stað-

1 Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi II*, bls. 281.

2 *Mss Isl. 34* – *Ævisaga Símonar Símonarsonar*.

3 *Mss Isl. 34* – *Ævisaga Símonar Símonarsonar*.

inn úr renglu úr skóginum, lítið eitt höggnum. Þetta þótti okkur indæll bústaður hjá því að vera í tjaldraeflinum.¹

Símon segir að dauðsföll hafi verið mjög tíð, á að giska eitt á viku þennan fyrsta vetur, bæði börn og fullorðnir veiktust af langvarandi volki og lélegu fæði. Valdís og Símon áttu þá von á barni og fæddist þeim drengur 29. nóvember, rúmum mánuði eftir að þau gengu á land á Willow Point. Drengurinn, sem skírður var Gunnlaugur, lést hálfum mánuði síðar, 15. desember, og var hann annað barnið sem þau misstu í Vesturheimi á rúmu ári.

Um veturinn 1875-1876 hóf íslenski hópurinn að nema lönd og reisa hús sín. „Eg held að enginn hafi haft hinn minnsta grun hvað þeir voru að gjöra, og það ekki fyrirliðarnir“, – segir Símon í ævisögunni og heldur áfram: „nema það eitt að þeir væru komnir nógu norðanlega. Því hópuðu þeir sig flestir inn með vatninu. En um landkosti var víst ekki verið að hugsa enda kom það á daginn, að það reyndist í bágara lagi, það sáu allir, að landið var skógi vaxið. En jarðveginn og forina vissi enginn um.“² Skógurinn var þéttur og því mikil vinna að ryðja land auk þess sem jarðvegur var laus og blautur og forin gerði allar húsbyggingar og flutninga afar erfiða. Besta landið var við vatnið. Þar var fastari jarðvegur og flutningar sem fóru fram á bátum voru auðveldir auk þess sem lífsbjörgin í vatninu var innan seilingar. „En eg var næsta óheppinn“, – segir Símon, – „gat ekki fengið land nema rúma mílu frá vatni eða 1¹/₂ mílu þar sem hægt var að lenda þessum döllum sem reyndar voru ekki þá til en komu upp næsta sumar og þá veiði-áhöld, net.“³ Land Símonar og Valdísar var um 10 kílómetra suður af Gimli og taldi Símon heimili sitt miðlungi vel sett niður, „sem eðlilegt var þar enginn hafði vit á landi, og hulið geysimiklum snjó.“⁴ Símon og Valdís bjuggu þó ekki lengi á Nýja-Íslandi því þau fluttu til Argyle ári síðar, þar sem þau bjuggu í rúm 20 ár.

Jón Jónsson frá Munkaþverá hleypti ungur heimdraganum. Þegar hann kom til Ameríku haustið 1875 hafði hugmyndin um alíslenska byggð fengið byr undir báða vængi er Kanadastjórn ákvað að afmarka landskíka handa Íslendingum á bökkum Winnipegvatns, „og þá var ekki látið dragnast að flytja sig, þó undir vetur væri inni ósnert skógarland, langar leiðir frá

1 *Mss Isl. 34* – *Ævisaga Símonar Símonarsonar*.

2 *Mss Isl. 34* – *Ævisaga Símonar Símonarsonar*.

3 *Mss Isl. 34* – *Ævisaga Símonar Símonarsonar*.

4 *Mss Isl. 34* – *Ævisaga Símonar Símonarsonar*.

mannabygðum, og flest allir hlökkudu til að nema lönd og gefa íslensk nöfn.“¹ Jón lýsir landnámi Nýja-Íslands í októberlok 1875 á eftirfarandi hátt í frásögn sinni:

Eftir að þessi 260-70 manns, höfðu sett upp tjöld sín á vatnsbakkanum 22. okt 1875, þar sem nú er Gimli, var hverjum karlmanni fengin skógarexi – verkfæri sem margir höfðu aldrei séð fyr – til að fella með tré og byggja loggahús úr þeim og var þá í flýti byggt hús yfir matvælin sem áttu að duga til vetrarins, og það skyldi vera öðrum til fyrirmyndar, og allir höfðu fengið húsaskjól fyrir jól í 30-35 kofum, sem voru mjög mismunandi að gæðum. Eg fékk fljótt æfingu í þessu verki, og vildi að mitt verk liti vel út ef unt væri og nóg var verkefnið en um kaup var ekki að tala.²

Ýmsir sjúkdómar herjuðu á fyrstu íslensku innflytjendurnar í Kanada. Voru eftir að Íslendingabyggingin var stofnuð veiktust margir af skyrbjúg og ýmsum fleiri kvillum og nokkrir dóu. Hjúkrun varð lítt við komið vegna þrengsla og fákunnáttu eftir því sem Jón segir, enda var enginn læknir í hópnum – „ekki einu sinni skottulæknir“.³ Enn meira áfall var þegar bólan gekk yfir haustið 1976 og munu um 20 manns hafa dáðið á spítalanum sem settur var upp í nýbyggunni vöruhúsi í Gimli. Um ári síðar lést frumburður Jóns og Guðnýjar konu hans úr skarlatssótt, sem þá gekk um byggðina.

Strax fyrsta veturinn var mælt fyrir lóðum á bæjarstæði Gimlibæjar en Jón tók sér land suður af bænum og kallaði Akur, en bjó í bráðabirgðakofa í Gimli þar til hann reisti sér hús á Akri sumarið 1877. Mun það hafa verið veglegra og vistlegra en tíðast var, með gólfi, lofti og kjallara. Fyrst um sinn lifðu þau á því sem landið gaf, veiddu fisk í vatninu, ræktuðu grænmeti og garðávexti við húsið og viður var nægur til húsbygginga og eldsneytis. Auk þess reyndu Íslendingar að selja afla sinn og vinnu með misjöfnum árangri. Jón réðst m.a. í skógarhögg hjá skoskum bónda og Guðný fór í vist en þessi vinna var erfið og fremur illa launuð og handtök ólík þeim sem Íslendingarnir þekktu og fremur illa launuð. Næsta vetur vann Jón við járnbrautarlagningu í Ontario, eins og algengt var með Íslendinga. Reynslan af Nýja-Íslandi var mörgum bitur vegna sjúkdóma og annarra erfiðleika og margir fluttu í stærri og grónari byggðir. Jón segir í æviminningum sínum:

1 *Lbs óskráð* – Æviþáttur Jóns Jónssonar yngri á Munkaþverá.

2 *Lbs óskráð* – Æviþáttur Jóns Jónssonar yngri á Munkaþverá.

3 *Lbs óskráð* – Æviþáttur Jóns Jónssonar yngri á Munkaþverá.

Fyrstu árin í Nýja Íslandi bar lítið á óánægju með framtíðarhorfur, flestir voru vanir harðæri og skorti og þekktu ekkert til í eldri byggðum, og kunnu ekkert að jarðrækt, en þeir sem ferðast höfðu meira um landið vissu að einangrun þessi yrði óþolandi til lengdar og yfirgáfu lönd sín og verk, og fluttu svo til Winnipeg, sem þá var að byrja að vaxa, og sumir fóru suður til Dakota.¹

Jón var einn þeirra sem seldi sitt og yfirgaf Nýja-Ísland. Hann borgaði upp stjórnarlán sem hann hafði tekið og átti þá eftir rúmt kýrverð þegar hann flutti til Winnipeg og stuttu síðar til Pembina í Norður-Dakóta, en nánar verður vikið að byggðum Íslendinga þar í næsta kafla.

Jóhann Schram flutti úr Skagafirði til Ameríku árið 1876 ásamt foreldrum sínum og steig á land í Quebec 22. júlí. Sá hluti hópsins sem ætlaði til Nova Scotia hætti við og hélt til Manitoba, enda beið þeirra bréf í Quebec frá íslenskum bændum í Nova Scotia þar sem þeim var ráðið frá því að setjast að í Íslendingabyggðinni, sem nefnd var Markland, því að stjórnvöld væru hætt að veita styrki til innflytjenda. Ekki er hægt að sjá á dagbókarfærslum Jóhanns hvort hann hafi ætlað að setjast að á austurstöndinni en hann ferðaðist sem leið liggur frá Quebec til Toronto, þaðan til borgarinnar Duluth í Minnesotafylki í Bandaríkjunum og upp eftir Rauða til Winnipeg og kom loks til Gimli í lok ágústmánaðar. Eftir að þangað kemur er dagbókin heldur fáorð um dagleg störf og aðbúnað allan en 2. september byrjar hann að höggva til við í hús, væntanlega yfir sig og sína, og 14. október sama ár fluttu þau inn í húsið. Í dagbókinni má einnig sjá að Jóhann vann við járnbrautarlagningu, eins og títt var.²

Um þetta leyti, í október og nóvember 1876, fór fyrst að bera á að fólk veiktist af bólusótt og þann vetur geisaði faraldur á Nýja-Íslandi og um 100 íslenskir innflytjendur létust á örfáum mánuðum, þar af 40 í desembermánuði.³ Bólusóttin er fyrst nefnd í dagbókarbroti Jóhanns 8. október þar sem sagt er frá láti Lilju Hjálmsdóttur frá Kúskerpi í Skagafirði og 6. nóvember lést mágkona Jóhanns, Ragnheiður Jóhannsdóttir.⁴ Jóhann nefnir ekki nema fáa sem létust úr bólunni, að því er virðist fólk á hans reki, ungt fólk úr Skagafirði. Eftir að sóttin gaus upp var Nýja-Ísland einangrað frá öðrum

1 *Lbs óskráð* – Æviþáttur Jóns Jónssonar yngri á Munkaþverá.

2 *Mss Isl.* [] – Dagbók Jóhanns Schram 1876.

3 Guðjón Arngrímsson, Nýja Ísland, bls. 157-158. – Þorsteinn Þ. Þorsteinnsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi III*, bls. 51-55.

4 *Mss Isl.* [] – Dagbók Jóhanns Schram: 6. október og 8. nóvember 1876.

byggðum og settar upp sóttvarnarstöðvar, eins og lesa má um í dagbókarbrotinu, og eftir að faraldrinum lauk sendu yfirvöld út skipun um hvernig staðið skyldi að hreinsun heimilanna til að koma í veg fyrir að sóttin gysi upp aftur.¹

Þeir miklu erfiðleikar sem fyrstu hópar íslenskra innflytjenda mættu höfðu mikil áhrif á þróun byggðar í Nýja-Íslandi og flutninga Íslendinga til Kanada og Bandaríkjanna. Margir fluttu frá nýlendunni og aðrir breyttu áætlunum sínum eftir að fréttir bárust af ástandinu heim til Íslands. Sumir létu þó reyna á lífsmöguleika í Nýja-Íslandi og smám saman náðu þeir betri tókum á lífinu í nýju landi. Árið 1881 voru íslenskir innflytjendur í Nýja-Íslandi aðeins um 250, fjórðungur þess fjölda sem hafði numið land á árunum upp úr 1875.² Fljótlega tók Íslendingum þó að fjölga aftur og á næsta áratug styrktust Íslendingabyggðir í Manitoba til muna og á níunda áratugnum voru aðstæður vesturfara allar aðrar en á árum frumherjanna.

Íslendingar í Norður-Dakóta

Fyrir utan Nýja-Ísland voru helstu byggðir íslenskra innflytjenda í Vesturheimi í Norður-Dakótafylki í Bandaríkjunum. Upphaf stórfellds innflutnings Íslendinga þangað má rekja til trúardeilna meðal íbúa Nýja-Íslands en árið 1878 fékk séra Páll Þorláksson hóp fólks til að flytja frá Nýja-Íslandi til Pembina í norðausturhorni sem þá hét Dakótafylki, rétt sunnan landamæra Kanada og Bandaríkjanna.³ Páll lést fáum árum síðar eftir þrálát veikindi, langt fyrir aldur fram, en byggðir Íslendinga í Norður-Dakóta efldust á næstu árum. Fjölmargir Íslendingar fluttu frá Nýja-Íslandi til Pembinahéraðs um og upp úr 1880 og fór svo að meirihluti þeirra sem sest höfðu þar að flutti til Pembina og Argyle.

Í bók sinni *Saga Íslendinga í Norður-Dakota* lýsir Thorstína Jackson tilkomu og staðsetningu helstu Íslendingabyggða þannig:

Íslendingabyggðin lá í miðri Pembina-sýslu, sem á fyrstu árum náði austur frá Rauðá og vestur fyrir hin svokölluðu Pembinafjöll. Seinna var byggðinni skipt, og vesturhlutinn nefndur Cavalier-sýsla. Meirihluti íslensku byggðarinnar er fyrir neðan Pembinafjöllin. Tvær ár falla úr fjöllum þessum, Tunguá og Park River, og eru gil vatnsfalla þessara sérstaklega fögur, vaxin stórvöxnum eikar-, álm-, ask- og járnviðartrjám. Norðurtakmörk nýlend-

1 Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi III*, bls. 51-55.

2 Guðjón Arngrímsson, *Nýja Ísland*, bls. 285.

3 Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi III*, bls. 150-158.

unnar voru hrjóstrugir sandhólar, en að sunnan voru landamærin við norðurkvísl Park-ár, og hafði nágrennið í kring verið kent við ána. En árið 1882 var póstafréiðslustaður settur við Park-á og nefndur Garðar, og var þá farið að kenna byggðina í kring við pósthúsið. Pláss það sem Þorlákur á Stóru-tjörnum [faðir sr. Páls], synir hans og fleiri tóku lönd í var í fyrstu nefnd Víkurbyggð. Póstafréiðslustaður var settur þar árið 1881 og nefndur Mountain; svo var smám saman farið að kalla nágrennið Mountain-byggð.¹

Íslendingar komu úr ýmsum áttum til Pembina og Thorstína segir að almennt hafi þeir sem komu frá Minnesota og Wisconsin, fylkjunum austan Norður-Dakóta, verið í betri efnun en þeir sem frá Nýja-Íslandi komu.² Margir komu einnig beint frá Íslandi til Pembina, oft með nokkurra daga eða vikna viðkomu í Winnipeg eða Nýja-Íslandi.

Thorstína Jackson hefur kallað fyrsta áratuginn sem íslenskir innflytjendur bjuggu í Norður-Dakóta *Öreigatímabilið* í bók sinni, tímabil þegar bændur voru að brjóta undir sig land og koma þaki yfir höfuðið. Flestir þeirra unnu ígripavinnu meðan þeir voru að koma undir sig fótunum.³ Margir vesturfarar tóku sér skógarland sem þurfti að ryðja áður en hægt var að byggja þar hús og hefja landbúnað. Þeir unnu því jöfnum höndum að uppbyggingu eigin heimilis og ýmsa tilfallandi vinnu hjá öðrum bændum, einkum við kornskurð og þreskingu. Jón Jónsson, Þórður Brynjólfsson og Björn Halldórsson settust allir að ásamt fjölskyldum sínum í Mountain-byggð á árunum 1883-1884, þegar byggð Íslendinga í Norður-Dakóta var að slíta barnsskónum.

Jón Jónsson kom fyrst til Pembina til að skoða land það er Jakob bróðir hans hafði numið, en hann hafði einnig búið í Nýja-Íslandi um tíma. Eftir bitra reynslu af landnámi Nýja-Íslands þótti Jóni landar sínir hafa stigið framfaraskref með því að flytja suður yfir landamærin.

[V]arð ég hrifinn af þessum gróðursælu sléttum, sem stóðu þarna til boða hverjum manni sem vildi búa sér þar heimili. Það líktist helst sléttu túni á öldunum, en lægðir besta engi á milli, og var þarna ekki langt til skógar, svo

1 Thorstína Jackson, *Saga Íslendinga í Norður-Dakota* (Winnipeg, 1926), bls. 30.

2 Thorstína Jackson, *Saga Íslendinga í Norður-Dakota*, bls. 32.

3 Thorstína Jackson, *Saga Íslendinga í Norður-Dakota*, bls. 42-43.

mér fannst ég sjá þarna hagsældar framtíðarsveit, sem líka væri í Bandaríkjunum.¹

Jón lét ekki sitja við orðin tóm heldur flutti um haustið til bróður síns og tók sér land í Pembina vorið eftir. Hann vann í bæ samnefndum héraðinu og þurfti að ganga um 8 kílómetra til og frá vinnu til viðbótar við 10 tíma vinnudag. Samt sem áður tókst honum að koma sér upp bjálkahúsi, kaupa uxa og vagn, plóg, herfi og kú með kálfi. Jón seldi þó fljótlega þetta land sitt og hús og eftir það bjó hann sjaldnast lengi á sama stað. Næstu árin vann hann einkum við húsbyggingar og húsflutninga í Garðar, Grand Forks og í bæjum í Minnesota og bjó enn síðar í Saskatchewan, Vancouver og síðast í Washingtonfylki í Bandaríkjunum.

Fátt er vitað um líf Þórðar Brynjólfssonar og fjölskyldu hans í Vesturheimi annað en það sem kemur fram í dagbókum hans. Eftir að þau tóku land í Quebec 22. ágúst 1883 héldu þau sem leið lá suður yfir landamærin og til Norður-Dakóta þar sem frændi Þórðar, Jón Jónsson á Mæri, tók á móti þeim. Þegar vestur var komið er atvinnuþreifið og félags- og menningarlíf Íslendinga meginefni dagbókanna. Þórður vann alla tilfallandi vinnu, eins og títt var um Vestur-Íslendinga, og var yfirleitt aðeins ráðinn til skamms tíma í senn, einkum í byggingavinnu og við landbúnaðarstörf.

Fyrstu dögum í nýja heiminum er lýst af mikilli yfirvegum, eins og ferðalaginu öllu, og hans fyrsta verk er að reyna að átta sig á verðlaginu þessa ágústdaga 1883:

22. Komum til Cvebech, fyrir miðjan dag, hjer er ramgjör kastali, húsa-fjöldi ótölulegur, fyrir ferðamann, en víða er smáhýst, enn fegurð er kvervetna yfir að líta. Skiptum um farbrjef, feingum blágræn á ensku, til St. Vincent, hin tekinn, vígsluðum, vígsli góð (20 kr. í gulli fyrir 5 dollara og 25 cent. 25 c. frammyfir hið rjetta gangverð). Keiptum nesti, (en það var dýrt þó dýrara yrði seinna), á fyrsta járnbrautarspottann, allt sett í vagnana, við fjölda af luktum. Borgarstræti voru öll líst, fórum í vagnana eptir miðnætti, úr þessu fjekk maður aldrei að sofa og gat þess vegna aldrei vakað.

23. Áð við veitingahús, þeim sem ötluðu til Kanadafylkja veitt máltíð, enn þeim sem ætla í Bandafilkin selt hvað sem vildu. Máltíð kostar 1a kr. = 25 cent, síðan var keyrt af stað. Túlkur sendur frá Kanadastjórn, Baldvin Baldv. son, að sjá um fólk alla leið, farið af stað eptir máltíð. Mjólkurpott-

1 *Lbs óskráð* – Æviþáttur Jóns Jónssonar yngri á Munkaþverá.

ur kostaði á leiðinni upp og ofan 5-10 cent = 20-40 a. Kaffi með brauði 5 cent. Þrýr p. af brennivíni (enn sterku sem spýritus), 2 kr. = 50 c. Romm eins. Góð stígvjel 10 kr. = 2¹/₂ doll. Kvennstígvjel 2 d., dreingjastígvjel frá 50 c.-2 dollara. Vandaðar töskur 20 kr. = 5 doll.¹

Valshamarsfólkið stefndi til Bandaríkjanna og kom til Duluth á mörkum Minnesota og Wisconsin 29. ágúst og þaðan var haldið til St. Vincent, yfir Rauðá til Pembina og loks að Mæri, heimili Jóns Jónssonar fyrir suðaustan Mountain, 40 mílur frá Pembina og fengu þar kofa til afnota sem bráðabirgðahúsnaði. Síndust Þórði landkostir þar miklir og vænlegt framtíðarland. Þar nærri var verslunarstaðurinn Vík og fékk hann þar sína fyrstu vinnu í Vesturheimi en vann einnig við heyskap og hveitiuppskeru fyrir bændur.

Þórður var fram eftir hausti við landbúnaðarstörf hjá enskum og íslenskum bændum en vann jafnframt að því að gera heimili fjölskyldunnar vistlegra og helt vatns og vinda. Það gekk upp og ofan og 17.-18. október skrifar Þórður í dagbók sína: „Sat heima. Stundum lak sjantinn (kofinn), stundum fraus í honum, maskínan (stóinn), er átrúnaðargoð Vesturheimsmanna, það er og besti bjargar gripur okkar.“² Hinn 4. nóvember skrifar Þórður: „Illu líst mjer á að lifa hjer í vetur, veit nú als ekki hverju eg á að slá upp á. Guð sjer fyrir þessu.“³ Hann þéttir bjálkakofann með leir og kalkar síðan yfir. Þrátt fyrir að Þórður sé ýmsu vanur frá Íslandi er ekki laust við að veðrið komi honum í opna skjöldu og ekki síst það að ekki er hægt að treysta á sömu veðurboða og í gamla landinu. Hinn 1. desember ritar hann í dagbók sína: „Veðurlagið er svo breitlegt hjer í Dagota, hann er allt í einu orðinn hægur og allt í einu kvass. Þó að manni sínist fullkomið hlákuútlit, verður ekki neitt af því og þó manni sínist besta útlit, er máski komið kafaldsfjúk eptir nokkra klukkutíma.“⁴ Í árslok þakkar hann guði fyrir að hafa lofað sér að lifa árið til enda og á nýársdag ritar hann eftirfarandi hugleiðingu:

Já þetta er fyrsti nýársdagur sem eg lifi í Vesturheimi. Guð veit hvort jeg eða við lifum hjer næsta nýársdag, Guði almáttugum er ekki ómáttugt að sjá mjer farborða hjer eins og á gamla Íslandi. Jeg fel mig og mína í Guðs hönd og varðveitslu hans á þessu nýbirjaða ári. Jeg fel mig með konu og börnum

1 *Lbs* 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 22. og 23. ágúst 1883.

2 *Lbs* 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 17. og 18. október 1883.

3 *Lbs* 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 4. nóvember 1883.

4 *Lbs* 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 1. desember 1883.

mínum alvolduga skapara og mínum elskulega frelsara Jesú Kristi. Styrk mig að standa o.s.frv, varðveittu mig frá ofdrykkju áfram þá í Jesú nafni.¹

Það er ekki síður frumbýlingsbragur á landtöku Íslendinga í Norður-Dakóta árið 1883 en í Nýja-Íslandi tæpum áratug fyrr. Land var víða óbrotið, samgöngur slæmar og þjónusta í lágmarki. Helstu störf voru skógarhögg, girðingar, húsbyggingar og annað sem lýtur að uppbyggingu nýbýla en þess á milli vinna innflytjendurnir hjá bændum í nágrenninu sem þegar höfðu komið sér fyrir.

Veturinn 1883-1884 var Íslendingum í Norður-Dakóta afar erfiður og aðstæður allar þrúgandi. Frostið var á köflum ógurlegt og Þórður skrifar á einum stað að allir emigrantar séu óánægðir og sumir orðnir hálfvitlausir. Andrúmsloftið meðal innflytjenda fangar hann ennfremur í þessa vísu sem birtist í dagbókinni um miðjan mars 1884:

Öfund eiturblandinn,
illa kvelur lund,
kaldur kveður andinn,
kvelur mann og sprund
Hjer er varna furðu fátt,
sannleikurinn sínist mjer,
sitja nokkuð látt.²

Snemma árs 1884, þegar frosthélið ætlaði allt að drepa, byrjaði Þórður húsbyggingu sína og fjölskyldan flutti í nýja húsið um miðjan aprílmánuð. Þegar húsið hafði verið reist hélt Þórður til Manitoba í atvinnuleit og starfaði um mánaðartíma við járnbrautarlagningu í námunda við Gretna. Um sumarið var hann við heyskap heima í Mountain fyrir sjálfan sig og aðra og síðar kornuppskeru.

Hinn 13. ágúst fæddist þeim Valgerði dóttir sem fékk nafnið Herbjörg, eins og sú sem lést á meðan fjölskyldan beið eftir fari vestur um haf. Þrátt fyrir að mestu erfiðleikarnir virðist vera að baki er Þórður haldinn einhverju óyndi eftir erfiða reynslu undangenginna ára, eins og kemur fram í dagbók hans haustið 1884:

Mjér leiðist mart og bágt fyrir mjer, en Guð er hinn sami í gjær og dag, hver sem honum treistir vantar ekkert, hann sjer fyrir mjer nú sem fyrri. Menn

1 Lbs 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 1. janúar 1884.

2 Lbs 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 9.-12. mars 1884.

eru hjer óvanir við svona miklar og langstæðar rigningar, verka mönnum kvimleitt.¹

Og hinn 12. september bætir hann við: „Sat heima, Valg. mjög veik, mínar kringumstæur bágar, samkomulag bágt. Leiðinda líf.“² Þórður Brynjólfsson undi ekki hag sínum í nýjum heimi, rifinn upp hálfnauðugur úr harðbýlu föðurlandi og bugaður af erfiðleikum nýrra og ókunnra heimkynna. Þórður varð ekki langlífur í Vesturheimi, andaðist um 1888 en Valgerður bjó lengi, ásamt Jóni syni þeirra, að Snæfold.

Björn Halldórsson frá Úlfsstöðum flutti einnig til Mountain í Norður-Dakóta ári síðar, sumarið 1884. Hann kom ásamt fjölskyldu sinni til Norður-Ameríku að morgni 5. ágúst, lagði að landi í Boston og þaðan var haldið með lest til Montreal og komið til Winnipeg 5 dögum síðar. Hinn 10. ágúst skrifar Björn í dagbók sína:

Til Winnipeg kl. 7. f.m. og þá er þessari löngu ferð lokið á 28 dögum og 19 kl.tímum. Þökk sje góðum Guði, að ferðin hefur gengið slisa laust. Á járnbrautarstöðinni komu til okkar margir landar, sem hjer búa. Þar á meðal Eyjólfur Eyjólfsson frá Dagverðargerði, hann bauð mjer til sín með konu og börnum þar til jeg kæmi mjer fyrir á annan hátt.³

Daginn eftir að Björn kom til Winnipeg hafði hann fengið hús til afnota um tíma og á þriðja degi voru dætur hans komnar með vinnu. „Kvenfólk getur með æsingi fengið hjer vinnu en karlmenn varla sem stendur, en dýrt er að lifa hjer atvinnulaus“ – segir Björn í dagbókinni.⁴ Björn og fjölskylda dvöldust í húsi Helga Jónssonar ritstjóra Leifs þar til 23. ágúst og tóku eftir það á leigu „Genta“ til ábúðar hjá Páli Magnússyni í Winnipeg. Leigan var að þjóna Páli og matreiða handa honum. Fljótlega hófst Björn svo handa við að byggja, fyrst náðhús, svo hlöðu og lítið fjós um miðjan september. Næstu daga og vikur fór Björn að skoða sig um í Íslendingabyggðum í Gimli. „Mjer leist fremur vel á hag manna í þessari bygð“ – segir Björn í dagbókinni 3. september 1884. „Par eru víða töluvert rudd lot, sáðverk mikið, einkum kartöflur. Nautpeningur talsverður og nokkuð af sauðfje. Ég boðaði bygðarmenn á fund að Gimli þ. 6. þ.m.“⁵ Björn heldur áfram dag-

1 *Lbs* 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 29. ágúst til 4. september 1884.

2 *Lbs* 2934 4to – Dagbók Þórðar Brynjólfssonar: 12. september 1884.

3 *Lbs* 3147 8vo – Dagbók Björns Halldórssonar: 10. ágúst 1884.

4 *Lbs* 3147 8vo – Dagbók Björns Halldórssonar: 12. ágúst 1884.

5 *Lbs* 3147 8vo – Dagbók Björns Halldórssonar: 3. september 1884.

inn eftir: „Ég kynnti mjer það jeg gat nýlenduna og ástand nýlendubúa. Þeir er stöðugt hafa verið á jörðum sínum eru komnir í allgóð efni, hafa töluverð sáðlönd og nokkra gripi, auk fiskjarins í vatninu.“¹

Hinn 6. september er haldinn fundur sá er Björn boðaði til, þar sem rætt var um að bæta samgöngurnar milli nýlendunnar og Selkirk með því að koma upp bryggju á Gimli er lagt yrði að gufuskipi. „Allir fjellust á uppástunguna og fólu mjer á hendur að leita styrkja hjá stjórninni til byggingar á bryggjunni“ – segir Björn í dagbók sinni og hér er rétt að ítreka að Björn Halldórsson gekk á land í Norður-Ameríku 10. ágúst sama ár, tæpum mánuði fyrir þennan fund.²

Björn heldur áfram að virða fyrir sér sín nýju heimkynni og 13. september skráir hann eftirfarandi hugleiðingar um landkosti Nýja-Íslands í dagbók sína:

Trjásortir í Nýja Íslandi eru helstar: *Poplar* líkist hvitviðju, eða ísl. birki. Alt að 30 ál. háar eikur og 12 þ. í þvermál. Syrus ný og stórvaxin að 50 ál. hæð og 15" þvermáli, líkist furu. *Eyk* á stöku stað á hæð við popla en gildari. *Askur* á stöku stað, grannur og krækilóttur. Birki hávaxið og alt að 8" þvermáli. *Willo* (víðir) krækilóttur, grannvaxinn og góður viður vaxa margir stönglar upp af sömu rót, mjög ervitt að ryðja honum. Af þessum víð er mest og poplum. Að auki er á stöku stað *Tamrak* stórvaxið, það líkist reka-við þeim heima er rauðviður er nefndur. *Elm* eða álmur og fl.

Veiði er í vatninu. Þessar fiskitegundir eru helstar: *Pikkfiskur*. Á stærð við ísu heima, líkist hertur freðfiski. *Pækur* (gedda). Viðlíka á stærð, mjög góð og saðsöm fæða líkist hertum silungi. *Hvítfiskur*. Besta og dýrasta fiskitegund og besta í vatninu, meðalþyngd 6 til 7 ƒ uppúr vatninu, líkist helst laxi, en mýkri og feitari. *Styrja*, stærsti fiskur í vatninu, allt að 200 ƒ. Í henni er brjósk en ekki bein, sem hákalli, enda lík honum að skapnaði, feitur fiskur og góður átu. *Kattfiskur*, alt að 25 ƒ á þyngd, sá feitasti í vatninu, mjög saðsöm og góð fæða, einkum saltaður og reyktur. Að borða hann nýann líkist laxahöfðum. *Gullaugu*, af þeim veiðist mest, eru á stærð við væna hafsíld og mjög lík átu. *Birtingur*, lítið stærri en gullaugu, líkist silungi að skapnaði og gæðum. *Sogfiskur*. Lítið minni en hvítfiskur, allgóður átu nema um hitatímann. Keila, á stærð við ýsu, góð átu. *Sólfiskur* líkist helst grásleppu, ágæt fæða. Fleiri fiskitegundir veiðast í vatninu, en eru lítt notaðar nema þá til gripafóðurs. Allar þessar fiskitegundir veiðast í net. Þó veiðist einnig á lóðir og dorgfæri: pikkur, pækur, kattfiskur, keila og gullaugu. Flestur þessi

1 *Lbs* 3147 8vo – Dagbók Björns Halldórssonar: 4. september 1884.

2 *Lbs* 3147 8vo – Dagbók Björns Halldórssonar: 6. september 1884.

fiskur selst best á markaði í Winnipeg ef vel er verkaður, en einkum hvít-fiskurinn.¹

En þrátt fyrir ýmis hlunnindi sem nýta mátti í Nýja-Íslandi lá straumurinn suður yfir landamærin til Pembina. Í lok októbermánaðar 1884 flutti Björn með fjölskyldu sinni til Norður-Dakóta. Hann hafði um nokkurra vikna skeið unnið hjá bónda í Hamilton en þangað var um 14 tíma ferð í járnbrautarlest frá Winnipeg. Á þeim ferðum sínum heimsótti hann Grím Einarsson, bróður Hólmfríðar, sem hafði flutt vestur um haf árið 1876 og bjó á stað sem Björn nefnir Park, en Íslendingar nefndu Garðar. Grímur bauð þeim að vera veturinn og Björn þáði það. Heldur hefur Birni litist vel á sig fyrir sunnan landamærin því þau hjónin keyptu land sunnan við Mountain og bjuggu þar í 13 ár. Hjá Grími mági sínum vann Björn við smíðar, einkum við að dytta að býli Gríms. Sem endranær sækir Björn strax í fremstu röð í félagsstarfi Íslendinga. Hinn 10. nóvember segir í dagbókinni: „Eg fór á fund sem haldinn var á Garðar. Þar var rætt um skóla og blaðið *Leif*. Eg var kosinn forseti.“² Ekki er annað að sjá en að ágætlega fari um Björn í Vesturheimi þótt kveðjuorð ársins 1884 gefi annað til kynna, eins og fyrr hefur komið fram, en þar ber nokkuð á leiða og heimþrá hjá Birni. Eftir 13 ára búskap í Mountain fluttu þau Hólmfríður til Winnipeg og bjuggu þar frá árinu 1897 til dauðadags. Hólmfríður lést árið 1904 en Björn lést hjá dóttur sinni Ólöfu í Winnipeg árið 1920.

Þegar nokkuð var liðið á vesturferðirnar varð æ algengara að þeir sem héldu vestur ættu ættingja eða vini vestanhafs sem gátu tekið á móti þeim og aðstoðað með húsnæði, atvinnu og fleira fyrstu mánuðina. Þeir Þórður og Björn áttu báðir venslafólk vestanhafs sem hjálpaði þeim að koma undir sig fótunum í Norður-Dakóta og sama má segja um fleiri vesturfara sem koma við sögu í þessari bók. Það kemur fram í dagbókum Þórðar að honum höfðu borist fréttir úr Vesturheimi með bréfum frá Jóni frænda hans Jónssyni og ekki er ólíklegt að vesturfaraáhuga Hólmfríðar, konu Björns, megi rekja til bréfa frá Grími Einarssyni, bróður hennar.

Nýir tímar í Nýja-Íslandi

Nýlenda Íslendinga á bökkum Winnipegvatns hafði nær þurrkast út í kjölfar ýmissa áfalla frumbýlisáranna varð endurreisn í Nýja-Íslandi um og eftir miðjan níunda áratuginn. Árið 1883 kom nokkuð stór hópur Íslendinga til

1 *Lbs* 3147 8vo – Dagbók Björns Halldórssonar: 13. september 1884.

2 *Lbs* 3147 8vo – Dagbók Björns Halldórssonar: 10. nóvember 1884.

Nýja-Íslands og árlega fluttu tvö til þrjú hundruð vesturfara til Gimli og nágrennis.¹ Meðal þeirra var stórfjölskyldan frá Bakka í Borgarfirði eystra, Stefán Benediktsson og seinni kona hans, Sigurlaug Jónsdóttir, og dagbókarritarinn Þorvarður, sonur Stefáns, ásamt konu sinni, Guðríði Jónsdóttur. Þorvarður bjó fyrst á heimilisréttarlandi sínu, sem hann kallaði Lauf-ás, en flutti svo að Bakka við Íslendingafljót árið 1892. Þar bjó Þorvarður til æviloka, fyrst í félagi við föður sinn og síðar ásamt tengdasyni sínum. Guðríður lést árið 1911 en Þorvarður lifði allt til ársins 1942.²

Þorvarður fór ekki hefðbundna leið vesturfara í gegnum Quebec heldur sigldi með póstskipinu Lauru til Granton í Skotlandi og þaðan til New York. Þangað kom hann snemma dags mánudaginn 2. ágúst og hélt rakleiðis til Winnipeg með járnbrautarlest. Þorvarður lýsir því sem fyrir augu bar í Kanada á eftirfarandi hátt í dagbók sinni í byrjun ágústmánaðar 1886:

F. 5. – 16. v.s. Óglatt sólskin og logn. Við fórum í nótt kl. 1¹/₂ burt frá Carleton á Canadajárnbrautina. Hér á leiðinni sést eigi annað en þéttur, beinn en heldur mjór poplviðar-skógur, hæðir og grjótugur jarðvegur. Verkamenn eru hér sumstaðar að vinna að járnbraut og höggva skóg í kesti til eldsneytis. Hreysi þeirra eru lágir logga-kofar, settir saman úr trjám sem sett eru hvert ofan á annað, og þakið þannig, að tré eru reist upp hvert við hliðina á öðru. Vötn eru hér á leið skólplituð og ekki góð til drykkjar.

F. 6. – Fyrst í morgun þykkur, svo mikið heiðríkt og alltaf logn (hitaveðr). Við komum til Port Arthur kl. 4 e.m. en fórum þaðan kl. 4¹/₂ e.m. Þar er fremur fallett aflíðandi sléttlendi nema niðr við Superior Lake er slétt og flatt. Landið milli Carleton og Port Arthur er fjarska grjótugt og mest allt víði vaxið og eg kalla óbyggjandi. Hvítgrár sandur er líkist vikurösku sem nær víðast upp í grasrótina. Nú í kvöld erum við á leið frá Port Arthur. Hér er fremur fallett land, víða nokkuð slétt með nýgræðingsvíði og hingað og þangað standandi lausum mjóum og beinum víðarreglum.³

Þorvarður er mjög nákvæmur í skráningum sínum í ferðinni, allt frá því að lagt er af stað frá Seyðisfirði, og því gefst gott tækifæri til að kanna hvernig hinn nýi heimur kom honum fyrir sjónir og hvernig umhorfs var í Kanada á tíma vesturferðanna. Honum líst vel á landkosti er nær dregur

1 Wilhelm Kristjanson, *The Icelandic People in Manitoba. A Manitoba Saga* (Winnipeg, 1965), bls. 142-143.

2 Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi* 3, bls. 308. – Þorleifur Jóakímsson (Jackson), *Brot af landnáms sögu Nýja Íslands*, bls. 57. – Nelson Gerrard, *Icelandic River Saga* (Arborg, 1985), bls. 260-263. – Sjá einnig *Lögberg*, 18. jan. 1945.

3 HSA Alm. XI.1 – Dagbók Þorvarðar Stefánssonar: 5. og 6. ágúst 1886.

Winnipeg, landslagið verður sléttara og grösugra, en miklu minni skógur. Winnipeg lýsir hann með eftirfarandi orðum:

Hér er mjög slétt og fjöldi af húsum (sumt eru steinhús), en samt miklu strjállu og minni heldur en í hinum stöðunum er við höfum komið í, t.d. Glasgow og New York, enda er hann ungur bær, aðeins með 35,000 (Íslendingar eru sagðir þar um 1000) íbúum. Við verðum hér í húsi í nótt, sem einungis er ætlað fyrir emigranta til að dvelja í meðan þeir fara ekki eitthvað í burtu annað. Nafnið á því er: „Dominion Cort – Immigrants Agency“. Rúm í því eru engin en bara eldstæði. Skamt frá því er aðalgufuvernastæði hér í Winnipeg við Kyrrahafsbrautina. Hér hittum við marga Íslendinga er tóku við okkur sem beztu vinir.¹

Winnipegborg hafði vaxið hratt frá fyrstu árum vesturferða þegar þar bjuggu aðeins nokkur hundruð sálir og hún varð þjónustu- og verslunarmiðstöð fyrir landbúnaðar- og fiskveiðihéruð Manitobafylkis í kjölfar þess að járnbraut var lögð til bæjarins. Svo að segja frá upphafi vesturferða höfðu íslenskir innflytjendur sótt að nokkru marki til borgarinnar og dvalið þar í lengri eða skemmri tíma. Auðvelt var fyrir konur að fá vinnu sem þjónustustúlkur á betri heimilum Winnipegborgar en erfiðara var fyrir íslenska karlmenn að finna störf í þéttbýlinu.

Fyrir Þorvarð Stefánsson og fjölskyldu var Winnipeg þó aðeins biðstöð á leið til Nýja-Íslands, þar sem þau áttu víst athvarf hjá Eyjólfu bónda Magnússyni á Unalandi fyrstu dagana.² Þaðan fluttu þau í kofa á Akranesi við Íslendingafljót, á meðan hús þeirra var í byggingu. Þeir feðgar byrja á að ryðja land sitt eins og landnema er síður. Hinn 8. október hefjast þeir handa við að búa til kjallara undir hús sitt og í dagbókinni má lesa hvernig framtíðarheimili þeirra rís, lið fyrir lið, á haustmánuðum 1886.

Eins og fram kemur í fyrri köflum þessarar greinar voru dagleg störf á Bakka í Borgarfirði eystra að öllu jöfnu mjög fjölbreytt og fátt sem minnti á fábreyttan sjálfsþurftarbúskap. Þegar vestur kom héldu Bakkabændur uppteknum hætti, auk kornræktar og hefðbundins búskaps með kindur og kýr stunduðu þeir smáíðnað eins og vefnað og smíðar úr tré og járn, fjölbreytta matjurtaræktun og fiskveiðar í Winnipegvatni. Hér skal tekið dæmi af einni viku í maí sem lýsir fjölbreyttu starfi fjölskyldunnar við fiskveiðar, kornrækt, matjurtarækt o.fl.:

1 HSA Alm. XI.1 – Dagbók Þorvarðar Stefánssonar: 7. ágúst 1884.

2 Eyjólfur Magnússon flutti til Kanada árið 1876 en Stefán sonur hans tveimur árum áður. Eyjólfur bjó að Unalandi og var ásamt sonum sínum, fyrrnefndum Stefáni, Þorsteini, Sigurði og Gunnsteini, talinn til merkustu bænda í Nýja-Íslandi á sinni tíð. Þorleifur Jóakimsson (Jackson), *Brot af Landnáms sögu Nýja Íslands*, bls. 49-55.

S. 8. – 4. s.e. páska. Heiðríkt og suðvestan hitavindur. Fjarska hvass sunnan framanaf í nótt, svo tré rifnuðu sum staðar upp með rótum. B. í kv. á 75. Gróður er talsverður kominn í mýrar og popli er orðinn alsettur humli. Eg sáði í kvöld hér fram í króknum dálitlu af hveiti og svörtu byggi, einnig frækorni fyrir gluggablóm.

M. 9. – Heiðríkt og utan gola. Eg og Eiríkr í Odda plægðum á Akranesi. Kýr okkar leystar út í fyrsta sinn. 11 fiskar í nótnum. Allar ær okkar rúnar 6, þar fyrir utan á Stef. 3.

P. 10. – Heiðríkt og sunnanvindur en móða mikil í kring seinnipartinn og sól rauð í niðurgöngu. Eg herfaði niðr korn hjá Sigurði á Akranesi. 26 f. í netunum (4 gullaugu).

M. 11. – Heiðríkt og sunnanvindur en í kvöld sunnan skýklakkar hingað og þangað, hiti. Við grobbuðum hér austan við húsið og sáðum í 3 yztu beðin hér austan við 2^{1/2} pottmáli af lauk. B. í kv. á 75. Við fengum um 50 fi.

F. 12. – 4. v.s. Mikið heiðríkt og hita sunnangola. Mikið er farið að gróa og popli og willow þakin laufi. Við sáðum tæpum 2 bushelum hér vestan við húsið.

F. 13. – Mikið heiðríkt framan af svo af og til mararður og logn, hiti, en í kvöld sunnanhríð og vindur. Við öfl. 8 pæka, 10 sugf., 2 pikka og 3 gullaugu (=23). Pabbi var við að plægja upp í Straumnesi. Við sáðum gulrófnafrei 5 beð fyrir framan laukinn í gær. Við sáðum í 1 beð jarðnipfæri, (í tíunda beð utan að talið). B. í kv. á 75.

L. 14. – Þykkur og suðvestanvindur, fremr við kælu. Við Eiríkur í Odda plægðum hér harðvellisblettinn fyrir vestan. Plöntur eru komnar upp (af gulrófnafreinu) í kassanum er eg sáði í á sunnud. er leið. B. á 75.¹

Fyrir utan svart bygg og hveiti, lauk, gulrófur og næpur (jarðnip) sem Þorvarður nefnir þarna sáði hann hvítu byggi og villtum grjónum, ertum, hnattbaunum og flatbaunum, kúmeni og maískornum og ræktaði bæði kartöflur og sykurrófur. Helstu fisktegundir sem Þorvarður nefnir eru gullauga, pækur og kattfiskur. Hinn 5. júlí hefst svo heyskapur og stendur meira og minna næstu 2 mánuði eða fram að kornuppskeru.

Það var vorið 1887 sem Oddur Guðmundsson á Akranesi leiddi fyrst hugann að Vesturheimsferð af alvöru og fór að selja eignir sínar og 31. júlí sama ár var hann kominn til Winnipeg. Fyrsta árið dvaldist hann hjá Jóhanni Briem á Grund í Nýja-Íslandi en nam síðar land er hann nefndi Láland í Geysirbyggð.² Stuttu síðar flutti hann til Hnausa og bjó þar á bæ sín-

1 HSA Alm. XI.1 – Dagbók Þorvarðar Stefánssonar: 8.-14. maí 1887.

2 Þorleifur Jóakimsson (Jackson), *Brot af landnáms sögu Nýja Íslands*, bls. 165.

um, Bjarmalandi, fram á efri ár. Síðustu árin bjó Oddur hjá fósturdóttur sinni, Önnu Erlendsdóttur, en hann lést 1. júní 1915.

Fyrsti áfanginn á ferð Odds Guðmundssonar til Vesturheims var frá Akranesi til Reykjavíkur 30. júní 1887. Þar dvaldi hann í nokkra daga og hélt af stað með Camoens áleiðis til Skotlands og síðan til Ameríku 11. júlí. Ferðin gekk sæmilega framanað þrátt fyrir minni háttar vélarbílun en þegar komið var til Leith í Skotlandi 16. júlí, „[v]ar fólkið mjög illa á sig komið: þreytt, veikt, hungrað, sífjað, og konur og börn grátandi, og fullorðnir menn með skammir við Eymundsson (Sigfús) agent, sem von var.“¹ Siglingin yfir Atlantshafið tók 11 daga og var mjög vosbúðarsöm og yngstu ferðalöngunum skeinuhætt. Hinn 20. júlí lést barn á þriðja ári frá Ísafirði og aðfaranótt sunnudagsins 24. létust tvö börn um borð. Margir voru lasnir af magaveiki og kennir Oddur breyttu mataræði þar um. Hinn 26. júlí skrifar Oddur í dagbók sína:

kl. 6 f.m. er New Brunsvic á bakborða, með skóga og fjöll. Víða þar bygð með ströndinni, og nokkrar ekrur höggnaðar upp frá býlunum. Fiskibátar fyrir framan landið rétt uppí landsteinum. Skógur miklu stærri en á Skotlandi. Kl. 12 (hádegi) [dró] Jón (túlkur) frá Skaga upp *velvildarvottorð* til „Allan-línunnar“ fyrir alla frammistöðuna og meðferð á okkur yfir hafið. Gekk Jón fremur hart eptir undirskriftum undir það, vissi eg um það einkum í framlestinni, varð honum lítið ágengt, þó hann segði: „komið bara með pennan“ (Líkaði mönnum ekki að læknir var orðinn meðalalaus, og svo var fjölda manns neitað um vatn, túlkur komst í að rífast um það, en honum var líka neitað sagði Þorbergur (Fjelsted) frá Jörfa mér, kl. 1-2 e.m.).²

Á hádegi daginn eftir steig hópurinn á land í Quebec og þaðan var haldið til Winnipeg. Barnadauðinn hélt áfram og 29. júlí skrifar Oddur að 10 barnið sé látið í hópnum frá því að lagt var á stað frá Íslandi. Eftir 15 ára reynslu og flutning þúsunda Íslendinga yfir Atlantshafið á þeim tíma voru vesturferðir enn mikið hættuspil árið 1887, þrátt fyrir að lög frá 1876 hafi átt að tryggja sæmilegan aðbúnað farþega. En þó að sú hætta væri sjálfsagt hverjum manni ljós fetuðu nærri 2000 Íslendingar þessa slóð þetta ár og lítið lát varð á vesturferðum fyrr en kom fram á 20. öld.

Oddur Guðmundsson dvaldist í innflytjendahúsinu í Winnipeg fyrst um sinn „því eg átti þá hvergi höfði mínu að halla og rataði ekkert og þekkti engan“, eins og segir í dagbókinni.³ Oddur fékk þó fljótlega húsnaði á

1 *Mss* Isl. [] – Dagbók Odds Guðmundssonar (O.G. Akraness): 16. júlí 1887.

2 *Mss* Isl. [] – Dagbók Odds Guðmundssonar (O.G. Akraness): 26. júlí 1887.

3 *Mss* Isl. [] – Dagbók Odds Guðmundssonar (O.G. Akraness): 1. ágúst 1887.

Colony Street nr. 1 á Portage Avenue, og vinnu við smíðar hjá kanadískum verktafa en sú sæla stóð ekki lengi því 15.-16. ágúst skrifar hann:

Smíða með Baldvin. Þá um kvöldið kom það upp að Contractarinn sem við unnum hjá var „kominn á hausinn“: gjaldþota. Urðum við allir sem unnum hjá honum fyrir meiri og minni kaup-svikum. Þetta var fyrsta viðkyfning sem eg hafði af áreiðanlegleik atvinnunnar í Winnipeg og beit það illa á mig: eg missti tiltrú á bænnum.¹

Eftir þetta var hann án vinnu til mánaðarloka og öll atvinnuleit var árangurslaus. Landar vestanhafs létu þá flestir illa af þeirri vinnu og þeim kjörum sem buðust, en margir Íslendingar voru atvinnulausir í Winnipeg. Menn tala um ferð til Nýja-Íslands sem þá var að rétta við eftir erfiðleika frumbýlisáranna og Oddur afræður að reyna fyrir sér þar. Þegar til Nýja-Íslands kom fékk Oddur vinnu við smíðar og þáði hana þótt kaupið væri lágt. Í upphafi októbermánaðar hugleiðir hann stöðu sína í ljósi reynslu viknanna á undan:

Hugleiðingar: Hefði eg verið heima í dag mundi eg hafa, eins og fyrirfarandi, verið orðinn *Barnaskólakennari Akurnesinga*, því í dag er skólinn þar settur. Hver er kennarinn? Hamingjan má ráða hvert eg hefi betra af mér hér eða *heima*. En hingað til hefur Guð mér hjálpað og hér eptir mun hann vissulega hjálpa mér. Ekki get eg gert að því þó mér hálf leiðist.²

Oddur er með hugann við barnakennslu en heldur þykir honum fara lítið fyrir áhuga Vestur-Íslendinga á barnafræðslu og einkum hinu kristilega uppeldi. Þó er komið upp sunnudagaskóla í upphafi nóvembermánaðar og stefnt að daglegri kennslu síðar um veturinn. Oddur var ráðinn kennari og hóf hann að kenna 8 drengjum og 8 stúlkum sunnudaginn 6. nóvember og smíðar þess á milli. Á safnaðarfundi 10. febrúar 1888 hafnaði Oddur því að halda áfram kennslu við sunnudagaskólann, „þar eg sá eg hafði ekki nema skaða af því þegar ekkert var kaup, en engin framkvæmd með daglega skólann.“³ Rúmum mánuði fyrr hafði Oddur farið bjartsýnn upp að Akri að skoða skólahúsið tilvonandi eftir að hafa samið við skólanefndina um að hefja þar kennslu um miðjan janúar en aftan við þá dagbókarfærslu hefur hann síðar skrifað: „Öll sú skóla hugmynd varð að engu fyrir áhugaleysi bænda og ósamkomulag þeirra.“⁴ Oddur Guðmundsson kom víðar við í

1 *Mss* Isl. [] – Dagbók Odds Guðmundssonar (O.G. Akraness): 16. ágúst 1887.

2 *Mss* Isl. [] – Dagbók Odds Guðmundssonar (O.G. Akraness): 1. október 1887.

3 *Mss* Isl. [] – Dagbók Odds Guðmundssonar (O.G. Akraness): 10. febrúar 1888.

4 *Mss* Isl. [] – Dagbók Odds Guðmundssonar (O.G. Akraness): 29. desember 1887.

menningarmálum en í barnakennslunni. Hinn 20. desember var leikritið *Skuggasveinn* sýnt meðal Íslendinga undir stjórn hans og í framhaldinu hóf Oddur að skrifa leikritið *Jeppi* sem sýnt var í leikstjórn hans 13. mars 1888.

Fyrsta veturinn í Vesturheimi bjó Oddur hjá Jóhanni Briem á Grund en 11. febrúar fór hann upp að Fögruvöllum til að skoða ónumin lönd og fastnaði sé þar lot eitt og hóf 10 dögum síðar að leggja undirstöður að húsi: 10 fet lengd og 10 breidd en keypti jafnframt annan kofa og reif úr honum viðina. Húsbyggingunni lauk hann um svipað leyti og kona hans steig á land í Vesturheimi sumarið 1888.

Þeir Þorvarður Stefánsson og Oddur Guðmundsson eru fulltrúar tveggja ólíkra hópa vesturfara en eiga þó ýmislegt sameiginlegt. Oddur er fulltrúi þéttbýlis en Þorvarður bændastéttar, báðir vilja þeir fylgja þeirri stefnu sem þeir höfðu valið sér í lífinu heima á Íslandi en eru um leið framfarasinnaðir, hvor á sínu sviði. Hugur Odds er fyrst og fremst bundinn við barnakennslu og önnur menningarmál en Þorvarður vill stunda búskap áfram og efla þannig sinn hag og hins nýja heimalands.

Íslendingar í Vestur-Kanada

Jóhannes Ásgeir Jónatansson Líndal fæddist 22. ágúst 1860 í Miðhópi í Vestur-Húnavatnssýslu. Hann nam við Búnaðarskólann á Hólum veturinn 1883-1884 og í Ólafsdal næsta vetur á eftir. Þegar námi lauk vann Ásgeir við jarðræktarstörf fyrir Búnaðarfélag Sveinsstaðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu. Árið 1887 flutti hann vestur um haf, fyrst til Norður-Dakóta, en svo til Kanada. Þar bjó hann fyrst um sinn í Calgary í Alberta en fluttist síðar til Bresku-Kólumbíu vorið 1891 þar sem hann lést 1. ágúst 1923. Ásgeir kvæntist Steinunni Jónsdóttur árið 1903 og eignuðust þau tvo syni.¹ Systkini hans, Jakob Líndal og Ingunn Jónatansdóttir, höfðu verið í hópi fyrstu vesturfaranna árið 1873 og bróðir þeirra, Jónatan Líndal, flutti vestur í sömu ferð og Ásgeir, sumarið 1887.

Dagbókarbrot Ásgeirs Líndal frá árinu 1891 er af nokkuð öðrum toga en þau sem fjallað hefur verið um hér að framan og ræður þar mestu sú leiða staðreynd að í safn hans vantar nokkur kver, einmitt frá þeim árum sem hann flytur búferlum yfir hafið og sest að í Norður-Dakóta í Bandaríkjunum. Á hinn bóginn veitir sá kafli sem er birtur í þessari bók ákaflega athyglisverða mynd af menningarlífi Vestur-Íslendinga undir lok níunda áratugs

1 Játvarður Jökull Júlíusson, *Saga Torfa Bjarnasonar og Ólafsdalsskóla. Nemendatal Ólafsdalsskóla 1880-1907* (Reykjavík, 1986), bls. ix-x.

19. aldar. Við fylgjumst með lífi Ásgeirs og samfélagi Vestur-Íslendinga í tveimur borgum í vesturhluta Kanada, Calgary í Alberta og Victoria í Bresku-Kólumbíu, en þangað flutti Ásgeir í marsmánuði 1891. Í dagbók Ásgeirs Líndal birtast ekki síst þeir hatrömmu flokkadrættir sem settu sterkan svip á samfélag íslenskra innflytjenda í Kanada og Bandaríkjunum, svo að segja frá upphafi. Blöð Íslendinga í Vesturheimi voru helsti vettvangur slíkra deilna auk ýmiss konar félaga, svo sem lestrarfélaga, bindindisfélaga, kirkjudeilda og stjórnmalasamtaka. Ritstjórar *Lögbergs*, *Heimskringlu* og *Sameiningarinnar* voru umdeildustu menn þess tíma meðal Vestur-Íslendinga og reyndar beggja vegna hafsins og sjálfir spöruðu þeir ekki orðkyngina hvor um annan. Tóninum í umræðunni verður ekki lýst betur en með því að vísa í titil á bæklingi einum sem Jón Ólafsson gaf út árið 1888 og bar heitið: *Eitt orð af viti um vesturfara og Vesturheimsferðir. Svar og ávarp til Bjarnar ritstjóra Jónssonar upp á allan þann ósannindapvætting, óhróðr og óráðs-bull, sem útbreitt er í og með „Ísafold“*. Benedikt Gröndal afklæddr, hirtr og settr í gapastokk.

Gestur Pálsson rithöfundur og ritstjóri *Heimskringlu* var í miklu uppáhaldi hjá Ásgeiri og *Heimskringla* var hans blað, enda seldi hann auglýsingar í blaðið og var umbodsmáður fyrir það um tíma. Mánudaginn 5. janúar 1891 skrifar Ásgeir í dagbók sína: „„Hkr.“ kom í dag, í henni er *snildarleg* ritgjörð, eða réttara sagt *skáldsaga* eftir hinn alþekktu snilling Gest Pálsson. Fyrirsögnin er „Aðfangadagskvöld í Winnipeg“. „Gleðilegt nýár“ heitir ágæt grein í sama blaði, eftir G.P.“¹ En það voru ekki allir jafnsannfærðir um snilld Gest Pálssonar og deginum áður hafði Ásgeir skrifað að hann hefði verið að lesa „tuddagrein“ frá ritstjórn Sameiningarinnar til Gest. Aðdáun Ásgeirs á Gesti kemur hvað skýrast fram þegar hann fréttir lát hans 31. ágúst þetta sama ár og minnst hans í dagbókinni með miklu lofi.²

Hinn 7. mars 1891 skrifar Ásgeir um höfuðpaurana í menningarlífi Íslendinga í Vesturheimi: „Nú er allt að fara í bál og brand á milli Gest Pálssonar og Einars Hjörleifssonar (Sbr. bl. er komu í dag).“³ Í *Heimskringlu* 11. ágúst birtust „*voða skammir til Einars Hjörleifssonar & co., eftir Jón Ólafsson*“ og viku síðar „*tuddagrein til J.Ó.*“⁴ Jafnframt voru sem fyrr logandi trúardeilur meðal Íslendinga í Calgary, ekki síður en í Nýja-Íslandi hálfum öðrum áratug fyrr, eins og sjá má í dagbókarfærslu Ásgeirs 24. apríl en þar segir:

1 *Lbs* 4382 8vo – Dagbók Jóhannesar Ásgeirs Líndal: 5. janúar 1891.

2 *Lbs* 4382 8vo – Dagbók Jóhannesar Ásgeirs Líndal: 31. ágúst 1891.

3 *Lbs* 4382 8vo – Dagbók Jóhannesar Ásgeirs Líndal: 7. mars 1891.

4 *Lbs* 4382 8vo – Dagbók Jóhannesar Ásgeirs Líndal: 11. og 18. ágúst 1891.

Í kvöld var haldinn *safnaðarfundur* í ísl. safn.húsinu. Það var bági fundurinn! Einn maður (Jónas Samúelsson) gekk úr söfnuðinum. Formaður safnaðarins, Sigurður Mýrdal, áleit það „*skrílsæði, skort á sannri kristilegri trú og guðsþekking*“ hjá J.S., að hann skyldi dyrfast að segja „að hann (J.S.) *áliti* það ætti eigi að eiga sér stað að leikmenn gjörðu vanaleg prestsverk“ o.s.frv. En sú skynsemi og kurteisi! Eg var á þessum fundi, en talaði auðvitað ekkert, þar sem eg var utansafnaðar maður.¹

En það er ýmislegt annað að finna í dagbók Ásgeirs Líndal en flokkadrætti. Sjálfur sinnti hann bókmenntum og listum af ástríðu eftir því sem kjör og aðstæður leyfðu. Í Calgary var starfrækt lestrarfélag og ýmsar menningarsamkomur haldnar meðal Íslendinga og sé gripið niður í dagbókinni vikuna 18.-24. janúar 1891 má sjá vott um margvíslega menningarstarfsemi:

18. jan. Sunnud. Bezta veður. Eg ritaði stutta ræðu sem eg ætla mér að flytja á samkomunni annað kvöld hér í húsinu (Um næringarefni).

19. jan. Mánud. Inndælt veður. Eg vann ekki í dag. Lestrarfél. heldur skemmtisamkomu hér í kvöld.

20. jan. Þriðjud. Þíða og blíða og inndælt veður. Eg gjörði ekkert úti við. Eg ritaði kaupsamning á millum þeirra Indriða og Kristjáns. Í gær fékk eg tvö sendibréf. Skemmtanir á samkomunni er haldin var í nótt voru: Ræðuhöld, upplestur, kvæði flutt og samtal, söngur, dans, hljóðfærasláttur (orgel, fiólin, harmonika) og kaffi. Eg hélt ræðu um næringuna og hvernig hún (næring líkamans) gengur fyrir sig hjá mannum.

21. jan. Miðvikud. Sumarblíða, sólskin og hiti. Eg gjörði ekkert nema eg ritaði *Ásgeiri frænda mínum og Jóni Stephenson*.

22. jan. Fimmtud. Bezta veður. Eg gjörði ekkert í dag. Eg fékk bréf frá Jacob Líndal, bróðir, ritað frá Bismarck, N.D. *Eg ritaði Jacob í dag*, eg keypti blek og frím. Grímudanz á gamla skautahringnum.

23. jan. Föstud. Allra bezta veður. Eg gjörði ekkert í dag nema lesa í bókum. Alauð jörð er hér um og blíða á degi hv.

24. jan. Laugard. Bezta veður. Eg og fleiri reyndum að fá vinnu í skurðunum í morgun en fengum eigi. Eg gjörði því ekkert í dag, nema lesa. Eg las skáldsögu, dálitla, aftan við ljóðmæli Ólafar Sigurðardóttur, sem „Vorið“ heitir, og „Lögb.“, í því er kvæði eftir vin minn hr. Stephan G. Stephanson, til Björns Péturssonar Únitaraprests í Winnipeg. Í dag keypti Sæm. 2 lóðir hér á \$100.00 hverja. Í kvöld kom Jón Benid.son og Miss Olson hingað.²

Eins og sjá má hér og víða annars staðar var Ásgeir mikill bréfritari og skrifaðist meðal annars á við Stephan G. Stephansson en þeir höfðu verið

1 *Lbs* 4382 8vo – Dagbók Jóhannesar Ásgeirs Líndal: 24. apríl 1891.

2 *Lbs* 4382 8vo – Dagbók Jóhannesar Ásgeirs Líndal: 18.-24. janúar 1891.

samtíða í Norður-Dakóta nokkrum árum áður og voru ásamt Birni Halldórs-syni félagar í *Menningarfélagi Íslendinga* sem stofnað var árið 1888. Blöð-in skipa einnig afar mikilvægan sess í lífi Ásgeirs og auk Winnipegblað-anna kaupir hann *Öldina*, *Sunnanfara* og *Ísafold* heiman frá Íslandi.

Stuttu eftir að Ásgeir Líndal flutti frá Calgary til Victoria vorið 1891 var rætt um stofnun málfundafélags, „Debate Society“, og mun hugmyndin hafa komið frá honum, ef marka má dagbókina, og einnig sú hugmynd að gefa út handskrifað blað meðal Íslendinga í Victoria.¹ Hinn 18. apríl skrif-ar Ásgeir að haldinn hafi verið undirbúningsfundur 15. þ.m. til þess að ræða um stofnan á *kappræðu- eða samræðu-félagi*.² Félagið var formlega stofn-að síðasta vetrardag, miðvikudaginn 22. apríl 1891, og voru félagar auk Ás-geirs Tryggvi Jónasson, Christian Civertz, Jón Sigurðsson, Bent Civertz, Einar Brynjólfsson og Jón S. Árnason. Félaginu, sem fékk nafnið *Einingin*, var í senn ætlað að vera kappræðufélag og fræðifélag en stuttu síðar var nafni þess breytt í *Æfingin*. Málefni Austur- og Vestur-Íslendinga voru brotin til mergjar á tíðum fundum félagsins. Rætt var um byggðir Ís-landinga í Ameríku, íslensk hátíðarhöld í Victoria á sumri komanda, um ís-lensku blöðin í Winnipeg en vinsælasta umræðuefnið var framfarir, eða öllu heldur framfaraleysi á Íslandi að fornu og nýju. Rætt var um hvernig stæði á því að Ísland væri ekki komið á hærra stig í verklegumum framförum og hvernig best yrði bætt úr framfaraleysi Íslands. Af félagskap Victoria-Ís-landinga má, auk málfundafélagsins, nefna söngfélagið *Gígju* sem hélt skemmtisamkomu í félagsheimili Íslendinga 26. september með söng, ræðuhöldum og upplestri.

Annað meginefni dagbókanna, auk menningarlífs Íslendinga í Vestur-heimi, eru atvinnumál Ásgeirs. Fyrstu tvær vikur ársins 1891 vann hann við skurðgröft eða ræsagerð í svonefndum saurrennuskurðum (sewers). Verkamenn voru lausráðnir í ákveðin verkefni og atvinnuöryggi var því afar lítið. Hinn 15. janúar skrifar Ásgeir: „Í kvöld var öllum skurðamönnunum borgað og sagt upp vinnunni að undanteknum örfáum mönnum, sem eiga að ljúka við það sem eftir er, og eigi tekur meir en 1-2 daga. *Eg hætti að vinna í saurrennuskurðunum í kvöld.*“³ Eftir þetta vann hann lítið sem ekk-ert fram til 6. febrúar vegna veikinda en sinnti bókmenntum af miklum krafti á meðan. Hann varð þó umboðsmaður fyrir Heimskringlu í Calgary og síðar Victoria og seldi auglýsingar. Að öðru leyti var vinna stopul en Ás-geir greip fegin hendi þá verkamannavinnu sem bauðst.

1 *Lbs* 4382 8vo – Dagbók Jóhannesar Ásgeirs Líndal: 18. apríl 1891.

2 *Lbs* 4382 8vo – Dagbók Jóhannesar Ásgeirs Líndal: 15. janúar 1891.

3 *Lbs* 4382 8vo – Dagbók Jóhannesar Ásgeirs Líndal: 15. janúar 1891.

Hinn 23. mars flutti Ásgeir frá Calgary til Victoria í Bresku-Kólumbíu. Fyrst í stað átti hann afar erfitt með að finna vinnu og grípum við niður í dagbók Ásgeirs þegar hann hefur dvalið í tvær vikur í Victoria atvinnulaus:

7. apr. Þriðjud. Allgott veður. Eg er orðinn allvel frískur. Eg og Jósef frændi leituðum að vinnu í dag en fengum enga. Það lítið til að gjöra í þessum bæ enn, og fólksfjöldin afar mikill.

8. apr. Miðvikud. Bæril. veður, en engin hlýindi. Eg, Jósef og fl. leytuðum að vinnu í dag um allan bæinn, en fengum þó enga. I think that it is a poor town.

9. apr. Fimmtud. Rigning að öðru hverju. Eg gjörði ekki stórt í dag. *Margir landar í bænum eru nú vinnulausir* (og fl. þjóðar menn).

10. apr. Föstud. Bæril. veður. Eg gjörði ekkert nema leyta að vinnu. Etc.¹

Og viku seinna, 17. apríl, skrifar Ásgeir: „Eg vann ekkert því engin vinna fæst, þar sem helvítis Kínverjarnir eru látnir ganga fyrir hvítum mönnum.“² Mánudaginn 20. apríl fékk hann loks vilyrði fyrir vinnu við ræsagerð, ásamt 15 öðrum Íslendingum, um leið og verkið hæfist en enn var nokkur bið á því. Undir lok mánaðarins fékk hann aftur loforð um vinnu og vann við gatnagerð fyrstu viku maímánaðar. Verkið var erfitt, fólst m.a. í því að mөлva grjót með sleggju, en 8. maí var verkinu lokið og hópurinn því atvinnulaus á ný. Erfiðlega gekk að fá greitt fyrir verkið, „sumir fengu sitt allt, sumir fengu ekki allt og sumir fengu *ekkert*“, – eins og segir í dagbókinni.³

Ásgeir fékk aftur vinnu í vikutíma dagana 18.-23. maí og vann þá við spurvagnalagningu. Í maílok 1891 var haldinn borgarafundur meðal Íslendinga í Victoria til að ræða um landaskoðun og var samþykkt að senda 5 menn til Nitinat Valley á Vancouveryju, þar á meðal Ásgeir Líndal. Hópurinn lagði af stað 3. júní og skráði Ásgeir gang ferðarinnar í dagbók sína. Vont veður og óhagstæðir straumar töfðu mjög fyrir þeim og voru þeir ekki komnir á áfangastað fyrr en síðla dags 8. júní en komu aftur til síns heima hinn 14. Um miðjan júní hafði Ásgeir verið atvinnulaus frá því hann sneri heim úr landaleitarferðinni. Eftir nokkra leit fékk hann loforð fyrir vinnu við ræsagerð og var við steypuvinnu, frá 25. júlí út árið 1891.

1 Lbs 4382 8vo – Dagbók Jóhannesar Ásgeirs Líndal: 7.-10. apríl 1891.

2 Lbs 4382 8vo – Dagbók Jóhannesar Ásgeirs Líndal: 17. apríl 1891.

3 Lbs 4382 8vo – Dagbók Jóhannesar Ásgeirs Líndal: 9. maí 1891.

4. Lokaorð

Það má með nokkrum rétti halda því fram að það sé mjög í anda sagnritunarhefðar vesturferðanna að líta á sögu vesturferðanna sem ótal margar lífs-sögur einstaklinga sem bjuggu við ólíkar aðstæður og höfðu ólíkar ástæður fyrir breytni sinni. Sagan sú er safn landnámsþátta, æviþátta og sagnaþátta, þar sem hver vesturfari fær sínar 15 mínútur af frægð. *Brot af landnámssögu Nýja Íslands* Þorleifs Jóakimssonar, *Íslendingar í Vesturheimi* eftir Þorstein Matthíasson og ekki síst sex binda verk þeirra Þorsteins Þ. Þorsteinssonar og Tryggva J. Oleson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi*, eru uppfullar af einstaklingsbundnum frásögnum sem saman mynda þekkingu okkar á vesturferðunum, ástæðum þeirra og afleiðingum. Sama má segja um fjölmarga árganga *Almanaks Ólafs S. Thorgeirssonar* og *Tímarits Þjóðræknisfélags Íslendinga*. Enn eru ónefndar sögur og sögukaflar einstakra Íslendingabyggða, Árborgar, Garðar, Gimli o.s.frv. Alls staðar er hin þjóðlega fróðleikssöfnun, persónusaga og ættfræði í öndvegi. Rit þessi eru flest samsett úr ótal örsögum af fólki sem átti bæði ætt og uppruna, ráðstafaði lífi sínu á ákveðinn hátt og eignaðist afkomendur sem einnig eiga sína sögu. Það er enginn nafnlaus múgur sem hegðar sér eftir félagsfræðilegum módelum heldur fólk af holdi og blóði sem reynir að skapa sér og sínum sem bærilegust kjör. Hér má sjá svipmyndir úr lífssögu 11 ólíkra Íslendinga sem eiga það sameiginlegt að hafa flutt frá sínum heimabyggðum, gott betur en bæjarleið, á síðari hluta 19. aldar.

Ólíklegt er að mörgum spurningum um megindrætti vesturferðanna sé svarað eftir lestur bókarinnar og jafnvel er hætt við að sú mynd sem eftir stendur sé brotakenndari en sú sem menn höfðu fyrir. Helsta markmiðið með heimildaútgáfu eins og *Sýnisbókum Íslenskrar alþýðumenningar* er að birta lesendum, jafnt fræðimönnum sem áhugamönnum um sögu og menningu, ýmiskonar skrif frá fyrri öldum sem vænta má að veki forvitni, kveiki nýjar hugmyndir og opni ný sjónarhorn á viðfangsefnið hverju sinni. Ritstjórar ritraðarinnar hafa fram að þessu lagt megináherslu á texta sem tengjast persónulegri reynslu fólks í hinu hversdagslega lífi, upplifun einstaklingsins á þeirri sögu sem allajafna er skrifuð frá sjónarhóli stofnana samfélagsins og með hliðsjón af þeim heimildum sem frá þeim eru komnar. Í þeim anda er bók þessari ætlað að veita innsýn í vesturferðirnar, einn afdrifaríkasta þáttinn í sögu 19. aldar, frá sjónarhóli þeirra sem stóðu í storminum miðjum. Hér eru það þeir sem fóru vestur sem hafa orðið, hvort

sem þeir hafa haldið dagbækur, tekið saman æviminningar sínar eða skrifað sendibréf til sinna nánustu.

Kanadíski sagnfræðingurinn Royden Loewen gaf árið 1999 út sýnisbók með dagbókarbrotum menoníta sem fluttu frá Mið-Evrópu til Kanada á síðari hluta 19. aldar. Í bókinni, sem nefnist *From the Inside Out*, birtir Loewen skrif 21 dagbókarritara frá tæplega sjötíu ára tímabili, 1863-1929.¹ Inngangskafli sinn hefur Loewen á því að vitna í aldarfjórðungs gamla rannsókn Robert Fothergill á enskum dagbókum, þar sem sá síðarnefndi segir að megnið af varðveittum dagbókum sé heldur rýrt efni („poor stuff“) þó að inn á milli séu til listilega skrifaðar dagbækur svo að yfir flóir af andagift og snilld. Fothergill beinir sjónum að enskum úrvalsbókum í rannsókn sinni en Loewen hendir orð kollega síns á lofti og segir hið rýra efni hversdagslegra dagbóka einmitt vera þann efnivið sem hann sækir í.

En hvað er í slíkar skræður að sækja? Því svarar Loewen í þremur liðum. Hversdagslegar skráningar dagbókanna eru í fyrsta lagi áhugaverðar vegna þess að þær sýna okkur „innhverfu“ samfélagsins, heimilishald, fjölskyldu og hversdagslíf, sem að öðrum kosti ratar sjaldnast í ritaðar heimildir.

Í öðru lagi segir Loewen að í slíkum bókum megi finna heimsmynd og hugmyndir dagbókarritara af alþýðustétt og um leið hvaða augum dagbókarritarinn lítur þessa iðju sína. Hvers vegna skrifa menn dagbækur og hvað færa þeir í þær? Hverjum eru þær ætlaðar? Slíkar heimilifræðilegar spurningar vakna óneitanlega við lestur bændadagbóka, sérstaklega ef litið er til stöðu bókmennningar og aðstöðu alla til ritstarfa á ritunartíma bókanna. Þriðja og síðasta atriðið sem Royden Loewen nefnir tengist einmitt stöðu og þróun bóklegrar færni í því samfélagi sem dagbókarritararnir tilheyra. Ritun persónulegra heimilda er hluti af alþýðlegri ritmenningu, hvort sem er meðal menoníta eða íslensks bændafólks og á því sviði var mikil gerjun á síðari hluta 19. aldar.

Þeir dagbókarkafli sem hér eru birtir eru sjaldnast neinn skemmtilestur og margir mundu telja þá heldur rýrt efni. Þó hafa þessir textar ýmislegt sér til ágætis. Hin sérstaka frásögn dagbókanna varpar einstöku ljósi á hinar afdrifaríku ákvarðanir, forsögu þeirra, flutninginn yfir hafið og aðlögun innflytjandans í nýjum heimi. Færslur dagbókanna eru svo sérstætt sambland af sjálfvirkri skráningu hversdagslegra atburða, meðvitaðri eða ómeðvitaðri sjálfsréttlætingu og uppgjöri við eigið líf. Skrifarinn hefur sjaldnast

1 Royden Loewen, *From the Inside Out. The Rural Worlds of Mennonite Diarists, 1863-1929* (Winnipeg, 1999), bls. 1-5.

annan lesanda í huga en sjálfan sig og því einskorðast skráningarnar ekki við það sem þykir merkilegt eða frásagnarvert heldur það sem er mikilvægt á þeirri stundu. Í dagbókina skráir hann daglegan gang tilverunnar á fastmótaðan hátt og því er athyglisvert að sjá hvernig stórkostlegar breytingar á högum fólks ber að, hvaða áhrif þær hafa á líf fólks og hvernig því gengur að fella líf sitt inn í hversdagslegan takt á ný. Þó ber ávallt að hafa í huga að dagbókin í 19. aldar sveitasamfélagi er í eðli sínu afar knöpp heimild og fámál og í flestu ólík þeirri staðalmynd sem gjarnan er haldið á lofti að þar fari fram „eintal sálarinnar“ á opinskáan og hispurlausan hátt.

Samfelldar frásagnir sjálfsævisögukaflanna eru nokkuð annars eðlis og að mörgu leyti aðgengilegri lesendum. Þar er formlegt samband milli höfundar og lesanda og sá fyrrnefndi er að segja hinum síðarnefnda sögu sína og skýra mál sitt með vísunum í ytra umhverfi og framgang sögunnar. Um leið og lesendur þessarar bókar fá aðgang að þessum textum, og þeim heimi sem þeir eru sprottnir úr, gefst þeim færi á að velta fyrir sér ólíkum tjáningarháttum hinnar skriflegu menningar á því sem er í frásögur færandi og einnig því sem er hversdagslegt.

III. Brot úr ferðasögu Þórðar Diðrikssonar frá Íslandi til Utah 1855-56



Þórður Diðriksson og kona hans, Helga Jónsdóttir.

Þórður Diðriksson fæddist í Hólminum í Austur-Landeyjum í Rangárvalla-
sýslu 26. mars 1928. Foreldrar hans voru Diðrik Jónsson og Sigríður
Árnadóttir. Þórður ólst upp hjá Ólafi Jónssyni bónda á Fagurhól í Land-
eyjum til 12 ára aldurs en var síðan í vist hjá Höskuldi Jónssyni á Búðarhól
í um áratug

Þórður Diðriksson er talinn hafa verið fyrsti íslenski mormóninn sem
flutti til Utah.¹ Hluti ferðasögu hans birtist á síðum *Almanaks Ólafs S.
Thorgeirssonar* árið 1920 og er sá kafli endurprentaður hér.² Þórður kynnt-

1 Þorsteinn P. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi* II, bls. 8-12.

2 „Brot úr ferðasögu Þórðar Diðrikssonar frá Íslandi til Utah 1855-56.“ *Almanak Ólafs S. Thor-
geirssonar 1920*, bls. 65-71.

ist trúboðum mormónakirkjunnar í Vestmannaeyjum upp úr 1850 og seint í júlí 1855 lagði hann í langa ferð yfir í sælli veröld. Þórður var alls um 16 mánuði á leiðinni frá Íslandi til Utah og þegar þangað kom voru þrír aðrir Íslendingar þar fyrir, hjónin Samúel Bjarnason og Margrét Gísladóttir og vinnukona þeirra, Helga Jónsdóttir, sem síðar varð fyrsta eiginkona Þórðar.¹

Fyrsti áfangi ferðarinnar var til Kaupmannahafnar en þar dvaldist Þórður þar til hann sigldi til Liverpool um miðjan desember 1855. Skömmu eftir áramót hélt Þórður af stað frá Englandi til Ameríku og hefst frásögnin þar. Siglingin yfir Atlantshafið var afar erfið og mannskæð, því um 50 farþegar létust á þeim tíu vikum sem ferðin milli Liverpool og New York tók. Þegar þangað kom tók við langt og strangt ferðalag til Salt Lake City í Utah og síðasti áfanginn var þriggja mánaða ferð yfir eyðimörk með handvagna.

Þórður nam land og settist að í Spanish Fork og bjó þar það sem eftir var ævinnar, en hann lést árið 1894. Þórður kvæntist Helgu Jónsdóttur fljótlega eftir að hann kom til Ameríku en hann mun hafa átt fleiri konur, samkvæmt hefð mormóna, og eignaðist 6 börn.

Rithætti og stafsetningu er haldið óbreyttu frá útgáfu *Almanaks Ólafs S. Thorgeirssonar* en greinaskilum er hnikað til á nokkrum stöðum.

1 Þorsteinn P. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi* II, bls. 8-9.

Eftir að við lögðum af stað út á Atlantshafið, höfðum við allgott veður fáa daga fyrst, síðan fór veður að spillast, og eftir að við vorum komin nokkur hundruð mílur út á hafið, fengum við mótvindi í 14 daga, sem dreif okkur meira og minna til baka á hverjum degi. Þegar veðrið spiltist fór fólk að veikjast; einnig eg sjálfur varð mjög veikur, og var það meiri hluta sjóferðarinnar.

Eg var hræddur um að eg mundi deyja, og gat ekki sofið. Læknirinn kom til mín einu sinni á dag og túlkur með honum. Læknirinn gaf mér svefnmeðal, og átti eg að taka 25 dropa í einu; en það dugði mér ekkert svo eg tók 50, og þar næst 100 dropa og síðasta alt úr glasinu. En það verkaði ekki að heldur, og var eg veikur eftir sem áður. Læknirinn skoðaði oft á mér tunguna. Og eitt sinn, þegar hann vildi skoða hana, gat eg naumast hreyft hana, og þá brotnaði hin hvíta þykka húð, sem var á tungunni, svo blóðið rann út úr mér; og er ör á tungunni enn í dag. – Læknirinn hætti að koma til mín.

Það dóu þrír og fjórir á hverjum sólarhring, og sá eg oft á morgnana að verið var að sauma léreft utan um þá, sem andast höfðu nóttina áður; einnig fann eg nályktina af þeim, og hrylti mig mjög mikið við því, þar eð eg þá hugsaði til sjálfs mín, að eg mundi innan skams verða í sömu kringumstæðum, og verða etinn af sömu skepnum á botni hafsins og hinir samferðamenn mínir, sem varpað var fyrir borð á hverjum degi.

Eg reyndi stundum að biðja til drottins, en mitt hugarfar var eins og fjötrað af hinu vonda valdi, svo eg gat ekki hugsað um neitt gott, heldur þvert á móti um ýmislegan hégóma svo sem lygasögur, rímur, drauga og tröll, og annað fleira, sem eg hafði haft skemmtun af meðan eg var heilbrigður. Af þessu varð eg oft mjög sorgbitinn, þar eð mér fannst eg vera dæmdur til dauða og fordæmdur og yfirgefinn af drotni.

Það láu fjórir menn í sama rúmi og eg. Einn af þeim var Íslendingur, sem eg hafði lánað 80 ríkisdali í Kaupmannahöfn fyrir fargjald hans til Ameríku. Eg spurði hann eitt sinn hvort hann héldi eg mundi deyja. Hann svaraði nei og þótti mér það stórlega, þar eð eg þóttist fullviss um, að hann talaði þvert á móti sannfæringu sinni.

Mér var fenginn stór sinnepsplástur, sem átti að leggjast yfir alt bakið á mér. En eg þoldi hann ekki, svo eg reif hann frá og fleygði honum, og kvaðst heldur vilja deyja en brúka hann.

Eitt sinn höfðum við ofsastorm í 3 sólarhringa, svo ekkert varð eldað. Og á nóttunni heyrðist stundum á þilfarinu köll og háreisti, fótspark og hringl í keðjum,

og skaut það sumum skelk í bringu. Alt, sem lauslegt var á skipinu varð að binda, svo það ekki slengdist frá einni hlið til annarar, og átti maður bágð með að halda sér í rúminu. – Eina nótt kom maður, sem hafði verið upp á þilfari, niður til okkar og sagði að skipið væri bilað og orðið lekt, svo þeir verði að dæla nótt og dag með báðum dælunum. Mér þóttu þetta mjög góðar fréttir, þar sem eg þóttist vera fullviss um að eg mundi deyja, og „þótti sætt sameiginlegt skipbrot“, ef skipið sykki með öllu, sem á var, þar eð mér fanst eg öfunda hina af að lifa, þar sem eg sjálfur hlyti að deyja.

Eg heyrði stundum spurt hvort Íslendingurinn væri ekki dauður, og var þá oftast svarið að það yrði bráðum, og féll mér það svo illa, að eg óskaði oft að vera dauður, svo þeir þyrftu ekki að bera umhyggju fyrir mér lengur.

Ein kona týndist af skipinu, viljandi eða óviljandi. Eftir að mér fór að skána kom eg einn dag upp á þilfar í ofsa stormi, og þá gekk sjórinn eins og í renningsbyljum á landi, og það sem talað var, varð að orga af öllum mætti, ef það átti að heyrast, því það hvein svo í reiðanum, sem reiðarslög væru.

Sagði skipstjórinn að hann hefði aldrei verið á sjó í verra veðri. Fimm dögum síðar fundum við stórt, þrímastrað skip, og voru bugspjót, skansklæðning og siglutré, alt meira og minna brotið, og skipið orðið svo lekt að yfirmenn þess urðu að standa yfir hásetunum með reiddar svipur, til að halda þeim við að dæla til skiftis nótt og dag, þar eð þeir sáu ekki annað en dauðann fyrir, ef gefið var upp. En þar sem þeir höfðu næstum ekkert til að nærast á, voru mennirnir að kalla þröttlausir, og því varð að berja þá áfram til að vinna.

Þegar við sáum skipið, mundu flestir hafa komið upp á þilfar, sem gátu, ef þeim hefði verið leyft það, en þeir voru reknir ofan í skip aftur. Þeir sem á þessu brotna skipi voru, settu út báta í mesta flýti og yfirgáfu skip sitt eins og þeir stóðu, sumir hlējandi, en sumir grátandi af gleði. Það voru 30 manns á skipi þessu.

Á okkar skipi dóu um 50 manns, eða hér um bil tíundi hver maður. Og við vorum frá Englandi til New York 10 vikur (70 daga), og var þá orðið næstum kolalaust og vatnslaust, svo um tíma höfðum við ekki meira en hálfan skamt af vatni og kolum, eftir því sem þörfin útheimti.

Þegar við komum til New York, seint í annari viku marz 1856, var okkur sagt að þetta væri annar dagur frá því að ísa leysti af höfninni, svo nokkurt skip kæmist inn, og fundum við þakklæti til okkar himneska föður fyrir þá frelsun og handleiðslu á þesari löngu og hættulegu sjóferð. Því fyrst var það að alla langaði til að komast á land sem fyrst, og svo var annað, að hefðum við orðið að fara til annara hafna, þá hefði það kostað mikið meira.

Við vorum 8 daga í Kastelgardinum. Síðan lögðum við af stað með járnbrautinni og vorum 8 daga til Altun, nálægt Saint Louis. Þar námum við staðar og fórum að leita fyrir okkur um atvinnu. Og eftir nokkra leit tókst okkur að fá hana.

Stundum í maí og júní var hitinn svo mikill, að við gátum lítið sofið á nóttunni, og einnig urðum við lystarlausir og þar af leiðandi hálf ónýtir til vinnu, og fór eg þá að megrast í annað sinn.

Eitt sinn snemma í júní kom til okkar öldungur, sem var að ferðast um, og tjáði okkur að við ættum að færa okkur um 800 mílur uppeftir Missourifljótinu, og voru það okkur miklar gleðifregnir, þar sem hann tjáði okkur einnig að það mundi fara stór hópur af innflytjendum til Utah seinni hluta sumarsins, og leggja af stað frá Omaha. Hinn fyrrgreindi öldungur tjáði okkur, að sá innflytjendahópur, sem okkur væri ætlað að fara með, yrði með handkerrur, og væri því bezt fyrir okkur að selja mestalt, sem við ættum, og seldi eg ágæt sængurföt fyrir 9 dollara, sem hefðu kostað í Utha \$100. Eg vissi þá ekki að eg hefði getað fengið þau flutt með því að borga 20 cent undir pundið, en það hefði borgað sig vel.

Síðan lögðum við af stað á gufuskipi og vorum 9 sólarhringa á leiðinni til Omaha. Þar biðum við í þrjár vikur meðan verið var að búa alt undir ferðina. Svo var lagt af stað, og voru í þeim hóp um 220 innflytjendur til Utah. Þeir höfðu 12 tjöld og 48 handkerrur, og var 4 eða fimm mönnum ætlað að draga hverja kerru, sem hlaðnar voru flutningi. Og það voru 16-20 manns í hverju tjaldi, eftir því sem stóð á fjölskyldum.

Þó maður yrði að ganga og draga handkerrurnar, þá var fargjaldið þó \$20 fyrir hvern mann, nema brjóstbörn, og hver maður mátti hafa 14 pund í fari sínu: sængurföt, fatnað, skó og eldsgögn. Eg átti koffort, sem eg mátti gefa sex ríkisdali fyrir á Íslandi. Það var fram yfir 14 pund, svo eg varð að fleygja því, þar eð eg gat ómögulega selt það.

Það var lagt af stað snemma í ágúst, og voru 16 uxapör, 4 vagnar hlaðnir mjöli og 30 nautgripir, sem ætlaðir voru til slátrunar á leiðinni, og allir voru keyptir fyrir okkar peninga. Það var látið um 100 pd. af mjöli á hverja kerru, og einnig allur flutningur 4 eða 5 manna. Það voru 4 við mína kerru, og toguðum við karlmennirnir áfram en kvenfólkið ýtti á eftir, og þótti okkur það æði erfitt, yfir holt og hæðir, gras, sanda og læki. Við tókum morgunverð snemma á morgnana og var skammturinn $\frac{3}{4}$ pd. af mjöli handa hverjum manni.

Það voru 30 börn í hópnum, og voru öll þau, sem gengið gátu, rekin af stað snemma á morgnana í einum hóp, áður en fullorðna fólkið lagði af stað; og voru sum þeirra aðeins í einni skyrtu með hatt eða eitthvað annað á höfðinu. Þau máttu til að ganga eins lengi og þau gátu; það tjáði ekki að kvarta eða gráta. Þau voru oft 2-3 mílur á undan okkur; en þegar fór að hitna og börnin að þreytast, þá varð að hvíla þau og gefa þeim bita, þar eð þau voru oft æði þreytt og gátu ekki betur en þau gerðu. Það þótti ekki skemmtilegt að sjá 5 eða 6 ára gömul börn rekin áfram með svipum, sérstaklega ef maður átti þau sjálfur.

Þegar við vorum komnir um 150 mílur út í eyðimörkina, þá fóru sumir að þjást af magapínu, sem að nokkru leyti orsakaðist af hungri, því þetta litla mjöl, sem ekki náði pundi, var ekki nóg í eina máltíð handa svöngum manni, hvað þá heldur til eins dags.

Það var skorið naut á hverjum laugardegi, og var frá hálfu til tvö pund af kjöti úthlutað hverjum manni og var oft helmingurinn af því bein. Stundum vakti eg á nóttunni til að sjóða stykki af skinninu, því garnir, fætur, lungu og lifur, gat eg

ekki fengið, því þeir engelsku þrættust á um það. Eg borðaði oft það sem eg fékk eins og það kom af skeppunni og varð gott af því.

Konan, sem var við mína handkerru, varð veik, svo maður hennar varð að leiða hana, og einnig var stúlkan tekin til við að hjálpa einhverjum við aðra handkerru, svo eftir það varð eg að draga aleinn, það sem fjórir höfðu dregið áfram áður.

Eftir 3 mánaða ferðalag komum við til Salt Lake City og dvaldi eg þar eina viku, og hafði vinnu alla vikuna, en kaupíð var að eg fékk hatt á höfuðið, og voru allir hlutir í afar háu verði; eitt skóflublað óvandað kostaði \$5.00, og eitt yards af þunnu lérefti kostaði \$1.25 til \$1.50. Tveimur árum eftir að eg kom til Utah, keypti einn Íslendingur efni í kjól handa konu sinni, sem var þunnt léreft og kostaði yardið eitt bushel af hveiti, en hveitiverðið var þá \$1.50 bushelið. Eftir vikudvöl í Salt Lake City, fór eg þaðan til Drovo, hvar eg dvaldist fyrst nokkra hríð.

IV. Símon Símonarson – Ævisögubrot



Símon Símonarson og kona hans, Valdís Guðmundsdóttir.

Símon Símonarson fæddist 13. desember 1839, sonur Símonar Árnasonar og Guðrúnar Sigmundsdóttur sem þá bjuggu á Breiðstöðum í Göngu-skörðum í Skagafirði. Vorið 1841 flutti fjölskyldan að Skarði í sömu sveit og Símon ólst upp hjá foreldrum sínum fram á fjórtánda árið. Næstu árin var hann í vist á ýmsum stöðum til lands og sjávar, flestum slæmum. Leiðir þeirra Valdísar Guðmundsdóttur lágu saman þar sem þau voru í vist að Neðrimýrum og haustið 1865 gengu þau í hjónaband, þá í vist í Svangrund,

„allra aumasta kotræfli sem til var“. Eftir ársvist þar vistuðust þau í Kambakoti í sömu sveit en dvöldust eftir það nokkur ár að Innstalandi á Reykjaströnd hjá Árna, bróður Símonar. Enn skiptu þau hjón um vist, voru eitt ár að Fagranesi og annað ár í Heiði. Þá hófu þau loks búskap og í þrjú ár bjuggu þau í Heiðarseli.

Símon Símonarson flutti til Ameríku árið 1874, 35 ára að aldri, ásamt eiginkonu sinni, Valdísi Guðmundsdóttur, og tveimur börnum, Guðmundi átta ára og Guðrúnu tveggja ára.¹ Hinn 10. september lagði skipið úr höfn frá Sauðárkróki og hélt beina leið til Quebec með hátt á fjórða hundrað farþega frá Norður- og Vesturlandi.² Stefnan var sett á Kinmont í Ontario en landnám Nýja-Íslands var ekki hafið og var ferðin afar erfið, einkum síðasti áfanginn, því að járnbrautin náði ekki alla leið.³ Ári síðar fluttu þau til Nýja-Íslands og numu land í Víðirnesbyggð. Síðar námu þau land í Argyle og bjuggu þar í rúm 20 ár en fluttu eftir það til Winnipeg og áttu heima síðustu árin hjá Guðmundi, syni sínum.⁴ Símon lést í Selkirk 28. nóvember 1927.

Hér birtist kaflí úr sjálfsævisögu Símonar sem varðveittur er í skjalasafni bókasafns Manitobaháskóla.⁵ Textinn hefur verið færður til nútímahorfs en ekki er leyst úr styttingum og skammstöfunum. Gripið er niður í ævisöggunni þegar fjölskyldan tekur þá ákvörðun að flytja vestur um haf og þeim er fylgt eftir fyrstu árin í Vesturheimi.

1 Júníus Kristinsson, *Vesturfaraskrá*, bls. 248.

2 Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi I*, bls. 94-95.

3 Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi II*, bls. 263-264 og F. J. Bergmann, „Símon Símonarson.“ *Almanak Ólafs Thorgeirssonar 1916*, bls. 77-80.

4 F. J. Bergmann, „*Símon Símonarson*“, bls. 78.

5 *Mss Isl. 34 – Ævisaga Símonar Símonarsonar*.

Þessi 3 árin sem við vorum í Heiðarseli eignuðumst við þó dálítið, þó jarðnæðið væri ekki gott, og erfitt mér, þar sem eg hafði mest mitt bjargræði úr sjónum, en það var svo langt frá sjó. Eg mun hafa farið fyrsta veturinn suður og röri á Stafnesi hjá Eyvindi en Hákon tengdasonur hans var formaðurinn. Sá sami staður var mér einn hinn besti og aflaði dálítið, það vor bar eg hálf vatt alla leið norður í H.sel. Eg mun hafa verið í reikningi hjá H.D. og annan veturinn reri eg vestur á Skagaströnd í hákall en það var undurlítið úr því eða lítill arður að því, þann þriðja mun eg hafa verið heima, og hirti skepnur fyrir Ásdísi og Sigga. Sumarið áður fór Valtýr frá okkur með nokkuð kynlegum hætti, þegar hann átti að gæta kinda. Það tók eg mér mjög nærri.

Seinasta veturinn sem við voru í selinu skrifuðum okkur til Ameríku, seldum allt, sumt á axjón og sumt fyrir utan. Svo vorum við á flækingsi, eg um æðilangan tíma um vorið hjá Þorleifi á Reykjum. Eg stundum til sjós, stundum í túnasléttu, eina 12 dali fékk eg þar. Valdís var í Litlu-Gröf hjá Þorsteini með Gunnu okkar. Þorsteinn keypti kúna okkar sem þá var í miklu álti, og Þorleifur keypti Rauðku okkar sem var okkur svo farsæl. Auðvitað höfum við ekki ráðist í þetta ef við hefðum fengið að vera, en það var ekki hægt.

Skip það sem lofað til að sækja þennan hóp sem var eitthvað á 4 hundrað, nú dróst og dróst þangað til önnur lína hljóp til og sendi (Allanlínu) félagið. Þann 8. september 1874 kom skipið. En um sumarið var eg hingað og þangað í kaupavinnu og svo flæktist eg vestur í Þing fyrir Gunnlaug Briem til séra Eiríks bróðir hans í vinnu, og var eg þar í viku, og svo fór eg til Jóns á Sveinstöðum og eitthvað búinn að vera þar 5, 6 daga þegar eg fékk orð að eða bréf, að skipið væri komið. Þá varð eg að leggja á stað um háttatíma um koldimma nótt norður á Sauðárkrók og fara yfir Blöndu og ljótan óveg, það reyndar minnir mig marga rauna- og erfiðastundir. Sú nótt sem mátti kallast sú seinasta sem eg var á Íslandi, á þessu sársaukans landi.

Og eitthvað kl. 6 kom eg norður í S. krók, þar var Gunnlaugur Briem sem átti hestinn, sem eg reið vestur og að vestan. Síðan hélt eg norður að Instalandi. Þar var Valdís og Gunna mín og voru að búa sig til ferðar. Svo Steini að smala saman þessum litla farangri okkar. Svo komst eg inní Krókinn um miðjan dag. Ekki sá eg á Norðlandi annan eins mannfjölda eins og var þann dag og þó hefði verið meir deginum áður. Gunnlaugur og Sigurður bræður mínir voru þar þá þangað til við fórum um borð. Ekkert vissi eg um reikninga þegar útbýtt var farbréfunum, hvar var tekið af mér eða bætt við gat eg ekki vitað, því eg tók ekki móti skilding nema þessum 20 dol. (\$10.00) sem eg átti að hafa til expensis, og nesti hafði eg og það helst frá Sigurði bróðir. Illa borgaði G. Briem mér þessa vesturferð mína.

Svo byrjar annar kafli æfi minnar, þá eg flutti til Ameríku.

Það var 10. septemb. 1874 kl. 1^{1/2} sem skipið lagði á stað norður fjörðinn og gekk í svellanda drif og dimmviður þegar út fyrir Drangey kom, stórsjór á norðan og allt fólkið veiktist af sjósótt. Svo um morguninn sáum við rétt grillu í Vestlandsfjöllin sem hvarf vonum frammar, og það var snemma morguns þ. 11. þ.m., föstudag. Svo var lagt beina leið til Kvebekk, þangað komum við miðvikudaginn þann 23. þ.m. með heilu og höldnu. Minnst gekk skipið 15 mílur enn mest 26. 2 daga var mjög slæmt af leiðinni. Mílutalan var 2194 fyrir utan Láransfljótið.

Eftir nokkra bið á Emigrantahúsinu, og sem Sigtryggur Jónasson hitti okkur strax, varð nú leiðtogi okkar og túlkur, og voru menn glaðari yfir því í bráðina. Og um nóttina fórum við á vagnana og það þótti flestum nýstárlegt, og töluverður munur heldur en heima átti sér stað, til Montreal. Þar höfðum við máltíð, svo til Toronto og þar á Emigrantahúsið, dags þann 24. þ.m. um kvöldið. Nú sátum við þar heillengi við allgóða kost, minnsta kosti var nóg nautakjöt, en það reyndist mjög þung fæða og óholl, og fólk mjög lasið og ekki síst börn sem voru að veikjast. Þar vistuðist nokkrar stúlkur. Íslendingar voru þar frá því árið áður, Friðjón og kona hans, Baldvin og fleiri sem heimsótti okkur stundum á kvöldin.

Alla þessa löngu ferð vorum við allvel hress. Nú áttum við að flytjast norður í fylki að járnbraut sem verið var að byggja þar, og þar áttu menn að vinna fyrir fjölskyldu, og á meðan við vorum í Toronto var verið að byggja skýli yfir fólkið, með fram því sem brautin átti að leggjast. Svo leist okkur á borg þessa og þau stórvirki og þann auð, að landið hefði gróflaga mikið til síns ágætis og því bar enginn kvíða fyrir framtíð sinni að álykta annað en allt færi vel, enda þótt að hörmungarnar væru í nánd fyrir mörgum.

Þegar við lögðum á stað frá Toronto, var það að næturlagi, urðum við að ganga um og gegnum borgina einar 3 mílur og bera. Eg bar Guðrúnu mína, en Guðmundur minn gekk. Mér þótti þá húsin svo há og strætin þröng, að það líktist þröngu klettagili heima á Íslandi, en yfirferðin var ólík. Steinlögð stræti, svo komust við á járnbrautarstöðvarnar um birtingu og sú braut lá beint í norður um 80 mílur til Kopikunk, þar höfðum við miðdagsverð kl. 3. Það var nýmyndaður bæ. Mikið var landið þar að ljókka og verða grýttara.

9. október 1874

Svo áttum við eftir að fara 14 mílur á hestavögnum yfir grjót og klungur og bleytu og kallmennirnir urðu að ganga það. Var ljóta ferðalagið fyrir börn hálfveik og alveik og kvenfólk, þessi voða hristingur á svo ósléttum vegi og klumpslegum vögnum og svo höfðu gengið bleytur áður. Svo allt hjálpaðist til og svo niðamyrkur, nótt. Svo allir skynberandi menn geta skilið að þetta ferðalag hefði ekki nein góð eftirköst enda varð það ekki. Þar börnin hrundu niður og eins nokkuð af fullorðnum, helst gamalmönnum. Svo hér um bil klukkan 12 var fólkinu dengt niður

úr vögnunum í bleytuna undir víðirstofnana í svo miklu myrkri, að eg hef varla séð annað eins, og svo vissum við ekki hvað halda skyldi og með veik börnin. Og eftir langa mæðustund þegar fólk var búíð að byltast þarna í forinni, þá loks komu 2 landar með ljóstýru og lýstu okkur að þessu hreysi einu sem verið var að byggja og nokkrir Íslendingar unnu að. Nú komum við þreyttir, svangir að þessum eyndarheimkynnum, auðvitað var þar einhver matur á borðum. En hann fengu ekki nema þeir hraustustu en liðleskjur og sjúklingar fengu ekkert, það hugsar hver um sjálf-an sig en ekki aðra.

En hér var ekki hægt að láta eins og skepna í þetta skipti sem oftast, daginn eftir var þessu fólki skift í þessi nýbyggðu hreysi, sem merkt voru þannig með númerum N.1, N.2, N.3, N.4, N.5, N.6 og talsvert bil á milli þeirra. Það varð mitt hlutskipti að lentu á númer 4, með öðrum 8 familíum. Það má svo nærri geta hvurnig loftið hefur orðið í þessum hreysum. Húsin voru þannig gjörð úr loggum, veggir og stafnar, reisifjalir í þakinu runnin hvurt upp af öðru, ekki langsum með hliðunum heldur þvert á móti og varla að maður gæti setið uppréttur í þeim sem voru með hliðunum. Svo urðu megn veikindi í þessum húsum að blessuð börnin hrundu niður.

Svo ætlaðist Sigtryggur til, að allir í húsinu borðuðu við sama borð og allir tæku jafnan þátt í verðinu sem lagt væri út fyrir matvæli. En það gat nú ekki gengið svo lengi, bæði var það sem mest stríddu við að matreiða og eins þeir, sem voru fyrir utan rifu, og stálu það sem flutt var að, og nenni eg ekki að lýsa því nú eftir 20 ár, en það var leiðinlegt tímabil úr lífsferli minnar æfi og svo þurftum við að bíða eftir sængurfötunum 3 eða 4 daga sem allt hjálpaðist til að gjöra út af við börnin sem alltaf voru að veikast, og svo áttu menn að fara að vinna þá vinnu sem maður var óvanur við, og svo skildi enginn neitt í málinu.

En sárast af öllu var það að sjá uppá Guðrúnu (sálugu) sárþjáða og geta ekki linað þjáningar hennar. Ekkert tollði niðri í henni en lítið um mjólk og henni ekki góðri. Allt var það óþolanda. Eitthvað um níu daga var það frá því hún tók veikina, þar til Guð tók hana til sín í sinn náðarfaðm. Hún sálaðist kl. 10 um kveld (laugard.) þann 18. oktb. Jón Ívars. smíðaði utan um hana. Jörðuð þann 20. s. m. í Kinmont grafreit. Jón og Jakob Espólín voru grafarmenn og líkmenn. †

Guðrún sáluga var ljómandi fallett og skemtilegt barn, þroskuð vel eftir aldri og sýndist hafa góða greind, og sárasta söknuð ber eg í brjósti til dauðans, að skiljast við þann ástvin.

Eg var oft með sárveikum burðum að vera við vinnu um þetta leyti, þó eg pínði mig til þess og æði miklir hitar. Einn dollar var á dag til nýjárs. Eg mun hafa unnið í okt. 13 daga, nóvemb. 19^{3/4}, desb. 24 (1875), jan. 16^{1/2}, feb. 14^{1/2} mars 12, 90 sent eftir. Fyrir þennan tíma mun eg hafa fengið \$95,45. Gróflega voru verkstjórar harðir og illir við oss hjálfaða fyrstu tíma, en urðu okkur ágætir uppá það síðasta og vildu helst hafa tóma Íslendinga í vinnu hjá sér. Og gáfu okkur besta vitnisburð. Eg var lengst hjá einum, og nokkuð hjá 2 öðrum. Þangað til hætt var allri vinnu fyrir peningaskort.

Friðrik og Friðjón byrjuðu að versla í Kinmont fyrir okkur Ísl. Ekki var land þeirra neitt fallett, og seinnumið var það, hæðótt, giljótt, grýtt skóglendi. Byggð mjög strjál og kaup framúrskarandi lágt hjá bændum. Ekkert verulegt slys urðu landar fyrir um veturinn, nema þennan barnadauða, það munu hafa dáið nær 30 börn og þó nokkuð af fullorðnu, helst gamalmönnum, nær 10. Það var sorglegt fyrir aðstandendur þess fólks sem næstir stóðu. Jóhannes Arngrímsson frá Nóaskotja sem hafði verið þar, og var að lokka fólk þangað fyrir stjórn þess fylkis. Nokkrir landar tóku land norður en hvarfu frá, því sumir ákvörðuðu sig til að flytjast austur með Jóhannesi fyrst til Halifax og svo tóku þeir sér land og hengu á þeim þangað til þeir fluttu til Manítoba og Dukota árið 1881. Örsnauðir víst flestir. Áður en eg skilst við Kinmont sem var á föstudaginn langa árið 1875, þá vil eg geta þess að við fluttum okkur upp fyrir Kinmont Valdís í vist en eg í vinnu þar og keypti bord mitt. Þar munum við hafa verið nær mánuði. Þegar sagt var upp vinnunni, fluttum við aftur og vorum þar til á föstudaginn langa, að við tókum okkur upp nokkar familjur og keyptum okkur 2 tíma að flytja okkur til Lyndsy.

Auðvitað fór ekkert vel um okkur á þeirri ferð að sitja ofan á kistum og koffortum og ýmsu drasli. Það mun hafa verið sá vegur um eða yfir 50 mílum. Það var talsverð bót í því að vegurinn lá í gegnum skóga og þá vel troðna, þó áðum við um miðjan daginn, og komum mjög seint að húsi því köldu og skriflíslegu, sem við áttum að hafa fyrir náttstað í Lindsay. Eg mun hafa verið í því húsi 3 eða 4 nætur og þurftum þó að borga fyrir það.

Þá fengum við okkar herbergi hjá Mr. Bel. sem hélt hótél, mjög gömul hjón og áttu uppkomin börn sem stjórnðu mestu, 2 sonu, 2 dætur. Í þeim bæ höfðu farið haustið áður nokkrar stúlkur íslenskar í vist þann vetur, og höfðum talsverða skemmtun af þeim. Eftir 1 eða 2 vikur lögðu þessar familjur til Halifax. Einar 7 familjur og eitthvað af lausum mönnum, eg hefði farið þetta austur líka ef hefði ekki skort peninga. Þess vegna urðum við að láta okkur lynda að vera þar sem við vorum komin það sumar, enda leið okkur heldur vel.

Þó græddist litlir peningar, enda var borgað frámunalega lágt kaup, frá 50 cent til dollars fyrir hvaða þrælavinnu sem var. En margt var heldur ódýrt, nema hveiti og föt. Vinnan var helst við sögunarmillur og stinga upp garða eða þá bændavinnu sem var mjög erfið. Bærinn var fremur fallegur þótt hann væri lítill. Fljót rann í gegnum bæinn þar, voru á vindubrýr svo gufubátar gætu farið fram og aftur um það. Sögunarmillur voru margar, þær brunnu þar einar fjórar af ýmsum sortum það sumar. Frímann Bjarna, Kristján Jóns. voru þar annað slagið það sumar. Þeir voru þá orðnir allgóðir í málinu. Þetta herbergi var undir lofti á afar stórum samkomusal og messað var þar tvisvar á sunnudögum og sungið og spilað oft endranær. Dyr herbergis okkar sneri út á stræti, og var það oft hveimleitt. Ekki síst þegar einhver var veikur, sem stundum kom fyrir því þeir lágu þar báðir í einu, K. F. og Guðmundur okkar, í mislingum, og það var óskemmtilegt því húsrúm var svo lítið en ekkert sjúkrahús í Lindsay þá, árið 1875.

Vinna sú sem mér hlotnaðist þar var sumpart við að flytja logga til sögunar-

myllu og að taka frá stóru söginni og var hvort tveggju mjög erfitt og stopult. Líka vistaðist eg 6 mílur þaðan hjá bónda, og líkaði illa þar, útentí þess vegna ekki tímann og var svo svikinn um kaupíð, þó lágt væri, 50 c. Það var talsvert skemmtilegra fyrir okkur, það voru nokkrar íslenskar stúlkur í bænum og samkomustaður þeirra var jafnaðarlega í þessu litla húsnæði, (sem mér tilheyrði). Það sama sumar kom Helgi Jónss. heiman að, og dvaldist þar eftir. Og einu sinni kom verkstjóri minn sem eg hafði vetrinum áður og bauð mér vinnu langt frá vestur í fylki, og fór eg með honum undir kvöld, og sagði að þar væru Íslendingar í vinnu, og mér var vísað á fínt hótél en ekki svaf eg mikið þá nótt þar eg komst að því, að mér var sagt ósatt og labbaði til baka morguninn eftir, því eg óttaðist að eg væri eða yrði vélaður um kaupíð sem og hefði orðið. Eg gekk hart framundir úthall, og þá tók eg mér trein til Lindy aftur fyrir 79 c., dauðuppgjefinn eftir að hafa gengið allan daginn eftir járnbraut, hungraður og dálítið snauðari.

Það sama sumar fóru þeir Teilor, Sigtri., Krist., Skapti og 2 aðrir vestur til Manitoba í landaskoðunarferð og leist þeim best á Nýja-Ísland, sem miður hefur reynst vel, og sumir af þeim komu aftur til að smala fólkinu saman, sem var víðsvegar um Ontaríó-fylki, og voru margir tregir að fara þessa löngu leið. Það fór heldur vel um okkur í Lindy, en litlar voru framtíðarvonir þar, því lítið var um vinnu og hún illa borguð og fremur var þar gott fólk í allri umgengni, og greiðvikið var það í aðra röndina en ásælið annars vegar og kaupíð lágt.

Sun. 21. septemb. lögðum við á stað frá Lindy (seinnipart dags). Og mjög var það sorgbitið þegar við lögðum á stað, einkanlega það fólk sem lánaði okkur þetta herbergi sem við lifðum í þennan sumartíma. Af því líka að við tókum flestar af stúlkunum með okkur (eða það var samferða), það sem ekki var farið, þá lögðum við á járnbraut til Toronto. Þar dvöldum við nokkra daga til að safna þessum Íslendingum saman sem nokkuð voru orðnir dreifðir. Ekki bar neitt sögulegt við dvöl þá, nema enska fólkinu þótti okkur hafa farið fram og orðið myndarlegra. Þaðan fórum við á járnbraut, á að giska nálægt miðjum degi.

Á þeirri leið var skínandi byggð og bæir. Þar dvöldum við um nóttina. Þar var allt svo einkennilega dýrt að \$1,00 kostaði fyrir einn þó þrjár væru saman. Þetta var meir en eg hafði vanist. Þaðan lögðum við á gufubát daginn eftir þ. 26. sept, þegar búið var að hnoða og stafla öllu því skrani og dóti í bátinn, og svo lifandi pening af öllum sortum, nautum, hestum, svínnum, kindum, alifuglum og svo að klemma fólkið ofan á farangurinn, og þaðan mátti það ekki hreyfa sig í ólyktinni frá skepnunum. Báturinn lítill og valtur, svo að tveir hásetar voru alltaf á ferðinni með tvær sandtunnur að velta þeim til að taka af hallann. Bátseigendur hafa aðeins verið að hugsa um að hafa sem mest hægindi af flutningum, án þess að gefa því mikinn gaum hvernig færi um hann. Hver gæti ímyndað sér nú, að það gæti liðist eins hörmulega meðferð eins og þá tíðkaðist á fólki. Svona mátti maður dúsa fimm (eða því sem næst) dægur þangað til að maður náði lendingu í Dulvik, og hreptum talsverð misjöfn veður. Við höfðum dálitla dvöl þar. Bærinn var þá undurlítill, ámóta eins og kaupstaðarþorp heima á Íslandi og það ekki stórt.

Og enn var lagt upp á járnbrautarferð yfir um Minnisóta vestur að Rauðará (Físerlending). Þá urðum við ekki vör við svínin eða lyktina sem þeim fylgja vana-lega. Víða var landslag heldur ljótt, klettagil niður folartóttir sand- og grjóthæðir, fremur skóglítið. Í verksmiðjukró einhverri var okkur haugað saman um nótt af því að viðstaða varð af treinaskiftum í vondu plássi, og maturinn að sama skapi óviðfeldinn og leiðinlegur, framreiðslan ógurleg, því hver reif það hann náði með ber-serksgangi og fremstir í flokki voru lausu eða einhleypu mennirnir, því þeir þurftu ekki að hugsa nema um sinn eigin maga, enda gjörðu þeir það dyggilega sumir hverjir. En hinir þeir sem vildu vera eins og síðaðir menn, fengu lítið sem ekkert, svo þeir urðu að svelta. Enda urðu þeir margir að sinna konum og börnum, og gátu því ekki verið ætíð til taks þegar þessum matvælum var úthlutað. Enda voru það lausu mennirnir sem urðu fyrir því happi og geta má nærri hvort að þeir hafi ekki haft sinn skerf handa sér og sínum félögum. Enda hefur margur tekið til þess. (Þessu hundaatferli margra á þessari hryllilegu leið). Ekki síst fyrir veikburða fólk, konur, börn og lasburða gamalmenni. Því enginn almennilegur maður var sem skeytti því hvernig færi um fólk, – bara að þeir sem næst stóðu Teilor og gátu tal- að, að þeir hefðu það sæmilegt.

Sigtryggur skildi við okkur í Torontó kvöldið áður en við lögðum upp þaðan heim til Íslands, sem agent. Það var helst Friðjón F.s. sem var ráðanaatur með kalli T. og er hann nú mjög svo þekktur fyrir það, að hann vilji ekki stórskada sig fyrir aðra. Enda var hann þá ungur og óreyndur maður. Þegar við svo náðum síðla dags vestur að Rauðará, þar sem endirinn var þá á þeirri braut, í mesta bleytuveðri og for, þá var bær að myndast þar, og söluþjós og jafnvel íveruhús mestöll. Tjöld.

Þá byrjar aftur að hnoða manni ofan í þessa báta, ýmist á flatdalla sem gufubátarnir drógu, og fyrirfólkið lenti á þeim. Þarna varð maður að kúra ofan á skraninu og vörunum og ekkert yfir sér fleiri sólarhringa, því oft komu fyrir mjög tilfinnanlegar tafir bæði að leggja af vöru og taka eldivið, og það allra lakasta var, áin orðin svo grunn, að það stóð og stansaði, og gekk oft illa að losna, og varð maður oft að vaða við það, og erfitt var það. Svo komu flestir sér undan, ekki síst lausu mennirnir.

Undir kveld lentum við upp í Ásinbo ánni suður af Hudsonflóa-byggingunum sem þá voru í Winnipeg. Svo lentum eg og nokkrir landar að afferma bátana um nóttina og daginn eftir, þó við værum ekki sem best undir þá vinnu búinir, en það voru launin sem bættu það upp, \$3,00 og slíku kaupi var maður alveg óvanur fyrir svo stuttan tíma. Nú lentum við á Emígranta-húsinu sem ekki var stórt eða merki-legt, þær fáu nætur þar til þann 17. október 1875, að lagt var aftur á stað frá Winnipeg í einhverja þá mestu glæfráför sem eg hef þekkt.

Winnipeg var þá mjög lítilfjörlegur bær, mjög fá hús almennileg. 1 Brikk-bygging þó lítilfjörleg, annað með Brikk-keis, ekki vandað, 3 til 4 hótél. Hósens-félagið hafði mestu verslun, mörg hús úr loggum. Grashoppur hefði eyðilagt allan jarð-argróður fyrirfarandi 3 ár, því mátti til að flytja allt að handa þessum fáu hræðum

sem hérna hírðust þá og voru að þrotum komnir að dvelja hér lengur, og var þetta einhver hin mesta glæfrafir sem hugsast gat, að flytja út í óbyggðir langt frá öllum mönnum og það undir vetur. Biðin í Winnipeg stafaði af því að búa út þessi skip eða þessa svonefndu kassa, sem hvorki var hægt að róa eða hafa neina stjórn á nema láta strauma og vindinn bera sig eftir geðþótta sínum, hvort heldur til lífs eða dauðs. Enda leist þeim hinum hyggjari mönnum ekki sem best á þessi flutningsfæri og sögðu allt mundi farast.

En allt um það nú var af kappi að búa út og hlaða þessa kassa, því þeir voru ekki svo heimskir þessir fyrirliðar allir, – að menn lifðu á skógnum og átinu en hvorutveggja var yfirfljótandi að öllu leyti. Enda rankaði við sér margur, eftir á þó um seinan að hyggju fyrirliðanna var svo báborin og klaufaleg að varla er dæmi til slíks. Enda varð fólk að súpa seyðið af þessu flani svo árum skiptir – sem síðara verður á minnst, og er hart að vera að rifja upp fyrir sér alla þá baráttu fyrir lífinu sem beið manns við þessa Nýlandaferð.

Nú urðu lausu stúlkurnar eftir í Winnipeg í vistum, og ungir stúlkukrakkar og ein hjón, og hún var veik konan, Björg Skagfjörð.

Hinu öllu íslenska fólkinu voru settir tveir kostir, sá hinn fyrri, að flytja til þessarar fyrirhuguðu Nýlendu og taka þar land og yrkja það, hvernig svo sem það var, og fara strax að vinna á því, og hinn annar var sá að borga ferðakostnaðinn og svo að eiga sig sjálfir, án allrar hjálpar af stjórnarláninu (af þessu getur hver og einn ráðið) fyrir fjölskyldufedrum, peningalausir, ókunnugir og kominn vetur. Það var ekki hægt annað en að fylgjast með og láta strauma bera sig að hvaða landi sem vera vildi.

En hvort það er satt, sem Guðlaugur Magnússon segir í þessum landnemapíslu sínum (Almanak 1899) þ.e. að við lögðum á stað frá Winnipeg 17. október 1875 sem var sunnudagur, er það ekki rétt hjá honum, að við lögðum á stað snemma morguns sem var ekki fyrr en um eða eftir miðjan dag. Dallafjöldi mun vera réttur, 9 að tölu og jorkbátur sá tíundi sem fyrir fólkinu var skipað á, og þóttust vera konungar fararinnar og náttúrulega langtum óhultari um lífið. Rauðará er ekki straumhart fljót nema þegar hún er mikið í leysingum eða í rigningatíð, afar krókótt, strengir einir 3 en einn þó vestur, og eru full varasamir og það á almennilegum skipum og fyrir kunnuga menn, hvað þá okkur.

Þar er stórir steinar og klettar svo það mátti öngvu muna að sleppa óbrotnir. Og þá var allt farið. En víðast annars staðar forareðja og drulla meðfram árbökkunum, svo að lendingarstaðir eru þar víðast hvar hvimleiðir. En fyrir stökustu elju og dugnað einstakra manna, (svo leiðsögumönnum ofan fyrir strengina eitth. 12 mílur frá Winnipeg) komst þó þessi dalla-fjöldi með heil. ofan í Rauðaráósa þann 21. okt., og þaðan dró gufubáturinn Kolvil okkur samdægurs áleiðis til Vilótanga. Braut einn bátinn (kassann) með skrúfum í þegar þeir voru að tjasla þeim aftan í gufubátinn, og það var heimilánytt með fleirum, og fylltist óðar af vatni, varð þó öllu af honum bjargað en þá votu upp á hina bátana.

Það var stinningsstormur á eftir okkur á sunnan, og allt heldra fólkið fór upp á gufuskiði hitt var látið eiga sig, en það tók fremur stuttan tíma þar til að hann sleppti okkur því (kapteinninn) formaðurinn G. B. Kolvil, vildi ekki lenda á grynningum og var óþarflega varasamur, svo hann skildi okkur langt frá landi, svona laglega til reika, 2. dallurinn í kafi talsvert, bara þurftum að komast í ós, sem lá inn í þessa svo nemdu Vilótjörn, þó var þá nokkur bót, að vindurinn stóð eftir manni að nokkru leyti, annars hefði þetta verið alveg ókleift nokkrum manni.

Nú var þó farið að herða sig með öllum upphugsanlegum ráðum að komast að landi, og inn í þessa svonemdu Vilótjörn og eftir henni að grandanum, sem er malarrif. Þar lét maður fyrirberast um nóttina, síðan var öllu draslinu rogað yfir tangann og borið á Jorkbátinn, og flutt í þessa svonefndu Gimlisvík, sem var þó nokkur vegur. Þetta mátti maður strita við fleiri daga, og voru þar misjafnar handatiltektir. Sumir drógu sig í hlé og földu sig, aðrir gátu ekkert fyrir lasleika og sumir máski hafi gjört sér hann upp, og sumt fundist of gott til að leggja það á sig, svo þetta kom niður á tiltölulega fáa menn, og svo vosbúðin við þetta, og draga þessa kassa í sundur til þess að hafa fjalviðinn í hurðir og dýra búninga (og golf hjá fyrirfólkinu). Það byrjaðist snemma að gjörður var töluverður mannamunur.

Enginn hafði net til að veiða í handa sér í soðið. Ekkert skýli að fara inn í nema einhverja tjaldræfla alla rifna og götótta sem kallinn Teil. fékk til láns hjá Hudson-Bay félaginu. Þangað voru bornar matreiðslustórnar upp í skóginn inn í þessa fyrstu bústaði í þessu fyrirhugaða landi. Það var ekki svo vel að maður gæti gengið fram með vatninu fyrir trjám sem lágu úti. Svo varð maður annðhvort að gjöra að vaða fram fyrir það, eða troðast gegnum við og niður fölnaðan skóg frá þessum lendingarstað og norður þangað sem sest var að, og var það svo bágborið sem mest mátti verða að troðast með börn og smádót eins og þessir vesalingar urðu við gjörða. Ekki var heldur rjóður þar sem tjaldað var, enda veitti manni ekki af skjóli trjánna, því þessi ræflatjöld voru harla skjóllítill, en fyrirfólkið höfðu bestu tjöld. Það var eins og höll, tjaldið hans J. Teilors, og heldur gott tjald W. bróður hans, og fleiri sem voru innundir hjá kalltetrinu. En allir gátu ekki orðið fyrir því happi. Fyrstu nóttina fennti lítið og frostkali var jafnan sem fór vaxandi, þegar búíð var að strita við að selflytja þetta þarna norðantil í Víkina, sem síðar var nefnt Gimli. Var farið að byggja þessa svonefndu loggakofa.

En þá lagðist eg og lá í 2 vikur í þessu hörmunga heimkynni. Eg var orðinn svo laraður af vökum og striti og vosbúð, og leiðinlegri fæðu. Þetta var mér miklir hnekkir því hver þóttist hafa nóg með að hugsa um sjálfa sig. Enda kom það nú í ljós, að töluverður mismunur var gjörður á fólki. Við Elindur Ólafsson vorum saman í þessum tjaldræfli þá með Ingibjörgu og syni hennar, Andrési Tvíman á svipuðum aldri og Guðmundur minn. Enn þó ógift þá, svo það var jafnt á komið með okkur, að fólks tali. Enn hafði hann dálítið meir af peningum. Þegar eg skreið á fætur, þá fórum við Elindur að hugsa um að fara að byggja yfir okkur eins og aðrir og var komið í fyrstu viku nóv. þegar við byrjum. Þá voru aðrir búnir að ánefna sér bæjarlóðir.

Það átti svo sem að verða stórbær upp af blettinum þeim arna, svo við máttum leitast fyrir í útjaðri þessarar fyrirhuguðu borgar, og við leituðum suður, og hrófuðum upp ferköntuðu tóttarskrifli hér um bil 12 fetum á hvern veg úr lögprjónum sem við gátum rogað, og rétt manngengt, og raft í þakið, og rifum upp sinuheyrsl ofan á raftinn úr lægð sem var þar skammt frá og kleyjuðum rifurnar og fluttum laugardaginn þann 6. nóv., ekki vel klárað. Dyrnar voru á miðjum vegg, austan hálfgluggi sinn hvoru megin við dyrnar, og tvö rúm með hvorri hlið og stóin á miðju gólfi innar af dyrunum, staðin úr renglu úr skóginum, lítið eitt höggnum. Þetta þótti okkur indæll bústaður hjá því að vera í tjaldraeflinum. Valdís mín lasin.

8. nóv. fórum við nokkuð margir Ísl. í vinnu til Jóns Teilors að koma heilmikilli höll upp yfir hann, sem bæði átti að vera stórskjólgóð (hlý) og vönduð að öllu leyti. Wilham bróðir hans, yfirsmiðurinn því hann var búinn að koma skýli yfir sig að nafninu til, og rúman hálfan mánuð var verið við þessa byggingu. Tvöfaldir allir veggir, afar þykkir, fylltir upp með kleyi og gólf og loft, svo það fór töluvert fyrir þessa byggingu og alltaf var kallinn í tjaldi sínu þar til að verkinu var lokið, og var þó kominn talsverður snjór og frost og sýndist sem stór höll hjá hinum kofunum. Eitthvað 1,25 borgaði hann á dag að nafninu til og var það tekið í útk. af þessu stjórnláni. Matreiðslustór voru fluttar með öðrum nauðsynlegum áhöldum og keyptum við Erlindur eina þeirra sjálfsagt uppsetta. Það var svo sem ekki að spyrja að því, og borguðum hana nærfellt út, og þá voru peningar mínir farnir. Matvælin sem við fluttum: hveitimjöl, lítið eitt af kartöflum en þær frusu, og þá ekki góða Bofló kæfu, lítið eitt af söltuðu fleski og eitthvað af (bisketi), sýróp, te, bránsykur, og svo kom aftur seinna heilt hveitikorn sem maður varð sjálfur að hluta í sundur í járnkvornum og gekk það bæði seint og illa, og heldur þótti kvenfólkinu það í meira lagi óþjáltil brauðgjörðar, þá var það ekki síður til átu, hjá sumum hurjum ekki mannamat, þó neyðin þrengdi því til þess sem af slórðu, eitthvað lítið eitt af kaffi í $1/2$ punda skömtum og bins baunir. En fiskur var svo sem enginn af því að maður hafði öngvan útbúnað til að veiða hann og kunnáttu vantaði líka, og þó slisjum fáeina. Nú var allt landið umhverfis okkur ómælt, og bæjarlóðin líka, því ekki var hægt að setja þessa kofa nema rétt einhversstaðar. Svo komu mælingamenn og mældu landið og eins í bæjarlóðir og kölluðu það Gimli (og helst það nafn enn við). Ekki var stórt þetta bæjarstæði.

Dauðsföll urðu tíð, hér um bil eitt á hverri viku að meðaltali, meira þó af börnum en fullorðnum, og var það mikil Guðs mildi að þetta slórði, það sem af komst, með slíkt fæði og húsnæði ofan á allt ferðavolsið og öngva læknishjálp að vænta eða holla eða notanlega fæðu fyrir lasburða fólk, og þá einkanlega fyrir börn. Og það hefði nú verið kallað fyrirhyggjulaust flán að stofna lífi manns í þessa voðahættu. En þá var fólk svo tilfinningasljótt að hugsa fyrir lífi og heilsu, og ekki vantaði stritið.

Eg gat um það hér að framan að Valdís mín hafi verið mjög lasin, en ekki af hverju. En þann 29. nóv. 1875 (í þessu hreysi okkar Erlindar) ól hún sveinbarn um miðmunda, skírður þann 9. des. n.m. og hét Gunnlaugur og burtkallaðist þann 15.

des. $\frac{1}{2}$ mánaðar að aldri og var grafinn 16 dögum síðar, móðir hans var komin á flakk og eftir vonum frísk.

Guðmundur minn og Andrés hjuggu í Stóna, og först þeim það vel eftir stærð, og við Erl. oft að vinna hjá öðrum. Þannig mjakaðist tíminn áfram með þolanlegri sambúð mannanna, enda varð maður að gjöra sér lítið að góðu. Eg ætla að setja það hér niður rétt eins og eg hefi skrifað það þá, það sem eg tók til jólanna til að gefa öðrum hugmynd um nægjusemi okkar þá. Þá var líka tekin til að úthluta, og hafa nokkurskonar búð og afhending og engin sykur fékkst annar en púðursykur og það var á 3. degi fyrir jól, 6 pund sykur, 2 pu. bo. kæf., $5\frac{1}{4}$ p. hveiti, 1. p. kúrínnum, 1. pund sóta, 3 p. sótabisket, $\frac{1}{2}$ kaffi, 2. p. bins baunir.

Af þessari úttekt getur hvur einn séð, að menn höfðu ekkert sállífi að búa við þau hin fyrstu árin, sem menn og konur dvöldu hér í Nýja-Íslandi. Mr. Friðjón Friðriksson hafði þessa afhending og sölu á hendi því stjórnin veitti þessa peninga sem lán og áttu löndin að verða í panti fyrir því. Af því leiddi að kall Teilor rak á eftir að við flyttum á þessi lönd það allra fyrsta.

Nú voru engin flutningsfæri nema draga allt á sjálfum sér og bera það og það fyrir jólaföstu. Voru grimdamar orðnar um og yfir 40 fyrir neðan sýró og fannfergan mikil þann vetur, svo það var öngvan veginn ásjálegt að taka sig upp úr þessum hreysum sínum um hávetur og flytja sig þar sem enginn skógarbraut var og varla hægt að komast nokkuð laus og liðugur fyrir snjókyngi og undir við og fölum, nema á vatninu, enda varð nú reyndin á því, að þeir urðu fyrstir sem kalli voru handgengastir að ná í þau lotin sem næst voru þessu fyrir hugaða bæjarstæði, og vatnslotin út og suður með vatninu. Enda fóru þeir mjög laumulega að því að ná í þau áður en margan varði, og það var stór hæðarmunur fyrir þá líka heldur en hina sem þurftu að bera alla sína lífsbjörg langt upp í land eftir ófærum götuslóðum og foræði. Þetta sáu þeir.

Kall Teilor fór til Winnipeg um miðjan des. Þá var heldur farið að sneiðast um það sem hafa þurfti til að draga fram lífið. Enda komu 2 tím á 2 sleðum í lok mánadans með dálítið af matvælum, þar á meðal 12 hveitisekki og var það lítið, og smá lótt, af því ekki var hægt annað að fara en eftir vatninu, og urðu að flytja fóður handa skepnunum með sér og allur útbúnaður þá slæmur og fátæklegur, ekkert box heldur renglur eða plankafjalir ofan á sleðanum og færðin vond, umbrot, enda urðu þeir flutningar æði dýrir.

Póstferðir fóru til skiptis Íslendingar, lausu mennirnir S. Kris., K. Jónsson, Benedikt og fleiri. Enda þó að flestum skíni ekkert gott af þeim nema Teilor, þar við vorum sem útburðir í ókenndu landi, og mjög fáir þá sem gátu lesið ensku blöðin, svo þessar ferðir voru mestpart gjört fyrir kallinn Jón Teilor og W. bróðir hans. Einstaka sínum hélt hann messugjörð um veturinn, því kall var guðrækinn og góðmenni, þótt hann væri ekki sem fyrirhyggjusamasti.

Ekki voru samkomur aðrar svo eg vissi, utan þessa sem kalli voru handgengastir, að þeir hafi komið saman. Stöku sinnum, þegar þessi höll hans var komin upp,

sem var þó ekki varanlegri en svo, að hún gekk öll úr lagi þegar rigningarnar komu, og lak. Milli jóla og nýjárs störfuðum við að því að bera og draga fram á vatn þurrum við og bjuggum til stóra kellingu sem átti að verða til þess að kveikja í henni á gamlaárskvöld, og brenna út gamla árið.

En Wilh Teilor (þá líklega um 60tugt) bjó sig til að verða útlíðanda ár, og það var hrikasjón að sjá gamla manninn í þeim búnaði. Hattinn hafði hann úr tjöru-pappastranga sem var yfir 2 fet, þá héraskinn fyrir skegg og hár, hvítan kufl, svo víðan, að hann sýndist sem tröll vera. Svo hafði hann göngustafi, flösku og staup, og gaf óspart í staupinu, en gallinn var sá að flaskan var tóm. Svo kom þetta kvöld og þessi nótt (eins og öll önnur) með miklu frosti. Kyrrt var, og menn og konur þyrptust þangað sem gátu þegar búíð var að kveikja í og nægur hiti varð af bálinu, og skemmtu sér hið besta þó á ís væri. Kall skemmti mæta vel, þar til hann féll úr sögunni og var borinn burt, þá komu nýjársveinar 12, hvítir með rósrauðum borðum á leiksviðið og léku ýmsa gamanleiki.

Þetta var sú eina skemtisankoma á þeim vetri. Þótti flestum og öllum hún takast vel þó á ís væri, því kall Wilh. gjörði sig svo merkilega fyndinn og allir áttu fremur skammt heim í þessi hreysi sín og nægur víður að hita þau upp. Enda veitti ekki af, því snjóar og forsthörkur voru meir en vanalega. Úr þessu fóru menn almennt að byggja á þessum löndum, sem þeir völdu sér (sumpart óséd) og sum séð í margra mílu fjarlægð, kominn gríðarmikill snjór.

Eg held að enginn hafi haft hinn minnsta grun hvað þeir voru að gjöra, og það ekki fyrirliðarnir nema það eitt að þeir væru komnir nógu norðanlega. Því hópuðu þeir sig flestir inn með vatninu. En um landkosti var víst ekki verið að hugsa enda kom á daginn, að það reyndist í bágara lagi. Það sáu allir, að landið var skógi vaxið. En jarðveginn og forina vissi enginn um, og svo voru húsin eða toturnar ofan í þennan snjó oft sem síst skyldi, (Klöngur að upp.) Það var aðalagnamið flestra að komast sem fyrst á þessi lönd sín, sem áttu að verða til að ryðja skóginn af þeim, og svo átti að sá í þau vorið eftir (svo kall rak á eftir í gríð og erg). Þeir höfðu best sem náðu í vatnslostin, þar reyndist landið þurrara og langtum erfiðisminna að komast á þau og með alla drætti, og ekki síst með fiskiveiðarnar.

En eg var næsta óheppinn, gat ekki fengið land nema rúma mílu frá vatni eða 1^{1/2} mílu þar sem hægt var að lenda þessum döllum sem reyndar voru ekki þá til en komu upp næsta sumar, og þá veiðiáhöld, net. Þetta lot sem mér áskotnaðist, var einar 6 mílur suður af Gimli upp af Skapta Arasyni og Indriða, 3 lot frá vatni, og Erlind Ólafson á milli. Það gekk ekki stunulaust að komast til þessara landa eða að reisa þessi hús á þeim, enda varð reyndin á þeim, og þar sem þau voru sett niður miðlungi vel, sem eðlilegt var þar engin hafði vit á landi, og hulið geysimiklum snjó, en auðvitað voru menn í samvinnu við að hrófa þessum húsum upp.

En hvílíkt göngulag og strit að roga loggum og bera þá til ásamt öllu því, sem hafa þurfti, og fæði í lakara lagi og af skornum skammti.

V. Æviminningar Jóns Jónssonar frá Munkaþverá



Jón Jónsson og kona hans, Guðný Eiríksdóttir.

Jón Jónsson yngri frá Munkaþverá fæddist 9. október 1852. Foreldrar hans voru Jón Jónsson, bóndi á Munkaþverá, og kona hans, Þórey Guðlaugsdóttir. Hugur Jóns beindist snemma í vesturátt og tvítugur að aldri hafði hann sett sér að sigla vestur um haf. Þegar til kom var ekki rúm í skipi því sem kom til Akureyrar sumarið 1873 fyrir alla sem vildu komast og Jón sat eftir eins og fleiri einhleypir, því að fjölskyldur sátu fyrir skipsrúmi. En Jón fluttist til Ameríku tveimur árum síðar, dvaldist fyrst um skeið í Milwaukee og Duluth en tók svo þátt í landnámi Nýja-Íslands haustið 1875. Æviferill Jóns í Vesturheimi verður ekki rakinn nánar hér, heldur látið nægja að vísa til æviminninga þeirra sem eru birtar í þessu riti. Þar rekur Jón ævi sína í Vesturheimi frá því hann sigldi frá Akureyri árið 1873 og fram yfir fyrri heimsstyrjöld, en hann lifði til ársins 1945. Kona Jóns var

Guðný Eiríksdóttir, sem fluttist vestur um haf frá Akureyri árið 1876, en hún hafði verið vinnukona á Munkaþverá. Þau eignuðust tvö börn er náðu fullorðinsaldri en fyrsta barn þeirra lést í frumbersku þegar skarlatssótt gekk yfir Nýja-Ísland veturinn 1877-1878.

Saga Jóns rekur æviágrip manns sem fór ungur út í heim að reyna eitt-hvað nýtt en fýsti ekki að verða bóndi upp á gamla móðinn og í þokkabót „þókti ekki til neins vel fallin“, eins og hann segir sjálfur. Sagan er dæmigerð fyrir aðlögun vesturfara að nýjum lífsháttum, fjörugu, andlegu lífi þeirra og ekki síst birtist í henni hvernig íslensku þjóðerni var viðhaldið í Vesturheimi. Ævisöguþáttur Jóns er að því leyti ólíkur flestum öðrum textum í bókinni að hann er skrifaður í afturliti áratugum eftir að hann flutti vestur um haf og hann rekur ævi og athafnir sínar fram á efri ár. Sem slíkur gefur hann okkur örlitla innsýn í líf vesturfara og stöðu þeirra í samfélaginu áratugum eftir búferlaflutningana.

Handritið er að finna í gögnum Benjamíns Kristjánssonar í handritadeild Landsbókasafns Íslands.¹

1 *Lbs óskráð* – Handritasafn Benjamíns Kristjánssonar, kassi 13. Æviminningar Jóns Jónssonar frá Munkaþverá.

Tildrög Ameríkuferðar minnar

Árið 1873 er ég var 20 ára gamall, var mikil hreifing hjer í Eyafirði, vegna frjetta þeirra vestan um haf frá þeim sem til vesturheims höfðu farið og ljetu fremur vel af. En hjer voru flestir bændur óánægðir með kjör sín, þar sem skortur var mjög tíður á vorum, bæði á fóðri fyrir menn og skepnur og eldsneyti uppgengið, og peningar sáust varla meðal manna fyr en hrossa og sauðasala byrjaði til Englands um 1870. En þetta vor 1873 ákvörðuðu nokkrir bændur að bregða búi og flitja sig vestur um haf. Úr þessu nágreppi voru t.d. Pjetur á Stokkahlöðum, Ólafur á Litlahóli, Friðbjörn á Kroppi, Kristinn í Víðirgerði, Jakob í Kristnesi og Hallgrímur á Rútsstöðum. Ég hafði líka verið óánægður, ekki komist að við neitt handverksnám, eg átti víst að verða bóndi uppá gamlan móð, en jeg hafði enga löngun til þess, og svo komst eg í nokkra ónáð hjá foreldrum mínum fyrir að aðhillast eina af vinnukonunum, sem jeg þó giftist síðar. Svo var eg farin að vera nokkuð drikkfeldur og stundum með í túrum úngra manna á Akureyri og kynntist sumum háttum þeirra sem jeg vildi ekki venja mig á. Jakob bróðir minn var þá í Kaupmannahöfn að læra málaraiðn, en hafði sveinsbréf sem timburmaður frá Triggva Gunnarssyni, hann var 3 árum eldri en jeg. Hann var mikið betur að sjer í bóklegum fræðum en jeg sem altaf gengur illa að læra og muna, til dæmis ljóð, og þókti ekki til neins vel fallin og var lengi framan af ævi óhraustur.

Nú vildi jeg komast í burt og reina eitthvað nítt og auðveldast var að komast til Ameríku með þessu fólki, og þar sem jeg var að komast á fullorðins ár og sjálfs ráðandi, bjóst jeg til ferðar, með lítin fararkost. Þegar hrossaskipið kom sem líka skildi taka (Emigranta) til Englands, fór ég alfarin að heiman til Akureyrar. Þegar athugað var rúm það sem fólkinu var ætlað var það svo lítið að lausir menn ógiftir fengu ekki pláss og ein eða tvær fjölskyldur hættu við ferðina. Jeg fór heim í Munkaþverá og sá þá eftirá að jeg hafði ekki á neinn hátt verið vel útbúin í þá för. Þjóðhátíðarárið '74 gat jeg ekki hugsað til að fara af landi burt, þó nokkuð margir færu það sumar vegna allra vonanna. En næsta vor, 1875, 2. maí fórum við Jakob bróðir minn, Friðrik Bergmann og Júlíus Pálsson ásamt 7 öðrum áleiðis til Ameríku með kaupskipinu „Herta“ til Noregs og lentum í Kristjánssand á 15. degi og þaðan til Hull, yfir England til Liverpool til New Jork, Toronto – Graner Hauts Ontario. Vann þar við járnbrautavinnu í mánuð. Þaðan til Milwaukee Visk., ferðaðist meðal bænda, þýzkra og norskra og sá margt nýstárlegt. Þó var lágt kaup og litla vinnu að fá. Uppskerubrestur vegna þurka, bankahrun og deifð á flestum sviðum. Eg var ekki hraustur og þoldi því ekki erfiða vinnu, sem ég þó reyndi s.s. kolumokstur, járnsteypu og fl. Þá voru nýkomnir úr Alaskaför Ólafur Ólafsson frá Espi-

hóli og Páll Björnsson, til að athuga nýbyggðarsvæði fyrir Íslendinga ásamt Jóni Ólafssyni. Hugmyndin um alíslenska byggð í Ameríku var orðin að þrá, svo flestir urðu því fegnir þegar sú frétt kom að Canadastjórn myndi setja til síðu landsvæði við stórt veiðivatn, handa Íslendingum til að byggja, og þá var ekki látið dragast að flytja sig, þó undir vetur væri inni ósnert skógarland, langar leiðir frá mannabyggðum, og flest allir hlökkudu til að nema lönd og gefa íslensk nöfn.

Þessu ferðalagi til hins fyrirheitna lands með skipum, járnbrautum, og eftir ám og vötnum, gegnum bylgjandi grassléttur hefir verið lýst af fleirum en mér, en það sem hér á eftir fer verður helst um það sem við mig hefir framkomið og haft áhrif á lífsferil minn.

Eftir að þessi 260-70 manns, höfðu sett upp tjöld sín á vatnsbakkanum 22. okt 1875, þar sem nú er Gimli, var hverjum karlmanni fengin skógarexi – verkfæri sem margir höfðu aldrei séð fyr – til að fella með tré og byggja loggahús úr þeim og var þá í flýti byggt hús yfir matvælin sem áttu að duga til vetrarins, og það skyldi vera öðrum til fyrirmyndar, og allir höfðu fengið húsaskjól fyrir jól í 30-35 kofum, sem voru mjög mismunandi að gæðum. Eg fékk fljótt æfingu í þessu verki, og vildi að mitt verk liti vel út ef unt væri og nóg var verkefnið en um kaup var ekki að tala.

Um veturinn í febr. fór ég með 2ur öðrum uppí árósa um 20 mílur til að dorga fisk því menn kunnu þá ekki að veiða upp um ís á vatninu með netum. Við drógum tvo sleða með netum, rúmteppum og öðru fleiru sem þurfti til að sjóða fisk, búa til te o.fl. Eg hafði ekki verið sem best frískur undanfarið, lystarlaus og hafði haft mjög fábreitt fæði. Við geingum hratt í góðu færi eftir vatninu. Það fór að sækja á mig þorsti svo að ég át dálítið af klaka. Um kvöldið lagðist ég fyrir altekinn af hitasótt. Við höfðum séð indíánatjald undir húsrinna einum þarna allskammt frá og til þess að skilja mig ekki einann eftir í köldu tjaldinu á daginn fór annar af félögum mínum að hitta hina tjaldbúana (iníánana) og fékk leyfi þeirra til þess að ég mætti vera þar. Tjald þeirra var stórt skinntjald 15-16 fet í þvermál og var eldur kintur á miðju gólfi. Eg fékk pláss að liggja lengst frá dyrum. Þarna var margt fólk, fjórar fjölskyldur fannst mér, 1 gamall höfðingi og skyldulið hans, og lærður maður (medsin man) sem talaði dálítið ensku, en betur frönsku. Hann reyndi mikið að tala við mig, og gaf mér rötarseyði að drekka, og valdi og steikti fisk handa mér, og svaf næst mér á næturnar. Allir voru frammi á ís á daginn, nema þegar einhver kom heim til að kasta í eldinn, við og við. Ekkert hafði þetta fólk að éta nema fisk og te og lítið af salti sem hver og einn bar á sér, – en því höfðum við gleimt. Ein máltíð var étin, var byrjað að steikja fisk um leið og sest var, þannig að dálítill spíta var rekin í fiskkjaft og hinn endinn í jörðina fast við eldinn og var þessu svo snúið smátt og smátt þar til steikt var, og síðan etið utan af beinum og innvolsi, og fannst mér þetta góð aðferð. Allir gerðu bæn sína áður en birjað var að matast, og hinn lærði maður las faðir vor að mér skildist. Þetta var fyrsta kynning mín af indíánum, og hefir mér altaf þókt vænt um þá síðan. Síðar kynntist eg þeim talsvert og hafði nokkur viðskifti við þá einsog fleiri landar.

Á útmánuðum þennan vetur veiktust margir af skirbjúg, og ýmsum fleiri kvill-

um og nokkrir dóu. Hjúkrun varð lítt við komið vegna þrængsla og fákunnáttu. Enginn læknir var í hópnum – ekki einu sinni skottulæknir. Sérstakur grafreitir var enginn. Þegar jarðsett var, var Jón Taylor oftast fenginn til að kasta rekum á kistuna, annars einhver annar sem til þess þókti hæfur. Jarðarfarir voru þá mjög fámenningar, og voru líkkistur klæddar með lérefiti til að hylja vanefnin.

Þegar mæling hafði farið fram á bæjarstæði á Gimli festi ég mér rétt á næsta landi suður af bænum á vatnsbakkanum og kallaði það „á Akri“. Það var $\frac{1}{2}$ míla á hvern veg. Við Jakob bróðir minn fengum bæjarlód og byggðum þar hús um vorið og tálguðum spón í þakið, og var það eina vatnshelda þakið í bænum. Um sumarið þegar stóri hópurinn kom frá Íslandi (1876) varð mjög þröngt í kofunum á Gimli. T.d. voru víst 10 manns eða fleiri í þessu húsi okkar Jakobs. Jón Bergmann frá Syðralaugalandi, Aldís Laxdal systir hans og Sigfús Ólafsson og þeirra fjölskyldur. Jakob bróðir minn fór með Byrni Péturssyni norður til Sandibar. Þegar bólan gekk yfir um haustið var settur upp spítali á Gimli í nýbygðu vöruhúsi, og 3 læknar komu frá Winnipeg. Jón Bergmann var settur umsjónarmaður og tvær konur buðu sig fram til að hjúkra. Eg var fenginn til að hafa umsjón með matvælum [sem] sjúklingum var ætlað, en Guðný kona mín bjó til matinn fyrir spítalann. Læknarnir bjuggu sér í tjaldi. Eftir miðjan veturinn fór veikin heldur að réna. Úr bóluveikinni munu hafa dáið á spítalanum um 20 manns.

Um þetta leiti var farið að mæla út svæði það sem Íslendingum var ætlað, og réði ég mig hjá einum þeim flokki sem höfðu það verk með höndum. Þar æfðist ég í að skilja og tala ensku. Einkum var það jarðfræðingur frá London, sem gaf sig mikið á tal við mig og vildi fréttu af Íslandi. Þarna var legið í tjöldum, og aðdrættir allir fluttir á hundasleðum og er önnur leið varla fær í gegnum skóga. Það var mitt að annast ferðalögin og sjá um hundana og lærði ég það fljótt og um vorið fékk eg 3 dráttarhunda að gjöf með aktygjum og einnig góðan feld úr buffalóhúð.

Þegar keyrt er á hundasleða eru hundarnir settir fyrir sleðann í röð hver fram af öðrum á milli drátartauganna. Er settur kragi um hálsinn á hverjum hundi og gjörð utan um hann. Venjast hundarnir á að koma sjálfir þegar spent er fyrir sleðann og leggjast þá venjul. niður hver á sinn stað í réttri röð, eins og þeir eiga að ganga. Fremsti hundurinn (forstuhundurinn) hefir aðeins það hlutverk að ráða ferðinni, en dregur ekkert. Það er mikils um vert fyrir hvern þann sem hefir það hlutverk með höndum að keyra hundasleða, að góð vinátta sé milli hans og hundanna, þá eru þeir mikið auðsveipari. Engir stjórntaumar eru notaðir, en langan þísk hefir stjórnandinn, en mest er hundunum stjórnað með því að talað er við þá.

Næsta sumar byggði ég mér hús á „Akri“ sem ég ætlaðist til að yrði betra og vistlegra en tíðkaðist á þeim dögum, með gólfi, lofti og kjallara. Efnið var mest tekið úr skógi, klofið, höggvið og heflað. Garð hafði ég þá góðann þar sem ég ræktaði rófur, kartöflur, squos og pankin og fleiri tegundir garðávaxta, og þókti merkilegt hvað uppskera varð mikil. Svo var gnægð af fiski rétt við land. Sápu sauð ég til heimilisþarfa úr lýsi og öskulög.

Þegar Jón prestur Bjarnason kom til Gimli, gaf hann saman þrenn hjón. Með-

al þeirra vórum við Guðný Eiríksdóttir, elskuð kona mín. Um veturinn fæddist okkur dóttir, sem var skírð Nanna. Hún andaðist úr skarlatssótt sem þá gekk um byggðina.

Þó nóg væri þarna til að bíta og brenna, höfðu menn ekkert til að selja fyrir peninga annað en vinnu sína en til þess þurftu menn að fara langar leiðir og lúta að litlu kaupi, og gerðu margir það. Eg lagði af stað með fisk á sleða og hunda mína fyrir á leið til Winnipeg og ætlaði að selja þetta ef hægt væri, og tókst það, og fékk borgun í hveiti. Þá réðist ég í skógarhögg til eldiviðar, og var það bæði erfið og illa borguð vinna og þar að auk slæmt fæði. Var þetta hjá skotskum bónda. Guðný kona mín var líka í vist. Fyrir þetta gátum við keypt okkur sæmilegann klæðnað og annað nauðsinlegt. Um vorið þegar ísa og snjóá fór að leysa löggðum við á stað heim á leið með farangur okkar á sledum, en nú vóru ekki hundar til að draga sledann. Nú varð ég að draga sledann með nokkrum farangri á sjálfur, og Guðný að ganga. Eftir tvo daga náðum við til byggða í íslensku byggðinni, illa til reika, höfðum við orðið að vaða krap og detta ofaní augnaðan ís, á mýrarflesjum við áróšana. Þá fannst mér kraptarnir að þrotum komnir.

Annar vetur '78-79 vann ég við sprengingar hjá C.P.R. austur við Ontario. Þá fæddist dóttir okkar Anna (nú Mrs. Vatnsdal) sem nú er ekkja búsett í Portland Oregon. Hún hefir safnað ýmsu er snertir æfi mína.

Fyrstu árin í Nýja Íslandi bar lítið á óánægju með framtíðarhorfur, flestir voru vanir harðæri og skorti og þekktu ekkert til í eldri byggðum, og kunnu ekkert að jarðrækt, en þeir sem ferðast höfðu meira um landið vissu að einangrun þessi yrði óþolandi til lengdar og yfirgáfu lönd sín og verk, og fluttu svo til Winnipeg, sem þá var að birja að vaxa, og nokkrir fóru suður til Dakota. Eg seldi verk mín á landinu, og borgaði með því stjórnarlán sem ég hafði fengið, og hafði þá eftir gott kúrverð, og fluttist til Vinnipeg. Þar sló ég upp skúr eða sjanta, á Rauðárþakka, eins og margir landar höfðu gjört sem stunduðu uppskipun af gufubátum. Eg fékk vinnu hjá málurum og flutti inn í bæinn. Þá stofnuðu ungir menn félag er þeir kölluðu Framfarafélag, það hafði fundi vikulega, og skyldu félagar æfa sig í ræðu og fundarsköpum, og skyldi þetta fara fram á ensku einu sinni í mánuði, og mátti þá stundum heira furðulega ensku.

Þetta sumar fór ég snöggva ferð suður til Pembína, þar sem Jakob bróðir minn var við húsamálningu. Jeg vildi sjá landið sem hann hafði fest sér skammt frá bænum, og nokkrir aðrir landar. Jeg gekk nokkrar mílur suðvestur eftir veginum, og varð ég hrifinn af þessum gróðursælu sléttum, sem stóðu þarna til boða hverjum manni sem vildi búa sér þar heimili. Það líktist helst sléttu túni á öldunum, en lægðir besta engi á milli, og var þarna ekki langt til skógar, svo mér fannst ég sjá þarna hagsældar framtíðarsveit, sem líka væri í Bandaríkjunum. Um haustið fór ég með það lítið sem ég átti, suður til Dakota og var hjá Jakob bróður mínum um veturinn, sem þá hafði byggt sér skála yfir fjölskyldu sína, tengdafaforeldra þau Björn Pétursson og Ólafíu og þeirra börn. Þetta var mikill snjóavetur, stórhriðar svo ófært var með köflum að komast til bæjar, og urðum við þá að spara mat svo að lá við hung-

ur. Um vorið tók ég mér land, og gróf kjallara sem ég refti yfir og tjaldaði innan til bráðabyrgða bústaðar, og um sama leiti komu aðrir og slóu upp kofum á næstu löndum, sumir af þeim höfðu nokkur efni, og höfðu uxu vagn og kúr. Um vorið hafði ég vinnu í bænum Pembína og gekk heim flest kvöld, um 8 km. eftir 10 tíma vinnu, og man ég ekki til að ég yrði neitt tilfinnanlega þreyttur. Næsta vetur var ég til húsa hjá nágranna, sem hafði nóga mjólk, því enn átti ég enga kú. Þar smíðaði ég mér sleða til að draga að við úr skógi, sem ég fékk að höggva, og svo fékk ég uxu til láns, svo ég gat byggt allgott loggahús með lofti og kjallara. Þá fékk ég lán hjá kunningja til að kaupa uxu og vagn, plóg og herfi, kú með kálfi o.fl. svo nú var nóg að gjöra heima. Eg sáði kartöflum, rófum, ertum o.fl. og fékk góða uppskeru og plægði 30 ekrur. Þá komu fyrstu sjálfbindararnir á markaðinn, og fáeinir til Pembína. Eg fór strax að sjá þá, en þeir voru ósamsettir, svo ég fór að hjálpa við það og fékk svo þarna vinnu, og var svo sendur með þeim sem keyptu til að kenna meðferðina sem ég þó raunar kunni ekki fyrst í stað, en ég var óragur þegar ég sá líka að aðrir ólærðir voru mér ekki fremri þó innfæddir væru.

Eg átti góða og greinda konu, ósérhlífna og mér samhenta. Þar sem ég hafði ekki sett minn heimilisrétt á landið, vildi hún að ég seldi verk mín og rétt, og losaði mig úr skuldum, og ég var svo heppinn að hitta landabráskara sem vildi kaupa, og þegar ég hafði borgað allar skuldir, hafði ég 700 dollara eftir, og þóktist nú vel staður.

Um vorið 1883 fór ég að leita mér að landi uppí Pembína fjöllum, sem þá var opnað til landatöku. Ég vildi að það væri með nægum skógi til bygginga, sléttu og góðu akurlendi, nokkrum heyskap, og nógu vatni eða læk, og fann ég alt þetta á landinu sem ég tók.

Þetta vor flóði Rauðá yfir bakka sína, og mörg hús í Pembína stóðu í vatni uppá miðja glugga, svo að fólkið kúrdi uppi á loftum. Pembína áin kemur þarna úr vestri, og flæddi yfir sléttuna og fyllti lægðirnar en öldurnar stóðu uppúr. Ég reif loftfjalir úr húsi mínu, og bjó til bát úr þeim og réri með einum nágranna til Pembína. Öðruvísi varð þá ekki komist í bæinn. Svo þegar vatnið fjaraði út að mestu lagði ég á stað með alt mitt dót á uxavagni, ásamt konu og 2ur börnum, vestur á fjöllin. Þetta var 3ja daga ferð, eftir þeim vegleysum sem þá gerðust. Þegar við komum á landið setti ég upp tjald og eldstó og okkur fannst nú stórt spor stigið í sjálfstæðisáttina, þó ekkert væri enn gert á landinu, nema nokkur tré dregin úr skógi, og birjað á hústótt. En nú varð að byggja hús, fjós, brjóta jörð, sá kartöflum o.fl. og heyja handa 5 gripum á réttum tíma, og allt þetta lukkaðist með löngum vinnudögum og nokkurri hjálp.

Um haustið 1883 var alt í góðu lagi og peningar til að sjá okkur farborða til fyrstu uppskeru, 30 ekrur plægðar. En Guðný kona mín gekk með barn og þegar að fæðingu kom, sókti ég konu sem við vissum að oft hafði tekið á móti börnum, en var ólærð, en engin tók á að ná í lækni. Fæðingin gekk mjög treglega, og varð Guðný mjög þjáð á eftir og fór ekki úr rekkju næstu 2 ár. Nú fór ég að leita eftir lækni, og frjetti um einn sem hafði aðsetur um 30 km. austur á sléttu. Ég fór til hans

og það hann að koma, en hann sagðist ekki fara fyrir minna en svaraði 75 cent fyrir hverja mílu – þ.e. um 2 kr. fyrir hvern km. – báðar leiðir, og gekk ég að þessu heldur en að fara svobúinn, og ég flýtti mér heim, því hann var ekki tilbúinn að fara þann dag.

Læknirinn kom næsta dag keyrandi í sleða með 2 hesta og fylgdarmann. Hann lét lyfseðil fyrir nokkrum meðalaflöskum sem ég varð að sækja til Pembína því þar var næsta lyfjabúð. Ég lagði á stað gangandi og er það einn mesti göngutúr sem ég hefi farið um dagana, fullar 50 mílur. Jeg var 18 kl. tíma á leiðinni og stansaði aldrei, færið var gott, harðar sleðabrautir. Eg hafði smurt brauð í vösunum, og poka á baki með ýmsu dóti, 5-10 pund.

Bærinn Pembína stendur vestan við Rauðána þar sem Pembínaáin kemur í hana vestan af hásléttu sem birjar með svonefndum fjöllum um 40 mílur vestur þar sem ég hafði tekið heimilisrétt á landi og búíð allvel um mig á fyrsta ári og kostað allmiklu til að mér fannst, og vonaðist eg eftir að konan mín myndi komast til heilsu ef hún fengi góða læknishjálp. Við áttum nú þrjú ung börn, og gat ég komið tveim þeirra í fóstur í bili og fékk ég tjaldaðan hestasleða til að keyra í til Pembína. Þar voru þó nokkrar íslenskar fjölskyldur, og gátum við fengið pláss í einu litlu húsi fyrir rúm. Eg fór þá að hitta læknirinn sem var ungur maður, nýbakaður og fannst mér hann vita lítið, en ekki var um neinn annan lækni að gera, og var Guðný undir hans hendi í mörg ár, og hafði nokkra fótaferð annað slagið. Ég sá fljótt að ekki gat komið til mála fyrir okkur að hugsa um landbúskap undir þessum kringumstæðum, en hinsvegar leit allvel út með þróun Pembína sem hafði nú fengið borgarréttindi og héraðsstjórnarsetur, dómshús, fangelsi o.s.frv. og svo var þetta í norðausturhorni Dakota og bær St. Winsent austan Rauðár í Minnesota og Emmerson litlu neðar í Manitoba og þeim megin var járnbrautin. Í gegnum Pembína fóru allir emigrantar og landtökumenn, sem komu frá Íslandi eða Canada til norður Dakota sem um það leyti var skift úr Dakota Terretory í norður og suður Dakota ríki. Þá byggðist upp suður hluti Pembína, nálega eingöngu af löndum, sem ekki höfðu hug á að nema land eða treystu sér ekki að lifa á búskap s.s. gamalmenni, ekkjur með börn og braskarar.

Hingað til hafði ég ekki fengist við að smíða regluleg timburhús, og átti ekki verkfæri til þeirra hluta. Eg fékk mér nú bækur sem fræddu um þetta, einnig húsa-teikningar til þess að geta gert boð í ákvæðisvinnu. Íveruhús höfðu mjög verið sett niður af handahófi áður en götur og lóðir voru mældar út, svo nú þurfti að færa hús á rétta staði. Maður sá er að þessu hafði unnið varð að selja verkfæri sín er hann flutti burt, og fékk eg mér lán til að kaupa þau, og varð það til þess að ég hafði oftast verk með höndum bæði fyrir mig og 3-5 hjálparmenn við húsaflutninga og kjallaragröft og ennfremur ýmsar aðgerðir. Ég hafði mikið verk með höndum við hermannaskálana í Fort Pembína, að taka upp fúnar undirstöður og setja nýjar í staðinn og leggja nýjan þakspón á húsin, og síðan að byggja nýja skrifstofubyggingu og vörugeymslu, og var það stærsta kontrakt sem ég hafði tekið, 160 fet á lengd og 40 fet á breidd. Ekki græddi ég mikið á þessu verki, en hafði góð laun, og

gott álit svo að ég varð að gefa kost á mér í bæjarstjórn og annað það sem landar í Pembína urðu sem borgarar að beita sér fyrir. Þeir komu upp kirkju, sunnudagsskóla, málfundafélagi, lestrarfélagi og byggðu fundarsal. Þá voru í Pembína nokkrir ungir íslenskir afburðaræðumenn s.s. Jónas A. Sigurðsson, sem lenti hjá mér þegar hann kom frá Íslandi – Daníel Laxdal, Pétur Jóhannesson o.fl. sem síðar urðu bæði lögmenn og fræðimenn merkilegir. Þá var í Pembína svo fjörugt andlegt líf, að mörgum fannst að vel mætti stofna þar íslenskt vikublað og var því félag stofnað í því augnamiði og safnað peningum og peningaloforðum. Eg var síðan sendur til Winnipeg til að grenslast um kaup á Heimskringlu sem þá hafði hætt að koma út í bili, en samningar um þetta tókust ekki sem betur fór.

Ég var 10 ár búsettur í Pembína, en var mjög oft að heiman í öðrum bæjum, við húsaflutninga og smíðar, því nú virtist vera orðið vonlaust um að bærinn gæti elfst úr þessu, héraðsstjórnarsætið yrði flutt nær miðju og kornmillan flutt suður til Grand Forks, þar sem Kyrrahafsbrautin fer í gegn og gufubátar hættir að ganga eftir Rauðá. Jeg tók nú að mér að rífa hveitimilluna, sem var allmikið þrýlyft hús og setja hana aftur niður í Grand Forks 40 mílur sunnar. Grand Forks var þá uppgangsbær, þar var þá nýbyggður ríkisháskóli, og aðrir góðir skólar m.m. Þegar millusmíðinni lauk flutti ég mig alfarinn frá Pembína til Grand Forks og byggði mér þar hús, nokkuð rúmgott svo að við gætum tekið nokkra íslenska stúdenta til dvalar – sem stunduðu nám við háskólann – sem höfðu lítil efni og var þetta til þess að við höfðum 6-8 stúdenta á heimili okkar flesta vetur. Margir þessara íslensku námsmanna við Grand Forks háskólann – sem hjá okkur dvöldust urðu síðar mjög nafnkenndir menn svo sem hinn heimsfrægi landkönnuður Vilhjálmur Stefánsson, lögmaðurinn og dómari Guðmundur Grímsson, Sveinbjörn Johnsson o.m.fl. Þessi ár sem ég dvaldi í Grand Forks, byggði ég mörg hús, en ekki oft fyrir ákvæðisverð, því margir urðu til að tapa á contracts og til þess þurfti meiri peninga en ég hafði yfir að ráða. Ég tók þá að mér að verða formaður eða verkstjóri við stórbyggingar hjá félagi einu á sumrin en vann á verkstæði á veturna og finnst mér nú að ýmislegt sögulegt hafi komið fyrir mig á þessum árum þó ég skrifi það ekki hér. Ég kynntist líka ýmsu skrítnu í smærri bæjum Dakota og Minnesota þar sem ég hafði verk með höndum meðal innflytjenda frá ýmsum löndum Efrópu, t.d. var ég fenginn til að stjórna verki hjá stórbónda einum við að flytja kornhlöðu og byggja stíflu í læk. Hann hafði ráðið til sín 10 pólvérja nýkomna, og skildi enginn þeirra orð í ensku, en hann taldi víst að Íslendingur skildi pólsku, en einn þeirra gat talað svensku, svo hann gat kennt mér að segja nokkur orð eða nöfn á helstu verkfærum, og við það var hægt að bjargast svo verkið gat gengið.

Skemmtilegast þótti mér að byggja nítísku hús hjá löndum í Garðar og Mountain byggðum. 5 hús byggði ég þar, vönduð að öllu leiti eftir því sem þá var títt, með vatnsleiðslu og frárennsli. Miðstöðvarhitun, var þó ekki notuð eða lítið þekkt. Litlu fyrir aldamót voru börn okkar Jón og Anna farin frá okkur, hún gift Þórði Eggertsyni Vatnsdahl sem verið hafði ráðsmaður, við annað dagblaðið í Grand Forks, „Plain Dealer“ en Jón varð barnakennari vestur í landi, en fór síðan niður til

Winnipeg og stundaði þar smíðar um tíma, eins og fleiri landar úr okkar nágrenni. Winnipeg var þá í miklum uppgangi en Grand Forks í dvala, þetta var um aldamótin. Þá var Saskatchewan filki í Canada óðum að byggjast. Stór héruð voru útmæld og járnbrautarkerfi áætlað. Nokkrir landar höfðu flutt vestur að Foam Lake langt frá öllum markaði, og höfðu hleypt þar upp nautahjörðum. Vel var látið af landkostum þarna vestra. Jón sonur minn slóst nú í för með nokkrum mönnum til að skoða land í óbyggðinni þarna vestra, og festi sér rétt á landi og öðru landi fyrir mig, því ég var nú orðinn leiður á að þurfa að leita mér atvinnu utan heimilis míns, og svo hefir jarðrækt og búskapur altlaf heillað hugann, og tilbreitinganáttúra mín gerði mér ljúft að kveðja Grand Forks, eftir að hafa selt eignir mínar. Eg hafði átt þarna heimili um 10 ára skeið, og marga ánægjustunda má ég minnast þaðan og oft var gestkvæmt og skemtilegt á heimili okkar í Grand Forks.

Ég hafði sent Jóni sínu mínum peninga til að kaupa hestapar, vagn, plóg og fleira til að fara með vestur – í félagi við giftann mann (með konu og ungbarn). Þeir skyldu heyja handa hestunum og byggja hús fyrir þá. Ég var sjálfur ekki laus frá Grand Forks fyrr en seint í október 1901 að við lögðum á stað til Winnipeg, með bráðnauðsinlega búslóð, – og þaðan vestur á leið á enda járnbrautarinnar sem hét Síhó. Þar mætti Jón okkur með hesta og vagn, og að kvöldi þriðja dags komum við alla leið að tjaldi okkar. Þetta var mjög erfitt ferðalag fyrir Guðnýju konu mína sem var lasin.

Mér leist strax vel á landið þó aðkoman væri ömurleg, því sléttueldur hafði geisað yfir daginn áður svo alt leit út sem svart flag. Strax tókum við til að byggja hús, sunnar í skógarbelti, var það með þremur hólfum eða herbergjum og mátti það teljast sæmilega hlýtt og gott til bráðabyrgða. Þarna var nóg af hérum og kanínum í skóginum og rjúpum úti á sljettunni, úlfum og margskonar dýrum, sem grafa sig í jörðina. Jón gat skotið tvö dýr (hirti) svo við höfðum nóg kjöt um veturinn. Þarna voru 2 landar skamt frá með nautahjörð, annars voru þarna engir aðrir nágrennar þenna fyrsta vetur. Um vorið komu mjög margir frá Winnipeg og Norður Dakota, til að skoða og taka lönd, svo að okkar hús og land varð einskonar miðstöð þar sem menn reistu tjöld sín og héldu til á meðan þeir voru að skoða sig um til að finna ótekin lönd. Jón sonur minn var skipaður af stjórninni til aðstoðar við landatöku, og til að taka eiða af mönnum. Hann setti upp lítilsháttar verslun sem síðar varð allstór eftir að járnbrautin kom og Winyard varð bæjarstæði, og reisti hann sér verslunarhús og tók annan mann í félag með sér. Ég hafði uxapar til að brjóta lönd okkar, og fyrsta vorið sáði ég höfnum og kartöflum. Þá byggði ég mér íbúðarhús úr timbri og dró að efnið með uxum mínum frá Wodina, 30 mílna veg. Þangað var þá kominn tengdasonur minn, Þórður Vatnsdahl frá Minnisota og þar byggði ég einnig verslunarhús fyrir þá Vatnsdahlsbræður.

Samkomustaðurinn fyrir nágrennið varð í búðinni hjá okkur, og þar var messað. Runólfur Féldsteð var vígður til prests, og ungmenni fermd. Einnig var nú stofnað lestrarfélag. Helgi Helgason tónskáld var nágrenni okkar, var hann hinn mætasti maður. Fór hann nú að æfa söngflokk þarna. Hann var líka góður smíður.

Ég fékk að reyna vonbrigðin sem oft vilja fylgja kornræktarbúskapnum annað slagið. Ég fékk frosið hveiti, þó ekki væri það almennt, og var það ekki seljanlegt. Ég fékk mér nú svín, sem eru nærri ótrúlega frjósöm, og gekk svínaræktin vel í byrjun, en brátt urðu þau of þung á fóðri, þar sem ketmarkaður var líka slæmur. Nautgripum fjölgaði nú hjá mér. Jeg sáði hör í alla nýbrotna jörð, og varð það drýgsta markaðsvaran fyrstu árin því verðið var gott, og stráíð gott fóður handa uxum.

Annars var búskapur minn í Vatnabyggðum sem nú er kölluð altaf í nokkurri framför svo að nú fannst mér að ég hafa ráð á að heimsækja Ísland og sjá móður mína og bróður sem þá var nýgiftur og búandi á Munkaþverá og systur mínar sem einnig áttu þar heimili. Seint í júlí 1909 lagði ég á stað er ég þóktist sjá góðar uppskeruhorfur. Ég réði til mín mann, sem skyldi gegna mínum verkum, en vinnukonu hafði ég altaf. Í Winnipeg keypti ég farbréf, og í för með mér slóust 3 stúlkur frá Vopnafirði og Seyðisfirði. Á leiðinni til Íslands hitti ég Ásmund Guðmundsson í Edinborg (nú prófessor við guðfr. deild háskólans í Rvík). Hann var á heimleið frá háskólanum í K.höfn alfarinn, svo við urðum samferða, og þótti mér góð tilbreyting að geta skoðað mig um í Edinborg og hafa hans samfylgd, því hann hafði komið þar áður. Þegar til Íslands kom stansaði „Vesta“ á mörgum höfnum austanlands, svo að ég fékk nokkra hugmynd um þá firði og kaupstaði, en sá fátt nýstárlegt. Þegar til Akureyrar kom átti ég von á miklum breytingum eftir 35 ár, en mér virtust þær furðu litlar, nema símastaurarnir, kunningjar að vestan sem bentu í menningarátt. Ég ferðaðist ekki mikið eftir að ég kom heim að Munkaþverá. Veðurfar var nokkuð vætusamt, og alt fólk var við heyskap fram í snjó. Þann 2. okt. var stórhrið í Eyjafirði, en þann snjó tók samt upp á láglandi. Litlu síðar lagði ég á stað með norsku skipi „Flóru“ til R.víkur. Með mér fór vestur Aðalsteinn Halldórsson sem verið hafði um mörg ár verksmiðjustjóri við ullarverksmiðjuna „Gefjuni“ á Akureyri. Á Húsavík voru teknar vörur í skipið í góðu veðri, en austanstormur skall á þegar létt var akkerum. Þegar út á haf kom gengu stórsjóar yfir skipið sem brutu stýrið og dekkruður yfir borðsalnum og steypist þar niður sjór, og alt ætlaði á flot í svefnklefunum auk heldur annarsstaðar. Í þrjá sólarhringa hrakti skipið undan vindi, og þóttust menn sjá strendur Grænlands. Þá fór ögn að slota veðrinu, og varð buslað upp á stýrið og annað sem hafði brotnað. Var nú stefnt til lands, og komið til hafnar á Patreksfirði og þar næst til Ísafjarðar, var þar gert við stýrið og fleira. Þegar til Reykjavíkur kom hlakkaði ég til að geta nú skemt mér og séð þessa dýrð, sem ég hafði einhvernvegin lesið inn í mig að þar ætti heima. Ég átti þar kunningja frá fornu fari, t.d. Þórhall biskup, Pálma Pálsson, en þeir voru önnum kafnir. Þeir tóku mér samt glaðlega og ég var í boði hjá Pálma. En einhverskonar andúð fannst mér ríkja til vestmanna, eins og þeir ættu að finna til sektar að hafa farið vestur og með því hlíft sér að gegna þjóðarskyldum, en ekki kom þetta samt sérstaklega fram hjá þessum mætu kunningjum mínum. Biskup frjetti mig um trúmálastríð landa í Winnipeg og flokkaskiftingu, og urðum við sundurmála út af því. Við Aðalsteinn Halldórsson urðum að bíða eftir Englandsfari í 2 vikur í R.vík og leigðum herbergi

en borðuðum miðdag út í bæ þar sem matur var seldur, og var alt sparlega framreitt víðast hvar. Eg spurðist fyrir um skemtanir. Jú, það var hlutavelta á hverju kvöldi og privat dans í einhverju húsi. Jeg fór á hlutaveltu og dró fyrir 2. kr og fékk gamlann, slitinn stráhatt, og annað líkt, svo útfallið varð að setta sig við vindil og björglas og einhverja til að rabba við á kvöldin. Hótel Ísland virtist helsti samkomustaðurinn, þar sáust helstu menn bæjarins bregða fyrir á kvöldin, hljómsveit spilaði og var mikið drukkið kaffi, en þar var ekki selt vín, en Hótel Reykjavík seldi vín og var þar allt með öðrum blæ. Björn Jónsson var þá ráðherra og átti andstætt, og Íslandsbanki var dýrkaður. Í stuttu máli, – ég var ekki hrifinn af Reykjavík.

Með Vestu fórum við Aðalsteinn til Skotlands og biðum eftir fari í Glaskow, og við fórum stundum í leikhús á kvöldin, þar eð við biðum eftir fari í fulla viku. Seint í nóv. kom jeg heim til Rindar, sem var nafn á heimili mínu síðan sótt var um pósthús. Ég hafði mist alla uppskeru mína frá sumrinu. Skömmu eftir að ég fór kom haglskur svo mikill að akur minn var svart flag á eftir. Nokkrir nágrennar fengu sömu útreið. Þetta setti mig mjög mikið til baka með búskapinn. Guðný kona mín var nú veik og á sjúkrahúsi og var gerður á henni holskurður, sem lækarnir tóku drjúga borgun fyrir – en ekkert fundu þeir til að taka burtu. Jeg flutti hana heim eins fljótt og auðið var.

Guðný Eiríksdóttir kona mín var velgreind, ljóðelsk og næm og kunni mikið af ljóðum og átti marga vini. Hún las og talaði vel ensku og dönsku, hafði einnig lært nokkuð í þýsku heima á Íslandi. Okkar sambúð var góð, þó að langvarandi sjúkdómur gerði allt nokkuð erfitt. Hún andaðist í Portland Oregon hjá dóttur okkar, Önnu Vatnsdal í seft. 1923, var þá um 70 ára gömul. Hún var jarðsett í grafreit sem er líkastur yndislegum listigarði, og steinhella markar leiði hennar.

Jón F. sonur minn hafði haft ógætlega lánsverslun og lenti þarafleiðandi í skuldaröggum. Maður sem var í félagi með honum hafði dregið sig út úr í tíma. Í nóv. 1909 þegar ég kom úr Íslandsförinni var allt annað útlit á mínum högum en var í júlí þegar ég lagði af stað. Jeg tók nú við öllum útverkum, og lét vinnumanninn fara. Eldiviðaröflun var mikið verk til að hita húsið, sem var allstórt, því n.v. næðingur var tíður með 20-30 gr. frosti. Læknir okkar sem var tíður gestur, ráðlagði mér að fara með konu mína í hlýrra loftslag vestur að hafi. Við höfðum líka frétt þaðan, því ýmsir kunningjar höfðu flutt vestur, og létu mjög af blíðviðrinu þar. Þetta bjó um sig í huga mínum, þangað til framkvæmda kom, og var þá landið og búslóð selt í vetrarbirjum 1910 og farbréf keypt til Wancouwer British Columbia. Ásrún Jónsdóttir (dóttir Jóns frá Mýri í Bárðardal) hafði verið hjá okkur, og fór með okkur vestur. Í Saskatoon var stans á leiðinni, og voru þau Ásrún og Jón F. sonur okkar vígð í hjónaband fyrir altari af enskum presti sem síðar kom í okkar nágrenni í Blaine, sem yfirmaður ensku kirkjunnar þar, eða biskup, og var hann vinur Íslendinga. Guðný kona mín, var lögð á spítala í Wancouwer, og var fenginn kvensjúkdómalæknir til að stunda hana. Eftir nokkrar vikur var kostnaður orðinn svo mikill að ég tók hana heim og eftir eitt ár fór henni að batna, svo líðan hennar var sæmileg. Við leigðum hús í suður Vancouver. Jón sonur okkar vann á landa-

sölustofu, en ég keypti bæjarlód, og byggði hús, með það í huga að selja það ef með þyrfti. Borgin Vancouver var þá í uppgangi og hús í háu verði, þau sem voru af nýjustu tísku, með miðstöð, baði.

Leg var tvö ár í Vancouver, en kunnir ekki vel við mig þar. Var þar mikið af Englendingum, Kínverjum, Hindúum o.f. Þjóðum. Nokkuð var þar af Íslendingum. Eg lenti með Englendingum nýkomnum, er ég náði í vinnu við húsmíði. Þeir höfðu gamaldags smíðaáhöld og aðferðir, en þóttust eitthvað réttærri en aðrir fyrst í stað. Eg sá mér ekki framtíð í Vancouver og vildi nú ná í landsblett til að vinna. Eg var meira innlifaður Bandaríkjaþólitík en Canada og Blaine er 40 km. suður frá Vancouver og þar var blómleg byggð landa. Þangað fór ég að sjá mig um. Eg seldi nú hús mitt og við fluttum öll suður. Ásrún og Jón áttu þá son á 1. ári sem hét Baldur. Eg keypti landblett þakinn trjárótum og föllnum trjám um 6-7 dagsl. að stærð. Þetta var að hausti til og veturinn gekk í að byggja íveruhús en Jón vann í samvinnubúð sem landar höfðu komið upp, en sá félagsskapur var of lauslega byggður og of fámennur, og stjórnandinn ekki starfinu vaxinn, hafði enga sérmenntun – svo það leystist upp eftir fá ár. Nú höfðum við nóg að gera að hreinsa landið. Ég bjó mér til öflugra vindu og ýmsar tilfærur, til að lyfta upp stömpum með rötum, og fannst mér skemmtilegt verk að geta sigrað þá jötna og brent til ösku. Við plöntuðum berjarunnum og gróðursettum ávaxtatré, epla-, peru-, plómu- og kirsuberjatré, sem á sínum tíma báru meiri ávexti en við gátum notað til heimilis. Á stríðsárunum var allt landið brotið og ræktað. Fóður fyrir 2-3 kýr og matjurtir, maís, baunir, ertur o.fl. Nokkur býflugnabú keypti ég og lærði að hirða og þótti gaman og gagn. Land mitt var við læk sem flóð gengu uppí og gekk lax uppí lækinn um hryggningartímamann á haustin svo þar var góð veiði og nærtæk.

Á stríðsárunum var Jón sonur minn austur í fjöllum að veita forstöðu kaupfélagsbúð námumanna, en Ásrún og börnin fóru ekki þangað. Síðan varð Jón farandsali, því hann varð að hafa léttu vinnu vegna heilsu sinnar. Við höfðum altaf bíl til að keira.

Árin eftir stríðið, frá 1920-30 höfðum við hæsnarækt, það var í samvinnufélagi, sem færði mönnum heim allt fóður og ílát sem um var beðið og tók eggin til sölu. Þetta varð stórkostleg framleiðsla. Allir sem nokkuð gátu byggðu stór hæsnahús og útungunarhús var reist í Blaine með 3ur vélum og var hver vél fyrir 8000 egg og þrisvar fyllt frá febr. til maí. Við höfðum 700 hænur þegar flest var og ólum upp c. 3500 unga til að selja 3ja mánaða og var það oftast nokkur hagur. Svo höfðum við nokkra berjarækt til að selja, býflugnabú og oftast 2 kýr.

Hús okkar þarna við Blaine bæinn var 6 herbergi. Við höfðum gott orgel og voru oft söngfundir hjá okkur, þar sem þau Jón og Ásrún voru bæði mjög sönghneigð. Ragnar Kvaran og frú hans voru tíðir gestir hjá okkur. Hermann gamli Jónasson hélt til hjá okkur aðallega þegar hann var vestra þegar hann var ekki að vinna, og veiddi þá laxa í læknum sem ég gat um. Í Blaine var laxaniðursuða mikil, og fjöldi fólks hafði þar vinnu um tíma á sumrin, og Íslendingar bjuggu á næstu löndum við bæinn og höfðu lestrarfélag fyrir sig og keyptu bækur frá Reykjavík

fyrir í það minnsta 100 doll. árlega. Annað lestrarfélag var í bænum, og eins voru 2 söfnuðir, 2 kirkjur og 2 prestar, 2 sunnudagaskólar, og var íslenskt fólk áætlað þarna á fjórða hundrað í Blaine og nágrenni. Annars voru 6-7 kirkjur aðrar í bænum. Þingmaður, lögmaður og friðdómari voru Íslendingar og hefir þessi þinghá um 100.000 íbúa og 2 þingmenn á ríkisþingið í Olimpia Washington.

VI. Jóhann Schram – Dagbók frá 1876-1877

Desember 1876

1. Sameva veður. 2^{de} Bláveidi og frost minna. 3^{de} sama veður.
 " 4. Bláveidi og frost lítil. 5^{de} Þjást og stórurta veður. Frost lítil.
 " 6. Þjást veður. Lítturta veður. 7. Þjást og stórurta veður. 8^{de} Bláveidi.
 " 9. Þjást veður og stórurta veður. Frost lítil. 10^{de} Þjást veður. Sama
 en gule, frost minna. Þjást veður. 11^{de} Þjást veður. Sama
 gule og frost lítil. 12^{de} Þjást veður og frost lítil. 13^{de} sama veður.
 14. Þjást veður. Frost lítil og legn. 15^{de} Þjást veður. Frost lítil.
 " 16. Þjást veður. Sama veður. 17^{de} Þjást veður. 18^{de} sama veður.
 19^{de} sama veður. 20^{de} sama veður. 21^{de} sama veður.
 " 22. sama veður. 23. Þjást veður. Frost lítil og legn. 24. sama veður.
 " 24. Þjást veður og legn. 25. sama veður. 26. sama veður.
 " 27. sama veður. 28. Þjást veður. Frost lítil og legn. 29. sama veður.
 " 29. Þjást veður, frost lítil. 30^{de} Þjást veður. Frost lítil og legn.
 31^{de} Þjást veður. Frost lítil og legn. 1^{de} sama veður. 2^{de} sama veður. 3^{de} sama veður.

Úr dagbók Jóhanns Schram. Desembermánuður 1876.

Jóhann Schram fæddist árið 1850 og voru foreldrar hans Jóhann P. Hallsson, síðar bóndi á Egg í Rípurhreppi, og kona hans, Ragnheiður Pálsdóttir. Jóhann sigldi vestur um haf með foreldrum sínum og systur árið 1876. Einnig voru í sömu ferð húsfólk frá Egg og vinnuhjú, ásamt börnum og tökubörnum, alls 16 manns. Á sama skipi var einnig Gunnar Jóhannsson, bróðir Jóhanns, sem var vinnumaður á Húsabakka í Seyluhreppi, kona hans, Ragnheiður Jóhannsdóttir, og sonur þeirra. Tvö önnur systkini Jó-

1 Júníus Kristinsson, Vesturfarastrá, bls. 257 og 270.

hanns yngri, Jósep og Ragnheiður, höfðu tveimur árum áður flutt vestur um haf.¹ Að öðru leyti er fátt vitað um ævi Jóhanns hér á landi og í Vesturheimi, annað en það sem fram kemur í dagbókarbrotinu.

Í skjalasafni Manitobaháskóla er að finna afskrift af dagbók Jóhanns Schram. Ekki er gott að segja hversu stór hluti af dagbókum Jóhanns er þar um að ræða en þetta brot hefst daginn sem hann heldur af landi brott áleiðis til Ameríku, 30. júní 1876, og birtum við hér eitt ár úr lífi Jóhanns, eins og það birtist í dagbók hans.¹

1 *Mss Isl.* [] – Dagbókarbrot Jóhanns Schram.

30. júní. Föstudaginn 30ta júní kl. hálf 6 f.m. sigldi skipið Verona af Sauðárkrók. Kl. 11 f.m. sama dag hafnaði skipið sig á Akureyri og lág þar þartil sunnudagsmorgun 2an júlý.

Júlý 1876

2. Siglt af Akureyri. Þá var lesið í þrem stöðum á skipinu. Kl. 8 um kvöldið var skipið undan Lánanesi, fóru þá sumir að veikjast af sjósótt.

3. Um morgunin sáum seinast Ísland kl. 6. Margir voru þá sjóveikir þann dag því suðvestan stormur var og ekki gott sjólag. Margrét kona Davíðs frá Húsabökkum ól barn og gekk það vel til og var henni vel hjúkrað á skipinu.

6. Kl. 4 eptir miðdag hafnaði skipið sig í Grantoni á Skotlandi og var þar falleg höfn umgirt af steinbryggum og var skipinu lagt við eina þeirra. Vóru þá 2 stigar undnir af bryggjunni niður á skipið því briggan var 3-4 al. hærrí en skipið.

Sást nú fyrst margt furðuverk og þókti mér fallett í þeim bæ. Margar konur komu fram á skipið að sjá barnið er fæddist á sjónum og gáfu þær því peninga, hér-um bil 18 kr. og tvennan klæðnað fallettan. Uppá bryggunni var gufuvél sem hal-aði farangur okkar uppúr skipinu og lét það jafnframt á flutningsvagna sem vóru til taks á bryggunni. Lítið eitt gengum við í bæin meðan á þessu stóð og sáum þar mikil mannvirki. Kl. 9 um kveldið stigum við uppý fólksvagnana sem búið var að tengja við flutningsvagnana 49 að tölu og sem áttu að flytja okkur til Glasgow. Svo kom gufuvagn sem dróg alla vagnatrossuna af stað og virtist okkur á ferð hans að honum veita það ekki ervitt. Bar þá margt fyrir augun á þeirri leið en fljótt missti maður sjónar á því aptur því allt var á flugi, líka deifði það sjón að dimt var af nóttu á leiðinni. Fór lestin gegnum falleg húsapörp og akurlönd umgirt skógi. 5 sinnum fór vagnlestin niður í jörðunni í gegnum hæðir. Í einum stað vóru lengst jarðgöngin, vagnarnir runnu gegnum þau á 10 mínútum og fóru þeir þó ¹/₂ mílu Enska á mínútu. Í þessum göngum loguðu ljós með jöfnu millibili. Á leiðinni var opt mætt vagnlestum því margar vóru brautimar og lágu þær hver með annari, kom þá gustur og eldglæringar þegar þær fóru hjá og þætti sumum nóg um það. Alstaðar á leiðinni vóru ljós á háum stólpum með stuttu millibili meðfram brautinni beggja vega. Var því hvergi mirkur. Olfuljós vóru í hverjum vagni svo þar var ekki dimt.

Til Glaskow var komið kl. 11.50 um kveldið. Það fór af vagnstöðvunum allur hópurinn til móttökuhúss Allan línunnar og fékk fólkið þar góðar viðtökur, góð rúm og sæmilegt fæði. Í Glaskow var beðið í 4 daga. Fáu er hægt að lýsa er fyrir augun bar í þeirri borg meðan dvalið var þar því það yrði oflangt mál. Öll hús í

borginni eru af steini og flest 4 hæðir, allar götur og stræti eru steinlögð. Þar mátti sjá glæsilegar sölubúðir með ginnandi varningi enda keyptu sumir mikið sem peninga höfðu. Í borginni var sagt að væru full 70.000 innbúar. Þar mátti sjá bæði ríkan og fátækan, öll stræti höfðu mikið af skríl er hegðaði sér heldur óskikkanlega, og höfðu lögregluþjónar nóg að starfa að halda við reglu. Fljót rennur í gegnum borgina (Clide), sem öll skip geta farið eptir hvað stór sem eru. Steinbogi er á fljótinu, stór og mikill, sem hestar fyrir vögnum gengu eptir og er bogin undin af þegar skip þurfa að fara upp og ofan fljótið og sem daglega eru á ferðinni. Okkur brá við að sjá hestana innlendu í Glaskow eptir íslenzku hestana. Tvo rauða hesta sá eg þar íslenska, báða vakra og gengu báðir fyrir skemtivagni og vóru mjög sællegir.

11. Kl. 2 e.m. var stigið á skip sem heitir Austrian. Það er stórt og mikið skip, á því vóru 743 íslenskir farþegar, 40 skotskir sem fluttu til Ameríku og 80 skipsmenn. Hjelt þá skipið á stað frá Glaskow og var dregið af tveim gufubátum 21 mílu eptir fljótinu. Margt bar fyrir augu á þeirri leið á báðar síður. 24 gufuskip taldi eg þar í smíðum, sauðfé, kýr og hesta sáum við allvíða í girðingum meðfram fljótinu. Skipið kastaði attkerum undan bæ er heitir Grenwich, þar var verið um kirt um nóttina.

12. Kl. 9 f. m. komu tveir lögregluþjónar um borð úr bænum og umboðsmaður Allan línunnar að skoða ásigkomu skipsins, hvort það væri forsvaranlegt að öllu leiti að matvælum og plázi. Þeir skoðuðu öll farbréf og töldu hverja famelfu. Kl. 4 e.m. hélt skipið á stað, breikkaði þá fljótið óðum og verður úr því fjörður.

13. Var allt land horfið. Þann dag dó barn á skipinu sem Pétur frá Jónskoti á Reykjaströnd og kona hans áttu og var sungið yfir því sama dags, og líkinu varp að fyrir borð. Fæði á skipinu var, á morgnana kex, fransbrauð, smör og sætt kaffi. Í miðdagsverð súpa eða baunir og nýtt nautakjöt og kartöplur, stundum saltfiskur. Á sunnudögum púddingur með og sætt kaffi. Á kveldin kex, franzbrauð, smör og sætt tevatn, handa vesælum hafragrjónasúpa. Alla leið yfir hafið var gott veður, þó var margt kvennfólk lasið af sjósótt.

17. Í dag átti kona úr Bárðardal barn og gekk það vel til.

19. Í dag kl. 9 f.m. sáum við land í suðvestur átt.

20. Var siglt in Lawrenceflóan.

21. Kl. 6 f.m. vórum við komin upp í minni Lawrencefljótsins. Meðfram fljótinu er hálendi allt skógi vaxið með grænum akurblettum á milli og hvítum húsum. Þá vóru farþegar allir orðnir frískir af sjósóttum og þurfti þá margur að líta í kríngum sig enda var veður indælt.

22. Kl. 6 f.m. lenti skipið í Cuebeck. Því var lagt við bryggju, gengu síðan allir á land og uppi emigranta hús. Þar vóru 3 Íslendingar frá Nýja Skotl. Guðmundur, Einar og Ólafur, allt ungir menn. Ólafur Brynjólfsson ætlaði að verða túlkur þeirra sem flyttu til Halifax en hinir tveir ættluðu vestur til Manitoba með þeim er þangað flyttu. Með þessum mönnum kom bréf til okkar Íslendinga frá löndum okkar í Nýja Skotl. svo hljóðandi: þeir segjast vilja ráðleggja okkur að flitja ekki austur þangað, þar stjórnin einhverra hluta vegna geti ekki veitt okkur nýbygjarstyrk eins

og hún hefur áður gjört um innflitjendum, og mættu þeir einir þangað fara sem gætu spilað upp á sín egin efni. 14 Íslendingar höfðu ritað nöfn sín undir þetta bréf og var einn af þeim Jóhann frá Tumabrekku. Þetta bréf gátum við ekki véfengt, breittu því allir áformi sínu er austur höfðu ætlað og tóku járnbrautarseðla til Manitoba. Seðillinn kostar \$13.00 fyrir fullorðna en þeir sem ekki gátu borgað fengu þá lánaða. Tvær konur ólu börn í Cuebeck og urðu þær þar báðar eptir og komu vikun síðar á eptir okkur.

23. Kl. 1 e.m. lagði vagnlestin með gufuvagn fyrir á stað frá Cuebeck og var ferðinni heitið til Toronto. Vagnarnir eru svoleiðis útbúnir að það eru þverstólar með báðum hliðum og gangur á milli, gluggi undan hverjum tveim stólum á báðum hliðum. Dyr eru á báðum endum með glugga. Allt getur maður séð útum gluggana sem er í nánd, eins getur maður gengið vagn úr vagni þó þeir séu á ferðinni. Kl. 10 um kveldið kom lestin til Montreal, þar höfðu allir kveldverð á emigranta húsinu. Strax að loknum kveldverð var lagt á stað áleiðis til Toronto og haldið áfram alla nóttina.

24. Komið til Toronto kl. 11 um kveldið og var öllum fylgt inný stórt og mikið innflutningshús. Í Toronto voru allir um kjurt í 3 daga við besta viðurgjörning. Toronto er stór bær og fagrar og stórar byggingar, okkur var sagt að bærinn væri 60 mílur ummáls. Þar mátti sjá margt nýstárlegt, þar var sýningarhús með mörgum fáséðum munum. Þar voru meðal annars til sýnis [hjón] sem hvert fyrir sig var 3^{1/2} alin á hæð er þá voru gipt fyrir hálfum mánuði. Það kostaði 5 cents eða 20 aura fyrir manninn að sjá hjónin. Fáeinir landar voru þar í borginni búsettir er við fundum og létu þeir heldur vel af sér.

25. Verið um kjurt. 26. Um kjurt. 27. Um kjurt.

28. Var haldið á stað með járnbraut til Sarnía.

29. Á ferðinni með járnbraut.

30. Kl. 8 e.[m.] komið til Sarnía. Við Huronvatn var þar þá ferðbúið gufuskip sem við skildum flitjast á til Duluth, yfir vötnin Huron og Superior. Strax og lestin stansaði var alt í einum hast flutt á skip og það á stað með það sama.

August 1876

1. Kl. 7 e.h. lenti skipið í Duluth, sá bær er í Minnisóta í Bandaríkjum. Rétt þegar við vorum komin inn innflutningshúsið, kl. 11 um kveldið, fór gufuvagnlest rétt hjá innflutningshúsinu. Þar var brautin tvöföld en önnur vagnlestin hafði tekið ránga brautið, af því ekki hafði verið gætt að loka því spori og rakst á vagna er stóðu á því spori. Vélin sprakk og 6 vagnar brotnuðu meira og minna en menn komust af lifandi með því þeir köstuðu sér af vögnunum áður en vélin sprakk og var þetta voðaleg sjón.

3. Var lagt á stað frá Duluth með járnbraut til Fishers landing.

4. Kl. 11 e.m. var komið til Fishers landing, sá bær stendur við Rauðará og er hann nýbyggður. Þar endaði járnbrautin. Þar 1 dag um kjurt.

6. Vóru allir ásamt öllum flutningi komið á gufubát og lagði hann þann dag á stað til Winnipeg eptir Rauðará. Fólk alt var á gufubátnum en fluttíngur á stórum flatbátum (börðum) sem festir voru við hliðar gufubátsins og dregnir af honum til Winnipeg. Var komið blýtt veður og hiti.

7. Sama veður. 8da. Sama veður. 9da. Blýtt veður og hálfþíkk lopt.

10. Þokulopt og suðvestan andi. Lent í Winnipeg. Um kjurt í Wpg.

11. Um kjurt. Sólskin og gott veður. 12. Þíkk lopt og rigning en hjart seinnipartin. 13di. Þokulopt og norðansveljandi. 14. Sólskin og norðansvali. Lagt á stað seinnipartin frá Wpg. til Nýja Ísl. ofan Rauðará á kössum 10' x 10', vatnsheldum, smíðuðum í Wpg. til þessa flutnings ásamt litlum flatbotnuðum róðrabátum sem voru margir. 15da. Á ferð eptir Rauðará strönduðu bátarnir á grinníngum kl. 4 e.m. 16. Sólskin og hiti. Leiddir stóru bátarnir af 20 manns. 17da. Sama veður. Bátarnir leiddir til kl. 4 e.m.

18. Sólskin og norðankæla. Komið í Rauðárósa og þar um kirt.

19. Sama veður um kyrt. 20ta. Sólskin og logn. Margir fóru á stað með byrtu til Gimli. Kl. 12 hvesti á sunnan svo við settumst að 6 mflur fyrir sunnan Gimli en sumir fóru alla leið. 21ta. Stórregn, vórum um kyrt. 22ar. Logn og þíkk lopt. Fór-um inný árósi.

23. Suðvestan hvass, rigning seinnipartin. Um kyrt í árósum. 24a. Útvestan gola, gaf ekki úr ósunum. 25ta. Norðangola, um kyrt. Pálmi læknir druknaði, féll um nótt af flatbátnum í fljótið.

26. Sólskin og logn. Fórum við á stað norður á Víðirnestánga. 27da. Sólskin og logn. 28da. S. vestan eptir kl. 7 e.m., þá fór að rigna með þrumum og eldingum. 29. Sólskin og hiti, rigning eptir kl. 8 f.m.

30. Sama veður. 31ta. Heiðríkt og vestanblástur.

September 1876

1. Heiðríkt og norðanblástur. Messað á Gimli.

2. Sama veður. Hjuggum við í hús á Gimli. 3ja. Sólskin og norðv.vindur.

4. Sólskin og logn. Byrjað að byggja húsið. 5ta. Sólskin og suðv.vindur. Sama v.

6. Austanvindur með rigningu. Gátum ekki unnið. 7da. Austanvindur og þíkk lopt. Vorum að byggja. 8da. Sama veður. Sama vinna. 9da. do. do.

10. Sólskin og austansvali. 11ta. Sólskin og logn. Vórum að byggja.

12. Sama veður. Vórum að byggja. 13da. Sama. v. Sama vinna. Kl. 2 hvesti á norðan.

14. Sólskin og blýtt veður. Hallgrímur fór með Jósep útað Framnesi.

15. Sólskin og sunnanvindur. 16da. Suðaustanvindur og sólskin.

17. Sólskin og sunnanvindur. 18da. Þíkk lopt og logn. 19da. Sunnan andi og rigning um tíma og þoka: Piltar voru að heyja. 20ta. Sólskin og norðangola. Piltar að heyja. 21ta. Sólskin og sunnanvindur. Sama vinna.

22. Suðvestan þíkkur til kl.12 sólskin. Seinnipartin unnið við heyið.

23. Sólskin og suðv. vindar. Sama vinna. 24a. Sólskin og norðangola.
 25. Sólsk. og vestangola, hvesti nokkuð seinnipartin eptir kl.12. Sama vinna.
 26. Hægt og gott veður. Smá skýað, suðlægur seinnipartin. 27da. Hægt og gott veður til kl. 2 e.m. en gerði þá rok í tvo tíma. Lingdi þá aptur og gerði gott veður. Þakið lagt á húsið. 28da. Norðanveður kaldur, Þíkk lopt. Úrkomuslitríngur og for-
 áttubrim á vatninu. Létti til lopts seinnipartin.
 29. Norðan en nokkuð vægri. Kastaði úr jeli um nóttina. Sólsk. annaðslagið.
 30. Norðlægur loptléttur, lingdi seinnipartin. Frost um nóttina. 12da. Við húsið.

October 1876

1. Logn og moska en loptlétt frost um morgunin. 2ar. Hvass útvestan með krapahriðjum. Seinnipartin unnið við húsið. 3ja. Sólsk. en norðan hvass, frost eptir miðjan dag. Brimið gekk yfir grand (σ: Willow tangan).
 4. Vindur á norðan en hægri, frost. Þó þíkkur, kastaði úr jeli um nóttina á sunnan um kveldið. 5ta. Um nóttina sunnanhríð sem hélst til kl. 10 f.m. Snéri sér í austur um hádegið en byrti upp og var úrkomulaust. 6ta. Norðan hægur, þokulopt, annarsslagið sá til sólar. Suðvestan um kveldið en hægur. Unnið við að smíða húsið.
 7. Norðan hvass með hríðar jeljum. Hreinsaði loptið seinnipartin og lingdi mikið. 8da. Logn og bjart veður, frost um nóttina.
 8. Sömu nótt dó úr bólunni Lilja frá Kúskerpi í Skagafyrði.
 9. Norðan hvass, þokulopt og jeljagangur. 10da. Lignari en þó norðan, hreinsaði loptið eptir miðjan dag og lingdi dálítið. 11ta. Suðvestan þéttíngsvindur, heiðríkt og bjart. Frost í morgun, hlýtt og gott eptir miðjan dag. Skip kom að Gimli til Mr. J. Taylor með ýmislegar nauðsynjar, bæði til sölu og í stjórnarlán. Settir gluggar á húsið. 12ta. Norðanstormur, lingdi seinnipartin. 13da. Norðlægur, þokulopt, gjörði storm seinni partin. Sett rúmin í húsið. 14da. Logn og heiðríkt, frost um nóttina. Við fluttum í húsið. 15da. Heiðríkt, mikið frost um nóttina. Sunnangola og hlýtt eptir miðjan dag. 16da. Heiðríkt, frost um nóttina. Logn og blýtt veður eptir hádegi. 17da. Sama veður, ekkert frost um nóttina. Byrjað að kleia þakið. 18da. Sama veður. Kleiað þakið. 19da. Sama veður. Klárað að kleya þakið. 20ta. Þíkk lopt og logn. Skipt matföngum á Gimli.
 21. Þíkk lopt, norðanvindur, ekki kaldur. 22ar. Þíkk lopt norðlægur en lign.
 23. Þíkk lopt og vestanvindur, hálfkaldur. 24a. Sama veður. Verið að byggja skúr við húsið. 25ta. Sama veður og sama verk. 26ta. Þíkk lopt, hægur og frost. Verið að byggja fjósið. 27da. Heiðríkt og bjart, austankaldi og lítið frost. Sigtriggur kom hér að Gimli á skonnortunni. 28da. Sama veður. Skonnortan fór norður.
 29. Þíkk lopt og logn, heiddi af sér seinnipartin. 30ta. Bjart veður og logn. Rifin flatbáturinn. 31ta. Frost um morgunin og sama veður til kl. 3. Þá kom á norðanvindur með þoku.

Nóvember 1876

1. Þokuloft og gott veður. 2an. Sama veður. 3ja. Fjúk. Miglíngur gjörði grátt í rót. Hægur til kl. 2 e.m. en hvesti þá á norðan með snjókomu en byrti í [].
4. Bjart veður og logn, 13 gr. frost í morgun. 5ta. Þokuloft, hægur, 8 gr. frost.
6. Bjart veður og frost. Í nótt sálaðist Ragnheiður, kona Gunnars bróðir úr bólunni. 7da. Kirt, frostlítið og gott veður. 8da. Bjart og logn, frost vægt.
9. Sama veður. 10da. Sama veður. 11ta. Þíkk lopt, norðaustan vindur og frost.
12. Norðan með snjókomu og komin ökklasnjór. 13da. Bjart veður og frost.
14. Þíkk lopt og logn, frostminni. 15da. Bjart veður, frost mikið, norðanvindur. Ragnheiður sál. jarðsett og börnin.
16. Þíkk lopt og logn, frostvægur. 17da. Þíkk lopt og austanstormur með fjúk-hraglanda, en jók snjókomuna þegar leið á dagin. 18da. Heiðríkt logn og frost. Magnús Pálson dó um nóttina úr bólunni. 19da. Þíkk lopt og logn, frost vægt. 20ta. Sama veður. 21ta. Sama veður. 22. Sama veður nema suðvestangola. 23ja. Sama veður. 24a. Sólskin og blýtt veður.
25. Þíkk lopt, frost vægt, hvesti eptir kl.3, á suman. 26ta. Þíkk lopt, norðanvindur, ekki frostmikið. 27da. Heiðríkt, 17 gr. frost. 28da. Sama veður, 20 gr. fr.
29. Sama veður. 30ta. Sama veður.

December 1876

1. Sama veður. 2n. Blýðviður og frostminna. 3ja. Sama veður.
4. Heiðríkt og frostlítið. 5ta. Bjart og suðaustan vindur, frostlítið.
6. Bjart veður, útvestanvindur. 7. Norðlægur, frostmikið. 8da. Norðan 14 gr. fr.
9. Þíkk lopt og suðvestan stormur, frostmikið. 10da. Bjart veður, sunnangola, frostminna. Þíkknaði seinnipartin. 11ta. Þíkk lopt, sunnangola og frostlaust. 12ta. Þíkk lopt og frostlítið. Dó úr bólunni Helga kona Pálma Hjálmarssonar frá Þverárdal. 13da. Sama veður.
14. Bjartveður, frostmikið og logn. 15da. Þíkk lopt og hvass, frost mikið.
16. Bjart veður, sunnan andi, 28 gr. frost. 17da. Þíkk lopt til kl. 12, úr því suðvestan andi 28 gr. fr. 18da. Heiðríkt og logn. 19da. Sama veður. Unnið í brautinni. 20ta. Sama veður. 21ta. Sama veður.
22. Sama veður. 23. Þíkk lopt, frostlítið og logn. Unnið nú 13 daga í brautinni.
24. Bjart veður og logn. 25. Sama veður. Jóladagur. 26ta. Sama veður.
27. Sama veður. 28. Þíkk lopt til kl.12, frostlaust og sólskin þar eptir.
29. Bjart veður, frosthægur. 30ta. Bjart veður til miðs dags og frosthart. Sunnannepja, þíkk lopt e.m., fjúk um kveldið. Höfum nú verið 17 daga í brautarvinnu. 31ta. Bjart veður, nokkurt frost.

Janúar 1877

1. Nýársdagur. Þíkk lopt og logn. 2an. Sama veður. 3ja. Sama veður, frostlítið. 4a. Sama veður. 5ta. Þíkk lopt til kl.12, glaðnaði e.m.

6. Norðan hvass með snjókomu. 7da. Stillt og gott veður.

8. Heiðríkt og frost mikið, stilling. 9da. Þíkk lopt, kyrt og nokkuð frost.

10. Heiðríkt og frost hart. 11ta. Sama veður, kyrt. 33 gr. frost. 12ta. Sama veður til kl.12. Frost 30 gr. 13da. Bjart veður, útvestanstormur. Haldin fundur hér í húsi. 14da. Bjart veður. 33 gr. frost. 15da. Sama veður. 16da. Blikað lopt, suðvestangola. 17da. Bjart veður, ekki frostharka. Skoðuðu piltar land. 18da. Bjart veður. 19da. Blikað lopt til kl. 12, bjart eptir kl.12. 20ta. Bjart veður, suðvestan gola. 21ta. Sama veður, norðvestan gola. 22n. Sama veður. Fundur haldin á Gimli. 16 gr. frost á Raumur. 23a. Bjart veður og hvass á norðan. 24a. Bjart og logn.

25. Þíkk lopt, logn og blýða (Pálsmessu). 26a. Bjart veður og frostlaust. 27a. Sama veður. Action haldin á Gimli. 28a. Sama veður, blýða og hiti 8 gr.

29. Sama veður. 30a. Sama veður. 31ta. Þíkk lopt og blýðviðri.

Febrúar 1877

1. Sama veður. 2n. Bjart veður og blýða. 3a. Sama veður. 4a. Þíkk lopt og frostlaust. 5a. Bjart veður, frostlaust og logn. 6a. Bjart veður, hvass á vestan til kl.12. Úr því logn og blýða. 7da. Þíkk lopt. Logn, frostlítið.

8. Þíkk lopt, suðvestanvindur, frostlítið. Við byrjuðum að bygja braut upp frá Ólafi. 9a. Bjart veður og logn, alltaf sama blýða. 10a. Þíkk lopt og stormur á norðan. Nokkurt frost. 11a. Föstuinngangur. Lítið snjófall um nóttina, norðlægur, nokkurt frost. 12a. Þíkk lopt. Nokkurt frost til kl. 12., hvesti úr því á sunnan og dróg úr frosti.

13. Bjart veður, frostlítið, suðvestanvindur (sprengikveld).

14. Bjart og stillt veður, frostlítið. Kjörfundur haldin á Gimli (öskudag).

15. Bjartur og suðvestanvindur, frostlítið. 16da. Bjart veður, hiti 16. gr.

17. Bjart og blýðuveður. 18da. Bjartveður og hiti. Sunnud. 1ti í Góu.

19. Sama veður. 20a. Sama veður. 21a. Þíkk lopt og útvestan þíðveður með regnhraglanda. 22a. Bjart veður og frost. 23a. Sama veður.

24. Sama veður. 25a. Þíkk lopt og millt veður. 26a. Bjart veður, frost og stilt. 27a. Sama veður. 28a. Sama veður til kl.12, þíkk.

March 1877

1. Norðanvindur, kalt og fjúklítið. 2ar. Bjartur, frost og hægur.

3. Sama veður, frosthartur. 4a. Bjart veður, frosthart og norðanvindur.

5. Bjart veður, frostlítið, útvestan vindur. 6a. Sama veður. 7da. Sama veður.

8. Sama veður, 30 gr. frost. 9a. Sama veður, frostminna. 10a. Sama veður, frost vægt.

11. Sama veður. 12a. Þíkk lopt og milt veður. 13a. Þíkk lopt til kl. 12, úr því norðanvindur. Féll snjór um nóttina hér um bil 3 þuml. Hallgrímur fór í landaleit, vestur í land á 13da lot og tók þar land. 14a. Bjart veður og kyrt, ekki frostmikið.

15da. Sama veður. 16a. Sama veður. 17a. Sama veður, meira frost. 18a. Sama veður. 19a. Þíkk lopt og logn. 20a. Bjart og blýðviður.

21. Bjart veður, frostmeira. Fóru piltar 6 í brautarvinnu vestur að lotum sínum.

22. Sama veður. Við unnum í brautinni. 23a. Blikað lopt til kl.12, bjart og blýtt veður seinni partin. Við unnum í brautinni. 24a. Bjart og blýtt veður. Við fórum heim um kveldið úr brautinni. 25. Þíkk lopt og milt veður (Pálmásunnud.). 26ta. Bjart veður og hiti. Gísli fór norður að fljóti og náði þangað um kveldið en piltarnir hér fóru í brautina.

27. Sama veður og snjór sígur. 28da. Sama veður. Piltar búnir með brautina og komu heim. 29a. Þíkk lopt og blýða (Skýrdagur).

30. Sama veður (Föstud. langi). 31ta. Fjúk og bleituslidda, hvass á norðvestan.

April 1877

1. Bjart veður og frost, norðanvindur (Páskar). 2a. Sama veður. Vestangola.

3. Þíkk lopt og frostlaust. Faðir minn fékk bréf frá Nýja Skotl., frá Jóhanni frá Tumabrekku. 4a. Bjart veður og frost. 5a. Sama veður.

6. Bjart veður til kl. 12. Þíkk lopt eptir kl.12. 7a. Fjúk til kl.12, gott veður úr því. 8a. Bjart veður og hiti og sólskin. 9a. Sama veður.

10. Sama veður. Pabbi fékk bréf frá Hjálmarí í Nýja Skotl.

11. Þíkk lopt og logn, blýtt veður. Action á Gimli. 12a. Bjart veður og hiti. Skipt á Gimli. 13a. Sama veður. J.R. Hallson flutti Jóhann frá Kroppi norður á land sitt. 14a. Þíkk lopt, logn og blýtt veður.

15. Sama veður. 16a. Þoka til kl. 9 f.m., svo sólskin og hiti. Höfð þakaskipti á húsinu úr borðvið. Davíð og Hallgrímur lögðu til 13 borð. 17a. Sólskin og hiti. 18a. Sama veður. Mr. Taylor fékk bréf frá stjórninni að hún lánar nýlendunni uppá nýtt \$25000.

19. Sama veður. Sumardagur fyrsti. Allur snjór tekinn upp. Skipti á Gimli, kaffi og sikri. 20a. Sama veður. Við vökuðum niður net.

21. Sólskin og hiti til kl.12. Úr því þíkk lopt og suðvestanstormur.

22. Þíkk lopt og þoka um morguninn til kl. 9, svo byrti upp. Þó þíkk lopt og sólskin, lítið frost um kveldið. 23a. Frost og snjócoma til kl. 10 í m., byrti þá upp. Þó frost um dagin og sólskin lítið.

24. Heiðríkt með frosti um morgunin. Sólskin og stormur á sunnan og þíkk lopt seinnipartin. 25a. Dimmur með hryð á norðan til kl.9 f. m., úr því heiðríkt hiti og sólskin. 26a. Frost og heiðríkt um morguninn, sólskin um dagin. 27a. Sólskin og hiti frost á nóttum (Kóngsbænadagur). 28a. Sama veður, frost í nótt.

29. Sama veður. 30a. Hálfþíkk lopt, blýtt veður.

May 1877

1. Sólskin og sunnangola. Við fórum uppá land í brautarvinnu.

2. Sama veður. Vórum að brúa Viðirá. 3a. Sólskin og heiðríkt fyrripartin. Þíkkur og logn seinnipartin. Unnum í brautinni.

4. Sólskin um morguninn, svo þikkur og suðvestanstormur. Sleit úr honum rigning um kveldið. Piltar komu heim um kveld. Þá fékk Gísli bréf frá föður sínum og Sveini Gunnarsyni í Vallholti. 5a. Kafþykkur um dagin og rigning fram yfir miðjan dag. Fundur haldin á Gimli um prestskosningu, vegagjörð og ýmislegt fleira. Alveg hætt að gefa kúm. 6a. Gott veður, þikkur og sólskinslaust, blýðalogn. Halldóra kona Jóns Bergmans kom hér að safna áskrifendum af konum og stúlkum til að fá prest. 7a. Gott veður, gola á norðan og sólskinslítið um dagin. Dr. Bedden kom frá Wpg., Mr. Taylor fer til Wpg. og var búin að vera við bóluvörðin í gær.

8. Gott veður, fyrst um morguninn gola á norðan, sólskinslítið um dagin og logn. Jeg skrifaði Pétri bróðir heim.

9. Sólskin og logn allan dagin. Sigurður póstur fór með bréf okkar upp að verði. (Elda skildagi).

10. Sólskin og gott veður. Friðjón fór uppeptir, bréfin okkar frá verðinum (Uppstigningadagur). 11a. Gola á sunnan, hálfþikkur, sólsjáandi. Smýðuð byttan hans Davíðs. 12. Gláðasólskin og hiti sunnan gola, skýað seinnipartin. 13a. Gott veður, nokkurt sólfar. Björn Skagfjörð kom hér og kinti frá því að hús hans brann aðfaranótt uppstigningadagsins.

14. Þikkur og rigning við og við. Hreinsað og brent í kríngum húsið og skrifað heim. 15a. Þikkur, gola á norðan, rigning seinnip.

16. Sólskin og hiti, hvass á sunnan fyrripartin, rigning með þrumum seinnipartin. Þá fór ís allur af vatninu. 17a. Sólskin og hiti, norðangola um kveldið. 18a. Sólskin og gola á norðan.

19. Loftþunnur um morgunin til kl. 10 f.m., gola á norðan, rigning og kafþykkur frá kl. 10 og þoka um kveldið. 20a. Um nóttina rigning og þrumur til kl. 12 á hádegi. Kafþykkur allan dag e.m. (Hvítasunnudagur). 21a. Þykkt loft og norðangola. Sigtryggur kom að norðan. 22a. Sólskin og hiti, gola á norðan. 23a. Sama veður. Skonnortan kom ofanað á Tangan, var þar affermd og fór strax aptur. 24a. Heiðrikt, sólskin og hiti. Skipt á Tánganum útsæði. Fæðingardagur Victoríu Drottningar. Vildi til slis á Stónfort af sprengipúðri, hvaraf 3 börn og tveir fullorðnir biðu dauða. 25a. Sama veður, sunnan gola. Við fórum suður á Tanga eptir kartöplum til útsæðis. 26a. Sólskin og sunnanstormur. Pálmi kom að norðan.

27. Sama veður (Trinitatis). 28. Sólskin um morguninn og sunnangola en lítið sólskin um miðjan dagin og seinnipartin. Skonnortan kom, lagðist hér á Víkinni kl. 10 um kveldið og var affermd og fór kl. 4 um nóttina. 29a. Sama veður.

30. Norðanstormur og rigning með þrumum. Skipt útsæði.

31. Norðanstormur og rigning og kafþykkur en lítið útfelli fyrripartin en rigning með þrumum seinnipartin (Fyrsti fardagur).

Juní 1877

1. Norðan rigning til kl. 12 þykkt loft og rigningarlegur seinnipartin. Jactin sigldi norður á Sandy-Bar. 2n. Útvestangola, kafþykkur, rigningar hraglandi við og

við. 3a. Kafþykkur, sunnangola. 4a. Sólskin og sunnangola. Taylor kom frá Wpg. kl. 1/2 6 e.m. Skútan sigldi uppí ósana. Friðjón kom frá Wpg. með flatbát. Pálmi kom að norðan. 5a. Sama veður. Skútan sigldi norður hjá til Mikleyar. 6a. Sunnangola, hálf þikkt lopt til kl. 10 f.m., svo syrti að með regni sem hélst til kvelds.

7. Sólskin og heiðrikt, andvari á sunnan til kl.3 e.m., svo rigning með þrumum til kl. 5 e.m. Byrti þá til. 8a. Kafþykkur um morgun með fjúki sem þó ekki festi, ofurlítið hjartara kl. 12 til 1, svo aptur dimmra og fjúkið meira allan dag til kvelds með stormi á norðan. Keipt stígvél af Árna skósmið. 9a. Sólskin og hiti, heiðrikt, gola á norðan fram yfir miðjan dag, logn seinnipartin. Piltar sáðu kartöplum. Skútan kom að norðan frá Mikley.

10. Sólskin og hiti, gola á sunnan. 11a. Sama veður. Piltar fluttu innanaf Tanganum á trjáflekum flesk og þakspón. Skútan kom að Gimli kl. 12 á h. og fór aptur. Kl. 4 e.m. byrjaði þvotturinn. Tryggvi frá Nöf kom ofan að aptur frá Wpg. og fékk ekki vinnu. 12a. Kafþykkur með skúrum við og við til kl. 1 e.m., svo norðangola og lítiðeitt loptþinnri. Sigtryggur kom að norðan eptir miðjan dag. 13a. Þikkt lopt og sólfar, lítil gola norðan. 14a. Sólskin og gola á útvestan til kl. 11 f.m. Norðangola fyrripartin, sunnan seinnipartin. 14a. Sólskin og gola útvestan til kl. 11 f.m. Norðangola seinnipartin. Jagtin kom Gimli kl. 3.30 f.m. með 240 hveitisekki og tóman flatbát á eptir. Fór aptur kl. 4 e.m. 15a. Sólskin og sunnangola. Skútan kom kl. 9 e.m. með 3 flatbáta, fór aptur kl. 10.30 norður á Sandy-Bar.

16. Sólskin og norðangola. Taylor fór til Wpg., við vorum að rífa flatbátana. 17a. Sama veður. John og Taylor komu aptur og fengu ekki að fara í gegnum bóluvörðin.

18. Stormur á vestan, sólskin lítið. Sótthreinsað og þvegið okkar hús.

19. Sólskin og gola á austan. Klárað að sóthreinsa og þvottur á Gimli. Elín og Pálmi fóru norður. 20a. Gola á norðan, sólfar lítið. Skipt hveiti og fleski. Íslendingar komu hér frá Toronto 2.

21. Sólskin og hiti andvari á norðaustan. Friðjón fór til Wpg. að vitja um kartöplubát fyrir Mr. Taylor. 22a. Norðangola, lítið sólskin, rigning annaðslagið með þrumum. 23a. Sólskin og hiti, gola á austan fyrripartin. Þikkur og rigning við og við seinnipartin. 24a. Um nóttina mikil rigning með þrumum og eldingum og hvass á suðaustan. Um dagin sama veður en þrumuloft.

25. Sólfar lítið og gola á sunnan f.m., sólskin og hiti e.m., andvari á norðan. 3 menn komu frá Wpg. 26a. Rigning frá aptureldingu til kl.6 f.m. svo undrum gegndi. Úr því rigning við og við til kl. 6 e.m. Byrti eptir það upp og gerði gott veður. 27a. Sólskin lítið en gott veður til kl. 9 f.m., úr því sólskin og hiti. 3 menn komu ofan frá verðinum til að skoða þvottinn. 28a. Gott veður og hiti allan dagin en gjörði stóra skúr kl. 6 e.m. Við vorum 8 héðan að gjöra við hús Kristínar. Skoðunarmennirnir fóru aptur til baka. J. Taylor fór alfari uppá land sitt. Friðjón kom frá Wpg. um nóttina. 29a. Sólskin og gola á suðvestan.

30. Sama veður. Eg keipti strokk af Friðjóni.

VII. „Landnámssaga mín“ eftir Marteini Jónssoni skrifuð í október 1935



Marteinn Jónsson og kona hans, Guðrún Ingimarsdóttir.

Landnámssaga Marteins Jónssonar birtist í *Almanaki Ólafs S. Thorgeirssonar* árið 1937 og er eitt ótalmargra brota í þeirri mósafímynd sem saga Íslenskra innflytjenda í Vesturheimi er.¹ Landnámsþáttur Marteins er merkilegur um margt. Í fyrsta lagi má nefna sjálft tilefni skrifanna eins og það birtist í frásögn hans, sú löngun að skrá sína sögu, sem af einhverjum sökum hefur orðið útundan í hinni gríðarlegu skráningu landnámssögu Íslendinga í Kanada og Bandaríkjunum.

Í öðru lagi er Marteinn fulltrúi fyrir ákveðna manngerð í hópi vesturfara, kóngsins lausamann sem heldur út í óvissuna með takmörkuð efni og leitir nýrra tækifæra. Þetta er að minnsta kosti sú sjálfsmynd sem skín út úr

1 Marteinn Jónsson, „Landnámssaga mín.“ *Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar 1937*, bls. 89-94.

landnámssögu, ritaðri 1935. Hann renndi blint í sjóinn og ferðapeningarnir drógu rétt að ströndum Kanada. Einn haustdag árið 1878 stóð Marteinn Jónsson, aðeins 5 fet á hæð og með 1 krónu í vasanum, á hafnarbakkanum í Quebec og hafði einsett sér að komast í vinnu í bænum Roseau við samnefnt vatn, sem hann vissi þó ekki fyllilega hvar var.

Æviferill Marteins verður ekki rakinn hér en látið nægja að vísa í frásögn hans sjálfs sem hér fer á eftir. Þó má nefna að Marteinn lést í Vancouver á nítugasta aldursári, hinn 13. febrúar 1944, og ári síðar birtust stuttir kaflar um hann og Jósef bróður hans í þriðja bindi *Sögu Íslendinga í Vesturheimi* eftir Þorstein Þ. Þorsteinsson.¹ Þar er honum lýst þannig: „Marteinn var um fimm fet á hæð og kennir kreisting í uppvextinum um að hann varð ei hærri maður. Hann var samt mesti starfsmaður og þrautseigur í bezta lagi; greindur að náttúrufari og athugull, las mikið, samdi stundum ljóð og var talinn drengur góður.“²

1 Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi* III, bls. 260-261 og 271.

2 Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi* III, bls. 261.

Eg er fæddur 9. jan. 1855 á heimili, sem heita Óttarstaðir í Svalbarðshreppi í N.Þingeyjarsýslu, er það heiðarkot út frá aðalbygð sveitarinnar, sem er Pistilfjörður. Vorum við fjórir bræður, hétu foreldrar okkar Jón Jónsson og Margrét Jónsdóttir. Þegar eg var 10 ára hétu foreldrar okkar búskap fátæktar vegna og það vor dó elzti bróðir minn, sem þá var fermdur, kom veikur frá fermingunni og kvaddi þennan heim eftir mánaðarlegu í taugaveiki. Foreldrar okkar fóru í vist sitt í hvora áttina og við bræðurnir þrír sem lifðum. Eg fór á heimili sem heitir Krossavík, hétu húsráðendur þar Jónas og Málfríður kona hans. Hjá þeim dvaldi eg fram yfir fermingu, var það efnaheimili, en haldið spart á viðurgerningi öllum. Hafði eg fæði og aðhlynnun til að lifa, en ekki til að þroska líkamann, og eg því með minstu mönnum, um 5 fet, en á nú son yfir 6 fet. Þaðan fór eg í vinnumensku til Þorsteins Jóhannssonar, sem bjó á hálfri jörðinni Svalbarð, kirkjujörð, á hinum helmingnum bjó séra Jón Reykjálín. Eitt ár var eg í Sveinungavík og eitt ár var eg í vinnumensku hjá séra Vigfúsi á Saudanesi. Þaðan fór eg aftur í mína sveit, að Laxárdal í Svalbarðshreppi og var þar 2 ár hjá Bjarna Björnssyni, sem þar bjó. Laxárdalur var mitt síðasta heimili á Íslandi. Eg var við fjárhirðing sumar og vetur og skóli minn var á smalaþúfunni. Ávöxtur af þeirri mentun er sá að eg veit ekkert um ætt mína annað en faðir minn hét Jón og móðir Margrét, eins og áður sagt. Ísland kvaddi eg 1878, var eg þá 23 ára. Hafði eg þá dregið saman með sparnaði liðugar 130 krónur og hrökk það að eins fyrir fargjaldi til Quebec í Canada. Túlkur okkar vestur var danskur maður, sem ensku talaði og svo var Jón Ólafsson, sem lengi bjó í Argylebygð túlkur Íslendinga, talaði hann dönsku. Jón Ólafsson var umboðsmaður Canadastjórnar það ár frá Íslandi. Þegar til Quebec kom átti eg eina krónu og ekkert farbréf lengra, en túlkurinn útvegaði mér og fimm stúlkum, sem líkt stóð á fyrir frítt far til Torontoborgar og fæði. Eftir tveggja daga veru í Toronto kom Sigtryggur Jónasson til fylgdar með því fólki sem borgað gat far sitt til Winnipeg. Eg réði því af að fara til Muskoka, sem mér var sagt að Íslendingar hefðu sezt að, og fór með sömu lestinni og fólkið sem fór til Winnipeg. Eftir lítinn tíma varð eg að fara af lestinni og komast á aðra, en var ráðþrota; eg sagði við Sigtrygg, að eg vissi eigi hvaða lest eg ætti að fara á. Hann sagði mér að eg yrði að „hafa opin augun“; þetta var rétt, en svar hans féll mér illa. Lestin rann sína leið, en eg stóð eftir mállaus og peningalaus og átti eigi fyrir eina máltíð. En bráðlega kom lestin sem eg fór með og lenti við vatn seint um daginn og var þar gufubátur við bryggju og á honum sá eg tvö kúffort, sem eg átti og flutt voru af lestinni og fylgdi eg þeim eftir á út báttinn. Þetta var Roseau vatnið, sem bær sá stendur við er heitir sama nafni. Báturinn hélt á stað með mig og margt fleira fólk til bæjarins. Við sólarlag sofnaði eg á dekkinu og var vakinn í svarta myrkri og vísað burt af bátnum og sá eg kúffort mín

standa þar við vöruhús. Mér var sagt þegar eg fór frá Toronto að eg fengi frítt fæði á emigrantahúsinu, þangað til eg fengi vinnu. Eg stóð þarna lengi, enn enginn kom að vísa mér á verustað yfir nóttina, svo eg rölti upp í bæinn og reyndi að gera mig skiljanlegan að eg væri að leita að emigrantahúsinu. Þeir sem eg spurði réðu í hvað eg meinti og vísuðu mér inn á braut, sem lá út í skóg. Tvisvar lagði eg á stað út í skóginn, en sneri aftur, hélt þeir kynnu að vera að senda mig þangað sem væru viltir úlfar og Indíanar. Spurði eg þá þann þriðja og vísaði hann mér sama veginn. Herti eg nú upp hugann og kom fljótlega að húsi, sem stóð við vatnið, sátu þar gömul hjón utan við húsið og spyr eg að emigrantahúsinu og vísuðu þau mér inn, var það tóm með upphækkuðum pöllum með báðum hliðum, þar var eg um nóttina á berum fjölnum með jakkann minn undir höfðinu. Um morguninn beið eg í húsinu í von um að fá eitthvað að éta – hafði eg ekki smakkað mat frá því um morguninn áður, en þar var enginn matur sjáanlegur. Þaðan rölti eg inn í bæinn með tvö bréf sem eg var beiðinn að koma til skila í Roseau. Sýndi eg þau búðarþjón einum og þekti hann mennina og sagði þá vera um sex mílur burtu. Var mér fylgt alllangt á veg og síðan sagt til vegar, þar til eg sæi hús þegar komið væri út úr skóginum og kom eg þar að húsi Baldvins Helgasonar, sem tekið hafði land á þeim slóðum. Hjá þeim heiðurshjónum fekk eg að borða, hafði eg þá ekki smakkað mat í tvo daga. Ekki voru mér þar gefnar glæsilegar vonir um að fá vinnu. Að vísu var verið að vinna þar á járnbraut níu mílur burtu og fór eg þangað eftir að eg hafði borðað; var þar um nóttina enn fekk enga vinnu, fór svo til Baldvins aftur. Þá réðist eg í vist til Ásgeirs, sonar Baldvins Helgasonar í tvo mánuði fyrir \$4.00 um mánuðinn og fæði og tók eg því, því ekki var annara úrkosta. Að þeim liðnum fór eg að vinna hjá enskum bónda, en varð fyrir meiðsli og fekk ekkert í aðra hönd. Um vorið þann vetur fór eg til Parry Sound, þar voru miklar sögunarmýlnur og fekk vinnu, var kaupíð \$20.00 á mánuði og varð eg að fæða mig og klæða þar af, var þá haldið spart á. Þar vann eg í 3 mánuði og var þá búinn að vinna mér fargjald vestur til Dakota. Fór eg þá til Duluth og þaðan með bátnum eftir Rauðá til Pembina. Þaðan fór eg suður á búgarðinn mikla sem Grandy hét og vann þar að uppskeru um haustið. Að því búnu fór eg norður í Íslendingabygðina, sem var um eitt hundrað mílur fjarlægð. Varð eg samferða þangað, Ólafi Thorlacíus. Fórum það gangandi, því engin voru farartæki á þeim vegi. Lentum við hjá Jónasi Kortssyni og tókum báðir vetrarsetu hjá honum. Ólafur Thorlacíus hafði áður tekið land í námunda þar við og réðist eg í að taka þar land fyrir mig. Á landi Ólafs var mikill og góður skógur til húsagerðar, en alls enginn skógur á mínu landi. Ólafur var eðllyndur maður og bauð mér, að eg mætti höggva skóg á sínu landi til húsagerðar á mínu landi og við það vann eg um veturinn. Veturinn var snjóavetur mikill og kom eg ekki viðnum á land mitt. Fór til Winnipeg um vorið að leita mér atvinnu. Næsta sumar fór eg til baka að byggja hús á landi mínu, en þá voru loggarnir horfnir og varð eg að hafa þetta bótalaust. Bygði eg þá torfkofa á landi mínu. Þetta var byrjun á óhöppum mínum í þeirri nýlendu. Vann eg á þessu landi nokkur ár, hleypti mér í stórskuldir fyrir akuryrkju verkfæri og múla-tím. Alt fór bærilega til að byrja

með. Gerði mér í hugarlund, að fljótlega gæti eg gift mig og orðið stórbóndi en þær hugsjónir hrundu hvor eftir aðra, eg lenti í höndunum á misindismönnum, sem náðu frá mér landinu og öðrum eignum og fór eg slippur og snauður burtu eftir veru mína í Norður Dakota. Voru það Norðmaður og Íslendingur sem hjálpuðust að þeim verknaði. Var síðan á ýmsum stöðum um Bandaríkin í vinnuleit. Vestur við haf, dvaldi eg fjögur ár í Seattle, Wash. Árið 1896 hélt eg austur á bóginn aftur, þá að Gimli og keypti þar búland 2 mílur suður af bænum og hét á Skálabrekku og bjó þar í 20 ár. Líka tók eg þar heimilisréttarland. Árið 1902 gifti eg mig, þá 47 ára að aldri og hét kona mín Guðrún Ingimarsdóttir Eiríkssonar, ættuð af Suðurlandi. Árið 1918 seldi eg heimilisréttarlandið fyrir \$2,000. og flutti með konu mína og 5 börn til Vancouver, B.C. En Skálabrekku á eg ennþá. Þann vetur fór eg norður á Hunters eyju, sem er um 220 mílur norður frá Vancouver. Voru þar þá um 15 landnemar ísl. og tók eg þar heimilisréttarland. Fór eg þangað að vorinu, en kona mín og börn voru í Vancouver á veturnar, því enginn skóli var þá á ynni fyrir börnin. Árið 1921 fluttum við alfari frá Vancouver norður á heimilisréttarland mitt, hafði eg þá bygt þar hús og gert þar vistlegt. Það haust var þar bygður skóli en sá var hængur á að hann var bygður 3 mílur frá mínu heimili og varð eg að fara það sjóveg, því enginn vegur var á landi þangað. Keypti eg þá hús og 18 ekrur af dönskum manni, sem átti eignarrétt á þeim, fyrir \$250.00, sem eg á ennþá og einnig 130 ekrur, sem eg vann heimilisrétt á. Var eg sá eini af landnemunum, sem það gerði. Hinir fluttu allir á burtu án þess að fá nokkuð fyrir verk sín. Höfðu sumir búið þar í átta ár, komið þar upp góðum húsum og bygt skólahús.

Guðrún kona mín lézt 29. apríl 1932. (Æfiminning er prentuð í Lögbergi 21. júlí 1932). Börn okkar eru sem hér segir: 1. Halldóra May, gift manni af enskum ættum og eiga 6 börn. 2. Margrét Friðrika, gift hérlendum manni, dáiin 1926. Áttu 2 börn. 3. Daníel Eiríkur, B.A. Útskrifaður 1931 frá háskólanum í Vancouver, B.C. 4. Eiríkur Valdimar, til heimilis í Ocean Falls, B.C. giftur konu af kanadískum ættum. 5. Guðrún Kristbjörg, er útlærð hjúkrunarkona. Gift hérlendum manni.

Þetta sem hér er fært í letur, er gert vegna þess að mín er hvergi getið í landnámssögu, sem enn hefir verið skráð, en mér fanst eg eiga sama rétt og aðrir gamlir landnemar, þó eg viti ekkert um ættartölu mína og geti ekki rakið til konunga og hersa.

Svo vil eg minnst með fáam orðum bróður míns, sem hingað fluttist frá Íslandi. Hét hann JÓSEP E. VALD JÓNSSON og kona hans Svanlaug Gunnarsdóttir, ættuð úr Kelduhverfi í Þingeyjarsýslu. Fluttust hingað frá Skinnastöðum 1883. Eitt ár dvöldust þau í Ontario en fluttust síðan til Norður Dakota. Tók bróðir minn heimilisréttarland við Akra pósthús og bjó þar í 12 ár. En seldi það síðan og flutti til Nýja Íslands og keypti þar land, sem hét á Bergsstöðum. Vann sér síðan rétt á landi mílu vestar. Og keypti enn bújörð, sem kölluð var Framnes. Eftir nokkur ár misti hann konu sína frá 7 börnum. Börn þeirra eru: 1. Marteinn. 2. Margrét. 3. Gunnar. 4. Guðmunda Kristbjörg. 5. Jón. 6. Kristján. 7. Svanlaug. Öll eru börn þeirra gift og búa í Nýja Íslandi. Jósep giftist aftur Guðrúnu Þorsteinsdóttur, og býr hún á

Gimli, þegar þetta er skrifað. Jósep lézt 1915. Þetta sem um Jósep er skrifað, er af því að hans er eigi minnst í „Saga Ísl. í N. Dakota,“ bjó hann þó á næsta landi við Samson Bjarnason og því auðvelt að fá fræðslu um hann, þó hann væri fluttur á burt. Okkar bræðra er þar hvorugra getið og ekki heldur í sögu Nýja Íslands eftir Þorleif Jackson. Má vera orsökina sé sú, að við stóðum báðir utan við öll kirkjumál og stjórnsmál og ekki efnalega í háu sæti og það orðið til þess að þurka nöfn margra gömlu landnemanna út úr sögunni.

VIII. Þórður Brynjólfsson – Dagbók frá 1882-1884

Þórður Brynjólfsson frá Valshamri á Barðaströnd fæddist 15. maí 1845 og fluttist ásamt fjölskyldu sinni vestur um haf árið 1883. Í manntalinu 1845 er Þórður skráður eins árs gamalt tókubarn á Kleifum í Geiradalshreppi á Barðaströnd, þar sem foreldrar hans, Brynjólfur Jónsson og Guðrún Þórðardóttir, eru gift vinnuhjú.¹ Árið 1850 voru foreldrar hans skráðir bændur á Kleifum og ólst Þórður upp hjá þeim þar og á Gróustöðum. Í manntali sem tekið var árið 1870 er Þórður skráður bóndi á Valshamri, kvæntur Valgerði Jónsdóttur, sem var tveimur árum yngri en hann.² Þau hjón sigldu með skipinu Camoens vestur um haf árið 1883, ásamt þremur börnum sínum, 5, 8 og 9 ára, foreldrum Þórðar, sem einnig voru búandi á Valshamri, og vinnufólki. Reyndar er yngsta barn þeirra, Guðrún Herbjörg, einnig skráð í *Vesturfaraskrá* Júníusar Kristinssonar en hún lést nokkrum dögum áður en fjölskyldan lét í haf.³

Fátt er vitað um líf Þórðar og fjölskyldu hans í Vesturheimi annað en það sem kemur fram í dagbókum hans. Eftir að þau tóku land í Quebec, 22. ágúst 1883, héldu þau sem leið lá inn í land og til Norður-Dakóta þar sem frændi Þórðar, Jón Jónsson á Mæri, tók á móti þeim. Þau bjuggu hjá honum fyrstu mánuðina en snemma árs 1884 hóf Þórður húsbyggingu í grennd við Akra. Hinn 15. apríl flutti fjölskyldan inn í Snæfold, en svo nefndi Þórður hið nýja heimili fjölskyldunnar. Síðar um sumarið, hinn 13. ágúst, fæddist þeim dóttir sem nefnd var Herbjörg, eins og sú sem lést á Íslandi sumarið áður. Þórður lifði aðeins stutt í Vesturheimi, lést um eða fyrir 1888, en Valgerður bjó lengi, ásamt Jóni syni þeirra, að Snæfold.

Í handritadeild Landsbókasafns Íslands eru varðveittar dagbækur

1 *Manntal á Íslandi 1845*. Vesturamt (Reykjavík, 1982).

2 *Þjóðskjalasafn Íslands. Manntal á Íslandi 1850 og 1870*.

3 Júníus Kristinsson, *Vesturfaraskrá*, bls. 186

Þórðar frá árunum 1882-1887 og er hér birtur tæplega þriggja ára kafli úr þeim, frá upphafi þeirra í janúar 1882 til nóvemberloka 1884.² Þórður skrifar dagbók sína í tveimur gerðum, annars vegar eru veðurfærslur og hins vegar almennar skráningar og eru þær fyrrnefndu felldar niður í þessum kafla. Auk þess er leyst úr kerfisbundnum styttingum Þórðar en aðrar látnar halda sér.

2 *Lbs* 2934 4to – Dagbækur Þórðar Brynjólfssonar 1882-1885. *Lbs* 2819 8vo – Dagbækur Þórðar Brynjólfssonar 1885-1887.

Janúaríus

Bind inn alla jafna, milli húsa verka, m.fl.

11. Var sem allt mundi verða ófært, af leki í húsum og vatnsrensli úti.

12. Fór Einar Jockumsson gangandi norður, og menn frá Garpsd. og Gróustöðum, eptir fisk.

13. Gjekk og svipað á, illt við allt að fást.

14. Skrifaði blað í Pjeturshugvekjur, fyrir Kr. Erls. Blað fyrir mig í Fæðingarsálmana, m.m.

15.-20. Batt inn það sem aðrir áttu hjá mjer (á nú einginn spjöld leingur). Hætti við bókband í vikunni sem kemur og fer að slá upp vefstólinn (á þr.d. ef lifi), og vefa fyrir Bjarna á Bakka.

Heyinn láta undann enn,
ekki er á ferðum gamann,
enn vetri halla sje eg senn,
seggurinn glaðnar framann.

Fer nú að senda bækur frá mjer.

20. Kom Konráðs-Legsikon frá Tindum, hefur nú verið þar hjá Marg. í 1^{1/2} vetur, að honum hroll nú setur, eptir kaffi drikkjurnar. Ljæ hann Síra Ólafi í Garpsdal - til sumars n.k.

Nú er mesta fanndípi yfir allt. Allstaðar haglaust. Hættur í bráð að bynda inn, vantar spjöldinn.

26. Rakti 30 ál. verk fyrir Blansiflúr á Bakka.

27. Setti það upp í vefstólinn, dró í hóföldinn, 1060 þr. á.

28. Kláraði að setja til, vaf. 2 ál.

29. Jóni og Guðm. sýnd aðferð að skrifa, m.fl.

30.-31. og 1.-4a. Vaf af mesta kappi. Kláraði allt fyrir vaf Flúra, (21 ál. vel.) fyrirdrættir að meðaltali 1.100.

Febrúaríus

5. Skrifaði Einari Jochumssyni, m.fl.

8. Kláraði verk Blansiflúr, rjettar 30 ál, á h.þ. 24 fis. Skilað því sama dag, fjekk veislu.

9. Rakti fyrir Valgerði mína 50 ál. 900 – og 10. þr. á.

10. Dró í meiri part hafalda.

11. Dró í það sem eptir var, og í skeiðina, m.fl.

12. Útiverk hörð, helkaldi í öllum bænum. Skrifaði Ásgeiri í Arngerðareiri.
13.-18a. Vaf 15 ál., alltaf innistaða.

16. Kom hr. hreppst. Einar í Nesi, að biðja mig að taka af sjer kú, eða 12 ær, eða hvor tveggi, með mikilli áfergju, og aðhaldi, enn hverigt varð, (því mjer var þ. ekki hægt). Jóhanna Halldórs í Múla (Björnsdóttir, Björnssonar, Sra. Hjálmarss., Sra Þorsteinss.), er búinn að liggja rúmföst um mánuð, og er heyrnarlaus, enn, Eyjólfur bjargartæpur, með allt, þó hann seldi ærnar sínar á Borðeiri í haust, af útmetnum búmannshnikk. Jóhanna gamla Jónsd. jarðsúnginn í gær, 18. þ.m. ekkja Guðbr. Hjálmarssonar, er h. bjó.

Kom að norðann Jónas í Múla, með tvo hesta lausa. Skildi eptir reiðingana og 4ar vættir af fiski norður við Skeiðisvörðu.

17a. Fjekk sér 4a menn og sleða, en komu með illann leik slippir, þá, því útsinning gjörði seinni part dagsins. Kómust með nokkuð með kvölum á Skipbrotahraunið, (2ar slippur Jónas).

19. Kom Bjarni á Gróustöðum, rjeð til okkar vinnustúlku frá Garpsd. B. sagði mart. L.k. Elín Helgad. að reina að koma fyrir, Jón Guðms. kom. Finnb. ókominn að norðann, fór á þorranum norður í Húnavatnsýslu.

Fimm (5) atrennur gerði Jónas í Múla, að sækja fiskinn, stundum 4, stundum 5, og nú halda menn, hann allann kominn til byggða.

Útiverk hörð á föstudaginn, og fr. hörkur miklar. Hjer fer bráðum að frjósa hugmynd við sál, og sál við líkhama, allir að deyja í kulda. Vaf þ. viku 15 ál.

Draumur:

Mig dreimdi (24a) aðfaranótt 24. Þótti mjer koma að mjer maður, á dökkum klæðum, og nokkuð síðri yfirhöfn, er tók að knje, og sýndust mjer grákvítar rendur yfir hana 4-6 að tölu. Höfuðfat hans var líkast húfu, eður þó heldur derlausu stáss kasketi. Maður þessi var fremur fríður ásýndar, og ekki líkur nútíða mönnum á svip, hærra lagi meðalmaður á hæð og gildleika. Ávarpaði mig hastur í máli þessum orðum: Þú skalt verða mesta ákvæðaskáld, ef þú yrkir þegar í stað alrímda vísu undir ukkar brögum. Þóktist eg þá kveða vísu þessa, og mundi rjetta er eg vaknaði.

Hefjum getum, kirjum kretum,
kvelst í hretum moldarsáð.
Burtu fetum, grand ei gétum,
geingur í metum flestra ráð.

Martíus

3. Sendi Finnb. eptir Konráðs orðabók, enn hún sat kyr heima. Stephan Ólafsson verður á Tindum á mánuð að undirvísa Finnboga dætrum, í skr. og dönsku.

4. Kom Guðni Hannesson að norðann, með fiskahest, fyrir húsbónda sinn Ólaf. Slapp við bilinn, þó Pjetur heitinn gjæti það ekki í fyrra.

6. Kom Jósep frá Nesi, f.h. m. Hafaldagrind, f. hús m. j. Sömu nótt barið hjá mjer 1 högg á vegginn, mjög þúnkt, svo rúmið skalf undir mjer, og jeg hrökk upp – svo verið gjetur að Magnús fornvinur minn sje dauður, því þessu hjetum við oft hver öðrum á Gjögri, m.fl. Maður lagðist á rúmstokkinn fyrir framan mig, (dreimdi þetta eptir höggið sem var kl. 2 e.m.n.) og bauð eg honum að koma hærra upp í rúmið, enn hann vildi það með eingu móti, ekki fjekk eg að sjá framan í hann, en hjelt það vera Einar Magnússon (frændi). (Þetta hefir verið draum villa.)

8. Kláraði vefinn 50 ál, fórum hjóninn út að Brekku. Skrifaði brjef fyrir Gísla til Kristjáns Jónssonar (br. Eggerts á Kleifum) í Hergilsey.

11. Kom Bjarni á Bakka að koma fyrir kúm fyrir Elínu Helgadóttur í Gautsd.

12 K. Jón Guðm.s. m.fl.

13. Komu 4 hestarnir að öllu á fjósheiyð, harnar nú í ári.

14.-18. Dútle við bókband m.fl. Birjaður að skrifa rímur, af Haka og Hagbarði, ortar af Sra. Hannesi og Gísla Konr.ðss. Þær eru hripaðar eptir Gísla Hjaltason, (illar aflestrar og óskipulegr frágangur á þeim.) Svo á eg að skrifa þær upp aftur, ef lifi, fyrir Skúla Gíslason, því hann á handrit þetta. 16. Fór Jónas í Múla norður að reina að koma fyrir, og Sæm. frá Nesi sama erindis. *Lítur* út fyrir fellir, Einar í Nesi búinn að skjera 10 ær, og hitt allt í voða (um 140 kindur), Eyjólfur í Múla þar nærstur, og svo hver af öðrum. Svo voðalega sem leit út um þetta leiti í fyrra (81), er þó enn ver nú, einkanlega hjer í sveitinni, betra í sveitunum hjer í kring. Þó einginn aflags fær, sem eg til veit, hjer gjetur einginn öðrum bjargað, svo haldist þetta nú eins og í fyrra í miðjan Einmánuð, hlítur að falla hjá mörgum, og peningur langdreginn, hjá sumum.

Fellir byrjaður á Skarðsströnd. Guðmundur Gunnarsson á Gröfum nær því búinn að alfella, frú Ingibjörg á Skarði og Skúli sonur hennar í Frakkanesi, sauðlaus að kalla enn nærfellt sagt búíð að skjera á hverjum bæ frá Ballará að Itri Fagradal, 30 og 40 kindur, enn hestar óðum að falla.

28. Kom Gísli Géstsson (frændi vor) að fala korn, enn það var hjer ekki að fá. Líka k. Andri hann fengið blátt vaðm, 6 ál. Stakk út bæði húsinn, það var hitasprettur í 1^{1/2} tíma, bræður Jón og Guðmundur báru til dyra, Einar bar frá og hlóð og Imba með honum. Aldrei hef ég staðið svona hroðalega tæpt með heyinn, sem nú. Tók þó 5 kindur af Sra. Ólafi.

29. og 30. Setti til vefjarverk 26 ál. fyrir Elín Helgadóttur í Gautsdal, vaf 2^{1/2} al.

Aprílis 30 d.

2. Pálmas.d. Fór til kirkju og fleira, mart við kirkju. List í fyrsta sinni til H.l.e.sk.r., með Sæmundi Jókkumssyni og Dagbjörtu Daðadóttur, báðum í Króksfjarðarnesi.

Fjekk lofun hjá Sra Ólafi um hús og haga fyrir 50tju fjár. Þetta er nú allt í fyrsta sinni fyrir mjer, ef ekki þiðnar betur rek eg á miðvikudaginn, eða fimmtudaginn. Einar í Nesi ætlar vestur á þr.daginn, með feitmeti og fl. til sjóróðra við Djúp. Ólafur á Ingunnarstöðum, bað mig um beit, enn minntist ekkert á beitina frá fyrra ári. Talað við tækifæri. –

Þjer má ekki biðja böls,
Bölvís skuldaseigir ljeleg
allt þíns bíði æfi kvölds,
illum dags á veigi.

Þó kveisa ljeleg þjáði þig,
það er ekki úr veigi,
fyrir allt sem angrar mig.
Álfur gera legi.

Ólafur er upp í kramið hræið,
þjúgnefjaður bauga Þór,
blessi hann Hrappur orku stór.

Skrifaði Sra Ólafi miða og Ásgeiri á Arngerðareiri. Sendi prestinum ærnar sínar 4ar og gemlinginn, verið í viku, og Ellu í Gautsd. sína. Nú er valla talað um annað enn bágindi, og því um líkt, aflí við Djúp, fallið talsvert af hestum í Borgarfyrði (Miklaholtshrepp).

Vaf til Skýrdags 11 ál.

6. og 7. Las og skrifaði m.fl. er varð að tóttum að gjöra. (6). Kom Jón Guðm., skrifaði upp úr honum nokkrar vendir (dúks- vormeldsúks og brekansvendir). (7). Kom Bína, hún er nú vistuð á Reikhólum.

Hefði Guð ekki sent *batann* um þessa dagana væri orðinn óbærilegur fellir, hjá helft manna hjer í sveit – Saurbæ – Skarðströnd og við Djúp og parti af Gufudals-sveit. Batinn er líka svo blíður og hægur.

Vaf þessa viku 14 ál., gérði við tóttir talsvert.

8. Valgr. mín fór ofan að Tindum og synir hennar tveir, var mjög vel fagnað. Sólrún gaf V. ábreiðu, 7 kr. vyrði, og Völsúnga og Gjúkúnga rímur, Bragv. og fl. um 4-20 kr. vyrði.

9. Stóð inni fjeð, plága af ullarátu, eins á Tindum og þó miklu meira, því fjeð er miklu fleira.

9.-10. Innistaða fyrir allann pening: á einhver bágt.

Draumur húsfreyju Valgérðar Jónsd.

Hún þóktist sjá stóra konu er kom til hennar, hún var í dökkvum klæðum, kvít-leit í andliti. Þóktist hún spurja hana hver hún væri. Mælti draumkona þá vísu þessa og Valgérður nam hana og mundi þegar hún vaknaði.

Hefur vald í vinnu stáls,
viður kaldardóttir,
landið falda hjer til hálfis,
Herbjörg Skjaldardóttir.

(Þetta var í nokkurs konar svefn-vöku).

15. Kláraði vaðmál Ellu Helgadóttur, 27 ál. 3 kv. rakkti sama d. 24a álna tvöfallt röndótt verk, og vatt á rif. m.fl.

16. Fórum hjóninn til kirkju, babbi og mamma, og fleira. Bjarni á Gróustöðum og Einar í Nesi, yrtust útaf byggingarráðum á Svarfhóli m.m. – Fastara roið á Bjarna borð, og sveitarnefndinn þeim megin og fl. Fjekk brjef frá Ásgeiri, 20 kr. fyrir kjæfu, sem Ma og Ea áttu.

17. Setti til, og vaf nokkur skil. Frjettir: vöruskip komið í Hólminn, (sagt til Rktors), annað á Ísafjörð, þriðja á Reikjarfjörð, og Jakob, kominn heim Thorarensen. Hafis talinn allmikill fyrir Húnaflóa, afli af Gjögri 3 tunnur mest (hjá Ólafi Andrjessyni), minnst 4 kútar, allgóður afli við Djúp, enn bágt með hey víða þar sem hjer.

18a og 20ta. Vaf 14 ál. (fyrst rúðotta ábreiðu er tafði mig). Á ekkert hár af heyi hjá fjenu og má nú ekki leingur bera frá kúnni og kálfinum, eigi þau að vera byrg.

19. Kom Gunnlaugur gamli 7 tögl til mín. Gísli á Brekku kom úr Borðeifarferð, 18 þ.m. Nóg korn á Borðeiri, en ekki falt fyrir annað enn peninga.

21. og 22. Útiverk leið og hörð, þar fyrir allar skjepnur úr fjósgöngunum, finn til sárinda bæði í lungum attur í bakið og lundum. Í þessu hreti mun margur báktt eiga.

22. Kláraði vefinn fyrir miðd. 23 al. vel (ofnar í 5 daga með öðrum verkum).

Nú nálgast Fellir óðum, mig sem aðra. Búinn að fá 10 hneppi af heyi hjá babba, sauðir af ímsu, 4 hrútar (Lambhr.) og 1 gimbr.

25. Varð beitt, en króknaði hjá Einari og Veturliða mórauður hrútur sem jeg átti, velfeitur en úr ull, (þó orðinn loðinn), því hverigur hafði snert af skinsemi.

Nú í 8 daga hef eg feingið hey að láni hjá babba, 45 hneppi, það er að meðaltali hálf gjöf í 7 dagana, full g. 1. daginn. Byrjaði að skrifa Ásgeiri í hinni vikunni og við það situr.

Maíus

1. þ.m. skar 4 ær (allar mjög vænar mjólkurær). Það var jetinn af þeim öll ull, var þó saumað vel um þær, og þoldu samt ekki kuldann. Fór Gísli á Litlubrekku norður með hey, 1 hest að sækja hey, til mágs sýns Jóns undir Tind, og er það í fyrsta sinn sem hey hefir verið flutt að norðann suður. 1., 2. og 3. varð beitt seinni part daganna.

2. Stúlkur sáuð fara með lingbyrðar heim að Gautsdal, fengu hjer ekkert leifi



Valshamar í Geiradal.

6a og 7a. Ljómandi beitiveður, en betri seinni daginn. Ómaginn Ásgeirsbrúnn reisa, skrifaði Ásg. í vikunni sem leið, hef nú mist 4 ær, 4a hrúta 1a gimbur = 9, og 1 ær mórauð að kveðja. Farið út í Flatey frá Bæ í gjær (6.), Sigurðr á Kambi fer norður. Læknistetur lætur ekki vanta sig – nje dækjur – sælgjætið sinnis sprækur bakkus við. (6). Kom Blansiflúr með vefjarverk, 26 ál., rakti m.fl. 700 og 4ir þ.á. Bjami á Bakka með sitt fje inn á Gróustöðum, Gísli á Brekku með sitt fje í Garpsdal. Jóhann á Bakka, í Nesi, með sitt. Jón Guðm. í Gautsd. á Tindum með sitt fje d. 8a.

10. Fór norður að Smáhömrum með 2 hesta undir reiðinganna fyrir mig, og annan fyrir babba, fjekk h: Guðbr. $\frac{1}{2}$ vætt fyrir babba.

11. Fór heim aptur, fjekk myrkur á heiðinni báðar leiðar (setti heim með 5 fjórð. fyrir mig frá E. Magnússyni, með E.E.s. og 6 fjórð. fyrir B. 1 f. frá Einari M. og 1 f. frá Ásgeiri).

14. Fór til kyrkju, komu til mín í vistina 2 vinnukonur, Elín Guðmd. (hjerna) og Sigríður Einarsdóttir frá Garpsdal.

15. Fór á stað kl. $\frac{1}{2}$ 4, fram að Mýrartungu, til Flateyarferðar. Komustum út í Hróthólmana, og með illann leik upp að Mýrartúngu aptur, af leka á skektugarminum.

16. Fórum af stað kl. $1\frac{1}{2}$ 5 f.m.d. og út í Flatey, var hroða sjór, og ilgja mikil, biðum af oss 1 kviðu í Sviðnum, og 2ra í Svefne.

17. Vorum um kirt í Flatey og fórum af stað um kvöldið k. 10.

18. Lenntum við borgarskerinn k. 12, og biðum aðfalls. Jeg labbaði heim, kom kl. 8 e.m.d., votur mjög og slæptur, því eg var verjulaus.

19. Sókti jeg fjörgur mínar, fjekk lánið hjá Jóni Guðm.s.: 31 kr. og 6 a. móti 1 [hdr.] í Valsh. (bauð mjer að koma aptur ef eg þyrfti). Faðir m. á af þessu 10 kr. og 60 a. Jón Pálsson pantsetti 2 .[hdr.] í Miðhúsum, tók við, o.s.fr.v.

20. Sat heima, vaf 1 al. Lambadauði allmikill hjá babba, minni hjá mjer, enn jeg hef nú mist 6 geml. (þarí 4 hr.) og 5 ær, tvær vonarpeningur, og 1. og seinasta gimbrinn, ditto.

24. Dó úti fjöggra vetra foli (hestefni), Hreggviður að nafni, sem babbi átti.

27a. Dó 5 vetra hrissa, vökur, Hrímfagsa, sem babbi átti líka, (í nótt, Bakka-meginn, undan Urðarhjalla, folinn varð til undir strítu í bilnum). Lömb eru flest farinn hjá okkur feðgum báðum. Jeg á eptir 1 gemling (hrút) af 6, hálf dauðann þó, 3 gimbrar, d. aleigan., og 6 ær. Frjettir eru ekki aðrar en sífeldur skepnudaði, sumir búnir að reka gélt á fjall og lambgotur, og veit einginn enn um allann þann skaða. Einar Jochumsson rak á Selhlíðarbrúnina á Bakka 50 gélt og 10 lambgotur, 60 í allt, og Eggert á Kleifum allt sitt géldfje á Krossárdal, 30 lambær fenntu og dóu í Bæ í Króksfirði, enn fólkið með góðum skilum inn í Bæ, og 20 kindur fram á dal, óvísr. (ærnar dóu í Brekku fyrir neðann túnið og rakað ofann af með hrífu).

Júníus.

1. Farið á fund í Garpsdal og geingið í fjelag — að fá sjer hval. Í hreti þessu rákust undann ísnum 31 hvalir, 1. að Kollá við Hrutafjörð, 2. á Bálkastaðanes og 28 í einu innanvert á Vatnsnes. Minstu kvalirnir 20 ál. m. skurða, og 30-40 upp og ofann.

2. Lögðu af stað, að panta hval, eða fá 1 til skurðar. 1. Finnbogi á Tindum (sem fyrirrennari), 2. Oddvitinn 3. Hreppstjórinn og 4i Steffan Ólafsson frá Garpsdal, að fá eldivið undir hvalinn. Ef guð lofar fer eg á morgun, ef garðinn heldur linar, Bjami á Bakka, 3 Gíslí á Brekku og fleiri (þetta er almúginn!!!). Saurbæingum gefinn 1 kvalur (af þeim 28a).

Alltaf að frjetta peningsfellir, hjer og annarsstaðar. Hafís fyrir norðurlandi og nokkru af suðurlandi. Afla hlaðfiski undir Jökli. Besti afli sunnannlands og við Djúp, svo hjer er enn lögð líkn með þraut. Um fellirinn og aflann ritast hjer svo greinilega sem tök eru á fyrir mjer, ef Guð lofar – eptir Jónsmessu til þingm.m.

10 eða fleiri hvalir eru sagðir inni luktir á Steingrímsfirði, en hvort nokkuð næst af þeim er óvíst. H. kom Sæmundur, með 5 gjærur, sem bróðir hans átti.

3. Lögðum af stað í Hvalferðina norður að (austur) Ánastöðum á Vatnsnesi, komustum að Snartartúngu og Þorustöðum, og tel eg þá alla hjer: 1. Friðrik. 2. Sveinn Eiríkssynir úr Reykhólasveit. 3. Sigurgeir úr sömu sveit. 4. Sigurður Pjet-

ursson frá Gautsdal. 5. Bjarni Bjarnason frá Bakka, 6. Jón litli Magnússon frá Brekku. 7. Helgi frá Svarfh. 8. og 9di Guðni og Gísli frá Gróust. 10. Jónas frá Múla og jeg 11. (á undan voru fjelagar þessir – Einar frá Nesi og 13di Magnús Guðlögsson).

4. Fórum að Kjörseyri, Hlaðhamri og Bæ (bestu nætur). Skildum hesta okkar eptir á Prestbakka, víða byrjuðu þá aurar.

5. Komustum að Þórustöðum, Reykjum (í Hrútafyrði) og Fallandastöðum, öðum Norðlendingafljót í mitti, sem hinn ógreiðugi og öfugi kall Ögmundur í Fjarðárhorni, vísaði oss að, og sagði mundi vera í knje. Við báðum hann selja oss hesta yfir ána (Hrútafjarðará) en hann neitaði því í fússi þó frost væri. Hafði þó 6 tamda hesta við túnið. Hinn langi Stephan í Garpsdal sneri aptur á Borðeyri, og gleimdi að útvega eldiviðinn, (sá 24. blaðsýðu h. að frm. (honum hefur fundist hvalbrækjusterkjann leggja þegar í vit sjer, er þar kom!!!). Við Bjarni og Sigurður vorum á Þórustöðum í litlum beinleikum, feingum á endanum rúm og lítt þurkuð föt, og kaffi um morguninn.

6. Hjeldum að Ánastöðum, lúnir mjög. Feingum allir flutning á Reykjaferju, 25 au. fyrir manninn. Á Ánastöðum beið vor hin vesta gisting á forblautu hlöðugólfi, og trekkur og kuldi að því skapi. Sváfum ekkert um nóttina, en skulfum allir, hálfvotir.

7. Feingum hval til skurðar, rúml. þrítugann, og skildi helmingur ganga í skurðarlausn, en hinn helmingurinn. til eiganda, Eggerts. Byrjuðum kl. 6 f.m. og vorum til kl. 11 e.m. Skiptum og grófum okkar hval, til hlutar mun hafa orðið af vogarhv. 3 vættir, undann fláttu áttum við sjálfir.

8. Fórum af stað aptur, en hvalurinn á að bíða okkar, þar til á skipi verður farið og annar til, hálfskorinn. Tveir hvalir voru skornir til hlítar, af 28a, fjórir óviðhreifðir, hinir krukkaðir meira og minna. Allt á landi var eptir þessu, hvað hús snerti. Ekki var heldur neinum hval fest, hyrðuleisi og óþrif á hástóli. Sváfum á Innri Völlum og feingum besta beina, fórum þaðan kl. 4 e.m. og feingum flutning frá Minni Ósi, 25 aurar fyrir m. Sumir gistu á Sveðjustöðum, jeg og 3 aðrir á Reykjum við Hrútaf.

Mislingar komnir á Ánastöðum, í Kyrkjukvammi láu 6 og lækirinn bannaði öllum að vera á Ánastöðum inngrni en 36-40 ára. Ruddust því þaðann allir. Lúngna-bólga að gjera vart við sig í Hrútafyrði, að austanverðu, þurftum við því að hraða förinni eptir megni.

9. Geingum aptur í kringum Hrútafjörð, feingum grinnra vað á ánni, gistum á Kjörseyri og Hlaðhamri. 1 í Bæ, og 1 varð eptir á Borðeyri (Sigurður Pjetursson), höfðu allir góðann beina á bæum þessum.

10. Tókum hesta okkar á Prestsbakka, komum að Kollá, keiptum kval, hver fyrir 1a kr. og reiddum í hnökkonum, enn geingum, komustum að Tungu og Þórustöðum, eg var á hinum síðar nefnda, og fjekk afbragðs beina, (hjá Elisabet Einarsdóttur frændk. minni). Hinir ljétu minna af greiða. Hjer var Finnboi á Tindum fyrir [], hann skildist við oss fyrsta kvöldið á Ánastöðum. Hans aðgjörðir voru allar aðr-

ar við okkur fjelaga en herra Stebba, en ekkert var hægt að útvega okkur, af neinu tægi, utann 2 skálmar og 4ar ífærur, að nafni. Kaffi hvergi að fá né mat.

11. Hjeldum heim, gáfust upp hestar, 3, minn komst heim (Brúnsteinn), náði að-eins háttum, sagði tíðindi fram á nótt, fór svo að sofa – fullur af kvefi og hæsi. Hret þetta drap mörg þúsund lamba og roskið víða austur um, 2 ær hjá mjer (mórauðar).

12. Hlód taði seinnipart dags. Jón á Kollá Tómasson, frændi vor var sá sem seldi oss kvalinn, hverjum fyrir 1a kr. (ekki of rífur). Gísli á Brekku fór í dag norður að Bæ á Selströnd, að reina að fá sjer kval, og fleiri hjeðann úr dalnum. Sá hvalur var um 30 ála. Sigurður í Bæ á ¹/₂ þriðja hval á Ánastöðum, 2 óviðhreifða, og ófesta framm í ís.

Ofan á fellirinn, fer nú að byrja víða húngur manna á milli, þar sem ekki nær í hval. Sigling lítil, lán treg, og skip-strand í Flatey er Jón Guðm.s. átti. Hafísinn að norðann, hartnær ofan undir Grænland, haft eptir hvalfángaraskipi. Hvalur bljes upp fyrir ennishöfða í ís frammi, náðust nokkrar vættir (um 20), óvíst hvað meira verður.

13. Alstakk út húsinn, mjög latur eptir ferðina og hef kvef.

14.-17. Gert ímislegt, um þessa daga fóru Reykhólasveitingar á skipsagsijónina í Flatey, fengu mart með góðu verði, korntunnann um 2 kr. 50 a. og kaffipundið um 5-10 a, hvor tveggi hálf skémt og minna, selja svo aptur kaffi ƒ á 25 a. Svona er þjóðinn.

17. Fórum hjónin fram að Mýrartúngu, og heim aptur, fjekk olústakkinn minn úr Flatey, er eptir varð. Gísli þaðan fór seint sama d. á gren að Gautsdal – vinst e. á. Prestur vor byrjaður á bólusetningu, kominn fyrir austann, honum veitt Staðarhólsþing. Betra en kaka, með Garpsd.

Vísa eptir Valgerði við hrossadauða:

Úti stóðu einmana,
alið hrepptu nauða,
Hreggviður og Hrímfagsa,
hlutu kaldan dauða.

Við kindalátið kveðið var:

Einari var ama til,
á burt kindum flana.
30 í þessum bil,
þáðu af því bana.

18. Kom Sigurður frá Gautsd., af of mikilli aðgjætslu fjell í ána, sagði markt frjetta, nýkominn úr Bitru. Slepti 30 kindum, 11 í vöktun, allt mitt fje 41 k. að nafni. Rakað af 2ur hestum, og þikir vogun, ¹/₂ 9. af sumri.

Mislingar byrjaðir í Saurbæ fyrir alvöru og komnir að Ólafsdal og kvíðir fólk fyrir óvin þessum.

Á Jónsmessu, aðeins litur á túnnum (grænn), með blettum, og bestu skjólum (efst innan í kröppum kvosum), um úthaga. Svona er allur gróður að meðaltali. Þó að í einstöku stað finnist sá gróður, sem menn kalla sambreisking.

22. Fór norður í Tungusveit með Einar litla veikann. Flutti hann að Smáhömr-um, til umsjónar E. Magnússonar, föður síns. Einar Júckumsson fylgdist með mér, gistum þessa nótt í Gröf, að Ormi Oddssyni.

23. Gistum að Steffans í Húsavík.

24. Setti heim, kom kl. 3 e.m. Einar fór (húsgangaðist) inn að Kálfanesi. Nú er orðið ófært að ferðast, svo er orðið hart manna á milli og það í sjálfri Tungusveit, enda er þar aldrei barlómsfrítt.

Um fellir fjenaðar í hreppnum (vorið 1882). Eptir hjarði af únglömbum, 19da júlí, í allri sveitinni 84, að meðaltali, fjell allur þriðjungur af ám, af gemlingum yfir 2 parta, 27 hross á öllum aldri, og 2 kýr og 1 kálfur, helmingur kúæða þur. Skarð-strönd og Langadalshr. (Kirkjuból), vestra, eru þessu líkust, í Saurbæ felldu sumir einstakir menn, og í seinustu hretunum urðu miklir skaðar á geldfje í Hvammsfjarð-ardölum, eins í Húnavatnssýslu. Flest öll lömb dóu með Hrutafyrði, frá Skálholts-vík að Borðeyri, en fátt fje roskið. Lambadauði var þó nokkur í Húnavatnssýslu, en í dölunum þar góð höld.

Í Snæfellsnessýslu, varð og mikil afhrofum [] á sauðfje og fellir hjá einstöku mönnum.

Staðarhreppur (Hróbergshreppur) og Neshreppur við Steingrímsfjörð, urðu og fyrir miklu tjóni í vor, þó ei almennt. Gufudalshreppur varð og fyrir tjóni, þriðjung-ur bænda felldu þar.

25. Farið til kyrkju, ekki messað. Sigríður Einarsdóttir veik að blóðuppgangi, og lifrabólgu. Telst frá þessum degi, til þess tíma sem lög ákveða húsbóndaskilda, 2 vikur, um heyannir og vertíð, enn mánuð skal húsbóndi fæða hjú um aðra tíma án þess að draga það af kaupi þess.

26.-28. Smala sjálfur milkjunum, vann á túninu með konu minni 1^{1/2} dag (bæði af kappi). Kláruðum túnið, svo hreinsa nöfnurnar.

29. Fór með Sigríði Einarsdóttur að Bæ, hún fjekk meðöl upp á 3 kr. 35 a. upp frá frúna í Garpsdal, Guðrúnu Ólafsdóttur. Ekki batnar um skák, nú eru farnir að geisa, ólmir mislingarnir.

Þetta er nú ofann á skepnufellirinn, og allann skaða að því lútandi, að liggja nú og þjást og sumir deyja. Í Reykjavík lá á annað þúsund og 30 lík stóðu uppi. Á Ísa-fjarðarkauptúni, 300 og 10 eða 12 lík. Þetta er nú reindar flugufjrett enn. 29 lágu hjer í sveit, 10u á Tindum, 7 eða 8a á Ing.st. allt fólkið nema gamla Helga. Fjenu smalað frá Gautsdal. Barn dó í Ingunnarstöðum, var flutt að Gautsd., dó nóttina eptir. (Faðirinn hefur ekki ætlað því minna enn Pjetri heitnum). Bjarni á Bakka liggur, og Lísa Jóh.dóttir, bæði þungt. Gísli á Gróustöðum liggur, Jónas í Múla + 21 eða 22. Í Saurbænum leggst fólk óðum, og í Reykhólasveit. Fyrir 1/2 mánuði dó

Maddama Hildur Þórðard, um 73-7 ára. Fáum harmdauði, um hana smíðaði Steinþór í Innri Fagrad. (því óvinurinn á Reykhólum mátti það ekki)??

Mislingar: Fólk liggur hrönnum við Djúp, einginn gjetur neitt flutt heim, úr sínum plássum, nema hjer í sveit er farið að skána, samt liggur þúnk. Þessir bæir eru fráfrir enn, 2 í sveit: Garpsdalur – Nes – Svarfhól – Valshamar og Klettur (2ann júlí).

Júlíus

1. Risti ofan af blett út og niðraf haugnum, m.fl., smala. Fór yfrað Gautsd. Tók út 2 parta jarðarinnar, ásamt hreppstjóra Einari Jochumssyni, af sem frá fráfaranda Jóni Ívarssyni í hendur viðtakara Sigurði Pjeturssyni. Viðstaddur var hinn nýi eigari jarðarpartsins, Jóhannes Jónsson (álagið varð 6 vættir og 30 f. (að mig minnir heldur en 6 fiskar)).

2. H.k. Jón Ívarsson feldi sitt fje, á 1a á og 2 hross, 1a kú, kálfl. Magnús Guðm.s. á Hrófá, feldi nærfellt allt og heima í Kálphanesi nærfellt allt (þetta er í Hróbbergshreppi). Fer að rjettast hugur minn til Ánastaðarferðar, og glæðast von um, að mislingar taki mig ekki skaðlega úr þessu. Ærnar milkjast furðu vel hjá mjer og fleirum, og er það bót, í raunum þessum, og kýrin heldur að búast til, enda eru nú allir aðrir bjargræðisvegir þrotnir fyrir mjer. Slapp við kyndaleit, er fyrir lá.

6. Póstur fór hjá, dánir í Reykjavík 80 manns, 8 grafnir í R.v. sama d. og pósturinn fór. (Magnús Sigurðsson v. l. póstr.). Mislingar, 14 liggja í Mýrartungu, farið að leggjast í Gautsd., lagst á Klett, Guðrún Gíslad. á Kletti liggur fyrir dauðanum. Barn dáíð á Tindum, sem vinnuhjú þar áttu. Hjer kom Kristín frá Gautsd., sjálfsagt með mislingana. Bóla kominn í Norveg, fremur skjæð, hún er enn verri gestur en mislingarnir, þó leiðir sjeu.

Aptur hættur að hugsa Ánarstaðaferð, fólk liggur á hverjum bæ með Hrutafirði, beggja vegna. Hugsa nú um vesturferð, en fólk liggur hvarvetna, svo bággt er um bjargar aðdrætti. Ísinn við sama, að norðan.

7. Liggja í Garpsd. Sra Ó. kominn á fætur aptur.

8. Kýrin mín eina bar í gjær, gjekk vel. Í henni 4-6 merkur, má telja í henni hnotur frá hnútum í herðakamp. Hún var sællegri árið sem leið, óð þá í spiki.

Mislingar: Dóu í þessari viku 2 börn Kristjáns á Svarfhóli. Þeir eru nú komnir hér. Sigríður Einarsd. sáraum og þ. 16. Jón minn litli Benedikt veikur.

Skrifaði Einari Jónssyni á Efra Fossi, fór m. þ. að Bakka. Börnin að leggjast þar og Bjarna heldur að batna. Sagður rekinn 40 t.n hvalur á Hellu við Steingrímsfjörð. Sigurður Pjetursson í Gautsd. fór norður.

13. Fór ofan að Nesi og upp að Tindum, þar allir að rjettast og hjer á öllum bæum.

16. Skar mó af kappi, niðrundan bingjunum heimann til. Haldinn fundur að Garpsd. um ýms bágindi og Flateyjarferð. Gram lausakaupmaður bíður upp á verzlun: (atla að fá skip hjá Sturlaugi í Hrifagradal, þá með það sama til fornu Ánastaða. Við Einar og fleira manna, förum til Ánast. á þ.d. næstk. ef lifum og gjetum, og svo

í Flatey). Á morgun 17. þ.m. á að jarðsýngja í Garpsd. Margrétu Eggertsd. á Efri Brunná, við hlið móður sinnar Önnu Einarsd. fyrri konu Eggerts á Kleifum.

18. Lagði af stað til Ánastaða austur, með mjer fylgdust, alla leið Jón Mag.s. frá Litlubr. og Sigurgeir á Skáldstöðum. Einar og Helgi höfðu ekki gang við okkur, áðum í Túngu, enn skildum á Þambárvöllum.

19. Hjeldum að Fjarðarhorni, lágum þar úti í illviðri, hinn ógreiðugi Ögmundur bauð oss enn ekki heim.

20. Að Ánastöðum og var nú ferðin talsvert skemtilegri enn í vor. Mislingar, þá lagðist kona mín og börn, dreingirnir lágu stutt, enn hún var kominn í opinn dauðann, þó hún lifnaði aptur fyrir Guðs náð. Það sem er ómögulegt fyrir mönnum, er mögulegt fyrir Guði, því þegar Sólrún sló henni fyrst æð, blæddi ekki nema kreist væri, og var blóðið sem tjara, málið skildist ekki og andardráttur á þrotum, og líf-æð að mestu hætt hreifingum. Þetta mirakle, eða kraftaverk, mætti loða mjer og fleirum í minni, því allar þúngaðar konur sem mislinga feingu stóðu ekki á fætur til þessa lífs (yfir allt sem eg veit til).

21. Byrjuðum að skjera kvalinn, (verkstjóri var Sig. Guðmundsson (að nafni)???) Jeg var við skurðinn til kvelds 27. þ.m. frjetti þá veikina að heimann, með Eyólfi í Múla og Þorvaldi í Garpsdal, enda var þá kvalurinn nærri búinn. Jeg limaði hann í sundur, einn að mestu.

28. Lagði upp með mína 5 undir reiðing, og tók einn hest af Einari, en hann flutti fyrir mig 1a spikvætt yfrum fjörðinn. Skurðarhluturinn hefur orðið um 6 hesta birði, enn rann fjaskalega á leiðinni heim. Vogar hvalsvættinni (af spiki) var almennt seld á Ánastöðum 3 kr. 60 a., reingi 2 kr. 40 a., undannflátta tunnann 1a kr. Þvesti öllu fleigt, m.fl. verður mjer þá vættinn heim flutt, á 10 kr. 36 a., að öllu linir reiknuðu. Jón á Brekku fylgdist með mjer og hin skorpni Sigurgeir, áðum stundar korn á Staðarbakkæirinni, gistum að Ásbyrni á Geithóli, feingum bestu viðtökur, borguðum greiða, 50 a. hver.

29. Áðum á Skálholtsvík, mesta regnfall um nóttina, lágum í fjárhúsi til fótaferðartíma, fengum gott kaffi, fórum svo að hafa oss til vegar.

30ta. Áðum dálítið í Snartartungu, þaðann hjeldum við og heim. Jeg kom undir sólaruppkomu, tók ofann, læddist inn í stofu og háttaði.

31. Svaf leingi og fast, vaknaði við þá gleðisjón, að sjá dreingina vera að leika sjer um stjettina fyrir utann gluggann, og frjetta konuna mína á batavegi og fundust mjer þá aðrar bágar heimilisástæður sem fis að reikna, á móti þessari nær því óvæntu gleði.

Augustus 31 d.

1. Britjaði hvalinn að mestu, og hengdi upp spikið, þó ekki allt.

2. Sló með babba náthagann, og byrjaði á túninu, það er talsvert skárri enn í fyrri, og er þó hörmúngarsnökt.

3., 4. og 5. Sló Sljettumar, hálfann Fjósvöll og hálfann Miðvöll. Fóru Bjarnarnir norður, ötluðu yfrá Selströnd m.fl. Sigurður í Bæ á Selströnd Gíslason reri 40 ál.

hval frá Ánastöðum og að Bæ, á 1um 8æring, með 14 menn. Sólrún á Tindum fór í vikunni sem leið, suður að Víðidalstúngu, með Hjerti syni sínum, til að láta í askana fyrir hann í sumar. Hann er nú ný búinn að missa Ólöfu, systur Guðfinnu, þau ötluðu að giptast í haust. Vogarhvalur á Ánastöðum upp geinginn.

6. Skrifaði ferðasögu þessa og í gjær brjef til Sigurðar í Bæ, upp á hv. H.k. Einar Jockumsson og fl. Sulners-skip Geirþrúður kominn á Skeljavík, fullur flóinn af hafis að austannverðu.

7.-12. Sló Miðvöll, Sinuvöll, hálfan Fjósvöll, (Eylýf allann) og 2 parta Fjárhúsavallarins. Þar sló babbi með mjer 1 dag, enn alla þessa daga rakt í rót, enda hefir sláttuvjelinn ei sparað sig. Fádæmi í Ágúst: á laugard. þ. 12, var svo mikill kuldi, að eg fór í þrennar bugsur, tvenna soka, og setti á mig vetlinga, herti mig þó af öllum kröptum að slá, (en það var í þýfðu og grýttu). Hafýsinn að drýfa inn aptur, skaust eitt skip á Borðeyri. Von á Ensku vöruskipi til sama st. (pantað af Pétri á Stórub.). Það skip á að koma 17.-18. þ.m.

10. Kom Einar í Nesi að tala um Flateyjarferð. Einginn verslun föl fyrir oss sunnannm. á Skeljavík. Kristiánsskip lúrir á Reykjarfyrði, hann sjálf á Akureyri, og sá kvittur að hann muni nú ekki skeita um þá fáu sem eptir honum bíða, og er þetta líkast úr þessu.

13. Bjó mig til Flateyjarferðar og babbi líka. Helga Jónsdóttir á Ingunnarstöðum dó aðfaranótt 8. þ.m. úr máttleisi, lág um viku, hafði linju fyrir brjósti nokkur undannfarinn ár. Lúngunn allt í einu ónýt. Systir Magnúsar er úti varð af Þorskaf.h. í vetur. Helga var trigg og staðföst í lund, fyrrum heitmey Kristm. heitins.

14.-16. Við slátt í fjárhúsvelli og heyuppragstur á milli m.fl.

17. Fórum á stað í Flatey og afnáðum þangað háttum, (babbi var í þessari för, fórum heimann frá okkur kl. 6 f.m.d.) Þessir voru á, Helgi form., Einar í Nesi, Gísli á Brekku og við.

18. Höndluðum, við Jón Guðm.son = Ólaf Kristiánsson. Þar var hin besta verslun í sumar, eptir því sem gera var. Slöguðum okkur inn í Svefneyjar, var slettótt mjög, lágum þar um nóttina úti, votir mjög.

19. Komum í Látur fyrir Gísla minn á Brekku, vorum þar fram á fjöru, fórum þaðan og inn í Hróthólma. Lágum þar nokkuð af nóttinni, og svo heim.

20. Fluttum, o.s.frv. bátinn átti Ólafur í Bæ: *skrifli*. Babbi átti inni 30 kr. enn jeg 3, svo nokkuð gjörir málið um – verðum að fara aptur í haust ef lifum. Fóður úti allstaðar. Jeg enn óklár við túnið, og fer nú vestur í vikunni eptir fiskifangi – heya valla á meðann. H.k. Sigurður Þjetursson að norðan, Sulner uppseldur. Bruði kominn á Borðeyri, og von á Enskum. Borguðum í dag öll lán, (kornvöru og kaffilán), alt til tekið.

Vísa eptir Ólaf Guðm.son í Flatey: (skrifuð á miða og feinginn mjer).

Af Novembri eiddust snart,
8a þrisvar kvöldin,
þegar 17 vetra vart,
var 19da öldinn.

Fæðingardagur hans.

21. Kláraði loksins túnið. Hyrti dálítið, m.fl.

22. Fór til sláttar í kvolfið í Partinum og breiðina móti tæpugötu, kláraði þessi stykki af kappi miklu. Aldrei átt eins ónýtar slæur. Guð sjer fyrir mjer og mínum hag, nótt sem dag. Fóru 2 bátar út í Flatey og 10 manns. N.S. Bæarbáturinn og Mýrartúnguskektan, Jón í Gautsdal var einn þar með, eru ókomnir enn. Brá mjer ofan að Tindum á m.v.d. 24.

26. Batt fyrir mig 18. kapla og pabba 12.

27. Las í *Aðalstein*, það leikrit – æfi ungs manns, (kostar 3 kr. keipti þetta fyrir 2 kr.).

Það var messað, það var blessað gaman,
margur hress í þanka þró,
þaðann á essi gjarða fló.

28. Batt úr Partinum.

29. og 30. Heyaði í Bærflóanum 12 kap.

31. (og 1. og 2.) Heyaði í Selflóanum 20 k., eins er bágt með slæur sem annað. Hafisinn liggur enn, (kominn *Höfuðdagur*), nema hvað hann er nú á reiki. Hvalbrot hve rekið vera á Drangnesi, að líkyndum ýshvalurinn frá Bitruhöfða, ekki hálf-skorinn. Cókels vöruskip komst aldrei inn, 300 hestar reknir suður í Reykjavík fyrir viku síðan.

September

Heyað í Selfl. þessa viku. Batt á föstud. 16 og l.d. 20, á rakað á 12 k. og um 3 k. í ljá, hey sk. orðinn 50 k.

Nú er kvít ábreiða yfir allt, *bágt til bjargar*, m.fl. Óþolandi hiti í fjósheyinu, þó nú í rjenun, orðið skemt af rigningunum í tilbót.

10. Las í *Aðalstein*. Kýr inni.

11. Leitaði að fje, kannaði skafla, dró úr fönn, kom heim kl. 3 e.m. H.k. Bjarni á Bakka, skrifaði fyrir h. leitaseðil.

12. Skrifaði upp og vyrti með Einari hreppstjóra ásamt Sigurði Pjeturssyni bú, eður eptirlátna fjármuni Helgu heitinnar Jónsd. á Ingunnarstöðum. Ólafur afhenti hlutina (enn hvort hjer komu öll kurl til grafar, er oss óljóst.) Fór yfrað Svarfhóli, Kristján sm. fyrir m. 50 fjaðrir.

10. og 11a þ.m. Byrjaði að reka á Gálmaströnd (á Þorpum) koffort 2, kassar 2, ein eða 2 árar, mastur af tvísigldu skipi og bát, stýri, mert Þ.Þ. (Þorsteini á Kjör-

vogi) og 4a p. brv.t. full, mert S.S.S. og hefur laugardagsáhlaupið, (upp úr blíðri Sunnanátt, ollað þessu, ófrjett enn hv.).

14. Vorum að rífa hey úr fönn og brjóta það úr freðkökum, fangaði síðann allt upp, akaði miklu á túnið af fjósh.

13. Akaði líka á túnið, m.fl.

16. Hyrti meira hluta af heyi mínu. Batt 8 af Selbr. á eptir 8a.

17. Riðum hjónin fram að Mýrartungu m.fl.

18. Slátraði dilkum mínum, fallið um $1/2$ fjórð. mör, um $1a - 2m$ að meðaltali, á hvortveggi. Þeir voru 6. (Dagafeil – batt og fór í rjettina), fátt um fje.

19. Slátraði sem að ofan greinir. Sólrún kom að norðan, sagði bágar afleiðingar af mislingunum, hey þeirra einga, töður ekki alhyrtar, og flest þessu líkt, þó vest með Hrutafyrði, og fannkoma í hretinu.

20. Rak 5 kyndur að Tindum, 2 sauði, 2 vetra, og 3 ær 3 vetra. Finnbogi rak á stað, á markaðinn í Dölnum. (Skerðn.st. eða Þorbergstöðum), komudagur skips Kókels á 24a þ.m. á Borð.

21. og 22. Sló á milli í Gröfunum.

23. Batt úr þeim 13 k.

24. Þurkaði heyið, sókti hesta járnaði og bjó mig til Borðeyrarferðar. Tek 5-7 hesta af Finnboga. Sra. Steingrímur sem var í Garpsd. ný dauður, ljet ekkert eptir sig, nema skuldir, og óstandsmannorð, og konuna verrenn nakta.

25. Fór á stað í Borðeyrarferðina kl. 2 e.m.d. með 4 hesta frá mjer, og 8a frá Tindum, 12 í allt. Hjelt að Þambárvöllum, kom þar eptir miðnætti, þar gránaði til sjáfar. Þar fjeck eg 2 reiðinga lánaða fyrir Finnboga hjá Jóni.

26a. Að Prestbakka.

27. Varð erfitt að hafa samann hestana þó það innist loksins, fór svo á Borðeyri, gisti á Valdasteinsstöðum.

28. Hafði þar hepta hestana, enn gisti í Lagsárdal.

29a. Gisti á Kjörseyri og hafði þar hestana, aldrei var friður fyrir hestunum, voru samt allir heftir.

30. Lögðum upp. Finnb. keipti 5 tunnur af korni, fluttum þær inn að Stóruhvalsá, Gufuskipið margþráða kom og hafnaði sig. Fyrsta gufuskip er jeg hef sjeð, í Borðeyrarlandi bíða þess, 3700 fjár, er það og mesti fjárhópur er jeg hef sjeð.

Október

1. Fór inn á Borðeyri aptur, frá Hvalsá, gisti á Valdasteinsstöðum. Sá Glímu-Hannes (stutta Hannes).

2. Gisti á Hlaðhamri.

3ja. Á Kjörseyri, hestaleit, fann þá alla á endanum.

4. Lögðum af stað af tanganum kl. 3 e.m.d. og að Prestbakka.

5a. Að Snartartúngu komum kl. 11 e.m.d. Þetta var leiðinda túr – yfir slitrinn og flestir vegir sem fen.

6. Komst eg loksins heim, enn Finnþ. varð eptir með trossu sína á Kleifum, jeg náði aðeins seinustu háttum. Sett veisla fyrir Finnþ. í Snartartungu. Túngu bræður tóku inn 504 kr. mest í gulli, fyrir fje sem Kokill keipti, tóku þó vörur að auk. Jeg keipti að Finnþ. 2 sekki af kveiti og $\frac{1}{2}$ af grjónum. Fjekk mjer á Tanganum 5 kr.

Fjekk brjef frá Einari ættbróður á Fossi, m.m.

7. Sat um kjurt, og kom mat mínum fyrir, allt hefur vöknað meyra og minna, flest stingur í ári þessu. Gjafir koma hvarvetna frá öðrum löndum, en hvað miklar er enn ekki hægt að segja. Guði algóðum sje lof og gjefendonum þökk, þó minn hlutur af því kunni að verða smár, að til stilli fjelagsins hjerna.

8. og 9-10. Gérði hitt og þetta smávegis og bjó mig til vesturfærðar.

11. Fór á stað og gisti á Kollabúðum og Jónsi á Brekku, h. 8 hesta.

12. Lögðum upp þó slæmt væri, komum í kolamyrkri að Arngr.eiri.

13. Batt þar upp á 3 hesta, fórum svo inn að Laugabóli, feingum þar á 5 trúss - varð fyrir hörðum kaupum hjá Gísla á Brekku, 5 kr. fyrir misvísning í kaupum. [] svo hestar hans kjæmi ekki lausir aptur.

14. Lögðum á heiðina, kómum að Múlakoti um miðnætti, það var mesta blíðviðri og stundum sunnann ljós um nóttina.

15. Las í veðurfræðinni (um vinda), og stundum á kvöldinn, tek að læra bækling þennann.

16.-18. Við hitt og þetta.

19. Fór á hreppskil að Garpsdal, nefndarfundur um leið. Útsvör einginn, enn gjafir frá þeim efnaðri: 1, 2, 3 og 4 kr. því einginn treisti sjer að leggja á útsvar, einginn átti ær með lömbum í kúgildi, 2 í skipti tíund.

Frjettist til gjafa í Kaupm.höfn (að sögn 20 þúsunda).

21. Kom Agsjónsseðill frá hreppst. EJ er haldast á 25. þ.m. m.v.d. Akaði af kappi á fjárhúsvöllinn, losaði úr. Klár við vallaráburðinn án þess að brúka hest neitt til þess.

Skipkoma í Flatey, korn sett niður í 18, úr 20, m.fl. Góð uppskjera erlendis. Kjötprís hækkaður í 18-20 og 22. Sólrún var hjer meðann eg fór vestur, hjá Valgérði minni. Sigurður í Gautsd. kom að norðan í gjær (21. l.d. aflafátt). Kógill keipti allt Steingrímsf. fjeð á 16 kr. (stikkið).

Kom með varnarmedal við uppsölu, fyrir Valg. mína, og gigtarmedöl fyrir Magndísi.

23. Gjerði við fjósið og hlúði að bænum m.fl. þar að lútandi.

24. 5. og 26. Risti ofanaf, í heimir jaðri Fjósvallar, og byrjaði að pæla niður.

27. Pældi niður af kappi, meir enn hálfnaði flagið. Andri var hjer í nótt, Jón Ívarsson á uppfl. þröminni. Babbi fór til skips að Kambi, kom aptur. Sigurður út á Reykjanesi. Finnþ. kominn heim úr Borð.ferðinni, flutti enn á 7 hestum í búíð, áður á 7 (í fyrri ferðinni) og í kauptíð af 6, samtals 20 hestum, og alls þarf við. Fólkið er þó ekki nema (rjett) helmingi fleira hjá honum enn mjer, og hefi jeg einu sinni ekki feingið á 5 hesta matvöru. Skurður til búsis allsmár, sem búnaðarbók mín sínir,

mjólk eingin í vetur, samt elur Valg. mín kvígu, er babbi og mamma gáfu okkur. Svo á hún sjálf von á krakka á hverri stundinni, allt fer nú vel á skipi voru.

28. Sig. Ein.d. rásaði í gjær inn að Garpsd. að sjá þá Ólafssyni, Þorvald og *Stephan*: það er henni þó fró!!!

29. Mamma fór ofanað Tindum, og Ella Guðm.d. hin ráðvanda með 8a marka reifið sitt, var þó ærinn allsmá vegsti.

Nóvember

1. Stormur hjá mjer, er = stinningskaldi í veðurfræðinni, sterkast veður, eða sterkviðri, er h.m. = stormur. Babbi var í 3 sólarhringa í Flateyjarferðinni, fóru 30. og kom 1a. nóv.

Klára að sljetta flagið og akaði mest allri öskunni (frá 2ur árum) í það.

2.-4. Við fjeð og ýmislegt – alltaf ös af kræklingsmönnum.

5a. Fór til kirkju, Sra Páll Ólafsson messaði, mjög stórmannlegur og greindarlegur prestur, skarplegur og vinnumaður mikill, lítillátur og ræðumaður einhver hinn besti, gjestgjafi mikill og ekkert þrjálgjarn. Liðlegur á vögst, þrekinn og burðagóður.

4. Hann gaf Stephan bróður sinn í hjónaband og Sigríði Jónsd. frá Holti dóttur Sra J. Halldórssonar (grúts og rusta), 10 sátu í boði því, Holtsfólkið sneri aptur (af veðri).

7. Slátraði 8a ám, meðaltal á mör, að mestu garnmörslaust – 14¹/₂ m. Babbi slátraði 6, meðalt. á mör – að mestu garnm. þarí, – 13 merkur.

8. [] slátrað. Bjarni á Gróustöðum svæfði hana.

11. Fór ofan að Svarfhóli, að borga höfðalán. Einar J. að bera á völl.

12. Magnús Guðlögsson var hjer í nótt, málin að falla á Indriða Gíslason á Hvoli. Veði mikil í Hvolsá og Staðarh. Kúadaudi á Reykhólum, dauðar fjórar, en afhverju vita menn ekki (enn), sjer á tveimur (sem eptir eru). Kristjáni á Svarfhóli bönnuð hreppshelgi, og Elínu Helgadóttur, af hinni heiðruðu sveitarnefnd.

18. Fór ofan að Tindum. Sólrún kom með mjer frameptir. Kýrnar á Reykhólum fóru af miltisbrandi (kjent um daskri húð er lögð hefði verið í brunninn). Eptir Kr. á Hólum, kvað 5 rímur í Þórðarrímum, 19 og Hjálmarsrímur allar. Hjer kom Andri er hjer var, Lúsadrottninginn hin mikla. Sjera Ólafur í Garpsdal sendi öllum kind í fóður, nema þeim eina er einga kind gat sett á, sem var Símon á Brekku. Jóhann á Bakka á 8 ær, samt fjeck hann eina, (nú má kalla prestahæglæti, jamt sem presta fyrrur. Betur færi á landi hjer, ef með sanni og rjettu yrði sagt, að prestarnir væru bestu menn landsins, að öllu leiti, þeir hljóta að hafa sinn dóm með sjer. e. og sjer hver).

20.-27. Sem Sólrún hefir dvalið hjer. Valg. mín er á fótum enn, en fer ekki ofan af lopti. Þettað er leiðinda tími fyrir hana og alla sem hlut eiga að máli, ofan í marga leiðinda óánægju, sem konur kveikja hjer, madama Sólrún er frí við það, að byrjuninni til.

23ja-24a. Var innistaða, stóð hjá 21a og 22. og 25a. Gísli Hjaltason frá Búðard. lá hjer við heiðina í 4 daga, fór yfir fjallið 26., í gjær. Á þessari viku hefi eg kveðið, fyrst Andrarímur, svo Hjálmarsrímur hugumstóra, Þórðarrímur hreðu, nokkuð af Hálfánarrímum gamla, móðir vor, Þorsteinsrímur, ugsafóts, m. fleiru. Hef kveðið á kvöldum í þessari viku (frá 27.-30. og 2ars), Jómsvíkingarímur, Fertrams og Rató r.r., Indriða ilbreiðr og Víglundarrímur.

Desember

2. Kom maður frá Hlíðarseli, jeg fletti stóran drumb, með flettu minni. Vesturheimshugur í Finnboga á Tindum, með nokkuð af stelpunum sínum.

6. Kom Jóhann á Bakka og ljeði mjer rit Eyríks er var á Brúnum og Frammbændur og búalið, eptir nokkra Ísl. í K.höfn, líka rit eptir Haldór Friðriksson, um gjöf á skepnufóðri.

7. Sókti gjafakornið að Nesi, 1 sekk korn, er hin heiðraða sveitarstjórn úthlutaði mjer. Borgaði í kostnað 38 merkr korns. Hjer við kornskiptinn er eingin nákvæmni höfð, því síður skoðað hjá nokkrum manni, þvert á móti reglum í öðrum sveitum. Hjer kom til hreppsins 26 sekkir korns, 2 sekkir af því bankabygg, 1 sekkur gjekk til Sturl. í sk. lán.

7.-8. Fann ekki kindurnar mínar, 22 ær á eg sjálfur.

9. Soffhan Ólafsson í Garpsd. liggur veikur af kverkabólgu, og sagt höfuðbólgu. Skrifaði alla kornreikningana, margir ekki vel ánægðir með skiptin.

Hef kveðið Flóresar- og Haralds Hringsbana rímur.

14. Nóttina milli 13. og 14a þ.m. bættist mjer dóttir fyrir Guðs hjálp, kl. 2. e. miðnætti (Fæðingardagr. 14di Decembr.). Sólrún fór heim til sín, var hjer með sóma 3^{1/2} viku.

15. Konan mín á besta batavegi enn sem sjest, hjer er á þessum dögum enn síni-leg kraptaverk. 1. Komin í dauðann í mislingunum í sumar. 2. Að ganga með um 44 vikur og 3ja, að lifa nú af harða fæðingu, og ofsaleg blóðlát, eptir fæðinguna, undir þröngum kringumstæðum, ónefnd dóttir vor frísk enn. Nú komnir þrír innistöðu dagar, ^{1/2} gjöf í daga 2, 4 innst.d. H. kom Helga Illhuga, með geisifart.

17. Kona og dóttir vel frísk. H. k. Kristján Erl., Magndýs og fl. Sigurður Pjetursson með vesturfararhug. Dó af æði Gísli sonur Sigurðar í Bæ á Selströnd - skeð nú fyrir fáum dögum. Drapst ein kind hjá babba úr bráðapest í nótt.

18. Kom Ásmundur á Tindum, fjekk maskínuna að láni hjá Valgerði, til að sauma á föt fyrir bróður sinn. H. Ásm.undur fór norður og mætti Hérti á Þambárvöllum og sneri þar aptur, *margræðt um vesturferdir*. Jeg bar heim mó í dag, rasaði við að ná upp hálfþreðri torfu og skemdist í spjaldhriggnum, og á mjög bák með allar hreifingar. Stendur til nýrra málaferla milli Reykhóla og Grundar.

20. Sendi Ellu Guðmd. framm að Bæ, eptir meðölum fyrir mig, við gigt, óþolandi, m.fl. – Jóni Benidikt og Guðmundi lofað ofan að Tindum. 19. kom Bjarni gamli á Gróustöðum að norðann, og M. Guðl.s. Jóhannes á Gillastöðum, atlar að

kaupa Sólrúnar part af Gautsdal, ($1/2$ part jarðarinnar). Einar íngri Einarsson í Snartartúngu að gipta sig, stúlku að vestann er Rakel heitir. Magnús Magnússon í Kvítuhlíð í Bitru dáinn, og nýlega jarðsúnginn, atlaði til vesturheims í vor. Hjer var Samúel (pontí) Guðm.son frá Snæfjöllum, að sækja nokkuð af fyrra árs kaupum að Garpsdal og Ingunnarstöðum var með skeinkingar – og var skeinkt, og nestaður.

24. Jólanótt, furðanlega gjert að gamni sínu, spilað Nóló, þó skrikkjótt geingi, fleira varð og til gamans milli vinnukonanna, þrusk og smávegis fleira.

25. Að kénna sonum vorum hund. H. er mjög kallt.

26. Spilað við sonu vora 2 og Sig. Einarasdóttur, sem kann heldur ekki að spila.

27. Kom Kristín í Gautsdal. Sig. Pjetursson kve vera á einlögu flugi, með nýfeingíð Ameríkubrjef frá Jóni Jónssyni í Dagóta. Sami sem flutti fyrst til Nýja Íslands, og byggði á Mæri, hve láta vel yfir sjer.

28. Kom Sigurður Pjetursson, sagði mjer allar frjettir úr brjefi Jóns frænda nú í Dagóta.

Mjer er skárra í hriggnum, og má að miklu þakka það meðölonum frá Bæ, enn mjer er þúkt fyrir brjósti. Hef nú kveðið *Úlfarsrímur* og lesið *Yðunni*, m.fl.

31. Nærri haglaust, eptir blotann, svo árið verður að enda illa, þó nú sje fagurt veðr. Valgérður mín fór á fætur í dag, og má jeg þakka Guði fyrir það sem orðið er, kannskje að alveldinu þóknist að gjefa mjer og öllum betra og blíðara ár.

1883

Janúaríus

Nóttina milli 1. og 2. Spilað hundavist, Jón og Mundi að læra hana. Frjettalaust með öllu er, ekki margir koma hjer, hefja sumir hrotu, og dúr, hlúnkast keitu, foss-um, skúr. Nýmæli í almanaki er sagt, nær sól komi upp, og gáangi undir. 5 daga innistaða á fje var komin á Gamla árinu, á þessu nýja 3 (eins og af því er).

Fátt ber hjer til frjettanna, fáir koma bragnar, nema jeg er að grípa í að skrifa Hagbarðsrímur. Valgerður mín komin til bærilegrar heilsu, (6. á þrett.).

Messuþjóni margreindum, messað þikir sjaldann (?).

Hvað í gjærkveldi Búarímur Andríðarsonar, eptir Símon, skrifa Hagb.r. og les í Palusský, aðrar fást ekki gerðir. Kólu fætur af Ólafi Helga Þorsteinssyni, upp í mjóaleggjum, það skjedi um hátíðarnar, er nú þetta að líkindum seinasta líkamsmein Ólafs, hann átti heima á Galtará í Gufud.sv.

10. Kom Einar á Klett, að gamni sínu.

11. Við Sigga bárum mó. Tveir menn fóru norður, kveð Hervararrímur, búinn með Arnljótsrímur.

12.-13. Skrifaði af kappi Hakarímur ofl.

14. Mamma fór til kirkju, Veturliði og Sigga. Sleipa og ófærð. Sigurður Pjetursson kom með kvígu, að finna litla kusa, gráa. Skrifaði kvæðið – Fönninn úr hlíðinni fór – fyrir Valg. mína.

15. Kom Sra Ólafur Ólafsson í Garpsdal og skýrði dóttur vora, hún var vatni ausin og kölluð Guðrún Herbjörg.

16. Komu 5, einn af þeim Bjarni á Bakka, vinnur fyrir mig hrosshárið. Byrjaði að skrifa rímur af Helga Hundingsbana og Sigrúnu Högnadóttur.

17. Innistaða. Valg. orti þessa vísu um dóttur sína Herbjörgu:

Nafnið finna hvergi má,
Herbjörg Þórðardóttir,
dínuslinna lofninn smá,
loðnu skinni situr á.

20. Kom Jóhann á Bakka og rakti, frjettalaust að vestann. Sagt er að Sra Matt-hjas Jókkumsson prediki móti Guðdómi Krists. Það er dálaglegur lærifaðir í kristn-inni, hann er einn af þeim fólku í sauðargjærinni, sem sjest spáðum af Kristi sjálf-um.

Finnbogi kominn til smíða norður í Húnavatnssýslu. Hik á Tindafólki að fara til Vesturheims, því Tindar ganga enn ekki út. Sama um Gautsdalshjónin, því Magnýs er alltaf lasin og stundum við rúmið.

Hjer geingur kvef, sem víðar og er eg hræddur um Herbjörgu. Skrifu daga og kvöld, Helgarímur Hundingsbana.

22.-27. Sit að skrifa rímur Helga Sigmundssonar Hundingsbana og Sigr. Högnadóttur, á ettir 1a rímu í mannsöngunum 3ur, í þeim telur Gísli Konráðsson öll skáld á landinu sem hann hefir vítað af, enn Samúel á Miðjanesi hefir valla hagr-yrðingur verið, og hefir einhver skrökvað þessu að Gísla. Því orði má líkja á Gísla K.s. hann hefir verið annað fjölfróðasta skáld á Ísl.

25. Pálsmessu dimm, til kl. 4 e.m. svo björt, (vestann í átt).

16.-22. Fór ofan að Tindum, tafði leingi, Sólrún ljeði mjer Brama lífselixir, þeirra Mansfeld Büllner & Lassens og gest mjer ágjæta vel að, og skal eg bráðum reina krapt bitters þessa, ritið er ágjætt, og vottfest, að brúka bitter þennann er auð-lært, og alt gott við hann. Skrifaði miða fyrir Sigríði E.d. til Ólafs lækni-rs í Bæ, með innlögðum peningum, 1 kr. 30 a. Skrifaði stórbónda Jóni á Laugabóli með fleiru.

29.-31. og 1. og 2ar. Skrifu Helgarímur, nú á seinustu r. Kveðið rímur af Reim-ari og Fal sterka.

Febrúaríus

3. Klár við Helga Brm.

4. Fór til kyrkju, ekki messað, fólk kom fátt. Kristín Guðfinns ekkja, ætlar til Halldórs Kisils, í vor, þess sama er batt konu sína í mýslingaveikinn í vor, og fór svo á næsta bæ og sagði, hún hefði viljað bíta sig, og tekið í trefilinn á sjer tveim höndum og atlað að heingja sig. Sra Ólafur að koma þeim saman. Halldór er nú í Garpsd.

5. Byrjaði Flórentínurímur, eptir Gísla Konr.s. en klóraðar eptir Ebineser Kristi-
ánsón á Skarði, og veit eg ekki kvort eg kem þeim af.

6. og 7a og 5a. Fóru norður í Túngusveit, Einar á Klett, Kr. á Svarfhóli, Sigurð-
ur á Kambi, so, Sigurðr í Gautsdal og Bjarni á Bakka, Ólafur á Ingunnarstöðum, í
hinni vikunni, 30.-31a. jan. og 1a. og 2. febr. Eyjólfur í Múla, Jón frá Litlu Brekku,
Þórarinn frá Gróustöðum, flestir þessir með hesta, og sumir sleða.

Lesið skáldsaga af Brynjúlfi Biskupi í Skálholti.

10. Búinn með 3 rímur af Flórentínu, gengur seint, 58. Kom Ólafur oddviti að
tala um beit hestanna. Hjer er kvef og þingsli og hósti í mjer.

11. Fór yfrað Gautsdal, smalaði um leið, lá úti hjá mjer í nótt, jeg er besti smali.

14. Kláraði Flórentínurímur, 13. Kom Ólafur pá, og Sigurður Þjéursson, rifust
útúr riftuðum kaupum á meri, er Ól. ljet Sigurð fá í fyrra sumar, hörð lota. Ólafur
brá orða Svafnar, ramlega, en Sig. bar járnrenda Hugnirsjarka stöðu á móti, og
hopaði heldur.

Spaugvísa á eiðu:

Seigi fríðir feðgar mjer,
fast sem mig á stríðir,
eiða þíðir kvað nú hjer
sem hripa á flónsku líðir.

Orð á eiðu:

Fallinn lítt á fræða veg,
finnst ei gjald í buddu,
þessa skrifað upp hef eg,
endilanga skruddu.

Bergmál:

Fyrnum únga furðar menn,
úr fjaska heyrst tóninn,
ramlega taka að rýfast enn,
reiginn gömlu hjóninn.

Enn á eiðu:

Muna hreinum myndaðar,
í mennta heimi lifa,
Helga rímur og Hagbarðar,
hafði hann af að skrifa.

Þessi á að vera fyrri:

Saup þó ekki á sónar lá,
sem að margir kjenna,
í Munaðstúngu Brandur brá,
bleki votum penna.

17. Rakti fyrir Blansiflúr, Bjarni kom með 6 tógl, er hann vann fyrir mig. Finnbogi kominn austann úr Húnavatnssýslunni. Einginn linun á fargjaldi enn, og Jón frá Veðramóti fór aldrei til Vesturheims. Vigfús bróðir Finnb. flitur sig á Sauðárkrók, enn ekki til Amíríku, en þángað atlar mart úr Skagafirði og 50 áskrifendur ornir í Húnavatnssýslu.

18. Fórum hjónin ofan að Tindum, þar kom fjölmenni mikið, jeg keipti járnspaða af Júlíusi á 2 kr. (til að skjera ofan af þúfum með). Finnb. smíðar á hann tangan. Einar í Nesi kom þr. Samdi við Finnboga um Tinda, átti að semja afsalsbrjef með það sama. Jörðin seld með öllum húsum á 2200 krónur, kvar sem Einar fær alla peninga þessa, er enn ósjeð.

Þar kom Bjarni á Reikhólum, um erindi h. v. eg e.

19. Byrjaði að setja til vefinn. Valgerður mín mikið veik. Júlíus fer til ársvistar með Jóhanni, vestur í Tálknafjörð, að stunda jarðyrkju, fyrir þá þar.

Taugaveiki í Kollafyrði og kvef um allt.

21. Fór að skrifa Friðþjóf og Ingibjörgu, fyrir Valgerði mína, *ort hefur og þýdt* vindaskáldið Matthías, *hin hátt uppi*. Þessa viku hefur verið innistaða með allt, *hugir dofna*.

23. Alsetti til Flúra vef, Jón Guðm. kom. Ólafur á Ingunnarstöðum atlar á Pambárvelli í Bitru, (gjeti hann sellt hús s.).

Óska jeg af alhug þjer,
um ei svoddan breiti,
um flóð og eingifretra hjer,
þitt fái að þekkjast heiti.

24a. Vaf af dúk, 2 ál, Kristján í Hólum kom með vefjarvoð. Póstur Magnús fór hjá á föstud. frjetta fátt. Kornvara í kaupstöðum, kvu samt meiga borga.

26ta-28a. og 1a.-3ja. Vaf 23 ál. voðar og dúks og skilaði því Flúra. Lofaði Nonna með mjer yfrum, feingum veitslu. Fór svo að rita Friðþjóf, fyrir Valgerði mína. Hjer kom Sigurður frá Gautsdal, að biðja mig skrifa brjef til Vesturheims, á morgun, til Jóns í Dagóta. Sigga fór ofan að Ingunnarstöðum að fala Jósep?? til Bitruferðar, að finna Jón afa sinn Bjarnason sem nú á heima á Enni.

Hjer er slæmt kvef og babbi mjög lasinn, og sumt af börnunum, það er og hjer í sveit hvervetna.

Mars

4. Fór yfrað Gautsdal, skrifaði bréf fyrir Magndýsi, Jónínu Elínu og Sigurð Pétursson, nær á örk. Þaug fara til Vesturheims, skáni Magndýsi heilsan og Sigurður fái peningalán fyrir sig framm til ferðarinnar svo á peningana fyrir búið, þurfi ekki að reiða sig, framar enn verkast vill, og borga skuldir af því. Sigga hjerna fór á stað norður að Enni að finna Jón skræk, afa sinn Bjarnason í kynnistúr og Sv m. henni.

5. Rakti fyrir Valgerði mína 22 ál. stúf m.fl.

6. og 7a. Setti til.

8. og 9. Vaf 5 ál. Hér kom Einar Jónsson frá Fossi vestra (gamli brjefavinur minn). Póstar komu að Bæ, bátstapi að vestan frá djúpi og vantar áttahring, formaður að nafni Veturliði.

10. Fór með Einari ofanað Tindum. Finnb. tók Einar í fylgd með sér til Vesturheims, og lánar honum ef til vantar, og illa gengur út.

Áskrifendur í Bæ hjá póstinum 30, á Kambi skrifaði sig á, Finnbogi ekki, Einar ekki og Sigurður P. ekki. Finnb. famil. 8, Ein. 5, Sig. 3.

12.-17. Kláraði að vefa verk Valg. minnar, 21^{1/2} al., 1 al. og 1-2 tommu br. Hef þá ofið á seinni hluta góu 44^{1/2} al.

18. Fórum hjóninn til kirkju. Skipkoma á Reikjarfjörð með gjafafóður, lagði þar upp 300 tunnur. Fór svo á Borðeiri, svo á það að koma á Ólafsvík og í fjórða og seinasta sinni á Stykkishólum.

Segsahringur fírst við djúp, og 3 vanir form. þar á, einn af þeim var Jóhannes Guðm. son er var á Múla, lipur maður og laglegur um 5tugt-sextugs, fyrrum aflamaður.

Fjögra manna far fírst frá Snæfjöllum, formaðurinn hjet (eins og á 61 bls. h. að frm.) Veturliði, Samúel Guðmundsson druknaði þar einn.

Áttahringurinn kom framm. Form. fyrir honum Guðm. Joh.s.

19. Rakti fyrir Magndýsi í Gautsdal 31 ál. 1100 á.

20. Við að setja til. Hjer var Mildiríður Margrjet í nótt. Lærði að spurja sármanninn (bónaparts).

21. Kláraði tilsetninguna, vaf ^{1/2} alin. Hjer kom Gísli á Brekku norðan frá Bæ á Selströnd. Sig. Gíslas. fer til V.h.

22. Skýrd. tvennt til kirkju. Skrifaði í Friðþjófi fyrir V.

Skipið lagði upp á Borðeiri 500 t. (að sögn).

23ja. Skrifaði Sigurði Gíslasyni í Bæ fyrir Sig. Ein.d., biður hann að lána sjer fargjald til Vesturheims (dagsett 24. þ.m.). Skrifa Friðþjóf á öllum frítímum m.fl.

24. Vaf 4 ál (tæpar, áður var ofinn ^{1/2} al.). H.k. Jón Ívarsson og tók af mjer brjefið til Sigurðar.

Fátt til gamans fólki verður,
fátt er rjetta hjer í sal,
samt er þankinn sæll óskjerður,
sumir reina orða fal.

25. Páskadagr. Fátt til frjetta.

Þungur liggur þanki minn á þessum presti,
að honum kvæði ef eg hristi,
alvalds heill eg sjálfur misti,
þó er kraptur kvæða minn á kingifagi,
þó af megni þar af dræi,
þjer kann samt að verða bæi.

26. Skrifaði bréf fyrir Siggu Einarsd. til föður hennar uppá Vesturheimsferð. 24. kom Haldór hjer.

(Kísill nefndur Kristínar,
kjænn í smíða störfum,
higgjuskrínið hans hlfnar,
hans hún sinnir þörfum).

26. Fór að Tindum.

Sigga ásett í sínum þörfum
hring að sækja af silfri gjörfann.
Sú þarf pilt - enn nokkuð örfann.

27a til 31a. Vaf 16 ál.

Hjer hefur verið heljarkalt
og hélað bæinn,
ylur lífs úr æðum dreyinn,
eg verð bata hjartans feiginn.

31. Kom Haldór (kísill).

Að færu veðri giptist garmur,
galdra skruddu,
apríl hleipur aulans reður,
af og frá – það manninn gleður.

Apílis (h. 30 daga)

3ja. Skrifaði brjef fyrir Sigurð í Gautsdal, til Torfa Bjarnarsonar jarðyrkjum. í Ólafsdal, viðvíkjandi að fá Márskjeldu, hjá Frúnni á Skarði, og Torfi hafi hana þá sjálfur fari Sig. til Vesturheims. Dóri á Bakka sendur út að Melum, eptir hestum.

4. Var búinn með Magnð.ar verk, 30 ál. og 3 kv., kl. 12-1. Rakti fyrir Valgerði mína 26 ál., á því 826 þ. á h. 1100, fór með vefjarv. yfrað Gautsdal.

5.-6. Setti verkið til og vaf 1^{1/2} al.

7da. Vaf 3. ál.

8. Bar hey að utann, bjó mig til ferðar norður í Túngusveit, frjettafátt, h. k. Jón frá Gautsd. Hætti við norðurferð.

13. Kláraði vefjar verkið, 27^{1/2} al. Þá kom Bjarni og bað um 2a. Kom Bjarni og bað um hesta.

14. Ella fór alfarinn í vistina að Gróustöðum. Kom Sig. Pjetursson með nýfein-
ið brjef frá Jóni í Ánesi í Dagota. Búinn að kaupa 2 lönd, plóg og slæjuland. Brjef-
ið var hið bests og S. allur á flugi. Fjekk dagblöðin, (Þjóðólf og Skuld – sameinuð)
las mestallann daginn af kappi, og eins á sunnud. Jón í Gautsdal sótti bola.

Vísa

Linaður mæðu, ljettu pín,
ljóssins hæða mikli drottinn,
sefaðu skjæðu meinin mín,
mig lát hræðast handapvottinn.

15.-18a. Grípa í að skrifa Friðþjóf. Jeg er sem stendur allur í bilun, fætur af strýðleika og gigt, hægri knjesbót strýð og þrútinn, finn til í hriggnum, sama og í vetur. Svo þúnt og mæðinn fyrir brjósti, að við köfnun liggur og yfirliði, herði eg hastarlega að mjer, bólginn undir báðum höndum af bólunni, (níflega bólusetur af Sra O.O.). Þurr hósti kvelur mig strags og jeg kjem úr baðstofunni, og er orðinn sáraumur um síðurnar og holið, allt að bólguprota, af hósta ofrauninni. Með orku dáðum áður bar, ætíð báðar fæturnar m.m.

20. Skrifaði 3 kabla í Friðþjóf. 21a. Aðra þrjá. 22. Vikingl. bálkinn.

21. Tók upp fjörgarðinn, og reпти yfir og babbi sinn l. honum 3 ása. Fjæð búið að liggja úti í 2 nætur, smala í dag.

28. Kláraði Friðþjófssögu. Er nú með voðaleg fingurmeini í löngutönginni, bólginn í knjesbótum, dálítið ljettara fyrir brjóstinu af Bramabrúkuninni.

29da. Sótt korn að Nesi af gjafakorninu, b. f. $\frac{1}{2}$ tunnu, jeg 70 ₣. H. k. Bjarni á Gróustöðum eptir dóti Ellu.

30. Bágt haldinn í fingrinum. Fjekk brjef frá Einari á Fossi, honum geingur seigt að selja. H.k. Einar Magnússon frá Arnarstöðum, faðir Siggu hjerna, og Ólafur á Ingunnarstöðum. Við ötlum að selja honum Valshamar á 2000 krónur, 40 með 24um innstæðuám og 4a vætta landskuld og öllum húsum. Komi þessi upphæð, förum við öll til Vesturheims.

Máfus

1. Las söguþáttinn af Illhuga Tagldarbana.

2. Fór framm í Selfl. var rífið hrís á hest, af Siggu og Munda. H.k. Guðm. Einarsson falaði að mjer allmikið, en vill gjefa lítið fyrir (Baugu 110 kr., Brúnst. 50 kr., Sleipnir 40 kr., ána 15 kr., enn verður ekki út gjert fyrr en á 16. maí.

3ja. (Uppst.d.). H.k. Bjarni á Bakka, m.fl. Mjer heldur skárri í fingrinum, farið að grafa - enn afleitur í knjesbótum, heldur ljettara fyrir brjósti, en poli illa kul, (fæ þá andþrengsli).

6. Batnar heldur fingurmeinið, enn er bágur í knjesbótum, kemst með langsemi út að húsum, lítið ljettara fyrir brjósti. Skrifaði brjef til Guðmundar Einarssonar Vatnshorni, viðvíkjandi Valshamri og fleiru.

7.-13. Bágt haldinn af sinakreppu í báðum fótum. Fjekk meðöl frá Ólafi læknir í Bæ, vestnar, h.r en batnar af þ.



Vesturfaraskipið Camoens laskað í Reykjavíri á Ströndum sumarið 1883.

Vísa:

Þú alheims læknir, eini drottinn og minn herra,
vyrðst mjer aumum vægð að sína,
við rjett aptur heilsu mína.

Lát mig finna liðsemd þína, ljúfi herra,
lát mig drottinn læra að hlýða,
lát mig eingum raunum kvíða.

Drottinn Jesús dómari minn á dýrðar hæðum,
vægðu mjer í voða stöddum,
vægð mjer sín af þínum göddum.

13. Skrifaði Sigurði í Bæ, rjettara byrjaði það.

15. Valgerður mín og babbi fóru á agsjónina á Tindum, en eg má kúra í körinni, kvalinn af fótaþrautum, svo er nú komið í mig kvef, að sæta soðið. Komin 11 skip á Ísafjörð, og eru nú óðum að tínast á flestar h. enn týðinn er óþokka köld.

16.-20. Allt selt – nærri því smátt og stórt. Jeg er ákaflega veikur í kálfunum,

vonast þó eptir bata. Sendi Sigurð Pjetursson norður að Bæ eptir meðulum, 2 dagar síðann.

21. Þingd. Hjer var í nótt H. Villh., krafði kaups og fjekk nokkuð, allir fóru til þings, hvað sem um greiðslu verður.

22.-25ta. Gjestakoma, allt tíðindalaust hjer um sveitir, fjekk Þjóðólf. Skiptapar af norðurlandi.

26. Komu hreppst. Einar Jockkumsson. Ljeði honum 3 hesta, að flitja á að Tindum, seldi honum 2 hesta, annann á 60 kr., h. á 35 + 95 kr. Sigurður Pjetursson var með honum, honum trúði eg fyrir hestana. Jeg er farinn að stöltra á fæturnar. Bjarni á Bakka fór út á Reykjanes, eptir hrognkelsum. Ljeði honumm 3 hesta, fjekk sjálfur 40 slembur. Á Manntalsþinginu, bað sýslumaður Fissjer, alla forláts, og lofaði bót og betrun framvegis, og æfa sig í málinu.

26. Haldinn nefndarfundur að Garpsdal. Kreppusótt geingur víða um land, orðsakir: af mjólkurleisi og súrleisi, og lítilli kaffibrúkunn. Taugaveiki slær sjer niður á einstöku stað. Spekúlant Gram kominn á Flateyri.

27. Messað, mamma fór til kyrkju, staðfest börn, þar af einn Jósep Rósuson (í Dagota), 18 vetra víst. Sýfeldur manngangur.

28. Bína sem hjer var, kom og var í nótt. Sjera Ólafur kom í gjær, tók bókaskápin (á 6. kr), gaf honum mikið af dönskum bókum, þar á meðal hálfann sálarskattinn.

29. Skrifaði (samdi) töflu um dollara og krónu mint. Jeg geing við hækju hvert sem eg fer, (vinstri f. afleitur). Flutt frá Ing.stm. 1. þ.m. tvær ferðar, af E. Jockumss. og G. J. Ólafur fór út í Flatey að vitja um peningalánið.

Júníus

1. Fór ofan að Tindum, (fyrsta ferð úr körinni, Guði s. l.).

2. Þuríður flutti sig frá Inngunarstm. alf. og hingað. Í flutningunum voru Gísli á Brekku og Bjarni á Bakka. Við Valg. fluttum okkur með dreingjunum í stofuna, tók af alla nautjörð. Nú er alt á ringulreið, Ólafur í fullri óvissu um peningana fyrir jörðinni m.fl.

Jeg má til að hressa hug,
og hafa flest að gamni,
ef mig bilar ekki dug
áframm higg jeg svamli.

1. Einar Jockkumsson tók kvíguna.

3. Komu margir, Kristián Erlendsson eptir pottagörmum.

10. Urðum hjónin til altaris og foreldrarnir.

11. Fór norður í Skeljavík og Valgerður mín, vesluðum upp á 130 kr., mest í krami, komum heim þann 12a um miðnætti.

13. Við kramútbítingu, setti eitt koffort í stand. H.k. Ragnheiður frá Staðarhóli og fleiri. Við koffortaaðgjerð og fl. frá 12.-16a optast mannk.a.

Fardagur 15. Tindafólks, til Vesturheims. Hjer kom fjöldi fólks, og Finnb. og Marg. Kristján Erlendsson kom síðastur í krambúðina til mín og fjekk allmikið af dóti.

18. *Fardagur okkar Valsh. fólks í Vesturheimsferð.* Fórum hjóninn með börminn að Garpsdal, (bestu v.tökr).

19. Gistum í Snartartúngu, (góðar viðtökur með öllu).

20. Að Prestbakka, (ágjætar viðtökur).

21. Vorum þar daginn eptir, fórum hjóninn út á Borðeyri, að laga dót okkar, fórum inn að Prestbakka aptur.

22an-23ja. Lágum á Borðeyri og biggðum okkur skíli af farangri okkar.

24. (5. s.d. e. trn.). Gísli Sigurðsson á Fossi bauð okkur heim. Jeg fór og Jón Benidikt, mamma og Veturliði, sátum þar í vyrðingum.

25. Fór út á Borðeyri aptur. *Stórfréttir* fyrir oss emigranta. Kammúens laskaður í ís í Norðurfyrdi, nálægt Trjekillirsvík, með 100 emigr. frá Reykjavík, sprakk inn plánki um 3 ál. bil, eður búngaði, enn pumpurnar höfðu þó við, svo fartoy er talið óskjemt. Maður var sendur að norðann með þessi orð og brjef. Hjer er Sverrisen, undiragentar, mikið ráðslag og hrafnæping. Babbi fór frammi að Fossi.

26.-30. Hafís kominn á Hrótafjarðarbotn, flutti með konu og börn að Fossi, til Gísla Sigurðssonar og Guðbr. (29.) Keipti matvöru og flutti frammi eptir, kaffi og sikur. Fólki að hætta við Vesturheimsfarir, fáir eru kátir. Flestir eru af Borðeyri flúnir, utan Finnb., Sigurðr í Bæ, og fáeinir aðrir. Kammúens enn klemdur inni.

Júlíus

2. og 3ja. Risti 200 af torfi og 8 klakka torfur.

Hafísnum heldur þokar,
hafnir allar sem lokar,
gleður það marga hrund og hal.

4a. Hörð tíðndi: Herbjörg berst við öndina, nú kl. 6 e.m. Fjekk Gísli Sigurðsson yfrað Stóra Núpi, til Hjartar Lind. Fjekk þaðan meðöl, (við niðurg. eða lýfsíki), og krampameðöl. Það er krampi sem hefur altekið Herbjörgu.

5. Guðrún Herbjörg dó kl. $\frac{1}{2}$ 1 e.m. Krampi sprengdi hana, fjekk þó hægt andlát, meðöl gilltu ekkert, svona fór mín fríða Herbjörg, og in efnilega. Guð gaf – Guð tók, sje n. G. I. og v.

Fór út á Tanga, keipti ýmislegt, kom að Fossi kl. 12 e.m.d.

6sta. Við Gísli Sig.s. smíðuðum um Herbjörgu.

7da. Fluttum hana á Kirkjuna, (það sem verður að vera o.s.frv.).

8da. Las ýmislegt eptir Guðm. Hjaltason Borgfirðing. Þetta er sú vesta tíð sem jeg hef mætt, og samt er gott veður á landi. Sorg, farartálmi, leiðindi og fjárlát. Þó fellur vest ef við hjóninn annað hvert stöndum okkur ekki í kverri plágu sem að höndum ber.

10. Okkar elskaða og sársaknaða Herbjörg jarðsúnginn. Síra Páll Ólafsson talaði yfir kistunni, af mestu snild, svona fór þetta blóm okkar í svarthýsi grafarinnar, enn við vonum að sjá okkar elskaða blóm aptur, á vori als holds upprisu.

Við hjóninn riðum yfrað Stóra Núpi (fremra) upp frá Brandagili ofan að Húki, svo upp hjá Dalgeirstöðum yfir Austurárháls að Neðra Núpi.

11. Fórum á stað aptur kl. 12 e.m.d. Kómum að Fossi snemma, enda búið að lísa öllum lísingum með H. Líndal og Pálínu.

12. Fórum hinn út á Borðeyri að taka til hjá okkur.

13. Gjerði hitt og þetta. Hjer geingur kvef.

14. Settum í stand hlóðakallinn og stromp. Gísli fór í kaupstað. Kristján Jónason krafði mig skuldar, með hægd.

15. Fór til kirkju, jarðsúngið barn vesturfara. Ísinn kominn er í rek, óska margir fari hann. Babbi fór yfrað (eða atlar yfrað) Núpi, að fá vinnu.

16.-20. Sló í túninu á Fossi ef tún skildi kalla. (Sló á S. í þessum dögum svo nokkuð varð hyrt.)

23.-27. og 8a. Túnið klárað og alhyrt á laugard. Slegið á eingjum fram til nóns á l.d. Lagði svo á ljái.

29a. Sat um kyrt. Einar Jónsson skrifaði S. Sverrisen, viðvíkjandi íngsta barni hans, sem eptir á að verða. Babbi verið kaupamaður á Núpi fremra þessar vikur.

30.-31a. Sló í Kvíslarflóa.

Augustus

1. Flutti á Borðeyri.

2a. Flutti um borð á Kammúens, hann kom 1. þ.m. og rak upp á hjá Hrutey. Enn losaði sig fljótt aptur. Lagði af stað (Kammúens) með alla emigr. kl. 12 í nótt.

3. Komnir á Skagafjörð kl. 12 – 1 e.m. Allir hressir konur sem börn, fór í land, til að kaupa blautann fisk, keipti 2 spyrður, með fleiru.

4. Farið að flitja emigranta um borð kl. 7 f.m. af Sauðárkrók. Húsin byggð strandleingis eptir sandi. Hætt að flitja emigr., kl. 1-2 e.m.n farið á stað.

5. Sjósótt ofsækir marga, börn og konur, Valg. m. og börn leggjast. (Gott mun vera fyrir reisendur að flitja sýru).

6. Sáum Færeyjar 4ur e.m.n. (Jeg kl. 5 e.m.). Færeyjar eru mjög svipmiklar, víðast standb. í sjó.

7da. Í Engl. hafi.

8. Sá til Skotlandseyja (Bretl. h. forna). Nú er svakalegt veður (regnfall með veðri). Sjósótt vægri í öllum. Valg. frískari, og börninn. Hannes túlkur og Haldór úr Fljótshlýð. 2 úr Blönduhl. Komum fyrst við í Rokinu og lögðustum í fyrstu höfn við Skotland, Thorskó, kl. 1-2 f.m. Hjer er fagurt á land að sjá, korn-, kveiti- og grjónaakrar. Bærinn við höfnina er lítið stærri en Stykkishólm. en miklu fegurri. Kl. 2 ól kona barn og gjekk vel, hún er úr Skagafyrðinum.

9. Sá óglöggt til lands fyrir rokmóðu (um 2 míl. e. í land). Svo er nú rokið hart

klukkan 3 e.m.d. að Cammuens bara heldur við á milli, enn drýfur aldrey, á milli eingum fært um dekk, kl. 2. Sagði kaft. öllum að fara að taka sig saman, n.l. pakka dót sitt niður.

Mamma mjög sjóveik, og fleiri. Barnið skýrt, af hempulausum presti, ekkert súngeið. Pr. tók barnið í fang s. jóf þ. vatni krossaði þ. og las fáein orð yfir því. Presturinn og hinir. Ensku sem við [].

Kammuens hefur geingið, að meðaltali 2 mílur dansk. á 1 um kl. tíma, sem eru 9u mílur Enskar rúmar (9a í dag, er það minna).

10. Komum til Glaskof kl. 11. Strags farið að brýngja og búíð kl. 5-6. Vökunótt fyrir alla farþega, af skrölti og harki. Flokkurinn síðan settur í vagnalestina (þeir þríflegir). Glaskof er stórhýstari enn menn ímynda sjer á Íslandi (fyrsta húsið sem eg kom í og seinna eru mjer minnisföstud).

11. Fórum út í gufuskipið frá Alanlínunni kl. 3 e.m. Ensku seðlarnir ógreiddir enn. Eymundsson hinn argasti og vesti agent. Seinna mun eg í brjefi minnast hans. Kl. 12 í nótt komnir fyrir Írlandsskaga. Kvass vestan.

12. Sjósótt í mörgum, Valg. og Munda, hinum líka. Kostur fremur góður og nógur. Landalaust. Komið í hið mikla Atlandshaf.

13. Sjósótt í mörgum, fólk sett einu sinni upp á dekk, sumt varð að leiða. Lesinn húslestur hjá Ísl. í þrem stöðum, búíð undir efsta og miðdekki.

14. Farið tvisvar á dekk. Skipið heitir Phænician (á Ísl. hjer Fenisían Ský). Nærfellt 160 ál. löng, og um 16 ál. á breidd, þrífdekkjað, skipið er óstöðugt í stórsjó og veltir vel af sjer sjógangi. Enn sjósótt, hætt mun vera á því.

18. Farið að pípa kl. 4-5, og það við og við, til 2 e.m. (að pípa, er snúið litlum krana hjá stropinum, og er það gild öskurdruna). Nú var farið tvisvar á dekk, sínd farbrjef, sem giltu til Kvebek, mættu okkur 3 hafísjakar, tveir af þeim geisiháir. Fólkið var talið, 7 persónur enskar fundust farbrjefslausar. Fólkið á skipinu allir taldir 850 nef.

19. Í nótt var skipnu nær því haldið kyrru, myrkur var af þoku, og ís á staglingi. Sáum til Vestrheims kl. 12. Komnir inní Lapradórsflóann kl. 3-4 e.m. Þoka beltar hinn mikla Vestr.h.

20. Fólk fór sjálft opt á dekk, 2 gufuskip fóru fram hjá okkur, (til Englands) ósiðsemi átti sjer stað á skipi okkar fyrir sumu ógiptu kvennfólki, við enska stráka. Fyrir því voru stúlkur 2 úr Dölum og Guðrún Messíana úr Miðfirði, einkanlega hin síðastnefnda, var flokkinum öllum til skammar.

21. Farið framm með Nýja Skotlandi fögur fjöll og lág, en allt afar jöfn á hæð, með yðgrænum skógi, jafnt í hlýð sem efst á brún, fagrir dalir víða á milli, fleiri mjóir enn breiðir, unaðslegir til að sjá. Svo fram með Brúnsvík, kl. 6, hvervetna er skógi vafið og fagrar ekrur á milli, sjórinn svo þungur með landi framm, að hann ríkur ekki, samt er sterkviðri, tveir mistu af sjer hatta, á dekkinu.

22. Komum til Cvebech, fyrir miðjan dag, hjer er ramgjör kastali, húsafjöldi ótölulegur, fyrir ferðamann, en víða er smáhýst, enn fegurð er hvervetna yfir að líta. Skiptum um farbrjef, feingum blágræn á ensku, til St. Vincent, hin tekinn, vígsluð-

um, vígsli góð (20 kr. í gulli fyrir 5 dollara og 25 cent. 25 c. frammyfir hið rjetta gangverð). Keiptum nesti, (enn það var dýrt þó dýrara yrði seinna), á fyrsta járnbrautarspottann, allt sett í vagnana, við fjölda af luktum. Borgarstræti voru öll líst, fórum í vagnana eptir miðnætti, úr þessu fjeck maður aldrey að sofa og gat þess vegna aldrey vakað.

23. Áð við veitingahús, þeim sem ötluðu til Kanadafylkja veitt máltíð, enn þeim sem ætla í Bandafilkin selt hvað sem vildu. Máltíð kostar 1a kr. = 25 cent, síðan var keyrt af stað. Túlkur sendur frá Kanadastjórn, Baldvin Baldv. son, að sjá um fólk alla leið, farið af stað eptir máltíð. Mjólkurpottur kostaði á leiðinni upp og ofan 5-10 cent = 20-40 a. Kaffi með brauði 5 cent. Þrýr p. af brennivíni (enn sterku sem spýritus) 2 kr. = 50 c. Romm eins. Góð stígvjel 10 kr. = 2¹/₂ doll. Kvennstígvjel 2 d., dreingjastígvjel frá 50 c. – 2 dollara. Vandaðar töskur 20 kr. = 5 doll.

24. Kómum kl. 12 í Toranto, og þaðan af stað eptir nokkra bið.

25a. Komum að stóra vatninu í bæinn Sarina úr Torantó, var túlkur okkar Jón Guðmundsson frá Gilsf.br. Á heima í Toranto, hefur atvinnu af að renna ímsann málm, sagður fátækur fremr, og heldur ölkjær, kann ensku allvel, skildi við okkar bændaflokk í Sarnia, biðum þar þar til klukkan 4 e.md. Þá kom heljarstór gufubátur og tók okkur seint um kvöldið, fóru illa með farfang vort, sem optar hafði áður skjæð.

26. Komið við að taka fólksflokk af Íslendingum, sem atlar til Vinnipeg, og Baldvin túlk þeirra. Þessi flokkur fór á járnbraut frá Toranto, margir liggja rúmlausir, því ekki er auðhlaupið að fá að taka úr lest. B. J. Víum alltaf fárveikur, brúka við hann hómopatiú, (höfum bara kotta 2, undir hann, önnur rúmföt ekki).

27. Kómum til Solsemnes, og fórum í gjegnum lásakanalinn. Á honum er afar mikið mannvyrki, og hleipt í hann vatni, þá er skip þurfa um, (að lísa honum eða öðru nenni jeg ekki).

28. Komum til Port Arthur, þar fór af Vinnipegfólkið, fórum þaðan eptir miðnætti, þetta varð ein vökunóttinn.

29. Allir hressir og glaðir, kómum til Dulluth, kl. 9 e.md. Gestaskálinn í Port Arthur, 22 ál. breiður og 220 ál. langur, þó er hann ekki stæðstur, því gestaskálinn í Glasskov mun hafa v. það. Cammúens, um 162 ál. á lengd, 16 ál. á breidd, Phenician 18 ál. l. 20 ál. breið, (það fyrra flutti yfir Engl.h., hið seinna yfir Atlandshaf). Sannia, svo hjet gufubáturinn sem flutti yfir vötnin 135 ál. l., 16 ál. breiður, enn langhæðstur á borði og skrautlegastur.

30. Fórum frá Dulluth undir kveld, höfð vagnskipti á leiðinni. Sá bær heitir Krokston, (líttill bær enn snotur).

31. Komum snemma dags til Sent-Vinsent, þar var Jón frændi fyrir, með 2 tím, = 4a ugsa og 2 vagna. Enn þá vantaði annann flutningsvagninn, sem hafði orðið eptir í Krokston, svo kostnaður reis af þessu. Jón kom okkur yfir Rauðará, og í skíli. Ferjan yfir Rauðará er í lögun sem sleði, enn fleitir 3ur vögnum og fjölda fólks. 5 c. í ferju fyrir mann, 50 cent fyrir tím, (2 naut og vagn).

September

1. Kom dótið, sóttum það yfir Rauðá, Valgerður og börnin fóru af stað frá Pembína með nautavögnum nýlendunnar, upp í nýlendu og Þóra í Þorpum og hennar börn.

2. Biðum eftir Sig. og Magnýsi. Babba vantaði 3 poka, jeg ljet teligrafa til Kroksston, þeir komu og fluttur í Pembína, kost. 50 c.

3. Fórum af stað undir kvöld.

4. Náðum heim til Jóns, fyrri partdags, tekið á móti okkur af mestu snild, frá Pembína og hingað 40 mílur Enskar, fórum í sjanta (lagað eins og skigni á Íslandi) trjábyggðanna.

5. Látum upp kyrt, tróðum í allar rifur á sjantanum í bráð, frændi síndi okkur land sitt, það er mikið frjótt og fagurt.

6. Fórum þrír yfir Vík, J., Sig. P. og jeg. Þar er verslunarstaður, og l búð alkominn á fót, fjekk þar vinnu til helgar. Niðurgangur þínir föður minn og marga Vesturfara.

7. Sáta hey fyrir Harald.

8. Forka upp hey, fyrir Þorlák, föðr Haralds og seinnipart d. fyrir Harald, kaup enn óvíst.

9. Fórum til messu upp í Vík, messað í skógnum. Fundum Sigurð Jakobsson, Nonni fór með okkur heim (Valg. m. fór líka).

10.-14. Hjá Jóni frænda (Sjakka, grafa upp brunna, búa um hey).

15. Hjá sjálfum mjer, illt í lófa.

16. Haldinn í Vík safnaðarfundur. Nonni var hjá Ásbyrni Noskara, 5 daga við kúapössun.

17da, 18a og 19a. Við kveitivinnu hjá Jóni fr. Sáta kveiti og stakka.

20. Stakk á lóameini mínu. Vann ekkert. J. seldi 3 kýrfóðr, vesta vinna.

21. Vann hjá Sigurbyrni (að spónleggja sjanta, fyrir veðri).

22an. Við þreskingu hjá Jóni Gíslasyni, Pítersen átti vjelargarminn.

23. Fór framm til Jóns Gíslasonar, að laga pappa í húsi, hlíddi lestri áður, aðrir nýlendumenn hér af Ísl. keiptu þreskingarvjel handa sjálfum sjer. Henni fylgir enskur bosi (= umsjónarmaður, eða verkstjóri).

24a til 30ta. Við norðannátt, hæga, nú frost í þrjár nætur í röð og þikir mönnum frjósa snemma upp, er hjer er kallað svo. Þessa viku hef eg verið í þreskingu, með Íslenskum, og fæ það ekki leingur, (hver sem þrest er hjá, heldur veislu).

30. Sat heima. Hjer kom Guðný og fleiri, Gísli s. h. var m. h.

Utánáskrift = Adressa, til Guðm. Guðnasonar m.s.

Mr. Guðmundur Henry, Minnisóta P.o.

Lyon, c.o. Minn.

Október

1a. Þ.m. heima. Fórum frændr upp í Vík, keipti í rúm fyrir dollar 8 c. Kom Sigurjón að fá mig í þreskingarvinnu, fór undir rökur, og Sigurður Pétursson, var hjá enskum.

2. 3ja og 4. Í þreskingu.

5. og 6. Sat heima því úrfelli var. Setti saman 2 rúm og skrifaði Guðm. í Minnisóta.

7. Fórum að hlýða messu upp í Vík.

8a – 9a. Í vinnu hjá ensku bræðrunum, og $\frac{1}{2}$ dag hjá Andri, teingdabr. þeirra tilvonandi (kv. 9a). Gjekk heim og Sigurður Pjetursson, (geingum feilt).

10. Sat heima, illviðri og kafald, stormkvass. Skrifaði upp eptirmæli eptir Sigurð Breiðfjörð, m.fl. Frændi keifti fyrir mig hnjerör í Sann Tómas, á 50 c. gallon (4a potta) upp í Vík. Mönnum líst illa á blikuna um veru mína hjer, hafði raraskipti.

12. Kafaldskóf, svo ekkert varð gjert, fór upp í Vík. Haraldur og Þorlákur borguðu mjer, (2 daga 1 d. á dag). Fjekk mjer olúlampa 60 cent, hitt kaffi og sikur. Við fjósbyggingu með Jóni og babbi og Sigurður P.

13. Fór í þreskingu, Sigurjón á hálfu vjelina, honum trúa Íslendingar illa.

14. Fór upp til Sig. Sat heima, Guðm. Sveinson kom. Safnaðarfundur í Vík. H.k. Björn Jóseps.

15da-16a. Við þreskingu. (16) Geingum heim.

17a.-18. Sat heima. Stundum lak sjantinn (kofinn), stundum fraus í honum, maskínan (stóinn), er átrúnaðargoð Vesturheimsmanna, það er og besti bjargar gripur okkar.

18. Fórum frændur í landaleit upp um fjallabrúnir, alltaf var dinjandi óveður, skoðuðum lot Valgerðar, ekkju Bjarna Pjeturssonar frá Tjaldanesi í Saurbæ. Það á að kosta 450 dollara.

19. Byrjuðum á fjósbyggingu, hjer við sjantan.

20ta. Fórum frændur í Skóg. Jón flutti 2 löt til sín og 1 eldiviðarlöt til mín, úr Björnsskógi.

21a. Sat heima, hef gigt í mjóhriggnum, mamma og Nonni fóru til kyrkju.

22an til 27da. Vorum við þreskingu alla þessa viku. (27) Geingum allir heim, í kolsvarta myrkri og þoku, viltustum, kómum kl. 11u heim. Sveinb. Björnsson fylgdist með mjer, og Þórður frá Sig. Gíslasyni.

28. Skrapp upp í Vík.

29.-31a. og 1a og 2ann. Í þreskingu hjá enskum og Íra.

Nóvember

3ja. Fór úr þreskingunni, fór samt upp til Þorsteins Þorl.s. fjekk ekki þreskingu. Þerfueldur mikill uppi.

4a. Sat heima. Lönd að eiga langar mig, listing þá ei dempa má, þreskingarvinnann varð heldur stutt, fyrir okkur fátæka emigranta. Noskan mann sá eg í gjær 3 ál.

7 tommu.h. (6 fet og 3 t.), þar eptir hraustlegann, og fremur laglegann. Illa líst mjer á að lifa hjér í vetur, veit nú als ekki hverju eg á að slá upp á. Guð sjer fyrir þessu.

5.-9da. Við smávegis dót heima. Keipti af Byrni E. 12 búsel af kartöflum, gróf 8a út á akri og 1a af kartöflum Valgerðar, (n.l. 9 í allt).

10. Við vinnu á Kantiveginum og var tímstjóri, í fyrsta sinn, fyrir Þorlák gamla.

11. Dauðans kuldi hjer, í sjantanum. Kýrnar færðar hingað í vikunni í nýja fjósið.

12. Að kleyja hjá Þorláki, Árna föður.

13. Við sama hjá Þ. til m.dags, hinn p. heima að klýja (= sama sem, klessa jarðlími í rifur milli trjána í kofanum, logganna í sjantanum).

14.og 15a. Hjá Jóni Gíslasyni við ýmislegt.

16da.-17a. Veikur af nokkurs konar gikt og höfuðv.

18. Fórum upp í skólahús að hlýða messu.

Kyrkja er einginn kominn hjer,
hvurt er ekki viðurinn,
dalapurð og dofinn kver,
eða dauður kristni siðurinn.
Smíðisgripur á götu.

19.-23ja. Sat heima og klauf í stóna, og fleira smávegis.

24. Fór upp í Vík og þaðann ofaní Björns E.s. skóg og tók upp viðarlót (fermingu á vagn).

25. Sat heima. Smíðaði gluggaholu í fjósið.

28. og 29a. Við ýmisl. hjá Jóni Gíslasyni og gróf brunn og verð að fara aptur að rífa hann upp, mölin sækir svo fast í hann aptur.

30ta. Sókti lót til Björns.

December

1. Veðurlagið er svo breitlegt hjer í Dagota, hann er allt í einu orðinn hægur og allt í einu kvass. Þó að manni sínist fullkomið hlákuútlit, verður ekki neitt af því og þó manni sínist besta útlit, er máski komið kafaldsfjúk eptir nokkra klukkutíma.

Greiðasemi hjer á meðal Íslendinga er líkt og heima. Hjá enskum hef eg ekki orðið var greiðasemi. Við að kalka íverukofann. Sókti lot til Sig. J. með babba.

2ann. Fór upp í Vík.

2.-3. Að lóta heyi, tók það uppúr fönn og klaka um 6 lót (6 hey hlöss.).

4. Við að kalka.

5. Kláraði húsið.

6. Byrjaði að skrifa brjef heim fyrir J.G. til Guðrúnar dóttur hans, sem á heima á Borg í Borgarfyrði, og klauf eldivið, fór heim.

7. Kláraði annað brjefið og

8a. Losaðist við skriftir kl. 1 e.md.

Pann 9a. Kláraðist skuldinn við Jón G. fyrir flutninginn frá Pembína (um 8.d.). Jón G. heldur skárrí og takið nær horfið. Jón er rjettnefnt stórgeðja göfugmenni nýlendunnar.

13a og 14. Að flutja við frá Sig. Jakobssyni, 1 lótt til mín. Íslendingar að taka borgarabrjef í Vík, hjá manni þar til settum Sig. Jak. son landi.

15. Fór til Krotts og 4ir aðrir þreskingarmenn, hann borgaði okkur 6 d. 75 c.

17.-21a. Sat heima. Smíðaði trjehest og smávegis.

21a. Fór vestur á Garðar fyrir Jón Gíslason, að leita meðala til Ólafs Ólafssonar homopata, fjékk 1 glas. Kom heim kl. 7, fór klukkann 8a f.m. Kalt að ferðast á vetrum hjer í Dakota. Flutti Jóni Gíslasyni meðölinn 22. Kalt í sjanta vorum, kynt dag og nótt. Kljúfa í stóna er mest verkin.

25. Jóladaður, (jólánótt, ekkert skemtíleg með sumt). Guð gjefur mjer máski aðra skemtílegri seinna.

28.-29. Kláraði dreingjasleðann, hef mjer til skemtunar að massa. 28. Fór upp í Vík, keipti rúðu og nafar, rúðuna á 10 c., faðir vor braut hana á jólan. og nafar fyrir 30 cent. Jeg átti að bæta fyrir nafar er jeg braut fyrir Byrni gamla og fjékk honum nýja nafarinn, rúðuna bætti eg fyrir babba, enn hann verður að bæta sig við Guð.

30ta. Messað í Vík. Sig. og Magnd. þvínuguð af sinni gömlu veiki.

31ta. N. nær logn á milli. Sól sá seinni partdags.

(Guði hefur þá þóknast að láta mig af lifa þetta ár).

Dagbók (skrudda). P. Brynjúlfssonar Víums

1884

Janúaríus

1a þ.m. Norðann stormur, sólfar, frost um 12-16 gr. Já þetta er fyrsti nýársdagur sem eg lifi í Vesturheimi. Guð veit hvort jeg eða við lifum hjer næsta nýársdag, Guði almáttugum er ekki ómáttugt að sjá mjer farborða hjer eins og á gamla Íslandi. Jeg fel mig og mína í Guðs hönd og varðveitslu hans á þessu nýbirjaða ári. Jeg fel mig með konu og börnum mínum alvolduga skapara og mínum elskulega frelsara Jesú Kristi. Styrk mig að standa o.s. frv, varðveittu mig frá ofdrykkju áfram þá í Jesú nafni.

2.-5ta. Kljúfa í stóna og massa ímislegt (snældustól).

6. Fór eptir lestur á stað til Sigurðar Gíslasonar, N.a. á Sandhæðir, keipti með öll upp á 50 cent, var um nóttina í góðum fagnaði. Mannös hjá Sigurði, í meðala skini, er vel lukkast.

7. Fór heim, stóð um hryð sunnann, og var nær óþolandi að ganga móti golunni, allar áttir eru hjer jafnkaldar.

11. Sóttum 1 viðarlót, til Sigurðar Jakobssonar, á sleða og ugsum Jóns Mæris og 2 lót úr Björnsskóg á Sleða og ugsum Björns.

12. Klauf í stóna mest allann daginn.

13. Jón hjelt við mig reikninginn, fyrir það áfallna.

14a til miðdags þann 19da (5^{1/2} dag) hjá Byrni Einarssyni, að fensa og höggva við (fensa, er sama og umgyrða).

20. Fór til messu, (brúðkaupið). Keipti kaffi og sikur fyrir 2 dollara.

21.-24a. Í skóginum hjá Byrni.

25. Fór að finna Digg, hann borgaði mjer 6 d. og 50 cent, (vantar 25 cent).

26a. Hjá Byrni.

27da. Fór upp í Vík og til Jóns Gíslas. Hjer kom Björn E. með mjólk, talaði um kaup fyrir 11 daga vinnuna sem kominn er.

28.-31a. Hjá Byrni og 1. og annan, hef þá verið hjá Byrni 16^{1/2} dag, optast við skógarhögg.

Febrúaríus

3. Fór til Jóns Gíslasonar. Keipti af honum 2 sekki af kveiti.

4.-9da. Við norðann optast gott veður.

10da. (Nýju v. fasta). (4a-8. Hjá Byrni).

5ta-9da. Hjá sjálfum mjer, hjó í skógnum Björns 16 logga.

(10.) Sat heima. Áformað er að byggja mjer hús hjá Byrni. Skilmálar ósamdir enn.

8a. Fluttum úr sjantanum og h. í hús frænda, enn hann aptur í sjantann, hræddur við djompur.

11.-12ta. Við Skógarhögg í húsið, og part af miðv.d. þann 13da.

14a. Flutti úr skógnum 4 lót á Björns ugsum, og Jón frændi 3 lót á sínum ugsum, 7 í allt, yfir undir Brasahornið fyrir neðann Björnshús.

(13. Sókti eitt lót fyrir Björn og sverann logg fyrir m.d.).

15da. Fór með Jóni frænda yfrí skóg Sigurðar Jakobssonar.

16da. Sat heima og klauf í stóna.

10. Byrjaði að fá mjólk hjá Byrni, 1 pott á dag. (10. Nýu vikna fasta).

17. Frostheilið atlar allt að drepa í þessum loggahjalli, bjálkahjalli.

18. Fann Jón Gíslason, fanaði með honum 10 sekki (hreinsaði með honum).

19. Klauf í stóna, skafhrið hjer á sljettunni, og hel.

20. Fór með frænda í skóg, bútuðum stór trje í korð. (Korð er 2ál. á breidd, 2 á hæð, 4ar á leingd).

22an. Sótti eitt lót (einn viðarsleða) með Jóni. Kallt á nefjum.

23ja. Byrjuðum á húsbyggingunni, settum upp 4. lög. Voru þar við Björn og Jón, var mikill fannmökstur og bis við það.

24. Fátt til frjetta.

Færði kúna fleina Þór,
úr fannabæli,
heim á mæris bólið,
hjer við mærdar stöðva tólið.

Stundum við húsbygginguna og stundum með Jóni í skóg.

Martíus

1. Kláruðum að koma upp húsinu, aðveggjum og langböndum, kallað hjer rambiggt. (Loggahús með langböndum er sterkasta bygging).

2an. Frosthel með veðrinu. 40-50 gr., ekki líft. Magnýs óánægð með allann viðurgjörning. Ragnhildur og er mjer óskilt að dæma á milli þeirra. Byrjaður að skrifa heim: Allir emigrantar óánægðir. Sumir hálfvitlausir.

3.-8. Stundum í skógi hjó og flutti þrjú lótt að nýu byggingunni, skrifaði seinni part daganna.

9. Kláraði Páls og Ólafs brjef. Byrjaði skrift fyrir Magnýsi, fór upp í Vík. Borgaði Haraldi 2 dollara (Mountain).

10., 11., 12. Við einlæggar skriftir.

1. Skrifaði Páli Ingimundss. á Mýrartungu (2 arkir).

Annað Ólafi Eggertssyni á Valshamri.

Þriðja fyrir pabba til Einars Jockumssonar á Tindum.

Fjórdða fyrir Magnýsi Magnúsd. til Síra Ólafs Ólafss. í Garpsd.

5ta. Frá Valg. m. til Sólrúnar Sæm.d.

6ta. Til Ingunnar Bjarnad., Mýrartungu.

7da. Til Margrjetar St. Saptasen, Nýhaga, Nýja-Íslandi.

8a. Frá Valg. til Margrjetar Benidiktsdóttur í Winnipeg og

9da. Frá mjer til Einars Jónssonar Suðfjörð í Kanadafilki.

(Bréfinn til Sólrúnar, Margrjetar, Ingunnar og Margrjetar, öll frá Valgerði). 30 gr. frost í morgun og fannkoma mikil.

Vísa:

Öfund eiturblandinn,
illa kvelur lund,
kaldur kveður andinn,
kvelur mann og sprund.
Hjer er varna furðufátt,
sannleikurinn sínist mjer,
sitja nokkuð látt.

13da til-16da. Við ýmislegt bis á milli, stundum heima. 16. Sótti ¹/₂ lóts til Hansar, S.b.

(15.) Tók upp kartöflur mínar, klakahögg ofanað þeim um 1al og 3 kv. Flest af

kartöflunum freðið, um 3 búsel ófreðinn. Kusa okkar bar á þr.d. 11. þ.m. og kominn í 9u merkur.

17da til 22. Kláraði að fella í húsið og höggva það innann. (22.) Fór upp í Vík, keipti 2 glugga á 160 cent, skrá 75 c., lamir 20 c. Hjó fyrir gluggunum. Ijet annann gluggann í.

Frjett að heimann lát Þórðar Sigurðssonar á Stórafjarðarh. og Hjörtur bróðir hans. Aflalaust við Steingrímsfjörð og Hrútafjörð, yfirhöfuð hart á vesturlandi, meira er ekki frjett.

23. Hiti og blíðviðri, messað í Vík.

24. til 29. Við kjallaragröft m.fl. hjá sjálfum mjer, Nonni minn er opt að kroppa með mjer. Í þessari viku dó dóttir Sigurbj. og barn sem sonur hans átti, (bæði úr lúgnatæring).

30. Fór að hlýða messu í skólakontunni: Hans sagðist vel, nefndarfundur: *Persifinann* Magnðýs, lasinn af tannpínu (*Persifína* var giðja mikil hjá Grikkjum og Rómverjum). Las draum Jóns Jóhannessonar.

Aprílís

1a. til 5. Nær því öll fönn leist, alltaf sólarhita. Hef verið við Snæfoldarbygginguna, svo kalla eg nýja húsið. Fór á þr.d. upp í Vík að flitja lík, (dóttur Sigurbjarnar og barns Alberts, Sig.b.). Kristinn Lý. misti og barn í vikunni, Jón Mæris smíðaði um þetta fólk, börnin og Bínu.

Sagað í Víkinni þessa viku, svo á það að verða hjá Friðbyrni.

5. Byrjaði að smíða skigni við Snæfold, babbi var með mjer við það. Sigurður Pjetursson skar sig á eggi í tána. Mart er á seiði, mörg er leiðinn manni slistnum. Sigurjón kom í gjær, að fala menn.

6. Pálmasunnudag. Kafald og kvass, fr. 9-10 gr. og kom flatt upp á suma, enn sumir vonuðust eptir þessu. Sit nú heima, sal að geima og sinni eingu.

Frá 7da til 13. (P.dags). Eitthvað við húsið og kjallarann.

12a. Flutti stóna í nýja húsið. Lögðum meyrupart af gólfinu (úr bökkum þó). Jón frændi var með mjer, hefði alflutt hefði Ragnhildur gjetað sleppt vorönnum. Valg. mín lasin. Við tækifæri:

Öfund eiturblandinn,
illa kvelur lund,
kaldur kveður andinn
kvelur mann og sprund,
Hjer er varna furðufátt,
sannleikurinn sínist mjer,
sitja nokkuð látt.

Hjer er vor í vændum,
vindur blæs um eik,
hressir hug í bændum,
hafa sig á kreik.
Akra plæja, enn einginn tún
hafa þeir um húsin sín,
hvorfinn forn er rún.

15. Flutti í nýja húsið.

18. Þakti húsið mitt og pabbi með mjer. Það var ekki þrifaverk, þó það yrði að vera.

19. Var hjá Jóni frænda að leggja singul á hús (firrum sjanta).

20a. Fór upp á Mountain og borgaði til Haraldar Þorlákssonar 2 doll. sem hann lánaði mjer í nærstu viku (í kaffi og sikri). Haraldur var ekki heima. Björn var í búð, þar var staddr Magnús Sigurbjörnsson.

21a. Fór að finna Píteræli, hann gat ekkert borgað, á líka hjá Kellí, hverjum 1 d., 15 c.

24. Gaf Jóhanna Valg. m. kvígu rúmt $1/2$ annars m. gamla. Hjer kom Sig. Jakobsson og fólk hans (fálátt), af lotmissirnum. Skrifaði Einari ættbróður, fjekk brjef frá honum 3 ap.

26. Í fensbyggingu fyrir Björn, uppí vinnu hans áðr hjá mjer, og 2 daga h. J. J. upp í vinnu hans. Foreldrarnir fluttu hingað frá þó vinonum. Björn og margir voru að herfa á Sumard. fyrsta. Sigurður Björnsson sáði í akur sinn. Sjest lifnun í jörð (gróðrarnál).

28. Fann til ígjerðar á augabrún vinstri, filgdi verkur og farfi blár, allt til þessa dags, er vær köllum 4a maí. 2 parta af dögum hjá Birni í fensinu (þá kom regn).

Maíus

2. Lagaði að nokkru leiti utan af húsi mínu, hef talsverða þvingun af bolgunni í vinstri augabrúninni.

3ja. Klauf í stóna allann daginn í gjær, fjekk bútonarsög hjá Hans, sagaði með Jón litla Benidikts. Jón Mæris sáði til kartafla, pabbi sáði í h. akur fyrir sig $1 1/2$ búseli.

5.-10da. Veikur af kýli á vinstri augabrúninni, sprakk í gjær (10) Gjerða fór þessa viku, utann kljúfa í Stóna upp á sumarið.

Sambúð ill mjer eikur trega
– alla vega.
Friður spillist, fargast stilling,
fjandanslega.

11. Sat heima. Fór upp á Mountain að spurja eptir brjefi. Valg. fór ofan til Þór-dýsar.

14. Fór á stað til Vinnipeg, kom til Jóns Gíslasonar kl. f. 4, Sigurð. Pjetursson var líka.

15. Komum í Pembína,

16. Á járnbraut til Vinnip.

17. og 18. Sat í besta fagnaði hjá Guðmundi Magnússyni fr. og Helgu Jónsd. konu hans, fann Margrjeti Benid. dóttir frá Tindum við ljeleg kjör, enn verri orðs-týr.

19a. Fórum út á Sípíar sáð vest.

20. Unnum hjá Moris.

21. Fórum til Gretna og vorum þar út þennan mánuð. Verkstjórinn hjet Frank Green. Vorum þar við línuna þennann mánuð.

Júníus

1. til 30 júní um 8 mílur frá Gretna. (24. skrifaði Valg. m. 4um sinnum í allt). Hjer bygga Menónítar (Rússakins). Fórum yfir Attinabo. Körinn voru sett á sviss 4ar m. frá Vinnipeg. (slípingskar = svefnkar.) Þar vorum við til 19da. þ.m. Kom í Vinnip sama kvöldið og gisti hjá Guðm.

20. Vorum um kjurt, að bíða eptir að draga á offísínu.

21. Dróum á offísínu.

22. Fórum á Hammetton Treininu. Komum þ. kl. 12 (miðdag), fórum í treinið kl. 8 f.m. geingum upp á Sandhæðir, með trúss okkar, einn emigrant var með okkur Albert að nafni gamall v.maður Sigurðar G.s.

23ja. Heim allir frískir.

24. Sat um kjurt.

25. Fór í Vík. 24 emigrantar Ísl. komu í Vinnipeg. 1 af þ. var Tómas frá Guðlögsvík og kona h. R. (Finnbr. M.) fór til Nýja Ísl., von á 200 em.g. að heiman með Sýra Jóni B.syni.

26. Fæddist dreingur. Hjá konu K. Kr.s. Byrjaði að skrifa Einari Jónssyni.

27. Fór uppí Vík.

28. (hálfann), 29., 30 og 31a. Við heyskap (lóta) hjá B. Einarssyni.

30. Sló Hans fyrir mig, um $1/2$ dag, rakað á rúm hv. degi.

Augustus

1. Við heylótunn hjá Byrni.

2an. Sat heima, hin mesta rigning sem menn vita hjer. Lak allt sem lekið gat, kjallarar filltust víða.

3ja. Jusum kjallarann og pældi ofan í hann. Viðrað allt úr húsinu, sem yfir varð komist, því allt vöknaði meira og minna.

4.-9a. Við heyskap fyrir mig þessa viku, í samfl. við Björn, hef unnið af mjer,

slæurnar líka, eptir að borga Hans sláttinn. Vantar enn 1 til 3 lót. Niður við Hammelton komið að uppskeru.

10. Fór til Jóns Gíslasonar eptir kveiti. Blómleg jörð, akrar að blikna, gras alvagsið.

11.-12a. Við heylótun hjá Byrni (1^{1/2} dag).

13da. Fæddist mjer dóttir kl. ^{1/2} 1 e.m.d. Hörð og stutt fæðing. Ef lifir heiti Herbjörg. Ljós móðir Jóhanna Skaptadóttir. Hans Sigurbjörnsson sókti hana. Valgerður mín furðu hress eptir því sem vant er, guði sje lof og þökk.

14. Lótaði nokkur lót með Byrni.

15a. Valg. m. mjög veik. Gripir Jóns Mæris tróðu akra Björns í nótt og kartöflur okkar Jóhannesar (pótetur).

16a. Heima manngangur mikill. Fólk hjer velviljað nema Ranka Mæris.

17. Valgerður mín skárrí. Herbjörg þessar nætur hjá Jóhönnu Brúer. Eingin brjef að heiman enn.

19. Varð Valgerður mín fjaska veik, nú 24. allgóð.

24. Fór upp í Vík að hlíða messu. Moreis kom að fala mig í vinnu, fer ef gjet.

28a. Vann ekkert, mörgum varð illt.

29. Vann h. Morri, fór seint á stað og villtist vestur fyrir Söffersbræður á hæð, sneri aftur og vyrta fyrir mjer Söffershúsið, komst svo heim.

30. Kvíldi mig.

31. Sunnud. Nonni kjemur heim á hverri helgi frá Sveinbyrni. Sv.b. misti kú. Nonni kann vel við sig. Valgerður mín kominn á fætur, Guði sje lof.

September

1.-6. Unnið hjá Johni Fransi Morri nema 5. fjell úr af rigningu.

7. Sat heima.

9da. Fór í þreskingu til Enskra, lítið þrest fyrsta og annan dag, fór heim seint á laugardagskvöldið. Kaup er 2 doll. 25 cent.

14. Lúinn, sat heima frammyfir miðdag. Finna Jón Gíslason þarf jeg, enn nenni því ekki. (Leyðinlegt líf: milli kvenna).

15. til 20. Optast við þreskingu úr sjökkum, og stundum að Stakka, vindar og regn бага opt.

21. Var heima framm undir kvöld. Nonni er búinn að vera 1^{1/2} dag að ríða í burtu strá, frá sömu maskinu (Baubu).

22. Hjá Gifins og Bill Gifins, Joa og Fransis Mori, orðinn hörð vinnna við þessa nýju maskinu, kaup, 2,25 c. á dag.

28. Heima. Hjer kom Jón Filipusson. Messað í Vík. Þóra Guðm.d. veik, byrjaði með uppsölu.

29., 30. -4a. Bara þrest ^{1/2} 1. dagur hjá Lang. Byrjaði á fjósbyggingu. Kom Einar læknir til Valg. m. Henni heldur að batna, meðölin kostuðu 75 cent.

Mjér leiðist mart og bágt fyrir mjer, en Guð er hinn sami í gjær og dag, hver

sem honum treistir vantar ekkert, hann sjer fyrir mjer nú sem fyrri. Mennt eru hjer óvanir við svona miklar og langstæðar rigningar, verkamönnum kvumleitt.

Október

- 6ta.-8a. Í þresking með Noskum, vinnulaus 9.-10a.
11a. Í vinnu hjá Jóhni Morten og Annri Giffins.
12a. Sat heima, Valg. mjög veik, mínar kringumstæður bágar, samkomulag bággt. Leiðinda líf.
13a.-14a. Hjá Anri Giffins.
15a og 16a. Hjá Jóni frænda.
17. Hálfan hjá mjer og hálfan hjá Guðm.
18. Og kvart og $\frac{2}{3}$ hjá Jóni Gíslasyni.
19. Sat heima. Svaf líka. Messaðar þrjár messur í Vík. Sveinbjörn Sigurðss. kom. Segir vel af Blakkill., frostminna m.fl.
20. Presti $\frac{1}{2}$ d. fyrir Björn. Svo við fjósið og kartöflur m.fl.
26a. Fór upp í Vík, Nonni kom úr vistinni frá Jobb með kaupíð 5 doll. (Skó á $1\frac{1}{2}$, húfu $1\frac{1}{2}$ og 2 doll. í peningum).
27.-30. Að gjera ýmislegt, kleyja húsið og hlúa að.

Nóvember

1. Atlaði að sækja kveiti til Reinalds, enn hann sveik mig. Ljet skrifa mig í söfnuðinn. Messað í Vík (varð ekki).
2. Í þreskingu hjá Vilhjálmi Reinald.
8. Fór í landleit upp með Túnguá. Gisti að Guðna.
9a. Skoðuðum löndinn, ákvarðaði mjer í Guðsn. 1 lot.
14. Fór að stað til Pembína, náði til Hammelton, gisti hjá Samsyni (seldur greiði).
15. Fjekk ræt til Pembína með Jóni Jónssyni ofan af fjöllum (25 ára gömlum) og aptur til Hammelton. Tók borgarabrjef (tvísór), rjetta upp hægri hendi. Brjefið kostaði $1\frac{1}{2}$ doll. Brjefin eru tekinn á korthúsinu í Pembína.
16. Til Sigurðar Gíslasonar.
17a. Fórum í landaleit: Eggert Sigurðsson, Björn Gíslason, kringum Guðna. Þar eru 5-8 lot ótekinn. Leist nú öllu miður á enn fyrri og hætti þar við landtöku. Fann fleiri lot og frjetti til þeirra, þar sem Björn atlar að setjast að, þarf að skoða þar.
18. Kom við í Vík, fór þaðann heim. Keipti í P. 15 [hundruð] S.I.d. 4 jörð. Skyrtu + 1 dal.
21. Fór í landleit. norð-austur af Ólsenslandi. Þar er skógarbelti ótekið að hálfu leiti, leist illa á []. Gisti hjá Byrni úr Bjarnarfyrði Gíslasyni.
22. Fór heim, var haltur. Bólginn tá, varð hastarlega illt, frostið var hroðalega hart, 30 gr. svona allt í einu.

- 23ja og 4. Hlúa að fjósi.
25. Fór til Sent Tómas (Sankti-Tómas) með 29 búsel kveiti, fjekk rúma 8 kveitisekki, 2 af Sjórt.
26. K. heim.
30. Skrifaði Einari Jónssyni Suðfjörð. Fórum hjóninn í Vík. Borgaði Haraldi 5 doll.

Desember

- 1.-6ta. Optast heima, hjó bók fyrir mig og Jón frænda. Fór í skuldheimtu. Mór-is borgaði mjer 10 d.
7da. Skýrð Herbjörg Þórðar og Valgerðar dóttir. Síra Hans Þorgrímsson skýrði Herbjörgu. Besti prestur, þó af sínódu sje, leggur af safnaði.
9a-12a. Við korð högg, eldiviðar högg. Korðið er 8 fet á l., 4 ál. 4 f. á br. og h. Ekki búinn með 3, því þetta er álmur.
13a. Vann á Kántívegi hjá Gamla Þorlákshúsi.
14. Byrjaði að sækja mjólk fyrir Herbjörgu. (1 pott á dag). Hjer er kallt í húsinu, hjer er svalt að lifa.
15da.-19. Við Korðhögg, búin 5 korð. (Þrjú úr álm, eitt úr ask).
20. Hjó mjer villó til eldiviðar, flutti heim 1 lót.
21. Frost er hart í fjósinu, fór eg veggi laga, með fleiru. Beiddi Sigurð Hallberuson útvega mjer 1 gallon steinolú. Hart er í bú hjá mjer enn, á 1 pott af mjólk, ekkert smjör, ekkert kaffi, enn kartöflur og kveiti. Það litla sem eg á hjá öðrum fæst ekki. Best er ekki að berja sjer, það bætir ekki forðann.
20. Fyrst fannkoma á sljettunum, í ökla skóg minna.
Kaldur vetur. Þá breitt er, fer ey betur.
25. Jóladagurinn. Fór til messu. Sra Hans sagðist vel.
26. Gleðiheimboð hjá Jóni Mæris frænda. Urðum hýrir af víni, dansað og sungið. Þar var jeg og fleira fólk. Frændi veitti sköruglega, var þó ekki vel viðbúinn, því menn komu með það fyrsta heim til Jóns og skorudu á hann um drykkjuveislu.
27. Saga í St. m. fl og hlaða snjó til skjóls.
29da til 31a. Heima við aðhlinningar og snjóbyggingar. Þar er búíð mitt kjæra íslenska almanak.

IX. Björn Halldórsson – Dagbók frá 1883-1884



Björn Halldórsson og kona hans, Hólfríður Einarsdóttir.

Björn Halldórsson fæddist á Ketilsstöðum í Hlíð í Norður-Múlasýslu 23. mars 1831. Foreldrar hans, Halldór Sigurðsson og Hildur Eiríksdóttir, fluttu að Úlfsstöðum árið 1834 en Björn ólst upp hjá ömmu sinni á Ketilsstöðum til 15 ára aldurs. Árið 1846 flutti hann svo til foreldra sinna og bjó hjá þeim þar til hann tók við búsföráðum á Úlfsstöðum árið 1858. Tveimur árum áður hafði hann kvænst Hólfríði Einarsdóttur. Þau bjuggu á Úlfsstöðum til ársins 1880 en þá fluttu þau að Hauksstöðum í Vopnafirði. Búskapurinn þar gekk ekki sem skyldi og veturinn 1883-1884 dvöldu þau á Seyðisfirði og sigldu til Vesturheims vorið 1884. Fyrst settust þau að í Norður-Dakóta en Björn tók sér land sunnan við Mountain, en þau bjuggu svo í

Winnipeg frá árinu 1897 til dauðadags. Björn og Hólmfríður eignuðust 9 börn en áður hafði hann eignast barn utan hjónabands með Kristínu Einarsdóttur, vinnukonu á Úlfsstöðum, árið 1850. Hólmfríður lést árið 1904 en Björn lést hjá dóttur sinni Ólöfu í Winnipeg árið 1920.¹

Björn hélt dagbók um 35 ára skeið, frá 1860-1894, og hafði það fyrir sið að skrifa stutt ársyfirlit í dagbók sína á gamlársdag.² Færslur eru daglegar og fjalla um hefðbundin efni eins og veður, ferðir og gestakomur og dagleg verk til lands og sjávar en lýsa auk þess miklum samgangi og hreyfanleika í samfélaginu og viðskiptum. Björn var sannkallaður þúsundþjalasmiður og dagbækurnar segja frá mörgu handverki hans. Hann óf mikið og seldi af-raksturinn til sveitunga sinna, smíðaði ljái og hrífuhausa fyrir bændurna í kring og smíðaði utan um þá líkkistur. Björn tók virkan þátt í sveitarstjórnarmálum og lýsir þeim ásamt helstu viðburðum í héraðinu, almennu heilsufari, mannsköðum, hvalreka og komu förufólks, svo eitthvað sé nefnt. Þegar Björn verður hreppstjóri, árið 1861, bætast embættisverk hans við í dagbókina. Ýmislegt er skráð í bækurnar, s.s. verklaun vinnufólks og verslunarprísar auk þess sem hann gerir reglulega yfirlit yfir matar- og heyforða búsinns og aðrar veraldlegar eigur sínar. Björn fjallar mikið um hvers kyns framfara- og félagsmál, enda fulltrúi síns héraðs á Þingvallafundi 1873 og forsprakki verslunarfélags og þjóðvinafélags í sinni sveit. Björn hélt einnig dagbók í um áratug í Vesturheimi og lýsir þar daglegu lífi sínu í nýja landinu, einkum atvinnu- og félagslífi, auk þess sem hann fjallar bæði um íslensk og amerísk stjórnsmál.

Kaflinn sem hér birtist hefst á Íslandi gamlársdag árið 1883 og spannar rétt ár í lífi Björns beggja vegna hafsins, hið „breitilegasta og merkilegasta ár æfi minnar“, eins og Björn segir sjálfur er hann lítur til baka 31. desember 1884.

1 Ármann Halldórsson, „Björn á Úlfsstöðum.“ *Múlaping* 4 (1969), bls. 152-159.

2 *Lbs* 3144-3148 8vo – Dagbækur Björns Halldórssonar 1860-1894. Sjá nánar í umfjöllun Svavars Hávarðssonar um Björn og líf hans í grein sem birtist í bókinni *Einsagan – ólíkar leiðir* og nefnist: „Dauðastund“, bls. 195-223.

Des. 31. SV. stórviðri og mesta rok, 10° +. Og þetta ár er liðið, nei það flýgur nú á vængjum vindanna frá oss út í haf eyllíðarinnar og kemur aldrei aftur upp úr hlydýpi tímans, það verður einungis geymt í endurminningu manna, eptir því sem það hefur komið fram og sýnt sig gagnvart hverju fjelagi og einstaklingnum.

Hér á Austurlandi var veturinn frá nýári og vorið til 4. júní í meðallægi. Flestir komu gripum vel fram þó víða væri illa á sett. En frá nefndum degi vors árið út var hin besta tíð og hagkvæmasta er menn muna. Heyforði og afnot gripa voru því í bezta lagi. Afli víðast góður, þó ekki góður afli hjer í Seyðisfirði, bæði vegna of mikils bátafjölda (um 250 í sveitinni) og svo beituskorts, því hafsildin aflaðist í minna lagi. Það sem af er vetri hefur tíð verið mjög óstilt, en yfirhöfuð góð og lítil ill snjór komið á jörð hjer eystra svo gripir hafa gengið úti til þessa að mestu. Heyafli var í haust í mesta lagi var því sauðfé lógað einkum í kaupstað.

Engin almenn veikindi hafa gengið. Hefur því hið liðna ár verið eitt, ef ekki að öllu hið bezta er menn muna. Útflutningur til Ameríku töluverður í sumar, einkum úr Húnavatns og Skagafjarðarsýslum. Eldur uppi, haldið í norðanverðum Vatnajökli, eingann skaða hefur hann gjört.

Verðlag hjer eystra:

a. innlend vara:

Snembær kýr í standi	100 til 120 kr. 00
Ær með lambi í far	16 – 18 – 00
Gemlingu	12 – 13 – 00
Áburðarhestar	50 – 60 – 00
Hvít ull í sumar ₣	80
Tólg	36
Vel verkað smjör	80
Harður fiskur vættin	
Saltfiskur stór pundið	25
Smáfiskur	19
Ísa	17
Meðalalús	59

b. útlend vara:

100 ₣ bankabygg	14 kr. 00
100 „ baunir	12 – 50
100 „ Rúgur.....	10 – 00
100 „ heilum hrísgrjónum	16 – 00

1 ☼ kaffi.....	55
1 „ Steinsikur.....	48
1 „ hvíta sikur	45
1 „ munntóbak	2 – 00
1 pt. Brennivíni	85
1 „ Steinolífu	25
1 tunna af ofn kolum.....	4 – 00
1 „ „ fisksalti	4 – 00
Meðaltal síðasta mánuð	0° – 11' +
„ allt árið	0° – 6' +

Vestdalseyri á gamlaársd.kv. 1883.

B. Halldórsson

1884

Janúar

1. þr. SV. gola, blíðviðri 6° ÷. Eg og fleiri fórum inná Öldu til að hlíða á guðsþjónustugjörð er Jón prestur Bjarnason heldur nú í Barnaskólahúsinu, því kirkjan á Dvergasteini er orðið ónýtt og of lítil til að halda í guðsþjónustugjörð fyrir söfnuð þessarar sveitar. Góður guð gefi að þetta ár verði oss sem best og blessunarríkast.

2. m. ANA. snjórytja, 1° ÷. Tólgaði á jörð, sem að mestu var auð í bygð. Eg gjörði bedda fyrir Sigurð faktor.

3. fi. NA. gola, bjartviðri að mestu, 2° ÷. Eg fjekk brjef og ávísun upp á 432 kr. frá Jóni bónda Rafnssyni á Búastöðum, eptir stendur af skuld hans 87.

4. fö. N. Stilt veður, 4° ÷. Eg ljet sækja hey af Brimnesi. Skrifaði í Vopnafjörð Halld. á Hauksstöðum, Árna á Hamri og Jóni á Búastöðum.

5. l. 11.v.v. Heiðr., stilt, 2° ÷. Björn póstur hjelt af stað til Vopnafjarðar, með honum sendi jeg brjef mín. Einnig hjelt heim til sín að Vallaneshjáleigu gamli Lúðvík Scou, eg ljeði honum Rauð minn, því hestfæri er hið bezta. S. er búinn að dvelja hjer á Eyrinni hjá Sig. faktor síðan í sumar í septemb.

6. s. Stilt, bjartviðri, 1° ÷. Eg fór inn á Öldu, var boðinn að vera þar við blisför og Álfadans er stóð frá kl. 6 e.m. til kl. 8^{1/2}. Það var góð skemtan. Eg kom heim kl. 11^{1/2}.

7. m. Stilt, bjartviðri, 2° ÷. Ekkert starfað.

8. þr. Sama veður, 0°. Eg gjörði við hefta fyrir Ólaf vert.

9. m. SV. helling, 1° ÷. Eg reið með Sigurði faktor inn á Öldu.

10. fi. Stilt, góðv., 1° ÷. Komu til mín kunningar mínir úr vikum Einar og Sveinn.

11. fö. V. gola, 2° ÷. Gestirnir hjer. Eg útvegaði Sveini Húsavík til ábúðar framvegis.
12. l. 12. v.v. Stilt í dag. V. þýðugola með kveldi, 2° +. Eg hefðaði skíði.
13. s. Þykt, stilt fr. V. vindur eptir miðdaginn og stórviðri með nóttu, 4° +. Messað í skólanum. Eg heima.
14. m. Stórviðri í nótt, lygndi með birtingu, svo logn og snjóhreyta eptir dagsetur, svo heiddi allt í einu og gekk í vestan stórviðri, 2° +.
15. þr. Að öllu sama veður og í gær, 1° +. Eg gjörði hjól í hesputrje.
16. m. Stilt, góðviðri, 1° +. Eg við hesputrjed.
17. fi. Sama stilling og góðviðri, 2° +. Eg fór með Sigurði faktor inn til Friðriks Wathne á bát.
18. fö. Sama veður fram að kv. Þá gekk í A. snjóhret, svo heiddi með vestanvindi, 1° +. Komu 2 menn úr Vopnafirði og færðu mjer brjef frá Vigfúsi borgara og fl.
19. l. Stilt fr., vestan stormur er á leið, 3° ÷. Eg mætti fyrir vottanefnd fyrir Sigurbjörgu Sigurðardóttur er stefnt hefur Einari bónda í Vestal. Sætt varð ekki á komið, málið lagt í gjörð. Var svo annar sáttamaður í skuldamáli millum Sigurðar Magnússonar og Sigm. Mattíassonar. Sætt komst ekki á, málið gengur í dóm.
20. s. Stilt fr. V. stormur með kv., 3° ÷. Eg skrifaði Vigfúsi borgara og Sigurði á Vakurstöðum.
21. m. Stilt fr., gekk er á leið í A. stórhriðarbál. Kl. 9 e.m. snjerist veðrið til N. og var ofsa stórviðri alla nóttina, 4° ÷. Í morgun lagði út hjeðan skúta til síldar og þorskveiða á Fáskr.firði (þar hlaðafli af síld og fiski), rjeri aptur í firðinum.
22. þr. N. rok, 3° ÷. [] mikill sjór. Eg gjörði járn í skreppuhjól hjá Þórarni járnsmið.
23. m. NA. kafalds stórhrið, 4° ÷. Eg lauk við hjólið.
24. fi. N. stormur og renningur, 12° ÷. Eg skrifaði Guðvaldi á Hámundarstöðum.
25. fö. Þorri. NV. bjartviðri, 8° ÷. Skýrður Þorlákur, sonur Sigurðar factors, hann fæddist á Þorláksmessu s.l. Skýrnarvottar Einar sýslumaður og Kristján faktor Hallgrímsson. Skýrnargildið stóð fram á nótt. Skildum við gestir allir góðgláðir. Fóru uppyfir Vopnfirðingarnir sem komu 18. þ.m. Eg skrifaði einnig með þeim Guðmundi á Syðralóni á Langanesi, áður á Grímsstöðum. Frjettist um hrakfarir hjeraðsmanna er lögðu uppyfir með hesta 23. þ.m. Voru 7 saman, komust 4 til bæa eptir 3 dægur, þá vantaði 3 menn, sem haldið er að sjeu dauðir, allir hestarnir og flutningur eptir á fjalli. Haldið er að úti hafi orðið Björn Jóhannesson á Vestdalsheiði 21. þ.m.
26. l. 14. v.v. NA. snjóhriðarslitringur, 8° ÷. Komin mesta snjókýngi. Eg lengst af hjá Sigurði.
27. s. NA. snjóhrið og stormur, 3° ÷.
28. m. Sama veður, 6° ÷. Eg skrifaði Gesti kand. Pálssyni, ritstjóra Suðra.
29. þr. NA. snjórytja og renningur, 5° ÷. Eg gjörði mjer hefil.

30. m. NA. snjóhreyta, logn að mestu, 4° ÷. Kom út hjer í prentsmiðjunni 4. blað „Austra“.

31. fi. NV. hjartviðri, 10°-. Eg skrifaði Stefáni presti mági mínum. Og Jóni Hall á Starmýri og sendi honum úr er jeg ljet gjöra við fyrir hann.

Meðaltal þ.m. 2° – 8' ÷.

Febrúar

1. fö. Heiðr., vestangola, dróg úr frostinu að kveldi, 4° ÷.

2. I. 15. v.v. V. þýðvindur frammað miðd. Þá skall yfir á vetvangi NV. snjóhríð-arbilur, koldimmur með feikna stórvíðri, birti eftir kl.tíma, 0°. Póstur fór norður.

3. s. Stilt góðv. framað kv., þá gekk snögg. í V. stórvíðri, 1° +. Við Sigurður faktor fórum inn á Öldu og skemmtum okkur þar í kveld.

4. m. Stilt, góðviðri, 0° í dag, V. stormur með nóttu. Við S. hjeldum heim að áliðnu, fylgdu nokkrir kunningjar, hjer skemt sjer til miðrar nætur.

5. þr. V. stormur, heiðr., 3° ÷. Eg lengst hjá Sigurði.

6. m. V. gola, heiðr., 5° ÷. Eg ljeði menn í leit að Birni sál. Jóhannessyni, er úti varð á Vestdalsheiði nóttina milli 21. og 22. f.m.

7. fi. A. stormþemba og snjóhríð er á leið, en birti með vestanvindi kl. 9 e.m., 4° ÷. Eg gjörði gafl í færirúm fyrir Ólaf vert.

8. fö. V. stormur og snjóryk 4° ÷. Voru hjer í dag og verða í nótt Sigurður á Brimnesi og Jón í Nóatúni.

9. I. 16. v.v. NV. stilt fr. NA. snjóspýa er á leið, 3° ÷. Sigurður og Jón fóru.

10. s. Stilt framanaf. N. stormur er á leið, 3° ÷. H. minn fór inná Öldu og verður þar í nótt.

11. m. N. stormhraglandi með jeljum, 3° +. Eg ljet hvolfu upp bát til að sækja hey, en ljet snúa frá vegna veðurs. H. minn kom.

12. þr. Stilt fr. kl. 11, gekk í ANA. kafaldsbil, með nóttu gekk í SA. vatnshríð, 0°. Hey náðist að utan við illan leik.

13. m. SA. vatnshríð, 3° +. Eg hefлаði skíði.

14. fi. Stilt fr. S. hvass er á leið, 4° +. Eg lauk við skíðin, 6 pör.

15. fö. S. vindur, 5° +. Eg sakti fyrir okkur Sigurð faktor 6 plánka útá Hánefsstaðaeiry sem eiga að fara í kyli og stefni í báta. Kom úr Vopnaf. ferð sinni Björn póstur, fór rjett eptir nýár, færði hann mjer brjef frá Halldóri tengdasyni sínum og 300 kr. ávísun, einnig br. frá Jóni prófasti á Hofi. Vigfúsi borgara og Sigurði á Valhússtöðum er skýrði mér frá að hann sé búinn að selja minn part úr Háleksstöðum Kristjáni Jóhannssyni frá Hólsseli fyrir 3300 kr. Halldór hefur einnig selt honum sinn part.

16. I. 17. v.v. S. vindur, 5° +. Eg ætlaði að birja á að smíða báta handa mjer og Sigurði faktor með Þjetri Sigfússyni, þeim besta bátasmið, sem hjer er nú álitinn, en hann var á „túr“ (fullur).

17. s. S. þýða, 4° +. Rekdahl norðmaður og nábúi minn heimsótti mig með

konu sinni. Eg tók honum eptir föngum. Síðari part dagsins skemti jeg mjer hjá Sigurði faktor frænda.

18. m. SA. vindur og regn, 4° +. Eg byrjaði á bátunum. Pjetur fullur.

19. þr. S. veðr., 3° +. Eg gjörði kyli og stefni.

20. m. A. stormur og rigning, 4° +. P. kom í verk. Við reystum bát.

21. fi. A. stormur og stórrigning, 3° +. Við P. við bátana. Von á pósti, hann ekki kominn. 5. nr. Austra kom út í dag.

22. fö. A. stormur og rign. fr., styttað er á leið, 3° +. Miklar reiðir í nótt, þrumur. Við P. við sama. Komið síldarveiðaskip hjer frá Noregi, hefur aldrei skeð fyrr á þorra.

23. l. 18. v.v. Þykt logn, snjódrífa, 0°. Við P. við bátinn.

24. s. Stilt góðviðri, 0°. Við S. faktor fórum inná Öldu og fl. Vorum við messu, síðan boðnir að hlíða á samsöng (Concert). Eg fór heim í nótt. S. eptir.

25. m. Heiðr., stilt, 1° ÷. Við P. að smíða. Hjer sleginn „Kötturinn úr tunnunni“. Það tafði okkur.

26. þ. Heiðv., frost, 5° ÷. Þyðnaði er á leið, meðaltal 2° ÷. Við P. við bátinn.

27. m. Öskud. S. þýða, 2° +. Eg sóktur af öldunni að gjera við kaldar fætur á manni.

28. fi. S. þýða, 4° +. Við P. að smíða. Haldinn dansleikur hjá Ólafi gestgjafa í kveld og nótt. Þar voru börn hans og eg um stund.

29. fö. Sama veður, 4° +, orðið snjólítið í bygð. Við P. gjörðum ekkert, hann var á „túr“, en gestagangur mikill hjá mjer.

Meðaltal þ.m. 0° – 41' +.

Marts

1. 9. v.v. Stilt góðviðri, 0°. Við P. við bátinn. Björg dóttir gekk norður í Loðmundarfjörð. Ólafur fylgdi.

2. s. S. hvass fr., lygnði er á l., 4° +.

3. m. SA. rigning, 3° +. Við P. við bátinn.

4. þr. S. rign. fr.. stitti og góðv. síðari hlutan 3° +. Við við bátinn. Kominn afli undir bjargið.

5. mi. Stilt, heiðr. blíða, 2° +. Við P. lukum við bátinn. Róið. Ólafur vinnur til hlutar hjá Sig. Faktor, fékk 13 í hlut.

6. fi. Stilt fr. svo gekk í S. regnrosa, birti og heiddi með nóttu, 2° +. Við P. reystum annan bát.

Eldri kúnni haldið.

7. fö. Stilt fr. Um miðjan dag gekk í A. snjódrífu og með kv. N. hríðarbil, er hjelst til miðrar nætur, 1° ÷. Kom frá Noregi gufuskipið „Vaagen“ með vörur til Imerlands factors. Við P. við bátinn.

8. l. 20.v.v. Stillt, heiðríkt fram að kv. Þá gekk í SA. bleytu með stormi, 1° +. Við P. við bátinn fram að miðdegi, þá fór hann á „túr“.

9. s. A. stormur og bleytuhríð, 2° +.
10. m. A. sama veður, 2° +. Eg einn við bátinn. P. enn á túr. Kom gufuskipið Nordkaup. Lie.
11. þr. A. stormur og snjóbleyтуhríð fr., lygnði og stitti upp er á leið, 2° +. P. kom um hádegi í verk með mjer.
12. mi. A. stormur og rigning, 4° +. Við P. við bátinn.
13. fi. A. sama veður, 4° +. Við við bátinn.
14. fö. Stilt blíðviðri, 4° +. Róið, eg fjekk 9 í hlut. Við lukum við birðing og settum í hástokka.
15. l. 21. v.v. Stilt blíðviðri, 2° +. Við P. að binda innan bátinn.
16. s. Stilt, þykt., 4° +. Eg fór á bát inná Öldu og síðan með Sigurði faktor út til Þórarins járnsmiðs að skoða rennibekk sem hann hefur gjört í vetur og er mesta snildarverk.
17. m. S. gola, 7° +. Við P. að binda innan bátinn.
18. þr. V. gola framan af, útræna með kveldi 5° +. P. við bátinn. Eg fór á bát inná Öldu og tók út í Liverpool vörur upp á 89 kr. er Gísli bóndi í Hof[] átti þar inni, en verzlunin þar, Sv. Jakobsen & Co. er fallítt.
19. m. NV. Við P. hálfann dag við bátinn. Kastaði úr jeli í morgun, 1° ÷. Haldinn fundur til undirb. aðalsveitarfund hjer á Eyrinni til að taka takmarka bátafjölda og yfirgang norðmanna og færeyinga hjer í sveit.
20. fi. N. stormur, 4° ÷. Við P. lukum við síður í bátinn Sig. faktors.
21. fö. V. gola, 0° +. Sigurður faktor fjekk í 2 net í morgun og gærmorgun mik-ið af hafsíld, í dag voru saltaðar af henni 45 tonnur. Eg gjörði kjöl í bát sem við P. ætlum að byggja handa sjálfum mjer, en hann fór á drykkju „túr“.
22. l. v.v. S. blíðviðri, 4° +. Hjer haldinn fundur í dag, sóttu hann allir bændur, þurrabúðarmenn og faktorar. Var það takmark fundarins að takmarka og setja fastar reglur báta og líka fjölda útvegsmanna til þorskveiða allra sem löglega búsetu hafa, en fyrirbyggja sem mest ólögmetu setu og fiskiúthald útlendra, svo sem norðmanna og færeyinga. Eg var af öllum kosinn fundarstjóri.
23. s. S. blíðviðri, 5° +. Bindindisbarnaball inni á Öldu.
24. m. Stilt, hjart, 0°. Við P. byrjuðum bátinn. S. faktor búinn að fá 68 tonnur síldar í 2 lagnet, á Petersen kapt. annað, en S. hitt. Ólafur hefir verið þar í vinnu 21. þ.m. og í dag.
25. þr. Einmánuður. 54. afmæli mitt. NV. gjörði snjójel í nótt, 0°. 2. dagur okkar við bátinn. Yngismenn halda ball hjá Vertinum. Eg gat eingann þátt tekið í þeirri gleði.
26. m. V. gola, heiðr. að mestu, 0°. Hjer mesta kaupstaðarös, allir að sækja korn, því besta leiði er á sjó og landi með hesta. Eg einn við bátinn, P. á drykkjutúr.
27. fi. Stilt blíðv., 1° +. Við P. við bátinn. Eg fjekk brjef frá Vigfúsi borgara og 400 kr. ávísun.
28. fö. S. gola og blíðv., 2° +. Róið, eg fjekk 30. Kom gufuskipið „Bergljót“. Eg sóktur af Öldunni til [], lítið gjört að bátnum. P. við 1/2 dag.

29. l. 23. v.v. SA. stormur og rigning, 3° + . Ekkert unnið að bátnum. P. á „túr“.
30. s. A. stormur og regnslitringur, 2° + . Eg fór með Péttri og konu hans inná Öldu, hún ætlar með gufuskipinu „Bergljótu“ til Reykjavíkur.
31. m. A. stormur, þykt, 2° + . Við P. að byrða bátinn. Róið, eg 16 í hlut. Meðaltal þ.m. 2° – 6' +.

Apríl

1. þr. N. logn, góðviðri, 1° + . P. á túr frá kl. 12, jeg einn við bátinn.
2. m. N. stormur, 1° ÷. Við P. við bátinn.
3. fi. N. hjart stilt fr. NA. snjóritja er á leið, 2° ÷. Við P. lukum við birðing, settum í hástokka og byrjuðum að binda innaná. P. búinn að vera alls 6 daga við minn bát. Eg er búinn að borga honum 12 kr. 16 au.
4. fö. Stilt þykt, 2° ÷. Róið, aflaðist lítið. Eg einn að binda bátinn. Mjer birt pólití rjettarstefna. Jónas Samsonarson hefur kært mig fyrir meiðyrði, næstl. sunnudag inná Öldu. Mjer hefur aldrei fyrr verið stefnt á æfi minni.
5. l. 24. v.v. A. snjókaftaldshríð, 0°. Eg lauk að mestu við að binda bát minn.
6. s. A. vætuhríð fr. Stilt góðviðri er á leið, 6° + . Eg heima.
7. m. Stilt góðv., 4° + . Haldinn almennur fundur hjer á eyrinni í fiskveiðamálinu, eg kosinn fundarstjóri. Var frumvarp nefndarinnar, er samið var 31. þ.m., samþykkt af flestum (eg var formaður í nefndinni). Fundur stóð fram á kvöld.
8. þ. Stilt en bleytuyrja fr., gekk í V. golu með nóttu, 4° + . Eg við bátinn framman af, fór að áliðnu inn á Öldu á bát með minni og mætti í meiðyrðamálinu, bauðst til að borga stefnuvottum 1 kr. og sýslumanni 1.41a. (alls 2 kr. 41a.) fyrir uppátæknum kjærunnar, en afsagði að borga einn eyri í sekt, að þessu gekk Jónas, vorum svo sáttir.
9. m. V. þýðviðri, 6° + . Eg lauk við bát minn að smíð, fyrir utan árar, mastur, stýri og önnur áhöld. Báturinn er vandaður og þykir snotur.
10. f. Stillt, Stilt góðviðri, 4° + . Margir hjedan af eyrinni riðu í hjerað og ætla að vera þar um páskana. Eg verð þann dag hjá S. faktor.
11. fö. Stilt, heiðr., blíða, 0°. Eg sat heima.
12. l. Sama blíða, 1° + . Róið, eg fékk í hlut minn 40. Eg fór að áliðnu á bát með Runólfi í Húsavík norður í Loðmundarfjörð, var þar vel fagnað af gömlum kunningjum.
13. s. Páskahátíð. Heiðr., blíða, 2° + . Eg gekk frá Nesi inn að Stakkshlíð og svo að Sævarenda og gisti þar. Var alstaðar vel fagnað.
14. m. SV. blíða, 5° + . Eg gekk aptur út að Nesi, fjekk mig svo settann að Brimnesi, þaðan að Selstöðum, gekk svo heim. Í morgun hafnaði sig hjer á Eyrarlegunni verzlunarskip Gránufjelagsins Hertha, fyrir 4 dögum kom „Hermaður“ til Tostrupsverslunar, nokkru áður „Gilda“ til norsku verzlunarinnar. Gufuskipið „Bergljót“ kom frá Reykjavík með því fréttist að Dvergasteinn er veittur Birni presti Þorláks-syni á Hjaltastað.

15. þr. N. gola, 1° +. Róið, eg fjekk 4 í hlut. Setti drag undir nýu báta Sigurðar faktors.

16. m. Stilt góðv., 2° +. Eg málaði innan báta Sigurðar.

17. fi. V. gola, blíðv., 5° +. Eg við báta S. fram að miðd. fór svo inn á Öldu og keypti á uppboði þar vandaða kommóðu fyrir 24 kr. handa B. dóttur. Róið í morgun á bát mínum, kom að í kveld með yfir 500 af þorski og öðru þar af jeg tvo fimtu eða liðleg 200.

18. fö. NV. gola, 2° +. Eg yfirmálaði annann bát Sig.

19. I. S. fr. NV. kreppingskúrir er á leið, 4° +. Eg gjörði möstur á báta Sig. og skautaði árar á annann þeirra.

20. s. Stilt með skúrum, 4° +.

21. m. SA. þykt fr., birti er á leið, 4° +. Eg var illt í hægra auga af kveisu, eða gigt svo eg gat lítið gjört.

22. þr. SV. þykkt og mikil rigning er á leið, 4° +. Eg fór að áliðnu inn á Öldu og kláraði í Liverpool viðskipti við fallitt verzlun þar fyrir Þorstein í Höfn, hann átti hjá verzlun þessari 23 kr. Eg skrifaði til þeirra er voru þar í skuld:

Egils á Bakka	58 kr. 00
Einars í Breiðuvík	11 – 51
Jóns Björnssonar	58 – 00
Sigurðar á Hólalandi	50 – 00
Tók út ullardúk 30 ál. ...	30 – 00
2 sjöl á 9.50 og 12.50 ...	22 – 00
Brjósthlíf	1 – 50
Stálpenna	10

231 – 11

23. m. Síðasti vetrardagur. A. kul, hjartviðri, 6° +. Eg gjörði að bát fyrir Jósef Davíðsson. Var þó mjög verkti í auganu. Þá er nú tíðin, einhver hin besti og blíðasti vetur er menn muna. Almenn heilbrigði hefur verið hjer eystra. Gripir í bezta standi, hefyfyrningar þó í langmesta lagi Afli töluverður hjer á austfjörðum víða í marz og apríl, bæði af síld, þorski og ísu.

24. fi. I. v.s. Sumardagur fyrsti. Stilt, hreiðr. að mestu, 6° +. Góð og gleðileg sumarkoma. Allir höfðu frídag og skemtu sjer. Bygð er alauð og farið að gróa. Allir gripir, nema kýr, liggja úti. Hjer nú aflalaust en á Reiðar og Fáskrúðsfirði mikill síldar og fiskafli.

25. fö. ANA. þykt, gola, 1° +. Eg gjöri árar á annan bát Sigurðar.

26. I. Þykt, lítil gola, 10° +. Eg starfaði ekkert, var vesæll í auga.

27. s. Stilt blíðviðri, 6° +.

28. m. Sama veður, 6° +. Kom í morg. Halldór teingdasonur minn og B. Runólfsson með honum. Eg fór með Halldóri inn til Otto Vathne. Fengum hann til að senda í sumar skútu með timbur, kartöflur, kol og salt á Vopnafjörð. Kom litli Hjálmar, faðir hans og fl. úr Mjóafirði.

29. þr. S. góðviðri, 8° +. Eg gjörði ekkert vegna gesta. Halldór fór í kveld.
 30. m. ANA. streggingur og lítið regn, 4° +. Eg keypti nýtt barómeter á 28 kr.
 Meðaltal þ.m. 3° +.

Maí

1. fi. 2. v.s. A. stormur og stórrigning, 3° +. Kom „Rósa“ verzlunarskip Gránufjelagsins af Akureyri á útleið til hafnar.
 2. fö. ASA. stormur og rigning, 3° +. Eg við að setja upp línur.
 3. I. NA. stormur og snjóbleytuhríð, 2° +. Eg gjörði 13 hrífusköft. Fór úr vist frá mjer Ólafur Jónsson, hefur verið í vist hjá mjer síðan Öskuvorið 1875, eða 9 ár. Kom þá til mín unglingur fremur táplíttill er nú orðinn þrekmaður vel í meðallagi og fremur vel verki farinn einkum við landvinnu, fjármaður góður, sjerlega trúr og ráðvandar í öllu, yfir höfuð góður drengur.
 4. s. NA. snjóhríð, 2° +. Eg skrifaði Jóni prófasti á Hofi og gjörði honum grein fyrir arfalöð Sigurðar heitins Einarssonar og fól honum á hendur umsjón á Felli fyrir S. faktor.
 5. m. N. snjóveður en glórbjart, logn að mestu, 1° +. Eg gjörði hrífusköpt.
 6. þ. N. hægviðri, snjóhreyta, 2° ÷. Eg við koffortasmíð með og fyrir Vigfús snikkara.
 7. m. Sama veður, 2° ÷. Eg skrifaði sjera Jóni á Hofi um Bjarnarey. Fór fyrir Sigurð faktor um borð í „Thelegraphen“ (skútu sem Gránufélagið á) og setti lítið stykki í þilfarið.
 8. fi. 3. v.s. N. með hægviðrisjelum, 2° ÷. Eg gjörði stýri fyrir nýja bát minn.
 9. fö. Kóngsbænad. Stilt góðv., 2°+. Hjer mikið að gera.
 10. I. Stilt góðv., 2° +. Eg fór inn til Otto Watnes og þaðan inná Öldu og átti í illdeilum við Teit úrsmið.
 11. s. NA. snjóreytja fr. bjartv. er á. 4° +. Messað á Dvergasteini og fermd 14 börn, þar á meðal Magnús sonur minn. Kom „Grána“.
 12. m. N. stormur, 0°. Hjer haldinn sættafundur millum kaupmanns A.E. Lie og Bjarna Siggeirssonar í skuldamáli, sætt [] ekki á komið. Eg var annar sættamaður í stað sjera Jóns.
 13. þ. N. kulda gola, 1° ÷. Von póstskeips.
 14. m. Sama v., 2° ÷. Eg fór að Dvergasteini með Birni presti Þorlákssyni, sem þangað flytur og fjekk loforð fyrir bletti við [].
 15. fi. 4. v.s. N. hæg. fr., stormur er á leið, 0°. Kom fyrstu ferð seint í dag póstgufuskiði Thyra. Komu með því margir ferðamenn, þar á meðal Jakob kaupmaðu Helgason sem við fengum í fyrra með vörur á Vopnafjörð. Kom enn með vörur og ætlar að setjast þar að, með honum var Björn frá Burstarfelli.
 16. fö. N. hæg. v., 1° +. Eg fór aptur inni póstskeip. Það fór til Vopnaf. kl. 1 e.m. og með nokkrir hjeðan til Vopnaf.
 17. I. N. hroðastormur fr., dróg úr veðri um dagmál, 3° +. Eg reið fyrir Sigurð

faktor að Selstöðum og útvegaði 4 færeyingum þar húsnaði. Grána sigldi hjeðan til Englands.

18. s. N. snjóhríðarhaglandi með stormi, 0°. Kom norskt gufuskip.

19. m. NV. gola, bjartviðri, 2° +. Kom Jón Hallgrímsson frá Vakurstöðum, eg lánaði honum 30 kr.

20. þr. A. gola þykt, 4° +. Eg sókti með Magna mínum 100 pund af töðu útað Selstöðum á bát.

21. m. A. snjóhreita fr. góðviðri um miðjan dag, regnslítr er á leið, 5° +. Eg vesæll af gigt. Koma til mín Sigurður vinur minn Sæmundsson og Margrjet frænka í Baldurshaga með dætur sínar.

22. fi. 5. v.s. A. bleiturytja, hægviðri. 5° +. Eg við ýmislegt smávegis.

23. fö. Stilt, sólskin, 8° +. Eg málaði ynnan bátinn minn nýa, fór svo í fransk-ar fiskiduggur og keypti 24 sprökuhausa og um 8 pund af brauði fyrir 2 pund af kaffi og 4 þör vetlinga 2 kr. 60°.

24. l. Stilt blíðviðri 8° +. Eg fór á bát til Loðmundarfjarðar, gisti á Sæfarenda.

25. s. Sama blíða, 10° +. Eg fékk mig settann í Húsavík. Þessa ferð fer jeg fyrir Jónas prest á Skorrastað, sem nú er eigandi Húsavíkureignarinnar.

26. m. Heiðr., blíða, 12° +. Eg í Húsavík.

27. þr. Sama blíða, 12° +. Ljet setja mig á bát í Breiðuvík, ljet taka út Litluvík fyrir Jónas prest og setti þar.

28. m. Stilt, heiðr., blíðviðri, 12° +. Eg ljet taka út og meta álag á Húsavík, álag-ið als 331 kr., á Litluvík 12 kr.

29. fi. 6. v.s. Sama blíðan, 12° +. Eg í Húsavík að jafna deilur og koma sam-komulagi á millum Runólfs er frá fer og Sveins er við tekur jörðunni.

30. fö. Stilt fr. N. stormur er á leið, 6° +. Eg var settur á Álfstavík, gekk svo það-an að Nesi, ætlaði að setja landamerki þar á milli en kom ekki sættum á, því innri Álfstavíkin er gamalt þrætuland, hlýtur þar að fram fara merkjadómur. Eg fór inn-að Stakkahlíð.

31. l. ANA. snjóhaglandi, 2° +. Eg var settur yfir Loðmundarfjörðinn í Borg-arnes, gekk svo að Brimnesi. Þaðan fjekk eg hest heim.

Meðaltal þ.m. 3° – 33' +.

Júní

1. s. Hvítasunna. N. snjóhaglandi, 0°. Messað á Dvergasteini, Jón prestur Bjarnason kvaddi sóknarmenn. Ætlar til Ameríku.

2. m. N. bjartviðri, 1° +.

3. þr. Stilt heiðr. fr. A. þykt er á leið, 6° +. Við Sigurður faktor fórum í duggu og vorum þar lengi við veitingar, svo fór kapteinn með okkur í land og þáði af okkur veitingar á móti.

4. m. A. gola. Þykt, 6° +. Mjer var birt stefna og klögun frá Teiti úrsmið Ingi-mundarsyni.

5. fi. 7. v.s. A. stilt góðviðri, 8° +. Eg mætti og Teitur á skrifstofu sýslumanns og gekk inná sætt og borga til sveitar 15 krónur.

6. fö. Stilt góðviðri, 6° +. Hjer berst nú mikill afli á land, en sækja verður hann á haf.

7. l. Heiðr. hafgola, 6° +. Eg lagði inn það lítið jeg á af saltfiski.

8. s. Heiðr. stilt hafgola, 8° +. Sjera Björn Þorláksson messaði í fyrsta sinn í kirkju sinni hjer á Dvergasteini, honum veitt, því sjera Jón fer til vesturheims.

9. m. Sama veður, 10° +. Eg gjörði 4 árar fyrir Ólaf Ásgeirsson, bjó mig svo til Vopnafjarðar, ætla að halda uppyfir í nótt.

10. þ. Stilt blíðviðri, 10° +. Eg kom í hjerað kl. 9 f.m. hjelt yfir fljótið að Rangá, þaðan í Fossöld. Þá orðinn þreittur og sífjaður.

11. m. Stilt góðviðri, 10° +. Eg hjelt út Jökulsárhlið og riðu með mjer kunningjarnir bæ frá bæ um háttatíma lagði jeg á Hellisheiði.

12. fi. 8. v.s. SV. blíðviðri, 11° +. Eg hvíldi í Böðvarsdal hjá Runólfi bónda en kona hans er frændkona mín. Hjelt svo inneptir að Hrappsstöðum.

13. fö. Stilt, 8° +. Eg á Hrappsstöðum fram að kveldi reið svo um Hof í Hauksstaði til Halldórs teingdasonar míns og Margrjetar dóttur.

14. l. Stilt góðviðri, 8° +. Eg á Hauksst. en reið og hjónin með mjer að Burstarfelli og svo til baka.

15. s. Stilt góðviðri, 10° +. Eg um kjurt.

16. m. V. vindur, 12° +. Eg um kjurt. Kom alfarinn að Hauksstöðum. Kristján bóndi Jóhannsson er nú er fluttur hingað og kaupir jörðina af okkur Halldóri fyrir 5500 krónur.

17. þr. V. vindur, 12° +. Eg hjelt út Vesturárdal, líklega í síðasta sinn á æfinni og kvaddi kunningjana, til Vopnafjarðar, með mjer hjónin Halldór og Margr. dóttir, alfarinn frá Hauksstöðum að Strandhöfn.

18. m. Sama veður, 11° +. Eg á Vopnafirði. Kristján borgaði Hauksstaði.

19. fi. 9. v.s. V. vindur, 12° +. Eg fór að áliðnu af Vopnafirði með Björn son minn og eptir að eg hafði veitt móttöku jarðarverðinu 3300 kr. og því sem jeg átti inni hjá Valdimar faktor 120 kr. Vigfúsi borgara 40 kr. hafði lánað Halldóri tengdasynt mínum 1000 kr. í gulli. Þar að auki á jeg hjá honum 470 kr. 76 a, alls 1470 kr. 76 au. Reið jeg í Hof að kveðja Jón próf. og konu hans og börn. Gisti þar.

20. fö. SV. vindur, mesta leysing, 14° +. Eg reið í Hrappstaði var þar á uppboði á búi V. Oddsens og hjelt það að mestu fyrir hreppstjórnann.

21. l. SV. vindur, 14° +. Komst með illan leik yfir þverárnar að Krossavík.

22. s. SV. blíðv., 12° +. Eg komst með illan leik yfir þverárnar að Böðvarsdal með Runólfi bónda, hjelt svo á Hellisheiði og að Hjaltastöðum í hlið, mínar æskustöðvar.

23. m. Þykt stilt, 6° +. Eg hjelt fram hlið að Hrafnabjörgum, komst ekki yfir Laxá. Borgaði Guðr. þær 80 kr. sem hún átti hjá mér.

24. þr. ANA. stormhraglandi, 4° +. Eg hjelt [] Hallfreðarstaði, var um stund hjá Páli kunningja mínum Ólafssyni. Þaðan hjelt jeg yfir Lagarfljót að Eyðum.

25. mi. NA. stormur í bygð snjóhríð á fjöllum, 2° +. Eg hjelt heim, og fór Vest.
 26. fi. 9. v.s. Stilt góðv., 8° +. Eg heima, tók að búa mig undir Ameríkuferð.
 27. fö. Sama veður, 8° +. Eg reið inn á Öldu til að fá sýslumann til að selja bú mitt við uppboð.
 28. 1. Stilt góðviðri, 10° +. Eg bjó undir uppboð og fl.
 29. s. A. sældra, 8° +. Eg var heima.
 30. m. Stilt góðviðri, 8° +. Eg við ýmislegt smávegis.
 Meðaltal þ.m. 8° – 20' +.

Júlfús

1. þr. Stilt blíðviðri, 10° +.
 2. m. Sama veður, 10° +. Eg bjó undir uppboðið.
 3. fi. 11. v.s. Stilt heiðr., 12° +. Eg ljet selja við uppboð alla dauða muni er jeg átti og flyt ekki með til Ameríku, seldist allvel um 480 kr.
 4. fö. Sama veður, 12° +.
 5. 1. Sama veður, 10° +.
 6. s. Þykt stilling, blíðviðri, 10° +. Eg með öllu hyski mínu við kirkju, líklega í síðasta sinn á Íslandi, svo reið eg að Selstöðum og kvaddi þar mitt gamla vinafólk.
 7. m. Stilt veður, 10° +. Eg var að búa mig undir Ameríkuferð.
 8. þr. Sama veður, 10° +.
 9. mi. Stillt góðviðri, 8° +.
 10. fi. 12. v.s. Sama veður, 8° +. Eg að búa mig undir Ameríkuferðina.
 11. fö. Stilt, þoka framan af, 10° +. Kom kl. 10 f.m. Póstgufuskipið „Laura“ sem vesturfarar, jeg og fleiri ætla með.
 12. 1. Stilt þykt fr. NV. stinn. eptir miðd. Skipið lagði af stað kl. 12 hjeðan af Seyðisfirði og kom kl. 4^{1/2} á Eskifjörð. Þaðan farið kl. 10 e.m. á leið til Berufjarðar. Með skipinu fóru margir Vesturfarar, að tölu 19, þar á meðal Jón prestur Bjarnason með konu og 3 fósturbörn og við Hólmfríður sem og 5 börn okkar: Ólöf, Guðrún, Magnús, Björn og Halldór. Þungur er mjer skilnaður við vini og kunningja.
 13. s. NV. gola. Komum kl. 5 f.m. á Berufjörð. Þaðan kl. 8 f.m. Þá gekk upp SA stormur. Stefnan var tekin til Færeyja. Eptir sem á leið daginn jókst stormur og sjógangur er hjelst til miðrar nætur. Farþegar mjög sjóveikir. Ísland hvarf sjónum manna kl. 10^{1/2} og jeg sá eptir því sárum tárur í síðasta sinn.
 14. m. Sama stórvíðri og hroðasjógangur. Við saúm Færeyjar kl. 4 e.m. Fórum suður með þeim vestanverðum og lögðumst vegna veðurs. Vestmannahöfn kl. 6. Komum þar í land. 2 sölubúðir, skoðuðum kirkju. Mikil trúrækt.
 15. þr. SA. stormur og stórsjór. Leystum kl. 3^{1/2} f.m. og hjeldum austur mót veðri til Klakksvíkur. Þar komið 9^{1/2}, tekið vatn. Þaðan á leið til Þórshafnar. Kl. 12 á Þórshöfn.
 16. m. SA stormur og þoka. Frá Þórsh. kl. 4 f.m. Komum á Trönuvog kl. 7 f.m. Jeg fór í land, hitti og kom inn hjá íslenskum hjónum, sem hafa búið í 20 ár, Guð-

brandi snikkara og Sigríði konu hans. Drakk hjá þeim öl og mjólk, svo hjá færeyskum bónda, er skilur og talar íslensku og þekti vel fornsögur okkar. Frá Trönuvog kl. 2^{1/2} e.m. Þá var SA. stormur og stórsjór er hjelst til miðrar nætur. Um tíma varð að halda í rjett vegna storms og sjávangangs.

17. fi. 13. v.s. S. fr. svo gekk veðrið til V. með drifstormi. Stefnt til Skotlands í góðum byr er hjelst til miðrar nætur.

18. fö. V. vindur. Siglt suður með Skotlandi. Nú situr hjer við borðið hjá mjer við bjór, gamli vinur minn Jón Hall og biður mig að heilsa Nikulási Jónssyni og vonast eptir brjefi frá honum og mjer. Kl. 2 e.m. lagðist skipið við bólverkið í Granton á Skotlandi. Þar allt tekið í land og skoðað af tollþjónum. Þaðan haldið á járnbraut kl. 5^{1/2} e.m. til Edinborgar, gegnum hana á leið til Glasgow. Þangað komið kl. 9 e.m. Þá nýfarið skip Allan Ínunnar, svo við verðum að bíða hjer. Jeg fjekk aðsetu hjá Mrs. Rennie á hóteli í James Watts Street með helming farþega.

19. l. Stilling, blíða. Markaðsdagar og mikill skarkali á götum.

20. s. Stilling, blíða. Við vórum við guðsþjónust gengum oni bæinn svo okkur til skemmtunar svo við kvöldmessu, spilað var á hljóðfæri og haldin samsöngur (Concert) hjer sett fyrir í kvöld til að skemta oss emigröntum.

21. m. Stilt góðviðri. Við borguðum fargjöld og tókum farbrjef til Winnipeg og einstöku til Minnisóta. Eg hefi borgað alls fyrir mig og mína:

6 heila farþega	kr. 996,00.
og Jón Guðmundsson frá Borgarh.	166,00.
Samtals	kr. 1162,00.

Gengum svo um bæinn til skemtunar og til að kaupa ýmislegt.

22. þr. Stilt veðr. Við litum eptir farangri. Allt var enn víst. Skiftum peningum á Allan hús Contor gegn vexel á banka í Winnipeg, jeg 1900 kr.

23. m. Vestan gola. Kl. 12 var lagt af stað út ána Clyde til Atlantshafs á skipinu „Skandinavian“ er á að ganga til Boston. Skipið er sterkt járnskrúfuskip, á leingd 360 fet, breidd 38 fet.

24. fi. NA. kaldi, lagst austan við Írland og teknir um borð nokkrir Írlandingar, svo lagt af stað norður með og svo V. með landi. Kl. 12 gekk í N. storm er hjelst til miðnættis, sjór gekk á bæði borð.

25. fö. NA. Lægði vind og sjó eptir miðnætti, haldið var með Írl. vestanverðu og síðan austur fjörð, er liggur inn af Atlantshafi. Kl. 11 lagst hjá bæ er heitir „Galway“, teknir um borð margir Írar, þaðan haldið kl. 12 til Atlantshafs, þá kominn SV. stormur rjett á móti.

26. l. SV. stormur á móti og sjó nokkur, þó gekk all vel. Eptir hvíld jókst stormur og hjelst til miðnættis.

27. s. SV. vindur, þykt fr., hjartv. um miðjan dag, stormur og rigning með nóttu.

28. m. SV. stormur og rigning til kl. 3 e.m., þá birti og lægði storminn.

29. þr. A. hroðastormur og stórsjór fram yfir miðjan dag, þá lygndi og lægði sjó til kvelds, gott v. með nóttu.

30. m. V. hæg gola og lásjór. Þeir sjóveiku hrestust mikið.
31. f. 15. v.s. V. gola fr., logn um miðjan dag. SV. stormur og rigning með kv.

Ágúst

1. fö. V. gola. Kapteinn ljét halda samsöng í kv. og dansleik, góð skemtun.
2. I. Þoka fr., vestangola, hjartviðri með kv.
3. s. V. gola, heiðr. Kapt. hjelt guðsþjónustugjörð á Ensku. Við þar á eptir á okkar máli.
4. m. Stilt, þoka, blíðviðri. Kom Hafnsögumaður um borð frá Boston. Við sjera Jón sömdum þakkarávarp í nafni landa til yfirbritans (Sewarts), fyrir góða meðferð á okkur.
5. þr. Stilt blíðviðri. Ameríka sást í birtingu, lagst í Boston kl. 9 f.m. Þar lítil tollskoðun. Eg hefi tapað kassa með fatnaði. Kl. 1 haldið á gufuvagni frá Boston á leið til „Montreal“.
6. m. Hroðavatnshríð í nótt, heiðr., blíða í dag. Komum til Montreal kl. 9 f.m. Þaðan kl. 9¹/₂ f.m. svo haldið með litlum viðstöðum en flughraða vestur eptir. Komum í Torentó kl. 11 e.m.
7. fi. 16. v.s. Stilt, heiðr., blíðv. Skipt um vagna í Tórentó og sest í hina stóru og skrautlegu Kyrrahafsbrautarvagna, er hver um sig rúmar þægilega um 50 manns til að sitja í og sofa. Hjer skildu við okkur 14 landar er halda til Minnisóta. Erum eptir 65. Komum til Owensanct kl. 2 e.m. Þaðan á gufuskipi sem gengur eptir Canadisku stórvötnunum. Skipið er geysistört og mesta skrautskip, lengd þess 336 fet, br. 38 fet.
8. fö. Stilt, heiðr. Við hjeldum eptir vötnunum, stundum sást hvergi í land, en stundum farið um sund millum fagurra eya. Kl. 12 til 1 um [] millum Huronvatns og Efravatns hjá bæ sem heitir Sanct. Merite, síðan haldið áfram.
9. I. Heiðr., blíða. Lentum við „Port Artur“ kl. 9 f.m. Þaðan á járnbraut á leið til Winnipeg kl. 10¹/₂ f.m.
10. s. Sama blíða, mistur í lofti. Haldið stíft áfr. í alla nótt. Komum til Selkirk kl. 6 f.m. Þar urðu 3 landar eptir. Til Winnipeg kl. 7 f.m. og þá er þessari löngu ferð lokið á 28 dögum og 19 kl.tímum. Þökk sje góðum Guði, að ferðin hefur gengið slisalaust. Á járnbrautarstöðinni komu til okkar margir landar, sem hjer búa. Þar á meðal Eyólfur Eyólfsson frá Dagverðargerði, hann bauð mjer til sín með konu og börnum þar til jeg kæmi mjer fyrir á annan hátt.
11. m. Stilt heiðr., 25° + í skugga á R. Oss Íslendingum þungur hiti. Eg hjá Eyólfi við góðan beina. Hann hjálpaði mjer til að flytja flutning minn langa leið eptir bænum á vagni í hús sem Helgi ritstjóri Leifs hefur ljeð mjer til íbúðar um stund.
12. þr. Sama v., 26° +. Eyólfur gekk með mjer mikið um bæinn. Eg ætla að fæða mig sjálfur. Dætur mínar fengu vinnu, G. fær \$1¹/₂, Ól. \$1. Kvenfólk getur með æsingi fengið hjer vinnu en karlmenn valla sem stendur, en dýrt að lifa hjer atvinnulaus.

13. m. Sama veðr í dag, þykknaði og rigndi með nóttu, 26° +. Ólöf í vinnu \$1^{1/2}.

14. fi. 17. v.s. Þykt fr, Heiðr. eptir miðjan dag, 25° +. Eg vann um stund við hraðpressu Helga Jónssonar við prentun Íslendingablaðsins „Leifs“.

15. fö. Stilt fr. rigning og þrumur eptir miðjan dag og til miðnættis 20° +. Ólöf dóttir fór í vist hjá familfu hjer í bænum.

16. l. Hroðaprumur og regn fr., birti með hádegi, 18° +. Guðrún dóttir fór í vist til enskrar familfu hjer í bænum.

17. s. Stilt góðviðri, 18° +. Eg var við enska messu gekk svo með Helga ritstjóra um bænin mjer til skemtunar. Var alstaðar vel tekið af löndum.

18. m. Stilt góðviðri, 15° +. Eg kom í stand smíðaverkferum mínum, reyndi að koma Birni fyrir en tókst ekki, sjálfur er jeg einnig atvinnulaus sem stendur.

19. þ. Sama v., 14° +. Í nótt andaðist fóstur og bróður barn sjera Jóns Guðrún Nanna 11 mánaða gömul. Eg smíðaði utanum hana kystu með ameríkunsku lagi. Hún jarðsett í kvöld.

20. m. Sama v. Jón prestur Bjarnason hjelt guðsþjónustu í samkomuhúsi Íslendinga hjer í Winnipeg.

21. fi. 18. v.s. SV. gola, heiðr. að mestu, 15° +. Mikill skemtidagur bæarbúa en í hvers minning veit eg ekki.

22. fö. Þykt, logn rigning fr., bjartviðri er á leið, 12° +. Eg gekk með Helga ritstjóra um bæinn.

23. l. Stilt góðv., 14° +. Eg tók á leigu frá þessum degi til vors „Genta“ til ábúðar hjá Páli Magnússyni, leigan er að þjóna Páli og matreiða handa honum. Eg flutti í húsið frá Helga ritstjóra, hefi haft húsnæði hjá honum í 12 daga.

24. s. V. vindur, 16° + heiðr. Komu margir gestir til okkar.

25. m. Sama veður, 18° +. Eg við ýmislegt heima. Vorum í kveldboði hjá frændum H. Sigfúsi og Sigurði af Langanesi.

26. þr. Sama blíða, 16° +. Eg kom sonum okkar Magnúsi og Halldóri í skóla. Fór í „Imperialbankann“ með ávísun frá „Allan“ uppá 106 ⁴/₅ pund st. og tók út 509 dollar 83 cent. Lagði aptur inn í bankann af því 300 d. mót 4% pr.cent. Bygði mjer svo náðhús við „gentann“.

27. m. Heiðr. stilt fram að kveldi. Þá þykknaði og gekk í þrumuveður 22° +. Eg gekk frá eldstó og fl. í skúrnum við húsið. Keypti rauða kvýgu sem hefur átt einn kálf af Páli hér fyrir 40 dollara. Með nóttu og til kl. 11 varð þrumuveður fjarskalegt með óstandandi stormi (orkan) og rigning. Veðrið gjörði mikinn skaða hjer í bænum, reif þök af húsum og braut múrveggi á opinberri byggingu nýri, er sá skaði metinn 10.000 dollara.

28. fi. 19. v.s. Stilt góðviðri, 18° +. Eg keypti timbur og flutning á því fyrir 6 dollar 70 c. G. dóttir kom heim úr vistinni. Eg lánaði Páli Magnússyni 30 dollara í 6 mánuði með 10% leigu.

29. fö. S. veður, 16° +. Kom Björn frændi frá Hnausum og bauð mjer með sjer ofan í Nýa Ísland.

30. l. Heiðr., blíða, 20° +. Eg hjelt af stað með nafna á gufulest til Selkirk.

31. s. S. gola, heiðr. að mestu, 16° +. Eg fór með Sigtrigg Jónssyni á gufubát hans Viktoriu ofan Rauðá og svo norður Winnipegvatn, kom að Gimli kl. 1 e.m. Þar var mjer vel tekið einkum af Pjetri Pálssyni, er jeg hjálpaði frá að lenda á sveit á Loðmundarfjörð forðum.

September

1. m. Stilt góðv. Eg gekk frá Gimli að Nýhaga til Bjarnar Jóseppsonar frænda. Hann hefur allgott hús, töluvert rutt lot og nokkurt sáðverk, 3 kýr og 8 sauðkindur.

2. þr. Stilt góðv. fram að nóni. Þá gekk í skúrir með þrumum. Eg fjekk mann og bát hjá B. og hjelt 6 mílur norður með nýlendunni að Dagverðarnesi, kom á 3 lot (bæi) hjelt svo til baka til nafna.

3. m. SV. gola. Við nafnar gengum suður í Víðirnesbygð til Kristjáns bónda að Kjarná. Kom á mörg lot á leiðinni. Væri alstaðar tekið með Íslenskri gestrisni. Mjer leist fremur vel á hag manna í þessari bygð. Þar eru víða töluvert rudd lot, sáðverk mikið einkum kartöflur. Nautpeningur talsverður og nokkuð af sauðfje. Eg boðaði bygðarmenn á fund að Gimli þ. 6. þ.m.

4. fi. 20. v.s. Stilt góðviðri. Við nafnar hjeldum til baka heim til hans að Nýhaga. Eg kynti mjer það jeg gat nýlenduna og ástand nýlendubúa. Þeir er stöðugt hafa verið á jörðum sínum eru komnir í allgóð efni, hafa töluverð sáðlönd og nokkra gripi, auk fiskjarins í vatninu.

5. fö. NA. stórrigning og hroðalegar þrumur. Eg um kyrt í Nýhaga.

6. l. Stilt góðviðri. Eg gekk að Gimli og átti þar fund við bygðarmenn í húsi P. Pálssonar, um að fara að bæta samgöngurnar millum nýlendunnar og Selkirk, vatnaleiðina með því að koma upp duglegri bryggju á Gimli er lagt yrði að gufuskipi. Allir fjellust á uppástunguna og fólu mjer á hendur að leita styrkja hjá stjórninni til byggingarinnar á bryggjunni. Flestir sóktu fundinn úr Víðirnesbygð.

7. s. SA. gola. Pjetur Pálsson lagði á bát sínum af stað suður til Selkirk. Eg fjekk far með honum. Tókum náttstað í skógi upp með Rauðá.

8. m. A. þoka í lofti og rigning. Sigldum upp að Selkirk. Biðum þar eptir eimlest.

9. þr. Heiðr., hiti. Við biðum í Selkirk, því enginn ferð varð í dag, járnbrautin í óstandi.

10. m. Sama v. Við fórum með gufulest til Winnipeg, jeg heim, en Pjetur í út-rjettingar..

11. f. 21. v.s. Stilt góðviðri. Eg að gjöra fjós og hlöðu úr timbri handa kusu minni.

12. fö. Stilt góðv. fram að nóttu, þá gekk í regn með þrumum. Eg við fjósið.

13. l. SV. hryðja, vatns- og haglskúrir með þrumum og eldingum í allan dag. Trjásortir í Nýja Íslandi eru helstar: *Poplar* líkist hvitviðju, eða ísl.birki. Alt að 30

ál. háar eikur og 12 þ. í þvermál. *Syrus* ný og stórvaxin að 50 ál. hæð og 15" þvermáli, líkist furu. *Eyk* á stöku stað á hæð við popla en gildari. *Askur* á stöku stað, grannur og kræklóttur. *Birki* hávaxið og alt að 8" þvermáli. *Willo* (víðir) kræklóttur, grannvaxinn og góður víður vaxa margir stönglar upp af sömu rót, mjög ervitt að ryðja honum. Af þessum við er mest og poplum. Að auki er á stöku stað *Tamrak* stórvaxið, það líkist rekavið þeim heima er rauðvíður er nefndur. *Elm* eða álmur og fl.

Veiði er í vatninu. Þessar fiskitegundir eru helstar: *Pikkfiskur*. Á stærð við ísu heima, líkist hertur freðfiski. *Pækur* (gedda). Viðlíka á stærð, mjög góð og saðsöm fæða líkist hertum silungi. *Hvítfiskur*. Besta og dýrasta fiskitegund og besta í vatninu, meðalþyngd 6 til 7 ƒ uppúr vatninu, líkist helst laxi, en mýkri og feitari. *Styrja*, stærsti fiskur í vatninu, allt að 200 ƒ. Í henni er brjósk en ekki bein sem hákalli, enda lík honum að skapnaði, feitur fiskur og góður átu. *Kattfiskur*, alt að 25 ƒ á þyngd, sá feitasti í vatninu, mjög saðsöm og góð fæða, einkum saltaður og reytur. Að borða hann nýann líkist laxahöfðum. *Gullaugu*, af þeim veiðist mest, eru á stærð við væna hafsíld og mjög lík átu. *Birtingur*, lítið stærri en gullaugu, líkist silungi að skapnaði og gæðum. *Sogfiskur*. Lítið minni en hvítfiskur, allgóður átu nema um hitatímamann. *Keila*, á stærð við ísu, góð átu. *Sólfiskur* líkist helst grásleppu, ágæt fæða. Fleiri fiskitegundir veiðast í vatninu, en eru lítt notaðar nema þá til gripafóðurs. Allar þessar fiskitegundir veiðast í net. Þó veiðist einnig á lóðir og dorgfæri: pikkur, pækur, kattfiskur, keila og gullaugu. Flestur þessi fiskur selst best á markaði í Winnipeg ef vel er verkaður, en einkum hvítfiskurinn.

14. s. Stilt bjartvíðri fr., mikil rigning er á leið. Eg var við dagmessu sjera Jóns en kveldmessu í katólskri kirkju.

15. m. N. stórrigning og stormur. Eg lagði framanaf pappa á fjós mitt og hlöðu.

16. þr. Heiðr. stilt fr. Skúrir er á leið. Ólöf dóttir kom úr mánaðarvist í gærkvöldi, fjekk 9 dollara. Gunna fór í mánaðarvist hjá familíu. Eg gjörði við þakpappið á húsi okkar.

17. m. Heiðr., stilt. Eg gekk norður í bæ til Sigurðar Jóhannessonar, svo til Helga ritstjóra, hann giftist 15. þ.m., síðann með honum á safnaðarfund og hlustaði þar á mikið „humbug“.

18. f. Heiðr., stilt. Eg við smávegis.

19. fö. Sama veðr. Kom Ásmundur Þorsteinsson á Gimli og gifti í dag dóttur mína. Hann og fl. gistu hjer í nótt.

20. l. Sama veðr. Eg fór með gufulest til Hamilton í Dagota, Bandaríkjunum. 70 mílur eru frá Winnipeg til Gretno á landamærunum, 3 tíma ferð, þaðan 11 tíma ferð til Hamilton.

21. s. Sama v. Eg gisti í nótt hjá Samson Bjarnasyni, skýrði veikt barn er hann á skemmri skírn, fór svo til amerískansks bónda 4 mílur suður af Hamilton.

22. m. Sama v. Við Malkólm áttum saman hveiti og stökkuðum, þung vinna er þreitti mig mjög, gamlan og slitinn.

23. þr. Rign. og þrumur fr., birti kl. 9 f.m. Við M. við sama.

24. m. Blíða. Við við hveitið.

25. fi. Vestan blíðv. Við lukum við að stakka hveitið, fórum svo að aka saman og stakka hafra.

26. f. Þíkt fr., heiðr. er á leið. Við lukum við að stakka hafrana. Eg hefi einlægt kastað kornbindunum fyrst á vagninn, svo í stakkinni Þykir og er þung vinna. Plægt land, er bóndi, þessi á, er $72\frac{1}{2}$ ekra er samsvarar 96 túnteigum heima, bóndi vonar hann fái um 1000 búsjel af hveiti og 400 af höfrum.

27. l. S. gola, þykt. Malkólm ók mjer til Hamilton og borgaði 1 dollar 50 c. fyrir dæginn. 7 d. 50 c. als. Frá Hamilton í kv. á Uxatúni með Þorl. Jóakimssyni (sem áður var vinnumaður minn á Úlfsstöðum, sjá Dagb. 1874-75.) Vestur um Cavaler upp á sandhæðir til bústaðar Þorl. Komnir þangað kl. 12 í nótt.

28. s. Heiðr. blíðv. Eg var hjá Þorl. í nótt, hann ók með mig að „Halsón“ til Jóns póstmeystara Pjeturssonar fornkunningja míns, er tók mjer tveim höndum.

29. m. Stilt, þykt. Eg hjá Jóni og gjörði líkkistu um börn er Magnús bróðir misti, er býr hjeðan 2 mílur í NV.

30. þr. Stilt, sólskin. Eg hjá Jóni.

Október

1. m. SA. vindur framað hádegi, þá gekk í steypiríngingu er ljetti upp með kveldi. Eg var $\frac{1}{3}$ dags í hveitivinnu hjá ameríkönskum bónda, 1 d. í kaup, svo til Jóns.

2. fi. Þykt, regnsáldra. Eg hjá Jóni.

3. fö. Þykt, stilt. Eg hjá Jóni.

4. l. Rínging fr., hjart er á leið. Eg gekk til M. bróður og dvaldi hjá honum um stund, fór svo til Jóns.

5. s. Stilt, heiðr. Eg gekk suður á „Mountin“ til Nikulásar snikkara Jónssonar frá Seyðisf., hann er jafnaldr minn og gamall kunningi. Þar var mjer vel tekið.

6. m. Stilt, blíða. Eg á Mountin hjá Þorláki gamla Jónssyni og Haraldi kaupmanni syni hans.

7. þr. Sama v. Eg gekk í smíðavinnu hjá Haraldi Þorlákssyni.

8. m. Sama v. Við Nikulás að smíða hjá Haraldi.

9. fi. Sama blíða. Við Nikulás við sama.

10. fö. Sama blíða Við N. við sama, eg boðinn í kveld í afmælisgildi Þorst. bróður Haraldar, ókum þangað 3 mílur. Skemtum okkur vel.

11. l. Heiðr., blíða. Við Nikulás að smíða hjá Haraldi.

12. s. Sama v. Haraldur, Nikul., konur þeirra og gl. Þorlákur óku með mjer suður á Park til Gríms bróður H. minnar. Dvöldum þar 3 tíma, svo til baka. Grímur bauð okkur Hólfr. og drengjunum til sín í vetur. Eg held jeg þiggji það.

13. m. Heiðr., blíða. Við N. að smíða hjá Haraldi.

14. þr. S. gola, blíðviðri. Við N. við sama.

15. m. SV. blíðviðri. Við N. fórum 4 mílur suður til Jóns bróður Haraldar að smíða innan hús.

16. fi. Sama blíðan. Við að smíða og hjálpuðum um stund við þreskingu er stendur yfir hjá J. Það er þreskt með gufuafli.
17. fö. Sama blíðan fr., við við þreskingu. V. smíðar er á leið.
18. l. Heiðr., stilling, frost í nótt. Við N. lukum smíðum hjá Jóni í kveld.
19. s. NV. vindur. Jón ók okkur N. aptur á Mountin. Uppskeruhátíð bandaríkjanna í dag. Íslenzk og norsk messa hjer haldin af Hans presti Thorgrimsen.
20. m. Stilt heiðr. kjæla. Við Nikulás gengum norður á Hallson til Jóns Pjeturssonar og festum kaup á koti Jóseps Schrams.
21. þr. N. stormur og fjúk. Eg gekk frá Hallson til Hamilton, 18 mílur.
22. mi. NV. hjartv., stormur. Eg fór með gufulest frá Hamilton til Winnipeg.
23. fi. N. stormur og snjóhraglandi, 6° ÷. Eg í Winnipeg.
24. fö. NV. gola, 2° +. Eg heima.
25. l. 1. v.v. Vetrardagur 1. NV. gola, heiðr., 0°. Eg gjörði fjós með Helga ritstjóra og fjekk 1 d. 50 c fyrir.
26. s. N. heiðr. fr., þikt er ál. Eg gekk í kveld með Sölfa Þórarinssyni og gisti hann.
27. m. N. snjóhraglandi. Eg tók af bankanum peninga mína 300 d. Bjó undir flutning til Dagóta.
28. þr. N. þykt, kyrt. Eg bjó mig undir ferðina.
29. m. Stilt, þykt. Jeg kom flutning mínum á járnbrautarstationina.
30. fi. N. snjóhraglandi. Eg hjelt alfarinn frá Winnipeg með Hólmmfr. og drengi okkar Magnús og Halldór með járnbraut niður í Bandaríkin, fyrst til Hamilton. Dætur okkar Ólöf og Guðrún eptir í Winnipeg og Björn hjá ameríkönskum bónda vestur í Manitoba, 30 mílur frá Winnipeg. Við komumst áleiðis til Jónasar bónda nokkuð suðvestur fyrir Cavaler, flutningurinn verður undir Mountain.
31. fö. N. heiðr., frost. Við hjeldum á Hallson og Hólmmfr. til Magnúsar bróður. Eg keypti unga kú fyrir 45 dollara.

Nóvember

1. l. 2. v.v. N. snjórytja. Eg gekk til Magnúsar bróður og til baka til Jóns Pjeturssonar, bauðst til kaups gott lot fyrir 500 dollara.
2. s. N. Heiðr., frost. Við gengum suður í Vík.
3. m. NV. bjart, kalt. Eg náði flutning mínum suður í Mountain, fjekk Jón Þorlákss. til að aka okkur suður í Park til Gríms frænda. Magnús varð eptir hjá Jóni, en við þrjú settumst að hjá Grími.
4. þr. NV. kaldi. Eg ók með fleirum á kjörfund, svo sóktum við Gr. flutning minn.
5. m. NV. gola. Við Gr. ókum á Garðar 1^{1/2} mílu hjeðan og heim aptur.
6. fi. Stilt heiðr., þýðviðri. Við Gr. bárum inn 62 busjel af kartöflum.
7. fö. Stilt blíðv., 3° +. Hjer nærri fór ameríkanskur bóndi með uxatím og drapst annar uxinn af hveitiáti og keypti Grímur hann fyrir 8 dollara. Við sundruðum hon-

um og var kjötið að vigt 60,7 ƒ.

8. l. 3. v.v. Stilt blíðviðri, 5° +. Við gengum frá í útikjallara 44 búsjellum.

9. s. Heiðr. stilt, 0°. Við Gr. ókum á Garðar og sóktum ofn er jeg keypti.

10. m. Stilt heiðr., 3° +. Eg fór á fund sem haldinn var á Garðar. Þar var rætt um skóla og blaðið Leif. Eg var kosinn forseti.

11. þr. Stilt, heiðr., 4° +. Eg að þilja innan loftið hjer uppi í húsinu.

12. mi. Sama veður, 4° +. Eg gjörði að fjósinu með Gr. og fl.

13. fi. Sama veður, 3° +. Eg lauk við að þilja uppi. Kom B. sonur minn. Var í mánaðarvist hjá ameríkönskum bónda í Manitoba.

14. fö. Sama veður, 2° +. Grímur ljet Jón prest Bjarnason skíra son sinn „Stef-án“, þriggja mánaða gamlann, eptir messu er prestur hjelt í skólahúsinu.

15. l. 4. v.v. Sama stilt í dag, gekk í N. storm með nóttu. Við Gr. logguðum upp kofa handa kálfum og hænsnum. Hjer gistu 2 norðmenn vestan af fjöllum, annar landmælingamaður. Í gærkv. fór B. minn í vist um tíma til Jakobs Línalds.

16. s. N. stormur, heiðr. að mestu, 8° ÷. Eg gekk til Ólafs frá Espihóli, svo fjekk jeg mjer ekið á Garðar, gekk svo heim.

17. m. Stilt, heiðr., 15° ÷. Við Gr. lukum við að koma upp kofanum er við byrj- uðum á mánudaginn.

18. þr. Stilt góðv., 4° ÷. Við Grímur við ýmislegt úti við.

19. m. NV. stormur og snjóhraglandi, 4° ÷. Við Gr. að hlúa að úthýsum.

20. fi. N. Stilt bjartviðri, 12° ÷. Eg gjörði þilskáp.

21. fö. N. stormur og snjóhraglandi, 14° ÷.

22. l. 5. v.v. Stilt bjartv., 17° ÷. Við Gr. við ýmislegt úti við.

23. s. Heiðr., stilt, 23° ÷. Safnaðarfundur á Garðar.

24. m. Sama veður, 20° ÷. Við Gr. við fjósið.

25. þr. NV. gola, heiðr., 12° ÷. Við Gr. við sama.

26. m. Stilt, bjartv., 6° ÷. Við Gr. við sama, vorum boðin í brúðkaup Hallgr. Thorlací. á Garðar á morgun.

27. fi. Stilt góðv., 4° ÷. Við Grímur og H. mín í veizlu Hallgr. á Garðar. Þar var fjölmennt boð.

28. fö. Sama v., 4° ÷. Við komum heim úr boðinu í morgun kl. 5.

29. l. 6. v.v. Stilt bjartv., 10° ÷. Eg vesæll, fór ekki út, skrifaði Björgu dóttur heim á Seyðisfjörð.

30. s. Stilt góðv., 5° ÷. Eg gekk til Jóns Barðdals og H. mín til Jakobs Línalds. Meðaltal þ.m. 5° – 28' ÷.

Desember

1. m. Stilt, góðviðri, 1° +. Eg gjörði lítið borð fyrir mig og stykki í vagn fyrir Grím.

2. þr. V. vindur, heiðr., 4° +. Gjörði smáv. fyrir Gr.

3. mi. V. gola, blíðviðri, 2° +. Eg gjörði náðhús og skrifaði B. bróður.

4. fi. Stilt, góðviðri, 1° +. Komu Magnús á Garðar og Júrinnan Ingigerður stjúpdóttir Gríms.

5. fö. Sama veður, 1° ÷. Eg gekk á Garðar að sjá eldrústirnar því að í nótt frá kl. 1^{1/2} til 3 brann til kaldra kola vörubúð E. H. Bergmans, sem einnig var Post offic. Engu varð bjargað af vörum, bækur og peningar geymdust lítt skemt í járnskáp. Skaðinn metinn á 5000 dollar.

6. l. 7. v.v. Stilt, þykt, 5° ÷. Jeg ætlaði með E. Bergman til Pembína en þegar kom á Garðar varð það afstaðið. Svo fór jeg boðinn til Jakobs Líndals.

7. s. N. þykt, gola, 5° ÷. Eg fór heim og með mjer Helga kona Jakobs með börn sín.

8. m. N. heiðr., gola 8° ÷. Eg gjörði meir fyrir Grím.

9. þr. NV. snjójel fr., 8° ÷. Stilt heiðr. er á leið. Jeg fór á safnaðarfund á Garðar.

10. m. N. með snjójeljum, 10° ÷. Eg gekk til Sumarliða gullsmiðs og úrsmiðs, frá Æðey, til að fá aðgjörð á úrum okkar H. minnar, en hann bað mig aptur að smíða innan hús sitt.

11. fi. NV. heiðr., 12° ÷. Eg gisti hjá S. gekk heim og sókti verkfæri, svo til hans aptur og byrjaði að smíða.

12. fö. Stilt, 18° ÷. Eg að smíða hjá S.

13. l. 8. v.v. Sama v., 12° ÷. Eg smíða innan verkstaði hjá S.

14. s. N. snjóryk, 16° ÷. Við Sumarl. gengum til Hallgr. Guðmundssonar og Sigmundar Jónssonar bænda, báðir mjer kunnugir að heiman. Þeir taka mjer vel. Gengum svo heim.

15. m. V. gola, heiðr., 24° ÷. Eg að smíða hjá S.

16. þr. V. gola, heiðr., 25° ÷. Eg að smíða hjá Sumarl.

17. mi. Sama v., 26° ÷ á R. Eg að smíða hjá S.

18. fi. Heiðr., stilt, 28° ÷. Eg við sama.

19. fö. Heiðr.fr. SV. stormur og hregg er á leið, 20° ÷. Eg lauk verki hjá Sumarl. gekk svo heim. Hefi verið hjá honum 7^{1/2} dag. Hann gjörði við úrin okkar H. minnar.

20. l. 9. v.v. NA. Heiðr., 18° ÷. Eg fór til Jakobs Líndals og gjörði skúr við hús hans, svo heim.

21. s. N. snjórytja.

22. m. N. snjómguga, 26° ÷. Eg fór aptur til J. Líndals að smíða.

23. þr. Heiðr., logn, 35° ÷. Eg hjá J. Líndal.

24. m. V. stormur, heiðr., 28° ÷. Eg að smíða fram að kveldi, gjekk svo heim. Kom Hjörleifur Einarsson kynnisferð með konu sína frá Gefton, hann var áður vinnumaður hjá mjer á Úlfsstöðum í 3 ár.

25. fi. V. stormur, heiðr., 24° ÷. Jóladagur. Eg fór aptur í kveld, boðinn til Jakobs.

26. fö. NV. stormur og snjóhraglandi, 20° ÷. Eg ók frá Jak. með Jónasi Hallfríðdómara heim til hans, svo til messu á Garðar, svo heim.

27. l. 10. v.v. N. snjóhreita, 10° ÷. Eg heim þjáður af höfuðv. o.fl.
 28. s. Sama v., 12° ÷. Eg boðinn í gildi hjá Kristjáni Kristinss. en get ei farið.
 29. m. V. gola, heiðr., 20° ÷. Eg gekk til Jakobs Línalds og gjörði hjá honum smávegis, er búinn að smíða hjá honum er svari 3¹/₂ degi. Spiluðum L, hombre í kv.
 30. þr. Sama veðr, 25 ° ÷. Eg að smíða hjá St. Guðmundssyni.
 31. mi. NV. stormur, heiðr., 26° ÷. Eg smíða hjá St., gekk heim í kv.
 Meðaltal þ.m. 14° – 30' ÷.

Þetta ár hefur verið breitlegasta og merkilegasta ár æfi minnar. Æfi mín á Seiðisfirði að mörgu leiti ónotaleg og leiðinleg, að vísu hafði jeg optast nóg að starfa en leiddist opt í óreglu með kunningjum mínum, ásetti mjer því að fara þaðan og þar jeg var hættur búskap og konan hafði lengi óskað að komast hingað, ljét jeg það eptir henni. Dagbókin sýnir æfi mína hjer eða hið ytra líf, hið innra líf mitt hefur verið fult af leiðindum, sorg og söknuði. Eg get ekki átt von á að una hjer æfi minni. Eg þrái að komast heim aptur og meiga eyða þeim fáu dögum sem eptir eru æfinnar og deyja heima á minni kjæru fósturjörð. Það huggaði mig helst ef jeg ætti von á að sjá fram á góða framtíð barna minna hjer og um það hefi jeg góða von, enda kunna þau og H. mín vel við sig og það er bót í máli. Eign mín hjer er nú nálæg 1600 dollurum auk rúms og áverufata og smíðatóla. Heima á Íslandi hjerumbil 500 d. ef jeg fæ það nokkurntíma.

Kvöldbæn

Vertu hjá mjer góður Guð!
 og gættu að högum mínum.
 Vaggaðu, mildin margblessuð
 mjer á örmum þínum.
 Og svo jeg geti sofið rótt,
 sálu þreytta mína
 breiddu yfir nú í nótt
 náðarblæu þína.

— — —

Meðan lífs ei bresta bönd
 býðst ei ró nje friður.
 Í Drottins skal jeg halda hönd,
 hún mig jafnan styður.

B. Halldórsson.

X. Þorvarður Stefánsson – Dagbókarbrot frá 1875 og 1886-1887



Þorvarður Stefánsson og kona hans, Guðríður Jónsdóttir.

Þorvarður Stefánsson fæddist að Jökulsá í Borgarfirði eystri 29. desember 1859 og ólst upp þar og á Bakka í sömu sveit. Foreldrar hans voru Stefán Benediktsson og fyrri kona hans, Helga Þórarinsdóttir. Þorvarður bjó félagsbúi við föður sinn á Bakka er hann sigldi ásamt konu sinni, Guðríði Jónsdóttur, og tveggja ára fósturdóttur til Ameríku árið 1886. Stefán, faðir Þorvarðar, flutti einnig vestur um haf það ár ásamt seinni konu sinni, Sigurlaugu Jónsdóttur, og vinnumanni. Þorvarður bjó fyrst á heimilisréttarlandi sínu í Nýja-Íslandi, sem hann kallaði Laufás, en flutti svo að Bakka við Íslendingafljót sama ár og faðir hans, árið 1892. Þar bjó Þorvarður til æviloka, fyrst í félagi við föður sinn og síðar ásamt tengdasyni sínum. Þorvarð-

ur og Guðríður eignuðust 4 börn vestanhafs og náðu 2 þeirra fullorðinsaldri. Guðríður lést árið 1911 en Þórður lifði allt til ársins 1942.¹

Þorvarður Stefánsson hélt dagbækur allt frá unglingsárum til dauðadags, í rétt rúm sjötíu ár, frá 1874-1944. Langmestur hluti þeirra er í fórum ættingja Þorvarðar vestanhafs en brot úr þeim, sem nær yfir árin 1886-1889, er varðveitt á Héraðsskjalasafni Austurlands á Egilsstöðum.² Hér birtast tveir kaflar úr dagbókum Þorvarðar. Fyrri kaflinn er skrifaður árið 1875, þegar Þorvarður var 15 ára, og lýsir hann upphafi Öskjugossins sem hafði mikil áhrif á Vesturferðir Íslendinga. Síðari kaflinn sem hér birtist spannar hálf tann árið, frá 1. mars 1886 til 1. ágúst 1887, og ná skrifin yfir síðustu mánuði Þorvarðar á Íslandi, ferðina sjálfa og fyrsta árið sem hann dvaldi í Kanada. Í dagbókinni er ítarlega sagt frá lífsháttum beggja vegna Atlantshafsins. Þorvarður var á margan hátt vel gerður maður, hann var hagur bæði á tré og járn og vefnaður varð honum nokkur tekjulind. Þorvarður stundaði sjálfsnám eftir að hefðbundinni barnafræðslu lauk og má meðal annars sjá að hann skrifar stöku setningar á ensku í dagbókina löngu áður en hann fer vestur. Í dagbókarkafnanum hér á eftir lýsir hann m.a. samstarfi við nágranna sína vestanhafs og margvíslegri matjurtarækt.

1 Þorsteinn Þ. Þorsteinsson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi* III, bls. 308. – Þorleifur Jóakimsson, (Jackson) *Brot af landnáms sögu Nýja Íslands*, bls. 57. – Nelson Gerrard, *Icelandic River Saga*, bls. 260-263. Sjá einnig *Lögberg*, 18. jan. 1945.

2 *HSA*. Alm. XI. 1. – Dagbók Þorvarðar Stefánssonar 1886-1893.

Martínus hefir 31 daga

M.1. – Blíða. Sólskin. Í ground. Pápi, eg og Láfi sóktum svörð. St. þæfði.

Þ.2. – Blíða. Sólskin. Eg fór yfir að Þrándarstöðum og St. í kvöld. St. ground.
Bensi á Bakka sókti kvarnirnar okkar.

M.3. – Blíða. Pápi fór út að Bakka. St. kom frá Þrándarstöðum.

F. 4. – Blíða. Þykkur. Pápi fór yfir að Desjarmýri. I wrote letter to my Friend's.
St. ground.

F.5. – Blíða. Sólskin. St. malaði út á Bakka 2 [].

L.6. – 20. v.v. Blíða. St. fór yfir að Þr.st. and ground.

S.7. 4. sd. í föstu. Himinsins blíða. Þykkur austan. Eg smíðaði lítinn kassa fyrir Láfa.

M.8. – Utansnjór og snjóbleita, gránaði. Eg smíða kassan.

Þ.9. – Framan og norðanstormur. Pápi fór inn að Gilsárvi.

M.10. – Framan frostlaus stormur framum hádegi, svo logn. Kindur fóru út á Kerlingarfjöruflið, og undanfarandi blíðviðrisdaga.

F.11. – Sunnanhvassviðri, hláka. Árnar hlupu ofaná. Við Pápi og St. sóktum svörð úr hlaðanum.

F.12. – Blíða, leising. Ekið útúr ærhúsinu á túnið. St. ground.

L.13. – 21. v.v. Blíða. Logn. Sólskin. St. ground.

S.14. – 5. sd. í föstu. Blíða. Hiti og logn. Eg, pápi, Láfi og St. fórum til kirkju og úr útbænum (það var spurt.) St. fór í Sétu.

M.15. – Utankuldi, (gránað í nótt sem leið), St. kom heim í nótt. They got no. Pápi fór suður í Víkur og sr. St. að húsvitja. Meinagimbur skorin sem pápi átti.

Þ.16. – Snjóhreita. Þykkur. Pápi kom að sunnan og sr. Stephán. The serv ground.

M.17. – Blíða. Sólskin. St. fór út að Bakka and gro.

F.18. – Utan og norðansnjóveður og kóf. Pápi fór yfir að Desjarmýri á fund. Hann kom með „Grílu“, kvæðakver eftir Jón Mýrdal.

F.19. – Blíða. Sólskin. Pápi fór yfir að Desjarm.

L.20. – 22. v.v. Blíða. St. ground. Pápi fór út að Bakka og sagaði brenni.

S.21. – *Pálmásunnud*. Framangola og sólskin, leising. Eg tjargaði bátinn minn innan. Þrúða fór inn að Hjálögu, to seam.

M.22. – Sólskin og vestanvindur. Hlánaði mikið og er mikið auðt. Sr. Stefán kom hjer innaf bæjum. Hann húsvitjaði þar. Honum var fylgt yfir Fjarðarána. St. gro. Eg smíðaði 1 hrífuhöfuð en pápi 2 sagarkjálka. Lambshrútur lenti ofaní til dauðs sem pápi átti.

P.23. – Suðvestanvindur og sólskin. Hlánaði mikið. Pápi, eg og St. fótum úti Jökulsárhöfn og ruddum hana. Láfi Magnússon fór heim til sín. He has written and read on the book, who day. Eg smíðaði 1 hrífuhöfuð. (*Einnmánuður*)

F.24. – Framanvindur og sólskin. St. gro. Eg smíðaði 1 hrífuhöfuð. Pápi smíðaði kjálkasnúða. Séra Stef. kom hjer og fór niður í Njarðvík.

F.25. – Föstud.langi (gott framað hádegi) svo utansnjóveður (I caught one a little trout). Eg smíðaði kommóðuskrokk.

L.27. – 23. v.v. Norðanhvassviðri og askviðri en seinna í dag rjett kuldastormur. Eg smíðaði kommóðuna.

S.28. – *Páskadagur*. Framan og norðanhvassviðri (hláka). Pápi, mamma, eg og Prúða fórum til kirkju.

M.29. – *Annar í Páskum*. (Logndrifa í nótt sem leið). Í dag gjörðust þau tíðindi sem aldrei hafa hér umhverfis yfir Ísland komið frá því er það byggðist (svo er frá segi í bókum) og sem munu olla miklu tjóni hjá þeim sem skepnur eiga, og í þeim stöðum, þar sem þessi svokallaða aska hefur komið. Fyrst komu skrunur með miklum aðgangi uppí loftinu sem menn seigja að hafi verið þrumur (en snjódrifa var). Þá tók að dimma (hjer) kl. að ganga 8, með svörtum mökk, sem kom framanyfir og leiddi smámsaman úteptir sveitinni þangað til að svo var orðið dimmt að það sást ekki úti gluggan þó að væri komið fast út að glerinu. En það myrkur var víst eitt-hvað kl. að ganga 11, eða kl. 11. Með þrumusmellunum gengu eldrauðir glampar hvað eftir annað og svo líka logaði á heystráunum sem piltarnir voru að fara með sem líklega hefur verið hræfareldur. Sjálft svartamyrkrið stóð litla stund yfir, svo fór smámsaman að birta upp aptur þar til kl. 12. var næstum orðið albjart, en askan sem kom hjer er hjer um bil ¹/₂ þummlungur á þykkt (sjálf) fyrir utan það sem var (er) samanvið snjóinn. Snjódrifan hjelst fram undir það þegar tók alveg að dymma. María Jónsdóttir (niðursetningur) kom hingað frá Hvoli, til pápa.

Þ.30. – Logn framanaf, svo framanvindur, eða framan og norðan. Nú í dag kom eldmóða í fjöllin. Engin snjór en aska á jörðu. Allar kindur inni, hálfóætt er grasíð. Eg tvinnaði 1 hnikil.

M.31. – Framan og norðanvindur. The serv. ground.

Aprílís hefir 30 dagar

F.1. – Framan og norðanhvassviðri og sólskin. St. gro. Pápi fór út að Bakka og Gerði.

F.2. – Utan og norðanstormur og snjóhreita. St. gro. Ég smíðaði litla járnfesti.

L.3. – 24. v.v. Blíða. Ég smíðaði tvö hrífuhöfuð, and caught one a little trout. Eyrikrur í Kjólsvík er hjer í útbæ (eitt spurn. barnið).

S.4. – 1. sd.e. páska. Blíða. St. fór upp að Hreinsstöðum. Ég fór með kindur út að sjó í morgun og pápi í kvöld. I caught three trout. Þrír fóru til kirkju úr útbæ.

M.5. – Austankuldastormur. St. kom heim og frjetti að á Jökulsdalnum væri

kvartjelsþikk askan, og að hann ætti að takast af. Nógur afli á Suðurlandi og að í vetur hefði þrúma mölvað lambhús og drepð 18 lömb á Suðurlandi.

Þ.6. – Utansnjóveður. Eg rak ær útá Flúð í morgun, í gærmorgun, fyrramorgun og stundum hina morgnana.

M.7. – Norðanstormur og kóf framanaf. Eg smíðaði skúffur í kommóðuna. Kindur okkar inni.

F.8. – Blíða. Sólskin. Pápi fór útá Flúð með ær. Eg lauk við að smíða kommóðuna, nam 3 tappir í skúffurnar. Stefan í Stakkarhlíð, og Sigurður á Hánefsstöðum komu heim.

F.9. – Vestan og framan og norðan hitahvassviðri. Eg lauk við kommóðuna. St. ground.

L.10. – 25. v.v. Fyrst utanvindur og snjóhreita, svo austankuldastormur. St. gro. og þæfði vaðmál. Ein ær Egils bar, hann skar lambið.

S.11. – 2. sd. e. páska. Eldskin og utankal framundir nón svo setti hann inn þoku. Pápi go to church and got ink for me with sir. St. Petersen on Desjarm. Mamma fór inn að Hvoli.

M.12. – Blíða af og til, sólskin og logn. St. þæfði vaðmál, and my drawers. Eg fór útá Gerði. Guðni á Hvoli fann 1 sauð pápa dauðann. My father gave sir St. Björnsson him. I caught one a little trout.

Þ.13. – Blíða. Sólskin. Pápi og St. fóru á Nicolausi suðurá Glettingarnes, sóktu 8 borð sem pápi á. St. gro. I caught one a little trout.

M.14. – Blíða. Hiti. Þykkur. Logn. Við byrjuðum að berja í kringum lambhúsið. En það í útbænum fyrir ofan bæinn. St. þæfði. Allt fje úti, og hefur verið undanfarandi daga.

F.15. – Blíða. Þykkur og utankul. 42 hlöss eptir hjá lambhúsinu, en búið allt annað af upptúninu, og Raninn. Egill og það barði framá túni.

F.16. – Blíða. Hita og eldmóða. Heiðríkt, lítið utankul. Við St. og Þrúða börðum mikið af Tungunni niðri frá. Við breiddum nokkur af upptúninu. Pápi fór norður í Njarðvík, and got a gun there, and come with it. Akur audt. Aska. Fjeð lá úti.

L.17. – (af 26 v. vetrar.) (Sumarmál) þoka og súldra. Eg, mamma og Þrúða börðum það sem eftir var af Tungunni. Pápi og St. rjeru til fiskjar útundir Bjarg. Og fengu ekkert nema pápi skaut einn kóp. Við breiddum það sem búið er að berja, nema á Rananum.

S.18. – 3. sd. e. páska. Blíða. Þykkur. Pápi fór suður á Seyðisfjörð on horseback. Og Desmýringar fóru sjóveg suður. Eg og mamma fórum út á Bakka.

M.19. – Utansnjódrífa. Eg smíðaði púðurhorn. Kindur úti.

Þ.20. – Blíða. Heiðríkt og sólskin, snjór. Pápi kom sunnan af Seyðisfirði og kom með 4 dala dáta- eður selabyssu.

M.21. – Blíða. Sólskin, lítil gola. Skotið til máls úr byssunni, 5 skotum, á 16 og 20 föðmum. St. gro. Eg smíðaði púðurmælir. Eyríkur fór upp í hérað.

F.22. – Sumardagurinn fyrsti. Utangola framanaf svo logn, þykkur, frost. I caught five little trout.

F.23. – Kónsþænad. Blíða. Logn, þykkur norðan. I caught two little trout. Eg rúllaði högl. Eyríkur kom heim.

L.24. – 1. v.sum. Gott, þykkur. Pápi og St. flettu 4^{1/2} borði. My father shot four birds.

S.25. – 4. sd. e. páska. Hitasólskin og framangola. Ég fór með kindur út á sjó í morgunn. St. fór í kvöld suður í Seyðisfjörð með Gísla á Bakka og Eyríkur með St. Björnssyni á Gerði. Skip Thostríps er komið. I caught one trout.

M.26. – Sólskin og utankul, og í kvöld kom þoka. Pápi skaut sel í Kellingarfjör-
runni. Við 3jú börðum á niðurtúninu. En það í útbænum á hesthústúninu.

Þ.27. – Blíða þoka og utankul. St. kom af Seyðisfirði. Eg flutti útálát utan frá sjó. Við börðum á niðurtúninu og breiddum það sem barið var í gær. Maraudt. Eg veiddi lítinn silúng.

M.28. – Utannæða og þoka. Við börðum það seinasta á niðurtúninu. Eg, Pápi og St. sóktum eitt trje austur í Stekkavík á Nicolausi. My father shot 1 bird.

F.29. – Blíða og utankul. Við 3ir verkuðum ösku af niðurtúninu og rananum. I drove eighteen wheelbarrow of (by) ashes, and I caught one a little trout. Stefán Björnsson á Gerði, og Eyríkur hjerna, og þeir komu heim úr kaupst.

F.30. – Blíða. Sólskin og utankul. Stef. sókti á Blesu suður í Breiðuvík, 2 borð og eina rúg-hálftunnu. Við hreinsuðum ösku í kringum húsin uppá túninu. I drove sixteen wheelbarrow. Lokið við að breiða allt. Gísli á Bakka og Þorst. Jónsson á Hofstr. flettu borðum fyrir Pápa. Eg fór út að Bakka.

Maíus hefir 31 daga

L.1. – 2. v.s. Hitasólskin og logn framundir kvöld, þá vestangola. Eg og Pápi fórum á Nicolausi útundir hólma. St. fór með málverk inná Hilmalandi. Búið að vinna á okkar túni. Er það í útbænum er að berja á sínu túni. Kindur liggja og hafa legið úti að undanfögnu .

S.2. – sd. e. páska. Austanvindur. Eyríkur flutti sig burt úr útbænum. Ásmundur, Katrín, Borga og Mundi (frændi minn) fluttu sig frá Desjarmýri í Njarðvík. Eg seldi Birni í Njarðvík bátinn minn. Fluttar kindur fyrir árósin á Nicolausi. Bátur Egils tjargaður. Eg bjó til högl.

M.3. – Krossmessa. Suðvestan þykkur. St. skar strengi og flutti heim 100 stk. Pápi heflaði borð. Egill breiddi á framtúnin. Farið mikið að grænka, orðið súðgrænt lyng. Eg heyrði til hrossagauksins, og nær því á hverjum degi til lóunnar. Eg skaut til máls á 18 föðm., í fyrsta sinni. St. sókti kvarnirnar útað Bakka and gro.

Þ.4. – Blíða. Utankul. St. skar 130 strengi. Pápi heflaði borð. I gro. Pápi, Eg og St. fórum á Nicolausi útundir Bjarg, og sigldum svo inn fjörðinn. Í dag frjettist að Eyrarjagtin (fjelagssk.) hefði lagt inná Seyðisfjörð á sd. (2. maí). Eg bjó til högl.

M.5. – Sólskin og framangola. I gro, and St. Bensi á Bakka kom hjer og Mats. St. skar 100 str., pápi heflaði borð. Eg rúllaði högl, og heyrði til spóa.

F.6. – *Uppstigningardagur*. Sólskin og suðvestanvindur. I caught a little trout. Egill og Gunna fóru til kirkju. Innbæjarmenn fóru til kaupst. Eg ljet bátinn sigla.

F.7. – Sólskin og austanvindur. Smalað í fyrsta sinn síðan 26. eða 27. apríl. Eg gekk upp á leynihjalla og inní botna. I gro. and St. Eg heyrði til kjóa. Það er komið mikið af landsblóma og farnir að myndast vísirar á lynginu, og humall kominn á víðirinn.

L.8. – 3. v. sum. Austangola. Þykkur sunnan. Innbæjarmenn komu úr kaupsk. I gro. St. gro., Bensi á Bakka kom hjer og malaði. St. skar 110 húsatórfur uppí Bleikkollunni. Egill Pr, og hefur verið að taka upp svörð. Eg fór út að Bakka.

S.9. – 6. sd. e. páska. Austanvindur. Þykkur. Pápi skaut til máls á 20 föðm. Eg heyrði til spóa.

M.10. – Gott framum hádegi, svo utanhríðarsúldra. St. ók torfum úr flagi. St. and I gro. Bjarni Ketilsson á Bakka kom hjer og mal. Pápi skaut einn kóp austur í Stekkavík. Eg saumaði selskinshólk utanum byssuna.

Þ.11. – Framanaf hitasólskin, svo þykkur og utankul. I ground, and St. St. skar 33 torfur á lambhúsið. Innbæjarmenn fóru til Seyðisfjarðar. Þakti lambhúsið.

M.12. – Þykkur. St. fór yfir að Þrándarstað. Pápi skaut kæpu. Mundi í Njarðvík og Sigurjón komu hjer frá Desjarm. og verða í nótt. Egill, Sigurður Eyríksson (vinnugum Egils), Gunna og Guðni á Hvoli fóru til Seyðisfjarðar. Kríurnar komu í gærmorgun eða við heyrðum til þeirra þá. Gilsárvallam. fengu 20 fiska undir bjarginu.

F.13. – Fyrst framan og norðanhvassviðri, svo logn og þykkur. Við tókum svörð uppúr einni gröf. St. ók honum frá .

F.14. – Sólskin og stundum utangola og stundum innan. Pápi, eg og St. fórum á sjó út undir bjarg í gærkvöld, og fengum ekkert. Við tókum upp svörð. St. ók honum frá og var klofinn. St. smal.

L.15. – 4. v. sum. Norðanhvassviðri og af og til snjóhreta, gránaði í nótt sem leið. Eg smal. St. gro. Eg smíðaði púðurstauk. Þrúða fór suður í Loðmundarfjörð. Vaxin sóleya og fífill.

S.16. – *Hvítasunnudagur*. Austanvindur af og til. Þykkur. Við fórum 4ir til kirkju, fermd 7 börn. Við sáu 2 skip í hafinu. Æðarfuglin er farinn að verpa. I caught two trout.

M.17. – *Annar í Hvítas*. Austanvindur af og til. Við fórum 4ur til kirkju. I got with sir Stephan Peturson ¹/₄ powder. Eg fór útað Bakka. Síra Stef. kom hjer og var hjer lengi. Eg bjó til púðarkassa.

Þ.18. – Af og til austanstormur. Eg smala, Þrúður kom að sunnan.

M.19. – Blíða utankul, fyrir hið mesta, þykkur. My father shot five birds.

F.20. – Utansnjóhreta, gránaði til fjallsins. St. og Egill smöl. I and my father gro. Ein ærin okkar bar, skip í hafi.

F.21. – Fyrst í morgun snjódrífa utan, svo óglatt sólskin (ökkladjúpur snjór). I and my father gro. Hríð í kvöld.

L.22. – s.v. sum. Stórhrið í alla nótt framtil kl. 5 að ganga 10, svo austanvindur og uppstítta. 3 ær bornar hjá okkur. Útbæjarnautin leist út í fyrsta sinn, búíð að leisa út víða naut fyrir löngu. I shot to Plover, but had her not.

S.23. – Trinitatis. Blíða. Þykkur. St., Egill og eg smöl. Eg fór út að hjöllum og upp að Gerði. Eg fann 6 teista egg.

M.24. – Austanstormur og svo utan. Kýr okkar látnar út. Eg smal. Við rúðum í gærkvöldi gjeldfje. Hafnarmenn öfluðu fyrir skemmstu, 140 og áður 80, en Hafnstrandarmenn 170.

M.25. – Utan og norðanstormur. Við Stef. og Þrúða rifum lyng, síra Stefán kom hjer. Egill smal.

M.26. – Fyrir það mesta þykkur og utankul. Pápi og Stef. fóru á sjó og öfl. 267 fiska og Egill og Sigurður 120.

F.27. – Þoka og utangola. Pápi og Stef. fóru á sjó í gærkvöldi og komu seint í morgun, og öfl. 160. Og Egill fór á sjó í nótt og afl. 20 fiska.

F.28. – Blíða. Pápi og Stef. fóru á sjó last night and gained one hundred and seventy. Egill fór á sjó. Eg fann 4 teistaegg, og náði tveimur en ekki 2ur. Eg náði 2ur teistum. Hreinsað niður túnið.

L.29. – 6.v.s. Framan og norðanvindur svo utanhríð í kvöld. Flutt heim lyngið. Hreinsað af upptúninu. Tekið til við tættur.

S.30. – 1.sd. e. trin. Utankaskasnjódrífa. Við Stef smöl. Eg bjó til púðurmælir og knalhettudósir. Ær og lömb hýst.

M.31. – Utansnjóveður framyfir hádegi, svo mikið bjartur, norðanstormur og snjóhraglandi. I and St. gro. Hvíthirna mín bar og var bíldóttur hrútur. Bornar hjá okkur yfir 20 ær.

Juníus hefir 30 daga

P.1. – Þykkur og fyrir það mesta logn. Snjór á jörðu. Lambær allar úti og allt. St. gro and I, and my father gro. Eg hvíppaði aungul.

M.2. – Snjóhreita fyrst í morgun svo heiðríkt af og til framundir kvöld, þá þykkur og þoka. Kýrnar inni, kindurnar úti. I, my father and his serv. ground rye.

F.3. – Blíða. Heiðríkt. Rekið gjeldfje. Eg fann í nótt sem leið 6 krúegg og 3 mírarspítuegg. En í dag 1 krúegg og 4 heiðarlóuegg sem eg tók ekki. Piltar allir hjeðan fóru á sjó í kvöld. Eg skaut eina lóu.

F.4. – Utanþoka og fíla (eg flatti í nótt sem leið 170 fiska). Pápi og St. öfl. 130 fiska. En Egill og Sigurður 50 fiska. Eg fann 6 egg, en Þrúða 3jú.

L.5. – 7. v.s. Þykkur framundan í kvöld, þá heiðríkt. St. flatti. But I ground rye. My father is weak in the mouth. Eg smal. Gránað í nótt.

S.6. – 2. sd. e. trin. Sólskin og austanvindur í kvöld. St. fór innað Gíslárvelli. He and my father is weak. I and my father's maidserv. found fifty-two eggs, nl. I found thirty-two, but she twenty. Egill og Siggi fóru á sjó. 9 duggur sigldu norður hafið.

M.7. – Fyrst austanvindur, svo fyrir það mestu logn. Sólskin. Egill og Siggi fóru á sjó og öfluðu 40 fiska. Eg fór innað Hólalandi. Eg smalaði og sá 2 duggur.

P.8. – Mikið þykkur norðan og svo utan. Egill og Siggi öfluðu í morgun 40

fiska. Lokið við að hreinsa upptúnið. Eg ground. I and my father's maid-servant found 73 eggs and to day one.

M.9. – Af og til þykkur og sunnangola. Egill og Guðrún Stefánsdóttir fóru á sjó og öfl. 100 fiska. Stefán fór með Einari og Guðna á Hvoli og öfl. 50 fiska. I found today twenty eggs but the maid-serv. ten. I found last night one hundred and five eggs, but the maidserv. fifty two.

F.10. – Austan og utan og austanhríð I and St. gro. I found twenty four eggs.

F.11. – Utanhríð og þoka. Eg skautaði árar. Egill smal. I found last night 153 eggs, but the maid-serv. 117.

L.12. – 8. v.sum. Austanvindur og sólskin. St. og Egill fóru á sjó og öfl. 260 fiska. Eg smal.

S.13. – 3. sd. e. trin. Utangola og kolsvarta þoka. Þrúður fór inn að Hólalandi, og sótti mjöl. Egill smal.

Þ.14. – Utanstormur. Þykkur. I ground. Eg fór útað Bakka. I shot two birds. Pápi fór yfir að Desjarmýri.

Þ.15. – Utan og norðanstormur (gránaði í nótt í fjöllin). St. gro. Egill smal.

M.16. – Utan og norðankuldastormur. Af og til sólskin. St. fór suður í Húsavík. Eg smal. Eg sá duggur í hafinu.

F.17. – Utangola, lítið sólskin. Við reistum upp svörðinn. Eg fór yfir að Þrándarstöðum. Víða farið að stýa hér í sveitinni. Bátar fóru á sjó seint í dag.

F.18. – Fyrir það mesta þykkur og austanstormur, svo suddi. Pápi og Stefán fóru á sjó og öfl. 47 fiska og fundu enska duggu sem fór norður. Egill og Sigurður fóru á sjó og öfl. 18 fiska. Stýað í fyrsta sinn hér.

L.19. – 9. v.s. Utan og austanþoka og suddi. Eg smíðaði knalhattudósir. Eg smal.

S.20. – 4. sd. e. trin. Útaustan hríð. (Og í nótt af sömu átt stórhrið.) St. smal. í dag.

M.21. – Sólstöður, lengstur dagur. Utan og norðanstormur. Eg fór útað Bakka. Egill og Siggi og tveir afbæjarmenn rifu baðstofuna hans. Gjeldt lömb.

Þ.22. – Fyrir það mesta logn og þykkur. Rifin baðstofan okkar. Og byggt dálítið upp aptur. 3ír afbæjarmenn voru hjá pápa, en 2eir hjá Egli. Eg smal.

M.23. – Af og til heiðríkt og logn. Sett súð á baðstofu Egils. En lyngið á baðstofu pápa. 5 afbæjarmenn voru hjá hvorum.

F.24. – Jónsmessa. Fyrst austanvindur og svo framanvindur. Þökt baðstofan okkar og settur í hana pallar en lítið eitt af þili. 1 afbæjarmaður var hjá pápa. Útbæjarbaðstofan var þakin, og eitthvað sett innan í hana. 2 afbæjarmenn voru hjá Egli.

F.25. – Af og til vestanvindur og sólskin. Pápi byggði innan baðstofuna okkar, og setti niður rúmin. Siggi smal.

L.26. – 10. v.s. Utan kuldastormur. Pápi fór yfir að Desjarm. Og Þorst. Jónsson þar kom með honum og er að smíða borð. Þorleifur Jóakimsson frá Dölum kom hjer og ætlar að vera til sjóar hjá pápa. Eg smal.

S.27. – 5. sd. e. trin. Utangola af og til sólskin. Litla kussa bar, kálfurinn var skorinn. St. og Leifi fóru á sjó.

M.28. – Hítasólskin og utankul. Fært frá ánum hjerna og víðar. Eg sat yfir þeim í nesinu. En Siggi sat yfir lömbunum uppá stekk. St. og Leifi komu af sjónum og öfl. 107 fiska. Pápi og St. fóru á sjó. Þvegin ull.

P.29. – Logn og hitasólskin framyfir hádegi, svo suðvestan og vestanvindur. Pápi og Stef. komu af sjónum og öfl. 80 fiska. Egill og Gunnar fóru á sjó. Siggi passar (situr) ærnar. Í sit over seventy six lambs. Flandrísk dugga kom inná fjörðinn og lagðist.

M.30. – Fyrir það mesta logn, þar til milli náttmála og miðaptans, þá suðvestan vindur. Eg sat yfir ánum í nótt sem leið. Flandrísk dugga kom inn í nótt. Pápi, Stefán, Lauga og Leifi fóru út í duggur í morgun. Tveiri duggarar komu hjer heim. Egill fjekk þeim bola sinn og Jónatan í Geitavík sinn for wheatbread, salt and potatoes. Þrúða sat yfir ám. 2 duggur liggja inni. Eg flatti 133 fiska. St. og Leifi skáru 150 heyjatorfur. Pápi fór á þingið. Fyrri duggan fór seint í kvöld.

— — — — —

1886

Martíus hefir 31 daga

M.1. – Talsvert heiðríkt og logn. Eg rakti rauðan og svartan fóðurvef uppl. úr 10 gkn. hespum og 4 [] $16^{3/4}$ al. Þráðatala 850. varp: 3 í 70t. skeið.

P.2. – Heiðríkt og logn.

M.3. – Utan snjóveður. Eg óf af einskeptupjötlunni 5 álnir. Byrjað að spinna í teppi.

F.4. – Utan dimmviðri. Eg óf lakl. 6 álnir. Ágúst Þórarinss. er að kenna í útb., began to-day.

F.5. – Moon new 8.37 p.m. Útnorðan grimmdarveðr. Eg enti við að vefa einskeptuvefinn, ofinn á lengd $14^{21/24}$ ál. eða $14^{7/8}$ ál. Baróm. nú á 76.

L.6. – 20. v.v. Heiðríkt og logn. Hafísinn var í morgun hér út í flóanum, og eru nú í kvöld strjáljakar orðnir hér landfastir. B. á 75,5.

S.7. – Föstuinngangr. Af og til talsvert heiðríkt og logn. Hafísinn er nú á víð og dreif hér um allan fjörðinn og svo út á haf. B. á 75,5.

M.8. – Fyrst heiðríkt, svo þykkur sunnan og logn. Ég rakti utan hafna f. vefinn uppl. úr 20 h. og 5 knekkum (σ: 185 knekk als), 30 $^{1/2}$ al. Þráðat. 872 og verðr varpað í 70 t. sk. Ísinn var þétr í morgun en hefur gisnað í dag. Baróm. nú á 75.

P.9. – Hvíti Týsd. Um tíma dálítið skýjaðr, svo heiðríkt logn. Eg byrjaði að vefa utanh. f. vefinn. B. á 75,5. Litla kussa beiddi upp og var haldið.

M.10. – Talsvert himinþunnur og sunnangola. Ísinn rakst mestallur út og norður hér úr firðinum. Öskud.

F.11. – Lengst af mikið heiðríkt og norðvestan hláku-gola. Ánum gefin $^{1/2}$ g.

F.12. – Mikið heiðríkt og dálítill framangola. Baróm. 76,5.

L.13. – 21. v.v. First qu. Nokkuð skýjaður og sunnan vindur. Lítil hláka. Blá móða (kreppingsmóða?) í fjöllum. B. á 76.

S.14. – 1. s. í föstu. Nokkuð skýjaður og sunnavindur.

M.15. Maraður og logn, en í kvöld af og til þoka (blíðaveðr.) Talsvert orðið autt. B. á 77.

Þ.16. Heiðríkt og blíðalogn. Eg enti við að vefa utanh. f. vefinn á lengd ofinn 29 álnir. Eg setti keypa (róðrarþolla) í Færeyska bátinn okkar.

M.17. – Skafheiðríkt og blíðalogn. Eg setti gildingar í ræðin.

F.18. – Dálítið skýjaður og logn. Villi fór í útb. Nonni á Gerði og Jakob í Gilsár. fóru í setu. Eg smíða bita í bátinn. B. á 76.

F.19. – Af og til þoka og utangola með snjóhreitu. Piltar komu úr setunni, og urðu ekki varir. Eg smíða stýri og járn á það.

L.20. – 22. v.v. Dimmur með utansnjóveður. Bátinum var aptr hvolfst.

S.21. – 2. s. í föstu. Útaustansnjókoma lengst af, mikil lausamulla er komin.

M.22. – Koldimmur með austandrifu fram af, svo fjallabjartur; logn, frostlaust. Ég rakti teppisvef, uppl. 21^{3/4} ál. úr 11, 8 knekka hespum (en afgangur af hinu rauða og fjólubláa) þráðatala 494, varpað í 60t. sk. 2 í tönn. Snjókyngi komin.

Þ.23. – Einmánuður. Talsvert heiðríkt og logn frameptir deginum, svo skýjaður sunnan eða suðaustan. Eg byrjaði að vefa teppin. B. á 74,5.

M.24. – Dálítið maraður annaðslagið en nokkuð heiðríkt hitt og logn. Eg óf af teppinu.

F.25. – Maraður og logn, svo dimmur með snjódrifu. Eg enti við að vefa teppin, ofin á lengd 20 álnir. Eg rakti teppisvef frá Gerði uppl. 12 álnir, þráðatalan 614. Eg rakti gjarðavef uppl. 20^{1/2} al., þráðatala 84.

F.26. – Hálfimmur framan af með snjóhyming, svo drifu-mok, logn. Villi, Jón í útb. og 2 aðrir fóru í hákarlalegu í dag. Eg festi upp teppisvefinn frá Gerði og óf meir en helming. Jarðlaust hér.

L.27. – 23. v.v. Nokkuð þykkur og logn, svo himinþunnur. Eg enti við Gerðisvefinn, á lengd 10^{1/2} al. Eg festi upp gjarðavef og óf meir en helming. Uppl. 20^{1/2} al. og þráðat., 84 og varp: 3 í 60t. skeið. María og Sigurjón fóru norðr í N.-vík.

S.28. – 3. s. í föstu. Þykkur með útnorðanstorm og kóf. Eg enti við gjarðirnar, ofnar rúml. 18. áln. Eg sló upp vefstólinn.

M.29. – Dimmur með utan storm og kóf. B. á 74.

Þ.30. – Utan dimmviðri. Baróm. á 74. Litla kussa beiddi upp.

M.31. – Utan glórulaust dimmviðri og ofsahvassviðri. Baróm. 73,5.

Aprílís hefir 30 daga

F.1. – Framan af útnorðan stormur og kóf, svo um stund logn og síðan dimmviðri.

F.2. – Fyrst í morgun þykkur og lítil gola, svo utan glórulaust dimmviðri. Baróm. í morgun á 75, en nú í kvöld neðan við 73.

L.3. – 24. v.v. Framan af hálfdimmur og logn að nafninu, svo útnorðandimmviðri.

S.4. Miðfasta. Lítið þykkur framan af, svo að mestu heiðríkt; logn. Mikill krapí er hér í firðinum, en hafísinn sézt hvergi. B. á 74.

M.5. – Heiðríkt og logn framundir kvöld, þá maraðr og framan og austanstormur (sunnan eða suðaustan flapur). Við sóttum það seinasta fram og upp á Brekkurnar. B. á 74.

Þ.6. – Þykkur suðaustan eða austan, stundum drífa en logn lengst af. Ent við að spinna í reipin; svo þar er nú búið að tæta allt. B.74.

M.7. – Fyrst í morgun lítið skýjaðr, svo heiðríkt; logn. Piltar fóru enn í setu í kvöld seint. B. 74,5.

F.8. – Þykkur og norðaustan gola. Piltar komu úr setunni, en urðu eigi varir. Þorkell og Guðný í N.vík komu og verða í nótt.

F.9. – Framan af all-gott veðr, svo útnorður kófveðr. B.74,5.

L.10. – 25. v.v. Talsvert skýjaðr og norðanstormr og kóf framundir kvöld, þá logn að mestu. Rakin og fléttuð reipi; uppl. rúmar 10 alnir.

S.11. – 5. s. í föstu. Nokkuð himinþunnr frameptir, svo þykkur; logn. Villi, Jón í útb. og fleiri, fóru til Seyðisfjarðar. Þorst. í Höfn kom.

M.12. – Þykkur suðaustan og lítil gola, svo í kvöld dimmur með framan og austan snjóbleytu. Við smíðum segl (main sail) á Færeyska bátinn.

Þ.13. – Fyrst í morgun maraðr svo heiðrík, en í kvöld lítið slímaðr; logn. Við skefldum sundr spítu.

M.14. – Heiðríkt og logn fram undir kvöld, þá dálítið skýjaðr og lítil norðan-gola. Við smíð. eina ár.

F.15. – Fyrst heiðríkt, svo maraðr; logn landstæðr. Eg saumaði strenginn kringum seglið (the main seal) á Færeyska bátinn.

F.16. – Talsvert heiðríkt og logn.

L.17. – Sumarmál (af 26. v.v.) Himinþunnur og logn að mestu. Stefán Hrólfss. fór upp að Klúku. Lömbum gefin $1/2$ tunnu. Eg enti við seglið.

S.18 – *Pálmásunnud.* fullt t. Fyrst maraður og logn fram til kl. 1, þá norðan-snjóveður og hvass til kl. 4, þá uppstitta, heiðríkt.

M.19. – Dálítið maraðr og logn en loptkalt. Við sóttum 2 svarðareki. Eg smíð. ljábakka.

Þ.20. – Himinþunnur og logn framan af, svo framangola. Sókt 2 svarðareki, það seinasta af sverðinum. Við Guðríður fórum austur að Hofstr. Piltar komu úr setunni, en urðu eigi varir. Tjaldr er kominn.

M.21. – Maraðr og logn. Eg bakkaði 6 ljái.

F.22. – Skírdagr. Sumard fyrsti. 1. v. sumars. Harpa. Heiðríkt og logn. Við fórum til kirkju. Lóa komin.

F.23. – Föstud. langi. Fyrst bjarrt og logn, svo þoka og svo drífa. Eg bakkaði ljái fyrir Egil.

L.24. – Þykkur og utangola. Snjógráðann þann í gær tók ekki af jörð. Eg bakk-
aði ljái.

S.25. – Páskad. Maraður og logn. Farið héðan til kirkju. Litlu kussu var hald-
ið.

M.26. – Annar í Pásk. Snjóhýmingr. Many strangers came.

Þ.27. – Fyrst skýjaðr nokkuð, svo mikið heiðríkt; logn. Við sniðum fokku á bát-
inn.

M.28. – Fyrst nokkuð heiðríkt og logn, svo maraður og í kvöld landnyrðings-
stormr. Eg saumaði fokkuna. Villi fór sjóveg með Jóni á Jökulsá suðr í Húsavík.
Katrín á Jökulsá kom og verður í nótt.

F.29. – 2.v.s. Bakkar í kring á fjöllum og útnorðankuldastormur og kóf. Ær og
gempl. litla stund úti.

F.30. – Mikið heiðríkt og logn en seint í kvöld þykkur norðan.

Majus hefir 31 daga

L.1. – Tveggja p. messa. Fyrst heiðríkt svo skýjaðr; logn; blíðviðri. Stefán og
Sigurjón fóru með sauði okkar og nokkra gemlinga norður fyrir Njarðvíkur-skríð-
ur.

S.2. – 1. s. e. páska. Þykkur og sunnanvindur, en seint í kvöld hríð. María og
Sigurjón fóru alfarin héðan norðr í N-vík til veru.

M.3. – Krossmessa (á vori). Fyrst sunnanvindur og hríðaryrja, svo heiðríkt og
vestangola, svo logn. Villi fór alfarinn héðan að Gerði. Ær Egils lágu í fyrsta sinn
úti.

Þ.4. – [] nýtt t. 2,15 f.m. Framanaf sunnanvindur og regn, svo heiðríkt og logn
að mestu. Dóri litli frá Hofströnd kom hingað (in service (to) in our house). Ær
okkar liggja úti.

M.5. – Nokkuð skýjaðr og suðvestanvindur.

F. 6. – 3. v.s. Þykkur og norðaustangola.

F.7. – Nokkur þykkur og norðaustankuldastormur. Gránaði í nótt en tók af að
mestu í dag. Ær og gemlingar voru hýst í gærkvöld og í kvöld.

L.8. – Nokkuð þykkur og útnorðankuldagola til kvölds, þá mikið heiðríkt og
logn. Eg smíðaði 2 tennur í plóghefil. Ánum gefið í kvöld.

S.9. – 2. s. e. páska. Fórum í kaupstað í norðaustanvindi.

M.10. – Norðaustanstormur.

Þ.11. – Norðaustanstormur Barom. þessa daga alla á 77. Við Stef., Villi og Guð-
ríður fórum í gærkvöld af Eyrinni í miðlendingu, og svo í kvöld eptir háttatíma
þaðan í vondum sjó í Húsavík.

M.12. – Heiðríkt og lítil norðankulda-gola, en seint í kvöld maraður norðan. Við
gengum af 5 bátum úr Húsavík heim.

F.13. – 4. v.s. Þykkur og norðaustankuldastormur með snjóhreitu.

F.14. – Utan kuldastormur og snjócoma fram um hádegi, þá bjartur. Pabbi fór út að Höfn.

L.15. – Þykkur, norðaustan stormr og snjóhraglandi. (Gránaði). Kindur um tíma úti.

S.16. – 3. s.e. páska. Hálfdimmur frameptir deginum með útnorðan kóf og hvassviðri, svo bjartur en í kvöld koldimmur, snjóveðr. Baróm., að falla í [dag] nú á 75. Ær inni.

M.17. – Framanaf dimmur með snjókomu og útnorðanstorm, svo nokkuð bjartur. Stefán sótti gemlingana og sauðina norðr í N.-vík.

Þ.18. – Lengst af nokkuð skýjaðr; logn. Snjórinn tók nokkuð upp. Þorkell í N.-vík kom eptir heyi. Ánum gefnar 4 hálftr.

M.19. – Þykkur og logn. Hallgr. Ólafsson, Brimnesi kom; einnig Jósep Davíðss. á Vestdalseyri, hingað sendr frá Grönvald til að sjá um þurk á fiski þeim sem tekinn var hér í haust og geymdur hefur verið hér á salthúsinu í vetur. Pabbi og Stef. fóru í kvöld til Húsavíkr.

F.20. – 5. v.s. Þykkur og logn. Piltar komu nú í morgun með kornið sjóveg úr Húsavík.

F.21. Kóngsbænad. Nokkuð skýjaðr og blíðalogn. Við Dóri rákum allt geldféð norðr fyrir skriður. Krían komin.

L.22. – Skafheiðríkt og um tíma hæg utangola (sólfararvindr). Flutnings-jagtin „Telegraf“ kom hingað með vörur af Vestdalseyri. Við byrjuðum að berja.

S.23. – 4. s.e. páska. Skerpla. Framan af heiðríkt og logn, svo þoka og norðaustanstormgola. Pabbi fór út að Höfn.

M.24. – Fyrst utan snjódrífa og stormur svo fjallabjartur „Telegraf“ fór út og víst suðr á Seyðisfjörð vegna stormsins sem kom; en eigi er búið að skipa út fiskinum enn.

Þ.25. – Útnorðan nístingskuldastormur og af og til snjójel. Stefán sótti geldféð norðr í Njarðvík.

M.26. – Norðaustan nístings-kuldastormur og stundum snjóritja. Ær um tíma úti.

F. 27. – 6. v.s. Þykkur og norðaustan kuldastormur. Eg setti sviptar á horn á hirzlum.

F.28. – Þykkur og norðaustankulda gola. 3 ær okkar bornar. Sagt er af Seyðisfirði að hafísinn sé nú við Langanes, svo eigi er skipum fært norðr.

L.29. – Framan af í morgun snjóveðr og útnorðan kuldastormur, svo bjart en sami stormur. Stöðugt frost.

S.30. – 5. s.e. páska. Þykkur og að mestu logn.

M.31. – Þykkur og norðaustankuldastormur, og stundum snjóhreita. Pabbi og Jósep fóru út að Höfn. „Telegraf“ kom nú aptur af Seyðisfirði og liggur norður af Hólmanum.

Júníus hefir 30 daga

P.1. – Framan af þykkur, svo nokkuð heiðríkt, svo maraði norðan; logn.

M.2. – Nýtt t. 12.21 e.m. Þykkur og logn. Við ásamt fleirum fluttum verzlunarfiskinn úr salthúsinu um borð á „Telegraf.“, hún (jagtin) fór út í kvöld.

F.3. – Uppstíningardagr. 7. v.s. Þykkur og logn. Sunnan í lopti. Fardagar.

F.4. – Fyrst skýjaðr og lítil sunnangola, svo logn og hríðarskúr, svo uppstítta og nokkuð heiðríkt. Við smöluðum saman geldfénu. 19 ær okkar bornar. Gerðisbræðr réru til fiskjar og fengu 1 fisk en misstu 3. Það er í fyrsta sinn að vart hefur orðið hér í vor. 2. Fardagr.

L.5. – Hálfdimmur með útnorðanstorm og hríðar-rok. Þorsteinn í Höfn kom; he received the ewes, one year old sheep and weathers which we sell him. 3. Fardagr.

S.6. – 6. s.e. páska. 4. Fardagr. Fyrst dimmur með úrkomu, svo bjartur; logn. Blíðviðri. Guðríðr fór upp að Kóreksstöðum. Pabbi og Sigurlaug fóru inn að Jökulsá. Stef. rak geldfé okkar út að Höfn.

M.7. – Nokkuð skýjaðr og logn. Við pabbi fórum til Seyðisfjarðar landveg (en gistum í nótt í Loðm.firði).

P.8. – Himinþunnur um tíma fyrst svo þykkur en logn. Við héldum á Seyðisfjörð.

M.9. – Skýjaðr og að mestu logn. Við héldum af Seyðisf. Seint í dag að Sævarenda.

F.10. – 6. v.s. þykkur og þokuþungur í kvöld, en að mestu logn. Við héldum heim. Nokkrir hér hafa fiskað þessa daga bæði á línu og handfæri frá 40 – 200 fi.

F.11. – Þykkur og logn. Við fórum snöggvast á sjó og öfl. 44 f.

L.12. – Þoka en logn. Egill og Jón komu af sjó og öfl. 220 fi. Eg smíðaði kassa.

S.13. – *Hvítasunnud*. Fyrst hríð, svo upp stítta; logn; þykkur. Í kvöld þoka. Við fórum til kirkju.

M.14. – Annar í hvítas. Fyrst bjartur, svo þoka og annaðslagið hríð; logn. Glettingsness-hjónin komu og Sigurðr og Hansína í Njarðvík og fl.

P.15. – Útnorðanhvassviðri og hríð fram um miðdegi, þá uppstítta.

M.16. – Þykkur og þoka ofan á fjöllum og logn. Þorst. í Höfn kom.

F.17. – 9. v.s. Heiðríkt framanaf og logn, svo dálítið maraðr. Eg fór suðr í Húsa-vík.

F.18. – Lengst af heiðríkt, logn fram eptir, svo landnorðan eða heldur vestlægur vindur. Við pabbi öfl. 180 fi. saltaðir 59 fi. Presturinn séra Einar kom í kvöld, og hélt inn að Desjam. með farangr sinn.

L.19. – Heiðríkt og lítil landnorðan gola. Hreppamót haldið á Desjamýri. Stef. fór upp að Klúku.

S.20. – Trinitatis. Heiðríkt og að mestu logn. Við Gísli á Jökulsá fórum seint í dag á sjó.

M.21. – Nokkuð heiðríkt og logn. Við Gísli öfl undir 400 fi. Sólstöður.

P.22. – Þykkur og logn framundir kvöld, þá norðaustan stormur og úrkoma. Við Mundi á Jökulsá öfl. last night 415 fi.

M.23. – Utan stormur og hríð framundir kvöld, þá uppstíttá.

F.24. – 10. v.s. Þykkur og lítil utangola. Pabbi, Sigurlaug og Guðríður fóru norðr í N-vík og verða þar í nótt.

F.25. – Þykkur og lítil utangola. I found last night 238 eggs of „Sterna hirundo“.

L.26. – Þykkur og logn. Egill tók upp svörð.

S.27. – 1. s.e. trin. Þykkur og logn, en í kvöld útnorðan hroðahvassviðri. Við fórum 6 alfarin frá Bakka og ætluðum um stund á Seyðisf. en náðum einungis í kvöld að Höfn.

M.28. – Mikið himinþunnur og framanaf landnorðan vindr, svo logn. Við vorum um kyrrt í Höfn.

P.29. – Péturs m. og Páls. Maraður og logn, en seint í kvöld vestanvindr. Við fórum frá Höfn á Seyðisfjörð (í Vestdalseyri), og 5 menn fóru með okkur suðr; Við ætlum alfarinn til Ameríku ef guð lofar.

M.30. – Fyrst í morgun nokkuð heiðríkt, svo þoka, og nokkur uppbirta í kvöld; logn. Eg járnþenti hirzlrur okkar.

Júlíus hefir 31 daga

F.1. – Nýtt. t. 8.39 e.m. 11. v.s. Þykkur og logn framundir kvöld, þá norðan vindur. Gránufélagsskipið „Rósa“ kom í dag hingað til Eyrarinnar með kol.

F.2. – Um tíma nokkuð skjáðr og vestanvindr, svo heiðríkt. Við Guðríðr fór-um út á Þórarinsstaðaeyrar.

L.3. – Heiðríkt og vestanvindr, fram um hádegi, svo utan sólfaravindr. Við Guðríðr komum heim.

S.4. – 2. s.e. trin. Framan af þoka, svo nokkuð léttari og hæg utan gola. Við fórum inn á Öldu.

M.5. – Þykkur og norðaustangola.

P.6. – Þokuþungur og norðaustankuldagola.

M.7. – Framan af nokkuð þykkur og norðanstormr, svo nokkuð heiðríkt.

F.8. – 12. v.s. Heiðríkt og lítil norðangola.

F.9. – Heiðríkt og lítil utangola en þoka hér út í fjarðarkjaptinum, en í kvöld svartþoka. „Kamoens“ hrossa og fjárkaupa-skip Slimons kaupm. í Skotlandi, kom hingað kl. 2 í nótt sem leið og fór aptur í kvöld með á 3. hundrað vesturfara (að sunnan og norðan, bara 16 héðan) og mörg hross að vestan. Við borguðum fargjald og tókum farbréf hjá Sigfúsi Magnússyni.

L.10. – Nokkuð þykkur og logn, (landsunnan).

S.11. – 3. s.e. trin. Þykkur og logn. Við fórum seinnipartinn í dag um borð á póstsk. „Laura“ og ætlum svo með henni til Granton.

M.12. – Fyrst í morgun hríð, þykkur fram eptir deginum, en svo himinþynnri og

norðaustanvindur. Við lögðum á stað í guðs nafni burt af Seyðisf. kl. [] f.m., en komum á Eskifjörð. kl. 12.45 e.m. en kl. 5.15 fórum við þaðan.

P.13. – Óglatt sólskin og logn, (skýklakkar, kreppingsklakkar hringinn í kring við sjóndeildarhringinn). (Kl. 10-12 lágum við kyrrir í þoku í nótt sem leið, nokkru síðar sáum við Geirfuglasker (áður nefndur Valsbakur) hér um 100 faðma frá stjórnborði, síðan var stefnt til Færeyja). Kl.9 í morgun sáum við að eins móa í hæztu fjöllum fósturlandsins. Kl. 6 e.m. sáum við Færeyjar.

M.14. – Maraðr og logn framan af, lítið norðan eða norðvestan regn (dropar) um stund. Svo seint í dag norðaustan vindur. Hér um bil kl. 12-1 í nótt komum við á Þórshöfn, þar er talsverð bygging og mörg hús með torfpaki en timburveggjum. Talsvert er ræktað á sjá milli húsanna en þegar upp fyrir bæinn kemur er mjög grjóttugt land og móar, óræktað og [] og aflíðandi. Húsin standa sunnavert á eyggi. Sund er í suður hédan, og annað sund í austur er við komum um hingað í nótt, en fyrir suðaustri liggur eyja, hér um 1/2 mílur frá bænum. 6 skip liggja hér á höfninni. Yfir höfuð eru Færeyjar mjög ljótar með háum og bröttum fjöllum í sjó ofan. Eyjar-skeggjar voru mjög þægilegir. Kl. 1 e.m. fórum við af Þórshöfn og er stefnt suðaustan við suður. Nú kl. 7.15 e.m. eru Færeyjar horfnar. Bezta leiði. Sett upp segl.

F.15. – 13. v.s. Þykkur og norðvestan hvassviðri. Vindur stendur apatarlega á stjórnborða hlið. Skipinu stefnt á næsta stryk suðaustan við suður. Kl. 7 e.m. sáum við glöggð hið nyrta af Skotlandi. Vindur færir sig meir til vestan eða suðvestan áttar.

F.16. – Mikið heiðríkt og norðvestan gola. Skýja-klakkar í kring og móða við sjóndeildarhringinn. Kl. hér um bil 7 í morgun komum við inn undir höfnina í Granton á Engl. þar lágum við til kl. 2 e.m. þá fórum við inn á skipalagið (inn í kví) síðan var lagt þar að mikilfenglegri bryggju, og farangur okkar hafin upp á hana úr „Lauru“ með gufu vél er einn maður stýrði. Hún snérist í hring epti því sem þurfti og hóf í einu 4,5 og 6 hirzlur í háa loft upp og svo niðr aptr. Þar var farangur okkar skoðaður, en samt ekki mjög nákvæmlega. Að því búnu fórum við í vagninum kl. 7.17 e.m. frá Granton til Edinaborgar en þaðan kl. 8,17 og komum til Glasgow kl. 10.45 í kvöld. Svarta myrkur er komið en allt uppljómað með gas- og rafur-magnsljósum. Við gistum hér á Atlantic Hotel í York Street 34.

L.17. – Fyrst mikið heiðríkt, svo í kvöld þykkur, logn. Mikil hlýindi í veðri. Við vorum kyrrir hér í húsinu. Áin Clyde er hér neðan við strætið hér um 30-40 faðma frá húsi okkar, eptir henni gengur fjöldi af skipum og mörg af þeim full af fólki.

S.18 – 4. s.e. trin. Fyrst í morgun úrkoma, svo uppstitta, en allt af þykkur suðvestan og logn, mesta hlýinda veður. Við vorum við messu í kvöld Kl. 4-5^{1/2} í kirkju hér, sem svenskur prestur fram flutti á dönsku. Margir rafsegulþræðir liggja hér yfir húsin, sumir af þeim eru svo hátt upp að þeir sýnast eins og mjór látúnsvír. Sífeld umferð er hér um strætin af fólki og vögnum með stórum og sællegum hestum fyrir.

M.19. – Þykkur framan af svo heiðríkt og logn, færðist meir til norðanáttar.

P.20. – Mikið heiðríkt og lítil gola, hlýinda veður. Við vorum við danska guðsþjónustugjörð í sömu kirkjunni og á sunnudaginn, einnig var þar um leið haldin svensk guðsþjónusta og þrýðisvel sungið á svensku. Uppi yfir okkur voru 40 gasljós í einum hjálmi og 6 ljós í kring þar sem presturinn prédikaði.

M.21. – Fyrst í morgun heiðríkt svo þykkur sunnan (hlýinda veður) með úrkomu litla stund. Við komum hér í margar sölubúðir og er þar margt að sjá af ýms-um sortum sem hægt er upp að hugsa.

F.22. – 14. v.s. Þykkur og seinni partinn suðaustan gola og í kvöld hríð. Við fórum af Atlantic Hótel í York Street í Glasgow ásamt fleiri Vesturförum, bæði dönskum, þýskum og fl. um borð í flutningsskipið „Express“ (299 Tons) á ánni Clyde og á honum fórum við ofan ána ofan fyrir bæinn Greenock og þar um borð í flutnings-skipið „Furnessia“.

F.23. – Þykkur og logn að mestu en í kvöld vestan vindur. Við fórum á stað í nótt, og komum kl. 8 f.m. til Merville á Írlandi, þaðan komu margir Írar hér um borð og ætla hér til Vesturheims. Allir voru í dag kallaðir upp á dekk til að sýna farbréf sín og varð hver sem farbréf hafði að hafa hjá sér sitt fólk, meðan á skoðuninni stóð (ný farbréf voru tekin hjá agentum línunnar í Glasgow en þeim aptur afhent farbr. er menn tóku heima á Ísl. Þessi voru í þrennu lagi: eitt stykkið var af þeim tekið þegar maðr fór um borð í „Furnessiu“, annað verðr tekið áður en maður kemur til New-York og þriðji parturinn verðr tekinn [] en aptur fær maður þar járnbrautar-seðil. Kl. 3 e.m. fórum við frá Merville. Skipið fór 163 mílur enskar.

L.24. – Þykkur og vestanvindur. Margir eru sjóveikir um borð. Skipið fór 263 m.

S.25. – 5. s.e. trin. Þykkur og norðan vindur, nokkuð hvass, stendur heldur aptan til á stjórborða hlið. Báðar fokkur og bæði stórsegl voru sett upp last night, en 3 toppsegl í morgun, bezti byr. „Furnessia“ fór 322 mílur.

M.26. – Þykkur og í morgun hæg suðvestangola. Segl sett til. En er á leið daginn hvassviðri og dimmur, svo hjartari og vindur móti. Segl höfð niðr í dag. Margt af fólki er nú hressara. Skipið fór 332 m. Menn afhentu í dag annanpartinn af farbréfum sínum.

P.27. – Himinþunnur og hvass mótvindur. Skipið fór 300 mílur.

M.28. – Fyrst maraður og mótvindur hvass vestan, svo niðapoka og að mestu logn. Skipið fór 308 m.

F.29. – 15. v.s. Niðapoka og lítil gola fram eptir deginum, svo heiðríkt og hvass vestanvindur. Í dag meðan þokan var, fórum við ekki nema hálfra ferð, en á lágnettinu í nótt vorum við alveg kyrrir vegna þokunnar. Franskt póstgufuskip 4-mastrað fór hjá okkur seint í dag og stefndi til Ameríku. Frá því um hádegi í gær og þangað til kl. 12 í dag fór skipið 233 m. (það er talið frá kl. 12 daginn fyrir til kl. 12 daginn eptir). 13 þjóðir eru hér um borð, en als 478 menn.

F.30. – Fram eptir deginum nokkuð þykkur og logn, svo í kvöld himinþunnur og hægur byr suðvestanstaður. Nú í kvöld eru bæði Englendingar og Ameríkumenn að spila á harmoniku og fíólín og að danza. Skipið fór 310 m.

L.31. – Maraður og lítill suðvestan gola, svo dembihríðar-skúr um tíma, svo í kvöld uppstíttu og logn. Skipið fór 332 mílur.

Augustus hefir 31 daga

S.1. – 6. s.e. trin. Að mestu heiðríkt og logn, mesta hitaveður.

M.2. – Mikið heiðríkt og logn. Við vorum kyrrir snemma í morgun undan Sandy Hook, síðan komum við snemma í dag til New-York. Þar var farangur okkar skoðaður og vigtaður. Síðan fórum við stuttan veg á gufubát til Castlegarden. Þar var okkur vísað inn í geysistört kringlótt hús og var það hólfrað í sundur með grindaverki og var mönnum skipt þar í sundur: sumstaðar voru þeir látnir fara sem farbréfin höfðu, í annan stað fóru familjurnar og sumstaða var mönnum skipt, eptir því í hvaða landspláz menn ætluðu. Þar fengum við ný farbréf eptir járnbrautunum á móti þeim er við skiluðum þeim þarna. Síðan var flutningur okkar fluttur á Viglina skammt þar frá, er var eins og kjallaralok á gólfþilju, og fyrir hver 100 pund ensk, er maður hafði fram yfir þau 100 ƒ er hver fullorðinn maður má hafa frí með sér, varð maður að borga 1 dollar (= um 4 krónur). Síðan var flutningurinn drifinn burtu og út á 2 gufubáta. Og um leið voru látúnsspjöld fest við hverja hirzlu og manni svo fengið um leið látúnsspjald með sömu tölu, en þessi spjöld verðr maðr vandlega að passa (þau eru eins mörg og hirzalur mans eru). Síðan fórum við á þessum bátum í kvöld til járnbrautarstöðvarinnar. (Það sem farbréfin snertir, gleymdist. Þau farbr. er við fengum í New York, fékk hver sem farbr. hafði áðr. þau voru aflöng og eins mörg og fullorðnir menn voru í þeirri familfu en ekkert fyrir 1 barn, en 1 miða fyrir 2 sem voru yfir 2 ára að aldri). Síðan fórum við á gufuvagninn seint í kvöld.

Þ.3. – Þykkur og lítill norðangola. Við komum til Utica snemma í morgun, þar voru höfð skipti á plötunum er menn fengu í New York til Utica. Frá Utica fórum við kl. 12^{1/2} e.m. (kl. hér er hérumbil 4^{1/2} tíma seinni en heima á Ísl.), en í kvöld komum við til Morristown. Þar voru öll merkin tekin bæði af farangrinum og þau sem menn höfðu hjá sér, síðan fórum við á gufubát þvert yfir Lawrencefljótið til Brockville. Þar byrjar Canada-ríki, en Bandaríkin enda í Morristown. Við gistum í Brockville.

M.4. – Mikið himinþunnur og logn. Við fórum í nótt frá Brockville, þar fengum við enn á ný látúnsmérki. Kl. hér um 7 f.m. komum við á vagnstöðina Carleton og hér höfum við mátt bíða við Canadabrautina eptir vagni sem fer með okkur til Winnipeg kl. 1^{1/2} í nótt.

F.5. – 16. v.s. Óglatt sólskin og logn. Við fórum í nótt kl. 1^{1/2} burt frá Carleton á Canadajárnbrautina. Hér á leiðinni sést eigi annað en þéttur, beinn en heldur mjór poplviðar-skógur, hæðir og grjóttugur jarðvegur. Verkamenn eru hér sumstaðar að vinna að járnbraut og höggva skóg í kesti til eldsneytis. Hreysi þeirra eru lágir logga-kofar, settir saman úr trjám sem sett eru hvert ofan á annað, og þakið þannig, að tré eru reist upp hvert við hliðina á öðru. Vötn eru hér á leið skólplituð og ekki góð til drykkjar.

F.6. – Fyrst í morgun þykkur, svo mikið heiðríkt og alltaf logn (hitaveður). Við komum til Port Arthur kl. 4 e.m. en fórum þaðan kl. 4^{1/2} e.m. Þar er fremur fallett aflíðandi sléttlendi nema niður við Superior Lake er slétt og flatt. Landið milli Carleton og Port Arthur er fjarska grjóttugt og mest allt víði vaxið og eg kalla óbyggjandi. Hvítgrár sandur er líkist vikurösku sem nær víðast upp í grasrótina. Nú í kvöld erum við á leið frá Port Arthur. Hér er fremur fallett land, víða nokkuð slétt með nýgræðingsvíði og hingað og þangað standandi lausum mjóum og beinum víðarreglum.

L.7. – [] fyrsta kv. Mikið heiðríkt og líka hlý norðangola. Móða er mikil allt í kring eins og optast er hér. Landslagið prýkkar heldur eptir því sem nær færast Winnipeg, heldur sléttara og grösugra, en miklu minni skógur, en fjarska mjór. Hingað til Winnipeg komum við kl. 9^{1/2} f.m. (eptir því sem kl. er í New York), og tóku nokkrir Íslendingar við okkur er við fórum úr vagninum. Hér er mjög slétt og fjöldi af húsum (sumt eru steinhús), en samt miklu strjállu og minni heldur en í hinum stöðunum er við höfum komið í t.d. Glasgow og New York, enda er hann ungur bær aðeins með 35,000 (Íslendingar eru sagðir þar um 1000) íbúum. Við verðum hér í húsi í nótt, sem einungis er ætlað fyrir emigranta til að dvelja í meðan þeir fara ekki eitthvað í burtu annað. Nafnið á því er: „Dominion Cort – Immigrants Agency“. Rúm í því eru engin en bara eldstæði. Skamt frá því er aðalgufuvagnaverkstæðið hér í Winnipeg við Kyrrahafsbrautina. Hér hittum við marga Íslendinga er tóku við okkur sem beztu vinir.

S.8. – 7. s.e.trin. Fyrst í morgun þykkur og áköf rigning (last night fjarska þrumur, eldingar og regn), svo uppstítt heiðríkt og lítil gola, hiti. Við ferðuðustum hér suður í bæinn. Kl. er hér ¹/₂ stundar seinni en í Carleton svo eptir því er hún hér um bil 5 tímum seinni held eg hér en heima. Þegar sól er orðin lágt á lopti til niðrgöngu er hún blóðrauð vegna móðunnar. Nú kl. 8^{1/2} er orðið talsvert skuggsýnt. Vinnutími hér er sagður frá kl. 7 f.m. til kl. 6 e.m. en vanaleg daglaun nú 1 dollar 25 cent.

M.9. – Fyrst maraður og logn, svo mikið heiðríkt, hiti talsverður. Gufuvagnar ganga hér fram og aptur, sumir af þeim færa vagna með sand til járnbrautanna.

Þ.10. – Mikið heiðríkt og norðvestangola, svo logn (hita veður). Við fórum af emigrantshúsinu og á stað kl. 4^{1/2} e.m. til Selkirk. Þangað komum við kl. 6^{1/2}, það er hér um bil 22 enskar mílur. Hér er mikill skógur allt í kring en fremur smár. Hér verðum við í húsi hjá Birni Skaptasyni frá Hnausum í Húnavatnssýslu þar til við fáum ferð ofan til Nýja Íslands.

M.11. – Mikið heiðríkt og logn, hiti.

F.12. – 17. v.s. Að miklu leyti heiðríkt og hlý norðangola. Gufubátur Íslendinga „Viktoria“ kom í nótt sem leið og hafði barða á eptir fullan af trjávið neðan frá Nýja Ísl. Þar hafa þeir félagar Sigtryggur og Friðjón sögunarmylnu austan við Winnipegvatnið. Hún hefur staðið neðan til við Íslendingafljót þangað til í vor, að hún var flutt þaðan.

F.13. – Heiðríkt og logn. Fagur morgun og fagurt kvöld með tungsljós.

L.14. – Maraður og logn. Við fórum í kvöld um borð í „Viktoríu“ (gufubát Ísl. hér), en hún komst aðeins lítinn spöl ofan Rauðá (hún er hér um 60 faðmar víða á breidd og skógur þéttur til beggja hliða), þar staðnæmdist hún vegna þess að vél-in var biluð, og snéri svo aftur hingað upp til Selkirk.

S.15. – 8. s.e. trin. Fyrst maraður og logn, svo þykkur norðvestan (mesta blíða). Við vorum kyrrir hér í Selkirk.

M.16. – Má heita alltaf heiðríkt og lítil norðangola. Við fórum í gærkvöld seint úr Selkirk um borð í „Viktoríu“ (fagurt veður og tungsljós), síðan var haldið á stað ofan Rauðá. Í morgun kl. 4 komum við að austurströnd við Winnipegvatn. Þar tók-um við upp fjarskalanga neta-trossu er 2 Amerískir menn höfðu látið liggja þar á tveim stöðum þvert á móti lögunum. Síðan héldum við með landi fram og þvert yfir vatnið undir Drunken river tanga. Kl. 7^{1/2} í kvöld fórum við hjá Drunken river tanga, hann er hér um 15 mílur fyrir norðan Gimli. Norðan við þann tanga er Breiðavíkin, og þar fyrir norðan Sandybar tangi.

Þ.17. – Heiðríkt og logn. Við lágum í nótt úti fyrir Íslendinga-fljóti. Hér er Winnipegvatn mjög grunnt 4-6 fet á dýpt, svo að „Viktoría“ stendur á stykki grunn, enda er nú lágt í vatninu. Upp að Möðruvöllum (upp með fljótinu) komum við fyrir hádegi, og þaðan fluttum við okkur upp að Unalandi til Eyjólf Magnússonar. 1^{1/2} doll. kostar flutningur fyrir fullorðinn mann á „Viktoríu“ hingað ofan frá Selkirk, en 40 cent undir hver 100 ₣ sem keypt eru í Selkirk eða Winnipeg.

M.18. – Heiðríkt að mestu og suðvestangola, hiti. Við fluttum okkur frá Unalandi í kofa á Akranesi. Stefán fór í heylvinnu með Sigurði Eyjólfssyni.

F.19. – 18. v.s. Heiðríkt og hæg hita vestangola, fjarska heitt. Við pabbi slóum á útengi. grasið er í hné og mitt lær á hæð. Stef. með Sigurði.

F.20. – Að mestu heiðríkt og logn. Fjarska mikil móða er allt í kring af eldum sem eru hingað og þangað í skógunum. Við slóum og drýluðum upp heyinu því í gær. Heyið er hér ávallt látið þorna í múgunum en aldrei garðað og síðan tekið saman.

L.21. – Heiðríkt og hæg en þægilega svöl norðangola. Við slóum og forkuðum upp heyið er við slóum í gær.

S.22. – 9. s.e. trin. Heiðríkt og logn að mestu en suðaustan stæðr í loptinu. Við fórum á samkomustað út á móts við Möðruvelli. Þar var lesin í húsi ræða eptir mag. Jón Vídalín, einnig var lesinn þar þessa dags lestur í Pétur prédikunum.

M.23. – Heiðríkt og hæg norðangola. Við settum upp laugardagsheiskapinn og slóum frá hádegi.

Þ.24. – Heiðríkt (nema reykjar-móða af eldum í skógunum) og lítil suðaustan, svo sunnangola. Eg fór með Lárusi á Fljótsbakka hér um 6-7 mílur norðr á engjar norðr með vatni til sláttar. Grasið var þar víða í mitti og sumstaðar á axlir. Stefán sló dálítið hér norðr á Unalandsengjunum. Sigurðr sló hveiti sitt.

M.25. – Tvímán. Dálítið skýjaður og logn, en móða mikil og stundum

þrumuhvellir. Við forkuðum upp allt hey okkar er laust var hér norðr á engjum. Sigurðr hnýtti saman hveitisstangirnar.

F.26. – 19. v.s. Skýlaust lopt og framan af hæg vestangola, svo logn. Fjarska móða í loptinu af eldum hér vestr í skógunum og víðar. Sólin döpur og blóðrauð. Eg smíð. 2 rúmstaði.

F.27. – Skýlaust en mikill reykur, logn. Við og þeir Eyjólfssynir settum hey okkar sam. í 2 hey.

L.28. – Fyrst mikið heiðríkt og logn svo mikil reyk móða. Stef. og Lárus forkuðu saman heyið er við slóum á þriðjud. var.

S.29. – 10. s.e. Trin. Móða mikil og norðvestan vindur. Við fórum til samkomunnar út hjá Möðruvöllum. Lesið í Péturs-prédikunum. Höfuðd. Dálítið skýjaður og norðanvindur. Við pabbi fórum héðan og Þorgrímur með okkur um 8 mílur upp með fljóti til að skoða land. Fljótið er mjög krókótt og sumstaðar uppfrá alveg þurt (vegna þurkanna í sumar). Skógur er allstaðar þéttur meðfram því þar sem óbyggt er, sumstaðar popli og víða willow buskaflækja, en sumstaðar engjablettir vel vaxnir er útfrá fljótinu dregur.

Þ.31. – Heiðríkt og norðan vindur fram eptir, svo logn. Eg setti upp grindarsög. Pabbi og Sigurðr fóru hér norður að skoða baklot.

September hefir 30 daga

M.1. – Heiðríkt og norðvestangola, svo í kvöld vestangola og þykkur í loptinu af reyk og það er eldraut. Lárus á Fljótsbakka hjálpaði okkr til að byrja „dall“ (öfugt bátur sem helzt er brúkaður hér á fljótið með gafl í báðum stöfnum).

F.2. – 20. v.s. Þykkur af reyk í loptinu og sólin dauf eins og þegar lopt er marað, logn að mestu. Við fórum hér vestur til að grafa skurð fyrir Steinness-eldinn, við vorum 16 og grófum hátt á 4. hundrað faðma. Eptir því sem sagt er er helzt útlit nú fyrir að mikið hér af nýlendunni brenni bæði fyrir austan og vestan nema regn komi því bráðara.

F.3. – Þykkur og logn, en regn í morgun, svo uppstitta. Við vorum við að grafa skurð fyrir eldinn þar sem við entum í gær.

L.4. – Heiðríkt hiti og logn (móðulaust). Við pabbi vorum við að smíða dallinn.

S.5. – 11. s.e. trin. Þykkur og logn fram um hádegi, svo norðanvindur.

M.6. – Þykkur og lítil gola (fyrst norðaustan, svo norðvestan stæður), regn last night. Við Stef. sóttum trjáfleka ofan þangað er mylnan stóð með Sigurði.

Þ.7. – Þykkur og logn (regn í nótt) svo heiðríkt og í kvöld tungsljós. Eg smíð. trog. Net okkar var lagt í fyrsta sinn í kvöld. Indíanar 2 komu í dag. I bought of them about 9 f of feathers, for one par of stockings 0/50 c., 2 pair Mittins – 0/80 and a meal. The pound 0/20 cents.

M.8. – Skafheiðríkt og sunnanvindur en í kvöld dálítið maraður norðvestan. Við settum þak hér á skúrinn. Við veiddum 1 pæk.

F.9. – 21. v.s. Fyrst þykkur og hríð, svo hiti, svo þrumur og regn, svo í kvöld uppstíttu og norðvestan vindur og þykkur. Við entum við skúrinn.

F.10. – Dálítið skýjaður og lítil gola. Við pabbi vorum við að grafið var barn í nýjum reit hér fyrir utan Odda.

L.11. – Lengst af nokkuð skýjaður og norðanvindur. Við pabbi settum undirstöðu undir skúr fyrir Sigurð hérna.

S.12. – 12. s.e. trin. Mikið himinþunnur og norðanvindur. Við entum við að skrifa bréf heim til Þorsteins í höfn, og dagbók (veður þenna dag, en ekki lengr).

M.13. – Fyrst dálítið skýjaður og norðanvindur, svo heiðríkt og í kvöld tunglsljós. Við pabbi bygðum af skúrnum.

Þ.14. – Heiðríkt og logn fram eptir deginum, svo maraðr og hvass austanvindur. Við vorum við sjentann.

M.15. – Nokkuð þykkur óglatt sólskin og logn. Við vorum við skúrinn.

F.16. – 22. v.s. Þykkur og norðvestanvindur en í kvöld heiðríkt (tunglsljós). Eg og Gunnsteinn fórum með Sigvalda (pósti) á bátnum „Laura“ upp til Selkirk. Fórum af stað í morgun en komum hér um kl. 10-11 til Selkirk.

F.17. – Mikið heiðríkt og hæg norðvestangola. Við Gunnst. fórum á vagni úr Selk., upp til Winnipeg.

L.18. – Heiðríkt og logn. Eg fór á vagni úr Winnip. til Selkirk, fór kl. 4^{1/2} e.m. kom kl. 6^{1/2}.

S.19. – 13. s.e. trin. Þykkur framanaf og sunnanvindur, svo himinþunnur og norðvestangola. Við fórum kl. 2 e.m. úr Selk. ofan Rauðá og náðum í kvöld ofan fyrir Devil kreek og verðum þar í nótt.

M.20. – Heiðríkt og hæg norðvestangola. Við héldum ofan í Rauðárós (vesturós) og verðum þar í nótt. Mjög fagurt veður.

Þ.21. – Heiðríkt og hæg sunnangola. Við sigldum úr ósnum alla leið norðr fyrir Sandibar en vorum úti fyrir ósnum hér í nótt.

M.22. – Hvass norðvestan og þykt. Eg kom heim.

F.23. – 23. v.s. Mikið heiðríkt og sunnan gola. Við pabbi, Þorgrímur og Jóhann Briem hjuggum braut austan við lot okkar pabba (þau eru N.W. & S.W. Quarter of Section XIX, Township 23, Range 4 East.).

F.24. – Mikið heiðríkt og vestangola, hitaveður. Við pabbi hefluðum á gólf á sjenta Sigurðar.

L.25. – Skafheiðríkt og suðvestangola. Við pabbi settum gólf í sjentann. Við fengum um 60 gullaugu.

S.26. – 14. s.e. trin. Nokkuð skýjaður og sunnanhlýindavindur.

M.27. – Þykkur og norðvestanvindur, um tíma snjódrífa, svo uppstíttu. Við entum við að setja gólfíð í sentann hurðina og gluggakarminn.

Þ.28. – Þykkur og norðvestan eða heldur vesturvindur svo mikið heiðríkt, svo í kvöld dálítið skýjaður. Við vorum að breikka brautina milli Jóhanns Briem og lots pabba. Sigurður hérna kom heim frá Winnipeg.

M.29. – Mikjálsm. Þykkur og úrkoma og vestanvindur, svo norðanvindur

hvass, með snjódrífu (gránaði). Veðurfræðingar er sagt að hafi spáð miklu veðri í gær eða í dag. Við hjuggum niður tré norður í loti.

F.30. – 24. v.s. Talsvert skýjaðr og norðanvindur framan af, svo skafheiðríkt og norðvestan. Pabbi og Stef. hjuggu tré norðr í loti.

Október hefir 31 daga

F.1. – Skafheiðríkt og að miklu leyti []. Eg, Eiríkur í Odda og Hrísafeðgar vorum hér að smíða sjentann.

L.2. – Skafheiðríkt og hlýr sunnanvindur. Klárað við sjenta Sigurðar. Pabbi og Stef. hjuggu braut norður á loti pabba.

S.3. – 15. s.e. trin. Skafheiðríkt og lítil norðangola.

M.4. – [] fyrsta kv. Mikið heiðríkt og sunnanhitavindur. Við pabbi hjuggum tré norðr á loti. Stef. og Sigurðr sóttu sand ofan á Sandibar.

P.5. – Lítil sunnangola og þykkur af eldmóðu (reyk). Við og Eyríkur í Odda lögðum undirstöðu undir hús norður á syðra lotinu.

M.6. – Fyrst þrumur og regn, svo himinþunnur og alltaf logn. Eg heflaði borð hjá Eiríki í Odda.

F.7. – 25. v.s. Maraður og suðvestanvindr. Eg setti gjörekti kringum glugga og dyr á húsi Sigurðar. Ósk Stef. bar.

F.8. – Nokkuð heiðríkt og logn að mestu, hlýindi daglega. Við vorum við að búa til kjallara undir hús okkar.

L.9. – Þykkur og austanvindur, Stef. gróf kjallarann.

S.10. – 16. s.e. trin. Þykkur og norðanstormur. Við fórum til lesturs út á mótis við Möðruvelli.

M.11. – Fyrst þykkur og norðangola, svo himinþunnur og logn, en í kvöld heiðríkt og tunglsljós. Við hjuggum til logga norðr á loti og hreinsuðum þar.

P.12. – Framanaf skýjaðr og logn, svo heiðríkt. Við pabbi settum upp logga, Stef og Sigurðr fóru norðr með vatni til fiskjar.

M.13. – Fullt t. þykkur og lítil hríðaryrja og logn. Við pabbi hjuggum og settum upp logga.

F.14. – 26. v.s. Norðangola og snjóbleyta, drífa í kvöld.

F.15. – Himinþunnur og norðangola framanaf, svo skýjaðr. Við settum niður logga og gólfbita.

L.16. – Framan af snjóreita og norðangola en í kvöld mikið heiðríkt og logn. Við entum við að setja gólfbitana.

S.17. – 17. s.e. trin. Lengst af mikið heiðríkt og logn. Sól kom upp kl. 6¹/₂ en gekk til víðar kl. 4.45.

M.18. – Mikið heiðríkt og suðvestanvindur fram yfir hádegi, þá þykkur. Við settum upp logga.

P.19. – Suðaustanstaður með hríð, en logn.

M.20. – Lengst af mikið heiðríkt og norðvestangola, en í kvöld skýjaður. Stef. og Sigurðr komu heim úr fiskvinnu í gærkvöld.

F.21. – Veturnætur (af 27. v. sumars). Skafheiðríkt og vestanhlýindagola. Pabbi og Stef. hjuggu niður húslogga. I am weak in my right hand.

F.22. – Skafheiðríkt og lítill austlæg gola. Dagur rann í morgun kl. langt gengin 5, en dagsetur kl. 4,35. Sólin rann upp undan skóginum kl. 6,35, en gekk undir kl. 4,35 e.m. Pabbi og Stef. grófu brunn norður á loti.

L.23. – Gormán. Vetrard. 1. 1. v. vetrar. Þykkur suðaustan og logn, en í kvöld norðanvindur og úrkoma. Við pabbi tíndum okkur saman poplbök.

S.24. – 18. s.e. trin. Skafheiðríkt og norðanvindur. Við fórum til lesturs ofan að Lundi „Baron“ í kvöld á 77.5.

M.25. – Skafheiðríkt og sunnanvindur. Við pabbi settum upp logga. Stef. og Sigurðr sóttu fisk norðr með vatnið.

Þ.26. – Himinþunnur og suðaustan vindur framan af, svo heiðríkt. Við 3ir drógum að 12 logga (að húsloptinni).

M.27. – Skafheiðríkt og sunnangola. Við settum niður logga.

F.28. – Skafheiðríkt og hlý sunnangola. Eiríkur í Odda, og Pétur í Árskógi og Lárus í Fljótsbakka voru við að koma að loggum og koma þeim upp hjá okkur vestur á loti.

F.29. – Skafheiðríkt og suðvestangola fram eptir deginum, svo maraður. Pabbi, Eiríkr í Odda og Stef. Hrólffss. komu upp loggum í hústoptina. I am weak.

L.30. – 2. v.v. Skafheiðríkt og logn. I keep the bead.

S.31. – 19. s.e. trin. Himinþunnur frameptir deginum, svo nokkuð skýjaðr og lítil norðan gola. Pabbi og Sigurl. fóru út til Péturs í Árskógi.

Nóvember hefir 31 daga

M.1. – Allra heil. m. Skafheiðríkt og logn að mestu. Sól kom upp kl. langt gengin 7, gekk undir. Pabbi og St. unnu að norður á loti. I keep the bed.

Þ.2. – Nokkuð skýjaðr frameptir deginum, svo skafheiðríkt, logn.

M.3. – Nokkuð skýjaðr fyrripartinn og nokkuð hvass norðanvindur, svo mikið heiðríkt. Pabbi var með Sigurði að koma hér upp fjósi.

F.4. – Þykkur og norðanhvass stormur fram um hádegi, þá kaska snjóveðr, en í kvöld uppstitta. Piltar voru við að koma upp fjósinu. I am much better.

F.5. – Ýmist talsvert heiðríkt og að miklu leyti logn. Snjóföln er yfir jörðina. Pabbi og St. hjálpuðu Sigurði til að koma langböndum og rapti á fjósið.

L.6. – 3. v.v. Mikið himinþunnur og norðangola fram eptir, svo í kvöld skafheiðríkt. Pabbi var við fjósið með Sigurði.

S.7. – 20. s.e. trin. Nokkuð skýjaðr fram um hádegi, þá heiðríkt að mestu logn. Pabbi og Sigurl. fóru upp til Friðsteins. Ósk beiddi.

M.8. – Skafheiðríkt og logn. Snjófölið tók að mestu upp. Pabbi var við fjósið með Sigurði. Eg smíð. klósagar-kjálka.

Þ.9. – Þykkur og norðanstormur, en í kvöld skafheiðríkt og logn. Eg setti upp klósögina.

M.10. – Skafheiðríkt og að mestu logn. Við pabbi hjuggum til loptbita. Stef. var við fjósið með Sigurði.

F.11. – Fullt t. Marteinsmessa. Skafheiðríkt og logn. Við pabbi söguðum tré í bita og sperrur.

F.12. – Skafheiðríkt og sunnangola. Við bjuggum til tré í sperruleggi.

L.13. – 4. v.v. Skafheiðríkt og logn fram um hádegi, þá norðvestan vindr, svo logn. Eg setti niðr 2 logga. Pabbi og St. byrjuðu að setja girðingu.

S.14. – 21. s.e.trin. Skafheiðríkt og norðvestanstormur. Indíáni kom og verðr í nótt með 4 hunda.

M.15. – Lengst af heiðríkt og norðvestangola. Alltaf er autt, einungis lítil vottur eptir af fölinu í götum sem kom 4. þ.m. en frost er daglega. Eg heflaði bitana. Pabbi og St. bættu við girðinguna.

Þ.16. – Lengst af heiðríkt og norðvestankuldagola. Við pabbi settum bitana í hústópt okkar. Stef. var við fjósbyggingu á Unalandi.

M.17. – Heiðríkt og lítil austangola. Við bættum við girðinguna.

F.18. – [] síð. kv. Skafheiðríkt og logn. Við pabbi hjuggum braut fyrir girðingu.

F.19. – Maraður og snjóhreita um tíma en logn. Við hlóðum girðingu.

L.20. – 5. v.v. Þykkur og norðangola, um tíma snjóhreita. Pabbi fór á fund út á Lundi sem er þess efnis að koma hér á sveitarstjórn.

S.21. – 22. s.e. trin. Skafheiðríkt og logn. B. á smukt.

M.22. – Fyrst í morgun heiðríkt, svo útnorðanstormur og þykkur. Við lögðum 2 undirlög undir fjós norðr á loti. Baróm. féll af smukt á 76.

Þ.23. – Fyrst í morgun drífa (drífa í nótt og stormur), svo heiðríkt og útnorðan stormur. Við bættum við 2 loggaröðum í fjósið, komnar 4ar raðir.

M.24. – Lítið skýjaðr framan af, svo heiðríkt og alltaf logn. Við undirbjuggum sperruleggi.

F.25. – Maraður með snjóhreitu en logn. Við settum saman 7 sperrur.

F.26. – Skafheiðríkt og logn, frosthart. 5 stiga kuldi á Farenheit. Við settum upp sperrurnar og að mestu á þakið.

L.27. – 6. v.v. Að mestu heiðríkt, logn. Við kláruðum við þakið og settum dálítið fyrir annan stafninn.

S.28. – 1. s. í jólaf. Aðventa. Skafheiðríkt og logn.

M.29. – Maraður og logn frameptir deginum, svo lítil gola með drífu. Við settum fyrir stafnana. Stef. þæfði á Unal. Baróm. á 76 í kvöld.

Þ.30. – Heiðríkt og norðan froststormur. Við settum hurð fyrir dyrnar á húsi okkar. Snjóföln er ökladjúpt.

Desember hefir 31 daga

M.1. – Skafheiðríkt og norðan stormur. Við vorum við girðingavinnu. Baróm. í kvöld á 77,5. 60° frost á Farenheit.

F.2. – Skafheiðríkt og logn. Við settum hurð fyrir útstafninn á húsinu. Baróm. á 78 (σ: meget smukt). 74 stiga frost í morgun á Farenheit, (31° á R.).

- F.3. – Skafheiðríkt og logn. Við vorum við að girða. Baróm. fyrir ofan 78.
- L.4. – 7. v.v. Þykkur og sunnan kulda stormur. Eg gjörði við heygrind út á Unalandi.
- S.5. – 2. s. í jólaf. Mikið heiðríkt og að mestu logn. Frostlint.
- M.6. – Himinþunnur og logn, frostlítið. Við vorum við girðingavinnu. Baróm. á 76.
- Þ.7. – Mikið heiðríkt og framanaf norðvestangola, svo logn. Frostlaust. Við entum við girðinguna að sunnanverðu austur að merkjalínu milli Jóhanns Briem og lots pabba.
- M.8. – Framan af þykkur og suðaustanhýmingur með golu, svo í kvöld heiðríkt. Við Stef. unnum að girðingum. Pabbi fór með Sigvalda pósti og Sigurði á kosningarfund suður að Gimli. Baróm. á kvöld á 76.
- F.9. – Maraður og framanaf sunnanvindur, svo logn. Frostlaust en hlákulaust. Við Stef. unnum að girðingum. Baróm. á 75.5.
- F.10. – Nokkuð skýjaður og lengst af logn, frostlint og blíðviðri. Við Stef. unnum að girðingu. Pabbi og Sigurðr komu heim frá Gimli. Baróm. í morgun í 76, í kvöld á 77.
- L.11. – 8. v.v. Fullt t. Nokkuð skýjaður framanaf, svo heiðríkt, alltaf logn. Talsvert frost. Við vorum við girðingavinnu. Baróm. á 77 (smukt).
- S.12. – 3. s. í jólaf. Mikið himinþunnur fram eptir, svo þykkur, logn.
- M.13. – Þykkur og logn og seinnipartinn lítil snjóhverfa. Við girtum. B. á kvöld á 76. Í morgun 18° frost á Farenheit.
- Þ.14. – Skafheiðríkt og norðangola. Við pabbi og Stef. fórum út að Engimýri, 60° frost á Farenh. Sólin kom upp kl. 7.45 en gekk undir kl. 3.
- M.15. – Skafheiðríkt og lítil norðangola. Talsvert frost. Við entum við girðinguna sem byrjar fyrir sunnan húsið okkar og liggur suður öldurnar að Jóhans húsi, við byrjuðum á girðingu utan við fjóstóptina.
- F.16. – Skafheiðríkt og logn. Við vorum við girðingavinnu fyrir norðan fjósið.
- F.17. – Lítið skýjaður og logn. Við St. girtum. Pabbi og Sigurðr sóttu fisk ofan á Öldur til Antonúsar.
- L.18. – 9.v.v. Fyrst í morgun þykkur og norðanstormur, svo mikið heiðríkt og logn. Við girtum út undir Jóhannsbraut á Öldunni.
- S.19. – 4. s. í jólaf. Himinþunnur og að mestu logn. Baróm. á 76. Frostlint.
- M.20. – Fyrst í morgun snjókoma og norðanstorm. Svo uppstitta heiðríkt og logn. Við girtum yfir Ölduna meðfram Jóhannsbrautinni. B. í kvöld á 76.
- Þ.21. – Sólhvörf: skemstur dagur. Að mestu heiðríkt, sólskin og logn. Við entum við girðinguna meðfram. Jóhannsbrautinni þvert yfir Ölduna austur að mýrinni. Snjó er í mjóalegg.
- M.22. – Heiðríkt framanaf, svo dálítið maraður og logn. Við hjuggum niður girðingarvið og bunkuðum honum saman.
- F.23. – Mikið heiðríkt og logn. Við pabbi hjuggum niður girðingavið. Sólin kom upp kl. 7¹/₂.

F.24. – Aðfangad. jóla. Skafheiðríkt og logn, en frostlaust. Við girtum norðan við húsið, sólaruppk. kl. 7.30, sólsetur kl. 2.50.

L.25. – Jóladaur. Slímaður og logn. 10. v.v.

S.26. – Annar í jól. Heiðríkt og logn.

M.27. – Að mestu heiðríkt og lítil norðvestangola. Sigurðr hérna ók með uxa girðingarvið fyrir okkur austur á mýrina og lögðum við girðinguna austur að merkjalínunni.

P.28. – Skafheiðríkt og logn. Við hjuggum niður 80 girðingarenglur.

M.29. – Skafheiðríkt og logn. Frost í morgun 82° á F. en 36 4/9° á R. Við Stef. hjuggum niður 114 girðaspýtur. Pabbi og Þorgr. á Akri gengu á merkjalínu austan og norðan við lot mitt.

F.30. – My birthday. I am now 27 years, and begin the 28. Lengst af skafheiðríkt og logn. Við hjuggum niður 160 girðingarenglur.

F.31. – Skafheiðríkt og lengst af logn. Stef. fór út að Árskógum að hirða gripi fyrir Pétur.

Nú byrjar ár eptir Krists burð 1887, sem er þriðja ár eptir hlaupár og fjórða ár eptir sumarauka

Janúaríús (1887) hefir 31 daga

L.1. – 11. v.v. Nýársdagur. Skafheiðríkt og logn. Við vorum yfir í Odda last night, þar var sett upp Spruce-trjú með ýmsum gjafa-hlutum handa börnum.

S.2. – S.e. Nýár. fyrsta kv. Fyrst heiðríkt og lengi fram eptir logn, svo maraður dálítið, norðan og framan, og sunnanfrostgola í kvöld. Baróm. á „smukt“.

M.3. – Heiðríkt framan af, svo maraðr norðvestan og að mestu logn. Við byrjuð að leggja girðingu milli Jóhans lots og pabba.

P.4. – Skafheiðríkt og logn. Við pabbi girtum í dag og í gær á Jóhannslínunni (landamerkjalinunni) á 60 faðma.

M.5. – Skafheiðríkt og norðvestanfrostgola. Við pabbi hjuggum niður girðingavið.

F.6. – Þrettándi. Skafheiðríkt og að mestu logn, talsvert frost. Við pabbi hjuggum tré og willow vestur á öldu.

F.7. – Skafheiðríkt og logn en mikið frost. Við pabbi hjuggum niður 80 girðingarspítur vestr á öldu. Stef. er alltaf út á Árskógi. Baróm. fyrir ofan „Smukt“.

L.8. – 12. v.v. Heiðríkt og norðvestangola. Við pabbi brenndum rusl fyrir vestan. Baróm. í morgun á 77 en í kvöld á 76.

S.9. – 1. s.e. þrett. Fullt t. Skafheiðríkt og logn, einungis þykkur fyrst í morgun.

M.10. – Hálfdimmur með suðaustangolu og snjóhreitu. Við pabbi brenndum rusl fyrir vestan. Baróm. í morg. á 76, í kvöld á 75.

P.14. – Fyrst þykkur og norðangola svo heiðríkt. Við og Gunnsteinn fluttum fjósloggana sem upp voru komnir norðan fyrir hús okkar og suðr fyrir það og settum þá upp aptur.

M.12. – Heiðríkt og logn, en frosthart. Piltar brenndu rusl fyrir vestan, eg setti niðr fjóslogga.

F.13. – Skafheiðríkt og logn. Við sóttum bát með Friðsteini í Fagranesi út að Möðruvöllum. Baróm. á 76.

F.14. – Maraður og suðaustangola en í kvöld um tíma heiðríkt. Við entum við að setja seinustu hliðarloggana á fjósið og brendum líka willow.

L.15. – 13. v.v. Maraður með snjóhreitu, logn og frostlaust. Við byrjuðum að setja upp veggi á kindakofa fyrir vestan.

S.16. – 2. s.e. þrett. Heiðríkt og norðanfrostgola.

M.17. – Skafheiðríkt og norðanfroststormur. Gunnsteinn á Unal. dró með uxa fyrir okkur 5 langbönd í fjósið og 4 logga í kindakofann. Baróm. ofan við „smukt“.

P.18. – Þykkur og suðaustan hvassstormur, svo heiðríkt og í kvöld norðangola. Eg smíðaði 2 gluggakarma. Stef. þæfði á Unalandi.

M.19. – Heiðríkt og logn fram eptir deginum, svo þykkur. Eg smíðaði utan um 2 glugga. Pabbi fór út að Grund og út til Jóns Guttormssonar. Baróm. á 76. Eg smíð. hespuhjól undanfarandi kvöldvökur.

F.20. – Heiðríkt og logn, en frosthart. Við settum langbönd í fjós okkar fyrir vestan. Baróm. 76.

F.21. – Þorri. Fyrst í morgun þykkur og logn, svo snjódrífa. Við pabbi söguðum dyr á fjósið og settum dyraumbúning í þær. Baróm. í kvöld á 76.

L.22. – 14. v.v. Heiðríkt og logn. Eg smíðaði fellingarhefil. Stúlkur eru að spinna uppistöðu fyrir það á Unal. og and get the half of the ribbon.

S.23. – 3. s.e. þrett. Skafheiðríkt og logn. Indíánar 2 komu hér, og verða í nótt hjá Sigurði með 6 hunda.

M.24. – Heiðríkt og norðanfrostgola. Við pabbi ókum með uxa Eiríks í Odda bökum okkar neðan frá mylnu upp að Hóli (6 ekjum). Stef. er vesæll í hálsinum.

P.25. – Heiðríkt og logn, svo maraður seint í dag, norðan. Við pabbi settum niðr logga í kindakofa-tóptina.

M.26. – Dálítið skýjaður suðaustan og logn. Eg setti saman borðplötu fyrir okkur.

F.27. – Maraður (norðvestan) og að mestu logn, frostlint. Eg setti saman borðfót. Baróm. í kvöld á 75.

F.28. – Heiðríkt og logn framanaf, svo maraður og um tíma drífa, svo heiðríkt. Við pabbi ókum hinu síðasta af bökunum neðan frá mylnustæði upp að Hóli. B. á 75.

L.29. – 15. v.v. Móstufullt lopt og norðvestankuldastormur. Eg kláraði við borð-

ið. Pabbi fór á fund ofan að Grund. Jón Hildibrandsson kom og verður í nótt. B. á 76.

S.30. – 4. s.e. þrett. Heiðríkt og lítil frostgola, en snjó móða í kring niður við skóginn. Við vorum in visit hjá Eiríki í Odda í kvöld.

M.31. – Heiðríkt og lítil norðvestangola. Eg fór með eki af bökkum vestur á lot.

Febrúar hefir 28 daga

P.1. – Heiðríkt og logn. Eg fór með baka-eki vestur á lot. Baróm. í morgun á 78.

M.2. – Logndrifa fram eptir deginum svo að mestu heiðríkt, frostlint. Eg fór með 1 eki vestr á lot. Lárus flutti á 2 uxum bök fyrir okkr vestr. Baróm. í kvöld á 77. Kyndilm.

F.3. – Heiðríkt lengstaf og lítil norðvestangola. Eg hefлаði utan stökksefni.

F.4. – Skafheiðríkt og logn. Við hækkuðum upp fjósið fyrir vestan og settum rapt á það. B á 78.

L.5. – 16. v.v. Dimmur með drifu fram undir kvöld, þá heiðríkt logn og tunglsljós. Piltar brennu willow vestr á loti. Eg ók 1 bakaeki vestur með uxa Eiríks.

S.6. – Níuv. fasta 5. s.e. þrett. Heiðríkt og logn. Pabbi og Gísli herna ferðuðust ofan á Sandybar.

M.7. – Logndrifa suðaustan framundir kvöld, þá uppst. og norðangola. Eg hefлаði til strokkstafi. B. í dag fyrir ofan 76, í kvöld fyrir neðan (76.).

P.8. – Skafheiðríkt og norðangola. Sigurðr herna og Sigvaldi hjálpuðu okkur pabba til að girða fyrir sunnan Lárusar-brautina í loti pabba.

M.9. – Fyrst í morgun heiðríkt og logn, svo drifa. Eg ók með uxa Eiríks bakaeki vestur. Daddy is weak in his left shoulder.

F.10. – Skafheiðríkt og logn. Eg efnaði í orf. Búið að spinna 29 hespur úr Unalandsullinni. I am weak in my lip.

F.11. – Heiðríkt og logn. Pabbi og Stef. fóru vestur með baka-eki og komu aptur með 36 borð að vestan er við ætlum að hefла hér. Eg valdi kartöflur til útsæðis (9 fötur 8 af rauðum og 1 af gulum).

L.12. – 17. v.v. Heiðríkt og seinnipartinn lítil suðaustangola. Eg hefлаði borð fyrir okkur í lopt.

S.13. – 6. s.e. þrett. Maraður (vestanstæður) og logn. Eg fór út að Engimýri. B. á 76.

M.14. – Dimmur með útnorðan storm og snjókoma frammeptir. Svo í kvöld heiðríkt og logn. Við pabbi hefлуðum borð í lopt. Baróm. í morgun á 75,5 í kvöld á 76,5.

P.15. – Heiðríkt og lengst af logn, en í kvöld maraður. Við pabbi plægðum saman 33 borð (í lopt). B.76.

M.16. – Heiðríkt og logn. Við Stef. fluttum vestur hefлаða plægða borðviðinn og komum aptur með óheflaðann. Sigurðr herna og Rósa komu í morgun neðan úr Breiðuvík. Þar var haldinn í nótt leikurinn „Eyjafjarðar-sál“.

F.17. – Mikið heiðríkt og logn. Við plægðum gólf-borðin. B. í kvöld á 76. Eg tók 3 fötur frá til útsáðs.

F.18. – Fyrst í morgun skýjaðr norðan, svo heiðríkt og lítil gola. Við pabbi plægðum borð yfir í Odda.

L.19. – 18. v.v. Þorrapræll. Skafheiðríkt og logn. (Norðurljós í kvöld frá vestri til austurs eptir hvolfinu). Eg fór vestur með borð (með uxu Eiríks) og kom aptur með 30 borð til að heflla. Stef. þæfði út á Fljótsbakka. B. á 76.

S.20. – Föstuinngangur. Góa. Skýaðr framan af (suðaustan) og logn, svo mikið heiðríkt.

M.21. – Heiðríkt og logn. Við pabbi plægðum borðvið yfir í Odda er við ætlum í þil innan í hús okkar fyrir vestan. Við keyptum kú af Halld. á Halldórsst.

Þ.22. – Heiðríkt og logn, en seint í dag dálítið maraður suðaustan með litla hreitu. Við pabbi entum við að plægja borðin er eg flutti heim að Odda á ld. B. á 77.

M.23. – Heiðríkt og norðanstormur. Við settum gólf í húsið fyrir vestan og settum glugga á suðurhlíð. B. á 77. Stef. ók bökum vestur með uxu Sigurðar.

F.24. – Heiðríkt og logn, en talsvert frost. Eg setti glugga á vesturhlíðina á húsi okkar. Við hjuggum nokkrar girðingarenglur.

F.25. – Suðaustan snjóhreita. Pabbi setti lopt í húsið fyrir vestan. Stef. fór vestur með borðin frá Odda með uxu Sigurðar. Við Eiríkur efnuðum niður í 4 kirkju-hús-glugga. B. á 76.

L.26. – 19. v.v. Skafheiðríkt, norðanstormur og kóf (renningar). Eg enti að mestu við að smíða strokkinn.

S.27. – 1. s. í föstu. Maraður og logn. Í morgun 56° á F.

M.28. – Að mestu heiðríkt og lítil norðvestangola. Við pabbi settum þilverk innan í hús okkar. St. hjó 60 girðingaspítur.

Martíus hefir 31 d.

Þ.1. – Nokkuð skýjaður og seinnipartinn norðvestan hvass vindur. Við þiljuðum innan húsið.

M.2. – Nokkuð heiðríkt og norðangola. Talsvert frost. Við settum þann part af gólfinu sem vantaði (í húsið fyrir vestan). Henry (habriti) kom hér í kvöld, we bought musdýra-meat of him for bread and butter. B. á „smukt“. Imbrudagur.

F.3. – Skafheiðríkt og norðanfroststormur. Við hjuggum 106 girðingarenglur sem eiga að fara á stykkið sem eptir er suður að sections-hælum í suðurhorni á loti pabba. B. á 78.

F.4. – Lítið slímaður og framanaf austan hvass kuldastormur og kóf. Eg hefllaði og plægði í lopt, stykkið sem eptir var. B. í kvöld á 76,5.

L.5. – 20. v.v. Himinþunnur og sunnanvindur frameptir, þá að mestu logn og þykkur, frostlítið. B. í kvöld á 75,5. Eg efni niður í koffort.

S.6. – 2. s. í föstu. Þykkur fram undir kvöld, þá nokkuð heiðríkt og norðan gola. B. í morgun á 75 í kv. á 75,5. Frostlítið.

M.7. – Skafheiðríkt og norðangola, talsvert frost. Eg smíðaði stiga í húsið fyrir vestan.

P.8. – Dimmur með norðaustandrífur framanaft, svo himinþunnur og lítil norðangola. Við þabbi settum niður rúm á bak við stigann (fyrir vestan) og hylluskáp. Við fengum bréf frá Gísla á Jökulsá (B.firði) skr. 15. nóv. (1886). Tíðarfarið þar: Frost á nóttunni fram um höfuðdag, töður litlar, ósláandi nema upp úr sinu, en hirtist illa eða fauk. Fiskafli góður. Kjöt bezta 14a. mör 18a.

M.9. – Snjódrífa af og til og logn, en í kvöld uppstitta. Við smíð., hurð fyrir hylluskápinn. B. á 76,5.

F.10. – Þykkur suðaustan og gola. Frostlint. Við þabbi settum niður rúm við suðurstaftinn á húsinu fyrir vestan. Baróm. í kvöld á 76.

F.11. – Fyrst í morgun þoka, svo himinþunnur og hæg sunnangola, hlýindaveður. Við Eiríkur entum við að setja saman kirkjuhúsgluggana (þrjá). B. á 76,5.

L.12. – 21. v.v. Dálitill sunnan mari og logn framanaft í morgun (vorblíða) svo þykkur og norðan hvass stormur, svo heiðríkt. Við þabbi settum gerekti innan á gluggana fyrir vestan o.fl. B. í morg. á 75,5 í kvöld 77.

S.13. – 3. s. í föstu. Skafheiðríkt og logn.

M.14. – Þykkur og suðaustanstormur. Eg plægði með Eiríki í Odda milli 60 og 70 borð. Eg bjó til lok yfir koffortíð og setti lamir á það. St. þæfði á Halldórsstöðum. Þabbi var um tíma fyrir vestan.

P.15. – Heiðríkt og logn, frostlítið. Við Þorsteinn á Hóli sóttum fisk norður að húsum þ.e. 12 mílur héðan norður með vatni. Þabbi og St. söguðu spítur fyrir vestan.

M.16. – Heiðríkt og norðvestanfrostgola. Við þabbi settum upp skúrgrind fyrir vestan. St. flutti bakastúfa vestur á uxa Eiríks. Við sendum bréf heim til Gísla á Jökulsá.

F.17. – Skafheiðríkt og logn. Við þabbi settum borð ofan yfir skúrinn og bök á norðurhliðina á honum.

F.18. – Skýjaður og logn, blíðaveðr. Við settum glugga í skúrinn fyrir vestan og fl. St. hjó willow.

L.19. – 22. v.v. Þykkur og logn en frostlaust. Við þabbi settum vindskífur og fl. Sigvaldi Sigurðss. og Bjarni á Vindheimi, entu við kúagirðingu fyrir okkur fyrir vestan. (The payment for it: \$ forty).

S.20. – 4. s. í föstu. Heiðríkt og logn.

M.21. – Að miklu heiðríkt og norðangola. Við þabbi settum innan í kjallarann fyrir vestan. Stef. sótti hey með Sigurði. Ósk (our cow) var haldið. Baróm. á 77.

P.22. – Einmánuður. Talsvert himinþunnur og logn, en í kvöld dimmur með suðaustan snjó. Sigurðr héma hjálpaði okkur til að setja upp girðingu í skarðið utaf suðurhælnum við suður horn á loti þabba. B. á 76.

M.23. – Mikið heiðríkt og norðanstormur. Eg hefl. borð í byttu fyrir Eirík í Odda. St. fór vestr með baka-eki á uxa Sigurðar. Pabbi fór upp að Fagranesi.

F.24. – Skafheiðríkt og norðvestanfroststormur. Við pabbi settum bása í norðurendann á fjósínu fyrir vestan.

F.25. – Boðunard. Maríu. Skafheiðríkt og norðanstormur; frosthart, Við pabbi settum bása í suðurendann á fjósínu. B. á 77.

L.26. – 23. v.v. Skafheiðríkt og lítil norðvestangola, talsvert frost. Við pabbi entum við básana og tröðina í fjósínu. Tombóla var í dag haldin niður í samkomuhúsinu (hér niður með fljótínu), en „Skuggasvein“ á að leika þar í nótt. B. á 77,5.

S.27. – 5. s. í föstu. Skafheiðríkt og seinnipartinn norðanfrostgola. Strangers came, Set selja í Fagranesi kom.

M.28. – Skafheiðríkt og logn, en í kvöld lítið slímaður á norðurlofti. Við Stef. söguðum með tvískeptu.

Þ.29. – Þykkur suðaustan og drífa. Eg smíðaði ímisl. Pabbi fór ofan með fljóti. B. á 76.

M.30. – Drífa framan af, svo að mestu heiðríkt og norðvestan gola. Frostlítið. Eg setti hurð fyrir fjósið (fyrir vestan). Við ókum þangað heim 3 heyekjum austan úr flá og einu á fjósið.

F.31. – Skafheiðríkt og sunnanvindur. Frostlítið. Við St. ókum heim að fjósi okkar 4 heyekjum. B. í kvöld á 76.

Aprílís hefir 30 daga

F.1. – Dálítið skýjaðr og norðanvindur, frostlaust. Við pabbi og Eiríkr í Odda lögðum spón á austurhliðina á húsi okkar fyrir vestan. Við fluttum vestur af dóti okkar héðan (með uxa Eiríks).

L.2. – 24. v.v. Suðaustansnjódrífa fram um hádegi, þá uppst., en seint í dag og kvöld utan stormur og snjóviðr. Við fluttum kofa frá Odda ofan á bakkann utan við Hól og settum hann upp að mestu.

S.3. – Pálmasunnud. Þykkur og norðanfroststormur. Við fórum öll upp að Hrísum.

M.4. – Heiðríkt og lítil frostgola. Eg var við að setja gólfið á Akrahúsið (fyrir Eirík í Odda). Stef. sótti hey með Sigurði. Baróm. í morg. á 77.48° frost á Farenh. í morgun.

Þ.5. – Maraður og logn að mestu. Við pabbi entum við að setja spóninn á húsið fyrir vestan. B. á 76,5. Bót bar.

M.6. – Heiðríkt og sunnangola. Blíða og þíða. Við pabbi settum pall norðan við hússtafinn fyrir vestan, upp yfir skúrnum. B. í morg. á 76,5. Gunnst. fór upp í Winnipeg en Stef. er út á Unal.

F.7. – Skírdagr. Skafheiðríkt og sunnanvindur, en í kvöld slímaður, hlákuveðr. Blánnar fyrir vestan orðnar að miklu leyti auðar. Við Stef. fórum með 2 uxaeki vestur í kvöld af dóti okkar. B. í morgun á 76,5 í kvöld á 76.

F.8. – Föstud. langi. Mikið heiðríkt og að mestu logn. Hlýinda hlákuveðr. Eg setti í rifur á fjósínu fyrir vestan. B. á 76.

L.9. – 25. v.v. Þykkur og norðvestan gola framan af, svo seinnipartinn koldimmur með norðaustan snjókomu, en í kvöld bjartari. Við pabbi vorum fyrir vestan. B. á 76. Þrumur fáeinar í dag.

S.10. – Páskad. Mikið heiðríkt og norðanstormur, en í kvöld logn. Talsvert frost í nótt.

M.11. – Mikið heiðríkt frameptir, þá þykkur og suðaustangola, heldur kaldur. B. í morg. á 77, en í kv. á 76. Annar í pásk.

Þ.12. – Fyrst í morgun ísingar-yrja, svo uppst. og sunnangola, en í kvöld vestlægur, frostlaust, snjórinn seig talsvert. Hann var í morgun ökla og mjóaleggisdjúpur. Eg setti bók dyramegin fyrir skúrinn, smíð. hurðina fyrir hann og kjallarastiga. Pabbi bjó til bekki. Barm. í morg. 76,5, í kvöld á 76,5.

M.13. – Þykkur og logn. Við pabbi gjörðum ýmis. fyrir vestan. Stef. kom frá Unal. því Gunnst. kom heim í kvöld. Sigurð herna hurt himself in the foot (New in his foot). B. á 76,5.

F.14. – Þykkur og norðanvindur. Við fluttum okkur með gripi okkar (alfarin) frá loti pabba.

F.15. – Skafheiðríkt og norðanvindur. Eg sótti logga innan í brunninn.

L.16. – Sumarmál (af 26. v.v.). Skafheiðríkt og lítil norðangola, hlýindaveðr. Pabbi enti við brunninn. Við Stef. söguðum spítur. Eg enti við kindakofa-toptina. B. í kvöld á 76,5.

S.17. – 1. s.e. pásk. Skafheiðríkt og logn. Jóhannes í Víðirnesi kom. B. í morg. 76,5 í kv.76.

M.18. – Mikið heiðríkt og logn, aðeins dálitlir norðvestanskýhnoðrar, hitaveður. Pabbi og Stef. lögðu girðingu hér út fyrir austan húsið. Eg setti langbönd og garða og dyr á kindakofan. B. á 76.

Þ.19. – Fyrst heiðríkt, svo nokkuð maraður og sunnanvindur, hlýindi. Við settum þak á kindakofan. Pabbi brenndi engjarnar.

M.20. – Lengst af heiðríkt og að mestu logn. Eg setti gólf í skúrinn. Pabbi og Stef. sóttu 9 kindur austur að fljóti er við höfum keypt. B. á 76. Heimskringla aptur komin á gang.

F.21. – Sumard. fyrsti. 1. v. sumars. Mikið heiðríkt og norðan nokkuð hvasstormur (norðan skýfar). Eg setti gólf í skúrinn. Stef. sótti kálf að Víðirnesi. Eiríkr í Odda kom. B. í kvöld á 76,5.

F.22. – Þykkur og norðankuldastormur og um tíma hreita, en seint í kvöld heiðríkt og logn. Eg fór upp að Halldórsst. Stef. fór austur að Árskógi að hjálpa Pétri til með girðingar. Pabbi kláraði við skúrgólfið. Baróm. 76,5.

L.23. – Himinþunnur norðan-stormur og snjóhreita, svo álþykkur og hvas kuldastormur. Mikið frost á nóttunni. Við pabbi lögðum nokkra króka af girðingu hér vestan við húsið. Snotru (our kow) var haldið (undir svarta bola Sigurðar). B. á 76.

S.24. – 2. s.e. páska. Þykkur með útnorðan froststorm og framanaf snjóhreitu, en í kvöld mikið heiðríkt og að mestu logn, fölið tók upp. B. á 76.

M.25. – Framan af dálítið skýfar og lítil norðangola, svo heiðríkt og logn. Við settum upp girðingu hér vestan við kringum harðvellisblettinn og brenndum will-ow. Pabbi fór austur að Unal. (to relate the amount of our cattle). B. á 75,5.

Þ.26. – Skafheiðríkt og fram eptir nokkuð hvass norðvestan vindur, svo logn. Pabbi fór á fund áhrærandi innflutning vesturf. hingað austur að Lundi. Eg smíð. tvennar hurðir fyrir girðingar-hlið. B. á 75,5.

M.27. – Þykkur suðaustan og um tíma rigning, svo seint í dag heiðríkt. Eg smíð. 2 vatnsstokka undir þakið á Akranesshúsinu. B. í morg. á 75,5.

F.28. – 2. v.s. Kafþykkur og hvass norðanvindur (fleygifar í lopti og hvass í nótt) fram yfir dagmál, þá mikið heiðríkt og seint í dag logn. Pabbi vitjaði um net austr við fljót, fékk 11 poka, hið fyrsta er við höfum veitt í vor. Eg setti vatnsstokka hér undir húsþakið. B. í morg. 75 í kv. 75,5.

F.29. – Framan af nokkuð heiðríkt og logn, svo dálítið skýjaður norðvest. Frostlaust í nótt. Pabbi fór á fund austr á Lundi, er áhrærir að fá prest heiman frá Ísl. B. í kvöld 75.

L.30. – Fyrst himinþunnur og logn, svo þrumur í morgun og um stund hríð, svo uppstítt, mikið heiðríkt og norðanvindur, hlýtt veðr. Pabbi setti upp skúr hér fram af dyrunum, við St. sög. skífur ofan yfir hann. B. í kv. 75.

Majus hefir 31 daga

S.1. – 3. s.e. páska. Tveggja p.m. Þykkur og norðaustan vindur (rigning um tíma í morgun). Páll og Nonni á Húsabakka komu. Piltar komu með 18 þæka austan frá fljóti. B. á 75.

M.2. – Fyrst hríð (og last night), svo af og til norðaustan eða útnorðan snjóhraglandi og hvass stormur. Pabbi kom með als í dag að austan 33 þæka. B. í morgun á 74.

Þ.3. – Framan af þykkur og lítil norðan gola, svo heiðríkt og logn. Fölgaði í nótt sem leið en tók upp fyrripartinn. Við byrjuðum að grobba hér. Við fengum 6 þæki. B. á 75. Krossmessa (á vori).

M.4. – Úrkoma um stund í dag, svo mikið heiðríkt, en í kvöld nokkuð þykkur sunnan, logn að mestu. Frost lítið í nótt, hlýtt í dag. Við grobbuðum hér. Við fengum 33 þæka í netin í dag. B. á 75.

F.5. – 3. v.s. Talsvert heiðríkt framundir kvöld og hlý suðvestangola, þá þykkur. Við grobbuðum hér vestan undir húsinu. Sífelldur ýanda-söngur er hér í froskunum í mýrunum.

F.6. – Kóngsbænad. Mikið heiðríkt og nokkuð hvass suðv.vindur en í kvöld logn, hitaveðr. Eg plægði austr í Odda með Eiríki. 74° hiti á F. Við öfl. 29 þæka, 1 gullauga.

L.7. – Mikið heiðríkt og suðvestanvindur, móða mikil í loftinu í kvöld, hitaveðr. Eg sáði dálitlu af svörtu byggi fyrir okkur í Odda. Við fengum 15 þæki, 2 sugfiska og 1 gullauga. B. á 74 í kvöld.

S.8. – 4. s.e. páska. Heiðríkt og suðvestan hitavindur. Fjarska hvass sunnan framanaf í nótt, svo tré rifnuðu sumstaðar upp með rótum. B. í kv. á 75. Gróður er talsverðr kominn í mýrar og popli er orðinn alsettur humli. Eg sáði í kvöld hér fram í króknum dálitlu af hveiti og svörtu byggi, einnig frækorni fyrir gluggablóm.

M.9. – Heiðríkt og utan gola. Eg og Eiríkr í Odda plægðum á Akranesi. Kýr okkar leystar út í fyrsta sinn. 11 fiskar í netunum. Allar ær okkar rúnar 6, þar fyrir utan á Stef. 3.

Þ.10. – Heiðríkt og sunnanvindur en móða mikil í kring seinnipartinn og sól rauð í niðurgöngu. Eg herfaði niðr korn hjá Sigurði á Akranesi. 26 f. í netunum (4 gullaugu).

M.11. – Heiðríkt og sunnanvindur en í kvöld sunnan skýklakkar hingað og þangað, hiti. Við grobbuðum hér austan við húsið og sáðum í 3 yztu beðin hér austan við 2^{1/2} pottmáli af lauk. B. í kv. á 75. Við fengum um 50 fi.

F.12. – 4. v.s. Mikið heiðríkt og hita sunnangola. Mikið er farið að gróa og popli og willow þakin laufi. Við sáðum tæpum 2 bushelum hér vestan við húsið.

F.13. – Mikið heiðríkt framanaf svo af og til mararður og logn, hiti, en í kvöld sunnanhríð og vindur. Við öfl. 8 þæka, 10 sugf., 2 pikka og 3 gullaugu (=23). Pabbi var við að plægja upp í Straumnesi. Við sáðum gulrófnafræi í 5 beð fyrir framan laukinn í gær. Við sáðum í 1 beð jarðnipfræi, (í tífunda beð utan að talið). B. í kv. á 75.

L.14. – Þykkur og suðvestanvindur, fremr við kælu. Við Eiríkur í Odda plægðum hér harðvellisblettinn fyrir vestan. Plöntur eru komnar upp (af gulrófnafræinu) í kassanum er eg sáði í á sunnud. er leið. B. á 75.

S.15. – 5. s.e. páska. Þykkur og norðankuldastormur. Sigurðr og Rósa á Akranesi komu. Farið er að sjást á fáein strá af svarta bygginu hér fram í horninu er eg sáði sund. last. Eg sáði í kvöld þar hvítu byggi (1 kaffibolla).

M.16. – Þykkur og norðanstormur framanaf (lítið frost last night, og fölgandi svolítið), svo seinnipartinn mikið heiðríkt og logn. Pabbi var við að plægja upp á Hrísum og Fagranesi. Við St. grobbuðum hér út af fjósinu og tókum upp stomba.

Þ.17. – Nokkuð þykkur og suðvestanvindur. Við grobbuðum hér utan við fjósið. Eg sáði villtum grjónum hér vestan við brunninn.

M.18. – Heiðríkt og logn frameptir, svo suðaustan gola, svo í kvöld vestanhríslur og gola. Við grobbuðum norðvestan við fjósið. Gunnsteinn og Þorst. plægðu hér fram á balanum. Eg sáði í morgun í beð hér hjá tröðinni 90 hnattbaunum.

F.19. – 5. v.s. Uppstigningard. Himinþunnur og suðaustan eða austanvindur. Jóhannes og Guðrún í Víðirnesi komu. B. á 74,5. Eg sáði 50 ertum fram í horni.

F.20. – Kaffþykkur og norðaustan gola. Við grobbuðum fram af brunninum og sáðum rúmlega 1 búsheli af kartöplum hér í blettinn út af fjósinu. Eg sáði sikur bet-

um í hið ellefta beð utan frá hæl, en Carroti í hið 13. að utan talið. Farið er að votta fyrir grasi upp af sumum lauk-hnúðunum út í beðunum er sáð var 11. þ.m. 40 gullaugu í nettunum en 32 í gær.

L.21. – Kafþykkur og útnorðangola (hríð um tíma í morgun). Við grobbuðum hér útivið girðinguna að austanverðu. Sáð dálitlu af lauk í 1 beð fyrir utan hin þrjú. B. í kv. á 75.

S.22. – 6. s.e. páska. Mikið heiðríkt og lengst af logn, suðvestan stæðr í kvöld, en norðan í morgun. 23 gullaugu í netinu. B. í kv. á 75.

M.23. – Himinþunnur fram eptir og norðanvindur, svo þykkur (regn um tíma í morgun). Við grobbuðum og sáðum tæpl. 2 skjólum í það er við grobbuðum í gær og í dag. B. á 75, í kvöld á 74,5.

Þ.24. – Norðanvindur og skýfar, en í kvöld heiðríkt og logn. Við grobbuðum hér fyrir austan. Eg setti niðr það sem var eptir af annari fötunni í gær. B. á 75.

M.25. – Skafheiðríkt og að mestu logn. Við St. grobbuðum hér vestur á blettinum sem plægður var. Pabbi fór austur að Grund á fund. Eg sáði hér við tröðina 34 mais-kornum og 31 flatbaunum (beans). B. á 75.

F.26. – 6. v.s. Skafheiðríkt og logn, hiti. Við pabbi grobbuðum hér fyrir austan. Stef. var austr á Hóli að höggva smávið hjá Þorst. Nú eru mosquitoes farnar að koma. Eg sáði kúmeni (caraway) hér austr af tröðinni. Við sáðum 1 skjólu af kartöplum, als búið að sá 4 búsh.

F.27. – Dalítið maraður og logn, hiti. Við grobbuðum hér fyrir austan.

L.28. – Maraður framan af og að mestu logn, svo þykkur með þrumur og um tíma regn. Við grobbuðum hér fyrir austan.

S.29. – Hvítasunnud. Þykkur og norðan hvass stormur. B. í morg. á 74,5.

M.30. – Annar í Hvítas. Þykkur og norðaustanstormur fram eptir, þá mikið heiðríkt og lítil gola. B. í kv. á 75.

Þ.31. – Mikið heiðríkt og suðaustan vindr, hiti. Við grobbuðum hér fyrir austan og sáðum 1 búsheli af kartöplum. B. í kv. á 74,5.

Júníus hefir 30 daga

M.1. – Himinþunnur framanaf sunnanvindur, svo þykkur og í kvöld regn, hlýtt veðr. Við entum við að grobba hér fyrir austan og sáðum 1 búsh. af kartöplum (1 fötu af því fram á harðvellisbala). Svo þá er búið að sá í allt 6 búshelum af kartöplum.

F.2. – 7. v.s. Fyrst í morgun þoka, svo af og til himinþunnur og alltaf logn. Við St. grobbuðum 3 beð hér við tröðina og eg gróðursetti gulrófu-plöntur í 2 af þeim. Gróðursett caraway.

F.3. – Fyrst í morgun þykkur og logn, svo ákaft regn, hlýtt, en í kvöld hvass norðan stormur. Við St. hjuggum nokkrar girðinga-renglur austr í preemton. Jóhann í girðingu á línuna. We cleaned the well here. B. í dag á 74, í kv. 74,5.

L.4. – Mikið heiðríkt og lítil gola, norðvestanstæðr í lopti. Við hjuggum um 210 girðingarenglur, bárum þær, og settum upp girðingu í skarðið á austurgirðingunni.

S.5. – Trinitatis. Maraður og logn (suðvestan) en í kvöld lítið regn og þrumur. Pétur og Hólfríður í Árskógi komu, og Eiríkr og 2 drengir (frá Odda) hans. B. í morg. 75,5, kvöld 75.

M.6. – Þykkur og að mestu logn regn, suðaustan og þrumur (stórhrið og ákafar þrumur í nótt) í morgun en uppstítt í dag. 26 gullaugu og 2 þekar í netinu. Pentu haldið.

Þ.7. – Himinþunnur og logn. Við Stef. fórum út að Möðruvöllum.

M.8. – Að mestu heiðríkt og dálítill norðangola. Við St. snérum um strengjum fram á plægða blettinum. Guðríðr setti niðr gulrófuplöntur.

F.9. – 8. v.s. Mikið heiðríkt og stundum lítil suðv.gola, hiti. Við St. bárum leir (clay) upp á fjósið. Nú eru bolahundar komnir. B. í kv. 75.

F.10. – Heiðríkt mikið (aðeins nokkurt skýfar) og suðvestanvindr. Rúml. 80 stiga hiti á Fahr. Eg setti niðr 4 logga-raðir í salerni. Regn last night.

L.11 – Þykkur og logn, en í kvöld heiðríkt. Um 70° hiti á F. Þorgrímur kom. Daddy is weak in the head and ears. Maisinn er farinn að koma upp.

S.12. – 1. s.e. trin. Mikið heiðríkt og norðanvindr. Við pabbi fórum austr að Möðruvöllum og vorum við lestur í samkomuhúsinu á Lundi. B. í kv. á 75,5. Sumir farnir að afla catfish.

M.13. – Heiðríkt og dálíttill austanvindr, hiti. Stef. fór austr að Möðruvöllum og ætlar til kattfiskveiða með Friðst. Eg gróf skurð í príamsinum austan við girðinguna. B. í kv. á 75.

Þ.14. – Heiðríkt og sunnangola, en í kvöld maraður vestan eða suðv. Eg setti niðr logga í kamarinn. Gísli og Rósa og Guðmundur á Sandybar komu. B. í kv. á 75.

M.15. – Talsvert maraður og að mestu logn, en í kvöld himinþunnur. Eg enti við að setja loggana og setti bök ofan yfir. B. á 75.

F.16. – 9. v.s. Maraður og suðaustan hvass vindur en í kvöld regn. Eg enti við salernið (unless the seat and lock). Bót haldið.

F.17. – Nokkuð skýjaðr af og til, og af og til regn og sólskin milli, en í kvöld mikið heiðríkt og norðvestangola. I finished the seat. Eg smíðaði fjóssleða. B. á 74.

L.18. – Himinþunnur og norðanvindr. Eg hjó niðr willow hér út norðan við brautina. Pabbi fór austr að Hrísum.

S.19. – 2. s.e. trin. Víða heiðríkt lopt en hingað og þangað kreppingsklakkar og vestanvindr (hvass seinnpartinn) B. í kv. á 74. Eg fór austr að Möðruv.

M.20. – Þykkur og norðan hvass vindur. Við Friðsteinn á Möðruvöllum fengum í morgun sinn cat-fiskinn hvor á línuna. Stef. fór héðan heim í gærkvöld.

Þ.21. – Sólstöðr: lengstr dagur. Mikið heiðríkt og hvass norðanvindr. Hér var samkoma haldin yfir á Lundi. Í dag byrjar Victoria drottning sitt 51. stjórnarár.

M.22. – Heiðríkt og hvass norðanvindr. Við Friðst. gátum ekki vitjað um línurnar í gær né dag.

F.23. – 10. v.s. Skafheiðríkt og lítil norðan gola. Við Friðst. fengum 1 kattfisk er við beittum með. Stef. kom hingað að Möðruv. en eg fer aprtr vestur.

F.24. – Skafheiðríkt og lítil suðvestangola, en í kvöld logn. B. í kv., 75.

L.25. – Heiðríkt og sunnanvindur. Eg hjó willow hér suðr undir mýrinni.

S.26. – 3. s.e. trin. Heiðríkt og hvass sunnanvindur. Við Guðríðr og Sigurl. fórum austur að Akranesi, and returned this evening.

M.27. – Að mestu heiðríkt og lítil suðvestangola. Við bjuggum willow hér vestan við brunnim. Stef. kom heim frá Möðruv. Friðsteinn kom. B. á 75.

Þ. 28. – Mikið heiðríkt og lítil norðvestan gola. Pabbi fór austr að fljóti. I made a snatch etc.

M.29. – Maraður sunnan (óglatt sólskin) og logn. Eg smíð. heystiga.

F.30. – 11. v.s. Þykkur framan af og logn (regn um tíma í nótt), svo mikið heiðríkt og lítil suðvestangola. Sigurðr á Akranesi kom. Við sáðum dálitlu af kartöplum í kvöld hér í beð fyrir austan þar sem kartöplur hafa druknað eptir hríðina 6. þ.m. (kartöplur hafa víða druknað meira og minna hér víst víðast um nýlenduna).

Júlíus hefir 31 daga

F.1. – Lengst af talsvert þykkur og norðanvindr en í kvöld mikið heiðríkt og logn. Sólaruppk. kl. 4, sóls. kl. 7¹/₂. Við St. bárum clay upp á kindakofann. Kartöflum var sáð hér vestan við húsið þar sem lægst er garðrinn. B. á 75,5.

L.2. – Mikið heiðríkt og logn, hiti. Eg smíðaði saghest (til að saga í með klósög). Pabbi Þorst., og Gunnst., gengu á línuna hér vestan við lot pabba og nýtekna lot Þorst.

S.3. – 4. s.e. trin. Má heita skafheiðríkt og blíðalogn, hiti. B. í kv. 75. Pabbi fór í kvöld suðr að Akri, verðr þar í nótt og ætlar að halda fund á morgun áhrærandi safnaðarmenn.

M.4. – Mikið heiðríkt og lítil gola (bara skýklakkar í vestri og norðvestrinu). Við St. söguðum með klósög. B. á 74,5.

Þ.5. – Um tíma í morgun þykkur norðan, svo mikið heiðríkt og dálítill gola. Við byrjuðum að slá hér fyrir vestan, norðan við kúagirðinguna.

M.6. – Mikið heiðríkt og suðvestangola, hiti. Við slóum hér í vestrblánni fram um hádegi, svo hirtum við af því er við slóum í gær, í 28 hrauka. B. 75.

F.7. – 12. v.s. Heiðríkt og að mestu logn en í kvöld dalítið maraðr norðv., hiti. Við slóum vestur undir skógnum fram um hádegi, svo tókum við saman allt hitt sem laust er í 38 hrauka. B. á 75 í kv.

F.8. – Þykkur fram eptir, svo mikið heiðríkt og lítil norðvestangola. Við slóum í morgun hér norðvestr í sundinu. Við bárum saman hraukana í hey hér vestan við willowna.

L.9. – Að miklu leyti heiðríkt og dálítill suðv. gola. Við slóum norðvestr í sundinu fram og hádegi, svo tókum við saman það sem við slóum í fyrradag í 24 hrauka. B. í morg. á 75, í kv. á 74,5.

S.10. – 5. s.e. trin. Talsvert maraður og nokkuð hvass norðanvindur, en í kvöld logn. Gísli og Steinunn á Akran. komu. B. í kv. 75.

M.11. – Skafheiðríkt og lítil norðvestan gola. Við slóum fram um hádegi, og hirtum saman í um 40 hrauka.

Þ.12. – Heiðríkt og norðvestan hvass vindur. Við köstuðum heyi úr 24 hraukum hér vestur undir skógnum og heyi úr 24 hr. yzt í sundinu (út við línuna) þar vestr undir skógnum, svo settum við upp rúma 30 hr.

M.13. – Maraður og logn. Við settum saman í hey hér norðvestr í sundinu rúma 50 hrauka, svo slóum við þar eptir það til kvölds. B. á 75,5.

F.14. – 13.v.s. Maraðr fram eptir svo nokkuð heiðríkt og logn. Við slóum hér norðvestr í blánni. B. á 75.

F.15. – Maraðr lengst af og dálítill norðvestan gola. Við St. slóum hér vestr í mýrinni og settum upp fáeina hrauka.

L.16. – Að mestu heiðríkt og sunnangola. Við hirtum saman í marga hr. og köstuðum heyinu hér norðv. í sundinu, svo í því eru milli 80 og 90 hraukar.

S.17. – 6. s.e. trin. Talsvert heiðríkt (hiti) og norðv.gola. Fljótsbakkahjónin komu.

M.18. – Nokkuð heiðríkt og lengst af logn (hiti), norðvestan stæður og þrumur stundum á lengdar. Við köstuðum heyi hér norðvestr í mýrinni með 63 hraukum. Við slóum dálítið. Gísli og Rósa á Akran. komu. B. í kv. 75.

Þ.19. – Nokkuð skýjaðr framan af og logn, svo mikið heiðríkt og norðanvindr, (skafheiðr. í kvöld). Við slóum hér norðr í vestblánni og hér í blettinum vestan við girðinguna.

M.20. – Norðan skýfar og vindr fram eptir, svo heiðríkt, en í kvöld vestan mari og logn. Við slóum út á Hálfðanarslægjum og settum upp yfir 40 hrauka hér norðvestr í mýrinni.

F.21. – 14. v.s. Talsvert þykkur og hvass norðanvindur (stundum hríðarslitringur), en í kvöld nokkuð heiðríkt og logn. Við Stef. girtum í kringum 4 heyin. B. í morg. 74,5, í kvöld 75.

F.22. – Norðanskýfar og dálítill gola. Við köstuðum heyi úr 65 hr. hér norðvestr í mýrinni og settum upp 22 hrauka hér norðvestan við girðinguna.

L.23. – Talsvert heiðríkt framan af og hvass norðv.vindur, svo þykkur og stundum þrumur og regnskúrir. Við pabbi slóum út í Hálfðanarslægjum.

S.24. – 7. s.e. trin. Dálítið norðan skýfar og vindur.

M.25. – Mikið heiðríkt og suðaustangola (hiti). Við slóum út í Hálfðanarslægjum og settum upp nokkuð marga hrauka þar.

Þ.26. – Heiðríkt og austangola, en í kvöld dálítið maraðr og logn, hiti. Við bárum saman í hey 41 hr. yzt í Hálfð. slægjunum og í annað hey 29 hr. þar fyrir sunnan, og hér af blettinum heima í tuggu norðan við kindakofann 22 hr.

M.27. – Mikið heiðríkt og sunnan gola (hiti mikill). Við pabbi slóum hér úti willóni. Settir upp 17 hr af því er við pabbi slóum á mánud. B. á 75,5.

F.28. – 15. v.s. Mikið heiðríkt og suðvestanvindr, en í kvöld talsvert þykkur og

logn (regnskúr um tíma). Við settum upp 36 hr. og slóum dálítið. Gíslu og Vilborg, Ásm., Katrín og Mundi frá Jökulsá komu í dag með Sigvalda pósti að Akranesi.

F.29. – Í morgun þoka og þykkur í lofti suðv., svo um tíma þrumur og hríð, svo uppstíttu og sólskin svo aprt þrumur og ákaft regn en í kvöld uppst, að mestu logn. Við St. slóum dálítið hér úti villóni. Pabbi og Sigurl. fóru með Pentu austrað Akran. til Gísla og Borgu. Mundi (my cousin) kom og verðr í nótt. Pabbi fékk bréf frá Þorst. í Höfn og dagbók. Guðríðr fékk bréf frá Björgu í N.vík. B.74,5.

L.30. – Heiðríkt og suðvestanvindur, en í kvöld móða á suðv. og vesturlofti með þrumum í fjarska (fjarlægð) og logn. Við bættum við hey 18 hr. í Hálfslægjunum, svo í því eru 47 hr. B. 75.

S.31. – 8. s.e. trin. Skýjaður og norðaustangola f. p. svo heiðríkt og logn.

Ágúst hefir 31 daga

M.1. – Heiðríkt og logn en í kvöld dálítið maraður norðv. og gerði litla regndropa, stíttu upp síðan. Við héra Gíslu og Mundi slóum hér vestanundir skógarbeltinu og settum upp hey. B.75.

P.2. – Heiðríkt og að mestu logn, mikill hiti. Við bárum saman 103 hr. í 3 hey. Rakaði upp í 15 hr. sack.

M.3. – Af og til maraður og þrumur annaðslagið (regn og þrumur í nótt), heldur óglatt sólskin og logn. Við allir (5) slóum hér út vestan við beltíð. B. í morg. 75, í kv. 74,5.

F.4. – 16. v.s. Heiðríkt og norðv.vindur f.p. svo nokkuð þykkur (stundum regngusur) og hroðahvass s. p. Við slóum til hádegis, svo rökuðum við upp í hrauka og bættum ofan á stóra heyið vestr í sundinu 9 hr.

F.5. – Dálítið skýaðr af og til f. p. og norðv.gola svo heiðríkt og logn. Við bárum saman í 3 hey hér vestan undir beltinu.

L.6. – Fyrst heiðríkt, svo um tíma lítið skýaðr, svo heiðríkt og alltaf sunnanvindur (hitaveður). Við forkuðum upp hey fyrir Jóhann á Grund austr í pre-emption. B. í morg. 75, í kv. 74,5. Séra Magnús Skaptason kom í dag hingað að fljótinu frá Gimli, hann kom einn ásamt þeim 500 er komu að heiman um daginn (seint í júlí). Hann ætlar að messa hér við fljótið á morgun.

S.7. – 9. s.e. trin. Mikið heiðríkt (suðaustanstæður), fram eptir þykknaði síðan upp norðv. og vindaði. Við 4ur fórum austr að fljóti og vorum við messugjörð á Lundi. B.í morg. 74,5, í kv. 745.

M.8. – Skýjaður og hvass norðaustanvindur með hríðar-yrju af og til f. p. Þurrviðri s. p, lygnði með kvöldi og heiddi norðvestan. Við 5 slóum út vestari blána að austanverðu og út í botn.

Þ.9. – Dálítið skýfar og norðvestan gola f. p., mikið heiðríkt og suðv.gola s. p. Við slóum fram að hádegi, bárum svo saman um 50 hr. í hey (15. heyið).

M.10. – Norðvestanskýfar (en mikið heiðríkt) og hvass norðv.vindr. Við settum upp allt lausa heyið (um 170 hr.). B. í morg. 74,5 í kvöld 745.

F.11. – 17. v.s. Að mestu heiðríkt og lítil norðan gola. Við Sigurðr á Akran., Gísli og Mundi bárum af hraukunum saman í 2 hey, í öðru 55, hinu 52. Stef. er að slá í stað Sigurðar með Gísla á Akran. hér austr í blánni. Mundi sonr Gísla sál.

F.12. – Að miklu leyti heiðríkt og norðv.vindur. Við St. Gísli og Mundi köstuðum saman heyi norðv.undir spruce-beltinu úr 63 hr.

L.13. – Heiðríkt og logn f. p., þykknaði svo upp og gerði regn-skúr, stitti svo upp og var himinþunn í kvöld. Eg girti kringum 4 hey okkar. Stef. var við að kasta heyi með Unalands og Akran. bræðrum.

S.14. – 10 .s.e. trin. Mikið heiðríkt og logn, hitaveðr. Hrísafólk og Pétr í Árskógi kom. Guðríðr fór austr að Akran.

M.15. – Að mestu heiðríkt og lítil norðv. gola. Eg skar upp svartabygg okkar í Odda. Barn Gísla og Borgu á Akran. jarðað. St. sótti kú að Árskógi er við keyptum af Pétri.

Þ.16. – Heiðríkt og vestanvindur. Við slóum hér út í vestur blánni og settum upp 7 hr. Eg stakkaði svartabyggi okkar á Odda.

M.17. – Mikið heiðríkt (að eins dálítið norðan skýfar) og norðanvindur, skaf-
heiðríkt í kvöld. Við rökuðum upp í 58 hr.

F.18. – 18. v.s. Mikið heiðríkt (aðeins norðan skýhnoðrar hingað og þangað) og norðanvindur, lygndi í kvöld. Við bárum saman í hey 55 hr.

F.19. – Nokkuð skýjaðr af og til og norðaustan gola, heiddi svo norðan í kvöld og lygndi. Við slóum hér norðvestur undir willóar-beltinu. Eiríkr í Odda, Friðst. og Sigurður eru að heya hér í ótekna lotinu fyrir norðv.

L.20. – Fyrst í morgun maraðr og logn, heiddi svo nokkuð og norðv.gola, hitaveðr, þykknaði hafaustan í kvöld og gerði hríðarslitring. Við St. girtum kringum 4 hey.

S.21. – 11. s.e. trin. Nokkuð skýjaðr og austanvindur. Pabbi og Sigurl. fóru aust. að Akran.

M.22. – Skýjaður talsvert og norðangola (aðeins heiðríkjugöt hingað og þangað). Við settum upp 63 hr. Pabbi girti hey hér vestr í hans loti með Þorst. á Hóli. Sig. á Akran. er að slá hér í austr blánni.

Þ.23. – Nokkuð skýjaðr (norðauststæður) en þó lengst af sólskin, logn. Við settum niðr fjóslogga sunnan undir stafninum á fjósi okkar. St. fór með Jóni Guttormss. austr og ætlar að vera hjá honum í 2 daga.

M.24. – Netjuþykkni f. p. og logn, heiddi meir og gerði norðaustangolu s.p. en í kvöld nokkuð skýjaðr. Við bárum saman 68 hr. í hey og sátu hér norðvestur undir skógarbeltinu. Svo við erum nú alveg hættir við að heya og búinir að fá hérumbil 404 hesta fyrir utan það sem er í heyunum (4um) er Gísli fær.

F.25. – 19. v.s. Nokkuð heiðríkt og suðvestangola, lygndi í kvöld, hiti. Pabbi hjálpaði Sig. á Akran. til að koma saman hraukum hér í austr-blánni. Eg hjálpaði Hrísafeðgum og Eiríki til við hey.

F.26. – Mikið heiðríkt (að eins ský hingað og þangað), logn, hitaveðr. Við girtum kringum heyið er við settum saman í fyrra dag.

L.27. – Mikið heiðríkt (bara skýklakkar í kring) og hæg sunnangola, en í kvöld netjuþykkni og logn. Eg sló hjá Sigvalda pósti. Pabbi og St. unnu að heyvinnu hjá Hrísafeðgum og Eiríki í Odda.

S.28. – 12. s.e. trin. Þykkur og sunnan hvass vindur, hitaveðr. Við öll fórum suðr að Akran. B. í kvöld á 75.

M.29. – Höfuðdagur. Fyrst í morgun heiðríkt og suðv.vindr, þykknaði svo upp og gerði þrumuskúr, stitti upp aptur og heiddi talsvert. Við kláruðum við að setja fjósloggana og langböndin B. á 74,5 í dag.

Þ.30. – Himinþunnur í morgun, þykknaði svo upp og gerði skúr (suðvestan), logn að mestu. Við pabbi settum spítur í fjósbásana. St. hjálpaði Gunnst. til að koma saman heyi. B. á 75.

M.31. – Mikið heiðríkt (bara skýhnoðrar hingað og þangað) og norðaustanvindur, hlýindaveðr. Við pabbi settum jötustokka á fjósið. St. hjálpaði Gunnst. til að koma saman heyi.

XI. O. G. Akraness – Dagbók 1887-1888

- Júli. 1887
 undirten sem var lútt. Sá og þur
 5 guldskip í omistum, úr járni og 2 þeirra
 stór mjög. Skrifleskipti lútt skýri línuakjörinu
 okkar úr þeirra mjúafför (áve Clýde)
 Nr. 2 eru skolin 2 kanonur skoti og 1 fagellu
 af skipi okkar sem heitir „Dænos Ayrcom“,
 um 70 fadum í lengd og 12 á breidd. —
 Státinn af henni færð af Skýrinum.
 Þráld farit frá hjá Íslandi. Góð heilar.
 Af þess er 1 Eymundsson fálkur skoti úr okkar
 á línu Clýde, sæli og kona minni drífur mit honu.
18. Nú sásk okki nema trimin og haf. Komit
 vestr frá Ísland, úr á þetta litla Atlantí-
 haf. Mikil á annat þinnat um burt að
 miðhæðum Ísland og nokkurn ákóm. Þáfrindur
19. Matvinnslu og þokan.
20. Útþymingd. drif. Þjótt rætt yfir þokabúttu —
 um lútt; siglid. Nr. 2 er öllum þarlmög-
 um skipat að vera á dekki. Ég oft sem övur
 höfðun þingum frá þeirri bólu útlútt.
 lútt kerkilútt og rökitt svo þjótt skof, herki
 vedrit optis þvi sam á kerkilútt lútt og vart
 affrangit um röttina og sjágangun ogvölgu.
 Þjótt þjótt. Sá þá fyrsta mannaþjótt
 í skipinu, þær af þjótt á 3 ári, þá nétt
 veltat og skoti dír. Skipit hilt síu aðvins úr.

Úr dagbók Odds Guðmundssonar.

Oddur Guðmundsson, er síðar nefndi sig O.G. Akraness, fæddist á Indriða-
 stöðum í Borgarfjarðarsýslu 23. nóvember árið 1852. Foreldrar hans voru
 Oddur Helgason bóndi þar og Margrét Sigurðardóttir, kona hans.¹ Sex ára
 gamall flutti hann með foreldrum sínum að Litla-Sandi á Hvalfjarðarströnd.

1 Þorleifur Jóakimsson (Jackson), *Frá austri til vesturs. Framhald af landnámssögu Nýja-
 Íslands*, bls. 164.

Eins og flest börn til sveita var hann látinn sitja yfir ánum, uppi um allar heiðar, en hafði með sér bækur og undi sér vel í einverunni, eins og hann segir sjálfur í æviágripinu sínu.¹ Eftir fermingu reyndi hann fyrir sér sem háseti en sneri sér fljótlega að bóklegum störfum. Oddur var sýsluskrifari hjá Eggerti Theodór Jónssyni í Hjarðarholti í Laxárdal á árunum 1871-1875. Eftir það stundaði hann verslun í Reykjavík og barnakennslu á Suðurlandi og á Akranesi auk ýmiss konar kaupavinnu til sjávar og sveita.

Það var vorið 1887 sem Oddur Guðmundsson leiddi hugann að Vesturheimsferð af alvöru og fór að selja eignir sínar og hinn 31. júlí sama ár var hann kominn til Winnipeg. Fyrsta árið dvaldist hann hjá Jóhanni Briem á Grund í Nýja-Íslandi en nam síðar land er hann nefndi Láland í Geysirbyggð.² Skömmu síðar flutti hann til Hnausabyggðar og bjó þar á Bjarmalandi fram á efri ár. Síðustu árin bjó Oddur hjá fósturdóttur sinni, Önnu Erlendsdóttur, en hann lést 1. júní 1915.

Kona Odds hét Margrét Aradóttir og fór hún vestur um haf ári á eftir manni sínum. Þau áttu eitt barn sem lést í frumbernsku en ólu upp tvær fósturdætur, Önnu sem fyrr er nefnd og Ólínu Láru Hallsdóttur en hún lést 18 ára gömul.

Hér birtist kafla úr dagbókum Odds sem varðveittar eru á skjalasafni Manitobaháskóla í Winnipeg.³ Frásögn dagbókarinnar hefst þegar Oddur leggur af stað til Vesturheims 30. júní 1887 og henni lýkur 31. mars árið eftir. Fyrst fer stutt ágríp af atburðum árunna á undan, frá 1881.

1 *Mss Isl.* [] – Æfiágrip Odds Guðmundssonar (O.G. Akraness).

2 Þorleifur Jóakímsson (Jackson), *Frá austri til vesturs*, bls. 165.

3 *Mss Isl.* [] – Dagbók Odds Guðmundssonar (O.G. Akraness).

1887

Það var fyrir 6 árum – 28. febr. 1881 – að eg keypti af feðgunum Erlendi eldra og Erlendi yngra, part af lóð þeirra Teigakoti fyrir 100 kr. – og seinna minni lóðarpart af Erlendi yngra fyrir 20 kr. áfastan við þann fyrri, og byggði mér á bæ sem eg og aðrir kölluðum „Oddsbæ“. Erlendur eldri hafði veðsett Teigakots-landið löngu áður en eg keypti partana, en ekki staðið í skilum uppá síðkastið með rentur, og því síður afborganir. Var því landið *alt* selt til lúkningar skuldinni með rentum, á fyrrihluta þessa árs. Mistum við Kristján Símonarson á Akri, því hann hafði keypt þá af landinu miklu meira en eg, lóðir okkar. Kristján keypti *alt* landið (aptur), en eg gat ekki verið að kaupa mína lóð aptur og fór þá að hugsa um að flytja mig burtu. Það var bæði að þetta féll mér illa, og svo undi eg mér ver eptir bræðramissirinn. Var líka farinn að þreytast við barna-kennsluna og svo var árferðis-útlitið óglæsilegt. Kristján margað mig að fara ekki úr plássinu, sagði eg mætti búa á lóðinni leigulaust meðan við báðir lifðum, eins og minni eign.

Eg hafði aldrei verið móti Ameríkufurðum og ásetti mér því að litast um í Canada (einkum í Manitoba) og snúa strax heim aptur ef mér litist þar ólífvænlegt fyrir mig. Urðu margir til að afeggja mig fararinnar, einkum Sigurður sýslumaður Þórðarson, því hann vildi ógjarnan missa mig. Sinnti eg því engu en auglýsti í máfmánuði að viðskiptamenn mínir gerðu upp reikninga við mig, því eg væri ákveðinn í því að flytja af landi burt í sumar, fyrir óákveðinn tíma.

1887 – Ferðin til Canada

30. júní 1887 læt eg flytja okkur hjón af Akranesi til Reykjavíkur. Formaður var Oddur Guðmundsson þá trúlofaður Halldóru systir minni, fargjald fyrir okkur 1 kr. 65 a.

1. *júlí* var alþing sett. Eg fór í kirkju. Kristján á Akri kom og fann mig í Rvík.

2. Er eg á forngripa- og landsbóka- söfnunum. Skrifu mig á Ameríkufaralistan, út = 10 kr. og versla þá uppá 2 kr. 14 a.

3. S.d. Eg fer í kirkju. Kom Villi bróðir og fleiri Akurnesingar til að kveðja mig.

4. „Sinodus-“ messa – verzla fyrir 1 kr. 25 a.

6. Borgað fyrir orðabók og brauð fyrir 5 kr.

7. „Camoens“ kom snöggva ferð til Rvíkur, fór samdægurs á Vestfjörðu að sækja fólk, út 75 a.

8. Kaupi farbréfið með 120 kr. áður 10 kr. = 130 kr. Verzla uppá 1 kr. 35 og þann 9da 1 kr. 40 = 2 kr. 75.

10. S.d. Skoða listaverkin í alþingishúsinu.

11. Síðastl. nótt kom „Camoens“, eydt – 60 og fyrir fæði til Jóns fyrir okkur Margr. 4 –. Kl. 9. f.m. (um morgunin) fer eg um borð. Kl. 5 e.m. förum við frá Reykjavík (strokumaður komst um borð við Engeyjargafli). Kl. 10 e.m. við Reykjanes. Margir sjóveikir.

12. Svaf vel í nótt. Gott veður í dag. Ágjöf nokkur í kvöld. Sagt 650 manns á skipinu. Sigmundur gerir sér meira far um fólkið en Sigfús.

13. Heilsa mín altaf góð. Margir eru þó sjóveikir, hægur landsynningur, dágott veður. Sigfús situr við drykkju kl. 11^{1/2} f.m. þegar eg ætlaði að finna hann. Hann segist hafa sett 6 menn fyrir sig sem túlka og vill ekkert segja. – Kona Jóns Bjarnasonar frá Kaðalstöðum ól barn, gekk vel. Ágjöf nokkur í kvöld. Þoka um nóttina, svo þokulúðurinn er að blása.

14. Gott veður. Kl. 1 e.h. *bilaði maskínan*. „Stop.“ Kl. 6^{1/2} e.m. komst hún aptur í gang, en með minni krapti en hún hafði áður.

15. Um morguninn komið undir Skotland? Safna peningum með Bergþóri Jónssyni frá Garði til byttunar fyrir farþega. Gott veður. Mörg skip sáum við á leiðinni. Við Bergþ. tókum á móti 1813 kr. 40 a. og afhentum Sigfúsi, það voru £ 100-14-9, frádr. £ 20 í gulli svo bytta þurfti £ 80-14-9 í Glasgow. Um kvöldið dansað og spilað. Úti fyrir eru vitar, uppi yfir stjörnustyrnur himin, svört nótt hér um þetta leiti. Telegraferað af Camoens að við séum á ferðinni.

16. Blíðviðri. Allir, frískir farið meðfram ströndum Skotlands, gengur seint því maskínan er linuð. Kapt. sagður óánægður með skipið. – Kl. 9 f.m. allir kallaðir uppá dekk til að skipta farbréfum. Kl. 1 e.m. er komið á höfnina í Granton. Þar er nýkomið frá Íslandi gufuskipið „Miaca“ með vesturfara. – Kl. 7^{1/4} e.m. erum við komin í járnbrautarvagnana og kl. 7^{3/4} förum við af stað, eptir að tollrannsóknninni var lokið, frá Leith (– við vorum flutt á hjólaskipi frá Granton til Leith –). – Kl. 10 og 7 mín. e.m. er komið á járnbrautarstöðina í Glasgow, og kl. rúml. 11 ofan að bryggjunni (höfninni), var þá tínt nokkuð af fólkinu á leiðinni af brautarstöðvunum. Fanst sumt af því ekki fyrr en daginn eptir (um morgunin) eptir að telegraferað hafði verið um borgina. Þegar komið var ofan að höfninni af brautarstöðinni, sem var langur vegur, sem pólití fylgdi okkur til leiðbeiningar og varúðar, því lengst af vorum við í myrkri og mikið af föntum og vesalingum á leiðinni. Var fólkið mjög illa á sig komið: þreytt, veikt, hungrað, sífjað, og konur og börn grátandi, og fullorðnir menn með skammir við Eymundsson (Sigfús) agent, sem von var. Eptir að börnin og flestar konur höfðu fengið mjólk að drekka við bryggjuhúsið, sem Sigfúsi var skipað með harðri hendi að útvega, var farið um borð á línuskipinu kl. 1^{1/2} um nóttina, allir matarlausir frá því kl. 8 f.m. (þann 16da).

17. Var sunnudagur, lögðum við af stað frá Glasgow kl. 7^{1/2} f.m. ofan ána Clyde. Var úrsiglingin *einkar fögur*, það er örmjór fjörður hérumbil helfingi breiðari en Hvítá hjá Ferjukoti, gátu almennilega farist á mis þar hjólaskipin og svo þessi stóru skrúfuskip, báðar hliðar skógivaxnar upp á brún. Stórhýsi innan um skógarunnana meðfram undirlendinu sem var lítið. Sá eg þar 5 gufuskip í smíðum, úr jární og 2 þeirra stór mjög.

Skrúfuskip lítið *stýrði* línuskipinu okkar út þenna mjóa fjörð (ána Clyde). Kl. 12 eru skotin 2 kanónuskot og 1 flugeldi af skipi okkar sem heitir „Buenos Ayrean“, um 70 faðmar á lengd en 7 á breidd.

Látinn af hendi farbréfsklípingur.

Í kvöld farið fram hjá Írlandi. Góð heilsa. Áður en S. Eymundsson túlkur skildi við okkur á ánni Clyde, sendi eg konu minni bréf með honum.

18. Nú sást ekki nema „himinn og haf“. Komið vestur fyrir Írland, út á þetta stóra Atlantshaf. Mikið á annað þúsund um borð að meðtöldum Írum og nokkrum Skotum. Mótvindur.

19. Mótvindur.

20. Útsynnings-drif og þoka. Sjór rauk yfir, þokulúðurinn blæs, sigling. Kl. 2 er öllum karlmönnum skipað að vera á „dekki“. Eg o.fl. sem örin höfðum fengu þá kúabólu „attesti.“ Um kveldið óx rokið svo sjóinn skóf, herti veðrið eptir því sem á kvöldið leið og varð afskaplegt um nóttina og sjógangur ógurlegur: hafið í *uppnámi*. Dó þá fyrsta manneskjan á skipinu, barn af Ísafirði á 3. ári. Þá nótt sofnaði eg ekki dúr. Skipið hélt sér aðeins við.

21. Sjógangur mikill í morgun, en eptir hádegið skánaði veður og minnkaði sjógangur. Kl. 1 e.m. var barnið sem dó látið fyrir borð eptir að stokkur hafði verið smíðaður utan um það, og sungið yfir og lesið yfir af íslenzkum.

22. Gott veður. Kvenfólki og börnum gefið kúabólu „attesti“, sem ör höfðu. Myrkveðursþoka í kvöld. Hægur mótvindur.

23. Dágott veður, þoka í morgun og kaldur andvari á móti.

24. *S.d.* Síðastl. nótt dóu 2 börn, margir lasnir af magaveiki (af matarbreytingu ímynda eg mér). Hægur mótvindur og svo kalt að við vorum í yfirfrökkum og með vetlinga á höndum, kl. 10 f.m. var *hvorki hiti né frost* í forsælunni, þoka. Maskín-an stoppuð svo að segja um kl. 10 f.m. því skipverjar óttuðust *hafís*, enda fórum við í dag milli fjallhárra borgaríss-jaka, kl. 1 e.m.

Íslendingar sungu margraddað og lásu á dekkinu húslestur, voru þar við annara þjóða menn og luku á lofsorði. Þenna dag allann til kvölds fórum við innan um haf-íshrakning. – Um kvöldið kl. 5 eyjum við fyrst eyjuna „Bell island“. Í dag sáuum við 2 gufuskip fór annað austur, hitt vestur. 2 börn grafin í sjó: látin fyrir borð þau sem dóu síðastl. nótt.

25. Kl. 12 eru á *allri ferðinni* dái 4 börn og fædd 4 börn. Landsýn alltaf á stjórnborð. Logn mátti heita í nótt. Blindþoka í kvöld. Vart við þjófnað, einkum aptast í skipinu og þar borið upp á einn skipverja, hann þrætti, að sagt var. Það var skorið hár af 2 stúlkum síðastl. nótt o.s. fl.

Barn 1 var grafið í sjó (o: látið fyrir borð) með söng og lestri, sem fyr. – Um kvöldið logaði sjóinn alt í kring um skipið af maurildi (eða örsmáum kvikindum). Vart varð við annað skip í þokunni, það þeytti lúður sinn og fór *rétt* hjá okkur, við-búið þau hefðu rekist á ef þagað hefðu.

26. Kl. 6 f.m. er New Brunsvic á bakborða, með skóga og fjöll. Víða þar bygð með ströndinni, og nokkrar ekrur höggnaðar upp frá býlunum. Fiskibátar fyrir fram-

an landið rétt uppí landsteinum. Skógur miklu stærri en á Skotlandi. Kl. 12 (hádegi) [dró] Jón (túlkur) frá Skaga upp *velvildarvottorð* til „Allan-línunnar“ fyrir alla frammistöðuna og meðferð á okkur yfir hafið. Gekk Jón fremur hart eptir undirskriftum undir það, vissi eg um það einkum í framlestinni, varð honum lítið ágengt, þó hann segði: „komið bara með pennan“. (Líkaði mönnum ekki að læknir var orðinn meðalalaus, og svo var fjöldi manns neitað um vatn, túlkur komst í að rífast um það, en honum var líka neitað sagði Þorbergur (Fjeldsted) frá Jörfa mér, kl. 1-2 e.m.).

Daginn allan til kvölds fórum við framhá ströndum Nýju Brunsvíkur, gott veður, rétt logn.

27. Logn. Farið upp Laurentsfljótið. –

Farbréfa No mín voru:

Frá Íslandi til Granton = Glasgow No. 436.

Frá Glasgow til Quebec No. 43713.

Frá Quebec til Winnipeg No. AA 221, það var brautarseðill, langur.

Kl. 9 f.m. er öllum skipað að vera búnum að koma dóti sínu úr „kojonum“ upp á dekk kl. 12 á hádegi.

Kl. 11 f.m. kom hjólaskip með sóttvarnarflaggi að grennslast um hvert veiki væri um borð.

Kl. 11^{1/2} látin af hendi farbréfin frá Glasgow.

Kl. 12, á hádegi, lentum við við bryggjuna í *Quebec* rétt við Emigrantahús, að eg held eptir 11 daga ferð yfir hafið frá Glasgow. – Kl. 2.20 e.m. afhendi B. L. Baldw. (agent) sem þá fyrst mætti okkur – £ 80-14-9 ávísun til byttunar (Emigr.pen.). Tek eg síðan við peningum þessum í candiskum \$ og centum hjá B. L. Baldw. og byttaði af þeim við Emigr. sem báðu mig fyrir peninga sína á leið frá Íslandi, en varð að hætta snögglega, því það væri óvarlegt (prakkar á næstu grös-um vissu þá eg hafði peninga) varð að bíða þar til í Winnipeg.

Frá Quebec fórum við kl. 12 um nóttina með C.P.R. Varð eg feginn að komast þaðan, þó það sé stór og merkur staður, en er viðsjáll eins og fl. hafnborgir.

28. Heldur lestin áfram. Stanzar aðeins á stationum, tekur þar hraðfrétta skeyti að sagt var. 9 börn eru nú dáið kl. 9^{1/4} e.m. á leið frá Íslandi.

29. Sama fljúgandi ferðalag. 1 barn dó, 10 dáið.

30. Lét af hendi stykki af farseðlinum No. 4864 eptir að margbúið var að merkja hann með mörgum götum af ýmsri gerð. Indiána, 20 í hóp alls, sáum við, mórautt á hörundslit. Barn datt út, meiddist á höfði, lestin stoppuð og það sókt.

31. (Sunnudagur). Kl. 8 f.m. skilaði farseðlinum *algerlega*, þá var farið að nálgast áfangstaðinn, svo þeirra var ekki lengur þörf. Kl. 10^{1/2} f.m. komum við líka til *Winnipeg*. Merkin á farangri mínum var: No 6332, No 6355, No 6370, og No 16268, afhenti eg þau „skilti“ kl. 10^{3/4} f.m.

1. *August* er eg enn kyr í Emigrantahúsinu og sömuleiðis mest af deginum þ. 2. aug. því eg átti þá hvergi höfði mínu að halla og rataði ekkert og þekkti engan.

2. Hitti á Emigr.húsinu Baldv. nokkurn Einarson, fékk eg húsnaði hjá honum, það var á Colony Street No 1 á Portage Avenue, flutti eg þangað kl. 5 e.m. og tók með Guðrúnu Bergsteinsd. og barnið Hólmsfríði Hjörtsdóttir (frá Hamri í Borgarhrepp). Hann bað mig fyrir þær þegar hann, *strax* þ. 1. þ.m., fór út á járnbraut í vinnu.

3. Panta eg 5 centa virði af mjólk hjá Gunnari (Helga) bróðir Baldvins, og byrja í dag að taka hana. Baldvin var við trésmíðar og talaðist svo til að eg fengi vinnu með honum.

5. Kaupi mér sög, hamar og vinkil fyrir \$2.75.

7. Skrifa eg Vilhjálmi bróður mínum.

9.10.11. *Smíða* eg með G. Zöega? (í akkorði Jóns Augusts).

12. Veikur af útbrotum (Rauðuhundar?) og svo líka af magaveiki og höfuðverk.

15.16. *Smíða* með Baldvin. Þá um kvöldið kom það upp að Contractarinn sem við unnum hjá var „kominn á hausinn“: gjaldþrota. Urðum við allir sem unnum hjá honum fyrir meiri og minni kaup-svikum. Þetta var fyrsta viðkyning sem eg hafði af áreiðanlegleik atvinnunnar í Winnipeg og beit það illa á mig: eg missti tiltrú á bænnum.

Var eg að flækjast, optast vinnulaus í Winnipeg til mánaðarloka, átti eg mörg spor í vinnuleit frá 17.-30. þ.m. alt árangurlaust. Komu Íslendingar til bæjarins um 23ja mánaðarins. Var þá kaup í bænnum þessvegna sett niður.

21. Skrifa eg Margréti Aradóttur, konu minni og Ólafi Guðmundssyni lækni Akranesi.

22. Koma Íslenzkir úr bændavinnu, láta illa af kaupgjaldi, aðeins \$15.00 um mán.

24. Finn Einar smið nýkominn frá Brandon, sagði þar misjafnt land og ill vinna. Ekki vildi Lárus Helgason vera lengur í harvistinni og fer á morgun kl. 4-5 e.m. til Selkirk, og 25. skrifa eg Lárusi og bið hann útvega mér vinnu. Margir Íslendingar vinnulausir í Winnipeg.

1. *Sept.* kom Tómas nokkur Björnsson í Wpg. og talar um ferð til *Nýja Íslands*.

3. Borgar contractarinn („Körr“ kalla eg hann) \$5.00 (en \$9.00 var eg búinn að vinna fyrir).

4. *S.d.* Borga Gunnari mjólkina fyrir Aug. allan og 3 daga af þessum mánuði.

5. Rigning og skruggur í morgun. Afræð að fara til Nýja Íslands.

6. Tek saman dót mitt og kaupi B. Líndal fyrir 50 c að keyra það suður yfir Askiniþó ána suður við Rauðá. Gef Baldv. Einarsyni ávísun á „Körr“. Sef einn í tjaldi um nóttina hjá húsi Tómasar Björnssonar.

7. Kl. 3 e.m. fórum við Tómas af stað úr Wpeg, áleiðis til Selkirk, með flatbytnu aptan í bátnum okkar. Liggjum úti um nóttina undir vaxdúk, hitum te og kveykjum ljós um kvöldið.

8. Höldum af stað. Kl. 6 f.m. stendur báturinn á flúð (eða steini) í ánni. Kl. 7 fengum við fyrst enskan og síðan „halfbríta“ að hjálpa okkur áfram yfir strengina.

Kl. 2 e.m. komum við til Selkirk. Kl. 3 e.m. þaðan og komumst 8 mílur ofan fyrir Selkirk kl. 6 um kvöldið, þjuggumst fyrir í skógunum um nóttina, var þá komið norðan rok. Um kvöldið komu til okkar 3 manneskjur úr N. Íslandi var ein af þeim Kristján Lífmann.

9. Kl. 3 e.m. lygnir, við höldum af stað eftir að hafa fengið 4 fiska og 2 andir í soðið hjá Indíana, og eg brauð og sykur fyrir 30 cents. Kl. 7 e.m. settumst við að, því dimmt var þá orðið, niður undir Netli „Krík“. Var þar þá svo ófagur dans og læti að Tómas létst ekki annan eins ófögnuð hafa heyrt í þau 10 ár sem hann var búinn að vera hér. Frost mikið var um nóttina.

10. Af stað fórum við kl. 5^{1/2} f.m. og komum að Oddnýjarstöðum kl. 5. e.m., fengum hraðbyr á Wpeg vatni, sleit þá flatbytnan 2 færi í sundur, og töpuðum við honum kl. 4 um daginn. Kl. 9^{1/2} um kvöldið komumst við heim til Halls Hallssonar á Flugustöðum og erum þar um nóttina. Skiljum eftir „dallinn“ = flatbytnuna.

11. *S.d.* Af stað frá Flugust. kl. 10. f.m., sunnandrif. Hallur fór með okkur. Rötum ekki inn í Íslendingafljótið. Vöðslum og dröslum þar á grynningum til kl. 5. e.m. Hallur og Tómas fara í land og skilja mig eftir í bátnum einsamla úti á vatninu. Bý eg þar um mig sem eg best gat og ligg þar úti um nóttina í slæmu veðri og skruggugangi. Það var *leiðinleg nótt*.

12. Kl. 11 komu menn að vitja um bátinn og mig, var það Tómas loks aptur kominn, og með honum Þorgrímur Jónsson á Akri og Lárus Th. Björnsson á Fljótsbakka. Á Akri lentum við bátnum. Bið eg Þorgrím fyrir farangur minn. Rigning var mikil og rok um daginn.

13. Var eg um kyrt á Akri.

14. Fór eg, Tómas og Þorgr. upp fyrir Fögruvelli í landaskoðunarferð.

15. og 16. erum við um kyrt á Akri.

17. Leggjum við aptur á stað til Wpeg. S.W. vindur. Kl. 8 e.m. fórum við ofan fljótið og láum (3) úti undir heystakk um nóttina, þá var frost. Ferðaðist þá á Tómasar kostnað, hann vantaði mann en þurfti til Winnipeg.

18. *S.d.* Úr Fljótsósnum kl. 6 f.m., og siglum þaðan á 11 tímum uppí Rauðárósa og kl. 9^{1/2} e.m. lendum við snöggvast fyrir ofan Netli lækinn, mótvindi og *svarta myrkur* og komum til Selkirk kl. 4 um morgunin þann 19da (fengum við þrumur og rigningu um nóttina).

19. Kl. 7^{1/2} f.m. frá Selkirk með lestinni (95 c var þá „ticket“ til Wpeg) og eftir 2 tíma ferð komum við til Tómasar fólksins. Varð eg næstu nótt á 12 Colony Str. Liggur þar fyrir mér bréf frá Bergþóri Jónssyni frá Garði, dags. 11. sept. í Souris City, Man.

20. Fer eg kl. 4 e.m. til Selkirk á leið til Nýja Ísl. frá Wpeg. með Emigrantahóp. Jón Júlíus var agent fólksins frá Wpeg, fekk það *fría* ferð þaðan til Gimli, og eg líka, á gufubát.

21. 22. 23. Um kyrt í Selkirk.

24. Kl. 3 e.m. frá Selkirk og komum ofan Ósana kl. 7 e.m.

25. *S.d.* Úr Ósunum (Rauðár) kl. 7^{1/2} f.m. (bátur Tómasar var aptan í). Komum

að Gimli kl. 11¹/₂ f.m. – Lögðum við Tómas strax af stað á bát hans, með Páli Jóhannessyni sem fór með okkur 17. þ.m. til Wpeg. og komum að Akri kl. 11¹/₂ e.m. (um nóttina). – Fer eg inn í Akurs-húsið, fleigi mér þar út af og sofna strax því eg var búinn að vaka í 5 dægur samfleitt.

26. Er eg lasinn af hósta, höfuðverk og kvefi af missvefni, útilegum og illum aðbúnaði, bý samt um dóttur Tómasar og ber sumt inn í hús eptir að hafa tekið inn meðöl hjá Þorgrími.

27. Kl. 8 f.m. kemur Tómas til mín, vill fá mig til að fara með sér á bátnum suður að Eyrarbakka að sækja 3ja. Geri eg það þó eg enn sé lasinn, leggjum strax af stað, því eg býst við hann launi mér vel þessa miklu snúninga fyrir hann. Komum við suður á Eyrarbakka kl. 2¹/₄ e.m. Förum strax til baka, eptir að hafa tekið dótið og komumst í myrkri í Fljótsósinn, lágum þar úti um nóttina í góðu veðri. Svaf eg þá vel.

28. Kl. 5¹/₂ f.m. upp Fljótið og kómum að Akri kl. 11¹/₂ f.m. Segir Þorgr. mér þá að eg (hefði) fengið *smíðavinnu* á Grund alt að ¹/₂ mánuði, en kaupið sé lítið. Þygg eg það og þakka fyrir. Seinni partdagsins fer eg ofan að Grund, talast þá til eg smíði hjá honum.

29. Um hádegið fer Tómas með mig, og dóttur mitt að Grund. Byrja að smíða kl. 3¹/₂ e.m.

30. Smíða allan daginn.

1. okt. Smíða til kl. 4¹/₄, þá varð ófært af rigningu. *Hugleiðingar*: Hefði eg verið heima í dag mundi eg hafa, eins og fyrirfarandi, verið orðinn *Barnaskólakennari Akurnesinga*, því í dag er skólinn þar settur. Hver er kennarinn? Hamingjan má ráða hvert eg hefi betra af mér hér eða heima. En hingað til hefur Guð mér hjálpað og hér eptir mun hann vissulega hjálpa mér. Ekki get eg gert að því þó mér hálfleiðist.

2. *S.d.* Meiripart dags einn heima á Grund, frost. Lagfæri föt mín, óvanur að þjóna mér sjálfur, leiðist talsvert.

3. 4. 5. 6. 7. 8. Smíða alla þessa viku.

9. *S.d.* Sæki föt mín að Akri, sem eg skildi þar eptir. Bæti sjálfur föt mín heima (= á Grund.).

10. 11. 12. 13. 14. 15. Smíða alla þessa viku.

16. *S.d.* Messar síra Magnús hér við Fljótið, um 80 manns við messu. Lítið tekid í þann strenginn af bændum þegar síra Magn. fór fram á að uppræða ungdóminn, sér í lagi í því *verslega*. Lítið rætt sunnudagaskóla málið, og virtist mér einhver andlegur dofi yfir þessum kirkjusöfnuði. – Ræða prestsins var dágóð.

17. 18. 19. Smíða. 19da kalsaveðr og snjókrapi af N. og frost talsvert 20sta (smíða fjósið þ. 19da).

20. 21. 22. Smíða. Jónas á Bjarkalóni vill taka mig til að smíða hjá sér, sagði hann þ. 22an.

23. S.d. (1. í vetri). Hvass, kafaldsfjúk. – Fer eg upp að Akri með Jóhanni (Briem). *Skrifa* Kristjáni Símonarsyni á Akri á Akranesi, landslýsingu, um fénað og jarðrækt.

24. 25. 26. Smíða, og sömuleiðis 27. 28. 29. Var þessa síðustu daga kalsaveður og frost talsvert.

30. S.d. Gott veður og frostlaust í dag. *Þenna dag drukknuðu bræður mínir 4 í fyrra*. Eg fer til messu.

31. Smíða. – Og sömul. 1. Nóv.

2. nóvember smíða eg til kl. 2 e.m. Þá var safnaðarfundur, og á honum var eg ráðinn *sunnudagaskólakennari* að Möðruvöllum og Flóvent með mér, var þá talað um að fá mig fyrir *daglegann* kennara í vetur og til þess safnað í loforðum um \$30.00 (= 6 vikur?).

3. 4. 5. smíða.

6. S.d. Byrja sunnudagaskóla á Möðruvöllum með Flóvent, 16 börn eða unglingar (= 8 pílta, 8 stúlkur). Eg kenni: kver og bifl.sögur, *Flóvent*: lestur. Gott veður.

7. 8. 9. Smíða, nema stundir úr 2 dögum að eg sókti hey og eldivið með Jóh. Briem. Snjófól komið.

10. 11. 12. Smíða. 11. Smíða líkkistu utan um barn. Jóh. Briem segist ekki (12ta) vilja tala við mig neitt um dvöl eða kaup fyr en húsið er fokheldt.

13. S.d. Messað. Auð jörð. 12 börn í s.d. skólanum. – *Páll á Húsabakka* vill fá mig til að smíða. – Villist út í skóg, kemst þá að Unalandi. – *Skrifa* B. L. Baldw. þ. 15da, með Flóvent, sem fer þ. 17da.

14. 15. 16. Smíða. Fólk að koma frá Wpeg og víðar úr sumarvinnu. Snjóar 16da, bilur síðastl. nótt.

17. 18. 19. Smíða. Snjór kominn, um 4 þuml.

19. *Flutti* síra *Magnús J. Skaptason* í nýja húsið. Þá um kvöldið kom Guðni Þorsteinsson og var hér á Grund um nóttina hjá Jóh. Briem. Jóh. Briem var þá oddviti Gimlisveitar, sem þá var nýstofnuð, en Guðni Þorsteinsson var skrifari. Þá var Þorgr. Jónsson á Akri sveitarráðsmaður o.fl. Þetta voru *fyrstu* embættismenn sveitarinnar og stofnsettu sveitarráðið.

20sta. S.d. Kenni 12 börnum einn.

21. 22. 23. 24. 25. Smíða. Frost hörð (18–24° R. Eg hafði hitamælirinn með frá Íslandi).

26. Var frostið 24° R. kl. 8. um kvöldið.

27. S.d. Kenni einn 11 börnum. Frostið við rúmið mitt var 18° R. kl. 8 í morgun. Flóvent kom frá Selkirk (fór héðan 17da þ.m.). Nú eru kaldir dagar. Þurfa menn að vera vel útbúnir um hendur, fætur og höfuð nótt og dag, eigi maður ekki að skemmast, nokkrir vaka um nætur að kinda ofna og þó frís mjög í húsunum. Eg er nú að smíða gang *úti* á milli húsanna. (19.-21. var *Guðni* Þorsteinsson hér um kyrt

og litlu seinna kom *Jóhannes* sonur síra Helga, hér og var eina nótt (var sveitarráðsmaður).

28. 29. 30. Smíða. [30sta er nær frostlaust, um kvöldið. Eg tók inn mælir minn þ. 27da, hann tók ekki nema 30° R., en það urðu 70° í Farenheit þá nótt]. Þann 1. Des. fæ eg hjá Jóh. Briem *tóbaksplötur* fyrir 5 cents. 28. nóv. kom yfirfrakki minn, sem eg skildi eptir í Wpeg.

1. 2. 3. des. Smíða. 2. des. sagðist Jóh. Briem hafa ætlað að láta uxa-verð ganga upp í kaup mitt við húsasmíðið og lofaði hann að láta mig hafa 50c og fæði á dag eins og þá sem smíðuðu húsið (stærra). Býðst hann til að skaffa mér kost á meðan eg kenni í daglega skólanum og hvetur mig til að setjast að á Lundi (bæjarstæðinu). Þessa viku væg frost. 3ja er æfing á leiknum „Skuggasveinn“. Gunnst. Eyjólfssson í Unalandi, stóð fyrir því.

4. S.d. *Skrifa Margréti heim*, um hvað hún skuli hafa með sér vestur, og hvernig haga sér þegar til Wpeg kemur, sé eg þar ekki fyrir. Kenni 11 börnum með Flóvent. Hvass. *Skrifa* Jónasi Erlendssyni á Teigakoti, ferðasögu frá 7. sept. til 25. s.m.

5. 6. 7. Smíða. Kosið í sveitarstjórnina þ. 6ta þ.m. en þ. 7da var Skugga Sveins-æfing.

8. 9. 10. Smíða. Þ. 10. byrja eg ekki fyrr en kl. 10. f.m. því Jóh. var ekki búinn að taka neitt til, hætti kl. 4¹/₂ e.m. Þá æfður Skuggasveinn til kl. 11 um kvöldið, eg tel það með vinnutíma. Frost talsvert þessa daga.

11. S. d. Kenni einn 11 börnum. Hvass, frost nokkurt.

12. Smíða. Fæ 5c tóbaksplötu hjá Jóh. Briem.

13. Smíða. Fæ bréf frá Íslandi:

1. frá *Margréti*, dags. 14. og 15. okt., 4 arkir.

2. „ *Guðm. í Lambhúsum*, 16. okt., 1 ör.

3. „ *Margréti* (P. skr. þar á) 17. okt.

4. „ *síra Þorv. Böðvarss.* 6. okt.

5. „ *Guðm. Erlindss.* Garðl.st., 5. okt.

6. „ *Vilhjálm* bróðir, 17. okt.

7. „ *Vilhjálm* bróðir, 18. sept., 2 arkir

8. „ *Margréti*, 14. sept., 2 arkir,

og úr Winnipeg:

9. „ *Baldv. Einarss.* 27. nóv.

10. „ *Guðr. Bergsteinsd.* 26. nóv.

11. „ *Bergþór Jónsson* í Souris (Brandon) Man.

14. 15. 16. 17. Smíða. Þessa viku gott veður, frost lint. Æfður Skugga Sveinn þann 17da.

18. S. d. Kenni einn 11 börnum. (19da Des. gisti hér Bjarni, systurson síra Jóns Bjarnasonar, með Gísla Jónssyni, og sagði Bjarni mér að vanalegt kaup manna hér væri 75c og fæði um daginn og 10 tíma vinna, við smíðar (sbr. Jón Sveinsson)).

19. Smíða. Frost 20° R. – Skugga Sveins æfing.

20. „*Skuggasveinn*“ leikinn, 55 áhorfendur (= 45 + 10). Leikurinn úti kl. 1 um nóttina. Smíða ekki í dag.

21. Frost 26° R. kl. 8 í morgun. Smíða ekki í dag. Spila og drekk með Jóh. Briem og síra Magnúsi.

22. 23. 24. Smíða. Þessa daga vægara frost (um 15°). Á aðfangadagskvöld (24ða) var kvöldsöngur og jólatré á Lóni. Héldu þar ræður: síra Magn. Þorst. (Borgfjörð) á Strönd og Stefán H. Benediktsson. Komum við heim (að Grund) kl. 11^{1/2} e.m. og fórum þá að drekka „Cognac-totty“, var þá gott veður og tungsljós.

25. *S.d. Jóladaður*. Eg var við messu á Lóni, og skora á *skólanefndina* að eiga fund með mér til að semja um kennslu og kaup. *Gunnst.* póstm. biður mig hjálpa sér á morgun við skrifstörf. Spila um kvöldið.

26. Skrifa „Jeppi“ – leikritið fyrir Gunnstein, og sem við skólanefndina um að byrja kennsluna í miðjum jan. 1888 o.þ.h.

27. Smíða. Geri við sleða handa síra Magnúsi. Stefan B. biður mér heim til sín (að Skógargarði?).

28. Smíða sleðann í 3^{1/2} tíma. Kl. 1. e.m. geng eg til Sigvalda og Sigfúsar og fæ almanak. *Skrifa Vilhjálmi* bróðir um húsabyggingu og vinnukvennakaup og jóla-skemmtanir og það sem hann spyr mig um. *Skrifa* Guðmundi í Lambhúsum um að senda mér barn, helst Tótu Finnsdóttur. Frost 82° F.

29. Fer eg upp að Akri og skoða skólahúsið, tilvonandi, meirihluta dagsins. Öll sú skóla hugmynd varð að engu fyrir áhugaleysi bænda og ósamkomulag þeirra.

30. Fer að Fljótsbakka og til Stefáns gamla með Lárusi Th. Björnssyni.

31. Vinn við að stoppa „sophæ“. Drekk „Cognac“ heima (á Grund) og spila um kvöldið hjá Þorst. (Borgfjörð) á Strönd, og afgjörum um uxa-kaup. Eg kem heim um nóttina kl. 3. Skrifa Margréti um hvað hún skuli fara með, um ungling, og svara upp á bréfin hennar. Skrifa Guðmundi í Jarðlangsstöðum svör upp á spurningar í bréfi hans, þó þær væru fávíslegar.

Þarna endar dagbókin fyrir 1887. Þetta er skrifað upp úr lítilli vasabók þann 20. Dec. 1910 á Bjarmalandi, Hnausa P.O. Man.

af

O. G. Akraness.

Þetta ár var fyrst löggilt *sveitarráð* í Nýjaíslandi undir nafninu: „Municipality of Gimli“, fyrsti oddviti var Jóhann Briem, en skrifari og féhirðir Guðni Thorsteins-son, meðráðendur voru Thorgr. Jónsson, Icel. R., Jóhannes Helgason, Hecla P.O., Kristján Kjærnested Húsavík og Sigurður Sigurbj. Árnesi (eða Gísli Jónsson []hóli).

Sunnudagur 1. janúar. Fer eg upp að Akri með Jóh. Briem og Páli á Húsabakka. Kem að Lóni til Jónasar. Spila þar þúkk þt stöbl. Og síðan „piket“ við Jóhann Briem til kl. 3 um nóttina.

2. *Betrekki* svefnkamersið með lérepti daginn og kvöldið.

3. *Betrekki* frá kl. 10 f.m. til kl. 4^{1/2} e.m. Fer þá að Lundi og skrifa bréf til Ísl. fyrir Pál Sigfússon. Gott veður.

4. *Betrekki* frá kl. 9^{1/2} f.m. til kl. 4^{1/2} e.m., gott veður, lint frost.

5. *Betrekki* frá kl. 10 f.m. Smíða seinnipart dagsins og kvöldið. Þorst. á Strönd kom. Snjócoma mikil um kvöldið. Lítið frost. Þykkt lopt, sem er sjaldgæft.

6. *Betrekki* frá kl. 10 f.m. til kl. 4^{1/2} e.m. og kvöldið. Þórunn á Hóli kemur (þrettáandi). Kom Rafn og afgjörist með kaup á kofa, hans 12 doll. söluverð á að borga þegar Flóv. kemur að hálfu leyti, en „hinn helfingurinn þegar eg á hæggra með“.

7. *Líni á album*, geri við saumavél. Þessa viku „sígandi frost“ um 16-20° R.

8. *S.d.* Spila. Þegar eg bað Jóh. Briem láta mig fá 6 dollara til að borga í kofan-um gefur hann lítið út á það.

9. *Betrekki* loptið frá kl. 10-4^{3/4} e.m. Geng um kvöldið ofan að Strönd til Þorst. Magnússonar sem þá var veikur. Jóhann lofar að borga Rafni 6 doll. fyrir mig gegn-um Friðstein.

10. *Smíða* frá kl. 9 f.m. til kl. 4^{1/2} e.m. Þorst. veikari, sent til Þorgríms. Mjög mikið frost.

11. *Mála* vaskaborð, lista, stiga m.m. um daginn frá kl. 10 f.m. og um kvöldið. Magn. finnur Þorgr. f. Þorst.

12. *Smíða* frá kl. 10.-4^{1/2} e.m. Mikið frost. Get ekki sofið uppi í 15° frosti á R. Skafbilur.

13. *Smíða* frá kl. 9-4^{1/2} e.m. og laga loptið í prestshúsinu. Skrifa Sigurði Friðfinnssyni á Fagradal um sunnudagaskólaskýrslu.

14. *Smíða* frá kl. 9^{1/2}-4^{1/2} e.m. Flóvent kom frá Selkirk. Alla þessa viku hefur verið hardt veður af frosti, snjó og vindi, frá 60-80° Farenh.

15. *S.d.* fer að Skriðulandi og er þar um daginn frost mikið. *Sunnud. skólabörn-in* komu ekki fyr en við Flóvent vorum farnir kl. 11^{1/2} f.m.

16. *Smíða* frá kl. 9^{1/2}-5 e.m. *Fæ bréf frá Sig.* Friðfinnss. um sunnudagaskóla skýrslu dags. 14. þ.m. Sendi það til Stefáns Bened. Ási og skr. að fundur okkar verði á fimmtudaginn 19. þ.m. Í dag gott veður. Nú fóru menn austur yfir Winnip.vatn í vinnu.

17. *Smíða* frá kl. 10-5, e.m. *Kvennfél.* biður mig fara fyrir sig til Winnipeg, læra á *prjónavél*, kaupa hana, koma með hana, og lofar að kaupa svo af mér vinnuna, annað hvert fyrir víst verð fyrir hvað eina eða taka mig uppá daglaun á eptir og lofar að sjá um að eg hafi nóg að prjóna fyrir félagið. Vilji eg vera laus við vélinu og þenna starfa, þá er eg skyldugur að kenna að nota hana. Fari eg þessa ferð þá þarf eg að:

1. Biðja síra Magn. fyrir að mæta á sunnudagakennara fundinn.
2. Biðja Jóh. Brím fyrir Rafnsborgunina fyrir húsið.
3. Taka með mér peningana, orðabækurnar, garnið, fatnað. Taka saman dót mitt hér í herberginu og smíðatólin.

18. a. Biðja Eyjólf Eyjólfsson mjólkursölumann að koma ofninum, sem Sigfús Pjeturss. pantaði hjá honum, og borgaði með 17-18 ₣ af smjöri (á 20 cent) – til Árna Friðfinnssonar. – Hvernig standa reikn.? Hvað kostar ofnin No. 22-24. brúk-aður?

b. Ráða Sigurl. í vist. Um hvert leyti? Hvernig tíma mán.?

c. Bréf til A. Friðf. (síra Jóns), (post card í Breiðuvík).

Tek á móti 29 doll. og ávísun uppá 25 doll. = 54 til að kaupa prjónavél o.s.frv. Lána Jónasi á Bjarkalóni „brennigler“.

19. Kl. 7 f.m. frá Lundi með Sigv. pósti (eptir að búið var að sækja Destopsy til Tybs.) Að Gimli kl. 7 e.m. Á leiðinni fældust hestarnir og brutu útreiðsluna svo eg varð að bæta hana með spítu úr skógnum. *Útilátíð* hjá Stefáni 15 cent.

20. Frá Gimli kl. 7. f.m., í Selkirk kl. 8 e.m. Á þeirri leið fældist „tímið“ fleiri skipti og einu sinni varð eg að fleyja mér út úr því til að forðast búinn bana og urð-um við að ganga um 3 mílur frá „kvíslinni“ upp undir spítalann. Taumar og höfuð-leður slitnaði. *Útilátíð* 50 cents.

[Vantar blaðsíðu í handritið]

[24] kl. 2^{1/2} e.m. Adressa hans er: Mr. Wimperis 26 Gertic Str. near Central School. Þar er eg minn kennslutíma og þá borga eg honum \$20.00 = 1/2 af maskínuverðinu og ljær hann mér hana heim og keirir með mig á Alexander st. 148, því þangað flutti eg mig frá Stefáni húsrúms vegna og borgaði Stefáni fyrir 2 daga og 2 nætur \$1.00 eins og hann setti upp. Á morgun kl. 2^{1/2} e.m. tími á Main St. 532. *Hún* kenndi.

25. Fer í minn „tíma“ kl. 2^{1/2} og er til kl. 5 e.m. *Hann* kenndi, á morgun á eg að koma kl. 4^{1/2} e.m. *Út* 10 cents. Í „Boardings“ húsinu er konan íslenzk, húsbóndinn enskur, og einn maður franskur!!!

26. Fer í minn tíma 4^{1/2} e.m. Mrs. Wimperis kenndi sjálf. Kem á morgun kl. 2^{1/2} e.m.

27. Fer í tímamann kl. 2^{1/2} e.m. *Hún* kenndi. Eg skipti um maskínurnar, tek No. 60-30 í staðinn fyrir 56-28 og færir mér hana heim og tekur hina aptur til sín. Eg borga hina eptirstandandi 20 dollars, tek kvittun í tíma á morgun kl. 2^{1/2}. Gott veður.

28. Fer í minn tíma kl. 2^{1/2}. Finn Baldvin og Hjört. Gott veður. *Út* 25 cents.

29. *S.d. Frostlaus* hérum bil og bráðnaði snjór og klaki af gluggum móti sólinni.

30. Kl. 2^{1/2} í kennslutímanum. Sama góðviðrið, lasinn, til læknis [].

31. Sama blíðviðrið. Ég lasinn. *Borga kostinn* til kl. 4 e.m. = fyrir 1 viku. *Skr. Villa.*

1. febr. Sama blíðviðrið. *Skr. Villa og Margréti.*
2. Sama blíðan. *Út 5 cent* undir bréf, *út 5 cent* fyrir umslag. Sama blíðan, snjó-ar. Skrifu *Andrésí Fjeldsted* um skinn. *Skr. Baldv.*
4. Í dag á eg að borga 4.95 fyrir kostinn til kl. 4 e.m. *S.d.* Frost nokurt. *Út* kostpeningar 4.95 dollars. Fer á stationina kl. 3 e.m. *Út* 90 cent fyrir ferð til West Selkirk frá Winnipeg kl. 4.35 e.m. kom til West Selkirk kl. 6.10 e.m. og er um nóttina hjá Ólafi Norðdal.
5. *Út* fyrir gistinguna 35 cent. Af stað með Sigvalda póst frá Selkirk kl. 8 f.m. *Út* hjá Haffbrak 25 cents [] (þetta er 19di dagr síðan eg fór frá Íslendingafljóti) [] að [] til Bened. Kl. 7.³/₄ e.m. Frost hardt 24°R.
6. *Út* hjá Benedikt 35 cents, út hjá Rögnv. Mari 10 cents. Frost hardt, til Stef-áns á Víðivöllum kl. 6.³/₄ e.m. Þar var Flóvent og við um nótt.
7. Frá Víðivöllum kl. 8¹/₄ f.m. *Út* 35 cents. Frost svo mjög að eg varð að passa að mig ekki kyli á andlitinu. Að Grund kem eg kl. 3¹/₂ e.m. *Út tí!* Sigvalda 50 cents.
8. Fer upp að Fljótsbakka og Lóni. Engin ráðstöfun gjörð vélinni viðvíkjandi.
9. Set saman vélina og æfi mig.
10. Safnaðarfundur. Eg kosinn til skrifara. Þar var eg beðinn að halda áfram sunnud.skóla en eg afsagði það, þar eg sá eg hafði ekki nema skaða af því þegar ekkert var kaup, en engin framkvæmd með daglega skólann.
11. Fer og með Þorst. á Strönd upp að Fögruvöllum til að skoða lönd ónumin. Veður er gott. Bj. á Fögruvöllum lætur mér eptir skilmálaust land það sem hann var búinn að ætla sér að taka sem er:

Township 22
 Section 21.
 Range 3. E.
 W ¹/₂ af W ¹/₂ = vesturjaðar.
 33 River Lot að vestan.

Þorst. tók lotið á austurjaðar af Section 17
 Township 22. R.3.E.
 34 fljótslot að austan.

Um nóttina vorum við hjá Sigurði Norðdal í Norðtungu.

20. Fer frá Grund kl. 9¹/₂ f.m. með Þorst. og Tómasi. Fer frá Akri kl. 1 e.m. Komum að Fögruvöllum um kvöldið og erum þar um nóttina 5 aðkomandi. Gott veður.

21. *Byrja að vinna* á loti mínu með því að leggja undirstöður að húsi: 10 fet lengd og 10 breidd. Þorst. á Strönd (Borgfirðingr) vann með mér. Eg fæ kost hjá Jóni á Fögruvöll. Gott veður. Vinn frá kl. 9–5.

22. Held áfram byggingunni Þorst. á Strönd vinnur með mér og er hálfslasin. ágætt veður. Eg fæ kost hjá Jóni á Fögruvöllum.

23. Held áfram byggingunni. Þorst. á Strönd var hjá mér mjög lasinn, (þoldi ekki almennil. vinnu). Eg fæ kost hjá Jóni á Fögruvöllum veður blíða og sólbráð.

24. Eg vinn 1 dag hjá Þorst. á Strönd á hans loti að fella húsaveið allan daginn í hvassviðri og frosthörku. Fæ kost hjá Jóni á Fögruvöllum.

25. Eg vinn hjá Jóni Sveinssyni við fjósbyggingu $\frac{1}{2}$ dag rúmann í hvassviðri og miklu frosti. Eg fæ kost hjá Jóni á Fögruvöllum. Fer frá Fögruvöllum kl. 4 e.m., kem að Grund kl. 8 e.m.

26. S.d. Veður nokkru skárra. Læt klippa mig í fyrsta skipti í Ameríku.

27. Fundur bræðrasafnaðar haldinn að Bjarkalóni. Eg kosinn skrifari. Þá var kosið safnaðarráð: St. á Ási formaðr, Friðsteinn skrifari, Þorgrímur féhirðir. Djáknar urðu Lárus, Antonius, Þorst. á Fljótshlíð. Á þeim fundi lét eg meiningu mína fullkomi. í ljósi um fél.skapinn (dugði). Frost og fannkoma, slæmt veður. Jóh. pr. gefur mér „card“-spjald.

28. Skrifa upp leikrit fyrir Jóh. Briem (eða réttara) konu hans, allan daginn. Leikið í Breiðuvíkinni. Sama veðurlag. Tóm. Akri kom.

29. Skrifa upp leikritið til kl. 3. e.m. Þá fer eg að rífa innan úr húsinu sem eg keypti af Rafn. Geng ofan að Strönd. Stefán Jónsson snikkari kom til að halda fundi. Útgefur fundarboð. Hardt veður.

1. Marz. Klára að rífa innan úr kofanum. Frost og bylur (Stefán kyrr).

2. Fundur Stefáns. Slæmt veður fyrripart dags. Félag myndaðist ekki. Eg lána Þorsteini á Strönd $\frac{1}{4}$ ₣ netagarn 20 c.

3. Ríð sjálfur net. Ríf kofan að öllu, nema læt grindina standa og gólfíð. Jóhann hjálpaði mér til miðpartinn út deginum. Gott veður.

4. S. d. Útbý á 3 uxa við úr kofanum, sem fer uppeptir á morgun verði gott veður, sem í dag. (Út 5 cent fyrir tóbak).

5. Eg og Jóh. Briem fórum með 3 „uxalót“ af kofa-viðnum af stað. Skiljum eptir talsverð af þakborðum hjá Halldórstöðum, en komum 2 lötum upp á fljótin. 1 komst upp að Fljótshlíð. Jóhann fer heim um kvöldið.

6. Eyjólfur á Eyjólfstöðum lánar mér uxa til að koma öllum viðnum upp að kofa mínum (eg fæ dinner með frá J. Pjeturss.). Eg er búinn að flytja allt kl. 5 $\frac{1}{2}$ e.m. á Fögruv. um nóttina.

7. Vinn 1 dag hjá Jóni Sveinss.

8. Vinn 1 dag hjá Jóni Sveinss. Í dag er Lot mitt sett á matsskrá (ásamt J. Sv., Gests. o.fl.) virdt 400 dollars. (Snjókom). Þorst. M. Borgfjörð fluttist með konu, börnum og dóti sínu að Fögruvöllum.

9. Jón Sveinsson lánar mér mann í vinnu 1 dag. Jón Bjarnason hjálpar mér um kort hans mér og manninn.

10. Kl. 12 fer eg frá Fögruvöllum í slæmri færð, en í góðu veðri. Að Grund um kvöldið. Lána Tómasi Bjarnasyni á Akri $\frac{1}{2}$ ₣ netagarn fr. 40 cent.

11. S.d. Hlíði messu að Lóni. Gunnst. biður mig stjórna leiknum „Jeppe“, eg lofa því ef eg get.

12. Kl. 10¹/₂ f.m. stýri eg „Jeppe“ æfingu. *Út 10 cent* fyrir tóbak. Byrja að smíða spjaldið „Grund“. Gott veður (Andres kom).

13. Lýk við spjaldið. Andres pantar vaskaborð fyrir 1. sumardag. og „sófa“ síðar. „Jeppe“ leikinn, eg stýri leikum. Gott veðr. Þá var afmælisdagur Stefaníu Lárusard. Fljótsbakka. „Leikurinn“ var frá kl. 8–12¹/₂. Frostlaust, hvasst.

14. *Smíða* sleðasköft, geri við sleðatöng sem Hallur fékk með Flóvent. *Skrifa Mrs. J. Merrill* (sokkar).

15. *Smíða* lampafót.

16. *Smíða* klukkukassa. Síra Magn. pantar hjá mér bæjarnafnið: „Hnausar“. Jóh. Briem biður mig innfæra gl. fundargjörðir. *Skrifa* inn fundargjörðir gl.

17. *Skrifa* inn 18 fundargjörninga og fer á safn. fund (ónýtan) að Lóni. Gott veður. Ríf niður Rafnskofagrindina.

18. *S.d.* *Skrifa* formála fyrir fundarbókina. Stefán á Ási segir af sér og sig með konu úr „Br. söfnuði“. Fer að Akri. Hvasst, hiti, sólbráð.

19. *Fæ bréf í dag frá Margr. og Kr. á Akri.* Stefán á Ási tekur aptur afsagnarbréf sitt!! Eg bý mig til ferðar og má því ekki vera að þygga heimboðið til St. á Ási. Fer upp að Fljótsbakka og tala við Lárus um *prjónavélina*.

20. *Frá Grund* með Jóh. Br. og 2 uxalót (bæði viður, rúm og koffort). Skil eptir í Hlíð: *rúmið*, koffortin stærri, 100 ₣ hveiti). Fæ 6 smábraud hjá Jóh. og ögn af „tei“. Slæmt veður = bilur. *Vinn mér 1/2 dag*, um kvöldið að *Fögruvöllum*.

21. *Vinn mér 1 dag*, fæ lítillfjörlegann mat hjá *J. á Fögruvöllum*. Moldbilur og 80-90° frost. Far.

22. *Vinn mér 1 dag.* Fæ kost hjá *J. Sveinssyni*. Ágætt veður.

23. *Vinn mér 1 dag.* Fæ kost hjá *sama*. Ágætt veður.

24. *Vinn mér 1 dag.* Fæ kost hjá *sama*. Ágætt veður. Lík við að leggja þak og þil fyrir hús mitt.

25. *S.d. Skr. Margr.* um sölu á búinu og um hvað hún skuli hafa með sér o. s. frv. og sendi bréfið með Jóhannesi Norðdal. *Skrifa* bréfið staddur í Hlíð. Andr. á Sólheimum biður mig smíða fyrir sig „sófa“ og „vaskaborð“.

26. *Vinn 1 dag* Jóni Sveinssyni.

27. *Sömuleiðis*.

28. *Sömuleiðis*.

29. *Sömuleiðis* (Skírdagur).

} 6 daga vinna hjá Jóni Sveinss.

30. *Sömuleiðis* (Föstudagur langi).

31. *Sömuleiðis*.

XII. Jóhannes Ásgeir Líndal – Dagbók 1891



Jóhannes Ásgeir Líndal.

Jóhannes Ásgeir Jónatansson Líndal fæddist 22. ágúst 1860 í Miðhópi í Vestur-Húnavatnssýslu, sonur Jónatans Jósafatssonar og Kristínar Kristmundsdóttur. Hann nam við Búnaðarskólann á Hólum veturinn 1883-1884 og í Ólafsdal næsta vetur á eftir. Þegar námi lauk vann Ásgeir við jarðræktarstörf fyrir Búnaðarfélag Sveinsstaðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu. Árið 1887 flutti Ásgeir vestur um haf, fyrst til Norður-Dakóta, en svo til Kanada. Þar bjó hann fyrst um sinn í Calgary í Alberta en fluttist síðar til Bresku-Kólumbíu þar sem hann lést 1. ágúst 1923. Ásgeir kvæntist Steinunni Jónsdóttur árið 1903 og eignuðust þau tvo syni.¹ Systkini hans, Jakob Líndal og Gunn Jónatansdóttir, höfðu verið í hópi fyrstu vesturfarana árið 1873 og

1 Játvarður Jökull Júlíusson, *Nemendatal Ólafsdalsskóla 1880-1907* (Reykjavík, 1986), bls. ix-x.

bróðir þeirra, Jónatan Líndal, flutti vestur sama ár og í sömu ferð og Ásgeir, með Camoens frá Reykjavík sumarið 1887.¹

Ásgeir Líndal hélt dagbækur frá því hann var við nám í Búnaðarskólanum í Ólafsdal veturinn 1884-1885 og til æviloka, en hann lést í Victoria 1. ágúst 1923.² Í þetta safn vantar fyrstu tvær bækurnar og einnig dagbækur árána 1887-1889 en á þeim tíma fluttist hann einmitt búferlum til Vesturheims. Varðveittar dagbækur Ásgeirs í Vesturheimi ná frá 1890 til 1903. Þar er um að ræða allítarlega lýsingu á samfélagi Íslendinga í Kanada og Bandaríkjunum, lífsafkomu þeirra og menningar- og félagslífi. Í þessari bók er birt rétt ár úr dagbókum Ásgeirs, frá 1. janúar til 31. desember 1891. Þegar frásögnin hefst er Ásgeir búsettur í Calgary en þaðan flutti hann til Victoria 23. mars. Ásgeir ræðir mest um störf sín og atvinnuleit en hann vann ýmsa tilfallandi verkamannavinnu, m.a. við járnbrautarlagningu, gatnagerð og húsbyggingar. Annað fyrirferðarmikið atriði í dagbókunum er þátttaka Ásgeirs í þjóðmála- og menningarmálaumræðu meðal Íslendinga vestanhafs, en hún einkenndist mjög af deilum og flokkadráttum ýmiss konar.

1 Júníus Kristinsson, *Vesturfaraskrá*, bls. 224 og 228.

2 *Lbs* 4381-4386 8vo – Dagbækur Jóhannesar Ásgeirs Líndal 1885-1886 og 1890-1903.

1891

1. janúar. Fimmtudagur = *nýársdagur*. Ágætt veður. Eg gjörði lítið annað en sofa í dag, því eg vakti í alla nótt. Á samkomunni í nótt hjá Sigurjóni, var leikið leikrit, sem kallað var „Galdra-Leifur“. Leikritið er ómerkilegt, en það var leikið allvel. Kaffiveitingar voru og vín.

2. jan. Föstud. Ágætt veður. Eg vann í skurðunum í dag. Eg las „Sam“ með gr. til G.P.

11. vetrarvika 1891

3. janúar. Laugard. Gott veður. Eg vann í skurðunum. Í kvöld las eg „Lögb.“

4. jan. Sunnud. Gott veður. Eg las „Sam.“ Í henni er tuddagrein frá ritstj. til Gests Pálss. Eg var um tíma á lestarfél.fundi hjá Gunnlaugi, lítið var framkvæmt á honum.

5. jan. Mánud. Bæril. veður. Eg vann í skurðunum. „Hkr.“ kom í dag, í henni er *snildarleg* ritgjörð, eða réttara sagt *skáldsaga* eftir hinn alþekktu snilling Gest Pálsson. Fyrirsögnin er „Aðfangadagskvöld í Winnipeg“. „Gleðilegt nýár“ heitir ágæt grein í sama blaði, eftir G.P.

6. jan. Þriðjud. Í nótt gjörði dálítið fól, og fyrripartinn í dag var dálítið fjúk, svo nú er orðið grátt í rót. Eg vann í skurðunum. Á mánud. 5. þ.m. var kosinn bæjarfógeti og bæjarstjórn hér.

7. jan. Miðvikud. Þoka í morgun en birti til kl. 10, og gjörði sólskin. Talsvert frost var í morgun. Eg vann í skurðunum.

8. jan. Fimmtud. Gott veður. Eg vann í skurðunum í allan dag.

9. jan. Föstud. Gott veður. Eg vann í skurðum.

12. vetrarvika. 1891

10. jan. Laugard. Gott veður. Eg vann í skurðunum. Í gær var byrjað á stræti.

11. jan. Sunnud. Gott veður. Eg ritaði skólabróðir mínum *Tryggva Jónassyni* í Victoriu. Lestrarfél.fundur í húsi Bjarna Jónssonar. Um miðja þessa síðastl. viku kom ísl. stúlka til bæjarins.

12. jan. Mánud. Gott veður. Eg vann í skurðunum. „Heimskr.“ kom með gr. eftir E.M.

13. jan. Þriðjud. Bæril. veður. Eg vann í skurðunum. Það mátti annars heita inn-dælt veður í dag.

14. jan. Miðvikud. Norðannofsi og mikið frost og þar af leiðandi mjög kaldur. Eg vann í skurðunum. Nokkrir unnu eigi.

15. jan. Fimmtud. Líkt veður og í gær, en þó miklu kaldari (10. f.n. zero). Eg vann í skurðunum. Í kvöld var öllum skurðamönnunum borgað og sagt upp vinnunni að undanteknum örfáum mönnum, sem eiga að ljúka við það sem eftir er, og eigi tekur meir en 1-2 daga. *Eg hætti að vinna í saurennskurdunum í kvöld.*

16. jan. Föstud. Allra bezta veður. Eg vann ekkert úti við í dag, en eg *ritaði Ing-
unni.*

13. vetrarvika 1891

17. jan. Laugard. Allra bezta veður. Eg vann ekkert í dag það eg tel.

18. jan. Sunnud. Bezta veður. Eg *ritaði* stutta ræðu sem eg ætla mér að flytja á samkomunni annað kvöld hér í húsinu (Um næringarefni).

19. jan. Mánud. Inndælt veður. Eg vann ekki í dag. Lestrarfél. heldur skemmtisamkomu hér í kvöld.

20. jan. Þriðjud. Þíða og blíða og inndælt veður. Eg *gjörði* ekkert úti við. Eg *ritaði* kaupsamning á millum þeirra Indriða og Kristjáns. Í gær fékk eg tvö sendibréf. Skemmtanir á samkomunni er haldin var í nótt voru: Ræðuhöld, upplestur, kvæði flutt og samtal, söngur, dans, hljóðfærasláttur (orgel, fiólin, hamonika) og kaffi. Eg hélt ræðu um næringuna og hvernig hún (næring líkamans) gengur fyrir sig hjá manningum.

21. jan. Miðvikud. Sumarblíða, sólskin og hiti. Eg *gjörði* ekkert nema eg *ritaði* *Ásgeiri frænda mínum og Jóni Stephenson.*

22. jan. Fimmtud. Bezta veður. Eg *gjörði* ekkert í dag. Eg fékk bréf frá Jacob Lín-dal, bróðir, *ritað* frá Bismarck, N.D. *Eg ritaði Jacob í dag*, eg keypti blek og frím. Grímudanz á gamla skautahringnum.

23. jan. Föstud. Allra bezta veður. Eg *gjörði* ekkert í dag nema lesa í bókum. Alauð *jörð* er hér um og blíða á degi hv.

14. vetrarvika 1891

24. jan. Laugard. Bezta veður. Eg og fleiri reyndum að fá vinnu í skurðunum í morgun en fengum eigi. Eg *gjörði* því ekkert í dag, nema lesa. Eg las skáldsögu, dálitla, aftan við ljóðmæli Ólafar Sigurðardóttur, sem „Vorið“ heitir, og „Lögb.“, í því er kvæði eftir vin minn hr. Stephan G. Stephanson, til Björns Péturs-sonar Únitaraprests í Winnipeg. Í dag keypti Sæm. 2 lóðir hér á \$100,00 hverja. *Í kvöld kom Jón Benid.son og Miss Olson hingað.*

25. jan. Sunnud. Gott veður, að vísu var æði mikill stormur og moldryk, en heiðrikt og sólsk. Í dag var haldinn lestrarfél.fundur og kvennfél.fundur í húsi Christinns. Á kvennfél. fundinum (sem karlmenn sátu á í þetta sinn), var rætt um að stofna Good-Templar-deild. Til þess að íhuga málið voru kosin í nefnd: Gísli Þorvarðarson, Mrs. Christinnson og eg. Jón S. Árnason skorðaðist undan kosningu

í nefndina. Inntektir af lestrarfél.samkomunni voru \$13,00, útgjöld \$6,00 til Unu, \$1,00 Imbu, 50 c. G.Th. 70 c. S.J. = \$8,20.

26. jan. Mánudagur. Gott veður. Eg las „Hkr.“ fyrir miðdaginn, en vann eftirm. í skurðunum og var þó talsvert lasinn.

27. jan. Þriðjud. Gott veður. Eg treysti mér eigi í vinnu í morgun fyrir veikindum innanum mig. Eg át ca. ekkert í dag.

28. jan. Miðvikud. Fagurt veður. Eg gat eigi unnið í dag sökum veikinda. Eg nærðist ca. ekkert í dag, eg var svo slæmur. Í gær og í dag las eg „Umhverfis jörðina á 80 dögum“. *Á mánud. kvöldið var eg á nefndarfundum hjá C.C.*

29. jan. Fimmtud. Bæril. veður að því undanteknu að töluvert moldveður (moldryk) var, sem eigi er óvanalegt hér í Calgary. Eg var ofurlítið frískari í dag. Kl. 8 í morgun fór Jón Benediktsson norður í nýl. Með honum fóru: Kristján og bræður hans 2, Sig. Grímsson og Guðm. Thorláksson. Eg ritaði Good-Templars-deildinni „Heklu“. *Í kvöld voru saurrennuskurðirnir kláraðir.*

30. jan. Föstud. Í nótt snjóaði dálítið og í dag að öðru hverju. *Eg ritaði S. E. Sverrisson í Bæ í Strandasýslu á Íslandi. Gim borgaði mér og öðrum í síðasta sinn í dag.*

15. vetrarvika 1891

31. jan. Laugard. Norðan kafaldsslitringur og mikið frost allan daginn. Eg gjörði ekkert úti. Eg las „Hkr.“ er kom í dag aldrei því vant, það er nú farið að gefa hana út á miðvikudögum. Eg las líka „Sam.“, með gr. J.Ó.

1. febr. Sunnud. Heiðskýrt veður og grimdarharka. Mest frost í morgun 36 (eða 39) gráður f.n. zero. Eg las „Lögb.“, spilaði við Reinholt og S.G.S. og J.S.Á. voru hér lengi. Fyrir helgina las eg „Stjórnufræðina“ eftir Björn Jensson kennara við latínusk.

2. febr. Mánud. Allbæril. veður. Eg fékk bréf frá Jacob Línadal bróðir, ritað frá „Legidative Assembly“, Bismarck, N.Dak. Eg las í gömlum skruddum mínum. Eg var lengi að spjalla við Reinholt um tollm.

3. febr. Þriðjud. Gott veður. Eg vann ekkert. Eg og Jósef gengum til Halldórs og stóðum lengi við.

4. febr. Miðvikud. Gott veður. Það þiðnaði bæði í gær og dag dálítið af sólbráð. Eg gjörði við kistu mína, og las í bókum og blöðum. Í gærkvöld tóku þeir: Sigurður, Jón og Mangi hesta-teamið. Eg ritaði Birni Sæmundssyni Otter Tail.

5. febr. Fimmtudag. Gott veður eins og 3 undanfarna daga. Eg vann ekkert. Eg pantaði 3 tylftir af myndapappírspjöldum. (Photographs-cards) fyrir \$2,00. Sig. Jón og Mangi fóru eftir við í morgun suður í skóg með teamið sitt. Í dag er selt úr úr tóbaksbúðinni. Jos. keypti 2 c. kassa.

6. febr. Föstudag. Fremur kalt í dag. Eg vann í dag við að saga við fyrir Dr. Lovingheart, og Joseph líka. Kaup 25 c. á „box-load“.

16. vetrarvika 1891

7. febr. Laugard. Mjög kalt í dag og frostmikið og ofurlítið fjúk annarslagið. Eg vann við það sama og í gær. Eg fékk „Hkr.“ Í henni stendur að Jón Ólafsson sé hættur við ritstjórn „Lögb.“ en Einar tekinn við aftur.

8. febr. Sunnud. Heiðríkt loft og glaðasólskin en talsvert frost. Eg gekk til Manga, Lauga, Jónasar og Christinns, eg fékk „Huld“ til að lesa.

9. febr. Mánud. Fremur kaldur og fjúk að öðru hverju. Eg fékk bréf frá „Business Manager Heimskr.“ Eg las „Huld“ og allt „Lögb.“ Eg gekk til Indriða að tala um axíur o.fl. Eg kom inn til „Salvation Army“.

10. febr. Þriðjud. Töluvert frost. Eg var á gangi fram og aftur um bæinn að hitta business menn og safna auglýsingum fyrir „Heimskringlu“.

11. febr. Miðvikud. Mikið frost. Eg var að vinna fyrir „Hkr.“ í allan dag, að safna aksíum og auglýsingum.

12. febr. Fimmtud. Frost og kuldi og þó dálítill snjór. Eg gjörði það sama og í gær. *Bain & Co. paid me \$2,50.*

13. febr. Föstud. Mikið frost og kuldi. Eg vann við að safna augl. fyrir blaðið „Heimskringlu“. Mr. McLean borgaði mér \$3,00 fyrir 3 þuml. augl. í 1 mánuð og Mr. Wm. Maloney borgaði mér \$5,00 fyrir 2 þuml. augl. í 3 mánuði. Eg, Reinholt Strong, Johnson, Stephenson, Sæmundson & Eymundson vorum að skemmta okkur hjá Mr. Reinholt í kvöld. Eg kom heim kl. 1 f.m. Ofanefndir herrar mæltust til að eg ritaði fréttir héðan og sendi Heimskringlu. Talsverður snjór nú.

17. vetrarvika 1891

14. febr. Laugard. Heiðríkt loft og sólskin og logn. Í dag er gr. eftir Jón Ólafsson í „Hkr.“ til síra Jóns Bjarnasonar. Grein þessi þykir mér ágæt í alla staði. Mr. A. L. Cameron borgaði mér \$1.00 fyrir 1 þuml. augl. í 1 mánuð.

15. febr. Sunnud. Kalt og bjart. Eg gekk til J. Strong og drakk „Toddy“ hjá honum. Eg fékk New-York Tribune hjá bókkaverði. Eg las „Lögb.“.

16. febr. Mánud. Mjög kalt og frostmikið. Eg vann fyrir „Heimskr.“ í dag eins og undanfarna viku. Editor of „The Calgary Herald“ paid me \$2,50 for an advertisement (one inch a 3 m.).

17. febr. Þriðjud. Mjög kalt. *Eg ritaði Þorsteini Þórarinssyni „Business Manager Heimskringlu“.* Eg lánaði Suggie Strong 50 cents.

18. febr. Miðvikud. Gott veður, það hefir eigi komið eins gott veður nú um langan tíma. Eg lét bréfið til Þ.Þ. inná pósthúsið og \$11,10, er eg sendi honum með pósthúsan.

19. febr. Fimmtud. Norðanstormur og hríð. Mjög kaldur. Í gær vann ég $2\frac{3}{4}$ kl.stundir hjá Mr. Jenner við að ausa upp brunn. Kaup 20 c. á kl.st. Eg keyrði með Mr. Reinholt ofan að pumpuhúsi og víðar. Eg hafði bæði vín og cigars frítt hjá honum. Eg spilaði „lomber“ í 2 kl.stundir upp á peninga við Sæmund og Joseph og græddi af þeim \$1,75. Eg og Jós. tókum supper hjá Reinh.

20. febr. Föstud. Norðanhríð og kuldi. Eg og fleiri landar fórum upp á Davis Committee room í Alberta og rituðum nöfn vor í þeim tilgangi að taka borgarabréf.

18. vetrarvika 1891

21. febr. Laugard. Norðankuldi og frost. Eg las „Hkr.“ og „Lögb.“ J. Ól. svarar Sigtr.

22. febr. Sunnud. Grimdarharka og fjúk með pörtum. Eg gjörði ekkert.

23. febr. Mánud. Kaffþykkur og hríð og kuldi. Eg gjörði ofboð lítið í dag. Eg spilaði hjá Reinholt til kl. 1 í nótt.

24. febr. Þriðjud. Fremur kalt veður. Nú er kominn talsveður snjór hér (í Calgary). Eg fékk bréf frá *Business Manager* „Hkr.“ í dag.

25. febr. Miðvikud. Fremur þykkt loft og frostmikið, en engin úrkoma. Eg fékk bréf frá Jóni Stefánssyni, Wpeg. og frá Stephan G. Stephanson, Cash City í gær, og ritaði eg honum í dag og sendi honum „Scrap book“ er kostaði 80 c. etc.

26. febr. Fimtud. Mjög líkt veður og í gær. Eg fann Harris Dominion Observer og borgaði honum \$2,00 fyrir veðurskýrslu yfir árið sem leið hér í Calgary. Eg, Joseph, Bjarni og Björn Björnsson skemmtum oss í kvöld. Í kvöld er skemmtun á skautahringnum.

27. febr. Föstud. Allgott veður, en þó töluvert frost. Eg fékk veðurskýrsluna hjá M. Harris er eg borgaði honum fyrir í gær. Eg ritaði dálítið uppkast af grein (fréttagr.) er eg er að hugsa um að senda blaðinu „Heimskr.“ einhverntíma, etc.

19. vetrarvika 1891

28. febr. Laugard. Með bezta móti veður í dag eftir því sem það hefir verið nú um nokkurn undanfarinn tíma. Eg fékk „Heimskr.“ í dag með „tilkynning“ um að eg væri umboðsmaður fyrir blaðið í Calgary. Jón S. Árnason borgað til mín í dag \$2,00 fyrir 4. árg. „Hkr.“ *Eg fékk bréf frá Ingunni og Ásgeir, Gardar. Þetta er 1. „Hkr.“ bl. með auglýsingum úr Calgary.*

1. marz. Sunnud. Heiðskírt veður og sólskin, en þó mikið frost. Í dag var ársfundur lestrarfélagsins „Fróns“ haldinn í húsi Bjarna Jónssonar. Eg stakk upp á þessum embættismönnum í félagið (og var það samþykkt): Indriða F. Reinholt forseta, Jón S. Árnason ritara, og Gísli Þorvarðarson bókavörð og féhirði.

2. marz. Mánud. Allgott veður en frostmikið. *Í morgunn kl. 8 lögðu af stað vestur til Victoria: Joseph Línal, Loptur Guðm. son (með fjölskyldu) og Árni Magnússon (með fjölskyldu).* Eg ritaði dálítið.

3. marz. Þriðjud. Allbæril. veður, að vísu nokkuð frostmikið, en heiðríkt loft og logn. Eg var lengzt af upp í bæ í dag. Eg og fl. urðum dálítið hressir.

4. marz. Miðvikud. Allgott veð. (Mjög líkt og í gær). *Eg fékk bréf frá Jóni Ólafssyni fyrrverandi ritstjóra „Lögb.“ Vér (eg, Gísli og Lauga) höfðum nefndarfund.*

5. marz. Fimmtud. Gott veður, en nokkuð frostmikið. *Í gær kvöld borgaði Magnús Steinsson mér \$2,00 fyrir 5. árg. „Hkr.“* Í dag fara fram kosningar til sambands þingsins í Canada. Um þingmanns umb. sóttu hér Mr. D.W. Davis og Mr. James Reilly. Hinn fyrnefndi hlaut kosningu. Eg, Gísli, Strong og Chr. skemmtum oss í kvöld. Í gærkvöldi gjörðist eg brezkur borgari.

6. marz. Föstud. Fremur gott veður, þiðnaði af sólbráð. Eg gjörði ofboðlítið í dag. Að vísu ritaði eg dálítið. Nú er öll jörð hér þakin snævi, þó eigi mjög miklum. Gott sleðafæri hefir verið nú um nokkurn undanfarinn tíma.

20. vetrarvika 1891

7. marz. Laugard. Gott veður í dag, þiðnað talsvert af sólbráð. *Í dag ritaði eg fregngrein til „Heimskringlu“,* og sendi hana. (Hún var 14 blaðsíður að lengd.) Nú er allt að fara í bál og brand á milli Gests Pálssonar og Einars Hjörleifssonar (Sbr. bl. er komu í dag). *Jón S. Árnason fór í nótt héðan vestur að Kyrrahafi.* Eg og nokkrir landar vöktum til kl. 5. Trainin kom eigi fyrir en kl. 4.

8. marz. Sunnud. Ágætt veð. um hádaginn. Bindindisfundur hjá Christinn í dag. Í gærkvöldi var lestrarfél.fundur hjá I. F. Reinholt. Eg var fundarritari, því hvorugur skrifarinn vildi snerta á penna. Eg, Reinholt, Jósef St., Sæm. o.fl. skemmtum oss í kv.

9. marz. Mánud. Norðanstórhrið að heita mátti allan daginn. Eg las „Lögb.“

10. marz. Þriðjud. Útlitsljótur og fremur kaldur. Eg hitti ýmissa business menn að máli í dag. Ágústa saumaði í dag ver utan um yfirsængina mína. Eg keypti milliskyrtuefni í dag. Í dag var byrjað á Alberta kjallaranum, engin vinna önnur byrjuð.

11. marz. Miðvikud. Norðaustan stormur og fremur kalt. Eg fékk augl. hjá Mr. John Field. *Óli Benidiktsson fer í nótt héðan suður til N. Dakota. Ég ritaði Jacob.*

12. marz. Fimmtud. Allgott veður. Eg fékk bréf frá Jósef Líndal, Victoria í dag, og ritaði eg honum aftur. *Eg ritaði P.P. „Business Manager“ „Heimskr.“* og sendi honum með póstaðvísan \$10,00 fyrir „Hkr.“ og augl. frá John Field „address“ akuryrkjuverkfærasala í Wpeg, og „address“ Jósefs Líndals.

13. marz. Föstud. Bæril. veður, en þó engin veruleg hlýindi, samt er þetta hlýasti dagurinn sem komið hefir nú um tíma. Eg fór á skautum m.ö.fl. í dag, eftir „Bow River“. Eg seldi Gyðingnum vatnsstígvél o.fl. en í staðin buxur. Í gærkvöldi reið eg yfir til Goodm.

21. vetrarvika 1891

14. marz. Laugard. Gott veður og þiðnaði þónokkuð af sólbráð. Eg las „Hkr.“ Í henni er ágæt ritgjörð, með yfirskrift „*Í sekk og ösku*“. Í „Lögb.“ er ekkert markvert heldur en vant er. Í báðum bl. eru fréttir frá Íslandi.

15. marz. Sunnud. Þykkt loft og fremur kalt. Allt tíðindalaust.

16. marz. Mánud. Þykkt loft og hrakl. engin hlýindi. Eg fékk bréf frá Jóni S.

Árnasyni, Victoria, B.C. og *Stephan G. Stephanson*, Cash City, P.O. Alta, Guðm. Þorláksson, Chr. Johnson og Nonni Benidiktsson komu í dag norðan úr nýlendu. Rignði talsvert seinnipartinn í dag.

17. marz. Þriðjud. Gott veður, þíða og blíða. Eg gjörði ofboð lítið í dag.

18. marz. Miðvikud. Gott veður. Eg fékk bréf frá P.P. *Business Manager* „Hkr.“ *Jósef Stephanson fann mig í dag.*

19. marz. Fimmtud. Bærilegt veður. Eg fékk bréf frá Birni Sæmundssyni, vestan úr Brit. Col. (Lansdowne P.O.).

20. marz. Föstud. Dágott veður, þiðnaði töluvert um miðdaginn.

22. vetrarvika 1891

21. marz. Laugard. Norðangola og fremur kalt. Ekki kom fréttagr. mín í „Hkr.“ í dag. Það snjóaði dálítið í dag.

22. marz. Sundud. Í morgun alhvít jörð af *snjó*, en það tók upp að mestu leyti í dag. Í gær *ritaði eg Þorst. Þórarinnss., Business Manager, „Hkr.“*

23. marz. Mánud. Sólskin og dálítill gola. Í morgun fóru Sig. Jónsson o.fl. norður í nýl. að skoða sig um. *Í kvöld legg eg alfarinn af stað frá Calgary til Victoria, B.C. (og Joseph. Stevenson með mér).*

24. marz. Þriðjud. Ágætt veður, sólskin og blíða. *Eg (og Joseph Stevenson) fór frá Calgary í nótt eð leið, kl. 2³/₄, til Banff. 6³/₄ í morgun, til Palliser kl. 11¹/₄, Donald kl. 12³/₄, Beaver kl. 1²/₃, Glagen kl. 3¹/₂-4. Hér höfðu farþegar dinner, Revel Stoke, kl. 6, Camloop kl. 12. Frá Camloop til Vancouver eru 250 mílur. Ferðin gekk ágætlega.*

25. marz. Miðvikud. Rigningar skúrir að öðru hverju. Jámbrautarlestin fór lengi í dag fram með „Frace River.“ Í morgun kl. 9 kom lestin til North Bend, þar tóku farþegar morgunverð, til Westminster 2¹/₂, til Vancouver ca. kl. 3 e.m. Eg var kyrr í Vancouver það sem eftir var af deginum

26. marz. Fimmtud. Rigningarhraklandi að öðru hverju. Eg var í Vancouver City til kl. 5³/₄ e.m., þá lagði gufuskipið á stað til Victoria í Vancouver eyju. Skipið kom til Victoria kl. 11 e.m. Eg og Joseph Stevenson fórum á hotel (Pasific Telegraph). Það var bæði stormur og rigning út í eyjuna.

27. marz. Föstud. Gott veður. Eg og Jósef fórum að leita að Íslendingum í dag, og fundum þá á endanum. Eg og Tryggvi og fleiri kátir piltar skemmtum oss í kvöld.

23. vetrarvika 1891

28. marz. Laugard. Ágætt veður. Eg *ritaði Gunnl. Sigurðssyni* í dag. Eg fékk koffortin mín heimflutt í dag. Eg, Tryggvi Jónasson og Josef Línal spiluðum *L'humbre*. Tryggvi svaf hjá mér í nótt (Hann er orðinn dáti). Tveir landar frá Wpeg komu hingað í kv.

29. marz. Sunnud. = *páskadagur*. Þykkt loft. Eg, Tryggvi o.fl. vorum við messu.

30. marz. Mánud. Bærilegt veður. Tr. átti frítt í dag. Eg skoðaði hermannabæinn. Eg las „Hkr.“, 13. nr. *Í henni er fréttagrein* eftir mig ritað frá Calgary Alta.

31. marz. Þriðjud. Rigningarhraklandi að öðru hverju. Eg ritaði *Jósef bróðir í Miðhópi, Víðidal, Húnavatnssýslu á Íslandi*. Eg var talsvert lasinn af kvefi.

1. apr. Miðvikud. Rigningarskúrir að öðru hverju. Eg var lasinn í dag. *Eg ritaði Business Manager „Hkr.“. Loptur fékk vinnu í gær en Jósef í dag. Árni hefir enga vinnu. Jón vinnur. Jóseph Stephanson (Stivenson) byrjaði að vinna í dag við matreiðslu, \$2,50 á dag.*

2. apr. Fimmtud. Að mestu leyti heiðríkt veður og sólskin. *Eg ritaði Ásgeir J. Thorsteinson frænda mínum að Gardar. Eg ritaði John Stephenson, Wpeg. Árni Magnússon fór að vinna í morgun, en kom heim fyrir hádegi sökum þess að hann hafði meiðst.*

3. apr. Föstud. Dágott veður. Eg gjörði skelfing lítið í dag, annað en að leyta að vinnu, en fékk þó engva, því þó töluvert sé til að gjöra, þá er fólksfjöldin mikill.

24. vetrarvika 1891

4. apr. Laugard. Bærilegt veður fyrripartinn, en *ofsaveður og moldrok* mikið seinniþartinn. Eg og Jón S. Árnason gengum fram á gufubátinn sem Joseph Steverson vinnur á við matreiðslu. Báturinn heitir „Sea Lion“ og er frá San Francisco. Eg var talsvert lasinn í dag. Jósef frændi hafði enga vinnu í dag.

5. apr. Sunnud. Bærilegt veður. *Eg var svo veikur í dag, að eg fór ekki úr rúmi fyrr en á hádegi.* Það sem að mér gengur er kvef, höfuðverkur, beinverkir og máttleysi. Tryggvi var hér lengi í dag.

6. apr. Mánud. Bæril. veður fram yfir hádegi, en þá fór að rigna. Eg var dálítið frískari í dag en í gær. Jóseph vann ekki. „Lögborg“ kom með *heimsádeilu-langloku* eftir J.A.S., Pembina. „Hkr.“ flutti „leirhnoð“ eftir W.H.P. um J. Ól. etc. Síra M. Sk. er orðinn Unitar?

7. apr. Þriðjud. Allgott veður. Eg er orðinn allvel frískur. Eg og Jósef frændi leitum að vinnu í dag en fengum enga. Það lítið til að gjöra í þessum bæ enn, og fólksfjöldin afar mikill.

8. apr. Miðvikud. Bæril. veður, en engin hlýindi. Eg, Jósef og fl. leitum að vinnu í dag um allan bæinn, en fengum þó enga. I think that it is a poor town.

9. apr. Fimmtud. Rigning að öðru hverju. Eg gjörði ekki stórt í dag. *Margir landar í bænum eru nú vinnulausir* (og fl. þjóðar menn).

10. apr. Föstud. Bæril. veður. Eg gjörði ekkert nema leyta að vinnu. Etc.

25. vetrarvika 1891

11. apr. Laugard. Bæril. veður fram að hádegi; eftir hád. var ágætt veður, sólskin og hiti. Þetta er fyrsti dagur síðan eg kom hingað, til Victoria, sem hefir ver-

ið verulega hlýr og blíður. Eg fékk ekkert til að gjöra í dag. Eg fór með Árna Magnússyni inn á „Real Estate Office“ til þess að fá kaupabréf fyrir 2 lóðum er hann keypti.

12. apríl. Sunnud. Þykkt loft og molluveður. Í nótt eð leið var eg, Tryggvi Jónsson og fl. hjá Einari Brynjólfssyni að skemmta okkur. Talað um að stofna „Debate Society“. Eg stakk upp á því, og sömul. minntist eg á að stofnað yrði skrifað blað á meðal Ísl.

13. apr. Mánud. Ágætt veður, sólskin og hiti allan daginn. Eg var að ganga og leyta að vinnu frá kl. 6 í morgun til kl. 12 á h. og gat þó engva vinnu fengið. Eg gekk um allan „Victoria Gardens“, hann er mjög fallegur. Þar sá eg (í fyrsta sinn) páfugl (peacock). Í „Hkr.“ er kom í dag, er leiðrétting frá mér á því er vitlaust var prentað í fréttagrein minni í 13. nr. bl. þ.á. (Það er 15. nr. er kom í dag). *Í nótt eð leið komu 7 landar hingað frá Manitoba og Dakota (Gr. Ólafson 1).*

14. apr. Þriðjud. Ágætt veður, sólskin og hiti. Eg vann ekkert. 2 landar komu í dag frá Seattle (Hosias). Allt tíðindal.

15. apr. Miðvikud. Ágætt veður. Eg vann ekkert. Eg var lengst af að lesa í bók.

16. apr. Fimmtud. Ágætt veður. *Ég ritaði hr. Sveini Björnssyni, Seattle, Wash. viðvíkjandi Jósef Stefánsson (Cooch).*

17. apr. Föstudagur. Ágætt veður. Eg vann ekkert því engin vinna fæst, þar sem helvítis Kínverjarnir eru látnir ganga fyrir hvítum mönnum. Eg las í „roman.“ með nafninu „Under whitch Lord“. Etc.

26. vetrarvika 1891

18. apr. Laugardagur. Ágætt veður. Eg vann ekkert heldur en margir aðrir. 15. þ.m. höfðum vér nokkrir fund með oss hjá hra Einari Brynjólfssyni til þess að ræða um stofnan á *kappræðu- eða samræðu-félagi. Í kvöld var skemmtisamkoma í ísl. kirkjunni. Þeir sem héldu ræður voru: E. Brynjólfsson, um Leif heppna og fund Ameríku, S. Mýrdal um Íslendinga í Victoria, Mrs. Marja Johnson um fél.skap, S. Andrésson um Ísland og hvernig Ísl. gætu aukið heidur þess. J. Samúelsson las upp 2 kvæði eftir H. Blöndal. Þar að auki var söngur og kaffi. Samkoman var fremur fátæk. Inngangur 25 cts. Ágóðinn gengur til safnaðarins. Eg var margsinnis beðinn að halda tölu, en neitaði. Jón S. Árnason fékk bréf frá Jósef Stefáns.*

19. apríl. Sunnud. Gott veður. Eg fór í Ísl. kirkjuna í dag að gamni mínu. *Eg fékk bréf frá hra Gunnl. Sigurðssyni, Calgary etc.*

20. apr. Mánud. Ágætt veður. Eg og fl. fóru í morgunn að leyta að vinnu en fengum enga. Byrjað á nýjum „Electric Tramway“ í morgun. Eg hitti „The Contractor of the Serwers“ og lofaði hann mér og 15 Ísl. vinnu þá hann byrji.

21. apríl. Þriðjud. Nokkuð þykkt loft og engin hlýindi, og rigndi dálítið. Eg var að leyta að vinnu en fann enga, etc.

22. apr. Miðvikud. = *síðasti vetrardagur.* Ágætt veður. Eg gekk til og frá um bæinn til að leyta að vinnu, en árangursl. Í kvöld komu þessir piltar saman á fund

í húsi herra Einars Brynjólfssonar: eg, Tryggvi Jónasson, Christian Civertz, Jón Sigurðsson, Bent Civertz, Einar Brynjólfsson og Jón S. Árnason. Vér mynduðum félag, sem að nokkru leyti verður sem kappræðufél. en að öðrul. sem fræðifél. etc.

1. sumarvika 1891

23. apríl. Fimmtudag. = sumardagurinn fyrsti (samkvæmt ísl. tímatali). Eg leytaði ásamt fl. árangursl. að vinnu um Victoria bæ í dag. Engin skemmtan á meðal landa í dag. Eg fékk bréf frá Sveini Björnssyni í Seattle, Wash. Jón S. Á. fékk br. frá Indriða. Eg las „Sam“. Eg hreinritaði lögin fyrir nýmyndaða fél. okkar. Et cetera.

24. apríl. Föstud. Í nótt var talsvert frost, en í dag var bezta veður. Í kvöld var haldinn *safnaðarfundur* í ísl. safn.húsinu. Það var bági fundurinn! Einn maður (Jónas Samúelsson) gekk úr söfnuðinum. Formaður safnaðarins, Sigurður Mýrdal, áleit það „*skrilsæði, skort á sannri kristilegri trú og guðsþekking*“ hjá J. S., að hann skyldi dyrfast að segja „að hann (J.S.) áltíti það ætti eigi að eiga sér stað að leikmenn gjörðu vanaleg prestsverk“ o.s.frv. En sú skynsemi og kurteisi! Eg var á þessum fundi, en talaði auðvitað ekkert, þar sem eg var utansafnaðarmaður.

25. apríl. Laugard. Dágott veður. Eg las í „Sögusafni Ísafoldar“, og í enskri bók. Eg var á fundi í kvöld í húsi E. Br. með Tryggva, J.S.Á., J.S. og E. Br. Vér nefndum fél. *Einingin*.

26. apr. Sunnud. Húðarrigning Ca. allan daginn. Eg var heima í allan dag og las í „Sögusafni Ísafoldar“. Benjamín og systir hans koma í dag hingað frá Sonick.

27. apríl. Mánud. Bæril. veður fyrripartinn, en húðarrigning eftir h.d. Eg var að leyta að vinnu allan fyrirm.d. frá kl. 6 í morgun, en allt árangursl. Fjöldi af verkamönnum er hér vinnulaus. *Í kvöld fékk eg ágætt bréf frá Jacob Línadal bróðir í Mountain N.Dak.*, og sömul. myndir af honum og Helgu konu hans. Einnig *fékk eg bréf frá Jóni Stefánssyni, Winnipeg*. Eg fékk „Hkr.“ líka. Etc.

28. apríl. Þriðjud. Bæril. veður fram til kl. 11^{1/2}, þá fór að rigna og rigndi að öðru hverju það sem eftir var af deginum. Eg fékk enga vinnu í dag og var eg þó að leyta fyrir mér mest allan daginn.

29. apríl. Miðvikud. Bæril. veður. Eg leytaði og leytaði að vinnu en fékk enga. *Í gærmorgunn kom hingað C.P.R. heimsumferðar gufuskipið „Empress of India“*. Þetta gufuskip er hið fyrsta skip er farið hefir alla leið umhverfis hnöttinn. Fargjaldið með því kostaði alla leið \$600,00. Skipið lagði af stað frá Liverpool á Englandi.

2. sumarvika 1891

30. apríl. Fimmtud. Rigning meiripart dagsins. Engir unnu eftir hádegis. Eg vann ekkert í dag, en fékk lofun fyrir vinnu.

1. maí. Föstudagur. Gott veður í dag. *Í morgunn byrjaði eg að vinna við að búa til nýtt stræti*, með öðrum fl. Verkið var illt. Grjótsprenging (með sleggju) og svó ýmist að bera það eða velta því.

2. maí. Laugard. Inndælt veður í allan dag, glaða sólskin og hiti. *Í gærkvöldi giftu sig 2 ísl. persónur*: hr. Steingr. Norman og []. Eg var boðinn í veizluna ásamt fl. Það var vakað alla nóttina við vínþrykkju og ræðuh. *Eg vann ekkert í dag vegna þess eg vakti í nótt.*

3. maí. Sunnud. Ágætt veður, fremur þykkt loft en rigndi ekkert. *Í dag höfðum vér fund í fél. „Einingin“.* Í það gengu J. B. Johnson, Sig. Andrésón, Steingr. Norman, Jón J. Hrafnald. Fundurinn var haldinn hjá E. Brynjólfssyni. Á þessum fundi var rætt um byggðir Íslendinga í Ameríku. Næst á að ræða um: ísl. hátíðarhöld í Victoria í sumar (Þjóðernishátíð Íslendinga).

4. maí. Mánud. Rigning í morgun fyrst, en birti dálítið upp um kl. 7 svo byrjað var á vinnu. *Ég vann $\frac{1}{4}$ dag á strætinu*, en þá var hætt allri vinnu vegna rigningar. Jósef hefir enga vinnu.

5. maí. Þriðjud. Rigningarskúrir af og til allan daginn. Þeir, sem eg vann með byrjuðu ekki að vinna fyrir en kl. 9 $\frac{1}{2}$ f.m. *Eg vann því ekki nema $\frac{3}{4}$ dag.*

6. maí. Miðvikud. Rigningar skúrir að öðru hverju. *Eg vann allan daginn.*

3. sumarvika 1891

7. maí. Fimmtud. Bezta veður (rigndi ekkert). *Eg vann í allan dag* við hið sama sem að undanförunu. Jósef vann $\frac{1}{2}$ daginn í gær, og meiddi sig í fingur og varð að hætta. Í dag er „Uppstigningard.“.

8. maí. Föstudagur. Gott veður allan dag. *Eg vann til kl. 5 e.m.*, en þá var verk-ið búið (fullgjört strætið) svo eg og aðrir sem unnu á sama stað verðum að hætta vinnu. Í dag byrjaði „horse-race“ hér austan við bæinn. Loptur, Jósef og Jón vinna ekkert.

9. maí. Laugard. Ágætt veður allan daginn. *Eg vann ekkert.* Eg og hinir sem sagt var upp vinnunni, gengum austur á „Tramway“ til þess að fá borgun okkar, en það fór svo að sumir fengu sitt allt, sumir fengu ekki allt og sumir fengu *ekkert.* Í dag var hér „horse-race“. *Eg keypti hvíta skyrtu og hnappa í kvöld fyrir \$2,00 alls.*

10. maí. Sunnud. Bezta veður, sólskin og hiti. Í dag var haldinn fundur í fél. „Einingin“ í húsi hr. J. B. Johnson kaupmanns. Fundarstjóri var J.B.J., en ritari fundarins eg. Menn voru að tala um landskoðun í dag.

11. maí. Mánud. Inndælt veður, glaðasólskin og sterkur hiti allan daginn. Eg hafði enga vinnu í dag. Eg hreinritaði fundargjörning.

12. maí. Þriðjud. Fremur þykkt loft mikið af deginum og smáskúrir. Loptur og fleiri byrjuðu að vinna í *saurrennuskurðunum í gær.*

13. maí. Miðvikud. Bezta veður sólskin og hiti allan daginn. Eg reyndi að fá vinnu í saurrennuskurðunum (Sewers) en fékk ekki. Eiríkur og Sigfús (Kattardal) voru báðir reknir í dag af því þeir fæddu sig sjálfir.

4. sumarvika 1891

14. maí. Fimmtud. Bezta veður, sólskin og hiti. Eg vann ekkert. Eg fékk loksins borgunina fyrir strætisvinnuna í dag. Í dag er gamli íslenzki „vinnuhjúaskildagi“. Margur og mörg hefir víst fellt tár við skilnaðinn á *Fróni* í dag!!!

15. maí. Föstud. Bezta veður. Eg gjörði ekki annað en lesa rit eftir Magnús Eiríksson, cand. theol. Þau eru ágæt.

16. maí. Laugard. Ágætt veður, dálítið skýjað og stormgola. *Eg ritaði Jacob Línadal* bróðir í dag. Fékk lofun fyrir vinnu.

17. maí. Sunnud. Ágætt veður. Fundur í fél. „Einingin“. *Talað um ísl. Wpeg blöðin*. Eg hélt 1/2 tíma tölu í því máli, sýndi fram á kosti og ókosti bl. Áleit „Hkr.“ bezta, og sýndi fram á ástæður fyrir því. Fundurinn var í húsi S. Normans. Fundarstj. J. Tryggvi.

18. maí. Mánud. Ágætt veður. Eg vann í dag fyrir Mr. Sincler á „Tramway-inum“.

19. maí. Þriðjud. Ágætt veður, sólskin og hiti. Eg vann í allan dag á „Tramway-inum“.

20. maí. Miðvikud. Gláðasólskin og sterkur hiti. Eg vann í dag á.

5. sumarvika 1891

21. maí. Fimmtud. Bezta veður, sterkur hiti. Eg vann í dag á Tramway-inum.

22. maí. Föstud. Sama inndælis blíðan. Eg vann í dag á Tramwayinum.

23. maí. Laugard. Inndællt veður. Eg vann í allan dag á Tramwayinum.

24. maí. Sunnud. = fæðingardagur Victoriu Englandsdrottningar. Sama blíðan í veðrinu og undanfarna daga. Töluvert um dýrðir í „Beacon Hill Park“ í gær og í dag. Eg las „Sam“ í dag. Í „Hkr.“ er kom á mánud. var, var *háðgrein til Jónasar A. Sigurðssonar í Pembina, N.D. Gr. er vel rituð.*

25. maí. Mánud. Ágætt veður. *Í dag var mikið um skemmtanir bæði í „Victoriu Gardens“ og „Beacon Hill Park“.* Eg var í báðum þessum stöðum í dag, ásamt þúsundum af fólki. Engir unnu í dag. Eg las „Sam“ (maí nr.) og „Ísafold“ í morgun „Et cetera“. Eg fór á báti með nokkrum hermönnum heim til þeirra í herbúðirnar (Battery).

26. maí. Þriðjud. Ágætt veður. Eg vann ekkert í dag því eg hafði enga vinnu. *Eg fékk bréf frá Ásgeir J. Thorsteinson (frænda mínum, á Gardar N.D. Eg ritaði Sveini Björnssyni í Seattle, Wash.*

27. maí. Miðvikud. Gott veður (nokkuð hvast). Eg vann ekkert. Eg leytaði að vinnu en fékk enga. *Eg ritaði Þorst. Þórarinss. „Business Manager Heimskringlu“ og bað hann að senda mér 15-20 exampl. af riti Jóns Ólafssonar „til hugsandi manna“. Í kvöld var rætt um landaskoðun í „Vanc. Isl.“*

6. sumarvika 1891

28. maí. Fimmtud. Töluverður stormur en þó bæril. veður. *Eg ritaði Sigurði Jónssyni* (frá Víðimýri) í Calgary. Eg fékk borgun mína fyrir síðastl. viku (\$12) hjá Mr. Sinclair.

29. maí. Föstud. Gott veður. Eg vann ekkert úti, en eg las rit eftir Magnús Eiríksson, cand. theol. Það er hálffullur bærinn af vinnul. mönnum.

30. maí. Laugard. Gott veður. Eg hafði enga vinnu. Eg las „Ísafold“ o.fl. J.S.Á. vann ekki í gær né dag. Jósef hefir enga vinnu ásamt mörgum fl.

31. maí. Sunnudagur. Ágætt veður. Í dag héldu margir Íslendingar hér í bænum (Victoria, B.C.) fund með sér til að ræða um landskoðun hér norðvestur á eyunni (Vancouver). Fundurinn samþykkti í einu hljóði að senda þessa 5 menn í landskoðunarferðina: Ásgeir J. Líndal (höf. þessarar bókar), Steingrím Norman, Sigurð Andrésón, Guðmund Einarsson, Halldór Pálsson. Eg (Ásg. J. Líndal) var fundarstj. á fundinum. Samþ. að borga ofanefndum mönnum \$2,00 á dag etc. – Fundur í féll. „Einingin“. J. B. Johnson hélt ræðu á ensku og S. Andrésón las upp „Til hugsandi manna“ eftir J. Ólafss.

1. júní. Mánud. Gott veður. Eg las blöðin „Heimskringlu“ og „Lögb.“ Í dag var skipt um einn manninn sem norður átti að fara í landskoðunina, það var Halldór Pálsson. Í hans stað var fenginn Sigfús Guðmundsson. Vér tókum út allt sem vér þurftum til ferðar.

2. júní. Þriðjud. Gott veður. Vér gjörðum við bátinn í dag, sem vér ætlum á í ferðina, og keyptum compás og fiski-flugu fyrir \$2,50. Vér pökkuðum öllum farangur okkar niður.

3. júní. Miðvikudagur. Bezta veður, sólskin og hiti. Vér, sem kosnir vorum á fundinum á sunnudaginn var til þess að skoða landið í „Nitinat Valley“ lögðum af stað héðan (frá Victoria, B.C.) kl. 8¹/₂ f.h. í dag. Vér vorum á litlum róðrabát. Vér fengum mótvind og mótstraum allan daginn, og lentum um kvöldið þreyttir af andróðri hér um bil 2 mílur fyrir vestan „Race Rock“ (syðsta tanganum á Vancouver eyunni) og gistum þar.

7. sumarvika 1891

4. júní. Fimmtud. Bærilegt veður, en þó rigningskúrir með þörtum og í kvöld rigndi líka töluvert. Vér lögðum af stað kl. 7 f.h. Vér höfðum hægán meðvind um morguninn, mótvind e.h., en mótstraum allan daginn. Vér lentum í „Cool Creek“ um kvöldið. Þar er logga kampur.

5. júní. Föstud. Í nótt eð leið var húðarrigning, og sömul. að öðruhverju í dag. Vér lögðum af stað kl. 4³/₄ f.h., fengum logn um morguninn til kl. 10 f.h., síðan meðvind, en mótstraum allan daginn og talsverðan sjó. Vér lentum í „Sombrio“ kl. 3 e.h. því vér gátum ekki haldið áfram fyrir mótstraum og sjógangi.

6. júní. Laugard. Húðarrigning fyrri partinn, en bæril. eftir hádegisd. Mótvind-

ur og brim meira en daginn áður, svo vér gátum ekki komizt út úr „Sombrio“-ár-ósnum og vorum því um kyrrt.

7. júní. Sunnud. Töluverð rigning um morguninn. Vér vöknudum kl. 3 f.h., en með því vér gátum enn ekki komizt út úr árósnun fyrir brimi og stórgrýti, urðum vér að setja bátinn og bera farangurinn um $1/2$ mílu þangað sem vér gátum fengið hreinni leið út úr víkinni. Vér urðum að róa því straumur og dálítill mótvindur bönnuðu siglingu. Vér komum inn í ósinn á „San Juan“ ánni, sem fellur í samnefndann fjörð, kl. 12 á hádegi. Þar tjölduðum vér og urðum þar um nóttina, því vér gátum ekki haldið lengra samkvæmt áður sögðum kringumstæðum. Í „San Juan“ eru Indíánar. Þar hittum vér franskan mann á hraðfréttastöðinni, sem þar er, er gaf oss upplýsingar.

8. júní. Mánud. Gott veður. Vér fórum af stað kl. 3 f.h., höfðum leiði út úr firðinum, rerum síðan í logni 1 mílu undan landi fyrir „Bonella Point“, því boðar liggja svo langt fram undan honum að nær má ekki fara. Vér rerum svo sem leið liggur, þangað til vér komum að gljúfrum nokkrum, sem vér hálf um hálf hugðum vera ósmynnið inn í Nitinat vatnið. Í gljúframynni þessu sýndist oss aðeins sker og háir brimboðar, svo oss sýndist ekki aðrennilegt að leggja þar inn. Vér rerum því lengra norðvestur með landi, þar til vér hittum Indíána, sem var að fara sjóleið inn í vatnsósinn, eða hin áminnstu gljúfur. Vér héldum þá á eftir honum í gegnum rífandi straum og brimboða inn í ósinn. Leið sú er vér fórum inn, var ekki breiðari en svo, að naumast var árafrítt á millum tveggja kletta inn að fara, en svona var þröngt af því ekki var nógu mikið fallið að. Þegar ládaut er og sjáfarhátt er nóg rúm fyrir stærra skip fyrir utan klettinn, sem er á hægri hönd þegar inn er farið um mjóa sundið. Þegar inn var komið úr skerjunum og briminu, tók ekki betra við, því þá var sá fossfallandi straumur út úr ósnum að oss munaði ekki þuml. áfram í einn $1/2$ kl.tíma, og bjuggustum vér við á hverju augnabliki að berast aftur á bak upp á standklettana og mölbrjóta bátinn. Loksins náðum vér í vík eina innan við klettinn, þar hvíldum vér oss og snæddum miðdagsverð á meðan vér biðum eftir meira innfalli í ósinn. Kl. var 12 á hádegi þegar vér kominn í víkina, en fórum þaðan kl. $1 1/2$ e.h. inn eftir þeim parti óssins er eftir var og inn í vatn, og gekk það vel því þá var fallið svo mikið að. Vér höfðum þægilegt „leiði“ inn vatnið og lentum í Nitinat árósnun kl. $5 1/2$ e.h. Þar settumst vér að, tjölduðum og lögðum net er vér höfðum.

9. júní. Þriðjud. Gott veður. Vér lögðum af stað upp með ánni, gegnum þéttan skóg og enn þéttari undirskóg. Vér skoðuðum landið töluvert neðan til í dalnum. Vér fengum 1 silung í netið.

10. júní. Miðvikud. Gott veður í dag að einni rigningsarkúr undantekinni. Vér fórum ca. 5-6 mílur upp eftir dalnum til að skoða landið. Skógurinn var afar illur umferðar og urðum vér oft að skríða meira en ganga, þar á ofan þurftum vér að margvaða ána í hné og mitti. Vér fundum nokkra hæla í dag. Jarðvegur er sandblandin moldjörð. Margar viðartegundir vaxa í dalnum.

8. sumarvika 1891

11. júní. Fimmtud. Gott veður. Vér skoðuðum landið í dag til og frá um dalinn. Í dag var það sem vér fórum 5-6 mílur upp í dalinn en ekki í gær, þá fórum vér ekki svo langt.

12. júní. Föstud. Vestanstormur. Vér tókum upp tjaldið og fórum suður fyrir vatnsendan og skoðuðum þar landið, og lágum þar af um nóttina.

13. júní. Laugard. Gott veður yfir það heila tekið, að vísu var þoka og rigningargúði fyrri partinn. Vér lögðum af stað kl. 4 í morgun áleiðis til Victoria, B.C., rerum í logni allt vatnið ofan að ós. Vér komumst út úr ósnum viðstöðulaust, því bæði var um flóð, og ekkert brim. Vér héldum um daginn inn í Sombrio, vér höfðum þægil. leiði frá ósnum þangað.

14. júní. Sunnud. Bæril. veður. Vér lögðum af stað frá Sombrio kl. 7^{1/2}, höfðum góðan bir og meðstraum. Vér héldum heim til Victoriu um kvöldið kl. 7^{1/2}. Vér vorum rúma 2 kl.st. að sigla frá Race Rock inn á höfn. Þetta sem hér er ritað um ferðina er aðeins lítið ágríp. Ferðin var annars yfir höfuð að tala fremur slarksöm.

15. júní. Mánud. Rigning mikið af deginum. Vér landskoðunarmennimir rituðum skýrslu yfir ferð vora og landsskoðun. Eg fékk 4 bréf í dag: 1 frá Sigurði Sverrisson sýslum. að Bæ í Strandasýslu á Íslandi, 2 frá Business Manager „Hkr.“ (og þar með 20 eintök af riti Jóns Ólafssonar „Til hugsandi manna“) og eitt frá Jóni Stefánssyni, Winnipeg. Eg las „Hkr.“ og Lögb. líka í dag, sem hingað komu á mánud. var. „Etcetera“.

16. júní. Þriðjud. Húðarrigning fram um hádegi (og í alla nótt eð leið), en þurt e.h. Eg las „Hkr.“ og „Lögb.“ sem kom í gær, og líka las eg „Ísafold“. Eg afritaði *lýsinguna af Nitinat dalnum*. Eg seldi það sem eftir var af riti Jóns Ólafssonar.

17. júní. Miðvikud. Vestanvindur og þykkt loft en rigndi þó ekkert. *Eg ritaði Business Manager Heimskringlu Þorst. Þórarinssyni í Wpeg* og sendi honum \$4,40, sem er full borgun fyrir rit J.Ó. að frádregnum sölulaunum og kostnað við sendingu þeirra. Árni þvættaði mikið við mig um hækkun á húsarentunni. Benjamín er hér nú til húsa hjá Árna.

9. sumarvika 1891

18. júní. Fimmtud. Gott veður. Í dag er „Þjóðhátíð Vestur-Íslendinga“ haldin í Winnipeg, er því að líkindum talsvert um dýrðir þar í dag. *Eg ritaði Jónasi Jónssyni í Calgary* viðvíkjandi „Heimskr.“. Enga vinnu hef eg enn getað fengið síðan eg kom heim úr landskoðunarferðinni.

19. júní. Föstud. Gott veður, að vísu smá rigningarskúrir. Eg fékk enga vinnu. Í dag las eg í ljóðabókum Jónasar Hallgrímssonar og Jóns Ólafssonar. Jónas þykir mér ætíð inndæll og Jón er góður.

20. júní. Laugard. Bæril. veður. Eg fékk enga vinnu. Eg las því í ýmsum bókum.

21. júní. Sunnud. Ágætt veður. Í dag (kl. 2 e.h.) var haldinn fundur í húsi Normans. Vér skoðunarmenn lásum upp ferðasögu okkar og lýsingu á landi því er vér skoðuðum. J. B. Johnson var fundarstj., en eg ritari. Vér höfðum fund (kl. 4 e.h.) í féll. „Einingin“ í húsi E.B. *Nafni féll. var breytt og nefnt „Æfingin“* J.S.Á. fundarstj. en E.B. ritari. Rætt um að halda þjóðhátíð á meðal landa hér o.fl. C.S.: ræða á ensku.

22. júní. Mánud. Bezta veður. Eg var að leyta mér að vinnu ca. allan daginn, en fékk enga. Margir eru vinnul. hér í bænum eins og að undanfögnu. *Eg fékk bréf frá Sigurði Jónssyni í Calgary (og Jósef annað).* Eg las dálítið í „Hkr.“ og „Lögb.“

23. júní. Þriðjud. Bezta veður, sólskin og hiti. Eg las bæði blöðin „Hkr.“ og „Lögb.“ etc.

24. júní. Miðvikud. Glaða sólskin og bezta veður. Eg las það sem eftir var af Wpeg blöðunum og svo fór eg (og Jósef) að leyta mér að vinnu. Við fengum á endanum *lofun fyrir vinnu í skurðunum. Í kvöld var alm. fundur í húsi ísl. safnaðarins.* Félag vort „Æfingin“ boðaði til hans. Forseti fundarins var Sig. Mýrdal, en skrifari eg. Það eina mál sem rætt var á fundinum, var um ísl. þjóðhátíð í Victoria í sumar. Menn tóku mjög dauflega í það mál. Ekkert varð endalykt hvort hátíðin skyldi haldin eða ekki. 5 manna nefnd var kosin til að grenzlast betur eftir vilja fólks í þessu efni, því fáir komu á fundinn, og enn færri töluðu þó.

10. sumarvika 1891

25. júní. Fimmtudagur. Glada sólskin og bezta veður. *Eg byrjaði að vinna í skurðunum í morgun (og Jósef og 2 aðrir landar).* Eg vann í allan dag við að búa til „concrete“. Kaupið er \$2,00 á dag.

26. júní. Föstud. Bezta veður. Eg vann við sama verk í dag og í gær. *Fúsi Guðmundss.* byrjaði að vinna hjá okkur í morgun.

27. júní. Laugard. Bezta veður. Eg vann við concretina í dag. *Eg fékk bréf frá „Business Manager Hkr.“* Gísli Sæmundsson og fl. komu til bæjarins í kvöld utan úr eyju (Sanick).

28. júní. Sunnud. Ágætt veður. *Eg ritaði vini mínum, skáldinu Stephan G. Stephanson* við Red Deer í Alberta, Can. *Nefndarfundur* í dag til að ræða um ísl. þjóðhátíðarhald í sumar.

29. júní. Mánud. Gott veður. Eg vann við það sama og fyrir helgina (að búa til concreta).

30. júní. Þriðjud. Gott veður. Eg gjörði það sama og í gær. *Almennur fundur í kvöld í ísl. safnaðarhúsinu.*

1. júlí. Miðvikud. Gott veður. Eg vann við hið sama og að undanfögnu. Í dag er *Dominiori* dagur, en skurða „contractors“ létu vinna samt. Þeir eru Bandaríkjamenn, etc.

11. sumarvika 1891

2. júlí. Fimmtud. Gott veður. Eg vann við *concretina* í dag. Í *Ísl. Wpegblöðunum* eru „Þjóðhátíðar“ kvæði og ræður og byrjun á kirkjuþingsfréttum. J. Ól. var ekki á þjóðhát.

3. júlí. Föstud. Gott veður eins og alla þessa viku, töluverður hiti og sólfar mik-ið. Eg vann við það sama og undanfarandi. Tryggvi og fl. landar fara til Seattle.

4. júlí. Laugard. = *Frelsishátíð Bandaríkjana*. Þykkt loft og stormur. Það var *ekkert* unnið í saurrenskurdunum í dag, og þar af leiðandi vann eg ekki við *concretina*. Eg ritaði Ásgeir J. Thorsteinsson (frænda) á Gardar, N.D. og John Stephenson, Winnipeg.

5. júlí. Sunnud. Ágætt veður. Allt tíðindal.

6. júlí. Mánud. Ágætt veður. Eg vann við að búa til *concretina* eins og að undanfögnu.

7. júlí. Þriðjud. Gott veður. Eg vann við hið sama sem í gær. *Ísl. Wpeg bl. segja lát P.P. biskups yfir Íslandi*. Ó. L. kom í kvöld frá Calg.

8. júlí. Miðvikud. Gott veður. Eg vann við það sama sem í gær. Ch. Sivertz bað mig í kvöld að mæla fyrir minni kvenna, en eg neitaði því (á premeinu fyrirhugaða).

12. sumarvika 1891

9. júlí. Fimmtud. Ágætt veður. Eg vann við *concretina* eins og að undanfögnu.

10. júlí. Föstud. Gott veður. Eg var við sama verk og hina dagana (að búa til „concrete“).

11. júlí. Laugard. Gott veður. Eg vann við *concretina*. Jóhannes gamli kom til bæjarins.

12. júlí. Sunnud. Þykkt loft og gott veður. Fundur í félagi voru „Æfingin“. Fundarstj. B. G. Sivertz, ritari J. S. Árnason. Rætt um Ísland og framfarir þess að fornu og nýju. Sig. Anderson strykaður út af nafnalista fél. sökum lagabrota við fél. Minnst á J. J. Hrafnald líka.

13. júlí. Mánud. Gott veður. Eg vann við að búa til „concrete“ eins og að undanfögnu.

14. júlí. Þriðjud. Gott veður. Eg vann við það sama og að undanfögnu. Etc.

15. júlí. Miðvikud. Sama veður og sama vinna sem í gær. Et cetera.

13. sumarvika 1891

16. júlí. Fimmtud. Gott veður. Concr. vinnan gamla, sem eg var við í dag. Á sunnudaginn 5. þ.m. fékk eg bréf frá Gísla Sæmundssyni í Saanich og bók með („Paulus og Christus“) eftir Magnús heitinn Eiríksson, cand.theol.

17. júlí. Föstud. Gott veður. Eg vann við *concretar* tilbúninginn, eins og vant er.

18. júlí. Laugard. Gott veður (Fáeinir regndropar dattu úr loftinu í dag). Eg

vann við það sama. Eg gekk ofan í bæ í kvöld og borgaði J. B. Johnson kaupm. \$28,45, og *á hann nú ekki eitt cent hjá mér*. Eg hitti Tryggva og fór með honum yfir í „Battery“ og varð þar í nótt. Við hrestum okkur vel í kvöld.

19. júlí. Sunnud. Gott veður. Eg gekk heim um hádegisbilið. *Skógargildi* (picnic) *hjá Íslendingum hér í Victoria við „Oak Bay“ í dag*.

20. júlí. Mánud. Gott veður. Eg vann við „concrete“ina í dag.

21. júlí. Þriðjud. Gott veður. Eg vann við concr.

22. júlí. Miðvikud. Bæril. veður. Eg vann við concr.

14. sumarvika 1891

23. júlí. Fimmtud. Sjóðandi hiti. 94° F í *skugga um hádaginn, en 81° kl. 7¹/₂ e.m.* Það var circa eins mikill hiti í gær. Eg vann við concretina í dag eins og að undanfögnu. En það var erfitt verk vegna hins mikla hita.

24. júlí. Föstud. Fjarskalega heitt veður, 89° F. í morgun kl. 7 í skugga. Eg vann við að búa til „concrete“.

25. júlí. Laugard. Gott veður, ekki eins heitt og í gær. Eg var við sömu vinnu. *Eg fékk ágætt bréf frá vini mínum skáldinu Stephan G. Stephanson* við Red Deer, Alberta. Eg og J. S. fórum ofaní bæ.

26. júlí. Sunnud. Gott veður. Eg var á fundi í fél. voru „Æfingin“. Fundarst. S. Norman, ritari E. Brynj. son. Fundarefni „um þáttöku Ísl. yfir höfuð í heimssýningunni í Chicago 1893“. Fyrir skömmu er H. Auðunson farinn til Winnipeg.

27. júlí. Mánud. Gott veður. Eg vann við að búa til „Concrete“ eins og að undanfögnu.

28. júlí. Þriðjud. Ágætt veður. Eg gjörði það sama sem í gær (mixing a concrete).

29. júlí. Miðvikud. Ágætt veður. Eg vann við það sama og að undanfögnu. Eg hefi verið talsvert lasinn alla dagana, sem af eru vikunni (síðan á sunnudag) þó eg hafi unnið, því mig langar ekki til að missa dag þegar eg hef eitthvað að gjöra.

15. sumarvika 1891

30. júlí. Fimmtud. Gott veður. Eg vann við að búa til „concrete“ eins og fyrirfarandi.

31. júlí. Föstud. Í gær var þykkt loft og leyt út fyrir regn en varð þó ekkert af því. Í dag er fremur loft-bjart. Eg vann við það sama. *Eg hef unnið 26 daga í þessum mán. eða alla virka daga nema þ. 4. sem var haldinn helgur.*

1. ágúst. Laugard. Gott veður. Eg vann við það sama sem undanfarandi.

2. ág. Sunnud. Gott veður. *Jóh. gamli Guðm. son kom hingað í gærkvöld alkominn úr eyrunni*. Í dag héldu landskoðunar-mennirnir (um 30) fund með sér hjá S. Norman. Rætt um hvernig ætti að fá upp peninga til að borga okkur sem skoðuðum landið það sem ávantaði þar nokkrir í þessu landskoðunarfél. *neitudu að borga*

það sem þeim *hlutfallslega bar*, og sem var \$4,15. Rætt var líka um landtöku þar úti (í „Nitinat Valley“). *Eg ritaði hr. Baldvin L. Baldvinsyni, Winnip.* (en dags. það í gær) viðvíkjandi Borðeyrarbiðpeningunum frá 1887, Etc.

3. ágúst. Mánud. Ágætt veður. Eg vann við „concrete“ í dag sem að undanfögnu. Í „*Hkr.*“ er ný saga, ásamt fl.

4. ágúst. Þriðjud. Í nótt rigndi dálítið, en ekkert í dag. Eg vann við concretina.

5. ág. Miðvikud. Það rigndi ofurlítið í nótt, en í dag gott veður. Eg vann í sama stað.

16. sumarvika 1891

6. ág. Fimmtud. Í nótt rigndi töluvert. Fram að hádegi var sallarigning. Eg vann ekkert fyrir hádegi heldur en flestir verkamenn í bænum. Kl. 1 e.h. byrjaði eg að vinna, en gat ekki unnið nema til kl. 3 e.h. Því þá fór að húðrigna, svo allir urðu að hætta útivinnu í bænum. J. B. Johnson kaupm. fór í morgun, með Jóhannes gamla Guðmundsson og konu hans, út á land sem hann (J.B.J.) á um 20 frá bænum. *Eg ritaði Sigurði Jónssyni í Calgary, Alta.*

7. ág. Föstud. Gott veður. Þykkt loft allan daginn, en rigndi þó ekkert. Eg vann í allan dag við að búa til „concrete“. *Arngrímur Jónsson* kom hingað til bæjarins í dag (eða gær) frá Dakota, U.S.

8. ág. Laugard. Heiðríkt loft og gott veður. Eg vann í allan dag við hið sama.

9. ág. Sunnud. Heiðríkt loft og mikill hiti. *Eg ritaði vini mínum Stephan G. Stephanson við Red Deer, Alberta.*

10. ág. Mánud. Heiðríkt loft og hitaveður. Eg vann við concretina mína gömlu.

11. ág. Þriðjud. Mjög líkt veður og í gær. Eg gjörði hið sama. *Eg fékk bréf frá Mr. Baldvin L. Baldvinsyni* (imigrants agent) í Winnipeg. Í *Hkr.* eru nú vöðaskammir til *Einars Hjörleifssonar & Co., eftir Jón Ólafsson.*

12. ág. Miðvikud. Þykkt loft, en gott veður. Eg gjörði hið sama og eg er vanur.

17. sumarvika 1891

13. ág. Fimmtud. Þykkt loft, en gott veður. Eg vann við hið sama (The concrete). *Eg fékk \$60,00 í peningum frá B. L. Baldvinsyni í Winnipeg.* Það eru skaðabótapeningar til mín og Jónatans bróðir, fyrir biðina á Borðeyri 1887. Eg fékk peningana á „The Dominion Express Office“ hér í borginni. J. B. Johnson fór með mér inn á officíð til þess að „dentify“ mig.

14. ág. Föstud. Þykkt loft, en gott veður. Eg vann við það sama (concretar tilbúning).

15. ág. Laugard. Nokkuð líkt veður og í gær. Eg vann við sömu vinnu. Eg borgaði J. B. Johnson \$5,30, Árna Magnúss. \$2,00.

16. ág. Sunnud. Heiðríkt loft og sólskin. *Barn þeirra hjónanna Árna Magnússonar og Önnu* (hér í húsinu) dó í gærmorgun ca. kl. 9. Það var jarðað í dag. Sig.

Mýrdal las nokkur orð yfir líkinu, áður en það var borið út úr húsinu. *Eg ritaði hr. Bald. L. Baldvinson í Wpeg, Mr. P. P. Business Manager "Hkr." og Jónatan bróðir að Gardar N.D. Eg dagsetti öll bréfin eins og í gær (15).*

17. ág. Mánud. Þykkt loft og rigningarskúrir fyrir hádegið, en húðarrigning lengst af eftir hádegið. Eg vann aðeins til hádegis við concretina.

18. ág. Þriðjud. Gott veður. Eg vann í allan dag. *Í „Lögb.“ er tuddagrein til J.Ó.*

19. ág. Miðvikud. Gott veður. Eg vann í allan dag. Eg fékk bréf (og „Landnemann“) frá hr. B. L. Baldvinsson, Wpeg.

18. sumarvika 1891

20. ág. Fimmtud. Gott veður. Eg vann í allan dag við það sama og vant er.

21. ág. Föstud. Bæril. veður. Eg vann.

22. ág. Laugard. Mjög heitt veður. Eg vann í allan dag við concretina. *Í dag er afmælisdagur minn. Eg er nú 31. árs. Eg fór ofan í bæ með J. Sigurðssyni etc.*

23. ág. Sunnud. Gott veður. Í dag var fundur í félaginu „Æfingin“. Fundarstjóri E. Brynjólfsson, skrifari eg.

24. ág. Mánud. Gott veður. Eg vann við hið sama (concretina).

25. ág. Þriðjud. Gott veður. Eg vann við það sama, sem að undanfögnu.

26. ág. Miðvikud. Gott veður. Eg vann við það sama og að undanfögnu.

19. sumarvika 1891

27. ág. Fimmtud. Gott veður. Eg vann við „a mixing of the concrete“.

28. ág. Föstud. Gott veður. Eg vann við concretina í dag (við „Flush Tank“).

29. ág. Laugard. Gott veður. Eg vann við sömu vinnu og fyrirfarandi. *Alla þessa viku hafa verið miklir hitar hér.*

30. ág. Sunnud. Gott veður. Eg las það sem eg átti eftir að lesa í „Hkr.“ og „Lögb.“ *Eg ritaði B. L. Baldvinssyni „Immigration agent“, Winnipeg. (Eg dags. bréfið í gær). Eg ritaði fyrir Árna Magnússon bréf til kaupm. H. Hannessonar, Gimli N.Í.*

31. ágúst. Mánud. Gott veður. Eg vann við að búa til „concrete“ eins og fyrirfarandi. *Í kvöld las eg í ísl. Wpeg blöðunum (sem komu í dag) „Heimskringlu“ og „Löbergi“ (prentuð 26. þ.m.) lát snillingsins Gestis Pálssonar. Hann var 38 ára gamall þegar hann dó – einu ári eldri en skáldið Jónas Hallgrímsson varð. Með Gestu sál. missir ísl. þjóðin sitt lang, lang bezta söguskáld og ritsnilling. Eg sá ákaflega eftir Gestu, enda hefir ekki dauðsfall nokkurs manns haft eins mikil áhrif á mig. Í anda þakka eg Gestu fyrir hans fögru og ágætu skáldsögur, og rit yfirhöfuð. Það er mín meining, að langur tími muni líða, áður en ísl. þjóðin eignast eins djúpvitran mannlífsspeking og söguskáld og Gestur var.*

1. september. Þriðjud. Gott veður. Eg vann við concretina gömlu.

2. sept. Miðvikud. Gott veður, en þungt loft og sást lítið til sólar allan daginn, enda var sólmyrkvi (eclipse) í dag (ca. kl. 8 f.h.). Eg vann við concretina. Klárir á Cook Street.

20. sumarvika 1891

3. sept. Fimmtud. Bæril. veður, en þreifandi þoka allan daginn. Vér byrjuðum að concreta suður á tanga (Clever Point) í dag. Það er 2-3 mílur frá heimili mínu.

4. sept. Föstud. Mjög líkt veður og í gær. Eg vann við concretina eins og fyrr.

5. sept. Laugard. Bæril. veður en þoka. Eg vann við sömu vinnu. Skemmtiferð (excursion) héðan (frá Victoria, B.C.) til Seattle.

6. sept. Sunnud. Gott veður. Eg ritaði John Stephenson, Winnipeg. Tryggvi og Hansen komu í dag.

7. sept. Mánud. Bæril. veður. Eg vann í allan dag við concretina. Wpeg bl. komu.

8. sept. Þriðjud. Bæril. veður. Eg vann í dag.

9. sept. Miðvikud. Bæril. veður f.h. en regn að öðru hverju e.h. Eg vann ³/₄ af deginum aðeins, þá hættum vér vegna rigningarinnar, etc.

21. sumarvika 1891

10. sept. Fimmtud. Gott veður. Eg vann í allan dag við concretina.

11. sept. Föstud. Rigningarskúrir að öðru hverju í dag, svo ýmsir hættu vinnu. Eg vann samt í allan dag við concretina.

12. sept. Laugard. Rigning að öðru hverju allan daginn. Eg vann ekkert í allan dag rigningar vegna. Eg las et cetera.

13. sept. Sunnudagur. Gott veður. Eg gekk til ísl. kirkjunnar í dag (3ja sinni) og landa.

14. sept. Mánud. Gott veður. Eg vann í allan dag við „concretina“.

15. sept. Þriðjud. Heitt veður. Eg vann í allan dag við concretina.

16. sept. Miðvikud. Fremur kalt veður. Suðvestan stormur og rigningarlegur. Eg vann í allan dag við það sama.

22. sumarvika 1891

17. sept. Fimmtud. Húðarrigning strax í morgunn og mestallan daginn. Eg vann því ekkert í dag, og annars enginn sem úti-vinnu hefir hér í bænum. *Eg fékk bréfmíða frá Ingunni systir og Jónatan br. Gardar, P.O. Pembina Co. N.D., U.S.*

18. sept. Föstud. Bæril. veður. Eg vann í allan dag við concretina.

19. sept. Laugard. Bæril. veður. Eg vann í allan dag við „mixing a concrete“.

20. sept. Sunnud. Bezta veður. Heiðr. loft og sólskin. Eg gekk til E. Brynjólfss. til að sitja á fundi í fél. „Æfingin“, en enginn kom.

21. sept. Mánud. Rigningarhraklandi allan daginn, en eg vann samt.

22. sept. Þriðjud. Suð-vestan ofsaveður allan daginn, ill-vinnandi við concrete vegna stormsins. Eg vann í allan dag. *Slys*. – Joseph Líndal datt í morgun, kl. 8, ofan í saurleðslu-skurðinn (Sewer) og meiddi sig talsvert í höfuðið, hálsinn og víðar. Hann fór heim.

23. sept. Miðvikud. Bæril. veður. Talsveður hiti og logn. Eg vann í allan dag. Joseph ekkert. *Í dag er sauðfé á Íslandi réttað víðast hvar*.

23. sumarvika 1891

24. sept. Fimmtud. Bæril. veður. Eg vann í allan dag við concretina.

25. sept. Föstud. Bæril. veður. Eg vann í allan dag við concretina. Joseph byrjaði að vinna í fyrradag.

26. sept. Laugard. Allgott veður, en þó nokkuð kaldur seinni partdagsins. Eg vann í allan dag við concretina. *Skemmtisamkoma* var haldin í kvöld af söngfél. „Gíggja“ í ísl. félagshúsinu. Skemmtanir voru söngur og ræðuhöld. Tölur héldu: S. Mýrdal (um félagsskap meðal Íslendinga). Mrs. M. Johnson (um uppfærðing). C. Sivertz (um skemmtanir). Eg (um samkomulagið á meðal Vestur-Íslendinga). J. S. Árnason las sögu, M. Olson las sögu. J. Samúelsson las bréf, etc. Skemmtunin var fremur góð.

27. sept. Sunnud. Ágætt veður. Í dag var fundur haldinn í fél. voru „Æfingin“. Fundarstjóri var eg, skrifari J. Tryggvi. Rætt um hvernig stæði á því að Ísland væri ekki komið á herra stig, en það er, í praktiskum framförum. Góður fundur.

28. sept. Mánud. Rigningarskúrir að öðru hverju f.h., en e.h. stórrigning svo ekkert varð unnið hálfan daginn. F.h. vann eg við concretina, en las ísl. Wpeg bl. eftir hádegið, etc.

29. sept. Þriðjud. *Ofsaveður af vestri*. Eg vann í allan dag við concretina þó það væri nærri ófært vegna ofsa.

30. sept. Miðvikud. Bezta veður allan daginn. Eg vann við concretina.

24. sumarvika 1891

1. okt. Fimmtud. Gott veður. Um hádegið í dag vorum vér klárir með opna skurðinn á tanganum og fluttum oss á Moss Str.

2. okt. Föstud. Gott veður. Eg vann við concretina í dag. *Í kvöld fór eg og Tryggvi austur á akuryrkju- og iðnaðarsýninguna* hér í bænum.

3. okt. Laugard. Þykkt loft og suddarigning í morguninn, en rigndi ekkert eftir kl. 7 f.h. Eg vann í allan dag við „concrete“. *Á fimtudagskvöldið var las eg alla söguna af Þórði Geirmundarsyni eftir Ben. Gröndal*. Það er háðsaga um ýmsa menn og ýmislegt.

4. okt. Sunnud. Heiðríkt loft og sólskin. *Eg ritaði Jónatan bróðir í Gardar, N.D.* Eg gekk til J. Jackson og fl. landa. (J. & Ó. byrjuðu ballið!!! et cetera).

- 5. okt. Mánud. Heiðríkt loft og sólskin. Eg vann við concretina í dag.
- 6. okt. Þriðjud. Sama veður og í gær. Eg vann við concretina í allan dag.
- 7. okt. Miðvikud. Sama veður og undanfarna daga. Eg vann í allan dag við conc.

25. Sumarvika 1891

8. okt. Fimmtud. Líkt veður og að undanfarandi. Eg vann í allan dag við concrete. *Ath. 4. okt. fékk eg bréf frá vini mínum Stephan G. Stephanson við Red Deer, og annað bréf fékk eg frá ritstjóra „Hkr.“ (J. E. Eldon). Þ. 5. s.m. fékk eg bréf frá kunningja mínum Jóni Stefánssyni í Winnipeg. – „Et cetera“.*

9. okt. Föstud. Heiðríkt fyrripartinn, en þykkt loft e.h. Eg vann í allan dag við concretina.

10. okt. Laugard. Þykkt loft í morgun, byrjaði að rigna kl. 10¹/₂ f.h. Vér hættum vinnu kl. 11 f.h. og hver fór heim til sín. E.h. rigndi hér um bil ekkert, en eg vann samt ekki e.h. „I made half a day anyhow“. – „Paid by Mc Bean to night“.

11. okt. Sunnud. Gott veður. *Eg gekk til J. B. Johnsons og skildi eftir hjá honum \$160,00 (eitt hundrað og sextíu dollara), sem hann leggur inn á banka fyrir mig. Vextir af því verða 4%. Eg flutti mig í campinn í kvöld. Eg ritaði Ingunni systir, Gardar.*

12. okt. Mánud. Bezta veður. Eg vann í allan dag við concretina. Fæðið í campinum er blátt áfram sagt *bölvað*.

13. okt. Þriðjud. Gott veður. Eg vann í allan dag. *Í gærkvöldi kom „Öldin“ (blað Jóns Ólafssonar) í fyrsta sinni. Eg kaupi hana.*

14. okt. Miðvikud. Rigning að öðru hverju í dag. Eg vann við concretina.

26. sumarvika 1891

15. okt. Fimmtud. Allgott veður. Eg vann í allan dag við þessa gömlu concreta.

16. okt. Föstud. Bæril. veður. Eg vann við concretina eins og vant er.

17. okt. Laugard. Gott veður. Eg vann við sömu vinnu og að undanfögnu. Blað Jóns Ólafssonar (Öldin) er ágætt, vandað að öllum frágangi og betra en nokkurt annað ísl. bl.

18. okt. Sunnud. Bezta veður. *Kl. 9¹/₂ í gærkvöldi veiktist eg og var eg mjög þungt haldinn í alla nótt. Í dag fór eg ekki á fætur fyrr en kl. 10 f.h. og át því engan morgunverð. Eg var mjög slæmur í dag líka. Eg eignaði þó til Jóns kaupm. og ritaði hr. J. E. Eldon, Winnipeg (ritstj. „Hkr.“) en dagsetti það í gær. Eg keypti „Pills“.*

19. okt. Mánud. Gott veður. Eg vann í allan dag við concretina.

20. okt. Þriðjud. Dágott veður. Eg vann í allan dag við concrete.

21. okt. Miðvikud. Dágott veður. Eg vann við concretina.

22. okt. Fimmtud. Rigning hér um bil allan daginn. Eg vann ¹/₂ af daginum.

23. okt. Föstud. Dágott veður í dag. Að vísu kom skúr kl. 3 e.h. og var nóg til þess að við hættum vinnu og vann eg því aðeins $\frac{3}{4}$ dagsins.

NB. *Í dag endar íslenzka sumarið. Nú er algræn jörð hér í Victoria. Eg fékk bréf frá P.P. Bus. Man. „Hkr.“*

1. vetrarvika 1891

24. okt. Laugard. Bæril. veður, en þó sallarigning fyrir hádegið. Eg vann í allan dag. *Í kvöld fékk eg „Katikismus Unitara“.* Þýtt af B. P.

25. okt. Sunnud. Þykkt loft og kuldi. *Eg fékk bréf frá J. E. Eldon. Wpeg. Eg ritaði Business Manager „Hkr.“ P.P. Ég ritaði ritstj. „Hkr.“ J. E. Eldon, Wpeg. Eg dags. bæði bréfin í gær.* Eg var allan daginn í íbúðarhúsi J. B. Johnsons, og tók hjá honum bæði „dinner“ og „supper“.

26. okt. Mánud. Rigning, að öðru hverju allan daginn. Eg vann þó allan daginn. *Ræða S. Mýrdals í „Lögb.“ í dag, „Hkr.“ með bezta móti.*

27. okt. Þriðjud. Rigning að öðru hverju allan daginn. Eg vann þó við concretina.

28. okt. Miðvikud. Rigning að öðru hverju allan daginn. Eg vann þó allan daginn.

29. okt. Fimmtud. Rigningskúrir annarslagið. Eg vann í allan dag við „Concrete“.

30. okt. Föstud. Allgott veður, en þó nokkuð kaldur. Eg vann allan daginn við concretar tilbúninginn, etc.

2. vetrarvika 1891

31. okt. Laugard. Engin rigning, en mjög kaldur. Eg vann í allan dag. Eg hefi aðeins misst einn dag í þessum mánuði (unnið 26 d.).

1. nóv. Sunnud. Bærilegt veður. Eg dvaldi lengst af deginum í húsi J. B. Johnsons kaupmanns. Eg las dálítið í Bandar.-sögu.

2. nóv. Mánud. Rigning lengst af fyrir hádegið. Eg vann aðeins eftir hádegið ($\frac{1}{2}$). *Í dag keypti eg mér regnkápu. Í dag fékk eg bréf frá Jónatan bróðir. Í ísl. Wpeg.bl. er getið um lát Jakobínu dóttir Jacobs Línalds bróðir að Mountain.*

3. nóv. Þriðjud. Rigning í morgun. Eg byrjaði að vinna kl. 9 $\frac{1}{2}$ og vann til kl. 3 e.h. ($\frac{1}{2}$ dag) þá fór að rigna og rigndi það sem eftir var af deginum. *Jón Sigurðsson flutti í campinn í gær.*

4. nóv. Miðvikud. Rigning lengst af fyrripart dagsins. Eg vann aðeins $\frac{1}{2}$ dag. *Ritadi eg vini mínum St. G. Stephanson. Cash City, Alta, Canada.*

5. nóv. Fimmtud. Rigning $\frac{1}{2}$ daginn. Eg vann því aðeins $\frac{1}{2}$ daginn.

6. nóv. Föstud. Bærilegt veður í dag, en vér (eg og þeir sem með mér vinna) gátum ekkert unnið í allan dag fyrir vatni í skurðinum. *Í gær ritadi eg Jóni Stefánsyni, Wpeg.*

3. vetrarvika 1891

7. nóv. Laugard. Bæril. veður. *Eg fékk bréf frá J. E. Eldon, Winnipeg.* Eg vann 1/2 daginn. (William Peter Mac Eachern, John Berg og M. Hanson og Pain unnu ekkert). *Eg ritaði í dag Jacob Lindal bróðir, Mountain.*

8. nóv. Sunnud. Rigning allan daginn (circa). Eg gekk upp á Spring Ridge og sat á fundi í fél. mínu „Æfingin“. Rætt um skemmtisamkomu, sem fél. skyldi halda mjög bráðl. Eg kom því til leiðar að hún verður ekki höfð fyrr en eftir nýár.

9. nóv. Mánud. *Ofsaveður allan daginn, en regnlaust. Í dag fluttum vér af Cook Str. ofan á tanga.* Eg vann í allan dag (og Jón, Fúsi og Joe). Þeir af okkar gamla flokki, sem ekki unnu á laugard. unnu heldur ekki í dag.

10. nóv. Þriðjud. Bezta veður, hér um bil logn allan daginn og sólskin. Eg vann í allan dag (og þeir sömu og í gær). *Í gær fékk eg „Sunnanfara“, „Öldina“ og „Hkr.“* Í kvöld var borgað. Eg fékk \$39,10.

11. nóv. Miðvikud. Rigning við og við og heljarkuldi. Eg vann í allan dag, og þeir sömu og í gær, og þar að auki John Berg og M. Hanson og nýr maður. Mac Eackern var sögð algjörlega upp vinnan. Hann er góður drengur og allfróður og skemmtilegur.

12. nóv. Fimmtud. Fremur kalt veður. Eg vann í allan dag við concretina.

13. nóv. Föstud. Fremur kalt veður. Eg vann í allan dag. *Í gær fékk eg bréf frá J. E. Eldon, og annað bréf frá „Club“ hér í bæ.*

4. vetrarvika 1891

14. nóv. Laugard. Kalt veður. Eg vann allan daginn, f.h. við concrete, en e.h. inn í jarðgöngunum („tunnel“) við að moka. Eg tók yfirfrakkan minn hjá Johnsen.

15. nóv. Sunnud. *Norðan heljarkuldi* í allan dag, og allskarpt frost í nótt eð leið. N.B. Einn landi, Þorsteinn Sveinsson að nafni, varð vitlaus í síðastl. viku, og er það enn. Hann hafði dvalið mjög stuttan tíma hér í bænum.

16. nóv. Mánud. Norðan stormur, kafald og kuldi (kafaldsslitringur f.h.). Eg vann í allan dag við „concrete“.

17. nóv. Þriðjud. Fremur kalt veður. Eg vann í allan dag. Vér byrjuðum í dag að búa til malar-steypuna (mixing the concrete) niður við sjó, og öikum concretinni á cari inn eftir jarðgöngunum (the tunnel). N.B. 17. þ.m. keypti eg skó á \$3 af J. Jackson. N.B. 17. nóv. byrjuðum vér að vinna 9 kl.t. á dag.

18. nóv. Miðvikud. Allbæril. veður. Eg vann í allan dag við sama verk.

19. nóv. Fimmtud. Allbæril. veður. Eg vann við það sama og vant er.

20. nóv. Föstud. Ofsaveður á vestan og sjógangur all-mikill. Eg vann aðeins 1/2 daginn (f.h.). E.h. gátum vér ekki unnið vegna vatns (sjávar) í jarðgöngunum.

5. vetrarvika 1891.

21. nóv. Laugard. *Eg ritaði J. E. Eldon.* Fremur kalt veður. Eg vann ekkert í allan dag vegna sjávar í jarðgöngunum. „*Second Class ticket from here (Victoria) all*

through to Liverpool, England, cost with C.P.R. \$85,50, but by N.P.R. \$95,50. First Class ticket by N.P.R. \$148,00“.

22. nóv. Sunnud. Ágætt veður. Eg gekk (með Mr. J. B. Johnson) ofan á Spring Ridge og sat þar á fundi í fél. „Æfingin“. Rætt um að opna fél. fyrir alm. inngöngu, en það fékk þó ekki framgang.

23. nóv. Mánud. Allgott veður. Eg vann í allan dag. *Kaupið mun nú ekki vera nema \$1,80 á dag, síðan vinnutíminn var færður (17. þ.m.) niður í 9 kl.t. úr 10 kl.t.*

24. nóv. Þriðjud. Bæril. veður. Eg vann í allan dag við það sama.

25. nóv. Miðvikud. Þykkloft mestpart af deginum. *Eg vann ekkert. Var lasinn.*

26. nóv. Fimmtud. Rigning ca. allan daginn. Eg vann í allan dag.

27. nóv. Föstud. Gott veður. Eg vann í allan dag. Jón Sigurðsson lasinn.

6. vetrarvika 1891

28. nóv. Laugard. Bæril. veður. Eg vann í allan dag. *Eg hefi nú verið rétta 1 viku við concretar-caríð. Jón Sigurðsson vann ekki. Var lasinn.*

29. nóv. Sunnud. Rigningarskúrir öðru hverju. Eg gekk til B. B. pósts.

30. nóv. Mánud. Smáregnskúrir. Eg vann allan daginn. Jón ekki.

1. des. Þriðjud. *Ofsaveður og regnskúrir öðru hverju. Eg vann aðeins 1/2 daginn* (og allur gangurinn). Flestir unnu ekkert. Í dag fékk eg „Öldina“ og „Sunnanfara“, „Hkr.“ í gær.

2. des. Miðvikud. Stormur og fremur kalt. Eg vann í allan dag. *Í kvöld fékk eg bréf frá ritstj. „Hkr.“ J. E. Eldon, 121 Lomb. Str. Winnipeg. Jón Sigurðsson kom í campinn í kvöld. (Hann hefir ekki verið í honum nokkra daga.)*

3. des. Fimmtud. Bezta veður. Eg vann í allan dag. Jón vann líka. Eg ritaði J. E. Eldon.

4. des. Föstud. Frost allmikið í nótt, en sólskin og bezta veður í dag. Eg vann aðeins 1/2 daginn og þeir sem með mér vinna.

7. vetrarvika 1891

5. des. Laugard. Bjart og gott veður. Eg vann ekkert í dag né þeir sem með mér vinna. Stendur á klettsprengjingu í jarðgöngunum. *Eg ritaði hr. Birni Johnson í Calgary, Alta.*

6. des. Sunnud. Frost allmikið í nótt eð leið og mjög kalt til hádegis. Í kvöld þykkt loft og rigningarskúrir. Eg, J. Sig., Joe, og Laugi, gengum til Skúla og Árna. Eg gekk svo ofan á Spring Ridge.

7. des. Mánud. Húðarrigning og ofsaveður í alla nótt og allan dag. Vér unnum ekkert. Bl. komu ekki.

8. des. Þriðjud. Húðarrigning og ofsaveður í alla nótt og í allan dag. Engir unnu, sem útivinnu höfðu. *Bl. komu ekki.*

9. des. Miðvikud. Bjart og gott veður, all-heiðríkt og sólskin mikið af deginum. Vér, malar-steypu (concrete) mennirnir, unnum ekkert. *Blöðin komu í dag.*

10. des. Fimmtud. Bæril. veður. Vér unnum allir í dag. Í kvöld var borgað. Eg fékk \$16,80. Jósef og Fúsi hættu vinnu í kvöld. Í fyrradag flutti eg og Jón í Cabin-una.

11. des. Föstud. Bæril. veður. Eg vann í allan dag. *Í gærkvöldi fann eg N. P. McEachern og fékk bréf frá Jacob Líndal bróðir að Mountain.*

8. vetrarvika 1891

12. des. Laugard. *Húðar-rigning og bleytukafaldsslettingur allan daginn og gjörði circa tveggja þuml. djúpan snjó í kvöld. Þetta er fyrsti snjórinn sem komið hefir hér síðan og kom hingað. Eg vann í allan dag samt sem áður inn í jarðgöngunum.* Eg sat lengi hjá McEachern.

13. des. Sunnud. Gott veður. Eg gekk upp á Spring Ridge og sat á fundi í fél. „Æfingin“. *Umræðuefni: Hvernig verður best bætt úr framfaraleyfi Íslands* (Eg kom með till.). Umræðum var frestað til næsta sunnud. Meira síðar.

14. des. Mánud. Rigningarskúrir annarslagið. Eg vann í allan dag. *Í kvöld fékk eg bréf frá J. E. Eldon, Wpeg. og „Hkr.“ og „Öldina“ etc.* Eg gekk til Villa.

15. des. Þriðjud. Bæril. veður. Eg vann í allan dag í jarðgöngunum.

16. des. Miðvikud. Bæril. veður. *Allur snjór fór („tók upp“)* á mánud. var. Nú er alauð jörð og græn ennþá.

17. des. Fimmtud. Ágætt veður. Eg vann í allan dag. Búið að leggja 350 fet.

18. des. Föstud. Rigning að öðru hverju. Eg vann í allan dag. Lagður trackur í dag.

9. vetrarvika 1891

19. des. Laugard. Allgott veður. Eg vann í allan dag. Eg og J. S. hittum Tr. niður í bæ. *Eg ritaði J. E. Eldon, Winnipeg.*

20. des. Sunnud. Húðarrigning í allan dag að heita má. Eg fór á fund í fél. „Æfingunni“. Rætt um framför Ísl.

21. des. Mánud. Gott veður í allan dag. Eg vann í dag í jarðgöngunum.

22. des. Þriðjud. Húðarrigning og ofsaveður í allan dag. Eg vann að því sama og vant er (concrete).

23. des. Miðvikud. Gott veður. Eg vann í allan dag við hið sama.

24. des. Fimmtud. Gott veður. Eg vann í allan dag í jarðgöngunum.

25. des. Föstudagur. = jóladagur. Bezta veður. Í gærkvöldi gekk eg uppá Spring Ridge og var þar í nótt hjá Mr. E. Brynjólfssyni. Við og Tryggvi o.fl. vöktum fram á nótt. Jólátréssamkoma var í gærkvöldi í ísl. kirkjunni, etc. *Eg fékk í gærkvöldi bréf frá Jóni Stefánssyni, Winnipeg.*

10. vetrarvika 1891

26. des. Laugard. Bæril. veður til háð. en rigning e.h. Eg vann í allan dag. *Eg ritaði John Stephenson, Wpeg, Man.*

27. des. Sunnud. Húðarrigning fram yfir háð. og smáskúrir einnig e.h. Eg fór á fund í féll. „Æfingin“. Rætt um sama mál og á 2ur síðastl. fundum (: Framf. Íslands). Eg, C. Sivertz, J. B. Johnson vorum með járnbraut og akveginn o.fl. sem fyrsta skilyrði fyrir framf. Ísl.

28. des. Mánud. *Húðarrigning og ofsaveður í alla nótt og að heita mátti í allan dag.* Við gátum ekki unnið í jarðg. fyrir sjávangangi (jarðgöngin full af sjó).

29. des. Þriðjud. Ath. *Veður* það sem eg gat um hér að ofan að hafi verið í gær er rangt, það var í dag. *Veðrið* í gær, var að vísu nokkuð líkt, en þó miklu mildar en í dag. Eg vann í allan gærdag, ekkert í dag, vegna sjávangangs og ofsa. Eg las „Hkr.“ og Lögb. etc.

30. des. Miðvikud. Gott veður að kalla má í allan dag. Eg vann ekkert og þeir sem með mér eru vanir að vinna. *Í dag ritaði eg Jonathan bróðir að Gardar og sendi honum \$50,00 með N.R. Express Co til Milton.* Eg keypti nýja dagbók, pappír, umslög og frímerki. Öldin kom til mín í dag. Í henni eru allheppileg og verðskulduð hnýfilyrði til E. Hjörl.son og séra Fr. J. Bergm. Skýrsla af fundinum á Mountain.

31. des. Fimmtud. = *gamlaársdagur.* Rigningarskúr annað slagið, og í kvöld rigndi mikið. Eg (og félagar mínir) vann aðeins $\frac{1}{4}$ af deginum, urðum að hætta vegna vatns. *Í kvöld er skemmtisamkoma í ísl. kirkjunni hér, er söfn. og söngfél. standa fyrir. Í kvöld giftist Magnús Olson Miss Sigríði Skúladóttir.* Eg var heima í allt kv. að lesa í bl. og kom aldrei á samkomuna enda þótt eg væri margbeðinn að halda þar ræðu. „Et cetera“.

XIII. Jón Kjærnested

Dagbókarbrot 1887, fjölskyldubréf og ferðasaga frá 1889

Jón Kjærnested.

Árið 1887. Hestavör.

*Júníar h. Njásth. Þetta, með júlímaðum og
 bláttíðum — Ég vakinn heild og vélega hl. þessum
 í líti, skrifu lítið og stundum meira og
 heimilisfólki með dauð-glæði að bráðinn
 líti — í Hestavörin. Þessi tíðin er í þessum
 áttundum og í líti að fjöru og þessum tíðum.
 1. 2. Stór. Stórur, með þessum líti. Þessi tíðin
 — Hestilist (þessum) er með fjöru.
 2. 3. Stór. Þessi tíðin er með fjöru. — Þessi tíðin
 er með líti.
 4. Þessi tíðin er með fjöru. — Þessi tíðin
 er með fjöru. — Þessi tíðin er með fjöru.
 5. Þessi tíðin er með fjöru. — Þessi tíðin
 er með fjöru.*

Úr dagbók Jóns Kjærnested 1887.

Jón Kjærnested fæddist í Meirihlíð í Hólshreppi í Ísafjarðarsýslu 20. maí 1861. Foreldrar hans voru Friðfinnur Jónsson Kjærnested trésmiður og Rannveig Magnúsdóttir og var Jón þriðji í röð 12 systkina, en sex þeirra dóu ung. Jón var snemma bókhneigður og var settur til náms hjá sr. Ólafi E. Johnsen á Stað á Reykjanesi veturinn 1877-1878. Veturinn 1879-1880 kenndi Jón börnum á heimili foreldra sinna og var það upphafið á ferli hans sem barnakennari.

Veturinn eftir nam Jón búfræði á Mýrum í Dýrafirði en hóf eftir það að undirbúa sig undir nám í Lærða skólanum. En hann eirði ekki við latínunámið og í dagbók sinni í mars 1884 segist hann ekki vera nægilega undirbúinn fyrir inntökuprófið þá um haustið og sneri hann sér þess í stað að kennslu og stundaði hana þar til hann flutti til Vesturheims árið 1889. Jón var forkólfur í margvíslegum menningarfélögum, var m.a. félagi og bókavörður í Lestrarfélagi Hnífsdælinga 1882-1886 og Lestrarfélagi Hesteyrar 1886-1887. Hann stofnaði einnig Menningarfélag Bolungarvíkur skömmu áður en hann flutti vestur um haf og var félagi í leikfélaginu Comedia á Ísafirði.

Jón Kjærneð flutti til Kanada í júnímánuði 1889 en ári áður hafði systir hans haldið vestur og föðurbróðir þeirra hálfum öðrum áratug fyrr. Fyrsta veturinn vann hann við landbúnaðarstörf og sinnti kennslu en hún átti eftir að verða hans aðalstarf næstu árin auk þess sem hann nam sjálfur við Manitoba College í tvo vetur. Frá árinu 1904 bjó Jón á Winnipeg Beach og starfaði þar lengi sem lögregluþjónn. Hann vann mikið að félagsmálum vestanhafs, bæði í Þjóðræknifélagi Íslendinga og stúkunni Heklu. Hann var einnig afkastamikið skáld, þótt lítið liggi eftir hann á prenti, en Jón orti yfir 5000 kvæði sem varðveitt eru.¹

Jón kvæntist Svöfu Jónsdóttur Strong árið 1892 og eignuðust þau 5 börn og náðu 3 þeirra fullorðinsaldri. Svafa lést árið 1930 en eftir lát hennar bjó Jón, ásamt Einari syni sínum, á Winnipeg Beach til dauðadags, 1. maí 1941.

Í skjalasafni Manitobaháskóla er varðveitt mikið af gögnum frá hendi Jóns Kjærneð, m.a. dagbókarbrot, bréf og endurminningar. Hér birtist dagbókarbrot frá árinu 1887, æviþáttur Jóns sem ber yfirskriftina „Ameríkuför mín“ og bréfaskriftir innan fjölskyldu Jóns sem að mestu snúast um Vesturheimsferðir.² Bréfitarar, auk Jóns, eru faðir hans, Friðfinnur Kjærneð, Kristján V. Friðfinnsson og Elín S. Friðfinnsdóttir.

1 *Register. Jon Fr. Kernsted manuscript collection. November 1992.* Skrá yfir handrit Jóns Kjærneð ásamt æviágripi hans.

2 *Mss. Isl. 1 – Persónuleg gögn Jóns Kjærneð.*

Árið 1887. Hesteyri

Janúar

1. Nýársd. Vestan, með jeljum og blástur. – Ég vakna hress og rólegur, lít stundum í bók, skrifa lítið eitt og skemmti mér og heimilisfólki með dans-gleði að kveldinu.

Hér – á Hesteyri í Aðalvíkursókn – er ég kennari í vetur (eins og í hitt eð fyrra) og hef nokkur börn.

2. Snd. Norðan, með kafaldsbyl seinni partinn. – Hvílist (kappræði um fríviljann).

3. Sorta-kafaldsbylur norðan. – Kenni (hefst annað lítt að).

4. Norðan, kafaldsbylur. – Kenni (að kveldi reikna ég út vitnisburði barna yfir desembermánuð).

5. Austan og austnorðan blástur. – Kenni. Í kveld byrja „gömlu jólin“ því Þrettándi er hjer nirðra haldinn heilagur að fornum sið. Kveykjum ljós að kveldinu á hjálmi (úr tré) með 12 liljum [er ég nefni (hjálminn): postulana, því 12 eru ljósin] og þá sálmásöngur, en svo danz-gleði fram á nótt.

6. Þrettándi. Kafald aust-norðan. – Held eigi skóla.

7. All-bjart veður, norðan. – Kenni (tek til að laga og semja grein í Þjóðviljann um „fiskiveiðarnar“).

8. Kafald norðan. – Kenni (gjöri lítið annað).

9. Snd. Norðankafald. – Í nótt vakti ég að gaman-rabbi (masi), fram undir fótaferðatíma, hvílist.

10. Austanblástur. – Kenni (les: „Om Digere“).

11. Logn og heiðríkt veður, (sól). – Kenni (skrifa í lestrarfélagsskrár okkar).

12. Bjart veður framan af (deginum), en kafaldsbylur seinnipartinn. – Kenni. Héðan er róið.

Fréttist: að 3 menn hafi farist í snjóflóði á Ingjaldssandi og maður hvorfið af Óshlíð.

13. Austanblástur. – Í nótt hef verið á tali við (kunningja minn) Sigga, stúlku (hans) viðkomandi. – Kenni (er sífjaður).

„Þjóðviljinn“ getur um að: „Snjóflóð varð 3 mönnum að bana á Ingjaldssandi í vikunni fyrir jólin“ (Sbr. hér að framan).

14. Hvass suðrænn blástur. – Kenni (skrifa ábyrgðarmanni Þjóðviljans með grein (minni) um „fiskiveiðarnar“).

Heyrist að 30 manns hafi verið á Ísafirði, lagt af bæjarsjóðnum, fyrstu 10 dagana eptir nýárið (flestir af því aðvífandi rusli (fólki) sem nú er í bænum).

Porkell snikkari (af Ísafirði, er fór þaðan í sumar) hve hafa skrifað frá Ameríku og sent konu sinni peninga (að sagt er 150 krónur), hann hve láta vel af sér þar og vinna sér inn 12 krónur um daginn.

Hér í sveitinni eru nokkrir menn að hugsa til Ameríkuferðar.

15. Hæglátt veður austan. – Kenni.

16. Snd. Hvass sunnan. – Hvílist (saga borð að kveldinu í bókaskáp handa lestrarfélaginu okkar).

17. Logn og drungi. – Kenni (smíða að kveldinu bókaskáp handa lestrarfélagi okkar Hesteyringa).

18. Útsynningur og norðan. – Kenni (lík við smíði að kveldinu, á bókaskáp handa lestrarfélagi okkar).

19. Stíllt veður. – Kenni (boða fund í lestrarfélagi voru).

20. Kafaldsbylur, vestanútsynningur. – Kenni.

21. Porri. Vestankafald. – Kenni (skrifa Elínu systir. Fæ bréf úr Hnífsdal – frá Guðmundi í Hrauni, er ég sendi einnig bréf, dagsett 18. þ.m. og í dag þar með innlagður seðill – og er mér sagt í því, að valla muni þeirra núverandi kennari (Eggert gamli Jochumsson) úldna þar, heldur enn hinir kennaramir. Nokkrir eru í Hnífsdal sem sakna mín.

22. Kafalds-jel vestan (frostlaust). – Kenni.

Maður hafði ráðið sér bana í Vigri um jólin (jóladaginn). Og maðurinn (σ: Bjarni Helgason) sem hvarf af Óshlíð í vetur (sjá 11. þ.m.) hefir eigi fundist enn, hald manna er, að hann hafi hrapað í sjóinn úr Pallinum.

23. Snd. Vestan, með dimmum jeljum (frostlaust veður). – Hvílist (stíri lestrarfélagsfundi, les upp reglugjörð félagsins og ljæ félaginu bækur).

24. Heiðríkt veður og sólskin. – Kenni (dóta við skript).

25. Pálsm. Útsynningur með jeljum. – Kenni.

26. Suð-austan (blástur og kafald). – Kenni. Mér sárnar, hvað ég er og hef verið á eptir tímanum.

27. Hafvestanblástur (hvass). – Kenni. Póstur kemur (og gistir hér). Ég fæ ekkert bréf með pósti en frétti að faðir minn sé ef til vill, að hugsa um að komast til Ameríku. Skrifa honum og hvet hann til þess, ef hann geti afklofið það, segist þar vilja margt til vinna.

Hefðu menn farareyrir mundu margir fara til Ameríku í sumar, vegan harðindanna sem eru.

Skrifa mömmu og lofa henni lítilsháttar, er hún mæltist til (bréflega) af mér í vetur. Bið hana að segja Kristjáni bróðir, að mér þykji hann latur að skrifa mér. Hveðst vonast eptir bréfi með næsta pósti að heiman.

28. Kafaldsbylur hafvestan. – Kenni. Póstur. Eiríki og Jóhannes gefur eigi (inn fyrrnefndi þeirra hefir bústað hjá mér).

29. Hafvestan kafalds-bylur. – Held miðsvetrarpróf (börnin fá góðan vitnisburð).

30. Kafald hafvestan (all-bjart, en hvass). – Hvílist.

31. Norðan (aust-norðan) kafalds-bylur. Raða börnunum eptir mánuðinn.

Hlaupið hafði snjór með 2 menn, á dögnum úr Kleifinni hér nyrðra, en varð ei að skaða. Kona (Ingveldur Sigurðardóttir, ekkja á Sæbóli) dó (úr verk) í þessum mánuði, hér í sveitinni. Fannfergja er mikil og hart í ári hjá fólki, en afli hve lítill nú sem stendur.

Febrúar

1. Bjart veður norðan. – Kenni. Póstur fór héðan fyrst í morgun.

2. Kyndilm. Kafalds-blynd-bylur norðan (svartasti kafalds-bylur enn á vetrinum). – Kenni.

3. Norðan, kafald framan af deginum, en bjart veður (og tunglskin) seinni partinn. – Kenni.

4. Hafvestanblástur (og sólskin). – Kenni (og skrifa meðfram).

Lítill frost hafa mátt heita í vetur (lítið eitt á jólafoðstunni), en síðan 29. f.m. hefir verið frost talsvert.

5. Vestanblástur. – Kenni (les réttitun meðfram). Síðan með nýári hef ég haft pilt (Bárð) í frikennslutíma (í dönsku og skript) og nú tek ég annan pilt (Guðbjart).

6. Snd. Níuv. fasta. Ofsa-rokviðri vestan. – Hvíldist (les: „Om Forelskelse“).

7. Vestan, hæglátt veður. – Kenni (les: „Om Forlovelser“).

8. Kafald vestan. – Kenni (les: „Om Febersvende“).

9. Vestankafald. – Kenni.

10. Logn og sólskin. – Kenni.

Harðindi að fréttu af Ströndum, fólk farið að hneppast, konulát þaðan.

11. Suðrænn, mildið veður. – Kenni (ræði að kveldinu um Ameríkuferðir).

Menn héðan sækja (konu-) lík á Strandir .

12. Þýðviðri, vestan og regn. – Kenni (og skrifa meðfram).

Þeir héðan, koma með líkið af Ströndum og halda með það á (út í vita) til grafar.

13. Snd. Rok-hvass vestan. – Kenni.

14. Vestan, þýðviðri (hvass mjög). – Kenni (og skrifa meðfram).

15. Kafald og blástur vestan (hafvestan). – Kenni (og skrifa meðfram).

16. Vestankafald. – Kenni (og skrifa meðfram).

17. Logn og miska (útnorðan). – Kenni (síðan 14. þ.m., hefi ég verið mjög iðinn við að laga og skrifa gömul uppköst mín og er nú þegar búinn).

18. Hæglátt veður með jeljum (hafvestan). – Kenni (og hreinsa til ýmisleg skrif mín).

Fréttist: um 2 skipskaða í Bolungarvík (vestar) en komist hafi af formennirnir: Hávarður og Hreggviður. Og um 5 skipskaða að sunnan, eptir hafi orðið 7 ekkjur og 30 börn.

19. Kafalds-jel (útsynningur). – Kenni (fæ bréf frá Hlín, er nú segist vera orðin trúlofuð).

20. Snd. í föstunng. Góu bylurnorðan. – Hvílist (syng með börnunum).
21. Norðan (með kafaldsjeljum). – Kenni (skemmtum oss með grímuleik að kveldinu, og ég áforma að gefa út skrifað blað um tíma, í samvinnu við aðra unga menn).
22. Sortar- kafalds-bylyr norðan. – Kenni (syng með börnunum).
23. Öskud. Norðan, hæglátt veður. – Kenni (og undirbý mig með blaðið).
24. Hæglátt veður austan. – Kenni (les: „Om Honnet Ambition“).
25. Austanblástur. – Kenni (les: „Et meget farligt Æmne“).
26. Blástur og steypiregn, suðaustan. – Skrifa á almennum sveitarfundi. Síra Páll Sívertsen, síra Pétur Mokk gista hér (hjá mér í herbergi) og Hjálmar hreppstjóri í Skáladal eru alls 12 gestir hér (á Hesteyri) að nóttinni. – Póstur kom í dag og fékk ég eitt bréf og skrifaði foreldrum mínum nokkrar línur.
27. Snd. Gott veður (austan) og sólskin, gestir fara. – Hvílist.
28. Hæglátt veður og sólskin. – Raða börnunum (og skrifa Árna frænda mínum með Sigurði Gíslasyni, sem fer héðan í dag á sýslufund).

Marz

1. Vestan með rigning og blástur. – Kenni (gef 1. númer af mínu skrifaða blaði „Hesteyring“ út).
2. Með kafalds-jeljum vestan. – Kenni.
3. Logn, en kafald (vestan). – Kenni (syng með börnunum, fæ bréf úr Hnífsdal).
Tvær yfirsetukonur: Margrét og Bergljót héðan úr sveitinni, komu (í dag) frá námi af Ísafirði, báðar útskrifaðar.
- Frétti að faðir minn hafi gengið fyrir samskotum (á Ísafirði) fyrir Hávarð, er varð fyrir skipskaða á dögunum).
4. Norðan, kalt veður.
5. Sólskin og vestanblástur.
6. Snd. Vestanblástur og sólskin. Hvílist (er lumpinn).
7. Norðan, hæglátt veður.
8. Kafald norðan og frost.
9. Norðan (austnorðan?) kafald og frost.
10. Hæglátt veður og frost, sólskin. – Kenni (fæ bréf af Ísafirði og sendelsi það-an).

Heyri að Kristjáni bróðir mínum hafi verið stefnt fyrir æðikolluskot.

Á almennum sveitarfundi 26. f.m. var samkvæmt beiðni sveitarmanna, ákveðið að ég yrði hér í sveitinni við garðrækt á komandi vori, en þar annar maður var í boði og sýslunefndarmanninum (Sigurði Gíslasyni, er kom í dag – sveitin fær styrk úr sýslusjóði) hefir snúist hugur um að fá mig (meðan hann var á fundinum) verð ég eigi við þann starfa hér – en sem flestum öðrum líkar þó miður.

Lán úr landsjóði og þar af fyrst um sinn úr sýslusjóði, var og ákveðið að fá (á sveitarfundi hér 26. f.m.) í harðærinu sem nú gengur (svo menn voru sendir á Ísa-

fjörð, eptir korni þ.m.) en því var synjað (af sýslufundinum). Samt lánaði prestur (síra Páll Sívertsen) út úr kyrkjureikningum fyrir korni, á annað (150?) krónur.

Sagt er, að fólk (hér víða í sveitinni) muni bráðhungra niður (af fátækt) sé því eigi hjálpað. – Margir munu lifa á helmingi minna nú, enn á góðárunum.

11. Logn og sólskin.

12. Sólskin og logn. – Kenni (bý mér til bréfhúfur handa börnunum).

13. Snd. Hægð og sólskin. – Hvílist (hef skemmtigöngu með börnunum. Tala við Beggu um leyndarmál hennar og lofa henni minni aðstoð).

14. Logn. – Kenni (tala við Sigga um leyndarmál þeirra systkinna).

15. Vestan (hægð). – Kenni (undirbý oss undir skemmti á morgun og alset skólann myndum).

16. Gvöndardagr. Kafalds-jel, norðan. – Held börnunum skemmti (öll ljósklædd með bréfhúfum). Skólinn alsettur myndum – og tjaldi afsíðis. Börnunum skemmt með söng – kvæði eptir mig er gamli Gvöndur biskup kemur inn í – dansgleði og lítilsháttar vistum og víni. Er skemmtun frá morgni fram á kvöld.

17.-20. Snd. Norðan myrkviðris-bylur og frost (mest í vetur). – Kenni (les: „Om Kritikens Opkomst“ og „Om Riddertidens Herligheder“).

21. Kafaldsbylur, norðan (hinn mesti bylur er virðist hafa komið í vetur).

22. Einmánaðar-koma. – Samkvæmi hér, veitt af stúlkunum svo ég held eigi skóla. Ég mæli nokkur orð (munnl.) um Einmánuð að fornu og nýju hjá konum fyrir og síðar og bending til karlmanna.

23.-24. Norðan (gjóstur). Kenni (– og færi í lag hjá mér eptir skemmtanirnar). Skorið frá heyjum, hér á bæ og víðar.

25. Boðunard. Maríu. Logn. – Held eigi skóla (póstbréf koma, ég fæ boð frá síra Pétri í Grunnavík um bók: Skuespillerensplads, er ég sendi og skrifa honum nokkrar línur). Koma sótt á sleða á Strandir.

26. Vestanblástur. – Kenni (boða aðalfund í lestrarfélagi okkar).

[Hef látið þessa viku Beggu skrifa afsögn til Fúsa í bréfi (18. þ.m.) frá Sigga bróðir hennar].

27. Snd. Logn og blíða. – Hvílist.

28.-30. Hægviðri og stundum kafald. – Kenni (skrifa – Hætti við mitt skrifaða blað „Hesteyring“).

Á mánudaginn 28. þ.m. sendi Rakúel Kristjánsson „kíkir“ sem ég má hafa þar til við finnumst.

31. Sólskin og logn. – Raða börnunum eptir mánuðinn (og meðfram skemmti mér og þeim út í góðviðrinu. Sendi foreldrum mínum bréf (skrifað 29. þ.m.) og þar innaní frænku minni Halldóru (skrifað 16. þ.m.) með ferð héðan (o: Strandamönnum).

Róið hefir verið héðan undanfarandi daga, en lítið sem ekkert um fisk.

Þennan mánuð hefir hér opt verið glaðværð (meir enn að undanfögnu í vetur) svo með því hefir dálítið kastast leiðinda-gríma, bæði af sjálfum mér og öðrum.

Apríl

1. Hvass vestan. – Kenni (og skrifa meðfram).
2. Blástur (norðan).
3. Pálmasunnud. Norðan, kafalds-bylur. – Hvílist (held aðalfund í lestrarfélagi okkar Hesteyringa).
4. Austan (hæglátt veður). – Kenni (og skrifa meðfram í dagbók mina – mér er það valla mögulegt, þó ég sé að pínast með dagbók).
5. Vestan (norðvestan) blástur. – Kenni (skrifa).
Strandamenn (Hornstrendingar) komu úr kaupstaðnum í dag (er fóru 31. n.m.). Fólk á Ísafirði hafði spurt eptir mér, hvert ég mundi ekki frá í leiðindum – jafnvel þunglyndur, að vera hér. Það er þó eigi tilfellið því í rauninni lifi ég fremur snotru lífi hér nyrðra – þó ótrúlegt kunni að vera. Heilbrigði hjá foreldrum mínum. Góð-fiski vestra.
6. Blástur og rigning, vestan. – Kenni (gef páskafrí börnunum).
[Rispa Guðm. Helga á Stað, um að senda mér 4,50 auro sem ég á hjá honum. Og síra Páli, um að styrkja lestrarfélagið okkar hér, fá leiðbeiningar um vanal. spursmál við ferminguna og að eigi verði ég hér í sveit við jarðrækt í vor. Einnig sendi ég lestrarfélagsbækur og bréf Hjálmari í Skáladal og Hannes í Miðvík]. Fundardagur að Stað.
7. Skírd. Norðanblástur. – Held heilagt (skrifa bréf – les í bók).
[Fæ bréf að heiman (frá mömmu) og bréf frá Guðm. Helga á Stað (og pening-ar með)].
8. Langi frjád. Logn fram að hádegi, svo rigning. – Held heilagt (skrifa bréf).
Læt hugann fljúga til kunningjanna í suðrinu, héðan – þar sem ég sit einn í herbergi mínu – frá norður-skauti íslenzkra stranda, með að óska þeim allrar hamingju og kveðst lifa hér eins og spikaður selur.
9. Rigning (steypiregn). – Skrifa bréf m.fl.
10. Páskad. Kafald vestan. Held heilagt (les í bók – byrja ræðuorð mín).
11. (Annar í páskum). Hægt veður norðan. – Hef kyrrð (skrifa ræðuorð mín).
Póstur kom í nótt, um miðnætti (Ásgrímur) og fór þegar aptur. Ekkert bréf fékk ég með honum.
[Sendi þessum bréf: Pabba og mömmu og Kristjáni bróðir, og svo Elínu systir (Stykkishólmi). Síra Árna, Guðm. Sveinsyni í Hnífsdal og Guðm. í Hrauni – öll skrifuð á skírdag og langa frjádag].
Vertu ekki sjúkurlingur af forni og einstreingingsskap.
12. (Þriðji í páskum). Blástur austan og sólskin. – Kenni (enda ræðuorð mín).
[Sendi bréf: Hannes í Miðvík (spurði um lestrarfélagið), Guðjóni Þorsteinssyni (féhirði), skrifað 9. þ.m.].
Hrís (og víðir) er rífið. – Hér er hrís og víðir tálgaður niður handa skepnum.
13. Stillt veður, en gjörir vestan þegar á daginn lýður. – Kenni (boða seinasta fund í lestrarfélagi okkar).

Sigurður Gíslason leggur af stað í ver, út í Skáladal, en verður að snúa aftur veðurs vegna.

14. Míldið veður (úr hafi?). – Kenni (gjört að aðalpróf haldist 18. þ.m.).

Prestur kveðst ætla í ferð og mælist bréflaga til, að fólk komi til kyrkju næstkomandi sunnudag.

15. Blástur vestan (þýðviðri). – Kenni (börn skrifa prófskript).

Menn héðan fara í ver (Stöðina).

16. Suðaustankafald. – Kenni (spyr börnin).

S. Gíslason fer í ver (Skáladal).

17. Snd. Kafald (ísing) norðan. – Hvílist (held seinasta fund í lestrarfélagi okkar).

[Guðm. Þorsteinsson og ég sendum presti bréf um að vera hjá okkur við aðalprófið sem nú fer í hönd].

18. Kalt veður norðan (mikið frost og með kafaldi). – Held aðalpróf, síra Páll Sívertsen viðstaddur.

19. Stillt veður og sólskin (hált yfirferðar). – Reikna út vitnisburði (barna) eptir aðalprófið. – Les síra Páli yfir skilnaðarorð mín (er honum þykja tignarleg og þrumandi) og fylgi honum síðan á leið.

20. Blítt veður og sólskin. – Seigi upp skóla.

[Gef börnunum skrifbækur og penna]. Fer til gamans með börnunum eptir dálitlu af mó í grafir. Veturinn er liðinn. Ég hef aldrei verið eins kvíðinn fyrir vetrinum og í haust, áður enn ég fékk atvinnu við kennsluna, en hamingjan rétti vel úr því fyrir mér, svo ég hef ekkert vitað af þeirri hungursneið sem yfir hefir geysað.

21. Sumard. fyrsti. – Norðankafalds-bylur. – Hefst lítt að.

22. Kafalds-bylur norðan (einhver hinn seinasti). – Læt börnin lesa.

23. Norðankafalds-bylur (lítið bjartari enn í gær). – Læt börnin lesa.

24. Snd. Fjallbjart veður. Kveð börnin og fólk með ræðuorðum.

[Mér borgaðar 40 kr. í peningum (10 kr. á barnið)].

25. Kafalds-bylur.

26. Norðankafalds-bylur.

Síðan á sumardaginn fyrsta hefir verið kafalds-bylur norðan og frost mikið.

27. Blítt veður og sólskin. – Býð burtfarar minnar héðan.

28. Logn austan og sólskin. – Fer héðan að morgni, stýri út í kælu yfir Djúpið, stingum stafni við í Hnífsdal og fáum blæjalogn inn Skutilsfjörð.

Krók að Ísafirði

Allir hressir heima fyrir og fagna komu minni (raða niður í herbergi mínu og veiti flutningsmönnum mínum beina).

29. Hæglátt veður. – Tek upp dót mitt og heilsa kunningjunum.

30. Blítt veður og sólskin. – Hefst lítt að.

Maí

1. Snd. Norðanblástur og sólskin. – Geng út í Hnífsdal að heilsa kunningjunum þar.

2. Stillt veður og sólskin. – Dóta heima við. (Fiskast).

3. Logn. Fæ mér hlífðarföt. Hlaðfiski.

4. Blítt veður. – Ræ með Kristjáni bróðir mínum [sem nú er fyrsti formaður og er á bát föður okkar hér frá húsinu] og fæ ég í hlut í gærkveldi og dag 54 fiska.

5. Hæglátt veður (og hjaldur). – Ræ með Þórði og fæ 14 í hlut.

6. Kongsbænad. Logn og regn. – Geng í kyrkju.

7. Logn og svo hvass (austan). – Ræ með Þórði, 6 í hlut.

8. Snd. Drungaveður og regn. – Hvílist.

9. Stillt veður (og ísing). Ræ með Kristjáni bróðir, 14 í hlut. Kaupi á uppboði hallamælir m.fl.

10. Gott veður. – Er í landi til þess að reyna að fá fargjald til Amíríku hjá Guðm. Péturssyni, en fæ svo sem ekkert loforð fyrir því.

11. Logn og sólskin. Róta til bókum mínum.

12. Stillt veður og sunnan (hvass). – Raða til handritum mínum.

13. Sunnanleysing. – Rita nöfn á bækur mínar.

14. Hvass vestan og rigning.

15. Snd. Vestangjóstur og hregg. Hvílist (rápa). Kr. Pálsson og Bjarney giptast.

16. Logn, svo norðanstormur og kafald. – Ræ með Kristjáni bróðir mínum (fátt um fisk).

17.-18. Kafald og frost. – Yrki og skrifa.

19. Uppstigningard. Norðangjóstur. – Held kyrru fyrir.

20. Kafald norðan og hafís. – Rita númer á lestrarfélagsbækur.

21. Hæglátt veður norðan og hafísrek. – Skrifa.

22. Gjóstur norðan og frost. – Hvílist (skrifa bréf m.fl.).

23. Kafald. Stillt veður og sólskin. – Skrifa.

[Bréf að Hesteyri: hjónunum Guðm. og Rósu, Bjarti, Sigurði, Sigga (22. þ.m.) Jens og sama bréfið börnunum Gumma, Jónas, Önnu og Begga. – Einnig lestrarfélaginu (21. þ.m.) og gjörðabókin með].

Ærlógsmennirnir af Díönu eru hér að skjóta inná túninu. Thyra kemur.

24. Hæglátt veður. – Legg fram lóðir með Kristjáni bróðir mínum.

Sé prentaðan *Kafla úr bréfi* eptir mig í „Þjóðviljanum“.

25. Hvass út á Djúpið. – Ræ með Kristjáni bróðir mínum, 3 í hlut.

26. Gott veður. – Var slappur í nótt svo ég nennti ekki á sjóinn, en sit við að skrifa í dag og ganga með seðil fyrir síra Þorvald. Síldaraflí 7 tunnur.

27. Stillt veður og sjólæðu-þoka. – Hlýði á vorpróf barna í skólanum, skrifa leiðbeiningar um Strandir, o.s.frv.

28. Logn og sólskin. – Vinn hjá Enskum. Vel inn fisk, á síld í gær og í dag.

29. Hvítasunnud. Vestanblástur. – Held kyrru fyrir (er með [] að morgni – sef).

30. Blástur vestan. – Geng í kyrkju (börn fermd).

31. Vestan, hæglætis blástur. – Vinn (að „ballestbringing“) hjá Enskum. Hlaðfiski á síld.

Júní

1. Stillt veður sunnan. – Vinn hjá Enskum.

2. Blítt veður (austan). – Hefst lítt að.

3. Logn og sólskin. Dóta heima við og ræ að kveldi fyrir pabba.

Mér gafst kostur á að sigla með þeim Ensku sem ég var að vinna hjá á dögum, til Liverpool á Englandi en mér leizt þó ei, en nú er skipið að fara.

4. Hæglátt veður. Haffishroði er nálægur. – Sef lengstum, kynni mér Ensku, skrifa.

5. Trinitatis. Austnorðanblástur. – Hvílist (sit við skript).

6.-11. Fremur stillt veður alla vikuna. – Ræ með Kristjáni bróðir mínum (því nú er Friðrik einn háseti hans á förum) og fiskað á síld fremur vel.

12. Snd.

13.

14.-15. Hæglátt veður. – Róum (færra um fisk enn að undanfögnu).

16.-17. Vestanstormur. – Hefst lítt að (að víni í gær, yrki í dag og smíða).

18. Stormur vestan. – „Vaska“ fisk með Kristjáni bróðir mínum.

19. Snd. Vestanstormur. – Hvílist (hlýði á norskan fyrirlestur guðlegs efnis. Ræðumaðurinn talaði blaðalaust, líkaði mjög vel. Guðfræðilegur fyrirlestur hafði og verið haldinn af öðrum norskum manni, á sunnudaginn að var).

20. Stormur vestan. – Hefst lítt að (hugsa um Ameríkuferð, en vantar meginpart fargjaldið).

21.-25. Hæglátt veður. – Tilreiði kálgarð foreldra minna (h. 22. þ.m.), er við fiskþurkun og stunda róðra.

Eptir langa bið kemur strandferðaskipið „Laura“ (25. þ.m.). Með því fer héðan af Ísafirði margt fólk til sveitar sinnar. Þar á meðal Þórður Gunnlaugsson héðan úr húsinu og öll hans familía (til Patreksfjarðar). [Sendi bréf Ellu systir (20. þ.m.)].

26. Snd. Gott veður. – Hvílist.

27.-30. Hæglátt veður og regn stundum. – Stunda róðra, og fiskum dável.

Júlí

1.-2. Sólskin og hæglætisblástur. – Annan daginn við fiskþurkun, en hinn fer ég á sjó.

[Skrifa Gumma og Beggu á Látrum bréf, sitt hverju (1.-2. þ.m.), þau senda mér 50 egg].

3. Snd. Blástur og sólskin. – Hvílist (skrifa 5 bréf).

Hjá mér gisti Jón frændi minn frá Suðureyri í nótt.

4.-9. Hreinviðri og þurkur. – Stunda róðra.

Í dag, 9. þ.m. kom Ameríkufaraskipið „Camoens“ og fór aptur eptir 5 tíma

dvöl, með héðan um 100 farþega, auk fólks annarsstaðar frá. – Ég fór umborð en drakk mig stud-fullan á Wisky með enskum auðmanni (á fyrstu káetu). Var svo fluttur í land, og svaf það eptir var dags, niður hjá Símoni kaupmanni Magnússyni. – Nokkra för átti að hepta vegna skulda, en tókst ekki.

[Sendi Kristjáni frænda í Nýja Íslandi bréf].

Ameríkuför 1889

Ég hafði heyrt mikið talað um Ameríkuna, sæluna og sólskinið fyrir vestan hafið. Mig langaði mikið til að sjá þetta fagra land – frjálsa land – friðar land. Á örstuttum tíma bjó ég mig til ferðar og sagði vinum mínum og kunningjum að ég ætlaði, um stund, að kveðja fósturjörð mína.

En misjafnar skoðanir höfðu menn um þetta fyrirtæki. Faðir minn var áfram um að ég færi til Vesturheims, og kvaðst hafa fasta von um, að ég yrði þar að einhverju leyti að manni. Þar á móti voru margir kunningjar mínir og vinir fremur á móti því að ég færi. Einn sagði, að ég mundi iðrast þess, að fara til Vesturheims. Annar, að ég ætti eptir að koma til Íslands aptur, en að ég ætti eitthvað að reyna í þessari ferð. Þriðji, að ég yrði annað hvort hengdur eða fleginn á mér hausinn af Rauðumönnum.

Þessar spár höfðu auðvitað engin áhrif á mig. En af því, að ég hafði eigi hugsað mér, að staðnæmast í Vesturheimi, nema ef mér líkaði þar og með því ég vildi helzt eyða ævidögum mínum á ættjörð minni, þó mig langaði til að sjá útlönd og Vesturheim, skildi ég bækur mínar og dót eptir.

Hugsun um utanför var nú vöknuð hjá mér. En hjá mér hreyfði sér einnig efi um það, hvort ég ætti að skilja við fósturjörð mína og fara til Vesturheims.

Ég átti heima á Ísafirði. Vesturfaraskipið rann inn fjörðinn, sem var spegilsléttur af logni, og menn vöknuðu um sólaruppkomu við hátt pípuhljóð frá skipinu. Faðir minn kom inn í herbergi mitt, að vita hvert ég væri vaknaður. Ég klæddi mig og hljóp samstundis úti í bæinn, lagði úti peninga – 130 krónur – fyrir farbréf og kvaddi að eins mín nánustu skildmenni og fylgdi faðir minn mér á skipsfjöl.

Að morgni 20. júní – 1889 – um dagmál stiginn á skip – eimskipið „Magnetic“. 100 íslenskir vesturfarar voru þá á skipinu og nú bættust um 20. Höfðu allir eitt-hvað að hugsa um farangur sinn og fjölskildur og allt gekk á „tjái og tundri“ eins og vant er í þessháttar ferðum. En nokkrir voru úr landi að fylgja kunningjum „um borð“ og „dismasti“ yfir þrengslunum og svækjunni í skipinu. Ég var kátur og fór að snúast við dót það, sem ég hafði með mér og sjá mér út svefnstað. Innan lítillar stundar, blés skipið og það farið af stað.

Ísafjarðardjúp var allt spegilslétt af logni, og sólskin og dálítill austangola strauk kinnar okkar, sem nú vorum að kveðja okkar móðurheimkynni. Mér varð litið upp til hlíðanna og fram til dalanna og sýndust mér nú hvað fegurstir áthagar mínir. Ég var að vísu með glöðu bragði, en mér fannst ég vera meir líkt og í leiðslu en vöku,

og reikaði ég til og frá um þilfarið, eða hlustaði á, þegar nokkur lög voru sungin, því farþegar voru stundum að syngja til skemmtunar. Mér fannst ég ekki eitthvað kunna við mig, í þeim hóp, sem ég nú var, og umhugsunin um það, að vera nú að kveðja fósturjörð mína, og ef til vill að gleymast í Ameríku gjörði það að verkum, að ég varð eins og hugsandi og útúrdúris. En ég hafði skemmtun af skólapilti, að mig minnir Eyður að nafni, er var á skipinu til næstu hafnar, og áttum við á þeirri leið opt tal saman.

Eptir því sem lengra dró norður með landinu hafði ég og skemmtun af að virða fyrir mér útsýn þess, og rann skipið það kveld á Sauðakróki, og tók þar um 14 vesturfara. Þeir sem um borð fluttu voru meira og minna slúnkaðir af víni og hafði ég hálf gaman af því, að horfa á amböguskap þeirra við skipssíðuna og sýndust mér menn þar fremur búralegir. Gekk síðan til hvílu og var stormur um nóttina.

En hjá mér hreyfði sér einnig beiskur söknuður, efasemi og jafnvel kvíði fyrir því að skilja við fósturjörð mína og vildi jafnvel eins og Gunnar forðum snúa til baka. Og um morguninn – 21. júní – þegar ég vaknaði var skipið að renna inn Eyjafjörð og tók þar um 80 vesturfara, flest ungt fólk og vel útlítandi, eins og mér leizt flest fólk í Eyjafirði. Ég fór ekkert í land, en hefði þó haft gaman af að svipast þar um á landi, því Eyjafjörður er ætthérað mitt, en það var stormur, regn og þykkviðri og vildi því ekkert fara af skipsfjöl. Skáldið síra Matthías Jochumsson kom um borð, og minnst hann hlýlega á forfeður mína, Þorlák gamla í Skriðu og föðurafa minn Jón heitinn Kjærnested. Lét ég í ljósi við síra Matthías, að ég mundi koma aptur til Íslands, eptir að ég hafi verið um stund í Vesturheimi. Sagði hann mér að skrifa hjá mér til minnis, það sem fyrir augu bæri, og helstu vitleysuna, því hún væri mest metin.

Einnig hef ég séð og orðið samferða í þessari ferð, Tryggva Gunnars. [] frænda mínum og hélt hann að ég mundi ekki fara að koma aptur heim frá Vesturheimi. Um náttmál hélt skipið út af Eyjafirði og var þá talsvert um glaðværd á skipinu því margt yngra fólk hafði bæst við í hópinn og var nú sungið og dansað, einkum voru það Þingeyingar og Eyfirðingar sem mest sungu. Sézt Nes og Héðinshöfði á hægri hönd, þegar út er siglt af Eyjafirði, en á vinstri hönd Hörgárdalur og Möðruvellir og Hrísey í miðjum firði.

Kl. 4 að morgni – 22. júní – var skipið á Húsavík og dvaldi þar til hádegis. Veður var hið inndælasta, sólskin og blástur. Komu þar á skip um 40 vesturfara. Rann skipið þann dag fyrir nyrzta horn landsins og var á Vopnafirði um miðnætti – kl. 1, að byrjun 22. júní og lá þar til hádegis í bezta veðri, sólskinu og blíða-logni. Ég fór í land og hitti þar kunningja minn af Ísafirði, Kristján Árnason lögregluþjóns í Reykjavík, og sýndi hann mér hús það, sem skáldið Kristján heitinn Jónsson hafði lifað í og dáið í. Komu þar á skip um 120 vesturfara, en flest fátækt fjölskildufólk, og ekki eins snyrtilegt útlits og það sem áður var á skip komið, og figldu um borð sællegir verzlunarmenn sem voru auðséð ölvaðir af víni. Þetta var sunnudag og af því að við vildum halda uppi kristilegum helgisið, fluttum við tvo lestra á skipinu, á meðan það rann með landi fram á Seyðisfjörð, og komum þar um nónbil.

Var þar fyrir um 100 manns, sem ætluðu vestur, en nú rúmaði skipið ekki fleira fólk og varð viðstaða þar, þar til daginn eptir. Ég fór þar í land, en ekki geðjaðist mér að mönnum þar, virtist mér fólk þar fremur dauflegt og ekki viðfeldið, enda er Seyðisfjörður fiskiþláss, og óeining á milli kaupmanna þar, varð maður fljótt var við. Um náttmál 24. júní lagði skipið með 400 manns, út Seyðisfjörð, sem var spegilsléttur af logni, og var þá söngur og dans á skipinu, en af því blástur og þykkviðri úti fyrir hvarf land þegar.

Á hafinu milli Íslands og Skotlands bar fátt til tíðinda. En dimmt þótti stundum hjá farþegunum, því að rafurmagensljósin á skipinu höfðu bilað, svo nota þurfti olfulampa er eigi báru nægilega birtu um skipið. Margir voru, að vísu sjóveikir, en engin samt tiltakanlega. Ég var optast uppi á þilfari og fann ekki til sjóveiki; en lagði mig eptir *ensku* hjá skipverjum. Gísli gamli Jónsson frá Svinárnesi var með í förinni og hafði ég stundum gaman af karli, því hann var smá-skrítinn og gamansamur. Þegar þeir, sem sjóveikir voru báðu til hamingjunnar að aldan minnkaði, bað gamli Gísli til hamingjunnar þvert á móti, að aldan héldist sem lengst við, því að ölduruggið væri sín unun á sjóleiðinni. Umboðsmaður vesturfara, Sigfús Eymundsson, var með í förinni og þurfti gamli Gísli stundum að sýna honum útflutningalög vesturfara og gjöra athugasemdir við ýmislegt á leiðinni, en samt fór ætíð vel með þeim, og höfðu menn gaman af að ota Gísla á Eymundsson. Eymundsson var hinn viðfeldnasti og kvaðst „dauðsjá eptir“ að flytja þetta fólk burt af landinu, því það væri sú fallegasta *emigration*, sem hann hefði nokkur tíma haft.

Við sigldum framhjá Færeyjum á degi en eygðum þær varla vegna þoku. Þegar nálgæðist Orkneyjar fóru skip, að sjást hér og þar, og komum við undir Skotland að nóttunni 27. júní, eptir þrjú daga útivist á hafinu. Þá var þar skuggað líkt og heima í 16. viku sumars. Hraðfrétt var send á land að vesturfara væru með skipinu og tók fiskibátur við bréfinu og peningum, sem hraðfréttin var send í land með. Ég sofnaði lítið þessa nótt og var uppi á þilfari því nú fór ýmislegt að bera fyrir augu, sem mér þótti nýstárlegt að horfa á, einkum vitarnir, sem glömpuðu eins og stjörnur í næturskugganum. Daginn eptir eða þann 28. júní sigldum við í fögru veðri fram með Skotlandi og komum til Lith að kveldi. Flestir sem á skipinu voru höfðu staðið þennan dag uppi á þilfari, og margt nýstárlegt séð, skógivaxið land, margar borgir og gufuvagna þjótandi um landið.

En úr skipinu fórum við eigi þessa nótt og skemmtum við yngra fólkið okkur með dansi og hljóðfæraslætti fram eptir nóttinni. Tók Róbertson kapteinn á skipinu, þátt í þeirri skemmtun, er var hinn viðfeldnasti á leiðinni, eins og allir skipverjar. Eldra fólkinu þótti við gera glumragang með dansinum, og kvað okkur hafa verið nær að sofna okkur dúr, en umboðsmaður vesturfara, Eymundsson, var vorkunsamur við okkur yngra fólkið, og kvað sig einnig mundi hafa langað til að vaka, ef það hefði verið í fyrsta sinn sem hann hefði séð útlenda fegurð, bæjinn prýddan ljósum eins og stjörnukraðak á [] og skemmtum við okkur fram á morgun.

Í dögun – 29. júní – lagði skipið upp að brú í Lith. Að vörmu spori komu menn fram á skipið með skriðljós í höndunum, sem svipuðust í hvern afkyma á skipinu,

og lögregluþjónar í brúna. Leyfðist nú engum að ganga út af skipinu og þannig máttum við bíða um stund. Ég gat reyndar laumast út úr skipinu og gengið spöl upp í bæjinn, án þess að neinn tæki eftir, uns ég var aptur að koma til skipsins, og skiptu lögregluþjónarnir sér ekkert af því, sem hafa séð að ég var einn af skipverjum, en landar mínir töldu slíkt mesta vogunarspil, því slíkt gæti orðið til þess að vera tekinn fastur og settur í varðhald.

Eptir dálitla stund koma menn með hesta, dragandi vagna, stærri og risalegri hesta en við höfðum nokkurntíma séð, til þess að taka farangur okkar af brúnni, sem nú var verið að taka upp úr skipinu, til þess að flytja hann á eimvagnalestir sem fóru með farangur okkar yfir landið, eptir að búið var að skoða farangurinn, sem ekki stóð lengi yfir – aðeins svipast undir lokið á hirslunum og þreifað í hornin en sparkað með fótinum í rúmfatnað. Ég var sá fyrsti, sem opnaði hirslu til skoðunar í þessum hóp, í hirslu minni hafði ég dálítið glas með bréflími í, og glasið vafið innan í bréf. Þennan ískyggilega hlut þurftu þeir vandlega að skoða og gá að hvað væri í glasinu en þegar ég gaf þeim bendingu um til hvers það væri, var öllu óhætt. Biðum við svo dálitla stund, eptir að búið var að skoða farangur okkar en á meðan var send mjólk fram á skipið, fyrir börn og þá sem lasnir voru. Við sem heilbrigðir vorum fengum ekkert af mjólkinni.

Okkur var sumum farið að hálfleiðast þarna á brúnni í Lith og höfðum okkur helst til skemmtunar að svipast þar í kring og horfa á ýmislegt sem fyrir augu bar, horfa á einkennileg [] sem við sáum þar hjá íveruhúsum, stórskipasmiði og ýmis störf sem verið var að vinna þar í kring. Um dagmálabil vorum við vesturfara láttnir ganga í hóp, spölkorn í gegnum [], og settir á eimvagnalest – 10 og 10 í vagn með mjúkum sætum.

Þegar búið var að koma mönnum til sætis í vögnunum, þaut eimvagnalestin af stað, stundum í gegnum kolsvört göng undirjarðar er okkur í fyrstu þótti hálf skuggalegt, einkum kvenfólkinu og gripu stúlkurnar um okkur piltana sér til hjálpar í myrkrinu. En á milli þessara dimmu undirganga varpaði sólin ljómandi birtu inn um vagngluggana og höfðum við mikla ánægju af því, að horfa á hina fögru útsýn og skógivöxnu hæðir meðfram brautinni. Mér hefði þótt gaman að fara í gegnum Edinborg, en sá aðeins afstöðu hennar. Eimlestin fór ákaflega fljótt og vorum við á leiðinni yfir Skotland, um 120 mílur, aðeins um hálfan-annan tíma eða ekki tvær klukkustundir.

Í Glasgow komum við um hádegi. Var umboðsmaður Allan-línunnar þar fyrir á vagnstöðinni, dansk-norskur maður Bodin að nafni. Gekk hann í einkennisbúningi undan okkur vesturförum sem nú vorum í hóp komnir af eimlestinni, talsverðan spöl í gegnum bæjinn, en börn og lasburða gamalmenni voru keyrð á vögnum, sem mér þótti hálfskoplegt að horfa á, þar sem þessu gamla fólki var hlammað á einn eða tvo flutningsvagna, og sem fóru spölkorn til hliðar á undan okkur, en yfir höfuð að tala leit þessi vesturfarahópur prýðisvel út, sem nú fór eins og pílagramafylking um stræti þessarar fjölbreyttu borgar.

Eptir gönguna í gegnum bæjinn komum við að stóru gistihúsi og vorum taldir

þar inn eins og sauðir inn í fjárhús, um 400 manns, og voru þar í lophtherbergi setubekkir og matborð með hvítum dúkum á, sem menn ruddust að eins og sauðir að jötu, í þessum stóra borðsal. Kominn var matur þegar á borð: kaffi, einslags sósa og smurt brauð, en ekki féll sú fæða sumum löndum mínum sem best í geð. Þegar menn höfðu matast var mönnum vísað á svefnstað uppi á enn öðru lofti, sem leit út fyrir að vera einhver samkomusalur með upphækkuðum palli inn við gaflinn og bjuggu menn þar um sig í flatsæng, en [] kvenfólk fékk sérstök herbergi. Rann neysluvatn hvar sem um leitað og þurfti ekki annað en snúa krönum til þess að ná í vatn og einnig voru salerni inni í húsinu sem vatnsstraumur hljóp eptir í hvert sinn sem menn þurftu að fara á þau og þvoði þannig saurinn í burtu. Og húsið upplýst með rafurmagasljósum.

Ég var aðeins þreyttur eptir ferðavolkið, lagðist til hvílu og eflaust sofnaði fast, því þegar ég vaknaði, hélt ég að væri morgun, en þá var kl. 8 um kveldið en það var samt ekki búíð að kveikja ljós og var enn bjart af degi. Nú fannst mér þessi breyting, sem orðin var frá því ég fór að heiman, eins og eitthvað hálflygileg, og það var eins og ég gæti ekki trúað öðru, en að öll þessi ferð mín væri aðeins leiðsla eða töfradraumur, sem ég gat varla áttað mig á. Á stuttum tíma, frá því að ég fór að heiman, var komin talsverð breyting á líf mitt og heiminum í kringum mig. Flest leit nú öðruvísi út, en ég hafði áður vanist og allt í meiri stýl. Veðráttu nokkuð önnur, að vísu mild, en líka meiri lognmolla og hiti, straumur af fólki, hestum og vögnum, skógivaxið land, stór og skrautleg hús, mikil auðæfi, en líka mikil fátækt og meiri spilling en ég hefi enn þekkt. Heyrðum við, að morð hefðu um þær mundir verið framin þar í bænum. Um 70 íslenskir vesturfarar, sem höfðu farið með strandskipinu Thyru, voru búnir að vera hálfan mánuð í bænum, en voru á öðru gistihúsi en við, að býða farar vestur. Var sagt að 5 eimskip lægju þar frá Ameríku því sjómenn hefðu gert skrífu um að fá hækkað kaup og hætt að vinna, er þannig hindraði fyrir vesturförum.

Daginn eptir – eða 30. júní – var okkur sagt, að við þyrftum að býða nokkra daga og fórum nú að smá fara út um bæjinn, bæði til að kaupa ýmislegt og finna þá vesturfara sem voru búnir að býða þar lengur en við, en máttum hafa okkur alla við að villast ekki í þessari stórborg. Gættu lögregluþjónar opt vesturfara þegar þeir fóru út á stræti en um mig sýsluðu þeir aldrei neitt og fór ég hvert sem ég vildi og kom opt fyrir að ég villtist, en kom mér aptur á rétta leið með því að snúa mér að lögregluþjónum og fá leiðbeiningu hjá þeim hvert ég átti að halda, eptir númerinu á húsinu sem ég hélt til í, og hús-cardi sem ég hafði á mér. Áttu allir vesturfarar að vera komnir á gistihúsið kl. 9 að kveldi og var þá framdyrunum lokað. En húsráðandinn, sem að líkindum hafði séð að ég kunni ekki við að láta vitnast hvert ég færi eða hve lengi ég væri úti, sýndi mér privat-dyr, sem ég gæti komist inn um, þó ég kæmi seint heim.

Bréf frá Friðfinni Kjærnested til Jóns Kjærnested

Ísafirði 22. nóv.b. 1886.

Kjæri son, jeg þakka þjer kjærlega fyrir tilskrifid, með síðustu póstferð. Jeg varð of seinn að skrifa þjer þá, og seigja þjer frá að jeg fjekk brjef frá Kristjáni bróðir úr Ameríku. Þjer til gamans sendi jeg brjefid, með því skilirði að þú sendir mjer það til baka aptur. Jeg skrifaði honum til enn vissi ekki hverninn jeg ætti að skrifa utaná, og bið jeg þig því að senda mjer adresu svo jeg þurfi ekki að efa að utanáskriptin sje rjett. Það er mikið talað um Ameríku ferðir hjer og þar af ættir þú einn að verða í orði og framkvæmd, nú í vor. Mig langar til að fara, enn jeg stend í mínum gömlu vandræða greipum, nú er verið að losa um Kristján, fyrirlitningin ein er sem mjer filgir.

Fr. J. Kjærnested

Bréf frá Kristjáni V. Friðfinnssyni til Jóns Kjærnested

Ísafirði 22. nófinnber 1886.

Kjæri bróðir.

Nú sest jeg niður að klóra þjer nokkrar línur þó þær verði fréttá fær. Það er þjer í fréttum af mjer að seija að mig hefur dottið í hug að fara til Amiríku í sumar ef guð lofar mjer að lifa því að Kristján frændi skrifaði pappa til og vildi að hann kæmi vestur í sumar svo páppa lánkar til að jeg geti farið, því að hann getur ekki farið sjálfur. Það lítur illa út að geta lifað hjer í vetur því að fiskurinn sem menn bigðu uppá er fallinn úr verði. Það var gefið fyrir lísipundið 70 öra málfisk, 60 smáfisk, 50 ísa en nú er ekki nema 50 málfiskur og 40 smáfiskur, 35 ísa, svo það lítur út fyrir mestu bágindi.

Slis varð hjer í morgunn að stúlkan Sigríður Guðmundsdóttir druggnaði í áni milli Tungu og Hafnarfels.

Við höfum fiskað fremur vel en hér er full-ervitt að lifa. Jeg vík til þess aptur um Ameríkuferðina að skipið líklegast kemur hingað ef að fást þrjátíu mans en maður veit það ekki. Sigurður Andrésson hjelt sig vita það nú með póstinum núna. Jeg bið þig að forláta þetta klór, vertu svo guði geimdur um tíma og eilífð. Það mælir þinn ónítur bróðir,

Kr. V. Friðfinnsson

Ekkert bréf feingum við frá Elínu sistir.

Bréf frá Kristján Kjernested í Vesturheimi til Friðfinns Kjernested

Kjarna 8da. janúar 1887.

Kjæri bróðir!

Guð gefi þjer gleðilegt nýár. Jeg þakka þjer inilega fyrir tilskrifid og var það um 40 daga á leiðini. Bákt er nú að fréttu af landi voru og lítur það mjög illa út, en Guðs hönd er ekki stutt orðin og getur han bætt úr bágingum mana ef honum þóknast, en kannskje han þurfi að aga men með hörmung.

Þú hvartar um í bréfi þínu, að þú sjert orðin svo gamall að fara til Ameríku. Það er sjálfsagt leiðinlegra, en láttu það ekkert apra þér, því þá er líka stittra eptir – líklegast – konu ef þú getur mögulega, hjer er mörg matarholan – eður frá hverju er að hverfa? Margir hafa verið stirktir af hrepp heima, með stórar fjölskildur til þess að koma þeim frá sjer, og hefur líklegast kjærleiki ráðið því. Allir sem hafa haft manrænu og heilsu hafa komist hjer af og sumir komnir í þolanlegar kringumstæður eptir fá ár. Af mjer að segja, og löndum hjer í Nýáíslandi, er ekkert nema heldur gott, men eru alment skuldlausir og hafa nóg fyrir sig. Jeg hef 12 nautgripi í fjósinu og 9 kindur og nokkur hænsn, og fjékk í haust 28 hundruð af fiski og 4 í vetur. Dóri min hefur veitt 500 hjera í vetur, og skotið mikið af öndum og fuglum í haust. Allur fiskurinn á haustin er veiddur í net og optast róið um 400 faðma frá landi, en hjer er ein fisktegund sem veiðist á aungla framan af sumrinu – kattfiskur – ákaflega feitur. Gott er að koma með skinbugxur og skinsokka, en valla þarf maður stakk. Ekki er úr vegi, að hafa línustúf heimanað hjer til reinslu. Hafðu til ferðarinnar í nesti fisk harðan og síru til að blanda úr. Mönnum bregður hræðilega mikið við fæðisbreitinguna, sem er svo (fæðið) ólíkt því sem heima er.

Sumarið í sumar var hjer ákaflega þurt af því leiddi að skógareldar geisuðu víða upp, fyrir ímsa vangæslu manana. Han geisaði hjer í Nýáíslandi seint í ágúst en Guð slögti han hjer 3. dag september með regni. Ekki gerði han mjer nokkurn skaða. Af þurknum leiddi grasbrestur og uppskjerubrestur á sáðverki, en það leiddi til eingra vandræða hjer um pláss. Jeg heyaði með Dóra fyrir mínum skjepnum, líka átti jeg firningar. Veturinn hefur verið góður það sem af er, snjórin er í mjóalegg og frostin hafa verið væg. Samt var á þrettándan 34 gráður á remur.

Það vesta sem að er nú, vassleisi í brunum. Jeg vona eptir ef Guð lofar okkur að lyfa til anars vetrar að við munum sjást. Jeg skal gefa þjer spítu í bittuskjel!!! Jeg á mörg þúsund klifjar af skógi. Jeg bið þig að skila kjærri kvedju til konu þinnar í þeirri von jeg fái að sjá hana, líka til sona þina og dætra, og jeg biðji Jón að firirgefa mjer að jeg ekki pára honum.

Vertu svo, kjæri bróðir Guði vorum falin af þínum ónita bróðir,

Kristjáni Kjerest.

Bréf frá Jóni Kjærnested til Friðfinns Kjærnested

Hesteyri 27. janúar 1887.

Kæri faðir!

Hér innan í legg ég bréfið hans Kristjáns og kæra þökk fyrir lánið. Fyrirgef hve lengi ég hef haldið því hjá mér.

Ég frétti, meðal annars, með póstinum, að þú hafðir verið út í Skálavík, að reyna til að selja jarðar-hundruðin þín og værir ef til vill að hugsa um að komast til Ameríku. Sé svo, held ég að þú gjörir rétt í því, sjáirðu þig geta afklofið það með nokkrum móti, því hér er ekki frá miklu að hverfa. Væri ég nokkurs megnugur vildi ég styðja að því, og þar margt til vinna, því ég vona að drottinn framléiddi þig þar eigi síður en hér. Skrifaðu mér, hvað þú hugsar í þessu efni, með næstu ferð. – Þú hugsar víst að hafa með þér alla ættingjana (konu og börn), ef þú getur.

Kær heilsan til allra vina og kunningja. Mér líður vel. Guð styrki þig og gleðji, elskulegi faðir, þess óskar – og fyrirgef rispið –,

þinn elskaði sonur,

Jón.

Bréf frá Elínu Friðfinnsdóttur til Jóns Kjærnested

Stikkishólmi 30. júlí 1887.

Kæri bróðir.

Nú verð eg að flíta mjer kæri bróðir því nú er líttill tími. Eg er nú ekki heima nema núna rétt í þettað sinn. Eg hef verið út í Bjarnar[]. Nú vil eg seja þér rétt eins og er með það sem þú varst að tala um að fá hjer að kenna. Það er þjer ekki til neins því hjer er ekki með svoléiðis verið að hafa, með að kosta börn í skóla og svo það að það getur það ekki því allir eru að kalla má og minna á hausnum. Eg veit það að húsbóndi minn, ekki gæti hann það því hann hefur nó með sig. Þess vegna vil eg nú segja þjer hreint um það því hjer er ekki neitt gæðalegt, allir vilja fara til Amíríku sem einhvað geta. Eg er nú búin að seigja þér rétt eins og eg hef getað komist næst enn það væri gaman firir þig að koma að gamin þínu ef þú vildir og ekki get eg sagt þjer nær eg kem en það verður valla fir en með seinasta dampnum.

Góði bróðir, firirgefðu alt mitt klór, góði bróðir skrifaðu mjer.

Þín elskandi sistir.

Elín S. Friðfinnsd.

Bréf frá Friðfinni Kjørnesteð til Jóns Kjørnesteð

Ísafirði 28. febrúar 1888.

Kjæri sonur!

Jeg þakka þjer fyrir 2 tilskrif frá Núpi. Af mjer er að fréttá þolanlegt nema í efnalegu tilliti. Hnignun, lítill afli hjer, fiskiveiðarsambíkkttin skapar hann. Hjer er því orðið ólífandi.

Er enn kominn í mig vesturfarafísn enn jeg er orðinn útslitinn og heilsutæpur enn ekkert þrengir að mjer meira enn að horfa á ykkur börnin mín ekkert komast áfram, aðeins að framdraga lífið með örþirð, enn eruð þó fremur mannvænleg til að geta orðið ukkur sjálfum uppbíggileg first. Enn það er öðru nær, hjer er ekki hægt fyrir ykkur að gjeta þrifist, eptir núverandi ástandi og útliti frammveigis. Nú er þó orðið fullsannað að það er opnaður vegur til góðrar framtíðar fyrir einhleipt fólk og það er í Vesturheimi. Bara að nenna að vinna 2-3 mánuði við uppskeru. Við 3 uppskerur getur maður eins feingið yfir árið fyrir utann alt annað er enginn getur ýmindað sjer. Guðbrandur fásjeði sem ekki þótti nífur í vinnu hjer, skrifar hann hafi það svo gott sem hugsast geti, hann passar fugla, er ársmaður, hefur 600 krónur í kaup og alt frítt. Hann hefur skrifað konu sinni ef hún vilji koma, skuli hann senda henni peningana. Bakari Bý skrifar þannig: Alla þá er jeg þekki og mjer er hlýtt til vildi jeg að væru komnir hingað. Sá sem þarf manna með í veikleika og er snauður er hlint að sem hugsast getur fyrir aunga borgun og stórgjafir að auk. Jeg get ekki tínt í þettað bréf frjettir af þjóðlífinu að vestan, nema þær eru alt annað en við getum hugsað okkur.

Allir sem skildu eptir konur sínar í fyrravor senda þeim peninga til vesturfara í vor. Jeg set svo ef þið synir mínir kjæmust til Vesturheims í vor, þá getur þið sent upp hingað aptur um mér 600-800 hundruð krónur bara ef þið nentuð að vinna, og þó að eiga máskje meira eptir. Þettað þikir máske obbalegt en eptir skrifum, og svo líka talaði jeg við Baldvin sem vesturfara bera þó góða sögu. Hann sagðist ekki vilja seigja um millibil hjer eða þar því fólk mart segði sig ljúga. Það væri bara reinslan sem gæfi trúna. Mjer finnst þið börnin mín ættuð að taka á ykkur mannmót og reina að treista á dreinglindi peningamannanna, því margann á Guð sjer góðann í þeim flokki. Og því ættir þú að gangast fyrir, bræður þínir eru duglegir og hrekklausir og minu first hugsa fyrir að borga aptur þeim sem lánuðu peninga, náttúrlega með rentu.

Jeg legði til það jeg gæti. Það væri þá first 6 hundruð á jörðina Mírdal, það hefði firir 3 árum fengist fyrir hana rúm 900 hundruð. Landskuldin er 2 ær, 2 fjórðungar smjör. Árni Jónsson fagtor hafði bítti á 4 hundruðum í Geirastöðum móti 3 hundruðum í Mírdal. Hann reiknaði að 1 hundrað mætti kosta 150 krónur, eptir því eru á 900 krónur þessi mín hundruð. Þessi mín hundruð vildi jeg koma á pening og það er það er jeg bið þig að brjótast í við peningamennina. Jeg teldi mig skildugan að vera þeim til þjenustu sem borguðu mjer 900 kr. í peningum fyrir jörðina nú

Í vor þó að jeg og þið börnin mín undirköstuðu okur því að borga aptur að ári 100 kr. til 150 til baka, ef hann svo uppástæði í núverandi kringumstæðum. Peningana ætla jeg að brúka fyrir mig og ikkur til vesturfara. Jeg er orðinn stírdur til gáangs, og er öllum líka ókunnugur. Húsbóndi þinn er sagður góður dreingur, ef þú gætir náð hilli hans mundi það vikta kannské sem digði. Jeg vonast eptir þú sínir dugnan þessu viðvíkandi og skrifir mjer til það firsta. Þú mátt ekki vera lengur í móki nema drífa þig í mentaða heiminn. Mjer er sagt eptir Baldvini að 600 bændur, sterkríkir menn, vilji fá íslenskann prest hjeðan og bjóði 4000 kr., þar að auki búgarð að setjast á. Af þessu sjerðu að sumir Íslendingar eru ornir kútar þar vestra, þó eru ekki nema 15 ár síðann þeir firstu fluttu þángað, flest af minni floknum. Í Vinnipeg filki á einginn smábóndi færri en 10 kír til 20. Eins geta einhleypir menn átt kú ef þeir svo vilja, bara kaupa kúna 1 eða 2 mánuði og fóðrið um harðasta tím-ann. Fóður kostar 15 dollara, alt fæst til kaups á öllum tíma árs. Baldvin sagði mjer að 1 ƒ af hvæti kostaði 9 aura af því besta, hitt væri selt, kaffi 90 aura. Maðurinn gæti fengið 8 ƒ fyrir 1 dags vinnu. Það mætti ekki heita dírara þar nema ullarföt, því ættu allir að vera sem útbúnir með nærföt. Öll trésmiðsverkfæri væri best að hafa með sjer. Það er haft eptir Baldvin að stjórnin þar vestra sje í ráðagerð að gjöra fjársamskot 30 þúsundir til að senda hingað upp epttir úngu kvennfólki fyrir ekki neitt því það hafi svo mikinn móttökukrapt ifir annara þjóða kvennfólk og meiri í sinni röð en íslenskir karlmenn, séu þeir þó mörgum fremri, nema í verk-legu, öllum þjóðum, sýður sem náttúrulegt er. Við erum langt fyrir utan þann menntaða heim.

Ekkert veit ég um áskrifendur hér, burtfararfísni er talsverð, enn peningaleisið heldur öllu í þögn. Móðir þín hefur verið með bærilegri heilsu, jeg aptur á móti af-leitur sýðan fyrir jól. Allir biðja að heilsa þjer.

Vertu ætíð geymdur af Guði.

Það mælir þinn faðir,

Fr. J. Kjærnested

Bréf frá Jóni Kjærnested til Elínar Friðfinnsdóttur

Hóli í Bolungarvík á Íslandi. 29. desember 1888.

Elskaða systir, Elín!

Ég hef fengið frá þér tvö bréf síðan þú fórst að heiman, annað frá Englandi í vor, en hitt frá Ameríku (Winnipeg 8. ágúst), meðtekið 11. nóvember, og fyrr hef ég því ekkert getað skrifað þér.

Þú mátt geta nærri hvert mér var ekki farið að lengjast að vita ekkert um þig, og ég lofaði guð, er ég fékk bréf þitt, að þú varst þó lifandi.

Mig gleður það mjög að þér líður vel í Ameríku og að þú ert undir hendi góðra ættmanna er ég vona að reynist þér tryggvir og öflugir vinir.

Eptir að þú varst farin, var eins og fögru blómi væri kipt úr lífsakri mínum, en ég bar þó söknuðinn karlmannlega.

Í sumar hafði ég fastan starfa við Ásgeirs-verzlun um kaup tíðina en eptir það hafðist ég lítið að, unz ég með vetrinum réðist kennari hér að Hóli, og hef hér fjölda börn, en hvernig ég haga starfa mínum eftirleiðis veit ég ekki.

Meðfram starfa mínum í sumar veitti ég piltum á Ísafirði leiðbeining í sundi.

Síðan með vetrinum að ég kom hingað að Hóli hef ég að eins stundað kennsluna, og hef ég orðið svo heppinn, að þeim líkar betur hjá mér, en þeim kennurum sem hér hafa verið að undanfögnu, svo fólk talar um að það vilji ekki sleppa mér.

Á aðfangadagskveldi jóla hélt ég – hér að Hóli – kveldsög í kyrkjuni og var fjöldi fólks viðstaddur, er – þó ég segi sjálfur frá – líkaði ágætlega vel þau orð sem ég flutti. – Það hefir því verið farið fram á við mig að ég eptirleiðis í kyrkjuni haldi fyrirlestra, fræðandi efnis.

Um jólin hélt ég til á Ósi, því heim gaf mér ekki vegna ófærðar.

Foreldrum okkar líður vel, það ég veit eða eins og þú þekktir.

Elli giptist í haust Jóhönnu á Kyrkjubóli, og færðu þau sig þá á eptir í húsið til okkar. Þau eru búin að eignast dóttir. – Mikka er á Kyrkjubæ með drengnum. – Kitti og Stína eru heima og rær Kitti að heiman.

Þú spyr mig að hvert ég ætli nú ekki að koma til Ameríku. Ég veit ekki frænka! Ég vildi ef til vill helst leggja fyrir mig kennarastöðu en til þess þarf ég enn að menntast. Mér er því ómögulegt að segja hvernig ég sný mér í lífinu, en reyni að taka rólega því sem að höndum ber, og fel hamingjuni hvernig greiðist úr fyrir mér. Hefði ég noga þá kringlóttu gæti ég eitthvað sagt þér hvað ég hugsaði, en peningar ráða nokkuð á lífsins þyrnibraut, og látum ráða þá kringlóttu.

Það er svo búíð hið helsta er ég man að skrifa þér, frá okkar hrímhvíta Fróni, nema árferðið hefir mátt heita einmuna gott síðan þú fórst, þó nú sé farið að breytast til hretviðra.

Þú fer fram á að ég sendi þér vísur, reyndar þó þú vitir að ég er ekki skáld, því þegar ég yrkji gjöri ég það eins og fjörugur leiksoppur, án þess að ímynda mér, að bull mitt sé skáldskapur. Og nú get ég ekkert ort. Þú verður því að bíða róleg eptir vísu þar til seinna.

Ég vík að því aptur: á ég að koma til Ameríku? Hvað sýnist þér? Heldurðu ég hafi lífið þægilegra þar, en hér heima eða heldurðu að loptslagið þar sé mér hentugt? Ég veit að atvinnuvegir eru fleiri þar, en hér heima, og því gæti mér verið hentugra að vera þar. Líf mitt hér veistu að er bæði súrt og sætt, og að ég er meir gefinn fyrir snyrti en drasl. Þú ert líka fyrir vestan hafið, svo ég veit ekki hvað ég geri. – Komi ég til Ameríku ætti ég að hafa bækur mínar með mér? Og hvernig ætti ég helst að útbúa mig að heiman?

Þú skrifar mér vona ég um allt hvað þú getur og það sem optast og segðu mér

ef þér leiðist, því þó ég að líkindum gæti ekkert hjálpað þér, vil ég samt vita hvernig þér líður.

Um Ameríkuferðir að vori heyrir ég ekkert talað, og ekkert held ég verði af því að ættmenn okkar (og foreldrar) komi.

Þú hefir ekkert skrifað mér um „Bjössa karl minn“.

Frá Kristjáni (frænda okkar í Ameríku) hef ég ekkert bréf fengið herrans lengi, en Elíasi hefi ég aldrei skrifað og hann ekki mér. Þeir eru þó báðir lifandi að ég vona.

Veitzu nokkuð um Lárus söðlasmið, er fór til Ameríku í fyrrasumar héðan úr Bolungarvík?

Hverjir voru það, í Ameríku, sem helzt voru að spyrja eftir mér?

Fyrirgefðu svo allar mínar mörgu spurningar, og margs þyrfti ég enn að spyrja, væri ég kominn til þín, nöfnu þinnar og fleiri ættmanna í Ameríku og gaman þætti mér að vita hvert ættmenn okkar vestra, eru nokkuð líkir að útliti okkur ættmönnum sínum heima.

Spur þú mig svo sem þú vilt í þínum bréfum, ég skal leysa þér svo sem mér er unnt.

Þú skilar heylsun frá mér, til ættmanna okkar vestra, þó ekki þekki þeir mig. Ég er að hugsa um að skrifa þeim, leggja blessun mína yfir þá og þakka þeim fyrir þig.

Og nú er þessi seðill þegar á enda, sem því miður er ekki eins skemmtilega útbúin handa þér og ég hefði viljað.

Væri ég nær okkar mundu allir biðja að flytja þér heitar óskir hamingju og blessunar, og það kunningjafólk sem þú þekktir og ég er nálægur biður ynnilega að heilsa þér.

Með þeirri von, að þú hafir drottinn hugfastan, og farir varlega í lífinu, legg ég seinustu hönd á bréfið, og sendi þér mína hjartanlegustu kveðju, elskaða systir, er ég af heilum hug óska að hitti þig glaða og heilbrigða.

Þinn einlægur elskandi bróðir.

Kjærni.

Bréf frá Friðfinni Kjærnested til Jóns Kjærnested

Ísfirði 2. júlí 1893.

Kæri son, Jón Kjærnested.

Kæra þökk fyrir tilskrifnið 24. apríl þ. árs. Héðann að frjetta er alt gott af Drottins hendi, góður vetur, gott fiskirí og útlit fyrir góðann grasvögst enn veslann okkar þvingandi, svo lítið verður úr öllu, heppilegast verður landið. Jeg hef verið að mestu við smíðar í vetur og það sem af er sumrinu, svo jeg er nú farinn að finna til lúá, svo jeg verð að taka hvíld 2-3 daga (safna kröptum). Ef Drottinn gefur mér

heilsu í sumar þá geri jeg mjer von um að jeg verði búin að ná frelsi aptur (skuldafrí). Þú biður mig að skrifa þjer greinilega um Skúlamálið, enn það er mjer ómögulegt, það er óklárt enn, dómur Lárúsar er ekki auglístur enn. Menn gjöra sjer von um að hann verði ekki eins obbalegur er ætlast var til, eða svo fór að honum var leipt á þing að fara 3 dögum eptir að aðrir þingmenn voru farnið. Það er sagt að Grímur barnakennari hafi svarið rángann eið í svonefndu Rögnvaldarmáli, sem Ólafur Ólafsson og Þorsteinn Stefánsson. Sá fyrri var settur 2 í tugthús, en hinn vegna veikinda fráðist við það, enn þeir þjenuðu ekkert við það, sannleikurinn vann, ekki hinir meinsvarsmenn. Það er ómögulegt fyrir mig að skrifa alla viður-eign við Skúla, það koma líka núna vestur svo margir hjeðan sem gjeta sagt þjer dá-líftið er mönnum er kunnugt þessu viðvíkjandi. Það er í orði að Lárus sé optar enn einu sinni rassskeldur. 1 eða 2 komu á síslufundinn, fáir eða þvínær einginn koma á þing, svona er hann þokkaður hjá síslubúum. Það eru líka margir sem hafa tapað ærunni, bæði fyrir flækur og ógnir, og 1 líkast til lífið.

Ekki er jeg á þeirri skoðun, að flytja vestur, jeg er farinn að þreitast á færslonum. Kraptarnir eru líka að þrjóta, að birja nítt líf í annari heimsálfu, mállaus, getur verið spurmál, þar jeg hef það þolanlegt sem stendur. Þar jeg hafði ekki efni að taka land, því þurrabúðarlífið er þar sem hjer, brigðult. Samt getur það óvænt máské atvikkast svo að ég egi eptir að flitjast vestur, ef jeg sæi mjer betri lífsvon (útálandi). Það er ekki ætlandi af jafngömlum annað en þá að ganga til hvílu á hurrri stundu. Að endingu bið jeg kærlega að heilsa öllum þjer kærkomnum. Verið svo öll geimð af Drottni, það mælir,

Fr. J. Kjærsted

Heimildaskrá

Heimasíður

www.am.hi.is/vesturislendin/ Heimasíða Stofnunar Árna Magnússonar: Sögur Vestur-Íslendinga. Úr safni Hallfreðar Arnar Eiríkssonar og Olgu Maríu Franzdóttur. Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna.

www.flossie.hist.umn.edu/cgi-bin/ssh/ssh.pl *The 25th Anniversary Meeting of the Social Science Historical Association* sem bar yfirskriftina: „Looking Backward, and Looking Forward: Perspectives on Social Science History held in Pittsburgh October 26-29, 2000“.

www.akademia.is/sigm Sigurður Gylfi Magnússon, „Á bak við tjöldin: Störf framkvæmdarnefndar og starfsmanns. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman.“ Birtist á heimasíðu skýrsluhöfundar og er þar undir liðnum *Menningaratburðir*.

www.hofsos.is Vesturfarasetrið á Hofsósi. Upplýsingar um safnið og sýningu sem Sigríður Sigurðardóttir, forstöðumaður Byggðasafns Skagfirðinga í Glaumbæ, setti upp á Vesturfarasetrinu. Hún nefnist: „Annað land, annað líf. Vesturheimsfærðir Íslendinga 1870-1914.“

Útvarpsþættir

Jón Karl Helgason flutti útvarpsþætti í Ríkisútvarpinu vorið 1997 sem nefndust „Leynardómur Vínartertunnar. Sjálfsmynd Kanadamanna af íslenskum ættum.“

Jón Karl Helgason vann einstaka þætti um kanadíska samtímarithöfunda af íslenskum ættum sem fluttir voru á RÚV 1997.

Jónas Þór, „Upphaf landnáms Íslendinga í Vesturheimi.“ Sex þættir fluttir sumarið 2000.

Óprentaðar heimildir

Handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

Lbs 2222 4to – Dagbók Magnúsar Hj. Magnússonar.

Lbs 2934 4to – Dagbækur Þórðar Brynjólfssonar 1882-1885.

Lbs 2819 8vo – Dagbækur Þórðar Brynjólfssonar 1885-1887.

Lbs 3144-3148 8vo – Dagbækur Björns Halldórssonar 1860-1894.

Lbs 4381-4386 8vo – Dagbækur Jóhannesar Ásgeirs Línadal í Ólafsdal og Reykjavík 1885-1886 og í Kanada 1890-1903.

Lbs óskráð – Handritasafn Benjamíns Kristjánssonar. Kassi 13. Æviþáttur Jóns Jónssonar yngri á Munkaþverá.

Héraðsskjalasafn Austurlands, Egilsstöðum

HSA Alm. XI.1 – Dagbók Þorvarðar Stefánssonar 1886-1893.

Handrit í einkaeigu

Ehdr – Dagbækur Þorvarðar Stefánssonar 1874-1944 í fórum Shirley Guðríðar MacFarlane.

Handritasafn The Icelandic Collection í Elizabeth Dafoe-bókasafninu við Manitobaháskóla.

Mss Isl. 34 – Ævisaga Símonar Símonarsonar.

Mss Isl. [] – Dagbók Odds Guðmundssonar (O.G. Akraness) 1887-1912.

Mss Isl. 1 – Dagbók, fjölskyldubréf og ferðasaga úr fórum Jóns Kjærnesteð.

Mss Isl. [] Dagbókarbrot Jóhanns Schram 1887.

Þjóðskjalasafn Íslands

Manntal á Íslandi 1850.

Manntal á Íslandi 1850.

Óprentaðar ritgerðir og fyrirlestrar

Björgvin Sigurðsson, „Viðhorf Íslendinga til Vesturheims.“ Ritgerð til B.A.-prófs í sagnfræði við Háskóla Íslands, 1997 (*Lbs-Hbs*).

Brydon, Anne, „Dreams and Claims: Icelandic-Saulteaux Interactions in the Manitoba Interlake.“ Mun birtast í *Journal of Canadian Studies* á næstu misserum.

Erlendur Guðmundsson, *Heima og heiman. Ævisaga Erlends Guðmundssonar frá Mörk í Laxárdal*. Davíð Ólafsson bjó til prentunar. Er væntanleg til útgáfu á næstu misserum.

Helgi Skúli Kjartansson, „Vesturfarir af Íslandi.“ Ritgerð til kandídatprófs í sagnfræði við Háskóla Íslands 1976. (*Lbs-Hbs*).

Jónas Þór, „A Religious Controversy among Icelandic Immigrants in North America, 1874-1880.“ M.A.-ritgerð frá Manitoba-háskólanum í Kanada, 1980.

Júníus H. Kristinsson, „Vesturheimsferðir úr Vopnafirði og aðdragandi þeirra.“ Ritgerð til kandídatprófs í sagnfræði við Háskóla Íslands 1972. (*Lbs-Hbs*).

Ólöf Garðarsdóttir, „Á faraldsfæti. Fólksflutningar og félagsgerð á Seyðisfirði 1885-1905.“ Ritgerð til B.A.-prófs í sagnfræði við Háskóla Íslands 1993. (*Lbs-Hbs*).

Sigrún Pálsdóttir, „Icelandic Culture in Victorian Thought. British Interpretations (c. 1850-1900) of the History, Politics and Society of Iceland.“ Doktorsritgerð frá Oxford-háskólanum á Englandi, 2001.

Sigurður Gylfi Magnússon, „The Continuity of Everyday Life: Popular Culture in Iceland 1850-1940.“ Doktorsritgerð frá Carnegie Mellon University í Bandaríkjunum, 1993.

Vigfús Geirdal, „Foreigners They Will Be No More in This Country.“ The Icelandic Ethnic Group in Canada during W.W. I, 1914-1918.“ Magistersritgerð frá Háskólanum í Lundi, 1998.

Víðtöl

Halldór Bjarnason sagnfræðingur í desember 2000 og febrúar 2001 við Sigurð Gylfa Magnússon.

Shirley Guðríður MacFarlane dagbókkareigandi í Kanada í febrúar 2001 við Sigurð Gylfa Magnússon.

Sigríður Sigurðardóttir forstöðumaður Byggðasafns Skagfirðinga í Glaumbæ í janúar og febrúar 2001 við Sigurð Gylfa Magnússon.

Vigfús Geirdal sagnfræðingur í janúar 2001 við Sigurð Gylfa Magnússon.

Prentaðar heimildir

Anna Agnarsdóttir, „Er Íslandssagan einangruð?“ *Saga* 33 (1995), bls. 68-76.

Annað land. Annað líf. Vesturheimsferðir Íslendinga 1870-1914/New land. New life. An exhibition on emigration from Iceland to North America 1870-1914. Bæklingur vegna samnefndrar sýningar í Vesturfarasetrinu.

„Anordning om Hustugt paa Island.“ 3. júní 1746, *Lovsamling for Island* 2 (Kaupmannahöfn, 1853).

Amason, David, „Icelandic-Canadian Literature.“ *Identifications: Ethnicity and the Writer in Canada.* Ritstjóri Jars Balan (Edmonton, 1982), bls. 53-66.

Arnljótur Ólafsson, „Um ómagaframfærslu.“ *Andvari* 14 (1888), bls. 148-228.
Arnljótur Ólafsson, „Um nokkrar greinar sveitamála.“ *Andvari* 7 (1881), bls. 47-89.

Arnór Sigurjónsson, *Einars saga Ásmundssonar. Fyrri bindi. Bóndinn í Nesi* (Reykjavík, 1957).

Ármann Halldórsson, „Björn á Úlfsstöðum.“ *Múlaping* 4 (1969), bls. 152-159.

Árni Magnússon, *Ferðasaga Árna Magnússonar frá Geitastekk 1753-1797.* Björn K. Þórolfsson bjó til prentunar (Reykjavík, 1945).

Ásmundur Eiríksson, *Skyggnt um af skapabré. Æviþættir I* (Reykjavík, 1974).

Benedikt Gröndal, *Enn um Vesturheimsferðir* (Reykjavík, 1888).

Benedikt Gröndal, *Um Vesturheimsferðir* (Reykjavík, 1888).

Berenson, Edward, *The Trial of Madame Caillaux* (Berkeley, 1992).

Bergsteinn Jónsson, „Aðdragandi og upphaf vesturferða af Íslandi á níttjándu öld.“ *Andvari. Nýr flokkur* 17 (1975), bls. 28-50.

- Bergsteinn Jónsson, „Frá sauðfjárbúskap í Bárðardal til akuryrkju í Wisconsin. Ættir úr dagbókum Jóns Jónssonar frá Mjóadal.“ *Saga* 15 (1977), bls. 75-109.
- Bergsteinn Jónsson, „Mannlíf í Mjóadal um miðja 19. öld eins og það kemur fyrir sjónir í dagbók Jóns Jónssonar frá Mjóadal.“ *Saga* 13 (1975), bls. 106-151.
- Bergsteinn Jónsson, „Staðnæmzt í Rauðárdal. Ágrip af dagbókum Jóns Jónssonar frá Mjóadal í Bárðardal frá ársbyrjun 1874-1901, þegar dagbókum hans lýkur.“ *Saga* 18 (1980), bls. 49-76.
- Bergsteinn Jónsson og Þorkell Jóhannesson, *Tryggvi Gunnarsson*. II. bindi. *Kaupstjóri* (Reykjavík, 1965).
- Bergsteinn Skúlason, *Bréf og bögglar. Bréf Vesturfara heim til Íslands og þjóðlífslýsingar af Vesturlandi* (Reykjavík, 1977).
- Bréf frá Ameríku*. Þýdd af Skúla Magnússyni (Reykjavík, 1871).
- „Brot úr ferðasögu Þórðar Diðrikssonar frá Íslandi til Utah 1855-56.“ *Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar 1920*, bls. 65-71.
- Brown, Robert Craig og Cook, Ramsay, *Canada, 1896-1921. A Nation Transformed*. The Canadian Centenary Series (Toronto, 1974).
- Brydon, Anne, „Icelanders.“ *Encyclopedia of Canada's Peoples*. Edited by Paul Robert Magocsi (Toronto, 1999), bls. 685-700.
- Böðvar Guðmundsson, *Hibýli vindanna* (Reykjavík, 1995).
- Böðvar Guðmundsson, *Lífsins tré* (Reykjavík, 1996).
- Crosby, Alfred W. jr., *The Columbian Exchange. Biological and Cultural Consequences of 1492* (Westport, Connecticut, 1972).
- Davíð Ólafsson, „Að skrá sína eigin tilveru. Dagbækur, sjálfmynd og heimsmýnd á 18. og 19. öld.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 51-88.
- Davíð Ólafsson, „Dagbækur í Handritadeild Landsbókasafns.“ *Ritmennt. Ársrit Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns* 3 (1998), bls. 109-131.
- Davíð Ólafsson, „Fræðin minni. Einsagan, póstmódernisminn og íslensk sagnfræði.“ *Molar og mygla. Um einsögu og glataðan tíma*. Atvik 5. Ritstjórar Ólafur Rastrick og Valdimar Hafstein (Reykjavík, 2000), bls. 55-99.
- Eddukvæði*. Fyrsta bindi. Ólafur Briem annaðist úgáfuna (Reykjavík, 1985).
- Einar Benediktsson, „Fátækralöggjöfin.“ *Ingólfur* XII. árg., Reykjavík, 48. blað, 4. des. 1914, bls. 189; XII. árg., Reykjavík, 50. blað, 21. des. 1914, bls. 197.
- F.J. Bergmann, „Símon Símonarson.“ *Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar 1916*, bls. 77-80.
- Faith and Fortitude: A History of the Geysir District, 1880's-1980's* (Arborg, Manitoba, 1983).
- Finnur Sigmundsson, *Doktor Valtýr segir frá. Úr bréfum Valtýs Guðmundssonar* (Reykjavík, 1964).

- Framtíð lýðræðis á tímum hnattvæðingar*. Atvik 4. Ritstjórar Hjálmar Sveinsson og Irma Erlingsdóttir (Reykjavík, 2000).
- From Scandinavia to America. Proceedings from a Conference held at Gl. Holtegaard*. Odense University Studies in History and Social Sciences 103. Edited by Steffen Elmer Jørgensen, Lars Scheving, and Niels Peter Stilling (Óðinsvé, 1987).
- Gerrard, Nelson S., *Icelandic River Saga* (Arborg, Manitoba, 1985).
- Gimli Memories* (Gimli, 1982).
- Gimli Saga: The History of Gimli, Manitoba* (Gimli, 1975).
- Ginzburg, Carlo, Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon, *Molar og mygla. Um einögu og glataðan tíma*. Ritstjórar Ólafur Rastrick og Valdimar Hafstein. Atvik 5 (Reykjavík, 2000).
- Gísli Gunnarsson, „Fátækt á Íslandi fyrir á tímum.“ *Ný saga* 4 (1990), bls. 72-81.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „„Everyone’s Been Good To Me, Especially the Dogs“: Foster-Children and Young Paupers in Nineteenth-Century Southern Iceland.“ *Journal of Social History* 27 (Winter 1993), bls. 341-358.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Family and Household in Iceland 1801-1930. Studies in the Relationship Between Demographic and Socio-Economic Development, Social Legislation and Family and Household Structures* (Uppsálar, 1988).
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Fátækralöggjöfin og íslenska fjölskyldan á 19. öld.“ *Saga og samfélag. Þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar*. Ritstjórar Guðmundur Hálfðanarson, Loftur Guttormsson og Ólöf Garðarsdóttir (Reykjavík, 1997), bls. 91-99.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Fjölskyldan. Mælikvarði á þjóðfélagsbreytingar.“ *Saga og samfélag. Þættir úr félagssögu 19. og 20. aldar*. Ritstjórar Guðmundur Hálfðanarson, Loftur Guttormsson og Ólöf Garðarsdóttir (Reykjavík, 1997), bls. 30-39.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson, „Milliþinganevnd í fátækramálum 1902-1905. Þróun framfærslumála 1870-1907.“ *Saga* 16 (1978), bls. 75-150.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Ómagar og utangarðsfólk. Fátækramál Reykjavíkur 1786-1907* (Reykjavík, 1982).
- Gísli Sigurðsson, „Hvað segir sagan? Heimsmynd í sögum Edda Gíslasonar frá Nýja Íslandi.“ *Þjóðlíf og þjóðtrú. Ritgerðir helgaðar Jóni Hnefli Aðalsteinssyni* (Reykjavík, 1998), bls. 77-86.
- Gísli Sigurðsson, *Út úr myrkrinu. Ævisaga Helgu á Engi* (Reykjavík, 1963).
- Guðjón Arngrímsson, *Annað Ísland. Gullöld Vestur-Íslendinga í máli og myndum* (Reykjavík, 1998).
- Guðjón Arngrímsson, *Nýja Ísland. Örlagasaga Vesturfaranna í máli og myndum* (Reykjavík, 1997).
- Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld.“ *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990. Ritgerðir*. Ritstjórar Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson (Reykjavík, 1993), bls. 9-58.

- Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 5 (Reykjavík, 1981).
- Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, „Ameríku-Stephán.“ *Skírnir* 170 (haust 1996), bls. 389-412.
- Gyrðir Elíasson, „Jóhann Magnús Bjarnason.“ *Tímarit Máls og menningar* 3 (1997), bls. 79-92.
- Hafsteinn Sigurbjarnarson, *Ævisaga Hafsteins Sigurbjarnarsonar Reykholti í Höfðakaupstað. Skráð af honum sjálfum* (Reykjavík, 1974).
- Hagskinna. *Sögulegar hagtölur um Ísland*. Ritstjórn Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (Reykjavík, 1997).
- Hannes Þorsteinsson, *Endurminningar og hugleiðingar um hitt og þetta, er á dagana hefur drifið. Ritað af honum sjálfum 1926-1928*. Þorsteinn Þorsteinsson bjó til prentunar (Reykjavík, 1962).
- Hauksbók hin yngri: Borgaraleg fræði fyrir íslenska borgara í Kanada og Bandaríkjunum* (Winnipeg, 1905).
- „Heimsókn forseta Íslands í Bandaríkjunum. Gerð verði teiknimynd um Snorra Þorfinnsson.“ *Morgunblaðið* 22. júlí 1997.
- Helgi Skúli Kjartansson, „Emigrant Fares and Emigration from Iceland to North America 1874-1893.“ *The Scandinavian Economic History Review* 28 (1980), bls. 1-19.
- Helgi Skúli Kjartansson, “The Onset of Emigration from Iceland.“ *American Studies in Scandinavia* 9 (1977), bls. 87-93.
- Hjörtur Pálsson, *Alaskaför Jóns Ólafssonar 1874*. Sagnfræðirannsóknir 4 (Reykjavík, 1975).
- Holm, Bill, „Auðnuleysishljómkviðan. Tilbrigði um hugmynd.“ *Skírnir* 171. ár (haust 1997), bls. 283-313.
- Hvidt, Kristian, *Flight to America. The Social Background of 300,000 Danish Emigrants*. Studies in Social Discontinuity (New York, 1975).
- Inga Dóra Björnsdóttir, „Að kasta 340 milljónum á glæ.“ *Morgunblaðið* 14. nóv. 1998.
- Inga Dóra Björnsdóttir, „Leifur Eiríksson versus Christopher Columbus: The Use of Leifur Eiríksson in American Political and Cultural Discourse.“ *Approaches to Vínland. A conference on the written and archaeological sources for the Norse settlements in the North-Atlantic region and exploration of America. The Nordic House, Reykjavík 9-11 August 1999*. Rit Stofnunar Sigurðar Nordals 4. Edited by Andrew Wawn and Þórunn Sigurðardóttir (Reykjavík, 2001), bls. 185-191.
- Íslenskur söguatlas 2. Frá 18. öld til fullveldis*. Ritstjórn Árni Daníel Júlíusson, Jón Ólafur Ísberg og Helgi Skúli Kjartansson (Reykjavík, 1992).
- Jackson, Thorstína, *Saga Íslendinga í Norður-Dakota* (Winnipeg, 1926).
- Játvarður Jökull Júlíusson, *Saga Torfa Bjarnarsonar og Ólafsdalsskóla. Nemendatal Ólafsdalsskóla 1880-1907* (Reykjavík, 1986).

- Jóhann Eyjólfsson, „Um hreppshelgina og fátækraflutninginn.“ *Þjóðólfur*, 51. árg., Reykjavík, nr. 19, 21. apríl 1899, bls. 73-74; 51. árg., Reykjavík, nr. 21, 2. maí 1899, bls. 81.
- Jón Blöndal og Sverrir Kristjánsson, *Alþingi og félagsmálin* (Reykjavík, 1954).
- Jón Karl Helgason, *Hetjan og höfundurinn. Brot úr íslenskri menningarsögu* (Reykjavík, 1998).
- Jón Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon, „Heimskuleg spurning fær háðulegt svar: Orð og æði – Minni og merking.“ *Íslenska söguþingið 28.-31. maí 1997. Ráðstefnurit II* (Reykjavík, 1998), bls. 47-56.
- Jón Ólafsson, *Reisubók Jóns Ólafssonar Indíafara samín af honum sjálfum* [1661]. Völundur Óskarsson annaðist útgáfuna (Reykjavík, 1992).
- Jón Ólafsson, *Eitt orð af viti um vesturfara og Vesturheimsferðir. Svar og ávarp til Bjarnar ritstjóra Jónssonar upp á allan þann ósannindahvætting, óhróðr og óráðs-bull, sem útbreitt er í og með „Ísafold“*. Benedikt Gröndal afklæddr, hirtr og settr í gapastokk (Reykjavík, 1888).
- Jón Sigurðsson, *Helga Sörens dóttir. Ævisaga rituð eftir sögu hennar sjálfar* (Reykjavík, 1951).
- Júníus H. Kristinsson, *Vesturfaraskrá 1870-1914* (Reykjavík, 1983).
- Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Þróm*. Sigurður Gylfi Magnússon tók saman. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 2 (Reykjavík, 1998).
- Kristjanson, Wilhelm, *The Icelandic People in Manitoba. A Manitoba Saga* (Winnipeg, 1965).
- Kristmundur Bjarnason, *Saga Sauðárkróks*. Fyrri hluti. Fram til ársins 1907 (Sauðárkrókur, 1969).
- Lindals, Walter J., *The Icelanders in Canada*. Canada Ethnica 2 (Ottawa og Winnipeg, 1967).
- Lindals, Walter J., *The Saskatchewan Icelanders: A Strand of the Canadian Fabric* (Winnipeg, 1955).
- „Lífsins bréf.“ *Mannlíf* 17. árg. 8. tbl., október 2000, bls. 21-23.
- Loewen, Royden, *From the Inside Out. The Rural Worlds of Mennonite Diarists, 1863-1929* (Winnipeg, 1999).
- Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld. Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 10 (Reykjavík, 1983).
- Lýður Björnsson, *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*. Síðara bindi (Reykjavík, 1979).
- Magnús Hauksson, *Íslenskar heimildabókmenntir. Athugun á rótum íslenskra heimildaskáldsagna*. Studia Islandica 52 (Reykjavík, 1996).
- Magnús S. Magnússon, *Iceland in Transition. Labour and Socio-Economic Change Before 1940* (Lundur, 1985).

- Manntal á Íslandi 1845*. Vesturamt, (Reykjavík, 1982).
- Marteinn Jónsson, „Landnámssaga mín.“ *Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar 1937*, bls. 89-94.
- Massey, Douglas S.; Arango, Joaquín; Hugo, Graeme; Kouaouci, Ali; Pellegrino, Adela; Taylor, Edward J., *Worlds in Motion. Understanding International Migration at the End of the Millennium* (Oxford, 1998).
- McBride, Theresa, *The Domestic Revolution* (London, 1976).
- Monika Magnúsdóttir, „Það var fæddur krakki í koti. Um fósturbörn og ómaga á síðari hluta nítjándu aldar.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 113-144.
- Neijmann, Daisy L., „Íslenska röddin í kanadískum bókmenntum.“ *Skírnir* 170 (vor 1996), bls. 145-168.
- Norman, Hans og Runblom, Harald, *Transatlantic Connections. Nordic Migration to the World after 1800* (Ósló, 1987).
- Ólafur Rastrick, „Hús með sál, þjóðarsál. Lesið í sköpun Þjóðmenningarhúss.“ *Ný saga* 12 (2000), bls. 82-88.
- Ólöf Garðarsdóttir, „Tengsl þéttbýlismyndunar og Vesturheimsferða frá Íslandi. Lýðfræðileg sérkenni fólksflutninga frá Seyðisfirði 1870-1910.“ *Saga* 36 (1998), bls. 153-184.
- Pooley Colin G. og Whyte, Ian D., „Introduction. Approaches to the study of migration and social change.“ *Migrants, Emigrants and Immigrants. A social history of migration*. Edited by Colin G. Pooley og Ian D. Whyte (London, 1991).
- Reflections by the Quills* (Wynyard, Sask., 1981).
- Sendibréf frá íslenskum konum 1784-1900*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar (Reykjavík, 1952).
- Sigfús Magnússon, „Endurminningar Guðrúnar Björnsdóttur. Lýsing á aldaranda, þjóðháttum, siðum og venjum um og eftir miðja síðustu öld.“ *Skuggsjá* 1 (1944), bls. 1-53.
- „Sigfús Magnússon.“ *Almanak Ólafs S. Thorgeirssonar 1914*, bls. 165-173.
- Sigrún Sigurðardóttir, „Sagan sem hér fer á eftir.“ *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubrjéf frá 19. öld*. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 3 (Reykjavík, 1999), bls. 11-36.
- Sigurður Gylfi Magnússon, „Einvæðing sögunnar.“ *Molar og mygla. Um einsögu og glataðan tíma*. Atvik 5. Ritstjórar Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein (Reykjavík, 2000), bls. 100-141.
- Sigurður Gylfi Magnússon, „From Children's Point of View: Childhood in Nineteenth-Century Iceland.“ *Journal of Social History* 29 (Winter 1995), bls. 295-323.
- Sigurður Gylfi Magnússon, „Kynjasögur á 19. og 20. öld? Hlutverkaskipan í íslensku samfélagi.“ *Saga* 35 (1997), bls. 137-177.

- Sigurður Gylfi Magnússon, „Magnús og mýtan.“ *Kraftbirtingarhljómur Guðdómsins. Dagbækur, sjálfsvísasaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar, skáldsins á Pröm. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 2* (Reykjavík, 1998), bls. 11-98.
- Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar. Sagnfræðirannsóknir 13* (Reykjavík, 1997).
- Steingrímur Pálsson, „Íslendingar hæddir í Los Angeles?“ *Morgunblaðið* 23. júlí 2000, bls. 30.
- Steinþór Heiðarsson, „Íslands ástmegir og þrælur. Drættir úr sjálfsmynd Vestur-Íslendinga.“ *Saga* 37 (1999), bls. 17-61.
- Sumarliði Ísleifsson, *Ísland framandi land* (Reykjavík, 1996).
- Svalestuen, Andres A., „Five Local Studies of Nordic Emigration and Migration.“ *American Studies in Scandinavia* 9 (1977), bls. 32-35.
- Svavar Hávarðsson, „Dauðastund. Glíma Björns Halldórssonar við líf og dauða.“ *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon* (Reykjavík, 1998), bls. 195-223.
- Sveinbjörn Rafnsson, „Búfé og byggð við lok Skaftárelda og móðuharðinda.“ *Skaftáreldar, 1783-1784. Ritgerðir og heimildir. Ritstjóri Gísli Ágúst Gunnlaugsson* (Reykjavík, 1984), bls. 163-178.
- Sveinbjörn Rafnsson, „Formáli.“ *Vesturfarakrá 1870-1914* (Reykjavík, 1983), bls. vii-xiv.
- Sæmundur Stefánsson, *Æfisaga og draumar* (Reykjavík, 1929).
- Tilly, Louise A., og Scott, Joan W., *Women, Work and Family* (New York, 1978).
- Torfi Þorsteinsson, *Lífsmörk í sandi: minningar og fróðleikspættir* (Akureyri, 1982).
- Tryggvi Emilsson, *Fátækt fólk. Æviminningar I* (Reykjavík, 1976).
- „Uppfræðing og alþýðuskólar.“ *Ísafold* 6. ár, 29. mars 1879, bls. 34.
- Vesturfarasetrið á Hofsósi/The Icelandic Emigration Center at Hofsósi. Kynningarbæklingur fyrir safnið.*
- Viðar Hreinsson, „The Power of the Words: Some Reflections on „The Icelandic Academy“.“ *The Icelandic Canadian* 51 (1992), bls. 90-104.
- Viðar Hreinsson, „Vesturheimskan er komin í kjólinn.“ *Kistan.is. Vefrit um menningu og listir. Fyrirlestur fluttur við Manitoba-háskóla í október árið 2000.*
- Viðar Hreinsson, „Vestur-íslenskar bókmenntir.“ *Íslensk bókmenntasaga III* (Reykjavík, 1996), bls. 721-766.
- Viðar Víkingsson, „Snorri, Pocahontas og pólitísk réttþugsun.“ *Morgunblaðið* 31. júlí 1997.
- Walters, Thorstína (Jackson), *Modern Sagas: The Story of the Icelanders in North America* (Fargo, Norður-Dakóta, 1953).
- Wawn, Andrew, *The Vikings and the Victorians: Inventing the Old North in 19th-Century Britain* (Cambridge, 2000).

- Wolf, Kirsten, „Heroic Past – Heroic Present: Western Icelandic Literature.“ *Scandinavian Studies* 63 (1991), bls. 432-452.
- Wolf, Kirsten, „Western Icelandic Women Writers and Their Contribution to the Canon.“ *Scandinavian Studies* 66 (1994), bls. 154-203.
- Wolff, Larry, *Child Abuse in Freud's Vienna. Postcards from the End of the World* (New York, 1988).
- Þorleifur Jóakimsson (Jackson), *Brot af landnámssögu Nýja Íslands* (Winnipeg, 1919).
- Þorleifur Jóakimsson (Jackson), *Framhald á landnámssögu Nýja Íslands* (Winnipeg, 1923).
- Þorleifur Jóakimsson (Jackson), *Frá austri til vesturs. Framhald af landnámssögu Nýja Íslands* (Winnipeg, 1921).
- Þorsteinn Þ. Þorsteinsson og Tryggvi J. Oleson, *Saga Íslendinga í Vesturheimi I-IV* (Reykjavík og Winnipeg, 1940-1951).

Myndaskrá

- Bls. 20 Tákngerfingur landavinningahugmyndafræðinnar, Leifur Eiríksson, steypdur í brons af bandaríska myndhöggvaranum Alexander Stirling Calder. Styttan stendur fyrir framan Hallgrímskirkju á Skólavörðuholti. Ljósmynd: Pálmi Guðmundsson.
- Bls. 67 Halldór Jónsson (1871-1912) í Miðdalsgröf í Strandasýslu teiknaði þessa mynd upp í dagbók sína og þar kemur fram að fyrirmyndin sé stytta Leifs Eiríkssonar í Boston í Bandaríkjunum.
- Bls. 129 Þórður Diðriksson og kona hans, Helga Jónsdóttir.
- Bls. 135 Símon Símonarson og kona hans, Valdís Guðmundsdóttir.
- Bls. 149 Jón Jónsson og kona hans, Guðný Eiríksdóttir.
- Bls. 163 Úr dagbók Jóhanns Schram. Desembermánuður 1876.
- Bls. 175 Marteinn Jónsson og kona hans, Guðrún Ingimarsdóttir.
- Bls. 188 Valshamar í Geiradal.
- Bls. 208 Vesturfaraskipið Camoens laskað í Reykjafirði á Ströndum sumarið 1883. Ljósmynd: Sigfús Eymundsson. (Þjóðminjasafn SEY 579).
- Bls. 227 Björn Halldórsson og kona hans, Hólmfríður Einarsdóttir.
- Bls. 251 Þorvarður Stefánsson og kona hans, Guðríður Jónsdóttir.
- Bls. 295 Úr dagbók Odds Guðmundssonar.
- Bls. 313 Jóhannes Ásgeir Líndal.
- Bls. 343 Úr dagbók Jóns Kjærnesteð 1887.